Efnisskrá C-deildar.

	Bls.
Alþýðutryggingar:	
Frv. SkG	95
Frv. BrB	104
Frv. HG og GÍG	511
Bann gegn minkaeldi o. fl.	447
Barnavernd og unglinga	314
Brúargerðir (frv. PÞ)	367
Dragnótaveiði í landhelgi	122
Eignarnámsheimild á Nesi í Norðfirði	386
Einkasala á bifreiðum o. fl.	22
Húsaleiga:	
Brbl.	309
Frv. ÁkJ	368
Frv. LJós	377
Húsnæðisráðstafanir og stóríbúðaskattur	371
Hæstiréttur	516
Höfundaréttur og prentréttur (frv. KA).	168
Innheimta skatta og útsvara	328
Jarðræktarlög:	
Frv. ÞÞ o. fl.	109
Frv. BrB og KA	456
Jöfnunarsjóður aflahluta	137
Jöfnunarsjóður vinnulauna	157
Kosningar til Alþingis	313
Kvikmyndasýningar á Siglufirði	375
Kynnisferðir sveitafólks	220
Lífeyrissjóður barnakennara	334
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	329
Lögreglustjórn í Reykjavík	375
Meðalalýsi	443
Menntamálaráð Íslands	463
Notkun byggingarefnis	374
Nýbyggingarsjóður fiskiskipa	391
Nýjar síldarverksmiðjur	49
Rannsókn skattamála	325
Ráðstafanir vegna erfiðleika atvinnuveganna (frv. fjhn. Nd.)	392
Sala á jarðeignum ríkisins	392
Sala hluta úr Viðvíkurlandi	363
Sala spildu úr Neslandi í Selvogi	69
Sjúkrahús o. fl.	272
Skipun læknishéraða	262
Skólasetur á Reykhólum	151
Tímarit til rökræðna um landsmál	415
Uppdrættir af Íslandi	387
Útflutningsgjald	507
Útsvör	1
Vegalagabreyting (frv. GJ)	449
Verðlagsuppbót á byggðar- og gistingarstyrki	265
Verkamannabústaðir	514
Vesturheimsblöðin Heimskringla og Lögberg	451
Virkjun Andakílsár	335
Virkjun Fossár í Ólafsvíkurhreppi	414
Virkjun Gönguskarðsár	365
Virkjun Tungufoss	370
Þingsköp Alþingis (frv. JJ)	99

Lagafrumvörp felld.

1. Útsvör.

Á 12. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör (þmfrv., A. 57).

Á 14. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég flyt hér mál, sem búið er að flytja hér nokkrum sinnum áður vegna beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar. Það liggur að vísu ekki fyrir beiðni frá bæjarstj. Siglufjarðar nú, en hún mun láta sig málið miklu skipta.

Það er sem sé farið fram á það, að 8. gr. útsvarslaganna, þar sem teknar eru fram undantekningar frá þeirri höfuðreglu, að maður sé útsvarsskyldur þar, sem lögheimili hans er, sé breytt þannig, að heimilt sé að leggja á hann þar, sem atvinnurekstur hans fer fram. Fyrir 1926 voru útsvarslögin á tvístringi innan um hin og þessi önnur lagafyrirmæli samkv. þeim l., er giltu fyrir 1926, mátti leggja á mann, hvar sem var á landinu. Það mátti leggja á mann í Vestmannaeyjum, sem stundaði sjóróðra þar á vetrarvertíðinni, svo fór hann á síld norður á land, mátti leggja á hann þar, og svo í heimilissveit. Það var alveg rétt, að þetta var óþolandi. Það var lagt á mann á 3—4 stöðum á landinu, og þeir höfðu ekki ástæðu til að fylgjast með því, til þess að þeir gætu kært, því að þeir uppgötvuðu ekki, að það hefði verið lagt á þá fyrr en seint og síðar meir, er þeir höfðu tapað réttinum til að kæra. Það var nauðsynlegt að lagfæra þetta, en það var gengið fulllangt, og hygg ég, að með þeirri breyt., sem hér er lögð til, að gerð verði, sé skrefið stigið til baka til þess að leiðrétta það, sem of langt var gengið 1926.

Á Siglufirði er þannig háttað, að 3—4 mánuði ársins er rekin þar mikil síldarsöltun, og er sá atvinnurekstur í höndum einstakra manna. Nú er þessi atvinnurekstur lítill á Siglufirði, eins og málum er háttað, en þetta hlýtur að breytast strax og stríðinu lýkur. Til Siglufjarðar koma menn, sem stunda síldarsöltun 3—4 mánuði á árinu, en búa annars staðar. Þetta er samt aðalatvinnuvegur þeirra, en það er ekki hægt fyrir Siglfirðinga að fá útsvör af þessum mönnum nema með skiptingu, en skiptingarákvæðin svo ófullkomin, að þau koma ekki að gagni, þegar um atvinnurekstur eins og síldarsöltun er að ræða. Niðurjöfnunarn. geta ekki fylgzt með atvinnurekstrinum, þegar hann er rekinn á öðrum stað en talið er fram, og verða því að láta sér nægja þær skýrslur, sem gefnar eru, en þær eru oft aðeins munnlegar upplýsingar. Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur ekki neina möguleika til þess að ná útsvari, sem neinu nemur, af þessum mönnum, því að það eru slíkir smámunir, sem lagt er á þessa menn í heimasveitunum, að það er alveg gagnslaust að fara á skipta því. Það er á hinn bóginn eðlilegt, að hreppsfélögin hyllist til þess að fá stóratvinnurekendur í byggðarlagið og lofi þeim að leggja lítið á þá. Það eru t. d. 2 eða 3 stóratvinnurekendur frá Siglufirði, sem telja sig eiga heimili í Öngulstaðahreppi í Eyjafirði. Þeir geta sannað, að þeir eru þar nokkra mánuði á árinu og að þeir eigi þar bú. Þarna borgaði einn stóratvinnurekandinn eitt árið um 2000 kr. í útsvar, en hefði átt að borga á Siglufirði 20—30 þús. kr. Það er erfitt fyrir niðurjöfnunarn. Siglufjarðar að fylgjast með þessu, þar sem hún hefur ekki leyfi til að leggja á þessa menn, en það er það eina vald, sem niðurjöfnunarn. er veitt til þess að knýja menn til að telja fram. Það er útilokað að beita því eina valdi, sem niðurjöfnunarn. hafði, sem sé því að leggja svo hátt útsvar á menn, að þeir telji sig tapa á því að gefa ekki skýrslu, það er útilokað með menn, sem hafa heimili hingað og þangað úti um land. Ég hygg, að þessi smuga sé einhver mesti galli á útsvarslögunum.

Þetta mál hefur þýðingu fyrir Vestmannaeyjar og fleiri staði. Sá atvinnurekstur, sem þar er, ætti að geta orðið útsvarsskyldur á sama hátt og eins þar, sem svipað stæði á. Ég vil taka það fram hér, vegna þess að ég hef orðið var við það, þagar þetta mál var á döfinni áður, að það hefur vakið mikla andúð, að það hefur verið talið, að línubátar ættu að verða útsvarsskyldir á öllum þeim stöðum, þar sem þeir stunda veiðar. Til þess að fyrirbyggja þetta eru sett hér ákvæði inn í þetta frv., sem alveg útiloka þennan skilning. Það er útilokað, að hægt sé að leggja á skip á þeim stað, þar sem þau leggja upp. Það væri líka óeðlilegt, að hægt væri að leggja á skip, þar sem þau leggja upp afla sinn. Þess vegna hef ég sett inn ákvæði í lok meginmáls frvgr., sem fyrirbyggir þetta. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa frvgr.:

„a-liður 8. gr. laganna orðist svo:

Ef hann hefur heimilisfasta atvinnustofnun,

svo sem útibú, eða ef hann hefur rekið atvinnu viðar en í einni sveit, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans. Löndun afla og útgerð línuveiðabáta frá verstöðvum utan heimilissveitar er ekki útsvarsskyld samkv. þessum staflið."

Það getur nú vel verið, að hægt sé að finna heppilegri aðferð til þess að losna við þessa agnúa heldur en stungið er upp á í þessu frv., og gæti það komið til athugunar í n., sem ætti að vera fjhn., og mætti þá athuga, hvort ekki væri hægt að laga önnur ákvæði útsvarslaganna um leið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja meira um þetta að svo stöddu, en tel nauðsynlegt að athuga útsvarslöggjöfina. Það er óeðlilegt, að menn borgi mismunandi útsvör eftir því, hvar þeir eru á landinu, og meðan svo er, má ætíð búast við, að menn noti brögð til þess að reyna að telja sig annars staðar til heimilis en þeir eru, enda er það orðið viðurkennd regla, að menn reyna að komast í sveitirnar, þar sem minnst útsvör eru greidd, en það er óeðlilegt, að menn, sem ekki geta beitt slíkum brögðum, verði ekki eingöngu að borga útsvar sitt, heldur hærra vegna þessara manna. Þetta var tilfinnanlegt, meðan tímar voru erfiðir, og þá var algengt, að menn flyttu burt úr bæjunum og í sveitir til þess að þurfa ekki að taka þátt í framfærslu fátæklinganna, sem voru í bæjunum. Þetta er eitt að því, sem ekki er mjög aðkallandi problem nú vegna ástæðnanna í bæjunum, en rétt er að gera ráð fyrir, að það ástand, sem var, geti skapazt aftur, og rétt að reyna að fyrirbyggja það, að útsvörin verði eins misjöfn og þau hafa orðið. Það verður að reyna að finna skala fyrir landið allt, þannig að fyrirbyggt verði, að mishá útsvör séu lögð á menn, sem hafa sömu tekjur, eins og nú á sér stað. Ég legg svo til, að málinu verði vísað til fjhn.

Pétur Ottesen: Það leiðir af sjálfu sér, ef frv. fer til n., að það verði þá allshn., því að slíkum málum hefur jafnan verið vísað til hennar hér á þingi. Ég get tekið í sama streng og hv. flm. að því er snertir lýsingu hans á því, hvernig ástatt var orðið um álagningu útsvara, áður en löggjöfinni um það var breitt. Það ástand var með öllu óviðunandi, því að þegar búið var að leggja á atvinnurekstur manna, sem höfðu leitað út fyrir heimilissveit sína til atvinnurekstrar, var ekkert eftir handa heimilissveitinni. En síðan útsvarslöggjöfinni var breytt, hefur verið tiltölulega hljótt um hana, og hafa ekki borizt óánægjuraddir nema frá einum stað, Siglufirði. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt annað fundið að nýju útsvarslöggjöfinni en það, að hún kæmi illa við Siglufjörð, og sýnir það raunar, hve vel hefur tekizt að leysa málið. Sú lausn felst í því, að það er tekið upp sem megin regla, að heimilissveitin skuli leggja á útsvörin, og aðeins, ef menn hafa alveg fastan atvinnurekstur annars staðar, má leggja á þar líka. Þetta fyrirkomulag hefur reynzt svo vel, að menn hafa yfirleitt sætt sig vel við það. Því er það, að þegar borin er fram till., sem miðar að því að breyta þessu ákvæði, þá er verið að skerða þann þátt l., sem varð til þess að leysa úr þessum vanda. Á sumum þingum hefur verið svo langt gengið, að bornar hafa verið fram brtt., sem mundu hafa kippt grundvellinum alveg undan þessu mikilsverða ákvæði, ef þær hefðu náð fram að ganga. Hér er ekki svo langt gengið, en eigi að síður er með þessu frv. verið að höggva skarð í grundvöll þessarar löggjafar. Mér skilst af því, sem hv. flm. frv. hefur sagt hér, að þetta mundi aðallega snerta síldarsöltunina á Siglufirði. Þó skildist mér hann gera ráð fyrir, að það gæti líka haft áhrif á stöðum eins og Vestmannaeyjum, þar sem ekki er þó rekin nein síldarsöltun, þannig að menn gætu einnig orðið útsvarsskyldir þar. Hv. flm. talaði um, að erfitt væri fyrir sveitarfélög þeirra manna, er rækju t. d. síldarsöltun á Siglufirði, að áætla tekjur þeirra, þau renndu yfirleitt blint í sjóinn í því efni. Þetta yrði til þess, að heimasveitin fengi yfirleitt minna í sinn hlut en rétt væri, um leið og það sveitarfélag, þar sem atvinnureksturinn fer fram, væri sviptur sínum hluta. Þetta er ekki sannfærandi röksemd, því að vitanlega á heimasveitin aðgang að tekjuframtali mannsins, sem er yfirleitt allgóður leiðarvísir, jafnvel þar sem persónulegur kunnugleiki nær ekki til, enda er þetta til gangurinn með framtalinu. Sums staðar er svo komið, að álagning útsvars er reiknuð út eftir framtalinu, og hefur alltaf verið að því stefnt að tryggja það, að menn kæmust ekki hjá því að telja rétt fram. Miklu minna væri öryggi þeirrar sveitarstjórnar, sem ekki hefði annað á að byggja en vitneskju sína um atvinnurekstur mannsins, því að það væri ónógur grundvöllur til að byggja á útsvarsálagninguna. Ég held því, að hér sé ekki breytt um til aukins öryggis, heldur sé hér verið að hagga að allverulegu leyti þeim grundvelli, sem álagning útsvara hvílir nú á. Í þeim tilfellum, er síldarsöltun væri aðaltekjulind manns, leiðir af sjálfu sér, að ekkert væri eftir handa heimilissveitinni, ef atvinnusveitin ætti að hafa rétt til að leggja á allar tekjurnar, en með því væri vitanlega þverbrotin meginregla núgildandi löggjafar.

Svo er annað atriði. Hv. flm. sagði, að eftir hans skoðun kæmi ekki til mála að leggja útsvar á afla, sem lagður væri á land af línuveiðabátum utan heimasveitarinnar. Línuveiðabátur er nú mjög teygjanlegt hugtak. Það tók t. d. lengi vel ekki til mótorbáta, heldur merkti þau skip ein, sem höfðu gufuvél, en síðan mun það hafa breytzt nokkuð. Og þó að það tæki nú bæði til línuveiðiskipa, gufuskipa og mótorbáta, væri það engan veginn tæmandi, því að þá væru samt útilokaðir mótorbátar, er stunda veiðar með dragnót eða botnvörpu, sem nú er orðið algengt. En þetta stendur vitanlega til bóta, og ef það er ætlun hv. flm. að þetta skuli eiga við öll fiskveiðiskip, er auðvitað hægt að ná því með viðeigandi orðabreytingu.

Hitt er allt annað atriði, sem hv. flm. minnist á í síðari hluta grg. sinnar, að menn með jafnháar tekjur komist misjafnlega frá útsvarsgreiðslum, eftir því hvar í sveitarfélagi þeir

eru búsettir. Þetta er rétt; útsvarsgreiðslurnar fara nokkuð eftir útgjaldaþörf hvers sveitarfélags, sveitarþyngslum o. s. frv. En nú hafa verið gerðar ráðstafanir til að jafna þennan mun, að því er snertir framfærslu þurfamanna. Það er gert með jöfnunarsjóðum, sem er skipt upp milli hreppsfélaganna. En það liggur raunar fyrir utan efni þessa frv., eins og hv. flm. getur um í grg.

Ég mun svo ekki fjölyrða um þetta, en vara menn aðeins við að hverfa af þeirri braut, sem ákveðin hefur verið með núgildandi útsvarslöggjöf. Og ég held, að því er snertir Siglufjörð og önnur byggðarlög, þar sem utanhéraðsmenn reka atvinnu, að með núgildandi fyrirkomulagi sé sæmilega séð fyrir því, að þau fái réttmætan hluta af útsvarsupphæðinni.

Að lokum vil ég benda hv. flm. á, að af samþ. þessarar breytingar hlyti að leiða aðrar breytingar, því að þar stendur, að samt megi skipta útsvörum samkv. ákvæðum 9. gr. En þetta er atriði, sem mundi verða athugað í nefndinni.

Flm. (Áki Jakobsson): Það var engan veginn ætlunin með flutningi þessa frv. að breyta þeirri höfuðreglu, að útsvör séu lögð á þar, sem menn eiga lögheimili. Ég tel, að það væri afturför. En hér er aðeins um það að ræða, að atvinnurekendur, sem hafa skrifstofuhald og ráða til sín starfsfólk utan heimilissveitar sinnar, séu útsvarsskyldir þar. Hér er alls ekki átt við fólk, sem ferðast milli staða til þess að vinna hjá þessum atvinnurekendum. Það er rétt, að fyrir mér vakir einkanlega síldarsöltun á Siglufirði og annar iðnaður, sem er rekinn á sumrin, þegar bærinn er fjölmennastur. Ég gat þess áður, að líkt mundi að sumu leyti vera ástatt í Vestmannaeyjum, en það yrði n. að athuga nánar. Hún mundi þá væntanlega einnig gera ráðstafanir til að fyrirbyggja þær afleiðingar, sem hv. þm. Borgf. óttaðist. — Mér er ekki kunnugt um, hvort kvartanir hafa komið frá fleiri stöðum en Siglufirði, en ég veit, að þar hefur núverandi fyrirkomulag reynzt mjög óheppilegt og sum árin komið ákaflega illa niður.

Um skattaframtölin er það að segja, að þau eru mjög léleg heimild um tekjur manna, nema jafnframt sé til að dreifa hjá niðurjöfnunarn. þekkingu á staðháttum og kunnugleika, að því er snertir atvinnurekstur hlutaðeigenda. Í sveitahreppum fer að jafnaði ekki fram nein rannsókn á framtali manna, að því er snertir atvinnurekstur utan hreppsins, og í skattan. til sveita eru oftast menn, sem hafa enga þekkingu á þessum atvinnurekstri. Ég varð þess t. d. aldrei var í minni bæjarstjóratíð, að skattan. í sveit gerðu athugasemd við framtöl, sem voru þó stundum þannig úr garði gerð, að engin skattan., sem haft hefði einhvern kunnugleika á málunum, hefði tekið við þeim athugasemdalaust. Auk þess hafa skattan. ekki áhuga á því að hækka skatta á mönnum, ef það hefði aðeins þau áhrif, að meira félli með skiptingu í hlut annars bæjar- eða sveitarfélags, og hef ég orðið var við hneigð til þess að halda heldur hlífiskildi yfir mönnum, þegar svo er ástatt.

Hv. þm. Borgf. sagði, að þeir, sem hafa allar tekjur sínar af síldarsöltun á Siglufirði, hefðu ekkert eftir handa heimilissveitinni, þegar búið væri að leggja á atvinnurekstur þeirra á Siglufirði. Þetta er rétt, en hér er þá líka að jafnaði um að ræða menn, sem eru að mestu leyti heimilisfastir á Siglufirði. Þyrfti í þessu sambandi að endurskoða íslenzka löggjöf um heimilisfesti, sem er í mörgum atriðum óljós og ófullkomin.

Það er ekki hægt að gera þá kröfu til verkafólks, að það geti fylgzt með útsvarsálagningu á sig utan heimilissveitar og þar með neytt þeirra réttinda, sem lögin áskilja þeim, til að verja sig óréttmætum álögum. En það er hægt að gera þá kröfu til atvinnurekenda, að þeir fylgist með álagningum á sig á þeim stöðum, þar sem þeir reka atvinnu, og geti varið hendur sínar fyrir óréttmætum kröfum. Dragnótabátar og botnvörpungar falla undir undanþáguna, sbr. orðin „löndun afla" í síðasta málsl. 1. gr. frv. Undanþága þessi var svo víðtæk, að ég held það sé útilokað, að hægt sé að klemma útsvari á nokkurn bát eða skip, sem leggur afla sinn á land, annars staðar en í heimilissveit sinni. Mér fannst rétt að taka þó fram sérstaklega báta, sem róa úr landi. Mér fannst ekki nást til þeirra með orðunum „löndun afla". Þess vegna setti ég þetta orð „línuveiðabáta", svo að vafalaust væri um undanþágu þeirra.

Eins og hv. þm. vita, heimila gildandi l. skiptingu útsvara, og er beinlínis ætlazt til með þessu frv., að þau 1. haldist áfram, en ekki, að tekin sé upp sérstök útsvarsálagning á þessa útgerð. Stofnun jöfnunarsjóðs sveitar- og bæjarfélaga hefur dálítið leitt til þess að jafna útsvör manna með því að jafna nokkuð útgjöld sveitarfélaga til framfærslumála. Þetta er nokkur bót, en þó ekki fullnægjandi. Það er rétt ábending hv. þm. Borgf., að ef sú n., sem fær frv. til meðferðar, sér sér fært að mæla með þessari breyt., þá felur hún í sér nokkrar breyt. á öðrum greinum gildandi útsvarsl. Ég sé ekki, að á þessu stigi málsins sé ástæða til að taka þær til meðferðar í frv. Það yrði í verkahring n. að undirbúa þær breyt.

Pétur Ottesen: Ég vil bæta við aðeins örfáum orðum til að láta það koma fram, að mér finnst hv. flm. þessa frv. gera of lítið úr þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið til að tryggja, að skattaframtöl manna séu rétt. Hv. flm. gerir ráð fyrir því, að niðurjöfnunarnefndir í heimilissveit atvinnurekenda séu tómlátar og hafi ekki góða aðstöðu til að afla kunnugleika á tekjum og eignum framteljanda. Ég hygg, að það sé ástæðulaust að óttast tómlæti í þessu efni. En ef svo væri, þá er það bót í máli, að skattaframtal verður að ganga í gegnum tvo hreinsunarelda, ég á við yfirskattan. og ríkisskattan. Það, sem niðurjöfnunarn. hefur yfirsézt um, eiga hinar tvær að laga. Ég þekki illa hreppsnefndir, ef hugur þeirra er ekki að nota út í yztu æsar þær skattaheimildir, sem þær hafa yfir að ráða. Þess vegna held ég, að það sé af misskilningi sprottið, þar sem hv. flm. heldur því fram, að mikið fé tapist með þessu móti. Þó að niðurjöfnunarn. yfirsjáist, þá er

yfirskattan., og ef hún gerir ekki það, sem unnt er, til að afla réttrar niðurstöðu fyrir því, hvað hægt er að hafa til undirstöðu útsvarsálagningar, þá er það alveg undantekning, og eins ef ekki er gengið alveg á fremsta hlunn með að nota slíkar álagningarheimildir. Ég ætla svo ekki að fara nánar út í þetta, en bæta því við, að ef raskað er gildandi grundvelli útsvarsl., þótt ekki væri nema með t. d. þessari till, ef gengið er inn á þá braut að gefa stjórnarvöldunum, þar sem iðnreksturinn fer fram, rétt til útsvarsálagningar án tillits til heimasveitar, þá mundi leiða af því, að jafnréttlátt væri að leggja á báta, sem legðu á land, og væri ekki hægt af hálfu Alþ. að færa nokkur rök fyrir því að láta þá ekki lúta sömu lögum og aðra. Og ef þær reglur eru brotnar, sem nú gilda, þá held ég, að skammt verði þar til við stöndum augliti til auglitis við það ástand, sem ríkti áður en útsvarslöggjöfin var færð í það horf, sem hún nú er í.

Flm. (Áki Jakobsson): Ég vil aðeins út af ágreiningnum um gildi skattaframtalanna sem heimild um tekjur manna og eignir benda á, að þegar frv. til útsvarsl. var hér til meðferðar á þingi 1926, þá voru það talin aðalrökin í grg. fyrir a-lið 8. gr., að niðurjöfnunarnefnd, þar sem atvinnustofnun starfaði, en ekki í heimilissveit eigenda, mundi kunnugast um tekjur atvinnurekenda. Ég vil þessu til sönnunar og með leyfi forseta lesa 8. gr. laganna og grg.

A-liður 8. gr. frv. frá 1926 segir, að leggja skuli á mann utan heimilissveitar: „Ef hann hefur heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans".

Um 8. gr. segir grg. þessa sama frv. á þinginu 1926: „Auk þess, sem tekið er fram um þennan kafla, má geta þess, að undantekningin í a-lið er af hallkvæmisástæðum gerð. Kunnugleiki niðurjöfnunarnefndar á heimilisfastri atvinnustofnun þar á staðnum mun venjulega vera meiri en nefndarinnar í heimilissveit aðilans ..."

Þetta voru þá talin rök fyrir því að leggja útsvar á heimilisfastan atvinnurekstur. Ef við tökum t. d. síldarsaltendur, þá hefur niðurjöfnunarn. á Siglufirði miklu betri aðstöðu til að vera kunnug tekjum þeirra og ástæðum en niðurjöfnunarn. í heimilissveit atvinnurekanda. — Ég get ekki viðurkennt gildi þeirra mótmæla, sem hv. þm. Borgf. kom með. Að mínu áliti er ekki hægt að segja, að frv. raski þeim grundvelli útsvarsl., að menn skuli ekki vera útsvarsskyldir nema í heimilissveit sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 8. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 57, n. 136).

Og skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Þær stórfelldu orðabreytingar, sem n. leggur til á þskj. 136, eru ekki efnisbreytingar að sama skapi. Í stað þess að ákveðið sé, að atvinnurekstur sé útsvarsskyldur þar, sem hann fer fram, vildi n. heldur taka það nákvæmlega fram, sem við var átt, að útsvar megi leggja á alla, sem salta síld eða reka síldarverksmiðju eða síldarverzlun á staðnum á þeim stað, þar sem þessi atvinnurekstur fer fram. Það er alveg rétt hjá n., að hið almenna orðalag kynni að mega teygja á varhugaverðan hátt, lengra en til var ætlazt. Gangi nú frv. fram í þeirri mynd, sem n. ætlast til, er það mikilsvert, ekki aðeins fyrir Siglufjörð, heldur alla kaupstaði og kauptún á Norðurlandi. Þó að nú sé lítil síldarsöltun, er ekki vafi að eftir stríð, þegar markaðir opnast, verður síldarsöltun enn sem fyrr aðalatvinnuvegur á þessum stöðum að sumrinu.

N. stóð saman um að leyfa ekki útsvarsálagningu á fleiri en einum stað á landinu fram yfir það, sem þegar er leyfilegt með útsvarsl., nema í þessu einstaka tilfelli. Þar sem það var eingöngu þetta, er ég hafði í huga með frv. þessu, þá gat ég gengið inn á þessa breytingu. En þrír nm. hafa skrifað undir nál. með fyrirvara, og munu þeir þá eflaust gera nánari grein fyrir afstöðu sinni.

Í núgildandi útsvarslöggjöf er heimilt að leggja á heimilisfasta atvinnustofnun, þó að atvinnurekandi eigi ekki lögheimili í sömu sveit og hann rekur atvinnugrein sína. Er það áreiðanlega meira af athugunarleysi en viljaleysi, að síldariðnaðurinn skuli ekki hafa verið látinn falla undir þennan lið. Mun það nokkru vera um að kenna, hversu síldarútvegurinn er vanur að standa yfir stuttan tíma í einu, og einmitt það mun vera þess valdandi, að atvinnurekendurnir eiga ekki lögheimili sitt þar, sem þeir stunda þessa atvinnugrein. Ef hins vegar þessi atvinnugrein hefði staðið allt árið, hefði hún þegar í upphafi heyrt undir a-lið 8. gr. núgildandi útsvarsl. Aðrar breyt., sem n. hefur lagt til, að gerðar væru, eru til lagfæringar í samræmi við þá breyt. á l., sem fyrirhuguð er, nema þar sem getið er um, að heimilissveit skuli aldrei fá minna en ¼ hluta af samanlögðu útsvari gjaldþegns, ef lagt er á hann utan heimilissveitar. Hv. þm. Borgf. benti n. á, að sjálfsagt væri að hafa slíkt ákvæði í l., og hefur hún fallizt á að leggja til, að þessi breyt. nái fram að ganga. Og ef svo kæmi til, að útsvar gjaldþegns í heimilissveit næði ekki ¼ hluta af samanlögðu útsvari hans, þá ætti viðkomandi hreppsfélag að greiða það, sem á vantaði, til heimilissveitarinnar, svo að hún fengi ¼ hluta af samanlögðu útsvari gjaldþegnsins.

Að öðru leyti hefur mál þetta þegar verið skýrt og liggur opið fyrir. Ég get að öðru leyti vísað til þess, er ég sagði við 1. umr. málsins.

Emil Jónsson: Mig langar til að bera fram fyrirspurn til n. og hv. frsm. viðvíkjandi því, er hann sagði, að n. teldi það varhugavert að veita nokkrar undanþágur frá því að leggja á útsvar í fleiri en einum stað. Þar sem þetta tvöfalda útsvar getur verið í sumum tilfellum tölulvert hættulegt, vil ég leyfa mér að spyrja n. og

hv. frsm. í því tilfelli, er ekki má leggja nema takmarkaða upphæð á eitt og sama fyrirtækið. Tökum t. d. togarafélag, er lætur togara sína stunda ísfiskveiðar sunnanlands að vetri, en síldveiðar norðanlands að sumrinu. Á báðum stöðum hagnast félagið svo mikið, að hámarksálagning verður á báðum stöðunum, eða allt að því. Hvernig á það þá að geta greitt þetta allt? Útsvarsupphæðin er takmörkuð, en ef með þarf, er stríðsgróðaskattur tekin auk þess, eins og hv. Alþm. er kunnugt.

Ég tel þá aðferð of ruglingslega til þess, að vert sé að taka hana upp aftur, að leggja á útsvör á sama aðilann á fleiri stöðum, heldur sé betra að hefa eitt heildarútsvar í einu lagi.

Mig langaði sem sagt til að vita, hvernig farið yrði að í þessu sérstaka tilfelli, er ég gat um, hvernig n. hugsaði sér að snúast í því.

Forseti (JJós): Þar sem nú er komið fram yfir þann tíma, er fundi þessarar hv. d. á að vera lokið, og nokkrir hv. þdm. eru enn á mælendaskrá, verð ég að fresta fundi, þar sem fundur í Sþ. þarf þegar að hefjast. Málið er því tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., 11. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. allshn. með fyrirvara. Ég vildi því með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni.

Það er kunnugt úr útsvarslögunum, að leggja má á mann annars staðar en hann er heimilisfastur. Hins vegar er einnig leyft þar að skipta útsvarinu milli heimilissveitar og atvinnusveitar, þótt það sé aðeins lagt á í heimilissveitinni. Í 8. gr. er sú heimild, að leggja megi á í tveimur stöðum. Þetta frv. felur aðeins í sér rýmkun á þessari heimild. Eins og það var upphaflega flutt, þá þótti mér það of viðtækt, og ég gat ekki fallizt á það í því formi. En eins og menn vita, þá er það einkum flutt með tilliti til Siglufjarðar, svo að það var ekki beint þörf á, að það væri jafnvíðtækt. Í n. urðu menn því sammála um að þrengja rýmkunarheimildina og binda hana við síldarverkun eða síldarvinnslu. Eftir að þessi takmörkun var gerð, þá var frv. orðið miklu aðgengilegra. En þó get ég ekki alls kostar fellt mig við það. Skal ég lauslega gera grein fyrir því. Ég hafði nú í fyrstunni álitið, að reglur eða fyrirmæli 10. gr. útsvarslaganna mundu nægja eins með tilliti til Siglufjarðar.

Sú mótbára hefur verið borin fram, að oft tillit til hinna mismunandi útsvarsstiga á hverjum stað og skipt útsvarinu í praksis eftir því, sem það næmi, við skiptingu útsvarsins. En mér er kunnugt um, að ríkisskattanefnd hefur tekið tillit til hinna mismunandi útsvarsstiga á hverjum stað og skipt útsvarinu í praksis eftir því, þannig að sá staðurinn, sem hærri útsvarsstigann hefur haft, hefur fengið sinn hluta hækkaðan í hlutfalli við það við skiptinguna, þessi mótbára hefur því ekki við rök að styðjast.

Önnur mótbára hefur verið borin fram, sem er veigameiri. Litlar sveitir kosta kapps um að hafa góða gjaldendur, og eru þá oft vægari í kröfum sínum um framtal og álagningu til þess að halda þeim en atvinnusveitin mundi vera, þar sem fjárþörf þeirra er einnig oft lítil. Atvinnusveitin hefur engin tök á að fylgjast með þessum ívilnunum né getur virt þetta sjónarmið og getur við þetta beint tapað í gjöldum, þar eð útsvarið verður minna, er hún fær sinn hluta af.

Þessari mótbáru er ekki hægt að neita. Hins vegar er þetta sjónarmið sveitanna eðlilegt og skiljanlegt.

Siglufjarðarbær telur sig hafa orðið illa úti í þessum efnum. T. d. eru þar tveir síldarsaltendur, sem báðir hafa haft sömu umsetningu og sama ágóða, en fá mjög mismunandi útsvör í heimilissveitum sínum. Þótt ég sé því með skiptingunni, þá þykir mér sýnt, að hún fullnægi ekki öllu réttlæti í þessum efnum, og þess vegna hef ég skrifað undir nál. og gert grein fyrir fyrirvara.

Hv. þm. Hafnf. lýsti yfir þeirri skoðun sinni, að útsvar ætti aðeins að leggja á á einum stað, — í heimilissveit viðkomanda. En hér er ekki um það að ræða að fara inn á þá braut að leggja á útsvar á tveimur stöðum, heldur er aðeins um að ræða rýmkun á þeirri heinild, sem fyrir er í l.

Hv. þm. gerði einnig þá fyrirspurn, hvernig niðurjöfnunarnefndir ættu að fara að, þegar útsvörum væri jafnað niður á tveimur stöðum og hvor um sig vissi ekki, nema samanlagðar tekjur gjaldandans færu fram úr því hámarki, sem sett er í l. um stríðsgróðaskatt, þar sem bannað er að leggja útsvar á tekjur, sem fara fram úr 200 þús. krónum. Ég skal viðurkenna, að n. hefur ekki tekið þetta sérstaklega til athugunar. Þetta er heldur ekkert nýtt. Það hefur áður komið til úrlausnar.

Um þetta atriði vantar ákvæði í l. um stríðsgróðaskatt, þar sem þessi takmörkun er sett.

Ég býst við, að sá staður, er fær stríðsgróðann, yrði að víkja með útsvarið. En eins og ég sagði, þá vantar ákvæði um þetta í lögin.

Emil Jónsson: Ég kom því miður ekki nægilega snemma til að heyra alla ræðu hv. síðasta ræðumanns. En ég held þó, að hann hafi ekki sagt neitt um fyrirspurn mína nema það, sem ég heyrði.

En svar hans var ekki neitt svar. Þar eð hann leysti ekki úr fyrirspurn minni um það, hvernig fara ætti t. d. að, ef einhver hefði 150 þús. kr. tekjur á Siglufirði og jafnmikið í Rvík, og á hvorugum staðnum er vitað um meiri tekjur en hann hefur þar. Á báðum stöðunum er fullkomlega réttlátt að leggja á hann eftir tekjunum þar, en þó er óafvitandi verið að brjóta l. um stríðsgróðaskatt á báðum stöðunum.

Það hefur því ekkert komið fram í þessum umr., sem breytir þeirri skoðun minni, að óheppilegra sé vegna samræmis að jafna niður á tveimur stöðum. Það á aðeins að leggja á menn á einum stað og skipta síðan útsvarinu,

Hv. síðasti ræðumaður sagði, að það væri

ekki nýmæli í l., að lagt væri á menn á tveimur stöðum. Það er rétt. En það er ekki heimilað, nema reksturinn sé algerlega aðskilinn, svo að um tvo gjaldendur er raunverulega að ræða og miðað við allt árið.

Ég er því á móti brtt. allshn., og ef haldið verður fast við þær, þá mun ég flytja brtt. við 3. umr., þess efnis, að skiptingin verði tekin fram yfir það að jafna útsvarinu niður á tveimur stöðum.

Pétur Ottesen: Það hefur gengið svo til, að því er virðist, að hv. allshn. hefur staðið öll að því að leggja til, að Alþ. stigi nú fyrsta sporið í þá átt að færa útsvarslöggjöf vora af þeim grundvelli, sem hún hvílir nú á. Það, sem hv. þm. Snæf. sagði, er í samræmi við þetta og mest byggt á misskilningi. Samkv. 8. gr. útsvarslaganna er að vísu leyfilegt að leggja á menn víðar en á einum stað, en skilyrðin fyrir því eru skýrlega þau, að viðkomandi reki búskap, hafi leiguafnot eða reki aðra atvinnu utan heimilissveitar sinnar allt árið um kring, og má þá leggja sérstaklega á þann hluta tekna sinna í atvinnusveitinni. Sé atvinna aftur á móti ekki rekin eða stunduð nema einhvern hluta af árinu utan heimilissveitar, eins og t. d. er um síldveiðar, þá á að leggja aðeins á gjaldandann í heimilissveitinni og skipta síðan útsvarinu. Þannig eru skýrar línur dregnar á milli þeirrar atvinnu, sem aðeins er rekin um stundarsakir, og þeirrar, sem rekin er allt árið.

Það er þess vegna ekki hægt að víkja út af grundvelli laganna nema með þeim afleiðingum, að hlutdrægni komi fram, t. d. í garð þeirra, sem ekki leyna tekjum sínum. Ef maður t. d. kaupir fisk og verkar, selur hann svo aftur eftir stuttan tíma, hvaða mun gerði þá, þó um síld væri að ræða, en ekki fisk? Vitanlegt er, að þegar búið væri að taka þetta ákvæði inn í l., yrði ekki hægt að standa á móti því, að fleiri kæmu með slíkar kröfur, sem hér er um að ræða.

Þótt þetta atriði út af fyrir sig sé ekki stórt, þá leiðir af því hliðstæð fyrirbrigði, sem hafa slæmar afleiðingar. Þetta mundi ekki aðeins verða haft svona á Siglufirði, heldur mundi það lag komast á almennt, að horfið væri frá grundvelli l. og venjulegum aðferðum við framkvæmd laga, og mundi það taka til allra staða, þar sem fiskur er veiddur og verkaður.

Hv. þm. Snæf. sagði, að Siglufjörður hefði orðið hart úti í þessu efni. En hvers vegna hefur það orðið? Hv. þm. sýndi greinilega, að úrskurður ríkisskattanefndar um skiptingu útsvara milli heimasveitar og atvinnusveitar hefði fallið á þá lund, að þá er skattstigi heimasveitar ekki lagður til grundvallar, heldur fundin vísitala, til þess að hluti útsvars í atvinnusveit verði hliðstæður við útsvör, sem þar eru greidd, miðað við tekjur.

Orsökina til misréttis í þessu efni er ekki að finna í grundvelli þeim, er þessi lög byggjast á, heldur í því, hvernig farið er eftir lögunum við álagningu útsvara, Misrétti það, sem kann að hafa átt sér stað gagnvart Siglufirði, er að mínu áliti ekki viðkomandi löggjöf að kenna og ekki framkvæmdarvaldinu í landinu, heldur bæjarstjórn Siglufjarðar. Núgildandi ákvæði í útsvarslöggjöfinni gera það að verkum, að hver staður getur borið það úr býtum, sem honum eðlilega ber, en út af grundvelli útsvarslöggjafarinnar má ekki fara. Mér virðist þess vegna óeðlilegt, að Alþ. fari nú að hverfa frá fyrri stefnu sinni í þessu efni. Því undrar mig mjög afstaða hv. þm. Snæf. og skilningur hans í þessu máli.

Hitt, sem verið var að tala um, að heimasveit beri meira úr býtum vegna betri aðstöðu til að fylgjast með tekjum viðkomandi manna, er ekki rétt. Nú eru allar framtalsskýrslur opinber plögg. Sá dómstóll, sem hér sker úr, er ríkisskattanefnd, og hún hefur öll þau plögg í vörzlum sínum, og þess vegna er svo örugglega um þetta búið í núgildandi útsvarslöggjöf, að atvinnusveit ætti að fara eins vel út úr því og heimasveitin,

Ég vil þess vegna leggja til, að frumv. verði felllt, því að ef það nær fram að ganga, verða afleiðingarnar eltingaleikur og togstreita í álagningu útsvara. Slíkt mundi að líkindum endurtaka sig í stærri stíl en nokkurru sinni hefur áður verið.

Nú er miklu meiri hreyfing í fólki við atvinnurekstur en nokkru sinni áður, og mundi það verða svo í framkvæmdinni, ef heimiluð yrði útsvarsálagning í atvinnusveit, að réttur heimilissveitar yrði mjög fyrir borð borinn.

Svo er það líka alveg í ósamræmi við þau ákvæði núgildandi laga, sem hér er um að ræða, að hér er gert ráð fyrir því, að þessi staður sé felldur undan þeim skiptingarákvæðum. Þó að skiptingarákvæði haldist þar, þá heyrir það ekki undir neina grein útsvarsl. Það sýnir greinilega, að hér er horfið frá grundvelli laganna.

Ég vil undirstrika það mjög greinilega, að ég álít, að hér í þessu frv. sé horfið frá hinum upphaflega grundvelli laganna.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Ég get vel skilið, að hv. þm. Siglf. vilji fá möguleika til að leggja útsvör og önnur opinber gjöld á starfrækslu þá, sem þar fer fram að sumrinu, og er það í samræmi við núgildandi útsvarsl. En hann heldur því fram, að til þess að þetta geti orðið, sé þörf þeirrar breytingar, sem hér er farið fram á. En ég get ekki séð, að breyting á þessu sé nauðsynleg.

Í 9. gr. útsvarsl. er tekið fram eftirfarandi, sem ég vil í sambandi við málið lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda að minnsta kosti samtals 4 vikur af útsvarsárinu", — þ. e. a. s., meðal annars í þessu tilfelli má skipta útsvari.

Nú skal ég lýsa því ofurlítið, hvernig útsvarsskipting eins og þessi hefur verið framkvæmd milli Rvíkur og Mosfellssveitar. Borgarstjóri sendi fyrst skrá yfir þá íbúa Mosfellshrepps, sem hafa atvinnu að einhverju eða öllu leyti í Rvík. Eftir þessu var svo hægt að leggja á hvern mann hlutfallslega eftir atvinnu hans á hverjum stað. Mosfellshreppur gat haldið eftir ⅓

af útsvari, þó að viðkomandi maður stundaði *eingöngu atvinnu í Rvík. Þegar skipting hafði* farið fram, var það athugað á ný, hvað gjaldanda hefði borið að greiða í útsvar í Rvík eftir þeim útsvarsstiga, sem þar gildir, ef stiginn er hærri þar en í Mosfellshreppi. Útsvarshluti hans til Rvíkur hækkar svo það mikið hlutfallslega sem hann hefði orðið að greiða, ef hann hefði átt heima í Rvík.

Ég sé ekki betur en Siglufjörður hefði getað haft fram sams konar kröfur gagnvart hliðstæðum mönnum, sem reka atvinnu á Siglufirði, með því að nota ákvæði núgildandi útsvarsl. út í æsar, — ekki síður en eftir þessu frv. En eins og farið er fram á í frv., þá gerbreyta þau ákvæði grundvelli núgildandi útsvarsl.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Það hafa komið hér fram ýmsar aths. við þetta mál, og að því leyti sem þeim hefur ekki verið svarað hér af hv. þm. Snæf., ætla ég að segja nokkur orð. Ég mun láta vera samt sem áður að svara sumum þeim aths., sem fram hafa komið í þessu máli, vegna þess að þeim hefur þegar verið svarað.

Aðalatriðið í því, sem komið hefur fram hjá þeim hv. þm., sem hafa talað á móti því, sem þessi brtt. fer fram á viðkomandi skiptingu útsvara samkv. ákvæðum útsvarsl., 9. gr., er, að þeir telja Siglufjörð hafa þennan umræddа rétt til skiptingar samkv. núgildandi útsvarsl. Má telja, að Siglufjörður hafi þennan rétt, en aðeins að formi til. En niðurjöfnunarnefnd Siglufjarðar hefur ekki þennan rétt til að leggja á þann atvinnurekstur utanhéraðsmanna, sem hér er um að ræða, og hafa því atvinnurekendur verið aðstoðaðir til að leyna tekjum sínum. Þeir búa í fjarlægum héruðum, og er því erfitt fyrir menn að fylgjast með því, hvort framtal þeirra muni vera rétt eða hvaða skekkjur eru í þeim. Afleiðingin hefur orðið sú, að þessir atvinnurekendur hefa bókstaflega fengið skattanefndir í heimilissveit til að trúa hverju sem er. Saltandi hafði t. d. eitt ár 2000 kr. útsvar í heimilissveit, en á sama tíma fékk annar saltandi, sem var búsettur á Siglufirði og saltaði helmingi minna, 9000 kr. útsvar. Viðkomandi hreppsn. hélt því fram, að það, sem maðurinn taldi fram, væri rétt, og hún hafði ekki fengið nein plögg því *viðkomandi. Höfðu þeir sett sig í varnarstöðu* fyrir þennan mann. Viðkomandi hreppsn. tók upplýsingar þessa manns gildar. Með því að hreppsn. taki skýrslur slíkra manna gildar, hjálpa þær þeim til þess að draga undan framtali, vegna þess að þeir menn komast ekki að, sem gætu gefið réttar upplýsingar.

Það hefur stundum komið fyrir, þegar ríkisskattanefnd hefur haft aðstöðu til að rannsaka framtöl, að hún hefur komið að leiðréttingum. En það er ekki heldur nema stundum. En vegna þess að ríkisskattanefnd kemst ekki yfir framtöl allra atvinnurekenda, þá yrði það ekki fyrr en svo seint, sem hægt væri að skipta útsvörum eftir því, að rétturinn væri í mörgum tilfellum glataður.

Þeir, sem stunda síldaratvinnurekstur utan heimilissveitar sinnar, hafa getað haft í hótunum vegna núgildandi útsvarsl.: „Við flytjum okkur *burt, ef á að leggja á okkur hærra útsvar“ en* þetta og þetta, sem þeir tilgreina. Það er óeðlilegt, en samt staðreynd, að slík togstreita eigi sér stað milli bæjarfélaga og hreppsfélaga. Vil ég þó ekki ásaka þær hreppsnefndir, sem í neyð sinni hafa gripið til slíkra ráðstafana. En þetta hefur komið afar illa niður á Siglufirði og öðrum síldarverstöðvum norðanlands.

Það er ekki nægileg ástæða til að vera á móti málinu, að Siglufjörður hefur aðeins að formi til rétt til að leggja útsvör á atvinnurekendur á Siglufirði, sem eiga heima annars staðar.

Það er rétt, að hér er veitt ný undanþága frá grundvallarreglum útsvarsl. En ég tel ekki rétt, að með þessu sé horfið af grundvelli laganna. Hér yrði tekinn einn þáttur atvinnuveganna og heimild gefin til að leggja á þann atvinnurekstur, þar sem hann fer fram, sem er mjög eðlilegt og nauðsynlegt vegna eðli atvinnuvegarins.

Því hefur verið haldið fram, að ef þetta yrði samþ., mundi koma kröfur um það, að eins yrði farið að gagnvart öðrum atvinnuvegum. Ég held, að ekki sé hætta á þessu, vegna þess að síldarútgerðin stendur ekki yfir nema frá 3—4 vikum *upp í 3—4 mánuði, og er hún þess vegna að því* leyti sérstakt undantekningartilfelli. Það stendur allt öðruvísi á um aðra atvinnuvegi landsins.

Yfirleitt stunda atvinnurekendur atvinnurekstur sinn í heimilissveitinni. Hitt er undantekning og sennilega mjög fágætt, að stunda fiskiðnað utan heimilissveitar, því að þótt útgerðarmenn geri skip sín út á fiskveiðar utan heimilissveitar, þá flytja þeir venjulega heim aflann, eins lítið verkaðan og frekast er unnt. Öðru máli gegnir um síldariðnaðinn. En ef eins mikil brögð yrðu að því, að menn rækju atvinnurekstur utan heimilissveitar sinnar, eins og á sér stað um síldaratvinnurekstrinn, þá væri sanngjarnt að láta þessi ákvæði einnig ná til þess atvinnurekstrar. Það yrði þá helzt einhvers konar fiskverkun, en varla annað.

En í brtt. frá allshn. er búið að þrengja þetta ákvæði, þannig að það nær aðeins til síldaratvinnurekstrar. Það er líka eftir till. allshn. útilokað, að hægt sé að leggja útsvar á báta eða skip, sem veiða fyrir Norðurlandi. Þess vegna fellir n. líka niður undanþágu vegna báta, sem gert var í upphafi ráð fyrir að undanskilja.

Höfuðefni málsins er þetta: Á að gefa þeim, sem reka atvinnu utan heimilissveitar sinnar, aðstöðu til þess að spekúlera í því að fá því framgengt með samningum við viðkomandi skattan. og niðurjöfnunarn. að koma sér undan að greiða útsvar eins og þeim bæri að greiða, ef þeir greiddu það á þeim stöðum, þar sem atvinna þeirra er rekin? Þetta er mikið mál fyrir þá staði norðanlands, þar sem síldariðnaður fer fram. Ef menn geta sloppið undan þessum byrðum, verður það til þess að þyngja skatta- og útsvarsbyrðarnar á hinum, sem ekki vilja fara út í þessi undanbrögð. Ég vænti því, að menn geti fallizt á þær breyt., sem hér er farið fram á.

Það hefur verið tekið fram í þessum umr., að Siglufjarðarbær hafi ekki gert kröfu um skiptingu útsvaranna, sem hér koma til greina. Það

er rétt, að Siglufjarðarbær hefur ekki farið fram á skiptingu útsvaranna af slíkum atvinnurekstri, sem hér er um að ræða. Og hann hefur ekki viljað vera að eltast við fólk, sem kemur til Siglufjarðar í vinnu þar. Það er ákaflega mikið verk og oft mjög lítið upp úr því að hafa, og á tímabili fyrir stríðið var það svo, að þó að skipting á því fengist, þá stóð þetta sem innieign hjá viðkomandi hreppsfélögum kannske árum saman. Þessa innieign var ekki hægt að reikna með sem tekjum, því að allt var í óvissu um, hvenær hún fengist greidd. Þetta hefur breytzt nú, sérstaklega með breit. um, að taka megi útsvör af atvinnu manna, þannig að Siglufjarðarbær mun hafa betri tekjur af þessu nú. En Siglufjarðarbær sá sér heldur ekki eins vel fært að fara eftir þessu ákvæði, af því að ekki var fyllilega ljóst, hversu langt þessi ákvæði l. ná. Og það voru lögð á tilraunaútsvör eftir þeim, og hefur staðið í málaferlum um þau. Og nú er kominn dómsúrskurður um það, hvernig skilja beri ákvæði laganna um heimilisfasta atvinnustofnun. Meðan mál þessi stóðu yfir, vildi bærinn ekki sinna því að krefjast skiptingar á útsvari. En hvað sem líður rétti til skiptingar, er hitt víst, enda fengin ugglaus reynd fyrir því, að síldaratvinnurekendur, sem hafa átt heima utan þess staðar, sem þeir hafa rekið síldaratvinnuna, hafa að mestu leyti getað skotið sér undan útsvörum. Núverandi ákvæði útsvarslaga gera þetta mjög vel mögulegt fyrir ófyrirleitna menn. Núgildandi ákvæði um skiptingu útsvara geta á engan hátt fyrirbyggt þetta óréttlæti.

Vænti ég, að þessu máli verði sýnd sanngirni og það, sem farið er fram á, samþ.

Pétur Ottesen: Hv. þm. Siglf. hefur, eins og vænta mátti, beygt sig fyrir þeim rökum, sem hér hafa komið fram, að Siglufjarðarbær og aðrir staðir, sem líkt stendur á um í þessu tilliti, geta eftir núgildandi l. borið úr býtum útsvarsgreiðslur eftir réttmætum kröfum. En þessi hv. þm. segir, að það sé ekki nema að forminu til, vegna þess að viðkomandi gjaldendur hafi ástæður til að smeygja sér undan þessum gjöldum, þeir geri samninga við hreppsnefndir og skattanefndir á fjarlægum stöðum um að skrifa sig þar til heimilis og hafi svo traust og hald hjá þessum hreppsnefndum í því að berjast á móti því, að á þá séu lögð eðlileg gjöld eða eðlileg útsvör, eftir því sem tekjur þeirra gefa tilefni til. Ég held, að ég hafi getið þess við 1. umr. þessa máls að gefnu tilefni frá þessum hv. þm., þar sem hann fór út í þetta atriði, að ég þekki ekki til þess, hvorki í minni sveit né heldur af kunnugleika af hreppsnefndum og bæjarstjórnum. En hins vegar er mér kunnugt um, að þær ganga alveg á fremstu grös um að fá grundvöll undir útsvarsálagningu á þessa menn, sem reka atvinnu utan heimilissveiar sinnar. En við skulum gera ráð fyrir, að hv. þm. hafi eitthvað fyrir sér í þessu efni og þá sérstaklega, þar sem hann er að benda á sérstök eða sérstakt atriði, sem hann dregur þessar ályktanir af. En það er ekki eins og það séu ekki fleiri aðilar, sem þarna koma til greina til þess að dæma um réttmæti framtals manna, heldur en þessar heimilissveitir, sem í þessum tilfellum eru ekki þær sömu og atvinnusveitirnar. Yfirskattan. í því umdæmi, sem viðkomandi sveitarstjórn eða bæjarstjórn heyrir undir, tekur við til þess að dæma um réttmæti í þessu efni.

Nú vill kannske hv. þm. halda því fram, að það geti staðið svo á, að yfirskattan. sé ef til vill þannig skapi farin, að hún haldi að einhverju leyti í hönd með þeim sveitarstjórnum, sem hér koma til greina um að breiða yfir undandrátt í framtölum. Það er náttúrlega ákaflega langsótt að gera ráð fyrir, að slíkt geti verið til, og fjarstætt að ætla slíkt yfirleitt. En ef svo væri, kemur þar þriðji aðilinn til greina, sem er algerlega hafinn yfir sérhagsmunatogstreitu í þessu efni, sem er ríkisskattanefnd, og er það sá aðili, sem endanlega gerir út um þessi mál. Þess vegna er enginn grundvöllur til undir það, að þarna sé nokkurt undanfæri fyrir viðkomandi gjaldþegna. Því að það er vitanlega alveg hægt fyrir stjórnarvöld í þeim kaupstað eða kauptúni, þar sem þessi atvinnurekstur fer fram, að koma á framfæri við rétta aðila upplýsingum um það, hvaða tekjur viðkomandi aðili eða aðilar hafa haft á staðnum og leggja þannig grundvöll að því, að öll rök séu fyrir hendi, sem þarf til þess að fella endanlegan réttlátan úrskurð um það, hvað viðkomandi gjaldþegnar eigi að borga. Þannig er það, að eins og það var á misskilningi byggt hjá hv. þm. Siglf., að sveitarstjórnir og bæjarstjórnir gætu ekki notið réttmætar skiptingar á útsvörum þessum, þá er það eins byggt á algerum misskilningi, að menn geti af þessum ástæðum komið sér undan réttmætum gjöldum að öðru leyti í þessum tilfellum.

Þar eru þess vegna ekki fyrir hendi nein rök fyrir því, að ástæða sé til þess að breyta til um þetta atriði, bæði af því, að í l. er svo vel frá þessu gengið, og einnig í framkvæmdinni auðið að ganga svo vel frá þessum hlutum, að mönnum þarf ekki að haldast uppi og getur ekki haldizt uppi, ef rétt er að farið, að breiða fjöður yfir tekjur sínar og láta ekki koma til framtals sumt af þeim til þess á þann hátt að forða sér hjá útsvarsgreiðslum. Ég vil þess vegna, eins og málið liggur fyrir, mjög eindregið vara, við því að fara nú að stíga fyrsta sporið til þess að koma öðrum eins óskaplegum glundroða inn í útsvarslöggjöfina eins og áður var, sem mundi gera útsvarsálagningu enn þá flóknari nú heldur en áður, meðan það ástand ríkti í útsvarslöggjöf okkar, þar sem atvinnutæki eru þannig nú, að meiri hreyfing er á fólki til atvinnuleitar en áður var. Enda er með ákvæðum útsvarsl., eins og þau eru nú, réttur einskis sveitarfélags eða bæjarfélags fyrir borð borinn, ef l. eru hagnýtt rétt.

Finnur Jónsson: Ég skil mjög vel tilgang hv. flm. með þessu frv. og einnig þarfir Siglufjarðarkaupstaðar til aukinna tekna. En það má segja það, að úr þessari þörf hafi verið bætt talsvert mikið með því að gera síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði, sem er mjög stór atvinnurekstur þar, útvarsskyldar.

Hv. flm. lýsti þessu frv. þannig sjálfur, að með því væri tekinn einn þáttur atvinnuveganna

út úr og önnur regla látin gilda um hann heldur en aðra atvinnuvegi. Èg fyrir mitt leyti lít svo á, að það sé hin fyrsta regla og sú, sem verður að gilda um alla skattálagningu, hvort heldur er til ríkis eða bæjar- og sveitarfélaga, að hin sömu lög gildi fyrir alla einstaklinga þjóðfélagsins og alla atvinnuvegi, en enginn einn atvinnuvegur sé tekinn þar sérstaklega út úr og önnur regla látin gilda um hann heldur en aðra atvinnuvegi. Af þessu tel ég, ef Alþ. samþ. þetta frv., að það sé þá komið inn á mjög hættulega braut. Og það þarf ekki aðra viðurkenningu á því en yfirlýsingu hv. flm. sjálfs um tilgang þessa frv.

Hv. flm. var að spyrjast fyrir um það, hvort ætti að gefa mönnum leyfi til að telja heimili sitt annars staðar en þar, sem þeir stunda atvinnurekstur sinn. Ef menn eiga í raun og veru heima annars staðar og hafa þar annan atvinnurekstur, sem er kannske umfangsmeiri, þá verða menn sjálfir að velja um það, hvar þeir telji sig eiga heima. Það getur ekki verið neinn mælikvarði á það, hvort þeir eigi heima á Siglufirði, þó að þeir hafi síldaratvinnurekstur þar. Annað mál er það, að það mun hafa verið töluvert reynt að fara í kringum útsvarsl., eins og þau eru nú. Og mönnum mun hafa haldizt það töluvert mikið uppi óátalið m. a. af Siglufjarðarbæ, að telja heimili sitt annars staðar heldur en þar, sem þeir hafa raunverulega átt heima. Og það hefur viljað svo hrapalega til, — og sömu ákvæði hafa gilt í þessu efni síðan 1936 —, að Siglufjarðarkaupstaður hefur látið undan falla að nota sér þá hjálp, sem hann gat haft í l. til að ná útsvörum af tveim stærstu fyrirtækjunum, sem rekin hafa verið á Siglufirði. En það, að Siglufjarðarbær hefur ekki notað sér útsvarsl. út í æsar, getur ekki verið nóg ástæða til þess, að nú þurfi að fara að breyta útsvarsl.

Með hæstaréttardómi, sem upp var kveðinn á árinu, sem leið, var upplýst nokkuð mikið í þessu efni, og mér er kunnugt um það, að það mun vera litið þannig á af hæstarétti, — og komið fram í dóminum, — að atvinnurekendur verða að hafa skrifstofu og daglegar útborganir á einhverjum stað, til þess að geta talið sér þar heimili. Nú hefur það verið svo um einhvern stærsta atvinnurekandann á Siglufirði, að hann hefur talið sér heimili inni í Eyjafirði. Og ég hef það frá einum hreppsnefndarmanni þar, að þar hafi aldrei verið lagt á hann umsetningarútsvar, heldur aðeins eignaútsvar. Hins vegar hafa Siglfirðingar aldrei lagt á þetta fyrirtæki útsvar. Þeir hafa þar ekki notað sér möguleika til þess að ná tekjum af þessu fyrirtæki. Þetta fyrirtæki hefur nú skrifstofu á Siglufirði árið um kring, og þar fara fram allar þess útborganir. Það er þess vegna ekkert annað en klaufaskapur af bæjaryfirvöldunum á Siglufirði að hafa ekki notað sér tekjur af þessu fyrirtæki, eftir útsvarslöggjöfinni.

Hv. þm. Siglf. komst þannig að orði, að meðan verið væri að gera út um það hjá dómstólunum, hvernig nota mætti útsvarslöggjöfina í þessum tilfellum, hafði Siglufjarðarbær orðið hart úti um að fá tekjur af þessum fyrirtækjum og einstaklingum, sem reka atvinnu á Siglufirði, en eiga lögheimili annars staðar. En ég tel það slóðaskap af bæjarstjórninni á Siglufirði að vera ekki búin að fá vitneskju um það, hvað dómstólarnir segðu um skiptingu útsvara, alla leið frá 1936.

Ég held, að útsvarsl. séu það ótvíræð í þessu efni, að þegar menn eru búnir að ganga úr skugga um það, hvað útsvarslöggjöfin meinar, og það á grundvelli þeirra hæstaréttardóma, sem nýlega hafa fallið í þessu máli, þá sýni það sig, að engin ástæða sé til að breyta þeirri löggjöf, heldur sé það varhugaverð braut að ganga inn á, að taka einn atvinnurekstur út úr og láta önnur ákvæði um útsvarsálagningu gilda um hann en annan atvinnurekstur í landinu. Og þrátt fyrir það að ég hef að ýmsu leyti tilhneigingu til að hlynni að Siglufjarðarbæ, eins og áður hefur komið fram, — m. a. í því, að ég hef staðið að því, að þar hafa verið reistar miklar síldarverksmiðjur —, þá tel ég ekki, að þörf Siglufjarðarbæjar sé það rík í þessu efni, að ástæða sé til að ganga inn á þá braut að breyta útsvarslöggjöfinni þannig, að aðrar reglur gildi um þennan atvinnurekstur en aðra atvinnu. Ef Siglufjarðarbær vill nota sér ákvæði núgildandi útsvarsl., held ég, að tekjuþörf þess bæjar verði borgið.

Bjarni Ásgeirsson: Hv. þm. Siglf. sagði áðan, að aðalatriði þessa máls væri að tryggja, að *einstakir stórir atvinnurekendur slyppu ekki* undir því að greiða réttmæt gjöld til sveitar- og bæjarfélaga hlutfallslega jafnt og aðrir. En ég held því fram, að þetta verði tryggt með núgildandi löggjöf, ef hún er notuð út í æsar. Og ég vil leiðrétta nokkurn misskilning, sem kom fram hjá hv. þm. Siglf. um það, á hvern hátt væri hægt að finna grundvöll undir þeirri útsvarsskiptingu, sem í l. er heimild til. Hann viðurkenndi, að grundvöllur fyrir þessu væri til í l., en hélt því fram, að einstök sveitarfélög gætu gert að engu árangur þeirrar heimildar, að því er tekur til Siglufjarðarbæjar, með því að taka á móti mjög ófullkomnum upplýsingum um tekjur gjaldenda, og að skattan. þessara sveitarfélaga mundi þá vera samsekar þessum framteljendum um að koma undan framtali nokkru af tekjum þeirra. En nú er ekki ástæða til, að þessu sé þannig varið, því að fyrst og *fremst segir í 14. gr. útsvarsl.*

„Sveitarstjórn gerir um hver áramót skrár yfir þá gjaldþegna, er hún hyggur sig eiga að fá hluta af útsvörum þeirra frá annarri sveit, ásamt upplýsingum um atvinnu hvers, kaup, tekjur, og eignir þar í sveit, vinnutíma og dvalartíma o. s. frv. Sendir sveitarstjórn síðan skrárnar til viðkomandi sveitarstjórna." o. s. frv.

Slíkar skýrslur hefur t. d. Reykjavíkurbær alltaf sent um menn, sem búsettir hafa verið uppi í Mosfellssveit, en rekið atvinnu í Rvík, eins og ég sagði áðan. Og þessa aðferð á bæjarstjórn Siglufjarðar vitanlega að geta haft líka. Hún á að senda skrá yfir þá menn, sem ekki eru þar heimilisfastir, en reka þar atvinnu og ber að greiða nokkuð af útsvarinu til Siglufjarðarkaupstaðar, og gefa viðkomandi nefndum í

heimilissveitum þessara gjaldenda allar upplýsingar, sem hún hefur yfir að ráða um tekjur þessara manna. Þar að auki eru það ekki sveitarstjórnir, sem skipta þessum útsvörum, heldur yfirskattan. sýslunnar, sem gerir skiptinguna á grundvelli skattskýrslna þess árs, þegar þær liggja fyrir. Og þá fer hún ekki eftir framtölum hreppsnefnda, heldur eftir framtölum viðkomandi gjaldenda til skatts og leggur á þá samkv. þeim skattplöggum, sem viðurkennd eru það ár. Ef viðkomandi bæjarstjórn líkar ekki þetta framtal eða þessi skipting, getur hún skotið málinu til yfirskattan. Þannig má segja, að möguleikar séu til þess að fá fram í dagsljósið allt, sem satt er í málinu, þannig að einstakar skattan., jafnvel þó að þær væru hliðhollar gjaldendum, eiga engu að geta ráðið um útsvör gjaldendanna, sem falla til atvinnusveitarinnar, sem í þessu tilfelli er Siglufjarðarbær. Ég held því, að það sé opin leið fyrir Siglufjarðarbæ að fá allar sínar réttmætar útsvarskröfur uppfylltar eftir núgildandi útsvarsl. Og ég held, að sá bær ætti að reyna þannig að fá útsvörum þessara gjaldenda skipt eftir þeim l., sem til eru um það efni, og sjá, hvernig því fer fram á þessu ári, sem nú stendur yfir, og má þá taka málið fyrir á næsta ári á Alþ. og fá l. þá breytt, ef ekki tekst eftir núgildandi l. að fá fram útsvarsskiptingu.

Frsm. (Áki Jakobsson): Ég kemst ekki hjá því að svara nokkrum orðum því, sem fram hefur komið í þessum umr. Í fyrsta lagi sagði hv. þm. Ísaf., að ég hefði sagt í ræðu minni, að ég vildi láta aðrar reglur gilda um álagningu útsvara á síldaratvinnurekstur heldur en á aðra gjaldendur í landinu og að með þessu frv., sem hér liggur fyrir, ef það næði fram að ganga, væri farið inn á þá braut að leggja öðruvísi á þennan atvinurekstur heldur en aðra þegna í þjóðfélaginu, og mér skildist hann álíta, að þessi atvinnurekstur gæti þá búizt við hærri gjöldum en annar atvinnurekstur. Þetta er misskilningur, hvernig sem á honum stendur. Með ákvæðum þessa frv. er alls ekki breytt út af þeirri grundvallarreglu, að þessir menn eða gjaldendur fái alveg tilsvarandi jafnhátt útsvar og aðrir, eftir þeim álagningarreglum, sem farið er eftir þar, sem gjöldin eru greidd. Og það var ekki ástæða til að skilja orð mín á annan veg en svona.

Það liggur í augum uppi, að sé bæjar- og hreppsfélögum á Norðurlandi gefin réttur til að leggja á þessa menn, þá hvarflar ekki að þeim að leggja á þá önnur eða hlutfallslega hærri útsvör heldur en á aðra gjaldþegna sveitarfélaganna, enda er ákvæði í frv. til þess að fyrirbyggja það, að tvöfalt álag verði lagt á þann hluta atvinnunnar, sem viðkomandi gjaldandi rekur utan sinnar heimilissveitar.

Ég hef heldur ekki talað um, að það þyrfti, enda ekki stefnt að því í frv., að banna mönnum að telja heimili sitt eða félaga sinna annars staðar en þar, sem þessir viðkomandi aðilar hafa síldaratvinnurekstur. Einmitt eftir þessu frv. er þeim algerlega frjálst að skrá sig hvar sem er til heimilis. En eins og ég tók fram við 1. umr., eru ákvæði íslenzkra l. um lögheimili og heimilisfang ákaflega óljós. Og ég vil alls ekki segja, að þessir menn, sem hafa rekið atvinnu á Siglufirði, hafi ranglega talið sig til heimilis annars staðar. Ég tók þá einnig fram, að ýmsir þeirra hefðu réttilega talið sig til heimilis annars staðar en þar, sem þeir hefðu haft atvinnurekstur sinn.

Það er talað um, að Siglufjarðarbær hafi ekki notað möguleika þá, sem hann hafði haft til að innheimta útsvör og fá fram skiptingu á útsvörum á undanförnum árum. Ég er ekki kunnugur þessu nú um nokkurn tíma. En af kynningu, sem ég hafði af því þar áður, veit ég, að ákvæði l. um þetta komu ekki að haldi hvað síldaratvinnureksturinn snerti, af því sem ég sagði áðan. Ofan á það bætist, að þegar búið hefur verið að skipta útsvörunum, þá fást þau ekki greidd, fyrr en eftir dúk og disk og stundum aldrei. Þetta hefur stafað af fjárhagsörðugleikum viðkomandi sveitarfélaga, sem hafa látið slíkar greiðslur sitja á hakanum eða að þau hafa ekki getað innheimt útsvörin, sem skipting hefur fengizt á. Ég man eftir, að við á Siglufirði fengum 4000 kr. þannig í skiptingu útsvara frá Ísafjarðarkaupstað, og þegar ég lét af störfum í bæjarstjórn. var það ekki komið inn, nema að litlu leyti. Þannig hefur það átt sér stað í fleiri tilfellum. Venjulega hefur þetta, að sveitar- og bæjarfélög tafa átt erfitt með að innheimta útsvör, sem þannig hefur verið skipt, stafað af því, að það hefur verið illa gengið eftir að fá þau greidd, enda lamar það áhugann, að meiri hluti útsvarsins er eign annarrar sveitar.

Það er rangt að fullyrða, að Siglufjarðarbær hafi ekki notað sér þá möguleika, sem bærinn hefur haft til þess að fá útsvör af mönnum, sem rekið hafa þar atvinnu, en talið heimili sitt annars staðar. Um stærsta útgerðarmanninn þar er það að segja, að hann telur heimili sitt í Eyjafjarðarsýslu, það er fullkomlega lögmætt að gera það. Hins vegar er óeðlilegt, að hann geti með því skotið sér undan réttmætum gjöldum, en það gera núgildandi útsvarslög honum kleift. Það er leitt til þess að vita, að gjaldendur skuli geta komizt undan réttmætum gjöldum með því að taka sér eitthvað yfirskynsheimili.

Það, sem kom fram í ræðum þeirra hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr. er það sama, sem þeir tóku fram áður. Það er rétt, að það er að formínu til möguleiki fyrir því að koma fram fullum réttmætum útsvarskröfum á hendur þessum mönnum, þó að þeir eigi heima annars staðar en þar, sem þeir hafa atvinnurekstur, En þetta er aðeins formlegur séttur, því hefur Siglufjarðarkaupstaður fengið að kenna á. Það eru engin rök að vera að lesa hér upp lagafyrirmæli, sem þannig er frá gengið, að leikur einn er að smjúga fram hjá. Þessir hv. þm. virðast heldur ekki vita, hve mikinn tíma það tekur að áfrýja til yfirskattan. Ef útsvarstekjurnar eiga að koma að gagni, er ekki nóg, að þær komi árið eftir, að útsvörin eru á lögð; þær verða að koma á sama ári. Bæjarstjórn þarf að hafa það nokkurn veginn í sinni hendi, hve ört hún fær

tekjur sínar inn, og svo seint gengur að innheimta útsvör gegnum starf yfirskattan., að það er næstum ógerningur fyrir bæjar- og sveitarfélög að bíða eftir því, og alveg ótækt, þegar um mörg af stórum útsvörum er að ræða. Það veldur ákaflega miklum erfiðleikum, þegar margir stærstu gjaldendurnir í plássinu eru þannig, að það er ekki hægt að vita með vissu fyrr en eftir langan tíma, hvaða útsvörum má reikna með frá þeim. Ég vil líka vekja athygli á því, að þegar nokkur tími er liðinn, frá því að útsvör eru lögð á, er erfitt að fá upp, hverjar hinar raunverulegu tekjur gjaldandans hafa verið. Það er nógu erfitt að fá það fram, þó að það sé á sama tíma og athugaðar eru tekjur annarra gjaldenda, þó að það dragist ekki. Og það er erfitt að athuga, hvort rétt er fram talið, ef framtalið er tekið seint til athugunar.

Þegar á allt þetta er litið, vænti ég, að menn sjái, að það er sanngjarnt að samþ. þetta frv.

Finnur Jónsson: Því fer mjög fjarri, að ég hafi misskilið hv. þm. Siglf., og enn fjær, að ég hafi rangfært nokkuð af því, sem hann hefur sagt hér. Það var um það rætt af hv. þm., að það væri nokkuð hál braut að taka upp þá reglu um skattlagningu atvinnuvega að haga henni á þann hátt, sem farið er fram á í þessu frv. Og þá komst hv. þm. Siglf. þannig að orði, að hér væri ekki um neina almenna reglu að ræða, heldur væri hér tekinn einn þáttur atvinnurekstrar út úr og önnur regla látin gilda um hann en aðra atvinnuvegi, og að sú regla, sem eftir þessu frv. yrði látin gilda um þennan atvinnurekstur, væri tvíþætt. Í fyrsta lagi yrði lögð útsvör á síldaratvinnurekstur á tveimur stöðum, — og það er ekki gert við aðra gjaldendur í þessu þjóðfélagi. Og í öðru lagi yrði lagt á þá, sem rækju síldaratvinnuveg, eftir tvenns konar útsvarsstiga. Hv. þm. Siglf. hlýtur að vita, að það er mismunandi útsvarsstigi, sem farið er eftir á ýmsum stöðum á landinu og mjög fjarri því, að hann sé alls staðar sá sami. Hann er mjög misjafn og fer alveg eftir þörfum hinna einstöku sveitarfélaga. Ef frv. þetta yrði að l., yrði lagt á þá atvinnurekendur, sem reka þessa atvinnu á Siglufirði, bæði þar og í heimilissveit þeirra, ef hún er annars staðar, og í öðru lagi fengju þeir ekki útsvar eftir skattstiga heimilissveitar sinnar, heldur eftir skattstiga, sem gilti á Siglufirði og eftir öðrum skattstiga heima hjá sér. Þetta vænti ég, að vefjist ekki fyrir hv. þm. Siglf., sem er talinn lögfróður maður. Þetta felst í frv. og þeirri málfærslu, sem með því er höfð, og þó að ekki sé ástæða til að breyta útsvarslöggjöfinni, gæti komið til álita, hvort rétt mundi vera að gera ákvæði l. um heimilisfang manna nokkru fyllri og nákvæmari heldur en þau eru nú, og ég get vel fallizt á þann hluta málfærslu hv. þm. Siglf. En þá fæ ég ekki skilið, hvers vegna hann í staðinn fyrir að koma fram með þetta frv. ekki kom heldur með frv. til l. um breyt. á l. um heimilisfang til þess að gera ákvæðið þeirra l. fyllri og ljósari. Myndi það vera miklu færari og betri leið fyrir þá, sem hafa síldaratvinnurekstur í Siglufjarðarkaupstað, og fyrir bæjarstjórn Siglufjarðar heldur en frv. það, sem hér liggur fyrir, því að ef það yrði samþ., kæmi fram við það mikið misrétti í þjóðfélaginu.

ATKVGR.

Brtt. 136, 1 felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, GÞ, GG, GTh, JörB, LJós, SG, STh, StJSt, ÁkJ, BG, JJós.

nei: BÁ, EmJ, EystJ, FJ, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, PZ, PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÁÁ.

GSv, SB greiddu ekki atkv.

5 þm. (JakM, ÓTh, SigfS, SK, ÞG) fjarstaddir.

1. gr. felld með 17:7 atkv.

Frv. þar með fallið.

2. Einkasala á bifreiðum o. fl.

Á 9. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:

Frv. til l. um einkasölu á bifreiðum, bifhjólum, hjólbörðum, hjólbarðaslöngum og um úthlutun bifreiða (þmfrv., A. 41).

Á 10. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Þórðarson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir á þskj. 41, er um einkasölu á bifreiðum, bifhjólum, hjólbörðum, hjólbarðaslöngum og um úthlutun bifreiða.

Eins og kunnugt er, var með l. nr. 30 9. jan. 1935 ríkisstj. veitt heimild til einkasölu á bifreiðum með meiru. Samkv. þessum heimildarl. var Bifreiðaeinkasala ríkisins sett á stofn með reglugerð frá 26. apríl 1935 og tók til starfa 1. maí það ár.

Bifreiðaeinkasalan hefur starfað óslitið síðan og til 25. sept. s. l., að reglugerðin um starfsemi hennar var úr gildi felld. Frá þeim tíma tók skilanefnd, skipuð af fjmrh., við stjórn einkasölunnar. Hætti þá einkasalan að kaupa inn vörur og hefur frá þeim tíma aðeins selt vörubirgðir sínar, er fyrir voru og hún átti hér heima og erlendis.

Á síðasta Alþ. var borið fram frv. til l. um að leggja niður Bifreiðaeinkasölu ríkisins. Frv. þetta náði ekki fram að ganga. Mun Alþ. hafa litið svo á, að slík ráðstöfun væri ekki heppileg, eins og á stóð, þar sem þessar einkasölu-vörur, bílar og hjólbarðar, eru nú ófáanlegar á erlendum markaði, án þess að hið opinbera annist um þau kaup.

Í þau 7 ár, sem bifreiðaeinkasalan hefur starfað, hefur rekstur hennar gengið vel, og hefur hún skilað álitlegum hagnaði til ríkis og bæjar- og sýslufélaga.

Á síðustu tímum hefur bifreiðaeinkasalan ekki getað fullnægt bílaþörf landsmanna. Hefur þá úthlutun bíla sætt mikilli gagnrýni, einkum eftir það, að núv. hæstv. fjmrh. tók bílaúthlutunina að mestu í sínar hendur. Síðasta Alþ. afgreiddi þál. um úthlutun bifreiða, sem í fyrsta lagi sagði mjög ákveðið fyrir um það, hvaða reglum bílaúthlutunin ætti að lúta, og í annan stað

sýndi þál. þessi tvímælalausan vilja Alþ. um það, að bifreiðaeinkasalan skyldi halda störfum sínum áfram.

Hæstv. fjmrh. hefur enga opinbera greinargerð látið í té til skýringar þeirri ráðstöfun sinni að leggja niður Bifreiðaeinkasölu ríkisins og ráðstafa sjálfur þeim bifreiðum, sem Alþ. ákvað, að gert skyldi af þar til kjörinni n. — Þetta er í stuttu máli saga málsins.

Frv. þetta er fram komið í tilefni af þeim atburðum, er gerzt hafa í þessum málum, eftir að síðasta Alþ. lauk, þar sem lögð hefur verið niður Bifreiðaeinkasala ríkisins, og þar með gengið á snið við fyrirmæli síðasta þings um úthlutun á bifreiðum einkasölunnar.

Frv. þessu, ef að l. verður, er ætlað að tryggja endurreisn og áframhaldandi starfsemi einkasölunnar. Jafnframt er því ætlað að tryggja það fyrirkomulag um úthlutun innfluttra bifreiða, er síðasta Alþ. ákvað.

Loks verður að teljast nauðsynlegt, að löggjöf verði sett um þessi atriði, er þannig sé úr garði gerð, að tryggt sé, að sú meðferð þessara mála, er nú hefur verið um skeið, endurtaki sig ekki.

Með tilvísun til alls þessa má því fullyrða, að frv. þetta sé aðeins staðfesting á gerðum og yfirlýstum vilja síðasta Alþ.

I. kafli frv. þessa er mjög samhljóða heimildarl. frá 9. jan. 1935 og reglugerðinni frá 26. apríl s. á. Þó er sú efnisbreyt. í þessum kafla frv., að í stað heimildarl. komi l., er tryggi það, að Alþ. eitt ákveði, hvort einkasala á bifreiðum skuli rekin eða ekki. Virðist ekki ástæða til, að lausari ákvæði gildi um þessa einkasölu en aðrar, þær er nú starfa samkv. sérstökum lögum.

II. kafli frv. er um úthlutun þeirra bifreiða, sem fluttar eru og fluttar verða til landsins. Þessi kafli er efnislega í fullu samræmi við þál. þá, er samþ. var í Sþ. 1. sept. s. l. með 28 atkv. gegn 7. Þó gerir sú þál. ráð fyrir, að allt að ⅔ hlutar innfluttra fólksbíla fari til atvinnubílstjóra og bílastöðva, en með því að þetta virðist eiga betur við sem starfsregla en lagafyrirmæli, er það ekki tekið hér upp í frv.

Um nauðsyn þess, að aðalákvæði þál. fái lagagildi, vísast til grg. þeirrar, er fylgdi þáltill. á sumarþinginu, og svo skýrslu þeirrar, er úthlutunarnefnd bifreiða, er kosin var á sumarþinginu, hefur sent Alþ.

III. kafli þarf engra skýringa við.

Um ákvæði til bráðabirgða er það að segja, að það er til þess ætlazt, að bifreiðaeinkasalan verði endurreist í stað þess að stofna nýja einkasölu á grundvelli hinna nýju l. Mundi sú ráðstöfun ekki valda neinum truflunum á almennum viðskiptum, þar sem engir aðrir innflytjendur hafa enn hafið innflutning á þeim vörum, sem einkasalan verzlaði með, sem m. a. mun stafa af því, að hér er um að ræða vörur, sem ekki eru fáanlegar erlendis fyrir milligöngu einkafyrirtækja eftir venjulegum viðskiptaleiðum. Enn fremur skal á það benda, að enn er starfsemi bifreiðaeinkasölunnar á því stigi, að um stöðvun fyrirtækisins er tæplega hægt að tala enn sem komið er, heldur aðeins truflun, sem útilokar ekki áframhaldandi starf einkasölunnar, ef Alþ. fellst á að endurreisa hana.

Vona ég svo, að frv. þetta fái skjóta og góða afgreiðslu Alþ. Óska ég, að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og fjhn.

Fjmrh. (Jakob Möller): Mér kemur það ekki á óvart, að þetta frv. er komið fram hér á Alþ., og hefði ég getað búizt við, að það hefði komið fyrr fram heldur en raun er á orðin. Það er þó ekki af því, að ég sé svo sannfærður um eindreginn vilja hv. þm. um áframhald þessarar einkasölu, því að mér er kunnugt um, að til skamms tíma hefur jafnvel í öllum flokkum verið mikill áhugi fyrir því, að bifreiðaeinkasalan yrði lögð niður. Hins vegar hefur verið deilt allmjög um það, hvernig tekizt hafi til um úthlutun bifreiða. Það er þó misskilningur hjá hv. 1. flm., að það hafi borið aðallega á því, eftir að ég fór að hafa afskipti af úthlutun bifreiðanna. Þessi gagnrýni á úthlutun bifreiðanna hefur verið jafnmegn frá upphafi einkasölunnar. Það er bara af því, að þeir menn hafa ráðið úthlutun bifreiðanna, sem nærri standa þeim flokki, er að þessu frv. stendur, að þeir menn (í þeim fl.) hafa fundið minna til þeirrar gagnrýni. Hins vegar vil ég benda hv. alþm. á það, að það fer mjög fjarri því, að sú ákvörðun ríkisstj., að leggja niður einkasöluna á síðasta hausti sé eins dæmi. Alveg á sama tíma sem bifreiðaeinkasalan var stofnuð, var einnig stofnað til raftækjaeinkasölunnar; og haustið 1939 ákvað ríkisstj. að fella hana niður og nema úr gildi reglugerð þá, sem raftækjaeinkasalan var rekin samkvæmt. Um þessar tvær einkasölur stóð nákvæmlega eins á. Þær voru stofnaðar með heimild handa ríkisstj. til að reka þær. Ríkisstj. var í sjálfsvald sett, hvort hún byrjaði að reka þær eða ekki. Meira að segja var við flutning málsins hér á hæstv. Alþ. látið í veðri vaka, að sú ríkisstj., sem sjálf flutti frv. um einkasöluna, var ekki ráðin í því, hvort eða að hve miklu leyti hún mundi nota þessa heimild. Og vitanlega áleit ríkisstj., þegar hún lagði niður raftækjaeinkasöluna, að hún hefði úrskurðarvald um það, hvort hún legði hana niður, af því að þetta var aðeins heimild, og ríkisstj. var í sjálfsvald sett, hvort hún ræki hana eða ekki. Um þetta var þess vegna hvorki leitað heimildar Alþ. né birtar um það neinar skýrslur. Ég man ekki eftir því, að ríkisstj. gæfi neinar skýrslur um það, hvers vegna hún lagði niður raftækjaeinkasöluna. Um þá skoðun hv. 1. þm. Skagf. (SP), að með ályktun síðasta þings um fyrirkomulag á úthlutun bifreiða væri lýst nokkru yfir um það, hvort Alþ. ætlaðist til, að heimildin til að reka einkasöluna yrði notuð um skemmri eða lengri tíma, — um þá skoðun er það að segja, að það er alger misskilningur, að í því hafi legið nokkur yfirlýsing. Hitt er annað mál, hvaða gildi þessi ályktun hafði, meðan einkasalan var rekin. Ef vilji Alþ. hefði verið fyrir hendi um það, að einkasalan yrði rekin áfram, þá hefði átt að orða það í till. Það hefði þá átt að taka það fram, að Alþ. ætlaðist til, að bifreiðaeinkasalan væri rekin áfram, en ekki að láta það vera á valdi ríkisstj. Það kom því ekki fram í þeirri þáltill. neitt um það, að bifreiðaeinkasölunni yrði haldið áfram lengur en ríkisstj. teldi rétt vera. Hitt er svo hins vegar rétt,

að ályktunin fól í sér ákveðinn vilja Alþ. um það, hvernig haga skyldi úthlutun bifreiðanna. Og af sjálfsögðu hefði ríkisstj. tekið þá ályktun til greina og farið eftir henni, ef aðeins hefði ekki viljað það óhapp til, að eins og n. var skipuð, gátu ekki tekizt samningar milli ríkisstj. og n. Ég tók það fram í upphafi, að fyrir lágu skuldbindingar, bæði frá prókúrista og ráðuneytinu, til einstakra manna og fyrirtækja um að selja þeim bifreiðar. Og ég taldi sjálfsagt og skylt, þó að þessi háttur væri upp tekinn, sem Alþ. vildi, að við þær skuldbindingar væri staðið. En á þetta vildi n. ekki fallast. Hún skoðaði það sitt hlutverk að strika yfir slíkar skuldbindingar eftir sínum geðþótta, hvort heldur þær voru gerðar af ráðuneytinu fyrir hönd einkasölunnar eða af forstjóra. Þetta taldi ég ekki geta komið til mála, heldur yrði að standa við slíkar skuldbindingar, eins og hvert fyrirtæki gerir, eins og því er frekast fært a. m. k. Og ég varð þess vegna að taka til minna ráða í þessu sambandi. Ég leitaðist við, eftir að árekstur inn varð, að hafa samvinnu við n., en það tókst ekki. N. skoðaði sig sem setta til höfuðs þessum aðilum, sem með stjórn einkasölunnar höfðu farið, og að hennar fyrsta hlutverk væri nánast að ógilda þeirra gerðir.

Að öðru leyti sé ég svo ekki ástæðu til að ræða það mál frekar á þessu stigi. En í sambandi við áframhaldandi rekstur einkasölunnar eða niðurlagningu vil ég aðeins benda á, að það stendur nú svo á, að ég hygg, að bifreiðar séu ófáanlegar frá útlöndum. Og hvers vegna er þá nauðsynlegt að reka einkasölu á bifreiðum, þegar telja má, að bifreiðar séu ófáanlegar nú um sinn, það skil ég ekki. Um aðrar þær vörur, sem einkasalan hefur verzlað með, er það að segja, að aðrir geta alveg eins vel flutt þær inn eins og einkasalan. Ég tel nú rétt, þegar svo stendur á, að verkefni, sem einkasölu er ætlað að fást við, er að ganga saman, og stofnunin, eins og nú er orðið, er orðin að meira eða minna leyti óþörf í svipinn, þá liggi ákaflega beint við að leggja hana niður. En ef Alþ. vill reka áfram einkasölu á bifreiðum, gerir það það að sjálfsögðu. En ég er þeirrar skoðunar, að það henti vel að leggja hana niður.

Flm. (Sigurður Þórðarson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur nú gefið dálitla skýringu á þeim gerðum sínum, að hann lagði niður bifreiðaeinkasöluna. Og skýring hans er sú, að hann taldi hafa verið ósamkomulag milli sín og þeirrar þingkjörnu n., sem átti að úthluta bifreiðunum. Þetta ósamkomulag hefði valdið því, að honum hefði þótt réttast að leggja niður einkasöluna. Það var þar með játað, að úr því að hann gat ekki haft ánægjulegt samstarf við n., varð hún að lúta í lægra haldi. Og hæstv. ráðh. kom ekki með önnur rök fyrir því en þau, að hann varð að hafa sitt mál fram, þegar hann greindi á við n. Það sannast á skýrslu n. í gerðabók hennar, að sjaldan veldur einn, þegar tveir deila. Og mín skoðun er, að n. hafi í öllum atriðum farið eftir því umboði, sem hún hafði frá Alþ., og hafi haft rétt fyrir sér. Ósamkomulagið byrjaði á því, að hæstv. fjmrh. vildi skipa formann n. N. leit hins vegar svo á, að þar sem ekkert væri fram tekið um það af Alþ. hálfu, þá hefði hún rétt á að velja sér formann sjálf. Svo reis í öðru lagi ósamkomulag út af því, að ráðh. krafðist, að úthlutað væri bifreiðum eftir þeim úthlutunarlista, sem hann lagði fram fyrir n. og taldi hafa samið áður en n. var valin. En n. var kosin vegna þess, að hörð gagnrýni hafði komið fram vegna úthlutunar þessa hæstv. ráðh. á bifreiðunum. Alþ. ætlaðist því til, að n. úthlutaði ekki bifreiðunum með þeim hætti, sem hæstv. ráðh. hafði á því haft. Með því að veita n. andstöðu frá hálfu ráðuneytisins gengur ráðh. tvímælalaust í bága og berhögg við yfirlýstan vilja Alþ. Þetta verður hv. þm. að vera ljóst, þegar um þetta mál er rætt. Ég skora á hv. þm. að lesa útdrátt úr gerðabók n. og sjá þar sjálfir, að nm. fóru eftir því, sem þeir álitu skyldu sína, eftir því sem Alþ. hafði lagt þeim þessa skyldu á herðar. En þetta, að hæstv. ráðh. kom sér ekki saman við n., er svo ástæðan fyrir því, að hann lagði niður einkasöluna. Einkasalan hafði starfað í 7 ár, og ekkert hafði verið að henni fundið. Og þó að bifreiðar séu nú ófáanlegar, mun ekki alltaf svo vera. Og víst er það, að úr því að erfiðleikar eru á því að fá fluttar til landsins þær vörur, sem frv. ræðir um, þá er aldrei meiri þörf en nú á því, að innflutningur á þeim sé í höndum einkasölu, því að einkasala hefur betri aðstöðu til að fá vörur keyptar og fluttar inn heldur en einstakir menn. Úti um land hefur nokkur gagnrýni verið á einkasölunni út af úthlutun bifreiðanna, en ekki öðrum störfum einkasölunnar. Og það átti að vera vel tryggt, að úthlutunin kæmist í gott horf, ef nm. í umræddri n. hefðu haft vinnufrið, og þá hefði þetta allt sennilega verið í góðu gengi. Nú hefur þetta samstarf ekki getað orðið, fyrir óheppilega þrætu milli n. og hæstv. ráðh. Og þá ákvað hæstv. ráðh. að leggja niður fyrirtækið sjálft.

Ég ætla ekki að hafa mikið málþóf um þetta hér og ætlaði að tala rólega um málið. Að vísu er það svo, að gagnrýnin á úthlutun bifreiða hjá hæstv. ráðh. er orðin ákaflega svæsin úti um allt land. Ég hef mjög fáa menn hitt, sem eru ánægðir með bifreiðaúthlutunina, eins og hún hefur verið í höndum hans, en veit, að flestir eru óánægðir. Þetta vita allir og hæstv. ráðh. ekki síst. Ég skil satt að segja ekkert í því, að hæstv. ráðh. skyldi láta sér detta í hug að vilja vera í þessu áfram þrátt fyrir yfirlýstan vilja þingsins og þrátt fyrir þær endurbætur, sem gerðar voru á um úthlutunina.

Ráðh. ákvað að leggja niður einkasöluna, en þetta frv., sem ég er 1. flm. að, er um það að endurreisa hana. Það er í samræmi við þann vilja, sem var á sumarþinginu, og það hefur ekkert komið fram síðan, sem gæti breytt þeirri afstöðu þingsins og valdið því, að þetta frv. yrði fellt. Ég held því, að það verði samþ., og er enda ekki ástæða til annars. Þessi stofnun hefur reynzt vel, og hafa ekki komið fram rök fyrir öðru, og það er ekki nein ástæða til að fella niður stofnun, sem hefur reynzt vel. Bifreiðaeinkasalan hefur gefizt vel, og vona ég, að þingið sjái sóma sinn í því að halda henni áfram og endurreisa hana. Enn þá er ekki mikill skaði skeður með því, sem gert hefur verið af hálfu hæstv. ráðh., ef Alþ. bregður fljótt og vel

við því, að þetta frv. verði að lögum, svo að hægt verði að endurreisa bifreiðaeinkasöluna sem allra fyrst.

Hæstv. ráðh. talaði um, að hann hefði haft lagalega heimild til að leggja bifreiðaeinkasöluna niður. En þingið hafði einmitt gefið skýrt önnur fyrirmæli með því að leggja svo fyrir, að kosin skyldi n. til þess að sjá um bifreiðaúthlutunina. Til hvers hefði þingið átt að kjósa þessa n., ef bifreiðaeinkasalan hefði ekki átt að halda áfram? Ég tel þetta nægileg rök fyrir því, hver var vilji þingsins, því að ef þingið hefði ekki tekið beina afstöðu til þess, að einkasalan skyldi halda áfram, þá hefði n. ekki verið kosin.

Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þetta að svo stöddu.

Fjmrh. (Jakob Möller): Ég vil ekki deila við þennan hv. þm. um það, hvað hann skilur og hvað hann skilur ekki. Ég held fast við það, að í ályktun þingsins um úthlutun bifreiða var ekkert sagt um það, hvort einkasölunni skyldi haldið áfram eða ekki, aðeins það, að ef hún héldi áfram, skyldi úthlutunin vera hjá n.

Hv. þm. ruglar saman tveim þáttum þessa máls og því, sem ég sagði um þá. Hann segir, að skýring sú, sem ég færði fyrir því, að ég ákvað að leggja niður bifreiðaeinkasöluna, hafi verið, að það gat ekki orðið samstarf milli min og n. Þetta er algerlega fjarri sanni. Það var skýringin á því, að ég tók úthlutunina af n., en til þess þurfti ég auðvitað ekki að leggja niður einkasöluna. Ég hafði aðrar leiðir til þess að taka úthlutunina. Skýringin, sem ég gaf, var sú, að samkv. l. um bifreiðaeinkasölu var það á valdi ráðh., hvort hún skyldi rekin eða ekki, og ég vildi ekki reka hana. Ég ákvað að leggja hana niður, alveg eins og þegar ríkisstj. 1939 tók ákvörðun um að leggja niður raftækjaeinkasöluna.

Svo segir hv. þm. (SÞ), að ég hafi enga skýringu gefið á því, hvers vegna ég hafi ekki tekið til greina yfirlýstan vilja síðasta þings um, að n. úthlutaði bifreiðum. Skýringin var sú, að n. neitaði að taka til greina skuldbindingar, sem bifreiðaeinkasalan hafði gefið. Skilur ekki maður, sem fæst við kaupsýslu, þetta? Hvað mundi hann segja, ef skuldbindingar, sem hann hafði gefið sem kaupfélagsstjóri, væru að engu hafðar af þeim, sem tæki við af honum? Mér finnst þetta nægilega skýrt. Þar sem hann segir, að af skýrslu n. sé að sjá, að nm. fari eftir því, sem þeir héldu, að væri sitt hlutverk, þá hafa þeir skilið það þannig, að eldri skuldbindingar einkasölunnar skyldu virtar að vettugi. Ég hef ekki skilið fyrirmæli þingsins þannig, að það ætlist til þess, að stofnanir þær, sem það lætur reka, skuli ekki standa við skuldbindingar sínar, ef þær geta það.

Hv. þm. talaði um þá mögnuðu óánægju, sem sé með afskipti mín af úthlutun bifreiða. Þessi ummæli eru á nokkuð litlum rökum byggð, þegar þess er gætt, að frá því að ég varð fjmrh., hefur verið úthlutað hundruðum bifreiða, a. m. k. 500—600, og af þessari tölu hef ég upp á eigin spýtur aðeins ráðið úthlutun á nokkrum tugum. Ég held, að þessu sé algerlega ruglað saman, þannig að stefnt sé gegn mér óánægju, sem er með úthlutun bifreiða yfirleitt. Ég ætla ekki að fara nánar út í það, því að málið hefði orðið óvinsælt, hver sem með það hefði farið.

Ég var reiðubúinn til að beygja mig fyrir yfirlýstum vilja þingsins, ef þeir menn, sem það valdi til þess að framkvæma vilja sinn, hefðu starfað þannig, að ég gæti talið það viðunandi, og þykist ég hafa fært skýr rök fyrir því, að starf þeirra var ekki viðunandi. Ég skora á hv. 1. þm. Skagf. að lýsa því yfir, hvort hann teldi viðunandi, að aðrir tækju af honum ráðin og hann fengi ekki að standa við skuldbindingar, sem hann hefði gefið fyrir hönd þess kaupfélags, sem hann veitir forstöðu, — hvort hann sem kaupsýslumaður teldi það mögulegt.

Flm. (Sigurður Þórðarson): Þetta verður ekki langt mál. Þessar umr. eru nudd, en ekki rifrildi. Hæstv. ráðh. telur framkomu sína við n. stafa af því, að n. hafi ekki viljað standa við það, sem hann vildi um úthlutun bifreiða. Ég hef lesið grg. n., og það kemur hvergi í ljós, að áreksturinn hafi verið út af þessu. Nú vil ég ekki fullyrða, að svo hafi ekki verið, en það kemur ekki fram í neinum skjölum. Ég skal láta það kyrrt liggja. Um það, hvaða afstöðu ég hefði tekið, ef fyrirrennari minn hefði lofað einhverju fyrir hönd fyrirtækisins, skal ég geta þess, að ég hefði talið mér skylt að uppfylla loforð hans. Það er almenn og sjálfsögð viðskiptaregla. En út af því, að hæstv. ráðh. þykist vera svo strangur á því, að staðið sé við skuldbindingar, verður manni að spyrja, hvort hann sjálfur hafi alltaf staðið við loforð sín um bifreiðar og úthlutun þeirra. Ég fullyrði ekkert um það, en annað er sagt.

Í skjölum n. er ekkert um ágreining út af úthlutun bifreiða, en þar er greint frá því, að ráðh. hafi í byrjun viljað skipa n. formann, en meiri hl. n. taldi sig mega ráða þeim málum sjálfur, og um þetta er mest barizt, en ekki um úthlutunina sjálfa, eins og hæstv. ráðh. vill vera láta. Ég held, að mikil mistök hafi orðið á úthlutun bifreiða hjá einkasölunni, en sérstaklega hjá hæstv. ráðh., og er forviða á því, að því var ekki tekið með þökkum af hæstv. ráðh., að þingið skipaði n. til þess að taka þetta að sér, og að hann skyldi ekki þakka fyrir að láta þessa menn starfa að úthlutun bifreiðanna. Þessum málum var miklu betur skipað þannig, og held ég, að það hefði verið viðkunnanlegra fyrir hæstv. ráðh. að setja sig ekki upp á móti yfirlýstum vilja þingsins, sem þó verður að líta svo á, að hann hafi gert, því að það er ekkert nema útúrsnúningur að segja, að þingið hafi ekkert gefið upp um það, hvort einkasalan skyldi starfa áfram eða ekki, þegar það skipaði n. Það er vitað, að þingið vildi láta einkasöluna starfa áfram og að það felldi till., sem kom fram um að fella hana niður, svo að það er enginn vafi á vilja þess í því efni.

Bifreiðaeinkasalan hefur ekki sætt gagnrýni fyrir neitt nema helzt úthlutun bifreiða, og sú gagnrýni er ekki sérlega mikil, en sú gagnrýni, sem hæstv. ráðh. hefur sætt fyrir úthlutun bifreiða er mikil, og hans starf á því sviði hefur verið illa séð af landsmönnum.

Ég ætlaði ekki að tala mikið um þetta, en ég hef mikla von um, að bifreiðaeinkasalan verði endurreist og að þingið taki vel því frv., sem sem hér liggur fyrir.

Páll Zóphóníasson: Ég skildi hæstv. fjmrh. svo, að hann segði, — ég tek það eftir honum orðrétt, til þess að við getum rætt um það síðar hér á þinginu —: „Ég hef ekki skilið hið háa Alþ. þannig, að það ætlist til, að þær stofnanir, sem það rekur eða stendur að, standi ekki við skuldbindingar, sem það gerir.“ Í þessu sambandi vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvort ríkisstj. hafi ekki lagt svo fyrir, að riftað skyldi samningum um sölu á síldarmjöli, hvort hún hafi ekki bannað verksmiðjunum að selja það, sem búið var að lofa. Sama ríkisstj., sem segist nú vilja láta standa við gefin loforð, vildi ekki standa við þessi loforð. Ég bið hann að athuga þetta og mun minna hann á það síðar hér í þinginu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Nd., 12. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 41, n. 103, 138 og 174).

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Eins og fram kemur í nál., sem hér liggur fyrir, var ekki unnt að ná samkomulagi um afgreiðslu þessa máls. Við tveir af nm., hv. þm. V.-Ísf. og ég, skilum nál. á þskj. 103, þar sem við leggjum til, að frv. verði samþ., en áskiljum okkur þó rétt til að flytja brtt. við það eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Hv. 2. þm. Reykv. hefur síðan skilað nál. sérstaklega á þskj. 138. Leggur hann til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt. Vill hann breyta 7. gr. frv., um kosningu úthlutunarn. Hann mun að sjálfsögðu gera sjálfur grein fyrir þeirri breyt. Ég vil aðeins taka það fram hér, að sá hl. n., sem stendur að nál. 103, leit svo á, að því aðeins gæti komið til greina, að stéttarfélag bílstjóra tilnefndi mann í úthlutunarn., að sá félagsskapur næði yfir land allt.

Þá hafa tveir nm., þeir hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. þm. Rang., lagt fram sérstakt nál. á þskj. 174, þar sem þeir leggja til, að frv. verði fellt.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð að sinni. Eins og ég gat um í upphafi, leggur þessi minni hl. n. til, að frv. verði samþ.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef lagt fram nál. 138, og felst í því breyt. á 7. gr. frv. Þessi brtt. fer fram á, að þriðji maður í úthlutunarn. sé tilnefndur af bifreiðastjórafélaginu Hreyfli í Rvík, en varamaður hans eftir tilnefningu Þróttar, félags vörubifreiðastjóra hér. Hún er byggð á þeirri skoðun, að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til bílstjóranna og þeirra, sem hafa lífsuppeldi sitt af bifreiðakeyrslu, við úthlutun bifreiða. Er ætlazt til þess, að þriðji varamaður, þ. e. sá, sem útnefndur er af vörubifreiðastjórafélaginu, taki sæti í n., er um úthlutun vörubifreiða er að ræða. Þetta er til þess að tryggja, að hagur vörubifreiðastjóra sé ekki fyrir borð borinn.

Það, að ég legg til, að bifreiðastjórafélögin í Rvík tilnefni þriðja mann og varamann hans í n., stafar af því, að ekki er til neitt landssamband bifreiðastjóra. Auðvitað væri sjálfsagt, ef slíkur félagsskapur væri til, að hann tilnefndi menn í n. Mér datt í hug að setja í nál. ákvæði þess efnis, til þess að hægt væri þá að breyta tilhöguninni um tilnefningu nm., þegar til kæmi, án þess að breyta þyrfti l.

Ástæðan til þess, að ég geri þessa brtt., er sú, að óánægjan með úthlutun á bifreiðum stafar ekki sízt af því, að n. og menn hafa látið pólitísk áhrif koma til greina í sambandi við úthlutunina. En um bifreiðaeinkasöluna sem heild er ekki annað að segja en sem slík, tel ég, að hún sé heppileg og sjálfsagt að halda henni áfram. Hins vegar er svo, að hægt er að reka og stjórna henni þannig, að hún verði fremur til skaða en framdráttar hugmyndinni um opinberan rekstur. Og það, sem menn verða, um leið og þeir berjast fyrir góðu málefni, að reyna að tryggja, er, að framkvæmdirnar verði ekki þannig, að þær verði því til hnekkis.

Afstaða mín til frv., sem hér um ræðir, fer eftir því, hvernig brtt. minni verður tekið.

Frsm. 3. minni hl. (Jón Pálmason). Herra forseti. Hv. þdm. hafa sjálfsagt veitt því athygli, að við hv. 2. þm. Rang., sem myndum 3. minni hl. n., höfum lagt til á þskj. 174, að frv. verði fellt. Til þess liggja þær orsakir, eins og fram er tekið í nál., að við teljum bifreiðaeinkasöluna hafa gefizt illa, og úr því að búið er að afnema hana, þá sé það engan veginn réttmætt að gera ráðstafanir til að endurvekja hana. Við lítum svo á, að það sé á allan hátt heppilegast, að þessar vörur séu allar í frjálsri verzlun, og sú reynd, sem þegar er fengin af þessari stofnun, ætti að færa mönnum nokkurn veginn heim sanninn um það, að það fyrirkomulag, sem verið hefur á þessum hlutum, er ekki heppilegt. Það, sem vakir fyrir flm., er, að það skapi ríkissjóði tekjur og þá líka bæjar- og sveitarfélögum, og að heppilegt sé að hafa alla bifreiðasölu á einni hendi. Viðvíkjandi fyrsta atriðinu, þá vil ég segja, að við hv. 2. þm. Rang. lítum svo á, að það væri mjög auðvelt að fá a. m. k. eins háar tekjur í ríkissjóð og til bæjar- og sveitarfél. með því, að þessar vörur væru í frjálsri verzlun, eins og með þessu fyrirkomulagi, án þess að varan þyrfti að verða dýrari. Þá er víst, að meginkostnaður rekstrar einkasölu, slíkrar sem þessarar, er kostnaður, sem hægt er að komast hjá með frjálsri verzlun. Þær verzlanir, sem höfðu verzlun með vöru þessa og mundu hafa hana aftur, þyrftu ekki að auka rekstrarkostnað sinn hennar vegna að neinum mun og mundu því vera færar um að borga hærri skatta og útsvör. Í öðru lagi er þess að geta varðandi það, að betra sé að hafa bílaverzlunina alla á einni hendi, vegna þess að með því móti sé unnt að komast af með færri tegundir og hafa meiri birgðir, að

reynslan hefur sannað hið gagnstæða. Tegundunum hefur fjölgað á árunum 1936 til 1941 úr 75 í 102. Og þar með er ekki öll sagan sögð, því að þær tegundir, sem bera sama nafn og nú, eru ekki hinar sömu í öllum tilfellum og 1936; það hafa orðið breytingar á þessu tímabili og þær mjög stórkostlegar. Þessi röksemd hefur því fallið um sjálfa sig í reynslunni. Ég efast um, að það yrði nokkur framför á þessu sviði, þó að einkasalan væri endurreist. Varðandi það atriði, að hægt sé að hafa meiri birgðir, ef salan er á einni hendi, þá hefur það sýnt sig, að það hefur verið meiri skortur á þessari vöru, sérstaklega fyrir stríðið, en ætla mætti, að þurft hefði að vera, ef um frjáls viðskipti hefði verið að ræða. Þar af leiðandi hafa þær birgðir, sem keyptar hafa verið nú á stríðstíma, verið keyptar hærra verði, eins og eðlilegt er, en það hefði ekki þurft að kaupa eins mikið fyrir þetta háa verð, ef birgðirnar hefðu verið fyrir.

Ég þarf ekki að telja meira fram þessu til sönnunar. En ég tel, að það sé alveg eins hægt að ná tekjum af þessari vöru með talsverðum tollum og eins auknum skatti, þótt hún sé seld á frjálsum grundvelli, og mér þykir trúlegt, að hið opinbera mundi fá fullt svo miklar tekjur á þann hátt sem það fær með því að hafa einkasölu. Varðandi brtt. hv. 2. þm. Reykv. skal ég ekki að svo stöddu segja, hvort heppilegt sé að láta bílstjórafélögin hafa sæti í úthlutunarnefnd, vegna þess að ég vil ekki láta koma til greina, að einkasalan verði endurreist. En ef hún verður endurreist og n. þarf að vera, þá er tími til að athuga, hvernig hana skuli skipa.

Um það, sem segir í grg. frv., að á síðasta Alþ. hafi verið lagt fram frv. til l. um að leggja niður bifreiðaeinkasöluna, en það ekki hlotið samþykki þingsins, af því að slík ráðstöfun hafi ekki þótt hyggileg, eins og á stóð, þá er því til að svara, að því fer fjarri, að hér sé farið með rétt mál. Frv. var lagt fram seint og kom ekki til þessarar þd. Það er því engin sönnun fyrir vilja Alþ., að frv. þetta var ekki samþ.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vil mælast til þess við forseta, að hann láti ekki fara fram atkvgr. um þetta mál nema flestir hv. þdm. séu viðstaddir.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hv. þm. A.-Húnv., sem hefur orð fyrir 3. minni hl. fjhn., er leggur til, að frv. verði felld, telur, að einkasala bifreiða hafi gefizt illa. Ekki færði hann þó fram nein ákveðin rök því til stuðnings. Ég hef orðið var við, að menn blanda saman þessu tvennu: rekstri einkasölunnar og úthlutun bifreiða, og þá einkanlega þeirra, sem tekizt hefur að ná inn til landsins síðustu missiri. Það hefur orðið vart almennrar óánægju með þá úthlutun, en sú framkvæmd út af fyrir sig snertir ekki rekstur einkasölunnar, þar sem forstjórinn hefur nú í seinni tíð ráðið mjög litlu um það, hvernig bifreiðunum hefur verið úthlutað. Um það atriði, hvort hafi verið réttmæt ráðstöfun hjá hæstv. fyrrv. ríkisstj. að leggja einkasöluna niður, er það að segja, að á þeim tíma, sem það var gert, þá hefur það verið gegn vilja meiri hl. Alþ., því að þegar meiri hl. Alþ. ákvað að kjósa n. til að úthluta bifreiðunum, þá var til þess ætlazt af þessum meiri hl., að bifreiðaeinkasalan héldi áfram. Ekki færði hv. þm. heldur neitt fram þeirri skoðun sinni til stuðnings, að varan mundi verða ódýrari hjá kaupmönnum en hjá einkasölunni, enda held ég, að honum yrði mjög erfitt að sanna það mál. Það er vitaskuld rétt, að það er hægt að leggja tolla á vöruna, en það er nú þegar gert. Það er tekinn tollur af þeim bifreiðum, sem einkasalan flytur inn, og verður gert. En eins og kemur fram í fylgiskjali grg., hafa ríkissjóður og bæjar- og sýslufélög haft mjög miklar tekjur af einkasölunni, eða rúml. 1 millj. kr. árið 1941. Eitt er það enn, sem hv. frsm. 3. minni hl. fjhn. veik að, en það er sá skortur á bifreiðum, sem verið hefur undanfarið. Það hefur ekki tekizt að fullnægja eftirspurninni, og vantar mikið til. Hitt er vitanlega langt frá réttu máli, að ásaka bifreiðaeinkasöluna fyrir það, þótt ekki hafi tekizt að flytja til landsins allar þær bifreiðar, sem menn vildu fá. Þessi skortur hefði gert vart við sig eins fyrir því, þótt einkasalan hefði aldrei verið sett á stofn. Í sambandi við það vil ég vekja athygli á því, sem segir í grg., — og það hefur enginn dregið í efa —, að nú sé illt að ná í bifreiðar og aðrar þær vörur, sem einkasölunni er ætlað að verzla með, og ekki hægt nema með milligöngu þess opinbera. Og þar sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að beita sér fyrir því að fá þessa vöru, virðist það mæla með því, að einkasalan verði endurreist.

Frsm. 3. minni hl. (Jón Pálmason): Hv. þm. V.-Húnv. veik að nokkrum atriðum í fyrri ræðu minni, og skal ég nú minnast á nokkur rök hans. Hann segir, að menn blandi oft saman þessu tvennu, óánægjunni með úthlutunina og einkasölunni sjálfri. Það er rétt, þessu er oft blandað saman. En óánægjan með úthlutunina á að mínum dómi rót sína að rekja til einkasölunnar. Sú óánægja er ekki ný og ekki til orðin í tíð þeirrar stjórnar, er nýlega lét af völdum. Hún hefur verið frá því að einkasalan var stofnuð. Það hefur alltaf verið litið á það sem nokkurs konar náðarbrauð, ef einstaklingar eða stofnanir fengu bifreiðar. Þetta þekktist ekki hér áður, á meðan verzlun með bifreiðar var frjáls. Og svo er það með hverja aðra vöru, sem er í frjálsri verzlun. Það er viss pólitískur flokkur, sem stofnsetti einkasöluna, og frá honum hefur aðalóánægjan komið, síðan úthlutunarn. var kosin. En ég hygg, að það sé sama, hvaða n. eða einstaklingar úthluta bifreiðunum. Það mundi ævinlega verða meiri eða minni óánægja með þær ráðstafanir, þó að einkasala gæti verið góð út af fyrir sig. Varðandi það, að það hafi verið í andstöðu við meiri hl. Alþ., að einkasalan var lögð niður, vegna þess að hér var samþ. þáltill. um úthlutun bifreiða, þá er það engin atkvgr. um það, hvort þessi verzlun skuli starfa eða ekki. Auk þess lít ég svo á, að það sé fjarstæða að ætla að fara að skipa ríkisstj. með þál. að gera það, sem fer í bága við lögin. Í l. er tekið fram, að úthlutun bifreiða heyri undir fjmrh., og því er ekki hægt að breyta með þáltill.

Varðandi það atriði, sem hv. þm. V.-Húnv. var að tala um, að ég hefði ekki fært neinar sönnur á, að hægt væri að reka verzlun með bifreiðar á ódýrari hátt á frjálsum grundvelli en í einkasölu, þá verð ég að segja það, að það liggur í hlutarins eðli. Það eru svo mörg rök, sem að því liggja hvarvetna á sviði viðskiptanna, að það eru meiri líkur til, að vara fáist lágu verði í almennri verzlun heldur en ef hún er í einkasölu.

Hér eru tveir kaupfélagsstjórar, sem eiga hlut að máli: hv. þm. V.-Húnv., frsm. 1. minni hl. fjhn., sem vill láta endurreisa einkasöluna, og hv. 1. þm. Skagf., sem er flm. frv. Það er hægt að minna á, að alltaf þegar á að gera upp á milli þess, hvort það á að vera frjáls verzlun eða einkasala, þá vill svo undarlega til, að ýmsir menn, sem standa að kaupfélögum, vilja heldur einkasölu. Ég hef aldrei getað skilið þetta. Það virðist liggja í hlutarins eðli, að kaupfélögin gætu verzlað með þessa vöru eins og aðrar. Ég efast um, að Kaupfélag Skagf. eða Kaupfélag V.-Húnv. þyrftu að auka rekstrarkostnað sinn, þó að þau seldu 5—10 bifreiðar á ári. Þetta gildir jafnt um kaupfélög og um verzlanir, sem með þetta höfðu að gera, á meðan þetta var í frjálsri verzlun. Þá voru viss kaupfélög, sem höfðu umboð fyrir verksmiðjur og verzlanir með þessar vörur, og ég held það hafi ekki á einn eða neinn hátt verið framför.

Þá er það þetta atriði, sem ég skal víkja örlítið að, sem sé tekjur ríkissjóðs og bæjarsjóða. Það hefur vaxið í sumra augum, hve há upphæð fengist í tekjur af bifreiðaeinkasölunni. Síðan farið var að verzla til muna nú á stríðstímunum með bifreiðar hefur enn fleirum vaxið þetta í augum. En ég er sannfærður um, að frjáls viðskipti hefðu, án þess að bílarnir hefðu orðið dýrari, gefið miklu meiri tekjur heldur en einkasalan hefur gefið.

Viðvíkjandi því, að vöruskortur á þessu sviði sé alls ekki einkasölunni að kenna, þá er það nú atriði, sem hv. þm. V.-Húnv. getur ekkert um sagt. Ég hef mikla ástæðu til þess að ætla, að vöruskorturinn hafi einmitt verið því að kenna, að þær vörur voru teknar í einkasölu, vegna þess að miklu minna var flutt inn af þessum vörum á árunum, eftir að einkasalan var stofnuð, heldur en mundi hafa verið, ef ekki hefði verið gripið til þess ráðs. Það hefur þess vegna verið fjarri því, að þeir menn, sem hafa viljað kaupa bifreiðar í stríðsbyrjun, hafi verið nokkuð verr staddir, þó að einkasalan hefði ekki verið til. Þó að ekki hafi verið hægt að fá fluttar inn bifreiðar, síðan stríðið byrjaði, nema í gegnum einkasöluna, þá er hitt jafnvíst, að fyrir stríð hefðu fengizt fleiri bifreiðar, ef einkasalan hefði ekki verið til.

Það er ekki aðeins fyrir þessar sakir, sem þægilegra hefði verið, að einkasalan hefði ekki verið til, heldur hefði það einnig haft mikla fjárhagslega þýðingu.

Þá er síðasta atriðið í ræðu hv. þm. Hann sagði, að eins og nú væri komið, mundi miklum örðugleikum bundið að fá inn bifreiðar nema með aðstoð ríkisvaldsins.

Þetta er náttúrlega mikið rétt, og það er nú sem stendur miklum vafa undirorpið, hvað við fáum inn af bifreiðum og hvað mikil þörf er á því að bæta við bifreiðum, eins og nú er komið. En þetta er engin sönnun fyrir því, að heppilegra sé að hafa hér einkasölu á þessu sviði. Við vorum einmitt áðan að samþ. það, að öll viðskipti í þessu landi skyldu vera undir eftirliti ríkisstj., og þar með auðvitað bifreiðar sem allt annað. Svo að þeirra hluta vegna er engin nauðsyn á því að fara að endurreisa þessa stofnun, sem yfirleitt hefur verið óvinsæl í landinu. Ég fullyrði, að það hefur verið um það mjög mikil ánægja, þegar fyrrv. fjmrh. lagði niður þessa stofnun.

Þá er það atriði, sem ég vildi síðast víkja að, að jafnvel þó að það yrði ofan á hér á hæstv. Alþ., að einkasalan yrði endurreist, þá vildi ég leggja áherzlu á það, áður en það yrði gert, að lokið yrði reikningsskilum einkasölunnar, sem var, svo að mönnum gæfist kostur á að sjá, hvernig þar er umhorfs.

Ég skal ekki fara frekar út í þetta að sinni, en tel það samt mikilsvert atriði.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Það er sérstaklega eitt í síðari ræðu hv. þm. A.-Húnv., sem ég sé ástæðu til að mótmæla. Hann hélt því fram, að þáltill., sem samþ. var á aukaþinginu í sumar um úthlutun bifreiða, hefði farið í bága við gildandi lög um bifreiðaeinkasöluna, því að samkv. l. heyri einkasalan undir ráðuneytið. Þetta er misskilningur, því að af sjálfsögðu gat Alþ. að gefnu tilefni tekið bifreiðaúthlutunina frá þeim, sem áður hafði hana með höndum, og fengið hana í hendur sérstakri n., án þess að breyta nokkuð l. um rekstur bifreiðaeinkasölunnar. Rekstur þeirrar stofnunar heyrir eftir sem áður undir fjmrn.

Ég held nú, að þessi þáltill., — hvernig hún er orðuð, — taki af allan vafa um þetta, að það hefur verið til þess ætlazt af meiri hl. Alþ., að einkasalan héldi áfram störfum. Ég er raunar viss um, að hv. þm. A.-Húnv. veit það jafn vel og ég, að þessi ráðstöfun, að leggja einkasöluna niður, var gerð móti vilja meiri hl. Alþ. Það stendur hér í 1. málsgr. þessarar þáltill.:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd, er hafi með höndum úthlutun bifreiða þeirra, sem inn eru fluttar af Bifreiðaeinkasölu ríkisins.“

Hv. þm. A.-Húnv. virtist furða sig á því, að kaupfélagsstjórar gætu undir nokkrum kringumstæðum verið með því, að ríkið ræki verzlun með einstaka vörutegund. Mér finnst þetta nú út af fyrir sig ekki gefa neitt tilefni til aths. Ég get vel nefnt það í þessu sambandi, að ég tel, að í sumum tilfellum sé heppilegt, að ríkið reki verzlun, t. d. með vín og tóbak.

Ég tel ekki rétt að leggja niður þessar ríkisverzlanir og á sama hátt tel ég þessa bifreiðaverzlun hafa gefizt þannig, að það sé engin ástæða til að láta hana hætta nú. Ég vil því leggja til, að verzlunin verði endurreist.

Þá er síðast það atriði, sem hv. þm. A.-Húnv. virtist leggja töluverða áherzlu á. Hann heldur því ákveðið fram, að skortur á bifreiðum, sem gert hafi vart við sig að undanförnu, sé einkasölunni að kenna. Þessi hv. þm. vill fullyrða

það, að ef einkasalan hefði ekki verið stofnuð, væri meira til af bifreiðum hér á landi. Nú skal ég ekkert segja um það, hvað mikil vöntun er á bifreiðum, sé miðað við þörf landsmanna. Ég hygg, að hún hafi virzt meiri en hún raunverulega er, og hefði þetta litið öðruvísi út, ef bifreiðunum hefði verið skipt öðruvísi á milli einstaklinga hér. En það vita allir, að það voru mjög takmarkaðar upphæðir í erlendum gjaldeyri, sem við gátum varið til bifreiðakaupa síðustu árin fyrir stríðið. Vitanlega breytir engu í því sambandi, hver flutti þessa vöru inn. Það voru ekkert meiri möguleikar til þess, að hægt hefði verið að auka bifreiðakaupin árin fyrir stríðið, þó að bifreiðarnar hefðu verið fluttar inn af einstaklingum heldur en af einkasölunni.

Fleira held ég, að hafi ekki verið í ræðu hv. þm. A.-Húnv., sem ég sé ástæðu til að gera aths. við.

Fjmrh. (Jakob Möller): Eins og komið hefur fram í ræðu hv. frsm. fjhn., og raunar öllum þm. er kunnugt, var upphaflega til bifreiðaeinkasölunnar stofnað fyrst og fremst með tvennt fyrir augum. Annað var að afla ríkissjóði tekna, eins og það var orðað í grg. Hinn aðaltilgangurinn var að fækka bifreiðategundunum í landinu og stefna að því með einkasölu, að færri tegundir yrðu fluttar til landsins og þar af leiðandi þyrfti að hafa á boðstólum minna af varahlutum, sem til bifreiðanna þyrfti. Það má kannske segja, að það að fækka tegundum bifreiða í landinu horfði til bóta, að því leyti sem það stefndi að því að gera verzlunina ódýrari vegna varahlutanna, og að meiri trygging væri þá fyrir því, að varahlutir fengjust. Hins vegar má segja það með fullum rétti, að ef slík verzlun er rekin einstrengingslega eftir þessari höfuðreglu, getur það leitt til þess, að lakari tegundir haldist í notkun, en betri og nýrri tegundir eigi erfitt uppdráttar. En hins vegar er það um þetta að segja, að einkasölunni hefur ekki tekizt betur í þessum efnum en svo, eftir því sem upplýst er í nál. hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. þm. Rang., að tegundunum hefur ekki fækkað, heldur fjölgað til stórra muna, eða úr 75 árið 1936 í 102 1941 eða um 33%. Það tókst nú ekki betur en svona að ná þessum öðrum höfuðtilgangi einkasölunnar.

Það hefur svo hins vegar ekki komið til, að aðrar bifreiðategundir hafi rutt sér til rúms hér, því að enn þá eru það aðallega sömu tegundirnar, sem hér eru í notkun, eins og var áður en einkasalan var stofnuð.

Svo er hinn höfuðtilgangurinn, tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Flm. hafa gefið skýrslu um það, hvort tekjurnar hafi orðið miklar af einkasölunni, frá því að hún var stofnuð. Ég skil ekki annað en þeim, sem beittu sér fyrir því í upphafi að koma þessari einkasölu á, hafi orðið að því nokkur vonbrigði, hvað tekjurnar urðu litlar. Hagnaður af Bifreiðaeinkasölu ríkisins hefur verið sem hér segir:

	Til ríkissjóðs	Til bæjar- og sýslufélaga
Árið 1935	kr. 4369.58	kr. 1872.67
— 1936	— 51291.33	— 21982.00
— 1937	— 101392.74	— 34033.18
— 1938	— 77498.81	— 18628.13
— 1939	— 117655.33	— 42440.23
— 1940	kr. 125428.47	
— 1941	— 1011227.11	

Þó að reksturinn á árinu 1941 hafi gefið svona miklar tekjur, þá er ekkert á því að byggja fyrir framtíðina, að tekjurnar verði nokkuð í hlutfalli við það, vegna þess að þessar miklu tekjur á því ári eru fyrst og fremst afleiðing af ófriðnum.

Það eru tekjurnar á árunum fyrir stríðið, sem verður að leggja til grundvallar fyrir því, hver gróðavon þetta sé fyrir ríkið og bæjar- og sveitarfélög. Við skulum nú taka það ár, sem hæstar gefur tekjurnar árin fyrir stríðið, en það er árið 1937. Það ár fær ríkissj. kr. 101392.74 og bæjar- og sveitarfélög kr. 34033.18. Nú á það bæjarfélag, sem einkasalan hefur aðsetur í, að fá ⅓ af þessu (þ. e. Reykjavík) eða rúm 11 þús. kr. þetta ár (1937). Ég tel, að hv. frsm. 3. minni hl. fjhn. hafi töluvert fyrir sér í því, að bærinn hefði getað fengið þessar tekjur, þó að ekki hefði verið breytt um rekstraraðferð og salan hefði verið áfram í höndum einstaklinga. Það er fullkomlega rétt, sem hann sagði, að verzlun með bifreiðar veldur ákaflega litlu um rekstrarkostnað fyrirtækisins, hvort sem bifreiðasalan sjálf er höfð með eða ekki. Öðru máli er að gegna með varahlutina, en einkasalan hefur aldrei farið þá braut að taka varahlutina með, enda ekki gert ráð fyrir því í upphafi. Ég tel alveg fullvíst, að því fari fjarri, að Reykjavík hafi grætt nokkuð á því, að einkasalan var lögleidd með bifreiðar. Ég er þess fullviss, að bifreiðasalarnir hafa vegna þessa atvinnurekstrar greitt bæjarsjóði útsvar, sem fullkomlega svarar þessum hluta, sem bærinn fær af bifreiðasölu ríkisins. Hvað halda menn nú, að rekstrarkostnaður bifreiðaeinkasölunnar sé mikill? — Fyrirtæki, sem er stofnað til þess að verzla aðeins með þessa vörutegund, þarf að sjálfsögðu að leigja húsnæði og hafa marga starfsmenn í þjónustu sinni. Mér kæmi ekki á óvart, þó að rekstrarkostnaður einkasölunnar hefði numið allt að því, sem svarar helmingi af ágóðanum þetta ár, eða um 50 þús. kr. Ég staðhæfi, að það sé ekki nokkurt vit í því fyrir ríkið að fara að stofna til einkasölufyrirkomulags með vörutegund, þar sem gróðavonin er ekki meiri en svarar tvöföldum rekstrarkostnaði fyrirtækisins. Og 100 þús. kr. sem tekjuauki fyrir ríkissjóð, — hvaða þýðingu hefur það fyrir ríkisbúskapinn, þegar tekjur ríkisins á því ári, sem hér er um að ræða, eru frá 17—20 millj. kr.? Svo á ríkið að fara að „slá sér upp“ og lögleiða einkasölu til þess að hækka tekjur sínar um 100 þús. kr. með því móti að leggja svo og svo mikið í kostnað til að afla þeirra. Áhætta nokkur verður að sjálfsögðu samfara svona rekstri, og því síður getur það verið nokkur búhnykkur fyrir ríkið að leggja út í slíkt fyrirtæki.

Af því að ég geri ráð fyrir, að hv. frsm. 1. minni hl. leggi töluvert upp úr því, hvað önnur

sveitarfélög heldur en aðsetursstaður einkasölunnar hafi upp úr krafsinu, þá vil ég aðeins drepa á það. Ef Rvík fær rúm 11 þús. kr., þá er eftir 23 þús., sem eiga að skiptast á milli allra bæjar- og sýslufélaga á landinu. Þetta verður að meðaltali nálægt 1 þús. kr. fyrir hvert bæjar- og sýslufélag. Ég held, að það verði ekki ákaflega mikið harmað af þessum sveitarfélögum, þó að þau væru svipt þessum tekjum. Nú, það er þannig alveg augljóst, ef litið er á þann höfuðtilgang, sem vakti fyrir ríkisstj., þegar einkasalan var stofnuð, þá fer því ákaflega fjarri, að honum hafi verið náð, og raunverulega er miklu fremur sýnt, að það var með það fyrir augum, sem fyrir ríkisstj. vakti, fullkomið óráð að leggja út í einkasölu á bifreiðum.

Ég sé, að lokið er venjulegum fundartíma, og ég á töluvert eftir. Ef forseti vill fresta umr. um málið, vil ég fresta ræðu minni. [Frh.]

Forseti (JJós): Það er nú komið að lokum venjulegs fundartíma, og hv. þm. hefur tilkynnt, að hann hafi ekki lokið ræðu sinni, og annar þm. hefur kvatt sér hljóðs, svo að umr. verður frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 31., 32. og 33. fundi í Nd., 13., 14. og 15. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 16. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Jakob Möller [frh.]: Ég hætti í miðri ræðu, þegar þetta mál var síðast til umr.

Ég hafði í þeim hluta ræðu minnar, sem búinn var, reynt að leiða rök að því, að þessi einkasala hefði ekki náð þeim tilgangi, sem upphaflega var gert ráð fyrir, að hún næði, sem sé að verða tekjustofn fyrir ríkissjóð, sem nokkuð munaði um, og sömuleiðis að gera þau viðskipti, sem þar um ræðir, hagkvæm landsmönnum.

Samkv. þeim upplýsingum í grg. frv., sem hér liggja fyrir, þá urðu tekjur ríkissjóðs af þessari einkasölu fyrir stríð mestar kr. 101000.00, og er þá frátekið það, sem samkv. l. á að renna til bæjarfélaga og sýslufélaga, sem er 30% af ágóða einkasölunnar. Ég tel ekki nokkurn vafa á því, að þeir menn, sem börðust fyrir þessu máli upphaflega hér á þingi, hafi gert ráð fyrir miklu verulegri tekjum af þessari verzlun, bæði fyrir ríkissjóð og bæjar- og sýslufélög. Enda liggur í augum uppi, að slíkur rekstur er það dýr, að það er hæpið, að það borgi sig fyrir almenning að hafa einkarekstur á svona vöru, ef tekjurnar geta ekki orðið meiri, og hætt við því, að þá verði stefnt meira að því að selja vörurnar dýrara verði en hentar þeim, sem eiga að nota þær.

Hvað hitt snertir, að reksturinn sé hagkvæmum almenningi, þá er alveg sama máli að gegna. Það var sérstaklega talað um það, að tegundir bifreiða, sem fluttar voru til landsins, væru óhæfilega margar, sérstaklega vegna þess, að þegar þyrfti að liggja með varahluti fyrir þær allar, væri reksturinn svo dýr. En um þetta má segja, að tekizt hafi jafnvel enn þá miður til. Því fer svo fjarri, að tegundunum hafi fækkað. Þeim hefur aftur á móti fjölgað allverulega, eða um 33% á þessum árum, sem einkasalan hefur starfað.

Þetta er um liðna tímann, og það mætti náttúrlega halda því fram, að þó að reynslan sé þessi frá umliðnum árum, kunni annað að verða í framtíðinni, og náttúrlega, ef athugaður er sá tiltölulega mikli gróði, sem varð á einkasölunni á árinu 1941 og sennilega kemur til með að verða á árinu 1942, þá má segja, að það horfi öðruvísi við. Árið 1941 var hagnaður einkasölunnar samkv. reikningi hennar og samkv. þeim upplýsingum, sem hér eru í grg. frv., rúml. 1000000 kr. Ef allt fer sæmilega um reikningslok fyrir árið 1942, þá er gert ráð fyrir, að ágóði einkasölunnar á því ári verði sízt minni. En að sjálfsögðu er ekki unnt að byggja á afkomu einkasölunnar á þessum tveim árum, og veik ég að því í upphafi ræðu minnar. Það er bæði vegna þess, að það er hærra verð á bifreiðum og flutningsgjöld og kostnaður allur hefur hækkað og ágóðahluti einkasölunnar því meiri, þar sem innflutningurinn er meiri að krónutölu, og svo kemur hitt líka til greina, að það er áætlað og nokkurn veginn víst, að á þessu nýbyrjaða ári muni svo sem enginn innflutningur eiga sér stað á bifreiðum. Það eru komin gögn fyrir því, að frekari innflutningur en nú er orðinn að meðtöldum þeim fólksbifreiðum, sem einkasalan mun eiga í Ameríku, muni alls ekki fást. Það er þannig tekið til orða í skeyti, sem hefur borizt, að það sé litið svo á, að innflutningur til Íslands á bifreinðum sé orðinn svo mikill, að þörfum landsins verði að álítast fullnægt. Enda er enginn vafi á, að svo er. Það var geysimikil eftirspurn eftir bifreiðum, á meðan setuliðsvinnan var og mikill tekjuvegur var að því að eiga bifreið. Þá var auðvelt að fá bifreiðar frá Ameríku, því að meðal valdhafanna þar var litið svo á, að innflutningur á bifreiðum væri í þeirra þarfir, því að þeir þurftu að láta gera hér miklar framkvæmdir, sem óhjákvæmilegt var að nota bifreiðar við og ómögulegt var að framkvæma, ef þeir hefðu ekki leyft innflutninginn, eins og farið var fram á. Nú er það hins vegar kunnugt, að þessar framkvæmdir hafa dregizt stórkostlega saman. Vinna landsmanna, bæði með bifreiðar og án þeirra, hefur minnkað mjög og er þegar orðin tiltölulega lítil í samanburði við það, sem áður var. Hins vegar er kominn til landsins miklu meiri fjöldi bifreiða, bæði flutninga og fólks, heldur en landsmenn sjálfir hafa not fyrir á venjulegum tímum, og það má gera ráð fyrir því, að í stað þess, að að undanförnu hefur verið óþrjótandi eftirspurn eftir bifreiðum, bæði fyrir mannflutninga og vöruflutninga, þá verði nú engin sala í þessari vörutegund, af þeirri ástæðu einni, að augljóst er, að jafnvel þótt innflutningur væri frjáls, þótt innflutningsleyfi fengist, verður eftirspurnin engin, og má þar af leiðandi gera ráð fyrir, að næsta ár verði bifreiðasala engin eða sama sem engin í landinu. Ég hygg, að þetta geti allir orðið sammála um og að það muni geta liðið nokkur ár þannig, að þörfin fyrir innflutinng á bifreiðum verði örlítil. Nú er bifreiðaeinkasalan hins vegar orðin allmikið bákn og orðin dýr í rekstri.

Það má því ekki aðeins gera ráð fyrir, að hún verði tekjuminni, heldur að hún hætti að geta borið sig. Að vísu eru ýmsar vörutegundir og aðallega hjólbarðar, sem gera verður ráð fyrir innflutningi áfram á, en það er í rauninni hæpið að byggja á því, að um nokkrar tekjur geti orðið að ræða, sem um munar, af þessum rekstri. Mér virðist þess vegna alveg augljóst, að það er einmitt nú rétt og hagkvæmt fyrir ríkissjóð að leggja niður þessa einkasölu. Ég hef nú að vísu verið mótfallinn einkasölu á bifreiðum eins og flestum öðrum nauðsynlegum vörutegundum frá upphafi, svo að það er ekkert undarlegt, þó að ég sé á þeirri skoðun nú og því fylgjandi, að hún verði lögð niður, en rökin fyrir því eru þau, að verzlun með þessa vöru verði óhagkvæmari landsmönnum í einkasölu en í frjálsum viðskiptum, og þegar um nauðsynjavöru er að ræða, sé rangt að taka upp einkasölu einmitt frá því sjónarmiði, vegna þess að það er dýrara fyrir notendur en ef um frjáls viðskipti væri að ræða. Því hefur frá upphafi verið haldið fram, sérstaklega um bifreiðaverzlun, að það liggi nokkurn veginn í augum uppi, að ef innflutningur bifreiða er tekinn af einstökum kaupmönnum, eins og var, ásamt annarri innflutningsverzlun, verði kostnaður við verzlunarreksturinn ekki í neinu hlutfalli við það, sem verður hjá fyrirtækjum, sem eingöngu verzla með þessa vörutegund. Kostnaðaraukinn við það að bæta við sig þessari vörutegund verður svo hverfandi lítill, samanborið við hina aðferðina, að reka þessa verzlun sem sérstakt fyrirtæki. Hins vegar verður ekki um það deilt, að bifreiðar séu nauðsynjavara, og hér á landi eru þær það náttúrlega miklu frekar en í nokkru öðru landi. Það stafar af því, hvernig flutningsmöguleikum okkar er háttað. Í öðrum löndum eru vöruflutningar — og raunar mannflutningar líka — um löndin aðallega framkvæmdir með járnbrautum, og notkun bifreiða kemur þar aðeins til greina í samkeppni við þau flutningatæki, og dýrleiki flutninganna takmarkast af því, hve járnbrautarflutningar eru dýrir. Hér á landi er hins vegar, eins og kunnugt er, ekki um neinar járnbrautir að ræða. Allir nauðsynlegir flutningar um landið eiga sér nú stað og hljóta í framtíðinni að eiga sér stað — aðallega með bifreiðum, og því ódýrari sem bifreiðaverzlunin er, því betur er í haginn búið fyrir þessa nauðsynlegu starfsemi, og ég held því fram, að rangt sé, að ríkið geri sér þessa verzlun að féþúfu og byggi tekjustofna sína á því að selja þessa vöru, sem ræður svo og svo miklu um það, hvernig afkoma manna í landinu verður. Það má gera ráð fyrir því, að menn haldi því fram, að möguleikarnir fyrir því að halda niðri verði á bifreiðum, hvort sem þær eru taldar nauðsynlegar eða ónauðsynlegar, séu meiri í einkasölunni en einkarekstri. Þá liggur nærri að spyrja, hvers vegna ekki sé tekin upp einkasala á nauðsynjavörum. Hví er ekki tekin upp einkasala á kornvöru, fatnaði og landbúnaðarvörum? Það er ekki gert. Það eru fleiri en við, sem álíta það óhagkvæmt að selja nauðsynjavörur í einkasölu, og þá gildir sjálfsagt alveg það sama um þessa vöru eins og aðra, nema ég ætla að fullyrða, að það gildi í enn þá ríkara mæli um þessa vöru en aðrar, því að einkasölurekstrinn verður dýrari við þessa vöru, vegna þess að einkasölunni er ekki ætlað að hafa fleiri vörur með til þess að standa að nokkru leyti undir rekstrarkostnaðinum. Mér finnst, að fylgismenn einkasölunnar ættu að hafa sannfært sig um það á þessum árum, sem liðin eru, að einkasalan hefur reynzt óhentug, og þess vegna geta fallizt á að leggja hana niður, og ekki sízt fyrir þá sök, að nú, þegar þersýnilegt er, að innflutningur á bifreiðum verður næsta lítill, er einmitt tíminn til þess að leggja hana niður.

Það hefur verið blandað inn í umræðurnar um þetta mál nokkuð óskyldu efni, þegar talað hefur verið um þá óánægju, sem úthlutun bifreiða hefur valdið. Ég álít óþarft að blanda þessu inn í umr. Það er ekkert undarlegt, að óánægja hefur verið með úthlutun bifreiða, vegna þess að þegar þörfin vex og gróðavonin, þá er eðlilegt, að óánægjan verði almennari en annars, þegar gróðavonin er minni.

Ég kæri mig svo ekki um í rauninni að vera að teygja tímann með lengri ræðu um málið. Þó er kannske rétt í sambandi við það, sem fram kom við 1. umr. málsins, þar sem því var haldið fram, að ráðuneytinu hafi ekki verið leyfilegt að leggja niður einkasöluna, að segja það, að ég held því fram, að þar sem hér var eingöngu um heimild að ræða, hafi verið leyfilegt eins og með aðrar einkasölur að leggja hana niður, og ég leit svo á, að þótt á sumarþinginu væri samþ. ályktun um, hvernig haga skyldi úthlutun bifreiða, segði sú ályktun ekkert um það, að einkasölunni skyldi haldið áfram. Það var aðeins ákvörðun um það, hvernig úthlutuninni skyldi hagað, meðan einkasalan væri rekin. Að sjálfsögðu hefði þinginu borið, eins og á stóð, þegar vitað var, að ríkisstj. var skipuð mönnum, sem höfðu yfirlýst andstöðu sinni við allan einkasölurekstur á öllum vörum, að setja í lögin, að einkasala skyldi vera á þessari vöru til þess að tryggja, að svo yrði. Þetta hefði þingið átt að gera, ef það hefði litið á málið í samræmi við þær staðhæfingar, sem um það hafa verið gerðar. Og staðhæfi ég, að ekkert hefur verið gert, sem hafi valdið óþægindum í sambandi við áframhaldandi rekstur. — Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vill ekki fresta atkvgr., ef umr. skyldi ljúka með þessu, því að hér er um veigamikið mál að ræða, en hv. d. hvergi nærri fullskipuð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Nd., 18. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:11 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 17:8 atkv.
Brtt. 138 tekin aftur til 3. umr.
7.—10. gr. samþ. með 16:9 atkv.
11.—14. gr. samþ. með 16:9 atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:10 atkv.

Á 38., 39., 40., 41. og 42. fundi í Nd., 20., 21., 22., 25. og 26. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 27. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 41, 138, 248, 276).

Frsm. 3. minni hl. (Jón Pálmason): Samkv. þeirri atkvgr., sem fram fór um þetta mál við 2. umr., lítur út fyrir, að þeir þm., sem vilja hafa einkasölufyrirkomulag á þessu sviði, séu ráðnir í að láta þetta frv. ganga fram, og það virtist svo, að þeir hefðu öruggan meiri hl. í d. við 2. umr. En það hefur ekkert komið fram, sem sannar það, jafnvel ekkert, sem kemur með líkur fyrir því, að það sé nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að endurreisa þetta fyrirtæki. Ég hef sýnt fram á það í þessum umr., að öll þau atriði, sem færð voru fram fyrir einkasölunni í byrjun, hafa brugðizt, reynslan hefur sýnt annað og það hefur farið á annan veg en formælendur þess gerðu upphaflega ráð fyrir. Ég hef sýnt fram á, að skortur hefur verið á þessari vöru á tímabili og af hvaða ástæðum það er. Ég hef sýnt fram á, að í staðinn fyrir það, að tegundunum átti að fækka, hefur þeim fjölgað, og skortur hefur verið á nauðsynlegum varahlutum. Ég hef sýnt fram á, að engar líkur eru fyrir, að verðið hafi verið lægra en verið hefði í frjálsri verzlun. Ég hef leitt rök að því, að hægt hefði verið með frjálsri verzlun að fá meiri tekjur í ríkissjóð og bæjarsjóði en með einkasölufyrirkomulagi. Til viðbótar við þetta skal ég benda á, að ef þessi verzlun hefði verið í höndum einstaklinga árið, sem einkasalan græddi mest, árið 1941, þegar hún græddi 1 millj. kr., og þeir hefðu grætt jafnmikla upphæð og komizt yfir kr. 200 þús. í tekjur, þá hefðu þeir samkv. skattal. orðið að greiða í skatt 90% og aðeins haft eftir 10%. Út í þetta skal ég ekki fara meira. Það þýðir sennilega ekki að rekja þá sögu, ef það er ákveðið, eins og lítur út fyrir, að málið eigi að ganga fram, en vil aðeins segja nokkur orð um þá brtt., sem við hv. 2. þm. Rang. höfum borið fram við frv. á þskj. 248. Þessi brtt. er um að breyta bráðabirgðaákvæðunum, sem fylgja þessu frv. Það er gert ráð fyrir því, að strax og l. hafa verið samþ., hætti skilanefnd gömlu einkasölunnar störfum, en einkasalan taki við öllu, án þess að lokið hafi verið þeim reikningsskilum, sem hér er um að ræða. Í brtt. er aftur á móti farið fram á, að skilanefnd ljúki störfum og gangi frá reikningum og fjárreiðum fyrirtækisins og einkasalan taki við vörubirgðum þeim, sem sú gamla átti, og þeim áhöldum, sem hún þarf með. Mér er kunnugt um, að hin mesta óreiða hefur verið á bókhaldi þessa fyrirtækis, og hafa margir menn starfað margar vikur að því að fá því komið í lag, og er því ekki lokið enn þá. Ég tel sjálfsagt, ef á að endurreisa þetta fyrirtæki, að skilanefnd fái að ljúka störfum og gera búið upp. Ég held, að það væri hollt, að settar væru við og við rannsóknarnefndir á sum önnur ríkisfyrirtæki til að gera upp, hvernig þar er umhorfs.

Að öðru leyti held ég, að ekki sé þörf á að fara um brtt. fleiri orðum, en vænti, að hv. þm., jafnvel þeir, sem vilja endurreisa þetta fyrirtæki, sem er meiri hl., að því er virðist, geti samþykkt, að lokið sé reikningsskilum gamla fyrirtækisins, áður en það nýja tekur við.

Varðandi brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 138 tók ég það fram við 2. umr., að um þessa brtt. vildi ég ekki ræða neitt þá, vegna þess að ég væri því andvígur, að þetta frv. gengi fram. En þegar það kemur í ljós, að frv. á að ganga fram, ber að taka til athugunar þær brtt., sem fyrir liggja, og um þessa brtt. verð ég að segja það, að ég get ekki gengið inn á hana, af því að ég tel, að hún sé ekki sanngjörn. Hún miðar að því, að það séu einungis bílstjórafélög hér í Reykjavík, sem fái fulltrúa í þeirri væntanlegu úthlutunarnefnd bifreiða, en aðrir bifreiðastjórar í landinu komi þar ekki nálægt. Í fyrsta lagi er mikill vafi á því, ef á að hafa ríkisskipaða úthlutunarnefnd, hvort þar eigi að vera fulltrúar frá bifreiðastjórafélögum, hvort sem er í Rvík eða annars staðar. En það væri þó sönnu nær, ef til væri allsherjarfélag bifreiðarstjóra, að það fengi fulltrúa í nefndinni, en mér er ekki kunnugt, að það sé til. Ég tel, að það skipti meira máli í þessu sambandi, að settar séu fastar reglur um, eftir hvaða kerfi skuli fara, þegar bifreiðum er úthlutað, sem líklega kemur ekki mikið til á næstunni, vegna þess að ekki eru líkur til, hvort sem einkasalan verður endurreist eða ekki, að hægt verði að fá mikið af bifreiðum til landsins, enda vafamál, hvort á því er þörf, eins og sakir standa.

Ég get svo látið þetta nægja, en vænti, að a. m. k. verði brtt. okkar hv. 2. þm. Rang. samþ.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég minnist þess frá 2. umr. þessa máls, að eitt af því, sem hv. þm. A.-Húnv. hélt þá fram til stuðnings þeirri skoðun sinni, að ekki væri rétt að samþ. þetta frv., var það, hversu mikill kostnaðurinn hefði verið við einkasöluna og mundi verða. Hv. þm. taldi sennilegt, að verzlunarkostnaðurinn á þessari vöru, sem einkasölunni er ætlað að verzla með, mundi verða minni í frjálsri verzlun, ef mörg einstök verzlunarfyrirtæki og einstaklingar hefðu þessa verzlun með höndum. Hann færði engin rök fyrir því, að svo mundi verða, enda held ég, að erfitt sé að færa fram rök fyrir því, að verzlunarkostnaður verði minni, ef margir hafa þessa sölu með höndum, en það munu allir sammála um, að æskilegt sé, að kostnaðurinn verði sem minnstur, hvort sem verzlunin er í höndum ríkisins eða annarra. Þess vegna er einkennilegt að sjá hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. þm. Rang. flytja brtt. um, að skilanefnd bifreiðaeinkasölunnar skuli starfa áfram, þó að þetta frv. yrði samþ., því að það sér hver maður, að kostnaðurinn verður meiri, ef þannig starfa tvær stjórnir samtímis við sama fyrirtækið, hver veit hvað lengi. Ég tel því fráleitt, ef menn vilja hafa kostaðinn sem minnstan, að samþ. þessa brtt.

Hv. þm. A.-Húnv. segir, að reikningshaldið hjá þessu fyrirtæki hafi ekki verið í svo góðu lagi sem skyldi. Vitanlega ætti að vera hægt fyrir hann, sem er yfirskoðunarmaður landsreikninganna, að koma á framfæri á réttum stöðum aths.

um það atriði. Það er vitanlegt, að ef þetta hefur við eitthvað að styðjast, þá eru nóg ráð til að skipa því í rétt horf á annan hátt en að hafa tvær stjórnir starfandi við fyrirtækið um ófyrirsjáanlegan tíma.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það hafa þegar orðið allmiklar umr. um þetta mál, enda er að því komið, að það fari úr d. eða verði fellt. Ég hefði nú haldið, að það næði ekki fram að ganga, því að jafnvel þm., sem í eðli sínu eru fylgjandi einkasölufyrirkomulagi, eru ekki fylgjandi því, að bifreiðaeinkasalan haldi áfram, eins og nú standa sakir. Það er öllum vitanlegt, að á næstunni verða ekki fluttar inn bifreiðar, svo að neinu nemi. Hvers vegna vilja þá sumir þm. halda einkasölunni áfram? Er það til þess að geta haldið því fólki, sem þar hefur starfað, á fullum launum hjá ríkissjóði, þó að ekki sé verkefni til fyrir það? Ég vil ekki gera svo lítið úr því fólki að ætla, að það geti ekki fengið sér atvinnu annars staðar.

Hv. þm. V.-Húnv. reyndi að andæfa till. okkar þm. A.-Húnv. Hún er um það, að skilanefnd megi starfa, meðan reikningsskil fara fram, svo að það komi skýrt í ljós, hvernig einkasalan hefur verið rekin. Ég get ekki ímyndað mér, ef allt er í lagi hjá fyrirtækinu, að það taki svo langan tíma að koma reikningunum í lag. Það ætti hv. þm. V.-Húnv. að vita. Það verður að ætlast til, að fyrirtæki, sem hefur jafnmikla umsetningu og bifreiðaeinkasalan hafði, hafi bókhald sitt í *sæmilegu lagi*.

Ég vil nota orð eins hv. þm. hér og segja, að mér þykir gaman að sjá, hvaða þm. það verða, sem greiða atkv. með því, að bifreiðaeinkasala verði stofnsett, vitandi það, að fyrirtækið mundi ekki á næstu mánuðum fá neitt verulegt af vörum til að verzla með. Er það í gustukaskyni við það fólk, sem vann hjá einkasölunni? Ég álít, að margt af því sé svo verkfært fólk, að það geti séð fyrir sér, þó að ríkið fæði það ekki og klæði án þess að fá því nægilegt verkefni.

Um brtt. hv. þm. N.-Þ. vil ég segja það, að hún er alveg fráleit, sérstaklega af því, að hún kemur frá þm. sveitakjördæmis. Þar er farið fram á það að gefa bifreiðarstjórafélögum hér í bæ tækifæri til að tilnefna mann í úthlutunarn. Með því að gefa þeim of mikil áhrif er verið að vinna að því, að dreifbýlið verði afskipt um úthlutun bifreiða, enda er það sízt í Rvík, sem vantar bifreiðar. Það er úti um landið, sem vantar bifreiðar, einkum vörubifreiðar. Það eru fyrirtæki, sem liggja langt frá höfnum og þurfa að flytja afurðir bænda langa vegu, sem nú verða að sitja fyrir. Hjá þeim slitna bílarnir mest og endast stytzt. En ég er vantrúaður á, að stéttarfélög bifreiðarstjóra í Rvík hafi þann rétta skilning á þessu, og því er ég andvígur brtt. hv. þm. N.-Þ.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt miklu meira. Bifreiðaeinkasala er ekki til neins sóma né gagns, og ekki heldur til tekjuauka fyrir ríkissjóð. Fskj. með frv. ber það með sér, að ekki er um stórar tekjur að ræða fyrir ríkissjóð, enda vil ég benda á, að það er undirstaða allrar verzlunar, að innkaupin séu góð. Nú fer orð af því, að innkaupin hjá bifreiðaeinkasölunni hafi ekki verið hagstæð. Þegar keyptar eru hundrað bifreiðar í einu, skyldi maður ætla, að hægt væri að ná betri kjörum en fyrir einstaka bifreið. Samt þekki ég dæmi þess, að maður, sem keypti sér bifreið í Ameríku, fékk hana fyrir lægra verð en ef hann hefði keypt hana hjá einkasölunni með tollum, fragt og hæfilegu gjaldi til einkasölunnar. Þetta sannar, að Bifreiðaeinkasalan hefur ekki náð hagkvæmum kaupum, og hefur því ekki leyst þá skyldu, sem hverju verzlunarfyrirtæki ber að inna af hendi. Með frjálsri sölu á bifreiðum hefði mátt ná meiri tekjum í ríkissjóð, um leið og einstaklingum var gefinn möguleiki til þess að fá ódýrari vöru.

Einkasalan hefur líka brugðizt því hlutverki sínu að fækka bifreiðategundum. Það voru 75 tegundir í landinu, þegar hún var sett á stofn, en eru nú 102. En það er alkunna, að aðalrök þeirra, sem *mæltu* með *stofnun einkasölunnar*, voru, að tegundunum mundi fækka og hægara yrði að fá varahluti.

Nú munu umr. líklega fara að styttast, og mun alþjóð því fá að sjá, hverjir það eru, sem vilja halda áfram að hafa starfsfólk einkasölunnar á fullum launum hjá ríkinu, þótt ekkert verkefni sé fyrir það.

Frsm. 3. minni hl. (Jón Pálmason): Hv. frsm. 1. minni hl. fjhn., þm. V.-Húnv., veik að því, sem rétt er, að ég benti á, að kostnaður mundi minni með frjálsri sölu en einkasölu, en hann vildi halda því fram, að rök *mín* væru *engin*, og vil ég því endurtaka sumt af því, sem ég sagði við 2. umr. Ég get ekki séð, að þó að stórar verzlanir, sem verzla með mikinn fjölda vörutegunda, bættu við nokkrum bílum, mundi það þurfa að auka verzlunarkostnaðinn. Því gerði ég þá fyrirspurn til þeirra tveggja kaupfélagsstjóra, sem láta sér annt um þetta mál, hvort þeir vildu halda því fram, að Kaupfélag Skagf. og Kaupfélag V.-Húnv. þyrftu að *bæta* við *sig mönnum*, þó að þau seldu 5—10 bíla á ári. Það er ekki hægt að svara þessu nema á einn veg.

Það er rangt, að með brtt. okkar hv. 2. þm. Rang. um skilanefnd verði aukinn kostnaður. Við viljum bara hrein reikningsskil. Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að ég sem endurskoðandi landsreikninganna hefði aðstöðu til að fara aðra leið, ef um óreiðu væri að ræða. Um það er það að segja, að ég hef árum saman gert aths. um ýmislegt í rekstri ríkisfyrirtækja, en meiri hl. Alþ. hefur ekki tekið þær til greina. Eitt höfuðeinkenni er, að ár eftir ár hafa verið færðar upphæðir sem sjóðseign um áramót, án þess að sjóðseignir væru til. Um aðstöðu yfirskoðunarmanna má líka benda á, að ríkisreikningurinn fyrir 1940 var fyrst tilbúinn 7. maí 1942 og er ekki afgreiddur enn. Þetta hefur verið svo langt á eftir tímanum, og bilið hefur aukizt. Þess vegna er það þess virði, að notað sé tækifærið til að fá hreint uppgjör á einu af þessum fyrirtækjum, úr því að skilan. er sett og er meira virði, að hún ljúki störfum en að haldið sé á launum hópi starfsfólks, sem ekkert verkefni hefur.

Það, sem hv. 2. þm. Rang. benti á um innkaupin, er sláandi dæmi þess, hvað það er mikil

vitleysa að láta ríkið vera að vasast í svona verzlun. Eftir upplýsingum fróðra manna er ástæða til að ætla, að bifreiðaeinkasalan hafi keypt bifreiðar í Ameríku fyrir útsöluverð þar. Og t. d. um ástandið hjá þessu fyrirtæki má nefna, að nú liggja fyrir nokkur hundruð bíladekk, sem passa ekki á neinar þær tegundir, sem hér eru notaðar, en hins vegar vantar dekk fyrir þær tegundir, sem við notum. til þess að reyna að bjarga þessu við, er í ráði að breyta felgunum á sumum bílunum.

Hvað sem öðru líður, vænti ég, að það komi varla til, að brtt. okkar hv. 2. þm. Rang. um, að skilan. ljúki uppgjöri, verði felld.

Gísli Guðmundsson: Ég veitti því athygli áðan, að hv. 2. þm. Rang. vísaði í brtt. mína á þskj. 276. Ég hafði ekki hugsað, að þörf væri á, að ég mælti sérstaklega fyrir henni, en lýsing hv. þm. á till. var ekki með þeim hætti, sem ég hefði kosið, svo að ég vil gera grein fyrir henni.

Eins og hv. þm. mega sjá á þskj. 276, er lagt til, að bifreiðarstjórafélagið Hreyfill tilnefni einn fulltrúa í úthlutunarn., en stéttarfélag vörubílstjóra varafulltrúa. Ef bifreiðarstjórar eiga að hafa eitthvað um úthlutunina að segja, virðist það eiga að vera bifreiðarstjórar í landinu yfirleitt. Þess vegna tilnefndi ég landssamband bifreiðarstjóra, sem er enn ekki til.

Hv. 2. þm. Rang. sagði um brtt. mína, að hún væri alveg fráleit, og fann hann þeim orðum stað með þeim hætti, að hagsmunum Rvíkur mundi gert of hátt undir höfði. Tók hann það fram í því sambandi, að þörfin úti um land á bifreiðum væri sízt minni en hér. Það þarf ekki að segja mér neitt um það; *ég veit*, að þörfin er mjög mikil, en ég ætla, að það þurfi ekki að verða til þess að draga bifreiðarnar hingað til Rvíkur sérstaklega, þó að í n. væri einn fulltrúi af fimm frá stéttarfélagi bifreiðarstjóra hér, ekki sízt, ef hann ætti það yfir höfði sér, að landssamband bifreiðarstjóra yrði stofnað, ef hann rækti ekki skyldur sínar af alúð.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. þm. A.-Húnv. vakti athygli á í ræðu sinni áðan, að meiri dráttur er á að ganga frá ríkisreikningunum en æskilegt væri. Hv. þm. minnti á það, sem rétt er, að ekki er enn búið að afgreiða ríkisreikningana frá 1940. Það er afleitt, að þetta skuli dragast svo lengi, og þyrfti að stefna að því að færa það í betra horf, en ég þykist þess fullviss, að það, hvort frv. um bifreiðaeinkasölu verður samþ. eða ekki, mun engin áhrif hafa í því efni. Það er eitthvað annað, sem hefur tafið fyrir, en að reikningar bifreiðaeinkasölunnar væru ekki nógu snemma tilbúnir.

Hv. þm. A.-Húnv. mótmælti því, að kostnaðarauka leiddi af brtt. hans og hv. 2. þm. Rang., en það er þó víst ekki ætlun þeirra, að skilan. starfi kauplaust? Ég get ekki fallizt á, að nauðsynlegt sé að hafa skilanefnd til að komast að því, hvernig einkasalan hafi verið rekin. Það er tryggt, að allir geta kynnt sér rekstrarafkomu þessa fyrirtækis. Alþ. hefur valið þrjá menn til þess að endurskoða ríkisreikningana og þar með allan rekstur ríkisfyrirtækjanna, hvors fyrir sig. Þessir menn eiga að gera athugasemdir við það, sem þeir álíta athugavert, og líta eftir því, hvort allt sé í lagi með reksturinn. Ég hef athugað ríkisreikninginn frá árinu 1939, sem er síðasti reikningur, sem Alþ. hefur samþ. Þar eru birtar aths. yfirskoðunarmanna og svör ríkisstj. við þeim og svo till. til úrbóta. Það eru meðal annars tvær aths. varðandi bifreiðaeinkasöluna og svör ríkisstj. við þeim. Að svörunum athuguðum höfðu svo yfirskoðunarmennirnir ekki annað að segja en að þeir teldu málið upplýst með svarinu. Þeir höfðu sem sagt fengið fullnægjandi svör frá ríkisstj. og töldu enga þörf frekari aths. *Nú segir hv. þm. A.-Húnv., að í rekstri bifreiðaeinkasölunnar hafi ríkt mikil óreiða*, sem þurfi nauðsynlega að fá hreint uppgjör á. Samkv. því, sem ég benti á í ríkisreikningnum frá 1939, hlýtur óreiðan að vera til komin eftir þann tíma, eða á því tímabili, sem einkasalan var undir yfirstjórn ráðh. úr flokki hv. þm. A.-Húnv. Annars gera yfirskoðunarmenn væntanlega aths. við þessa óreiðu, ef einhver er, enda er það skylda þeirra að kynna sér þetta ýtarlega og gera aths. við það. Ég álít, að það séu nægilegir möguleikar til þess að gera þetta, þótt ekki séu hafðar tvær stjórnir við þetta fyrirtæki. Annars koma væntanlega von bráðar fram aths. yfirskoðunarmanna við ríkisreikninginn fyrir árið 1940, og gefst þá vafalaust tækifæri til þess að kynnast þessu nánar.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Ég á hér eina brtt. varðandi n. þá, sem á að hafa úthlutun bifreiða frá einkasölunni með höndum. *Það hafa einkum komið fram mótbárur gegn* því að veita Hreyfli rétt til að hafa hönd í bagga um úthlutunina. Hv. 2. þm. Rang. taldi, að of mikið af innfluttum bílum færi til Rvíkur, og sagði, að mikil brögð væru að því, að bílar stæðu hér meðfram gangstéttum í löngum röðum. Ég vil aðeins benda á, að það eru ekki bílar atvinnubílstjóra, sem standa þannig, heldur eru það bílar privatmanna, sem hafa fengið þá úthlutaða sér vegna kunningsskapar við viðkomandi ráðh., á sama tíma sem bílstjórar hafa verið í vandræðum með að fá bíla. Þeir bílar, sem bílstjórar hér hafa svo fengið, hafa margir verið seldir þeim dýrum dómum af ýmsum privatmönnum, sem hafa haft góða aðstöðu til þess að ná sér í bíla. Bílstjórar hér hafa líka vakið máls á því, að brýna nauðsyn bæri til að bæta úr þessum vandræðum, og krafizt þess, að hér yrðu gerðar breytingar á. Hreyfill hefur einnig krafizt þess að fá að ráða nokkru um úthlutunina, og það er réttmætt. Bílstjórar úti um land *hefðu fyrir löngu átt að vera búnir að* beita sér fyrir stofnun landssambands bílstjóra. En það er svo, að félögin hér í Rvík hafa staðið því nær ein í baráttunni fyrir hagsmunum stéttarinnar, og er því rétt, að það séu þau, sem hafa hönd í bagga um úthlutunina, á meðan bílstjórar úti um land reynast ekki svo duglegir, að þeir skapi landssamtök bílstjóra. En það er ekki nema sjálfsagt, að slík samtök fengju úthlutunarréttinn, jafnskjótt og þau kæmust á, og mætti þá breyta lögunum samkv. því. Ég er

líka viss um, að ef hv. 2. þm. Rang. vildi beita sér fyrir stofnun slíks sambands, þá mundi ekki standa á bílstjórum hér í Rvík að veita því máli fylgi sitt. Það er nauðsynlegt, að samtök bílstjóra hafi sín áhrif á úthlutunina, og eftir kynnum mínum af bílstjórum hér treysti ég þeim vel til þess að reynast ekki hlutdrægir í þessu máli og tel enga hættu á, að þeir muni berjast einhliða fyrir sínum hagsmunum.

Ég skal ekkert segja um það almennt, hvort of mikið af bílum fari til Rvíkur. En ég veit mörg dæmi þess, að ýmsir privatmenn úti á landi hafa selt nýja bíla, sem þeir hafa fengið hjá einkasölunni, hingað til Rvíkur og hagnazt á því um 10—20 þús. kr. Einnig hafa ýmis fyrirtæki úti um land, sem hafa fengið nýja vörubíla, látið þá vera á stöðvum hér í Rvík eða í vinnu hjá setuliðinu hér í nokkra mánuði eftir að þeir fengu þá, vegna þess að hér var mest á þeim að græða, en látið þá svo koma heim síðar, er þeir voru búnir að borga sig hér. Þessu verða bílaeigendur vitanlega að ráða sjálfir. En ég skal ekkert segja um það, hvort Rvík hefur fengið úthlutað fleiri bílum en rétt var.

Brtt. hv. þm. N.-Þ. finnst mér alveg óhæf. Það er engin ástæða til þess að fjölga í nefndinni. Við höfum fengið nóg af þessu nefndafargani, og það hefur reynzt nógu erfitt að fá þær til þess að starfa, þótt ekki væri fjöldi manns í hverri þeirra. Ég tel það algerlega nóg að hafa þrjá menn í þessari nefnd. Ég hef ekkert á móti því, að landssamband bílstjóra komi í stað félaganna hér í Rvík, en ég kann betur við, að það komi ekki fyrr en búið er að stofna það, en það má stofna með ýmsu móti, bæði sem deild í Alþýðusambandi Íslands og sem sjálfstætt samband. Það er engin ákvörðun tekin um það með þessum lögum, hvernig einkasalan skuli rekin. Fram að þessu mun hún hafa verið rekin í sambandi við Viðtækjaverzlun ríkisins, en hvort svo verður áfram eða hvort henni verður slegið saman við fleiri einkasölur, veit ég ekki. Ég á erfitt með að skilja það, að það verði gífurlegur kostnaður við að endurreisa hana, ef það verður gert í sambandi við aðra einkasölu, og mér þykir það mjög ósennilegt, að farið verði að bæta við miklum mannafla, á meðan engir bílar eru til þess að verzla með.

Frsm. 3. minni hl. (Jón Pálmason): Sumt af því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði áðan, gaf ástæðu til þess að ætla, að hann hefði ekki hugsað þessi mál sem skyldi, því að annars hefði hann aldrei sagt það. Hann viðurkenndi rétt, að ekki væri gott, að ríkisreikningarnir væru langt á eftir tímanum, en það er nú stöðugt að færast til hins verra. Hann virtist líta svo á, að það væri starf yfirskoðunarmanna að rannsaka allan rekstur ríkisfyrirtækjanna niður í kjölinn. Ef svo væri, þá mundi þeim alls ekki nægja árið allt, þótt ekkert annað væri gert. Starfið er aðeins falið í því að skoða þá reikninga, sem liggja fyrir, bera saman tölur og annað þess háttar. Þau ár, sem ég hef verið yfirskoðunarmaður, hefur verið talið, að ég hafi hneigzt til þess að gera heldur fleiri aths. við rekstur ríkisfyrirtækjanna en eðlilegt væri. En það er þó svo, að vegna þess að mér hefur ekki gefizt kostur á að rannsaka þessi mál svo sem ég tel æskilegt, að gert væri, þá eru þær færri en þær ættu raunverulega að vera. Það er ekki hægt að sjá það á þeim reikningum, sem koma frá fyrirtækjunum, hvort þar hefur orðið sjóðþurrð eða ekki. Til þess þarf að rannsaka, hvort þær tölur, sem standa á reikningunum, séu réttar.

Þegar reikningarnir eru auk þess tveggja ára gamlir, þegar þeir berast í hendur yfirskoðunarmanna, þá er ekki þægilegt að rannsaka, hvort þær tölur séu í samræmi við þau viðskipti, sem hafa átt sér stað.

Ég býst fastlega við, að það komi í ljós, ef skilanefndin fær að ljúka störfum, að í rekstri bílaeinkasölunnar sálugu sé ærið margt, sem þarf að taka til athugunar. Það gæti farið svo, að þar kæmi ýmislegt í ljós, sem gæfi tilefni til þess, að menn gerðu sér ljósa þörfina á því að rannsaka betur rekstur annarra sams konar fyrirtækja.

Sumir þm. hafa talið það óþarfa kostnað að láta skilanefndina starfa áfram, eftir að búið væri að endurreisa einkasöluna. En þar sem hér á að verða mikil breyting á þessu, er þess áreiðanlega full þörf að gera gömlu einkasöluna alveg upp.

Varðandi ummæli hv. 2. þm. Reykv., þá er það alveg rétt, að það má koma þessu fyrirtæki á stofn á ódýrastan og hagfelldastan hátt með því að setja það í samband við önnur fyrirtæki og losna þannig við að eyða tugum þúsunda króna að óþörfu.

Ég vil svo að lokum benda hv. þm. á það, að þeir ættu að hugsa sig vel um, áður en þeir samþ., að skilanefndin skuli hætta störfum, áður en hún hefur lokið rannsókn sinni.

ATKVGR.

Brtt. 276 felld með 18:7 atkv.
— 138 felld með 15:7 atkv.
— 248 samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, IngJ, JakM, JPálm, JS, LJós, ÓTh, PO, SB, SEH, SK, STh, ÞG, ÁkJ, JJós.

nei: EystJ, FJ, GG, HelgJ, JörB, PZ, PÞ, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, BG.

EOl, SigfS, SG greiddu ekki atkv.
4 þm. (EmJ, GTh, ÁÁ, BÁ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Guðmundsson: Þar sem mér sýnist, að athugun á fjárreiðum einkasölunnar geti farið fram, þótt skilanefndin hætti störfum, og þar sem mér þykir það hlálegt, að skilanefndin skuli starfa áfram, eftir að einkasalan hefur verið endurreist, segi ég nei.

Frv. fellt með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, FJ, GG, HelgJ, JörB, PZ, PÞ, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, BG.

nei: GÞ, GSv, IngJ, JakM, JPálm, JS, ÓTh, PO, SB, SEH, SK, JJós.

EOl, LJós, SigfS, SG, STh, ÁkJ greiddu ekki atkv.
5 þm. (EmJ, GTh, ÞG, ÁÁ, BÁ) fjarstaddir.

3. Nýjar síldarverksmiðjur.

Á 7. fundi í Ed., 2. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur (þmfrv., A. 33).

Á 8. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Þessi litla breyting, sem frv. gerir ráð fyrir á l. frá síðasta þingi, skýrir sig eiginlega sjálf. Ráðstöfun þessi er nauðsynleg og engu síður fyrir það, þótt segja megi, að undarlegt sé, að hún skyldi fyrirfarast við samþ. l. á síðasta þingi. Úr því að gert er ráð fyrir, að ríkið gangist fyrir stofnun lýsisherzlustöðvar og ekki kemur til mála, að fleiri stöðvar verði reistar en ein, ber að setja nú þegar ákvæði til að hindra, að einstaklingar geri nokkrar þær ráðstafanir, sem verða mega því til tafar, að verksmiðjan sé reist. Ekki er verið að ræða um það, hvort verksmiðjan eigi að verða eign ríkisins eða einstaklinga, heldur um nauðsynleg framkvæmdaratriði. Ég óska, að frv. gangi til sjútvn. að lokinni umr.

Atvmrh. (Magnús Jónsson): Ég skal ekki um það segja, hvort það hefur verið af vangá eða öðrum ástæðum, að ekki var sett í l. á síðasta þingi ákvæði í þessa átt. En nauðsynlegt virðist mér ákvæðið ekki vera, því að það ákveður ekki annað en að ríkið láti reisa verksmiðjuna, þegar rannsóknir sýna, að það sé tímabært. Það er þá lagt á vald ríkisstjórnar og þeirra manna, sem hún leitar ráða til, þ. á m. síldarverksmiðjustjórnar, hvenær málið muni tímabært. Og að öðru leyti mundi þetta mál lúta þeim almennu ákvæðum um síldarverksmiðjur, að ráðherraleyfi þurfi til að reisa verksmiðju, því að herðing lýsis er aðeins framhald síldarvinnslunnar, sbr. 1. gr. l. frá 1938. Hér er um það að ræða, hvort nóg sé, að þetta verði á valdi ráðherra, sem hingað til, eða það skuli lagt á vald Alþ. *Ekki sýnist mjög á liggja að fastráða þetta, þar* sem beint er tekið fram, að ekkert skuli aðhafzt, fyrr en tímabært þyki. Nú eru sjálfsagt skiptar skoðanir um, hvort nauðsyn sé, að ríkið reisi þessa verksmiðju, eða hún verði reist fyrir prívatfé eða komið upp með einhvers konar samvinnufélagsskap þeirra, sem síldarútveg reka og stunda. Kemur það þá vitanlega til íhugunar, hvort rétt sé, að ríkið hlaupi í kapp við einkaframtakið í þessu máli, og stefna Sjálfstfl. hlýtur að verða, að það skuli ekki gert, meðan ekki er ólíklegt, að þessu verði hrundið í framkvæmd án þess. — Óþarflega þunglamalegt hygg ég það yrði að leggja þetta allt á vald Alþ. og gæti orðið framkvæmdum að meini. Ég fylgi þessu frv. til nefndar og vildi, að n. athugaði málið mjög gaumgæfilega, einkum hvort ákvæðið gæti ekki reynzt óþarfur fjötur um fót.

Gísli Jónsson: Herra forseti: Mér þykir koma dálitið á óvart þetta frv. um breyt. á l. frá síðasta þingi, því að ég vissi ekki til, að sjútvn., þar sem hv. þm. S.-M. (IngP) á sæti, bæri fram nokkra ósk um breytingu í þá átt, sem hann leggur nú til í þessu frv., og ekkert var um það rætt þá í nefndinni að binda framkvæmdir málsins eingöngu við ríkið, eins og hann gengur út frá nú. Hins vegar kom það skýrt fram hér í d., að einungis væri ætlazt til, að ríkið gripi þá inn í, ef einstaklingar gætu ekki komið upp þeim verksmiðjum, sem þarf og þurfa kann. Það hefur verið stefna útvegsmanna og sjálfstæðismanna yfirleitt, eins og hæstv. ráðh. veik að, að einkaframtakinu væri ekki settur fjötur um fót í þessum greinum.

Það yrði löng og hörmuleg saga, ef rekja ætti afskipti ríkisvaldsins af byggingu sumra hverra verksmiðja, sem komið hefur verið upp gegn vilja ríkisstj., en til þess þó eins að gera sjávarafurðirnar verðmætari. Leyfi ríkisvaldsins hefur oft ekki fengizt til stækkana og nýbygginga á slíkum verksmiðjum, sem allir vita þó, að gefið hefðu Íslendingum milljónir eftir milljónir í gjaldeyri. Til dæmis má nefna verksmiðjuna á Patreksfirði; þeir, sem stóðu að byggingu hennar, notuðu lánstraust sitt erlendis til að koma henni upp, en þar sem ríkisstj. vildi þá á engan hátt leyfa að reisa síldarverksmiðju, urðu þeir að gefa henni annað nafn og kalla hana fiskimjölsverksmiðju og helzt aldrei að láta síld koma í hana. Þessi verksmiðja hefur ekki aðeins skapað almenningi atvinnu, heldur landinu mikinn gjaldeyri og hinu opinbera miklar tekjur. Mér er kunnugt um fleiri slíkar verksmiðjur á Vestfjörðum og að minnsta kosti eina við Faxaflóa, sem ekki hefur mátt kalla síldarverksmiðjur vegna þessa synjunarvalds ríkisstj. og hefðu þær aldrei verið reistar, ef ekki hefði verið hægt að gefa þeim annað nafn. Nú er verksmiðjurekstur hins opinbera svo kominn, að það er fyrst og fremst einstaklingunum hagur, að honum sé við haldið. Þegar hann sýnir rétt sæmilega afkomu, geta einstaklingsfyrirtækin, sem borga síldina jafnt, skilað stórkostlegum hagnaði. Hitt sýnist sumum mönnum röng stefna að halda niðri kaupi sjómanna og tekjum útgerðar yfirleitt, til þess að ríkisrekstrarbákn síldarverksmiðjanna geti borið sig. Sjómenn eru farnir að leggja áherzlu á, að ekki sé torveldað að auka verksmiðjur, sem tekið geti við afla þeirra. Og áhuginn fyrir lýsisherzlustöð, sem eykur verðmæti aflans, er orðinn mjög almennur. Það mál verður varla kæft, þótt vilji kynni að vera til þess. Málið hefur fengið nokkra athugun. Í höndum forstjóra lýsissölusamlags íslenzkra botnvörpunga munu liggja skýrslur og upplýsingar, sem miklu skipta. Það félag hafði áhuga á að koma á herzlu fyrir þorskalýsi. En síðan augu manna opnuðust fyrir verðmæti síldarlýsisins, hefur verið um það rætt, að ríkið, sem á mikinn hlut í síldariðnaðinum, kæmi sér upp lýsisherzlustöð fyrir a. m. k. sínar verksmiðjur. Engin skynsamleg rök verða færð fyrir því, að nauðsynlegt sé að snúa lýsisherzluverzluninni upp í ríkiseinokun. Það er jafnrangt og það er hættulegt að lögbinda verksmiðjustofnun, ekki aðeins við vilja þeirrar ríkisstj., sem sitja kann að völdum, heldur og að vilja Alþ. Ég mun greiða frv. atkv. til 2. umr. og nefndar, en ég er algerlega mótfallinn stefnunni, sem í því felst.

Það er misskilningur, sem virtist koma fram hjá hv. 1. þm. S.-M., að á síðasta þingi hafi verið ákveðið eða gengið út frá, að ríkið eitt beitti sér fyrir og léti reisa lýsisherzluverksmiðju. Það er þröngsýni á þróun íslenzks sjávarútvegs að ætla nú að lögfesta, að ekki þurfi og ekki geti orðið nema ein lýsisherzlustöð á Íslandi. Ég vona, að hvergi nærri nægi ein slík stöð. Eins og haldið var fyrir 25 árum, að ekki þyrfti nema eina síldarbræðslu á Íslandi, eins mun nú brátt koma í ljós, að ein herzlustöð er engan veginn nægileg fyrir framtíðina.

Flm. (Ingvar Pálmason): Það er nú raunar ekki ástæða til að ræða þetta mál lengi við 1. umr. En menn hafa yfirleitt lýst skoðun sinni á málinu, og er ekkert nema gott um það að segja.

En um það, sem hæstv. atvmrh. sagði, að frv. þetta væri í rauninni óþarft, þar eð fyrirmæli væri til um þetta í l., þá verð ég að segja, að ég hef ekki fundið staf um það í lögum, að þessi lýsisherzlustöð skuli endilega tilheyra síldarverksmiðjunum. Það er opin leið, hvort hún yrði rekin sérstaklega eða í sambandi við síldarbræðslur.

En það, sem ég vil alveg fyrirbyggja, er það, að einstaklingar geri ráðstafanir til undirbúnings, t. d. með innflutningi véla, sem komið gætu í bága við fyrirætlanir ríkisins og raunverulegan vilja Alþ., svo að ekki komi til árekstra út af þessu.

Það er þetta, sem farið er fram á, að komið verði í veg fyrir. Og ég hef ekki heldur trú á, að einstaklingsframtakið gæti í framkvæmdinni leyst þetta mál, þar eð undangengnar athuganir, sem gerðar hafa verið í þessu efni, hafa sýnt, að verkefnið er hér eiginlega of lítið fyrir verksmiðju og því athugavert að leggja í framkvæmdir. Þrátt fyrir bjartar vonir hv. þm. Barð. hafa athuganir sýnt, að ekki er hægt að starfrækja fyrst um sinn nema eina verksmiðju í þessum tilgangi. Annað mál er það, hvað verða kann einhvern tíma seinna. En það er staðreynd, að lýsisframleiðslan er of lítil fyrir eina verksmiðju, hvað þá tvær. Og ég held, að hv. þm. viti vel, að reynsla nágrannaþjóða okkar hefur sýnt, að gæta þarf varúðar í þessum framkvæmdum.

Ég get því ekki séð, að varnagli sá, er frv. þetta slær, sé til nokkurs trafala. Ef félag yrði stofnað til rekstrar slíkrar verksmiðju, þá fyndist mér ekkert því til fyrirstöðu, ef hæstv. Alþ. leyfði það. En það gæti torveldað þessu félagi málið, ef annarf aðili væri búinn að hefja undirbúning, kaupa vélar eða þess háttar.

Í fáum orðum sagt, þá tel ég ekki tryggt vera, að þessi umtalaða herzlustöð heyri undir sömu lög og bræðslurnar, og tek ég í því sambandi hæstv. Alþ. fram yfir ráðherra til ákvörðunar um málið. T. d. höfum við nú þing, en ekki stjórn í landinu, og álít ég, að núv. atvmrh. hefði ekki heimild til að veita leyfi til að reisa slíka verksmiðju. Ákvörðunarrétturinn í þessu efni á að vera í höndum Alþ.

Annars tel ég þarflaust að ræða mál þetta nánar við þessa umr. Við atkvgr. kemur í ljós, hvort það kemst til n., og þótt svo fari, þá er nú þegar sýnt, að formaður þeirrar n., er það mun fara til, mun ekki geta greitt með því atkv. úr n.

Atvmrh. (Magnús Jónsson): Ég skal nú ekki lengja þessar umræður mjög. Ég vil aðeins taka fram út af ummælum hv. flm. um stjórnina, að ég veit ekki til, að herra ríkisstjórinn hafi sett henni nein takmörk í þessa átt. Hinn eini munur á þessari stjórn og venjulegri stjórn er sá, að hún hefur ekki þingræðislegan meiri hl. að baki sér og mun því ekki af þeirri ástæðu leggja sérstakar áætlanir fyrir framtíðina, þar sem hún bíður eftir, að stjórn með meiri hl. bak við sig taki við völdum. En öll dagleg störf, eins og veitingu leyfa og embætta, ber henni náttúrlega að vinna. Þau geta oft alls ekki beðið. Það væri fjarstæða, að öll stjórnarstörf ættu að stöðvast, unz hin nýja stjórn yrði mynduð, hversu lengi sem það drægist.

Stjórnin hefur fullt vald, meðan hún starfar, og að segja, að hér sé engin stjórn, er ekki satt. Hitt er svo annað mál, að ég get fallizt á, að óheppilegt gæti verið, að slík stjórn færi lengi með völd, en ég efast ekki um vald hennar til slíkra hluta, á meðan hún er við völd.

Mér skildist hv. 1. þm. S.-M. álíta, að hver og einn gæti stofnað slíka stöð sem þessa eftir lögunum. Þetta getur verið lagaatriði, og er ég ekki svo lögfróður, að ég þori nokkuð að fullyrða um málið. En ég lít svo á, að þessi væntanlega lýsisherzlustöð hljóti að heyra undir lögin um síldarverksmiðjurnar og þurfi að leita leyfis ráðh. um stofnun hennar. En ef vafi þætti leika á um leyfi ráðh., þá mætti leita leyfis stjórnarinnar, en ekki endilega þingsins, eins og stendur í þessu frv., leita sams konar leyfis og veitt er til að reisa síldarverksmiðjur. Það er ekki nema rétt, að ríkið geymi sér þennan rétt. Þetta ætti að vera þannig nægjanlega tryggt, þar sem stjórnin á hverjum tíma er framkvæmdastjórn Alþ. (**BSt:** Stundum). Hvenær sem Alþ. vill, því að það getur á hverjum tíma skipað meirihlutastjórn og dregið ráðh. til ábyrgðar. Það má því segja, að þetta sé ekki stórt atriði, og ég skýt því til sjútvn., hvort henni þyki rétt, að sett verði þunglamalegri l. um þetta atriði en l. um síldarverksmiðjur ríkisins.

Ég hef ekki kynnt mér, hvort reisa mætti eina eða fleiri stöðvar, en það veit ég, að fljótt er þetta oft að breytast. Ég tek undir orð hv. þm. Barð. um, að á sínum tíma þótti í stórt ráðizt með byggingu síldarverksmiðjanna, en nú vex engum það í augum. Ég get þó hugsað mér, að rétt sé, að ein stöð nægi í byrjun. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta. Hvort hér verða sett ný l. eða ekki, fer eftir því, hvort þm. álíta, að þetta atriði heyri undir önnur l. eða ekki.

Gísli Jónsson: Um ræðu hv. flm. er það að segja, að hans einu rök fyrir málinu voru þau, að þetta væri svo dýrt fyrirtæki, að óverjandi væri, að nokkur einstaklingur fengi að nota sér þær athuganir, sem ríkið hefði látið fram fara til undirbúnings þessa máls. En ef þetta fyrirtæki er svo mikið risabákn, þá fellur það um sjálft sig, að nokkur sækist eftir að stofna það.

Annars get ég frætt hann um það, ef hann

veit ekki betur, að verkfræði nútímans er svo hraðstíg, að vegna nýrra framfara og uppgötvana getur allt annað orðið upp á teningnum um kostnaðarhliðina eftir 5—10 ár en nú virðist muni verða.

Um þetta mál með öðrum þjóðum er það að segja, að þær framleiða ekki hlutfallslega jafnmikið lýsi og við. Annars skal ég lofa hv. flm. því að mæta þessu máli með sanngirni í sjútvn. og komast að raun um þær athuganir, sem gerðar hafa verið.

Um núv. stjórn er það að segja, að hún er svo góð, að 32 þm. af 52 þm. geta ekki fundið aðra betri.

Flm. (Ingvar Pálmason): Ég ætla, að bilið milli mín og hæstv. ráðh. sé harla lítið í þessu máli. Hann játar, að menn þurfi að leita leyfis ráðh. til þess að reisa síldarverksmiðjur. Frábrugðið þessu er það eitt í frv. mínu, að þar er gert ráð fyrir, að ákvörðunarrétturinn um stofnun lýsisherzlustöðvar verði í höndum Alþ., en ekki ráðh., eins og um síldarverksmiðjurnar. Þetta djúp er ekki breiðara en svo, að það ætti að mega brúa.

Ef hæstv. ráðh. lítur svo á, að það sé lagaatriði, hvort þessi lýsisstöð heyrir undir eldri l. eða ekki, þá finnst mér einmitt þurfa að taka af öll tvímæli um það með nýjum l., svo að ekki þyrfti að fara með það mál fyrir dómstólana.

Ég ætla ekki að deila um vald núv. stjórnar. En ég tel það ekki heppilegt, að minnihlutastjórn skuli álíta sig mega framkvæma hvað sem er.

Um digurmæli hv. þm. Barð. um, að ekki væri þó hægt að mynda aðra eða betri stjórn, þá vil ég segja það, að eftir öllum venjulegum þingræðisreglum væri það hlutverk hans eigin flokks að beita sér fyrir myndun þingræðisstjórnar, þar sem hann er stærsti flokkur þingsins. Þessi samningaleið, sem hér er farin til stjórnarmyndunar, er algerlega ný leið. Ég held því, að hv. þm. ætti að líta nær sér, áður en hann glósar um seinagang stjórnarmyndunarinnar.

Atvmrh. (Magnús Jónsson): Þessar umræður eru nú svona að smásnúast frá efninu og aftur um stjórnina.

Þótt milli okkar hv. flm. sé lítið bil í þessu máli að hans eigin dómi, þá er það nóg til þess, að annar okkar er með þessu frv., en hinn á móti því, svo að ef bilið er lítið, þá er frv. lítið. Það er að mínum dómi alveg óþarft og þunglamalegt og óheppilegt, að þetta heyri beint undir Alþ.

Um vald stjórnarinnar ætla ég ekki að deila. Það er enginn vafi á því, að „funkerandi" stjórn á að sinna öllum daglegum störfum, t. d. veita embætti, og er það vissulega ekki síður viðurhlutamikið en veita leyfi sem þetta. Það, sem sérstaklega er við slíka stjórn, væri einkum það, að hún finnur með sjálfri sér, að hún er ragari við að gera framtíðaráætlanir, þar eð hún er aðeins til bráðabirgða, og þess vegna hlýtur hún að óska eftir nýrri stjórn. En annars mætti nú náttúrlega reyna að vita, hvort þessi stj. gæti ekki fengið traustsyfirlýsingu. **(BSt:** Já, ég held þið ættuð að reyna það). Hv. form. Framsfl. lýsti yfir því á sínum tíma, að ekki væri hægt að mynda betri stjórn. Kannske svo sé enn. Forsrh. Framsfl. sagði líka af sér á sínum tíma og myndaði svo stjórn aftur. Það eru fordæmi fyrir því, að núv. ríkisstj. fengi einhvers konar traustsyfirlýsingu. Og ef slík yfirlýsing væri gefin, felst í því það, að við förum að leysa málin, þ. á m. dýrtíðarmálin.

Ég veit ekki, hvort á að tefja þetta litla frv. með þessum umr. Ég vildi aðeins ekki láta því ómótmælt, að „funkerandi" ríkisstj. hefði ekki fullt vald til þess að afgreiða umsóknir, eins og t. d. um að reisa síldarverksmiðjur, sem er fullkomið matsatriði, sem hver ráðh. verður að gera upp við sig að fengnum till. trúnaðarmanna í þeirri grein, — alveg regluleg dagleg afgreiðsla.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 6. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., 7. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 33, n. 130 og 133).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Sjútvn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. þessa. Meiri hl., sem í eru hv. 9. landsk. þm. og ég, hefur orðið ásáttur um að leggja til, að frv. verði samþ. með einni breyt., sem tilfærð er í nál. á þskj. 133. Um alllangt skeið hefur það staðið í l. um síldarverksmiðjur, að til þess að reisa nýjar verksmiðjur þurfi leyfi atvmrh. að koma til. Þetta ákvæði hefur staðið, þó að gerðar hafi verið breyt. á l. að öðru leyti. Sýnir það, að löggjafinn hefur talið, að þetta væri nauðsynleg öryggisráðstöfun. Í l. þau, sem samþ. voru á síðasta þingi um að heimila ríkisstj. að láta reisa nýjar síldarverksmiðjur, var bætt inn ákvæði, sem mælir svo fyrir, að ríkið skuli reisa herzlustöðvar fyrir lýsi, þegar rannsóknir liggja fyrir í þá átt, að það sé ráðlegt. Í þessum l. er ekkert ákvæði um, að öðrum en ríkinu sé ekki heimilað að reisa slíkar herzlustöðvar, en frv. það, sem hér liggur fyrir, miðar að því í samræmi við l. um síldarverksmiðjur, að öðrum en ríkinu sé óheimilt að reisa lýsisherzlustöðvar nema að fengnu leyfi. Við 1. umr. hér í d. lét þáv. atvmrh. þann skilning í ljós, að þetta ákvæði feldist í l. frá síðasta þingi. Ég hef frá byrjun dregið í efa, að sá skilningur væri réttur, og þess vegna flutti ég frv., en ummæli þáv. ráðh. sýna, að hann hefur litið svo á, að það hefur verið skilningur síðasta Alþ., að sama gilti um hvort tveggja og að þessi öryggisráðstöfun væri nauðsynleg. Ég held því, að það sé í samræmi við vilja Alþ. á mörgum undanförnum þingum, að þessi breyt. sé gerð, og þó að einhverjum þm. finnist hún óþörf vegna skilnings á l. frá síðasta þingi, er enginn vafi á, að það er tryggara að hafa um þetta tvímælalaust ákvæði í l.

Nú hefur fjhn. ekki getað orðið á eitt sátt.

Minni hl., hv. þm. Barð., leggur til, að brtt. verði felld. Aftur á móti kom fram í n., — og n. er sammála um það —, að rétt sé, að heimild til að reisa lýsisherzlustöðvar heyri undir sama aðila og heimild til að reisa nýjar síldarverksmiðjur, og því flytur meiri hl. þá brtt., að í stað þess, að í frv. er talað um leyfi Alþ., komi leyfi atvmrn. Ég er að vísu sömu skoðunar og áður, að þetta vald eigi að vera í höndum Alþ., en ekki atvmrn., en ég verð að telja það til undantekninga, að ráðh. geri líkar framkvæmdir, nema honum sé kunnugt um, að það sé vilji Alþ. Fellst ég því á þetta til samkomulags.

Ég ætla ekki að svo stöddu að fara út í frekari ástæður fyrir frv. og ekki fyrr en minni hl. hefur átt kost á að gera grein fyrir sinni skoðun. Ég geymi mér rétt minn til að gera aths við skoðanir hans og færa full rök fyrir því, að þetta ákvæði sé nauðsynlegt til að gera okkar miklu lýsisframleiðslu verðmætari en hún er nú.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar láta í ljós undrun mína yfir því, hvernig gamlir og góðir þm. geta gengið fram hjá öllum rökum í máli, einnig í n. Ég leiddi í sjútvn. óhrekjanleg rök að því, að það væri óheppilegt að setja þetta ákvæði inn í l., en meðnm. mínir hafa ekki viljað líta við þeim. Þau byggðust þó á áliti manns, sem á sínum tíma var falið að rannsaka þetta mál, Trausta Ólafssonar efnafræðings.

Ég mun nú sýna fram á, ef hv. d. vill hlusta á mál mitt, að það eru þrjú meginatriði, sem verða að vera fyrir hendi til þess, að unnt sé að koma upp lýsisherzlustöðvum á Íslandi, svo að viðlit sé, að þær geti borið sig samkv. rannsóknum óhlutdrægra aðila. Í fyrsta lagi þarf að vera fyrir hendi nægilegt hráefni, og það er sýnt af skýrslu Trausta Ólafssonar, að það er eitt af aðalskilyrðunum, að ekki þurfi að flytja hráefni á milli staða. Annað skilyrðið er nóg af ódýru rafmagni. Þar sem þarf að framleiða vetnisefnið til hreinsunar, má rafmagnið ekki kosta meira en 4 aura hver kwstund. Í þriðja lagi þarf að vera unnt að sameina rekstrarfé, mannahald og verksmiðjuhús og vélar í sambandi við hráefnavinnsluna. Nú er aðeins um tvo staði að ræða á Íslandi, þar sem nóg eru hráefni, sem sé Siglufjörð, fyrir 50 smál. stöð, og Hjalteyri fyrir 25 smál. stöð. Ef það er rétt hjá Trausta Ólafssyni, að ekki megi flytja hráefni milli staða, væri ekkert vit í því að setja upp eina stöð til vinnslu úr öllum hráefnunum, en hefta menn þar, sem betri eru skilyrði. Nú er það t. d. svo, að Hjalteyri væri, hvað rafmagnið snertir, líka góður staður, ef vonirnar rætast um virkjun Laxárfossanna. Sama er að segja um Raufarhöfn. Það eru miklar líkur til, að rafmagn komi þangað frá Dettifossi eða Goðafossi fyrr en nóg rafmagn væri fyrir slíkt á Siglufirði.

Það má að vísu segja, að þegar þessi rök eru flutt ráðh., ætti hann að veita leyfi samkv. þeim, en við vitum sorgleg dæmi um, að oft hefur gengið erfiðlega að fá ráðandi atvmrh. á hverjum tíma til að fara eftir slíku, og ég vil benda á, að það hafa verið uppi erjur í blöðum hér um leyfi til Siglufjarðarkaupstaðar til að stækka verksmiðjurnar. Ég tek þetta sem dæmi um, að á öllum tímum getur slíkt komið fyrir.

Það er yfirleitt engin þörf á að hafa þetta ákvæði í l. og er bara til trafala. Það mætti á sama hátt segja, að ekki væri rétt að leyfa mönnum, sem veiða í síldarverksmiðjur, að hafa flota nema með sérstöku leyfi ráðh., eða að ekki væri leyft þeim, sem hafa lýsisbræðslu, að hafa kaldhreinsunarstöð nema með sérstöku leyfi. Hér er aðeins um að ræða, að menn geti notað hráefnin til hins ýtrasta.

Það er áreiðanlega til blessunar, að ekki séu fleiri höft á atvinnurekstrinum en bráðnauðsynlegt er á hverjum tíma.

Ég held, að hér liggi allt annað til grundvallar hjá hv. flm. frv. en að hér sé hætta á ferðum fyrir ríkið. Ég held, að hér liggi til grundvallar sú gamla sóttkveikja Framsfl., að hér megi enginn hreyfa sig nema eftir valdboði ríkisstj. Ég held, að það sé meiri orsök til þess, að hann ber þetta fram, heldur en að það sé eitthvert sérstakt þjóðarböl, að einstaklingur stofni slíkt fyrirtæki. Það er auðvitað regin skoðunarmunur á þessu hjá okkur, en jafngamall þm. og hv. flm. er ætti að vera nægilega þroskaður til þess að víkja frá þessari biblíu sinni, þar sem svo sterk rök liggja fyrir sem hér.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en ég vil aðeins benda á það, að hvert spor, sem nú er stigið til þess að þrengja að atvinnuvegum landsmanna, miðar alls ekki að því að leysa það hlutverk, sem þinginu ber nú skylda til að leysa sjálfs sín vegna og þjóðarinnar.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Herra forseti. Hv. frsm. minni hl. hefur nú átt kost á því að gera grein fyrir skoðunum sínum á þessu máli, og skal ég nú aðeins svara honum nokkrum orðum.

Hann talaði um, að það vekti undrun sína, að gamlir þm. skyldu ekki láta sannfærast af jafngildum rökum og hann bar fram. Ég skal nú ekki dæma um það mál, heldur láta deildina dæma það, en ég gat engin rök fundið hjá honum. Annars furðar mig ekki á neinu, sem kemur frá honum.

Hann veik hér nokkrum orðum að skýrslu um lýsisherzlustöðvar, frá Trausta Ólafssyni, sem birt er í tímariti Verkfræðingafélags Íslands. Einu rökin, sem ég heyrði frá þessum hv. þm., voru þau, að það þyrfti að vera fyrir hendi nægilegt og ódýrt rafmagn og nægilegt hráefni á staðnum og yrði því að reisa þessar herzlustöðvar í sambandi við síldarverksmiðjur. En hvað segir þetta um, að nauðsynlegt sé að reisa margar herzlustöðvar? Mér finnst það einmitt sýna, að ekki ætti að byggja nema sem fæstar slíkar stöðvar, og tel ég því þessi rök frekar mín megin.

Nú er það svo, að þessi skýrsla Trausta Ólafssonar, sem mér dettur ekki í hug að draga í efa, að sé ábyggileg, tekur það fram, að örðugleikarnir við að koma upp slíkum stöðvum stafi einkum af því, hve framleiðsla lýsisins sé dreifð um landið, því að flutningur hráefna torveldi mjög, að slíkur atvinnurekstur geti borið sig. Augu

mín hafa því einkum hvarflað til Siglufjarðar sem hins heppilegasta staðar fyrir lýsisherzlustöð. Nú er það svo, að eftir þeim niðurstöðum, sem Trausti Ólafsson kemst að, þá eru 7500 smál. það minnsta magn, sem getur staðið undir rekstri slíkrar stöðvar. Ég sem leikmaður lít því þannig á, að þar sem jafnmikil vandkvæði eru á stofnun slíks fyrirtækis, beri fyrst og fremst að hafa það fyrir augum, að fyrirtækið fullnægi þeirri herzluþörf, sem landið hefur. Mér skilst hins vegar, að allir útreikningar, sem gerðir hafa verið, séu miðaðir við stöð, sem ekki afkastar nema 7500 smál. á ári. Ég hef litið svo á, að þegar í þetta fyrirtæki verður ráðizt, þá sé um að gera, að stöðin verði svo stór, að hún geti fullnægt allri herzluþörf landsins. Ég játa það fúslega, að það eru allmiklir erfiðleikar á því að flytja lýsið á milli, en ég álít, að þeir séu það vel yfirstiganlegir, að það gæti borgað sig að hafa aðeins eina herzlustöð. Ég játa, að það sé rétt, að magnið rýrni mjög lítið við herzluna, eða aðeins 8—10%, en hitt er líka víst, að flutningskostnaður milli hafna hér innanlands hlýtur að verða lítill í samanburði við flutningskostnaðinn til útlanda. Flutningskostnaður hér milli hafna er nú að vísu mjög mikill, en það er alveg víst, að ef í þetta fyrirtæki yrði ráðizt, mætti draga úr kostnaðinum.

Meðalársframleiðsla lýsis mun nú vera milli 20 og 30 þús. smál., en ég get þó ekki sagt um það fyrir víst, þar sem ég hef ekki borið saman tölur síðustu ára. Nú er gert ráð fyrir í lögum frá því í sumar að byggja margar og stórar síldarbræðslustöðvar, og það verður a. m. k. byggð ein á næstunni á Siglufirði, sem á að geta brætt 10000 mál á sólarhring. Lýsisframleiðslan hlýtur því að aukast mjög á næstunni.

Ef rannsókn sýnir, að það muni borga sig að koma upp lýsisherzlustöð, þá álít ég, að hún ætti að vera aðeins ein fyrir allt landið og hún ætti að vera á Siglufirði.

Það er a. m. k. sjálfsagt að fara gætilega í þetta mál, þannig að ekki verði ráðizt í neitt, sem geti torveldað heppilegan framgang þess.

Ég hef nú reynt að rekja þetta mál út frá mínu sjónarmiði. Það er að vísu aðeins leikmannssjónarmið, þar sem ég hef enga sérþekkingu á þessum málum, en hún kemur ef til vill fram hjá hv. þm. Barð. Annars finnst mér, að hver ábreyttur borgari ætti að geta séð, að það virðist vera eðlilegast, þar sem það er jafnmiklum erfiðleikum bundið og rannsókn hefur sýnt að koma hér á fót lýsisherzlustöð, að hafa hana aðeins eina, en það er ef til vill skoðun hv. þm. Barð., að nauðsynlegt sé, að herzlustöðvarnar séu bundnar við bræðslustöðvarnar. Ég játa það, að það væri æskilegt að geta losnað við flutninga á hráefninu, en ég álít, að það megi ekki horfa svo einhliða á það, að ekkert annað komist að. Ef ég skil rétt skýrslu Trausta Ólafssonar, þá eru frumskilyrðin fyrir rekstri slíkrar stöðvar nægilegt hráefni á staðnum og nægilegt og ódýrt rafmagn. Svo koma ýmis önnur skilyrði, sem mér skilst, að megi yfirstíga. Nú skildist mér á ræðu hv. frsm. minni hl., að í náinni framtíð væri það útilokað, að Siglufjörður fengi nægilegt og ódýrt rafmagn. Ég skal ekki leggja neinn dóm á það, en ég hef svo mikla trú á þessu máli, að engin ástæða sé til þess að leggja árar í bát, þótt á Siglufirði verði aldrei nóg rafmagn.

Hv. þm. Barð. minntist á að koma upp 7500 smál. stöð á Hjalteyri, en mér dettur þá einnig í hug, hvort ekki mætti koma upp allsherjarherzlustöð á Akureyri. Ég veit, að hv. frsm. minni hl. segir, að það sé ómögulegt vegna flutningsörðugleika, en það er ekki enn þá komið í ljós, að ekki megi yfirstíga þá örðugleika. Mér virðist sem öll þau rök, sem hv. frsm. minni hl. þykist hafa fært fyrir máli sínu, bendi þó frekar í þá átt, að tímabært sé að fara gætilega í þessu máli.

Síðasta röksemd þessa hv. þm. var, að allt annað lægi til grundvallar hjá mér en það, að ég vildi vinna að framgangi rétts máls. Þetta sýnir, hve gersneyddur hann er öllum röksemdum. Við ættum ekki að fara að gera hér hver öðrum upp hvatir, — það er alveg þýðingarlaust. Málið liggur alveg ljóst fyrir, og við eigum ekki að ræða um það út frá hvötum.

Þá er aðeins eitt eftir hjá þessum hv. þm., en það er sú trú hans, að allt eigi að vera sem frjálsast og óbundnast. Þetta eru hans einu rök og þau einu rök, sem ég viðurkenni. Ég viðurkenni, að það er fallegt og að mörgu leyti rétt, að allir hafi það sem frjálsast, en það er þó oft nauðsynlegt, að frelsið hafi sínar takmarkanir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta lengur og mun ekki taka aftur til máls við þessa umr. En það er álit mitt, að hér þurfi að taka í taumana, og ég ætla að láta hv. þm. skera úr um það, hvort ekki sé betra að gera það strax heldur en þegar í óefni er komið.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Mér fannst hv. flm. halda sér lítið að rökum enn. Hann gat þess, að sér þætti það einkennilegt, að Trausti Ólafsson skyldi halda sig við 7500 smál. herzlustöð í útreikningum sínum. Ég tel ekki nema eðlilegt, að hann vildi sýna lægstu takmörkin fyrir því, að slík stöð gæti borið sig, og því þarf að taka tillit til þess, að ekki má flytja hráefnið, og nægilegt og ódýrt rafmagn verður að vera fyrir hendi. Við erum nú orðnir sammála um, að 7500 smál. stöð geti borið sig, þar sem þessi skilyrði eru fyrir hendi, og þá tel ég rangt, að hún verði ekki sett upp á slíkum stað, einkum ef það yrði nú raunin, að sú stóra verksmiðja, sem hv. flm. dreymir um, gæti nú ekki unnið úr öllu hráefninu, sem til hennar þarf að flytja. Ég skil ekki þá menn, sem ekki geta séð þetta. Það mun hafa vakað fyrir Trausta Ólafssyni, að æskilegast væri að hafa sem minnstar og flestar stöðvar, til þess að hægt væri að spara flutninga, þar sem einnig er víða góð aðstaða til virkjunar.

Nú er það vitað, að víða hér á landi, og þó einkum á Vestfjörðum, hafa verið reistar smáar síldarverksmiðjur, sem hafa getað bjargað mörgum smálestum sjávarafurða frá eyðileggingu. Nú vildi ég spyrja hv. flm., hvort hann teldi það óráð að reisa fleiri slíkar stöðvar þar, sem líkur eru til, að þær geti orðið að miklu gagni. Ég tel nauðsynlegt að nota það hráefni, sem til

er á hverjum stað, á staðnum sjálfum, ef það getur gefið arð og fólk fæst til þess að vinna úr því. Það er æskilegast, að hægt væri að setja upp herzlustöð í sambandi við hverja síldarbræðslustöð hér á landi, sem afkastar nægilega miklu til þess að halda arðbærri herzlustöð gangandi allt árið. Stærstu erfiðleikar síldarverksmiðjanna eru þeir, hve stuttur vinnutími þeirra er á hverju ári, og því stærri sem verksmiðjurnar eru, þeim mun meira óhagræði er að þessu. Til Siglufjarðar hefur m. a. hópazt vinnulýður, sem hefur orðið að byggja ársafkomu sína á tveggja mánaða vinnulaunum. Þetta hefur m. a. leitt til þess, að sögn framsóknarmanna sjálfra, að bændur hafa orðið að greiða mun hærra kaup við heyvinnu en ella mundi. Þessu atvinnulífi fylgir mikil óhollusta, og þetta fólk hefur fengið allt annan hugsunarhátt við það að starfa aðeins tvo mánuði af tólf. Til þess að ráða bót á þessu hefur helzt verið rætt um að reisa kæliþrær eða þá herzlustöðvar, þannig að hægt yrði að vinna í 10—12 mánuði í stað tveggja áður.

Ég hef athugað þetta mál gaumgæfilega, og með minni „teknisku“ þekkingu hef ég séð, að sé farið eftir áætlun Trausta Ólafssonar, má spara allmikið í byggingarkostnaði og rekstrarkostnaði, þar sem má nota að nokkru leyti sömu hús, sömu geymana, sömu katla og sömu yfirstjórn, þannig að reksturinn gæti orðið til sem mestra hagsbóta fyrir landið í heild. Hv. flm. taldi, að ég hefði ekki komið með nein rök fyrir máli mínu, en ef þetta eru ekki talin rök, þá veit ég ekki, hvernig á að tala við menn um mál með rökum. Samkv. skýrslu Trausta Ólafssonar er aðeins hægt að fá 27 kr. meira nettó fyrir smál. af lýsinu, sé það flutt út hreinsað. Ef við eigum svo að fara að bæta flutningskostnaði innanlands ofan á allan annan kostnað við hreinsunina, færi að verða lítill fengur að því að hreinsa lýsið hérlendis. 1939 var varla hægt að flytja lýsi frá erfiðustu stöðum á landinu til lýsisherzlustöðva, og flutningurinn hefur verið dýr. Hv. flm. hefur viðurkennt, sem ég og hygg, að sé rétt, að það geti orðið langt þangað til Siglufjörður fær nægilegt rafmagn. Ég vona, að þjóðin megni að stíga svo stórt spor, að ekki aðeins Siglufjörður, heldur allir kaupstaðir landsins geti unnið þetta og annað til iðnaðar. En áreiðanlega koma ýmsir staðir á undan Siglufirði, m. a. Eyjafjörður, hvar sem vera skal. Og ef á að vera aðalherzlustöð á Akureyri, þá er sama öngþveitið og nefnt var áðan, — erfiðleikarnir um flutning fram og til baka. Og þó að það sé tekið fram hjá Trausta Ólafssyni, að rafmagn sé eitt af meginatriðunum, þá er rafmagnið annað atriði af tveimur jafnmikilsverðum, sem hann gerir ekki upp á milli, með tilliti til þeirrar þekkingar, sem er til staðar árið 1939. Vitanlegt er, að tækni getur þokað svo fram, að hægt verði að setja upp miklu ódýrari og minni herzlustöðvar árið 1949; það getur hvorugur okkar sagt um. Í sambandi við lýsisherzlustöð er það a. m. k. draumur margra, að setja megi upp hvalastöð, og vinni þá lýsisherzlustöðin einnig úr hvallýsinu. Mundi það spara kostnað stórkostlega. Um leyfið er það að segja, að ég hef ekki fullyrt, að það fengizt ekki. Hitt segi ég, að það er óþarfi að setja þennan þröskuld í byrjun.

Ég held það sé ekki ástæða til að ræða mikið þetta mál nú. Bæði af grg. og því, sem fram hefur komið í umr., ættu hv. þm. að geta séð, á hvaða stigi það stendur. En ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að þeir menn, sem þóttust harðast verða úti um að fá leyfi fyrir síldarverksmiðju á Siglufirði á sínum tíma, geri það upp við sig nú, hvort rétt sé að setja þetta ákvæði inn í lögin eða ekki.

ATKVGR.
Brtt. 133 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, HG, HermJ, IngP, JJ, KA, PHerm, StgrA.
nei: EE, GJ, LJóh, ÞÞ, BBen.
4 þm. (BrB, MJ, PM, BSt) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 7:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7:4 atkv.

Á 28. fundi í Ed., 11. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 159).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 31., 32. og 33. fundi í Nd., 13., 14. og 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 16. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 159, n. 310 og 337).

Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Ég var nú eiginlega nokkuð seinn að kveðja mér hljóðs, en ég hélt, að meiri hl. sjútvn. mundi gera grein fyrir sínu áliti, því að ég taldi meiri hl. eiga rétt á að hefja framsögu, en fyrst hann óskar ekki eftir að gera grein fyrir máli sínu, þykir mér rétt fyrir hönd okkar tveggja nm. að gera grein fyrir þeirri till., sem við höfum gert um málið, en hún er í stuttu máli sú, að frv. verði fellt.

Ég þarf ekki að rifja upp þetta mál, en það er á þá lund, að frv. um að reisa nýjar síldarverksmiðjur verði breytt á þá leið, að aftan við 1. gr., síðustu málsgrein, bætist: „Er öðrum óheimilt að reisa slíka verksmiðju, nema leyfi atvinnumálaráðherra komi til“. Verksmiðja, sem þar er átt við, er verksmiðja til þess að herða

lýsi, eða m. ö. o., vinna meira það lýsi, sem nú er unnið hér á landi og flutt út. Í frv. var þetta upphaflega þannig orðað, að það skyldi þurfa leyfi Alþ. til þess að reisa slíka verksmiðju, en í hv. Ed. var þessu breytt þannig, að það skyldi þurfa leyfi ráðh., og þarf sams konar leyfi til, að því er síldarverksmiðjur snertir. Nú er það vitað mál, að við Íslendingar flytjum nær því eingöngu út sjávarafurðir, og lýsi er verulegur þáttur í útflutningi landsmanna. Á krepputímunum, þegar flestar viðskiptaþjóðir okkar settu miklar skorður við innflutningi, mátti telja, að ein vörutegund væri sérstaklega undanþegin þessum hömlum, en það voru fituefnin, og það stafaði af því, að á þeirri öld, sem við lifum, er stöðug þörf fyrir fituefni vegna véla og annars, og við Íslendingar vorum svo heppnir, að slíkur útflutningur fór sífellt vaxandi hjá okkur og lýsið var alltaf seljanlegt fyrir viðunandi og stundum gott verð. Það er vitað, að allar þjóðir keppa að því að gera útflutningsvörur sínar sem verðmætastar með því að breyta þeim sem mest frá því að vera hráefni og yfir í það ástand, sem þær eiga að vera í, þegar þær eru notaðar að síðustu, og það er eftirtektarvert fyrir okkur, sem flytjum mest út af sjávarafurðum, að þrátt fyrir það, hve mikið við flytjum út, er verðmæti það, sem við fáum fyrir útflutning okkar, miklu minna en hjá ýmsum öðrum þjóðum, sem flytja út miklu minna magn sjávarafurða, og stafar það af því, hvað við vinnum lítið úr okkar vörum. Það getur hver maður séð, hvað þetta er óheppilegt. Í fyrsta lagi er rænt mikilli vinnu frá landsfólkinu, sem mætti því í skaut falla, og í öðru lagi verður sá erlendi gjaldeyrir, sem skapast, miklu minni en ef varan er unnin. Nú hygg ég, að þetta sýni ljóslega, hvaða fjarstæða það er að setja skorður við því, að útflutningsvörur séu unnar í landinu sjálfu, og sýni, að sjálfsagt er að stefna að því, að þeir, sem framleiða lýsi eða annað fituefni í landinu, geti framleitt sem verðmætasta vöru.

Ég skal ekki fara út í það, hvaða ástæður menn geta haft fyrir því að vilja setja þessi höft. Ég hef heyrt um það nokkur rök utan þings, en frá þm. engin eða fá. Eitt af því, sem hefur verið haldið fram, er það, að ríkið eigi að ráða sjálft yfir þessari framleiðslu með tilliti til markaðarins erlendis, og þar af leiðandi komst þetta ákvæði inn í l., hvað snerti síldarverksmiðjurnar. Það var af því, að sú fluga hafði setzt að í höfði manna, að við réðum yfir heimsmarkaðinum hvað þessa vöru snerti. Þetta var auðvitað hin mesta fjarstæða. Það er alveg eins og ef mýfluga héldi, að hún væri nashyrningur. Það er fjarstæða að hugsa sér, að við ráðum að nokkru leyti yfir síldarmarkaðinum, þó að við höfum nokkrar síldarverksmiðjur.

Annað er það, sem ég hef heyrt haft á móti því að hafa þetta frjálst, en það er það, að svo gæti farið, að einstaklingar gætu framkvæmt þessa lýsisherzlu ódýrara en ríkisverksmiðjurnar, og þá mundi ríkið bíða tjón af því. Nú er auðvitað réttast, að sá vinni verkið, sem getur unnið það hagkvæmast og ódýrast, og í öðru lagi þarf ríkið ekki að láta taka fram fyrir hendurnar á sér að því er snertir herzlu á lýsi. Það hefur nóg tækifæri til þess að vinna gegn því.

Af því að ég hef ekki heyrt nein rök fyrir því að setja þetta bann gegn því, að sett verði á stofn lýsisverksmiðja, álít ég ekki þörf á löngu máli um þetta. Ég vil að lokum benda á það, að bann það, sem enn þá er í gildi, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur, er búið sannanlega að valda þessu landi tjóni, sem nemur sjálfsagt tugum millj. króna, ef ekki miklu meira, og það væri illa farið, ef ný bönn yrðu þess valdandi, að þjóðfélagið biði áframhaldandi tjón, og ekki sízt, ef þetta bann skyldi fela í sér mjög mikið tjón fyrir atvinnulífið í landinu, því að það má búast við því að liðnum þessum stríðsárum, að ekki veiti af því, sem atvinnuvegirnir hafa upp á að bjóða af vinnu fyrir fólkið og að það verði að reyna að halda uppi þeirri vinnu, sem unnt er. Ég geri ráð fyrir því, að þau andsvör komi hér á móti, að ríkið geti veitt þetta leyfi, ef hagkvæmt þykir, — en hvers vegna á að synja mönnum um að byggja verksmiðju, ef ríkið ætlar hvort sem er eftir á að veita þeim þetta leyfi? Ef það ætlar að veita leyfið, þarf það ekki að áskilja sér rétt til þess að banna þetta. Og hvað á þetta þá að þýða? Það hafa komið fram rök gegn þessu, að einstaklingar hafi ekki vit á því og þeir muni þjóta í að byggja verksmiðjur, sem yrðu til tjóns. Svo hef ég aftur heyrt, að ríkið ætti að hafa vit fyrir mönnum, en ég hygg, að þeir menn, sem snúa sér að því að fást við útgerðarstarfsemi og verzlun með sjávarafurðir, hafi mest tök á að skilja þetta og bezta aðstöðu til þess að haga því svo, að af verði fjárhagslegur hagnaður. Það er af þessari ástæðu, sem ég og við þessir tveir nm. álítum frv. til tjóns fyrir þjóðfélagið, og það er af þeirri ástæðu, sem við leggjum eindregið til, að það verði felllt.

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Eins og sjá má á þskj. 310, hefur meiri hl. sjútvn. lagt til, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ. óbreytt, en í þeim meiri hl. eru form. n., þm. Ísaf. (FJ), 6. landsk. (LJós) og ég. Hins vegar eru 7. þm. Reykv. (SK) og þm. N.-Ísf. (SB) mótfallnir því, að frv. verði samþ., og hefur frsm. minni hl. gert nokkra grein fyrir afstöðu þeirra. Ég get tekið undir með frsm. minni hl., að það sé ekki ástæða til að halda langar ræður um þetta mál og það af þeirri ástæðu, að þegar hafa hér á Alþ. í sambandi við tilsvarandi ákvæði í l. um síldarverksmiðjur komið fram ýmis af þeim rökum, sem hér eiga einnig við. Á síðasta þingi, sem háð var í sumar sem leið, voru samþ. l. þau, sem hér er vitnað í frá 25. sept., nr. 93, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur. Samkv. þessum l. er það ákvæði, að ríkið láti reisa, þegar tiltækilegt þyki, síldarverksmiðjur á tilteknum stöðum, nokkuð mörgum. Það, sem hér er um að ræða, er allmikið fyrirtæki af hálfu ríkisins, þannig að þær síldarverksmiðjur, sem ríkið mundi reisa samkv. þessum l., mundu vinna úr mun meira magni síldar heldur en þær verksmiðjur allar, sem ríkið á nú, og með samþykkt þessara l. má segja, að af hálfu Alþ. hafi verið gengið inn á

það sjónarmið, að rétt væri að auka til muna síldarvinnsluna. En í sambandi við samþykkt þessara l. um þessa stórfelldu fyrirhuguðu aukningu voru sett inn í l. ákvæði, sem voru á þá leið, að ríkið léti reisa verksmiðju til herzlu síldarlýsis, þegar rannsókn sýndi, að það væri tímabært.

Það er nú nokkur tími síðan byrjað var að gera athuganir um, hvort af ríkisins hálfu mundi tiltækilegt að reisa verksmiðju til herzlu síldarlýsis. Var að tilhlutun ríkisstj., Alþ. og verksmiðjustjórnar gerð athugun um þetta. Var Trausta Ólafssyni efnafræðingi sérstaklega falið að athuga þetta mál, og gerði hann um það skýrslu til ríkisstj. á sínum tíma. Það hefur því þegar farið fram nokkur undirbúningur af ríkisins hálfu til að ráðast í slíkar framkvæmdir, og s. l. sumar ákvað þingið það endanlega með samþykkt téðra l., að ríkið skyldi ráðast í slíkar framkvæmdir, þegar tiltækilegt þætti. Samkv. þessu mun mega ganga út frá því, að frá hálfu ríkisins verði framkvæmdir hafnar á þessu sviði, strax og möguleikar eru á því. Hins vegar verður að telja það töluvert óheppilegt, ef svo skyldi fara, að samtímis því, að ríkið ætlaði að ráðast í þetta fyrirtæki og hefði með höndum undirbúning til þess, væri af hálfu einstaklinga einnig hafinn slíkur undirbúningur. Það verður að teljast óheppilegt, vegna þess að eftir þeim rannsóknum, sem fyrir liggja, er ekki líklegt, að ráðizt verði í að reisa nema eina slíka, eða í mesta lagi tvær herzlustöðvar, — eina á Siglufirði og ef til vill á öðrum stað —, og má þó telja það vafasamt samkv. þeirri skýrslu, sem fyrir liggur frá sérfræðingnum, sem ég nefndi áðan. Það verður að teljast óheppilegt, ef samtímis því sem ríkið færi að reisa slíka herzlustöð, að einstaklingur byrjaði á þessu, og gæti farið svo, að það yrði öðrum aðila eða jafnvel báðum til tjóns, að þannig færu tveir út í þetta á sama tíma. Yrði fyrst um sinn aðeins reist ein herzluverksmiðja. Verður að telja það sjálfsagt, þar sem ríkið er stærsti atvinnurekandinn í síldariðnaðinum og hefur eðlilega hagsmuni almennings fyrir augum í sambandi við þann atvinnurekstur, að einmitt það reki slíka verksmiðju, og yrði að telja óeðlilegt, ef aðrir aðilar, sem hefðu miklu minni síldariðnað en ríkið, ættu slíkt fyrirtæki, sem þá hefðu eins konar einkaaðstöðu í þessum efnum og kynni að geta þröngvað kosti bæði ríkisverksmiðjanna og annarri hinna smærri síldarverksmiðja vegna aðstöðu sinnar, því að það er auðvitað mál, að þegar þetta er komið í það horf, að unnið er úr lýsinu hér á landi, hefur sá aðilinn, sem hefur aðstöðu til lýsisherzlunnar, hver sem hann er, sérstaka aðstöðu gagnvart öðrum verksmiðjum í landinu.

Með tilliti til þess, sem nú hefur verið sagt, hefur meiri hl. sjútvn. talið eðlilegt, að frv. verði samþykkt. Meiri hl. telur eðlilegt, að ríkið hafi vald á þessum framkvæmdum í landinu og að einstaklingar geti ekki stofnað til framkvæmda á þessu sviði, framkvæmda, sem kynnu að fara í bága við framkvæmdir ríkisins. Hins vegar, ef svo skyldi fara, sem ólíklegt er, að ríkið hætti við framkvæmdir á þessu sviði, er ekki ástæða til að meina einstaklingum að ráðast í byggingu slíkrar verksmiðju, og eins ef það sýndi sig við nánari rannsókn, að fleiri herzlustöðvar gætu verið starfandi í landinu, gæti vel komið til mála, að leyfi væru veitt.

Meiri hl. Alþ. samþykkti á sínum tíma, að leyfi atvmrh. skyldi þurfa til að byggja nýjar síldarverksmiðjur. Ég skal ekki fara út í þau rök, sem fyrir því voru. Þau voru lögð fram á Alþ. þá, en ég vil segja það, að ef ástæða var til, að þetta leyfi þyrfti til að reisa nýjar síldarverksmiðjur, þá er alls ekki minni ástæða til þess, að leyfi þurfi til að reisa verksmiðju sem þessa.

Þóroddur Guðmundsson: Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál, en vil aðeins víkja nokkrum orðum að nál. þeim, sem hér liggja fyrir. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ., en minni hl. er á móti því. Mér finnst meiri hl. ekki hafa athugað þetta mál nægilega og finnst honum hafa sézt yfir nokkur þýðingarmikil atriði. Það er rétt tekið fram í áliti meiri hl., að það megi ekki byggja nýjar síldarverksmiðjur nema með leyfi atvmrh., og er það notað sem rökstuðningur fyrir því, að leyfi atvmrh. ætti að þurfa til þess að reisa lýsisherzlustöð. Mér finnst, að árangurinn af því, að það þarf leyfi ráðh. til þess að reisa síldarverksmiðjur, hafi ekki orðið eins og til var ætlazt í upphafi. Það hefur sjálfsagt ekki verið meiningin, að þetta ákvæði yrði til þess að hindra byggingu nýrra síldarverksmiðja í landinu, er bættu úr þeirri þörf, sem fyrir þær hefur verið á s. l. árum. En því miður hefur reynslan orðið sú. Nærtækasta dæmið er, að það fékkst ekki fyrir strið að byggja nýja 5000 mála síldarverksmiðju á Siglufirði, og vegna þessa er Siglufjarðarkaupstaður mörg hundruð þúsund krónum eða milljónum fátækari en annars hefði verið. Ég þori að fullyrða, að ef ekki hefði þurft að sækja undir atvmrh., hefði þessi verksmiðja verið reist. Það ættu þeir menn að íhuga, sem álita, að sams konar ákvæði eigi að hafa um byggingu herzlustöðva. Það er varhugavert að setja ákvæði í l., sem kunna að vera einhverjir kostir við, en geta verið meiri ókostir. Sumir menn hafa tröllatrú á því, að það þurfi um sem flest að fá leyfi frá ríkisstj., og hefur meira og meira verið gert að því undanfarin ár. Það er í rauninni komið svo, að bæði í framleiðslu og verzlun geta menn ekki þverfótað fyrir hindrunum. Það þarf að sækja um leyfi til allra hluta. Ég held, að hv. þm. ættu að athuga þetta. Þó að það komi að gagni í sumum tilfellum, hefur oft hlotizt af slíku mikið ógagn. Það hefur sjálfsagt orðið til mikillar blessunar fyrir land og lýð, að ráðizt var í að reisa ríkisverksmiðjurnar, en ég tel illa farið, ef þær, í stað þess að vera til almenningsheilla og gera framleiðsluna verðmeiri en ella, verða til þess, að settar verði ýmis konar hindranir á því, að upp vaxi ný fyrirtæki, eins og herzlustöðvar. Það er enginn efi á, að það er þegar farið að bóla á sterkri tilhneigingu til þess, að ríkisverksmiðjurnar verði slík einokunarfyrirtæki, og er þá komið út af þeirri braut, sem upphaflega var mörkuð.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég er að mörgu leyti sammála því, sem í nál. minni hl. segir. Við höfum reynslu fyrir því, að þegar um slík ákvæði er að ræða til að hindra eða leyfa og banna ný atvinnufyrirtæki, er full ástæða til að fara varlega. Frá byrjun hefur það ákvæði verið gildandi, að ekki mætti reisa síldarverksmiðjur nema með leyfi ríkisins. Þetta ákvæði hefur þá líka orðið til þess, þegar Alþ. hefur átt að fara að ákveða, hvar skyldu reistar síldarverksmiðjur, að smáverksmiðjur hafa risið upp á öllum mögulegum stöðum, og þegar á að fara að ákveða verðið, græða þær í skjóli ríkisverksmiðjanna. Það er full ástæða til að íhuga, hvort hér er verið á réttri braut.

Hér er um herzlustöðvar að ræða. Ég hygg, að þær séu slík fyrirtæki, sem ekki sé ráðizt í út í vitleysu. Þær þurfa mjög mikið rafmagn, lágmarksafl 2000—3000 hestöfl, og það þarf að tryggja, að sé fyrir hendi. Þá er útilokað, að nokkur geti þetta, nema hann hafi fyrir fram gert samning við aðila, sem á vatnsaflsráð, en það er í flestum tilfellum bæjarfélög. Áhættan er því lítil, að herzlustöðvar verði reistar á ómögulegum stöðum. Ég held því, að varhugavert sé að setja slíkt ákvæði út í bláinn, og þó að ég greiði atkv. með málinu til 3. umr., býst ég við að flytja þá brtt. við þetta atriði.

Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson): Ég get stytt mál mitt vegna þess, sem fram kom hjá hv. 2. landsk. þm. og hv. þm. Siglf. Ég vil benda á það, að ef Alþ. skyldi óttast, að útvegsmenn mundu flana út í að reisa verksmiðju, sem yrði þeim fjárhagslegur baggi, eru sjálfkrafa á þetta hömlur settar, en þegar vinnsluaflið er fyrir hendi, er ég sannfærður um, að það verður talið jafnsjálfsagt og kaldhreinsun nú, að allt lýsi, sem unnt er að herða, verði flutt út í því ástandi, hver svo sem á það. Það er áreiðanlega ástæðulaust að hefta menn í þessu. Örðugleikarnir sjálfir munu gera það.

Ég vil nefna það, að þessi hugmynd, að banna mönnum að reisa nýjar síldarverksmiðjur, hefur sáralítið fylgi nú orðið. Mörg sveitarfélög hafa reist smáverksmiðjur, sem síðan kom í ljós, að var óhagkvæmt, og það er ekki fræðileg sönnun fyrir hendi um það, hve stór verksmiðja þurfi að vera til þess, að hún beri sig fjárhagslega. Ég skal t. d. nefna, að á Alþ. — ég held 1941 — flutti ég frv. til breyt. á verksmiðjul. á þá leið að fella niður 1. gr., sem felur í sér þetta bann. Einmitt núv. form. sjútvn., sem þá var og er í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, mælti með frv. Hann stendur að vísu nú að meirihl.nál., og hv. 6. landsk. þm. líka, en þó að ég ætli ekki að fara að gera þeim upp hugsanir, býst ég við, að þeir hafi báðir gert það frekar af kurteisi við málið en að þeir haldi, að nauðsynlegt sé að banna mönnum að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Rök hv. frsm. meiri hl. voru ekki þess eðlis, að ég sjái ástæðu til að fara út í ræðu hans, sem að mestu leyti var endurtekningar úr grg.

Það fer fjarri því, að það sé tilgangur minni hl., að upp rísi nokkur keppinautur við ríkið. Mitt sjónarmið er, að þegar frá líður, verði það talið sjálfsagt, að hver sá, sem framleiðir lýsi í svo stórum mæli, að það borgi sig að herða það til útflutnings, fullvinni sitt lýsi. Það getur engum manni orðið til tjóns. Ég held því, að hv. d. ætti ekki að binda sig við gamlar kreddur, heldur snúast skynsamlega við því, sem framtíðin án efa ber í skauti sínu, og fella frv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Ræða hv. frsm. minni hl. gefur ekki mikið tilefni til andsvara, en ég verð að segja það, að enda þótt ég dragi ekki í efa, að alþm. séu vel að sér í hvers konar hæversku, hélt ég ekki, að þeir væru svo kurteisir, að þeir mæltu með framgangi frv. á Alþ. af einskærri kurteisi við málin.

Einstaklingsframtakinu í landinu hefur í þessum umr. komið liðsauki óvæntur, þar sem er hv. 2. landsk. þm., sem nú virðist hafa beyg af því, að sósialisminn færist í aukana. Það má vera, að gengi þeirrar stefnu hafi orðið fullmikið í seinni tíð, en ég hefði ekki haldið, að þetta frv. væri svo sósíalistiskt, að ástæða væri til að óttast það af þeim orsökum.

Ég hef út af fyrir sig ekki rætt um ástæðurnar fyrir því ákvæði síldarverksmiðjul., að leyfi stjórnarvaldanna til að reisa nýjar verksmiðjur þurfi að koma til. Mér er ekki sérstaklega kunnug sú ráðstöfun, sem hv. 2. landsk. þm. talaði um áðan, þegar synjað var um leyfi til Siglufjarðarbæjar til að reisa verksmiðju. Ég veit ekki, hvort þetta var réttmætt eða ekki, en þó var það svo, að með tilliti til fyrri afstöðu þáv. atvmrh. má ætla, að rök hafi legið fyrir, þegar hann tók á sig þá ábyrgð að neita um leyfið. Það er vitað mál, að þegar um er að ræða jafnmikinn atvinnurekstur og þetta, greinir menn á um, hvort á að láta hann vaxa án eftirlits og af sjálfu sér, eða að hið opinbera hafi umsjónina, með almenningsheill fyrir augum. En mér finnst ekki hægt að segja, að Alþ. hafi sýnt íhaldssemi í þessum málum eða skilningsleysi á þörfinni fyrir aukningu síldariðnaðarins, þegar lítið er á l., sem samþ. voru á síðasta þingi.

Ég skal ekki ræða málið frekar, heldur aðeins endurtaka þá till. meiri hl., að frv. verði samþ. í deildinni.

Fjmrh. (Jakob Möller): Af því að borið hefur á góma sögu Rauðku-málsins, en þáv. atvmrh., hv. þm. G.-K., er ekki í d., vildi ég mega leiðrétta það, sem sagt var um synjunina til Siglufjarðarbæjar um leyfi til að reisa 5000 mála verksmiðju á Siglufirði. Um synjun var ekki að ræða, heldur takmörkun frá því, sem bærinn vildi. Ráðh. veitti leyfi til 2500 mála verksmiðju. Út af orðum hv. frsm. meiri hl. um, að sterk rök hlytu að hafa verið fyrir afstöðu ráðh., sé ég ekki ástæðu til að draga fjöður yfir það, að þær ríku ástæður voru fyrir hendi, að meiri hl. stj. síldarverksmiðja ríkisins lagði eindregið á móti því, að þetta leyfi væri veitt, og stj. Landsbanka Íslands sömuleiðis. Geta menn svo metið, hvað rétt hafi verið að gera í því máli.

Ég vil eindregið fylgja till. hv. minni hl. n. og er alveg sammála því, sem hv. 2. landsk. þm. lýsti yfir um sína afstöðu. Ég get skrifað undir hvert orð, sem hann sagði.

Áki Jakobsson: Ég vil ekki láta ómótmælt þeim orðum, að við hv. 2. landsk. þm. séum að hafa á móti sósialismanum í afstöðu okkar til þessa máls.

Það er á engan hátt sósíalismi, þó að borgaralegt ríkisvald taki að sér borgaralegan atvinnurekstur. Ég vil nefna dæmi. L. um að reisa nýjar síldarverksmiðjur, sem samþ. voru á síðasta Alþ., gera ráð fyrir, að Síldarverksmiðjur ríkisins reisi 6 smáverksmiðjur. Fyrirsjáanlegt er, að þessar verksmiðjur verða vegna smæðar sinnar mjög dýrar í rekstri. Hins vegar, vegna þess að Síldarverksmiðjur ríkisins ákveða hrásíldarverðið, verður þessi dýri rekstur þeim skaðlaus, en kemur niður á sjómönnum og útgerðarmönnum, sem fá þá minna fyrir síld sína en þeir annars hefðu getað fengið. Síldarverksmiðjur einstaklinga, sem eru stærri og fullkomnari og því ódýrari í rekstri, geta þá líka grætt í skjóli Síldarverksmiðja ríkisins. Eitt dæmi um þessar smáu verksmiðjur er síldarverksmiðjan á Húsavík. Þar var byggð 400 mála verksmiðja, sem fyrirsjáanlegt var, að aldrei mundi geta staðið undir sér. Þegar þetta er fram komið, eru Síldarverksmiðjur ríkisins látnar yfirtaka þessa verksmiðju, og þar með er aukið enn á rekstrarkostnað þeirra. Það er yfirleitt varhugavert að draga atvinnurekstur í hendur ríkisins á þann hátt, að það verði beinlínis til þess að binda tækniþróun atvinnuveganna. Það er enginn sósíalismi að grípa á þann hátt inn í mekanisma kapitalismans, að eðlilegur vöxtur atvinnuveganna og framfarir í tækni séu hindruð.

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Ég skal vera mjög stuttorður. Mér skildist hv. þm. Siglf. telja sig vera að gera aths. við ræðu mína áðan. Það var þó ekki beinlínis hans ræða, sem ég var að svara, heldur hv. 2. landsk. Ég sagði eitthvað á þá leið, að mér hefði skilizt á orðum hv. 2. landsk., að honum þætti gæta um of sósíalisma í atvinnurekstri þessa lands og aðgerðum Alþ. í þeim efnum. Ég þóttist hafa fulla ástæðu til að segja þetta, því að hv. 2. landsk. talaði mjög í þeim anda, sem áður hefur heyrzt hjá þeim, sem fastast trúa á einstaklingsframtakið. Hann talaði um „mjög svo óheppileg afskipti“ þess opinbera af atvinnurekstrinum og kvartaði um, að atvinnurekendur þyrftu að sækja um leyfi til Alþ. eða ríkisvaldsins um alla skapaða hluti og mættu hvergi um frjálst höfuð strjúka. Mér skildist af þessu, að honum myndi þykja nóg um þau tök, sem sósíalistar væru búnir að ná á Alþ. og löggjöf landsins. Hv. þm. Siglf. undirstrikaði, að mér skildist, þetta sama í ræðu sinni. Hann sagði beinlínis, að það mætti ekki trufla hin eðlilegu lögmál hins „kapitalistiska“ þjóðfélags, á meðan hið kapitalistiska þjóðfélag stæði. Mér virðist hann því vera á þeirri skoðun, að ekki mætti gera neina tilraun með sósíalisma í þessu þjóðfélagi, því að það sé „að trufla hin eðlilegu lögmál kapitalismans“.

Hann talaði um verksmiðjuna á Húsavík. Hann sagði, að hún hefði verið byggð til svo lítilla afkasta, að ekki gæti borið sig. Mönnum hefði verið ráðið frá því að byggja svo smátt, og það hefði sýnt sig, að þær aðvaranir hefðu haft við rök að styðjast. Ég vil aðeins benda honum á, að það var síður en svo, að þessi verksmiðja væri reist á sósíalistiskum grundvelli. Hún var einkafyrirtæki, byggð af hlutafélagi, og má vel vera, að ef ríkisverksmiðjurnar eða ríkið hefði átt að sjá um framkvæmdirnar á þessum stað, þá hefði ekki svo farið sem fór. En þetta bendir einmitt til þess, hvernig fer, þegar slíkar framkvæmdir eru eftirlitslausar með öllu af hálfu hins opinbera.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, STh, SÞ, SkG, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GG, HelgJ.

nei: JakM, JPálm, JS, PO, SB, SK, ÞG, GSv, IngJ, JJós.

6 þm. (ÓTh, SEH, SvbH, BG, GÞ, GTh) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 18:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:4 atkv.

Á 52., 53., 54. og 59. fundi í Nd., 8., 9., 10. og 16. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 19. febr., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Ég vildi aðeins fara þess á leit, að fyrsta dagskrármálinu yrði frestað og það tekið af dagskrá. Það er nauðsynlegt að tryggja það, að svona frv. verði ekki misnotað af stjórnarvöldunum, eins og hefur komið fyrir í sambandi við þess háttar ákvæði, t. d. á Siglufirði. Ég tel því nauðsynlegt, að málinu verði enn frestað, svo að hægt sé að koma með brtt. við það. Við þm. Sósfl. munum ekki geta fylgt frv. eins og það er nú.

Forseti (JJós): Enda þótt málinu hafi áður verið frestað samkv. ósk þeirra manna, sem vilja fylgja málinu óbreyttu, mun ég verða við þeim tilmælum að fresta því nokkuð, þar sem nú í fyrsta sinn koma tilmæli um það frá hálfu þeirra manna, sem vilja breyta málinu.

Á 67. fundi í Nd., 26. febr., var frv. enn tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 1. marz, var frv. enn tekið til 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Ég vildi aðeins mælast til þess, að atkvgr. yrði frestað, því að ég sé, að allmarga hv. þm. vantar í deildina.

Forseti (JJós): Það er sjálfsagt að verða við þeirri ósk hv. þm., og er þá atkvgr. frestað, en umr. er lokið, eins og áður er sagt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 2. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. felt með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, PÞ, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÁÁ, BG, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB, LJós.
nei: ÓTh, PO, SB, SG, SEH, SK, STh, ÞG, ÁkJ, EOl, GÞ, GTh, IngJ, JakM, JPálm, JS, JJós.
SigfS greiddi ekki atkv.
2 þm. (GSv, HelgJ) fjarstaddir.

4. Sala á spildu úr Neslandi í Selvogi.

Á 30. fundi í Ed., 13. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi (þmfrv., A. 185).

Á 32. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Frv. þetta hefur áður legið fyrir hv. d., eins og um getur í frv., og ætti því síður að vera þörf á að fjölyrða um það núna, og enn síður þar sem allar ástæður eru óbreyttar frá því, sem var, þegar frv. var seinast á ferðinni, en það var árið 1941. Hv. 1. þm. Árn. (JörB), sem átti og á enn sæti í Nd., flutti frv. þá. Eins og drepið er á í grg., þá náði frv. framgangi í hv. Nd., en dagaði uppi hér í hv. d. Aðalatriði frv. eru sem hér segir: Árið 1934 fóru fram samningaumleitanir við eigendur jarða þeirra, er land eiga á sandsvæðinu frá ósum Ölfusár vestur til Selvogs, um sandgræðslu og friðun þessa lands. Sýslumanninum í Árnessýslu, sem hafði forgöngu í málinu, og eiganda Neslands kom saman um, hvaða landssvæði skyldi friða af Neslandi, og voru þeir samningar undirritaðir. Það, sem hefur valdið óánægju Guðmundar Jónssonar, bónda í Nesi, er það, að þegar til framkvæmda kom með sandgræðsluna, þá var tekið meira land frá Nesi en í samningunum stóð. Guðmundur bóndi er þannig gerður, að hann vill, að gerðir samningar séu haldnir, og jörð hans hefur einnig misst mikið af góðu landi við þetta samningsrof, svo að hún verður ekki nytjuð að fullu. Í öðru lagi er svo með þessa landspildu, að hún er að kalla gróin og var það, þegar sandgræðslugirðingin var sett, svo að eigi virðist ástæða til að hafa hana innan girðingarinnar.
Eins og stendur í 1. gr., fer frv. fram á, að ríkisstj. heimilist að selja eiganda Neslands þessa spildu. — Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar nú, nema tilefni gefist til þess af umr. annarra hv. þm., og legg til, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 6. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 185, n. 305 og 342, 344).

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Það er nú vitað, að löngum hefur verið blásturssamt í Selvoginum, og hafa stormar mjög mætt þar á jörðinni, en ekki var það nú fyrr en á síðasta áratugi, eða eftir 1930, 1932—1933, sem fyrst var fyrir alvöru farið að undirbúa og gera gangskör að sandgirðingu og öðrum aðgerðum til heftingar sandfoki þar í sveit. Ég býst við, að einn aðalfrumkvöðull að þeim aðgerðum hafi verið þáverandi sýslumaður Árnessýslu, Magnús Torfason, og er ekki nema gott eitt um þá viðleitni að segja. Ég ætla, að þegar þessi mál hafi verið fyrst borin undir bændur þar í sveit, þá hafi það atvikazt þannig, að hinar tiltölulega beztu undirtektir, sem mál þetta fékk, og bezti skilningur hafi verið hjá bónda þeim, sem bjó þar á stærsta jarðnæðinu og þar, sem mest mundi mæða á framkvæmd málsins, en það er bóndinn á stærstu jörðinni í Selvogi, Guðmundur Jónsson í Nesi. Hann tók þessu máli mjög hvetjandi og ég hygg miklu betur og líklegar heldur en ýmsir aðrir þá í byrjun.
Það var fyrst síðar, þegar heimamenn í Selvogi fóru að girða lönd sín og þetta mál komst á frekari rekspöl, að ágreiningur nokkur hófst um ýmis smáatriði, sem að framkvæmd þessara sandgirðinga lutu.
Ég verð að geta þess, að þegar til framhaldsundirbúnings undir sandgræðslumálin kom, þá var þessi sami maður, oddviti sýslunefndar Árnessýslu, sem færði það á ný í tal á ákvarðandi hátt við bændur þá, sem kom þetta mál við, sem áttu eða bjuggu á sandlöndunum, hvað gæti orðið að samkomulagi. Það var víst árið 1934, sem þessu var komið á þann rekspöl, að farið var að tala um það sem undirbúning til ákvarðana í því máli, hvar sandgirðingar ættu að liggja. Það mun hafa verið á manntalsþingi 1934, sem þetta barst þannig í tal, og munu menn þá hafa orðið mjög ásáttir um það, hvar líklegust girðingastæði væru, og munu hafa verið tilgreind merki o. s. frv.
Þessu til staðfestingar, til þess að koma þessu máli á hreint, þá var síðar á því ári, eða haustið 1934, kvaddur saman fundur í Hveragerði í Ölfusi, þar sem Magnús Torfason var staddur, og fyrrv. búnaðarmálastjóri, Sigurður Sigurðsson, var þar einnig. Og ég staðhæfi, að Gunnlaugur Kristmundsson var þar einnig, svo og bændur þeir, sem helzt þurfti að koma til samkomulags við og bjuggu á þessu sandsvæði. Bóndinn í Nesi, Guðmundur Jónsson, var þar og Sigurður Þórðarson á Hlíðarenda, og ég hygg líka kaupfélagsstjóri þeirra Árnesinga, Egill Thorarensen. Og það var ekkert annað en gott og blessað að segja um þennan fund. Þar voru menn sáttir og sammála um málið og staðfestu þau merki á sandgirðingum, sem stungið hafði verið upp á í góðu samkomulagi á manntalsþinginu í Selvogi. Og þarna var á Hveragerðisfundinum í viðurvist þessara forustumanna sandgræðslumálanna,

fyrst og fremst oddvita sýslunefndar svo og Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og Gunnlaugs Kristmundssonar, undirskrifuð samþykkt viðkomandi jarðeigenda, sem innihélt skuldbindingar og yfirlýsingar um það, að svona skyldi sandgirðingin liggja með tilgreindum merkjum.

Að því, er snertir Nesland í Selvogi, voru ummerkin frá Hellisþúfu og sjónhending til sjávar í Viðarhelli. Þannig var málið staðfest og ákvarðað samkv. fyrra samkomulagi á þessum Hveragerðisfundi. Og var ekki annað séð en að öllum, sem þar áttu hlut að máli, þætti það sanngjarnt og þeir sættu sig vel við það. Enda munu hlutaðeigendur hafa álitið, og veit ég það sérstaklega um Guðmund Jónsson, að með þessu væri málið ákveðið. Og eins og hann hafði skuldbundið sig til með undirskrift sinni, taldi hann gagnkvæmt, að hlutaðeigandi stjórnarvöld væru skuldbundin til að halda að sínu leyti fast við, að svona yrði málið afgreitt. Þessi staðfesting í Hveragerði hafði verið stíluð til Búnaðarfélags Íslands, eins og mun hafa átt að gera eftir sandgræðslul. eða anda þeirra, því að Búnaðarfélag Íslands er samkv. l. aðili til ákvörðunar um slík mál.

En svo einkennilegt er það um þessa samþykkt frá Hveragerðisfundinum, sem stíluð var til Búnaðarfélags Íslands, að ég hef heyrt kunnuga menn segja, að hún hafi ekki fyrirfundizt hjá Búnaðarfélagi Íslands og sé í raun og veru ekki sjáanlega til staðar. Ég vildi að vísu, að það reyndust ósönn orð, því að það væri kannske dálítið aukin trygging fyrir þeim málstað, sem fluttur er samkv. frv. þessu, að sú samþykkt fyrirfyndist. Og það sýnist furðulegt, ef það má ekki svo verða. Það er nú svo, að þann mann, sem hefur — af skiljanlegum ástæðum að vísu — orðið til aðalandófs vegna þeirrar málaleitunar, sem fylgt er á eftir með þessu frv., sandgræðslustjóra ríkisins, Gunnlaug Kristmundsson, rekur ekki minni til þess, hvort hann var á þessum Hveragerðisfundi eða ekki. Hann segist ekki muna það. En aðrir hlutaðeigendur, sem muna harla vel eftir þessum fundi og hvað þar gerðist, þeir staðhæfa, að sandgræðslustjóri hafi setið þar allan fundinn og engum andmælum hreyft. Þetta segir Guðmundur Jónsson í Nesi, og ég hef skjalfest vottorð frá Sigurði Þórðarsyni, bónda á Hliðarenda, um það, að sandgræðslustjóri hafi setið þann fund mótmælalaust.

Ef sandgræðslan hefði verið framkvæmd eftir þessari samþykkt á þessum fundi, þá væri ekkert frv. komið fram til lagfæringar, því að þá hefði þess ekki þurft. En þegar leið nær framkvæmd málsins, þá er í stuttu máli sagt, að það var stofnað til sandgræðslugirðingar með allt öðrum hætti með tilliti til landamerkja Ness í Selvogi heldur en svarar til þessarar nefndu samþykktar. Þá var sem sagt farið fram á það af hálfu sandgræðslustjórans, að girt yrði þar út undir túnum, eða allnærri heimaræktarlandi heima undir bæjum í Selvognum. Og munaði þar harla miklu frá því, er samningar stóðu til, sem ég gat um. Það kom þar þrihyrningur ofan frá þessari Hellisþúfu og til sjávar, sem var viðaukinn, sem nú stóð til að taka til viðbótar í sandgirðinguna. Þegar Guðmundur bóndi í Nesi vissi um þá fyrirætlun sandgræðslustjóra að vilja nú telja nauðsynlegt að taka inn í sandgirðingu allt annað og meira af landi sínu heldur en nefndir samningar stóðu til, kom það honum allmikið á óvart, og taldi hann sig þar hafa mikilla hagsmuna að gæta og að það þyrfti ekki svo að verða, og þóttist, sem suma mun ekki furða, vera hart leikinn, þar sem í þessum viðskiptum, eins og í öðrum borgaralegum viðskiptum, mætti ekki standa skráð viðskiptaniðurstaða. Og þó að sandgræðslumálin séu hin merkilegustu og þeim beri að sýna fulla alúð, virtist honum framkvæmdir í þeim málum ekki vera undanþegnar orðheldni um skuldbindingar. Guðmundur er þannig maður, að hann gat ekki gengið fram hjá þessum atriðum og hefur því sótt mál sitt í samræmi við þessa skoðun sína. Guðmundur Jónsson í Nesi hefur játað, að það hafi í raun og veru verið að þakka lipurð og sanngirni þáverandi landbrh., Hermanns Jónassonar, að öll sú viðbótargirðing, sem stóð til samkv. vilja sandgræðslustjóra að taka fyrir til framkvæmdar umfram það, sem samningar voru gerðir um, var ekki gerð, heldur þar nokkuð miðlað málum. Niðurstaðan varð því sú, að allmikið land var tekið í þessa sandgirðingu umfram það, sem samið hafði verið um, en þó ekki svo nærgöngult heimatúnum í Selvogi sem sandgræðslustjóri hafði farið fram á. Enda er nú svo einkennilega málum háttað, að um sama leyti, er þetta var að komast í kring, var sandgræðslustjóranum skrifað bréf frá hæstv. þáv. landbrh., sumarið 1935, þar sem landbrh. tilkynnir sandgræðslustjóra, hvar merkin skuli vera. Og þau merki eru, að því er Nesland snertir, sem næst þeirri línu, sem samkomulag hafði orðið um á áðurnefndum Hveragerðisfundi. Það heitir í því bréfi „frá Hellisþúfu að Bjarnavík", sem er þar við sjóinn, — að vísu ekki í Viðarhelli, heldur í Bjarnavík. En milli Viðarhellis og Bjarnavíkur er örstutt, þannig að þetta munar svo að segja engu. Þetta er staðfesting, sem lögð var fyrir sandgræðslustjóra árið 1935 af stjórnarvöldunum, að sandgirðingunni skyldi svona vera háttað. Skoða ég þetta sem staðfestingu á því, að það væri ekki úr lausu lofti gripið, að girðingin ætti að vera á þessum stað, eins og Hveragerðissamningarnir stóðu til, því að margt mun hafa verið búið að ræða um þetta, og það mun ekki hafa verið hending ein, að svona var ákveðið. En sumarið 1935 er það, að Guðmundur Jónsson í Nesi er staddur hér í Rvík og skrifar þá undir heimild til þess að girða viðbótarland, taka viðbótarland úr Neslandi til sandgræðslu umfram það, sem talað var um í bréfi ráðh. og samþykkt var í Hveragerði, fláka, sem nú er í girðingunni, og það, sem hann nú er að leita endurkaupa á frá ríkinu.

Menn kynnu nú að spyrja: Hvers vegna skrifaði Guðmundur Jónsson undir þetta bréf, sem hann skrifaði undir í viðurvist Magnúsar Torfasonar og annarra skilríkra manna? Það liggur svo í því, að þegar Guðmundur varð þess áskynja, að það kapp var í málinu af hálfu sandgræðslustjóra, að hótað var eignarnámi, sem l. standa að vísu til, ef samkomulag er ekki fáan-

legt um afhendingu, og þá vildi hann heldur með samkomulagi, þótt nauðugur væri, afsala sér þessu í hreinum viðskiptum en að láta eignarnámshandahóf dynja yfir sig og missa kannske af enn meira landi. Af tvennu illu kaus hann það þá heldur að skrifa undir þetta en að eiga á hættu, að meira land yrði tekið. Hann var það mikill búhyggjumaður, að hann sá, að þetta var áhættuminna, en meira eða minna handahóf réði því, hvaða land yrði af honum tekið. Hér er því ekki verið að fara fram á annað en að leiðrétta hlut Guðmundar Jónssonar í Nesi, svo að hann fái þann rétt, sem honum skýlaust ber í þessu máli, sem tekinn var af honum án tillits til nauðsynjar. Og þá eigi hann þann rétt og fái það land aftur, er frv. fer fram á, ef stj. telur það hættulaust vegna sandgræðslunnar.

Ég vil taka það fram strax fyrir þá þm., sem á sínum tíma eiga að greiða atkv. um þetta mál, að þeim á að vera óhætt að treysta hverri stj., sem þetta kann að taka til meðferðar, til þess að athuga allar aðstæður, áður en Guðmundur Jónssyni er aftur fengið það land, sem af honum var tekið. — Og þótt einhver segi, að með þessu sé verið að skylda stj. til að láta þetta land af hendi, þá er það bara ekki sannleikanum samkvæmt. Henni ber að athuga sandfokshættuna, áður en hún veitir þessa heimild.

Nú vill svo til, að kunnugir menn í Selvogslandi líta svo á, að ekki stafi nein sandfokshætta af því landi, sem Guðmundur Jónsson vill kaupa. Að vísu er það svo, að efst uppi í hlíðinni eru líkindi til, að land eyðist alveg smátt og smátt. En neðan til er mikið af landinu svona. Það er ekki hægt að ganga fram hjá því, að þetta bera margir, sem til þekkja, með Guðmundi bónda í Nesi.

Frv. þetta var flutt fyrir nokkrum árum af hv. 1. þm. Árn. (JörB) í Nd. Þar segir í grg. fyrir því, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er útilokað, að nokkur minnsta hætta sé á uppblæstri af þessu landi, þó að það sé ekki friðað. Landið var áður örfoka, en er nú að kalla gróið.“

Þetta er alveg réttilega mælt. En því er borið við í þessu máli, að það sé hættulegt að taka þetta land úr friðun vegna sandfoks, og hafa ýmsir hreppsbúanna sent Alþ. áskorun um þetta. En ég verð nú að segja, mér og öðrum til leiðinda, að umsögn þessara manna er nú ekki svo einhlít sem virðast mætti í fljótu bragði, þótt þetta séu annars trúverðugir, góðir og gegnir menn. Ástæðan til þessa er sú, að þarna er megn sveitarrígur, flokkadrættir og þröngbýlt. Nú liggur fyrir Alþ. áskorun frá 23 kjósendum í Selvogi þess efnis, að þessi söluheimild verði ekki veitt. Svo eru aðrir 24 kjósendur úr sama hreppi, sem á sama tíma skora á Alþ. að leyfa þessa söluheimild og samþ. þetta frv. Hér er maður á móti manni, eins og allir sjá, og bendir þetta ótvírætt á ástandið heima fyrir. — Af þessu verður séð, að ekki verður hægt að hafa þessar áskoranir sem gögn í málinu.

Því hefur verið haldið fram, að síðan girðingin kom þarna í Selvoginum, hafi landið haldið áfram að gróa. Að vísu á girðingin rétt á sér og er nauðsynleg, en að landinu hafi farið svo fram, að þess sjáist glögg merki á jafnskömmum tíma, er næsta ótrúlegt. Guðmundur Jónsson sjálfur segist hafa fengið 400 hesta af þessu umrædda landi, fyrst er hann kom að Nesi, en segist nú fá talsvert minni heyfeng í seinni tíð. Ég slæ þessu fram til að vekja athygli á, að blómgunin er þarna e. t. v. ekki jafnmikil og af er látið. Ég segi þetta ekki til að gera lítið úr sandgræðslunni, heldur til að bægja frá öllum öfgum í þessu máli.

Með þessum formála, að á Guðmundi Jónssyni hafi verið brotnir samningar af forustumönnum sandgræðslunnar og það staðfest af stjórninni 1935, að girðingin skuli liggja eins og hún nú liggur, og með tilliti til þess, að hann lét nauðugur land þetta af hendi til þess að komast hjá eignarnámi, þá vona ég, að sú réttlætiskennd sé ríkjandi hér í hv. d., að þm. virði honum til vorkunnar, þótt hann vilji láta halda gerða samninga. Auk þess felst í þessu frv. aðeins heimild fyrir stj., og auk þess hefur fram komið sú brtt. frá hv. þm. Dal., að söluheimildin verði því aðeins notuð, að 2 menn, tilkvaddir af hæstarétti, séu henni meðmæltir. — Þessi brtt. er fram borin af varkárni. En jafnvel þótt þessi brtt. væri ekki samþ., þá ætti að nægja sú vissa, að landbrh. á hverjum tíma mundi ekki nota heimildina nema að undangenginni gaumgæfilegri rannsókn í málinu. Því er þessi brtt. eiginlega óþörf, þótt hún sé fram komin aðeins til tryggingar í málinu.

Það hefur komið fram í þessu máli, að sandhaugar hafi borizt alveg heim á túnin í Selvogi í sandroki. Þetta er víst alveg rétt. En sá sandur mun víst einmitt mest vera kominn úr rofbökkunum við túngarðana. Jarðvegurinn er þarna alls staðar takmarkaður. Og ef ætti að taka málið svo stórhreinlega, að ekki gæti komið til þessa, þá væri spurning, hvort ekki væri rétt að friða Selvoginn alveg. Það væri hægt að setja svo miklar varúðarreglur, að svo langt yrði að ganga til að framfylgja þeim.

Það er töluvert gert af því opinbera til að halda fólkinu í sveitunum. Þá ber á sama tíma að telja það nokkurs virði, að búhöldar fái notið sín á jörðum sínum. Svo stórir hagsmunir geta stritt á móti þessu sjónarmiði, að hrjá þurfi þá burtu. En ekki má láta hið vinsæla viðhorf til sandgræðslunnar villa mönnum svo sýn, að réttarreglur og samningar séu brotnir í hennar nafni, en í rauninni að þarflausu. Svo langt má það ekki ganga.

Ég vil ítreka það hér, að ég hef talið, að ég áliti ekki rétt, að þessi heimild yrði notuð, nema sannað væri, að það væri forsvaranlegt vegna sandgræðslunnar. Og ég legg áherzlu á, að þá aðeins verði hún notuð.

Ég held það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að taka fram. Fyrir fáum árum var sams konar frv. og þetta flutt hér í Nd. Það dagaði þá uppi með sæmilegum líkum fyrir jákvæðri afgreiðslu, ef tími hefði unnizt til. En nú vona ég, að tími vinnist til að leiðrétta þetta, svo að Guðmundur Jónsson fái þann rétt, er honum ber samkv. samningi. Síðan verði heimild þessi notuð, ef rétt dæmist vera. Og ef athugun fer fram á landi þessu í sambandi við þetta mál, þá álít ég, að

um leið ætti að athuga yfirleitt allt Selvogsland með tilliti til sandfoks og sandgræðslu, því að fyrir vestan t. d. er engu minni hætta vegna sandsins, en þar er ógirt land.

Frsm. minni hl. (Páll Hermannsson): Hv. 1. flm. þessa frv. og frsm. meiri hl. landbn. er búinn að halda hér næstum klukkutíma ræðu. Ég get verið miklu stuttorðari, meðal annars af því, að á köflum í ræðu hans kom það í ljós, að það er ekki mikið, sem okkur greinir á um í þessu máli.

Frv. þetta er ákaflega stutt og yfirlætislaust og fjallar um það að heimila stj. að selja Guðmundi Jónssyni, bónda í Nesi, nokkurn hluta af því landi, sem hann hafði áður selt ríkinu.

Í grg., sem að mestu er upprentun frá fyrra frv. um þetta mál, er sú ástæða tilfærð, að bóndinn í Nesi hafi verið beittur harðrétti, — ég vil segja órétti —, er takmörk sandræðslugirðingarinnar voru ákveðin þannig, að tekið hafi verið meira af landi hans en nauðsynlegt var og það, sem honum var bagalegast að missa.

N. hefur nú athugað þetta og reynt að kynna sér málavexti. En eins og þingskjöl bera með sér, hefur n. að vissu leyti þriklofnað. Að vísu skrifuðu 3 nm. undir nál. meiri hl., en einn þeirra með þeim fyrirvara, að hann mundi flytja brtt., sem hann hefur nú gert. Ég álít þýðingarmikið atriði, hvort hún verður samþ. eða eigi. Er ég les frv. og grg. þess, þá finnst mér of mikið gengið fram hjá því aðalatriði, hvað er hagkvæmt fyrir sandgræðsluna í Selvogi. Nú heyrði ég, að 1. flm. tók það alveg skýrt fram, að hann ætlaðist beint til þess, að stj. léti athuga fullkomlega, hvort sandgræðslunni stafaði nokkur hætta af þessari sölu, áður en hún yrði leyfð. Þetta er gagnleg yfirlýsing. En þar skiljast leiðir, því að ég er þegar viss um, að sandgræðslunni stafar hætta af þessari sölu.

Ég þyrfti ekki að vera miklu langorðari um þetta en orðið er. Sá hv. þm., sem skrifað hefur undir nál. með mér, er mér sammála. Við teljum ekki heppilegt að taka landið úr friðun, eins og nú er, vegna þess að þetta land mundi blása upp og einnig landið í kring.

Mér er minnisstætt eitt sinn, er ég kom í Selvog. Þar sá ég mjög fagurt land, þar sem áður hafði verið sandauðn. En eitt stærsta stórbýlið þar, Strönd, er orðið svo að segja samfelld eyðimörk. Ég hef heyrt sagt, að sömu örlög hafi fleiri býli þar hlotið. En mér var sagt, að bindingur nokkur væri að myndast á friðuðum svæðum. Eftir nokkur ár má gera ráð fyrir, að kominn verði allgóður gróður á því svæði, sem þarna er innan girðingar. Ég hef þá trú, að á sandgræðslustarfinu næstu árin velti það, hvort ströndin öll leggst í eyði eða verður blómleg byggð.

Ég held ég megi taka það fram fyrir hönd okkar allra í landbn., að það er ekki nein tilhneiging hjá okkur til að gera bóndanum í Nesi nokkurn skaða. Við þekkjum hann lítið og þykjumst ekki hafa ástæðu til slíks. Hins vegar getum við ekki gert honum greiða með því að mæla með, að ríkið taki þetta land úr friðun.

Ég vil ekki ræða mikið það misrétti, sem hv. flm. telur, að þessi bóndi hafi verið beittur. Að vísu eru óþægindi að þeirri girðingu, sem sett hefur verið upp í sambandi við friðunina. Flm. telur, að mest hafi mætt á bóndanum að koma upp sandgirðingunni. Ég held, að ég upplýsi rétt, að þessi bóndi seldi umrædda landspildu fyrir 6 þús. kr. og að ekki hafi aðrir fengið betur greitt fyrir land sitt. Ég býst við, að hann hafi fengið meira fyrir landið, sem hann seldi, vegna þess að hans land hafi verið betra en annarra. Mér finnst ekki rangt, þótt menn leggi til land undir sandgræðslu, sérstaklega þegar það er gert í þeim tilgangi að vernda gróðurlönd þau, sem utan girðingar eru.

Ég vil benda á samkomulag það, sem frsm. meiri hl. sagði, að gert hefði verið í Hveragerði á sínum tíma. Þótt það hafi verið ágætt á sínum tíma að setja girðinguna þar, sem hún er nú, getur verið öðru máli að gegna eins og nú horfir, því að sandhafið færist talsvert til.

Á þskj. 342, nál. minni hl. landbn. (fylgiskjal II) er bréf frá 23 íbúum Selvogshrepps, þar á meðal frá trúnaðarmönnum sveitarinnar, t. d. hreppstjóra og oddvita. Þar er frá því sagt, að nú undanfarið, sérstaklega s. l. vor, hafi fokið mikið af sandi norðaustan frá á landið í Selvogi. Á tún hafði fokið svo mikið, að ekki hafði hrokkið til, þótt mikil vinna væri lögð í að moka sandinum í burtu. Í samræmi við þetta fer fjöldi af íbúunum fram á ekki einungis, að neitað sé að selja landið, heldur færa þeir talsverð rök fyrir því, að nytjalandi í Selvogi mundi stafa hætta af sandfoki frá umræddri landspildu síðar, ef hún væri nú tekin úr friðun.

Að alveg sömu niðurstöðu kemst sandgræðslustjóri. Hann segir um eftirfarandi ummæli, sem standa í grg. frv.: „Það er útilokað, að nokkur minnsta hætta sé á uppblæstri á þessu landi, þótt það sé ekki friðað. Landið var áður örfoka, en er nú að kalla gróið.“ — Við þetta bætir sandgræðslustjóri: „Þetta er ekki rétt. Landið er ekki nær því gróið, þó að gróður þess hafi aukizt mikið þau 7 ár, sem það hefur verið friðað. Gróður þess þolir ekki beitarörtröð. Í því er bundinn mikill sandur, sem verður laus og fýkur, sé landið ekki friðað. Stækkar þá sandfokssvæðið, sem sandur fýkur af vestur að byggðinni í Selvogi og sandgræðslusvæðinu á Stararlandi, foksandsmagnið margfaldast og hættan vex, sem ógnar bæjum og grónu landi í Selvogi.“

Ég vitna hér í orð sandgræðslustjóra, sem af öllum er talinn heiðarlegur og dugandi embættismaður.

Um íbúa sveitarinnar er það að segja, að margir þeirra telja hættulegt að taka landið úr friðun. Þar á meðal eru tveir af trúnaðarmönnum sveitarinnar, oddviti hreppsnefndar og hreppstjóri.

Ég hef rætt við einn af trúnaðarmönnum Búnaðarfélags Íslands, jarðræktarráðunautinn. Hann áleit, að ekki gæti komið til mála að taka land þetta úr friðun, taldi svo mikla hættu stafa af því. Ég hef líka rætt við fyrrv. sýslumann Árnessýslu um þetta mál. (Álit hans er á þskj. 342, í bréfi frá honum.) Hann hefur tjáð mér og leyft að hafa eftir sér, að hann teldi, að fremur

þyrfti að bæta við friðað land á þessu svæði en minnka það.

Það er alveg rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að þetta þarf vandlegrar athugunar við. Það eru skiptar skoðanir um þetta í Selvogi. Þar er flokkadráttur í þessu máli, og finnst mér það ekki undarlegt.

Einn af duglegustu bændum í sveitinni, sem er jarðeigandi og frændmargur, vill kaupa hluta af hinu friðaða landi. Ýmsir mæla með þeim kaupum, aðrir gegn þeim. Það kemur ekki máli þessu beinlínis við, en þó er svo, að af 21 kjósanda, sem hafa skrifað undir beiðni til Alþ. um, að umrædd landspilda sé seld Guðmundi í Nesi, eru sjö — réttur þriðjungur — Guðmundssynir eða dætur. (**EE**: Guðmundur Jónsson er gamall barnamaður. — **GÍG**: Svo eru tengdabörnin.) Ég veit þetta fólk meinar það, sem það segir, en engin rök eru færð máli þess til stuðnings.

Ég ætla ekki að halda fyrirlestur um þetta hér. Ég veit, að hv. þd. skilur, hvaða þýðingu það hefur að styðja að ræktun og verndun landsins. Við, sem erum í minni hl. í n., höfum ómögulega getað sannfærzt um, að hættulaust væri að selja þetta land. Verði þetta frv. samþ., hygg ég, að mesta öryggið felist í því, að hæstv. ríkisstj. mundi ekki selja þetta land, jafnvel þó að heimild yrði gefin fyrir því.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er búið að tala töluvert um þetta mál, og mun ég lítt lengja umr. um það. En ég vil taka fram í sambandi við það, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að varla er rétt að álykta, að allir Guðmundssynir og dætur í Selvogshreppi, sem skrifuðu undir sölumeðmælin, séu börn Guðmundar bónda í Nesi. Ég held, að hv. frsm. minni hl. mundi þykja þröngt fyrir dyrum, ef allir Pálssynir og dætur austur á Héraði stefndu til hans og lýstu hann föður sinn, og er þó Guðmundarnafnið margfalt almennara en Pálsnafnið. Það getur verið óvarlegt að draga svona ályktanir.

Þegar gengið er út frá, að af kjósendum í Selvogshreppi yfirleitt hafi 24 lagt með sölu sandgræðslulandsins, en 23 lagt á móti, þá mætti ætla, að safnað hefði verið atkv. eftir föngum til að leggja fram fyrir Alþ. — Mér virðist, að þar sem 24 menn óska eftir, að landið verði selt, en 23 eru á móti, að hér standi maður móti manni. Virðast hér standa rök móti rökum. Nesbóndanum virðist vera nauðsynlegt að fá landið til að halda við bústofni sínum. Kunnugt er, að fyrir þessu afgirta landi liggur 3 km löng beitifjara. Þarna er mikill auður. En vegna girðingar þeirrar, sem áður hefur verið minnzt á (umhverfis hið friðaða land), er ekki hægt að koma fénu í fjöruna, og fer þar mikið fóður forgörðum. Sandgræðslustjóri hefur einnig lýst yfir því við landbn., að landið nær sjónum sé mjög gróið og væri miklu grónara en lengra frá. Ef til vill væri gerlegt að taka þann hluta þess í notkun aftur nú þegar, ef þess væri gætt að það færi ekki í örtröð, en auðvitað banna frekari beit og loka aftur landinu, ef til skemmda horfði. En oss þm. vantar nægan kunnleika á þessu.

Ég tek mikið mark á orðum sandgræðslustjóra og met hann mikils í þessu máli. Hann er hinn mætasti maður og sjálfsagt athugull í starfi sínu. En ég tel ekki rétt að slá því föstu að svo komnu máli, að Nesbóndinn fái ekki að nota þetta land. Væri það æskilegt, ef fært þykir, að taka hluta hins girta lands til notkunar — hagbeitar — ásamt fjörubeitinni.

Frsm. minni hl. landbn. sagðist ekki hafa tilhneigingu til að gera Nesbóndanum óþægindi, en lætur í ljós, að hann sé þarna töluvert kunnugur. Ég hef komið þarna aðeins tvisvar, annað skiptið í dimmviðri, en þá vorum við frsm. þar samferða, og hefur hann ekki komið í Selvog í annað skipti. Sá ég þá lítt, hvernig hagar þarna til. Ég treysti því hvorki þekkingu minni né hans um þetta atriði og er ekki fær að dæma um þetta frá því sjónarmiði.

Það getur ekki leikið á tveim tungum, að taka eigi tillit til umsagnar sandgræðslustjóra. Nú hefur hann lagt á móti því, að land þetta verði látið af hendi til Nesbóndans og tekið undan sandgræðslunni. Aftur á móti hafa báðir núv. þm. Árn. flutt frv. (annar þeirra flutti það í fyrra) um að heimila sölu landsins. Eru þeir báðir kunnugir í Selvogi. Virðist því þar standa maður gegn manni, og er því vandi fyrir deildina að skera úr, hvað réttast sé.

Þar sem hér standa trúverðugir menn, einn gegn öðrum, tel ég réttast að heimta hér beztu manna yfirsýn, þeirra er óvilhallir eru, og hafa það, sem þeim virðist farsælast, því að fáir dm. þekkja af eigin sjón, hvernig hagar til suður þar við ströndina. Þess vegna hef ég í brtt. minni lagt það undir þá stofnun, sem fulls réttlætis er að vænta frá, að velja óvilhalla menn að athuga allar aðstæður og leggja fram till. sínar fyrir ríkisstj., áður en til sölu kemur. Vænti ég þess, að þeir af dm., sem annars er ekki hlaupið of mikið kapp í kinn í þessu máli, aðhyllist tillögu mína.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Ræða hv. frsm. minni hl. gaf lítið tilefni til andsvara. Hann talaði góðmótlega um þetta mál. Hann sagði rétt vera ýmislegt, sem við nm. meiri hl. höldum fram. Hann talaði um hættu af uppblæstri þessarar landspildu, ef hún yrði ekki tekin úr friðun og seld. Við flm. álítum þessa hættu ekki til staðar. Það hefur ekki verið afsannað, að það bezta af landinu sé endurgróið. Það er ekki rétt að telja þetta land örfoka, enda er ekki sannað, að svo sé. Þótt þessir 23 menn í Selvogshreppi tali um sandfok,— ógrynni sands, sem fjúki þar heim á tún, — þá er í ofurkappi málflutningsins lögð meiri áherzla á það en æskilegt væri. Ef leitað verður frekari gagna, mun sannast, að ekki svo lítið af sandinum kemur úr rofbökkum, sem hátt ber. Ef leitað er álits kunnugra manna á þessum slóðum, mun þetta koma í ljós. Þessi sandur kemur einnig úr túngarðinum sjálfum í Nesi og kemur girðingunni ekkert við. Ég hugsa, að ekki þýði að mótmæla því.

Hitt vil ég endurtaka, að ef þessi till. eða þetta mál í heild krefst enn frekari athugunar af sandgræðslustjóra og hæstv. ríkisstj., þá hygg ég, að stór landsvæði önnur þurfi langtum meiri athugunar á þessu sviði. Ef þetta frv. verður

samþ., gefur það tilefni til nýrra athugana. Tel ég það höfuðnauðsyn þessa máls, að þetta sé sem bezt athugað og girt á heppilegum stöðum, hvað sandgræðslu snertir, ekki einungis vegna þessa landsvæðis, heldur miklu fleiri landsvæða, sem blátt áfram standa í þeirri hættu að blása upp.

En að bóndinn í Nesi hafi fengið svo mikið fyrir landið, þegar hann seldi það, álít ég ekki rétt. Ég hygg rétt, að það hafi verið gróna landið, sem kom til greina. Hefur gróið víða þarna austur frá á síðari árum. Ég vil þess vegna minnast á það, sem hv. frsm. minni hl. sagði um þá, sem hann styðst við í þessu máli, sandgræðslustjóra og annan til. Allir viðurkenna, að sandgræðslustjóri hefur verið álitinn nýtur maður. En þótt hann sé sanngjarn maður, þá getur honum hlaupið kapp í kinn; það getur komið fyrir gætnustu menn. Og hvort sem það eru 23 eða 24 Selvogsmenn, sem skrifa undir þetta, og sandgræðslustjóri í ofanálag, þá er nú fokhætt um geðbrigðin ekki síður en um hin lausu og léttu jarðlög, og það ber ekki að taka allt of mikið tillit til þess. Hitt, að bóndinn í Nesi ætti kost á að fá réttingu mála sinna samkv. því, sem ég skýrði áðan frá, — það hafa komið fram harla lítil mótmæli gegn því. Og svo er hitt, sem játað er af hv. minni hl. landbn., að trygging og öryggi er í því að samþ. brtt. hv. þm. Dal. um, að ríkisstj. eigi ekki að nota heimildina nema eftir umsögn tveggja óvilhallra manna, sem tilnefndir séu af hæstarétti til að skoða landið.

Ég get tekið undir með hv. frsm. minni hl., að það er að öllu þessu athuguðu ekki svo mikið, sem ber á milli. Við viljum, að ekki sé farið í neinu geyst um aðgerðir í þessu viðkvæma landamáli, heldur með allri gætni. En það ber þá ekki sízt á milli, ef eitthvað væri verulegt, að við viljum, að einstaklingur, sem þarna er um að ræða, hafi hann orðið fyrir óréttlæti, þá eigi hann kost á að fá það leiðrétt, eftir því sem góðgjörn og viðsýn ríkisstj. sér ástæðu til að koma þeirri leiðréttingu til vegar.

Frsm. minni hl. (Páll Hermannsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. Ég vildi mega benda hv. þm. Dal. (ÞÞ) á það, að í brtt. hans á þskj. 344 segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Aftan við greinina bætist: að lokinni skoðun á landinu og umsögn tveggja óvilhallra manna, sem tilnefndir eru af hæstarétti til þessa starfa.“ Það er náttúrlega ekki getið um það, hvernig að skuli fara, ef þessa tvo menn greinir á. (ÞÞ: Stjórnin ræður þá úr). Ég býst við, að ríkisstj. mundi vilja gera sínar ráðstafanir út frá því, sem þessir menn teldu rétt vera.

Það getur vel dottið í mig við 3. umr., ef brtt. þessi verður samþ., að koma með brtt. um, að þarna væri ákveðinn einhver oddamaður, og finnst mér sandgræðslustjóri þar vera sjálfkjörinn. (**LJóh:** Sem búinn er að láta í ljós álit á á málinu). (ÞÞ: Sem alveg óvilhallur maður).

Mér þykir gott að heyra, að það er búið að gefa ríkisstj. bendingar, jafnvel af flm. sjálfum, um að nota heimild þessa frv. varlega, ef samþ. verður. Þó held ég, að oft hafi verið svo á litið, að slíkar heimildir til ríkisstj. giltu sama sem skipun til hennar um að framkvæma það, sem heimild hefur verið gefin til.

Ég sé í áliti um þetta mál frá nefndarhluta frá eldri tíma, þar sem sá nefndarhluti tekur fram, að ekki eigi aðeins að veita heimild til að selja þetta land, heldur eigi sú heimild að vera notuð. En þessu er ekki til að dreifa hér, úr því að svona hefur verið tekið á málinu hér.

Mér þykir samþykkt þessa frv. nokkuð harðhent í garð sandgræðslustjóra. Ég heyri öllum betra saman um, að sandgræðslustj. sé með dugmestu og samvizkusömustu embættism. í landinu. Hann hefur hvað eftir annað lýst yfir, hvað hann teldi sjálfur rétt í málinu eftir sinni þekkingu, og mér finnst því hart, ef hæstv. Alþ. samþ. þetta frv. Hæstv. Alþ. ætti frekar að standa við hlið þeim embættismönnum, sem taldir eru rækja starf sitt vel, heldur en að ganga á móti þeim. En hafi þessi umræddi bóndi í Nesi orðið fyrir tjóni í þessum umræddu viðskiptum, þá tel ég, að honum megi bæta það tjón, ef réttlátt þykir, með öðru heldur en því að láta hann hafa land, sem stafar hætta af, að tekið sé til nota á ný. Mér finnst, að hv. flm. frv. gætu vel stungið upp á því, að þessum manni væru greiddar bætur fyrir tjón, sem hann kynni að hafa beðið vegna þess, að hann lét þetta land af höndum.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Aðeins örfá orð. — Hv. síðasti ræðumaður fór lofsamlegum orðum um sandgræðslustjóra og starf hans, og hef ég ekkert við það að athuga. En hann sagði enn fremur, að sér virtist dálítið harkalegt gagnvart opinberum starfsmanni ríkisins að samþ. þetta frv. Ef þarna eru nú tveir aðilar, annars vegar þessi opinberi starfsmaður og hins vegar bóndi með stórt heimili á jörð sinni, veit ég ekki, hvort á að vera nærnari fyrir aðgerðum hæstv. Alþ. Ég vil ekki þurfa að deila um það. Ég álít, að hvor þeirra eigi að njóta síns fyllsta réttar, án tillits til þess, að annar kallast bóndi á þessari jörð, en hinn sandgræðslustjóri ríkisins, — án þess að skotrað sé augunum til hægri og vinstri; það kemur málinu ekkert við. — Og í sambandi við þennan trúa tjón ríkisins, sem ég efast ekki um, að megi kalla Gunnlaug Kristmundsson, þá vil ég segja það um till. hv. 1. þm. N.-M. (PHerm), að ef til þess kæmi að skipa oddamann til þess að gera athugun hér um (sbr. brtt. hv. þm. Dal. á 344), þá virtist honum (PHerm) sandgræðslustjóri vera þar sjálfsagður oddamaður. En það álít ég fjarstæðu, bara af því, að á milli Guðmundar í Nesi og sandgræðslustjóra er komin hin mesta kergja og ég hygg ærumeiðingar af hálfu hvors um sig út af þessu máli. Og þegar svo langt er komið, verður varla að vænta óvilhallrar umsagnar í þessu tilliti eftir till. hv. þm. Svona langt er nú þetta komið, að öllum viðkomandi persónum ólöstuðum.

Úr því að rætt hefur verið svo vítt um þetta mál eins og gert hefur verið og um það, hver fara muni með réttast mál, vil ég bæta því við, að í þröngbýlinu í Selvognum hefur bóndinn í Nesi lent í landamerkjamáli við hina ágætu ná-

granna sína í Selvogi. Ég veit ekki betur en það hafi farið til hæstaréttar. Og ég veit ekki betur en Guðmundur Jónsson í Nesi hafi borið þar sigur af hólmi fyrir hæstarétti. Þeir, sem til þekkja, munu telja, að þessi búhöldur, sem hér á hlut að máli, sé sannorður, hvað sem þessu máli líður.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Ég ætla ekki að blanda mér í deilur þær, sem orðið hafa um frv. þetta. En út af því, sem hv. 2. þm. Árn. (EE) sagði um málflutning Guðmundar í Nesi, get ég ekki setið þegjandi. Hann hefur átt í málaferlum við nágranna sína út af landamerkjum. Það er rétt, að það hafa gengið tveir dómar í hæstarétti í þessum málum, sem báðir hafa verið Guðmundi Jónssyni í Nesi í vil. Það var þræta um merki, sem þannig hafði verið frá gengið, að landamerkjastafir áttu að vera höggnir í klappir í fjörunni. Þessir stafir höfðu ekki fundizt, þegar dómar gengu í málinu. En síðan hefur verið leitað í fjörunni, og stafirnir hafa komið í ljós, þar sem þeir hafa verið grónir í kuðung og þara, bersýnilega margra tuga ára gamlir. Eftir að þeir eru fundnir, hefur komið í ljós, að dómsniðurstaðan í hæstarétti var röng og að Guðmundur Jónsson hefur gert rangar kröfur á hendur nágrönnum sínum. — Ég get ekki látið hjá líða að upplýsa þetta, úr því að hv. síðasti ræðumaður fann ástæðu til að fara að minnast á þetta mál hér.

Lárus Jóhannesson: Út af ummælum hv. 9. landsk. (GÍG) vil ég taka fram, að í þessum landamerkjamálum er það ekki Guðmundur í Nesi, sem hefur gert rangar kröfur gegn nágrönnum sínum, heldur Bjarnarnesbóndinn, sem ætlaði sér stærstu sneiðina af beitifjöru Neslands, sem hann þó fékk ekki við komið.

Ég sé ekki ástæðu til að tefja þetta mál á því að ræða mál hér, sem enn þá er fyrir hæstarétti fyrir alveg óvenjuleg réttarafglöp landamerkjadóms Árnessýslu. En ég vildi taka fram, að upphafið að þessum málaferlum liggur ekki hjá Guðmundi í Nesi.

ATKVGR.
Brtt. 344 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BBen, BrB, EE, GJ, KA, LJóh, MJ, ÞÞ, StgrA.
nei: GÍG, JJ, PHerm, HermJ, BSt.
3 þm. (HG, IngP, PM) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Herra forseti. Með tilvísun til þess, að hér er aðeins um að ræða heimild fyrir ríkisstj. og settar eru skorður fyrir því í brtt. 344, sem búið er að samþ., að þetta sé landinu til tjóns, segi ég já.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 50. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 365).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 52. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Nd., 10. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18:5 atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 72. og 73. fundi í Nd., 9. og 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 74. fundi í Nd., 12. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 362, n. 502 og 516).

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Þetta frv. á þskj. 365 er lítið frv., en er gamall kunningi í d. Það mun hafa verið á aðalþinginu 1941, að þáv. og núv. 1. þm. Árn. flutti þetta frv. Urðu um það talsverðar deilur. Var það að lokum samþ. í þessari d., en dagaði uppi í Ed. Nú er það flutt af núv. 2. þm. Árn., og hefur það gengið í gegnum Ed. Landbn. þessarar d. hefur athugað frv. og ekki orðið á eitt sátt um það. Við, sem í meiri hl. erum, lítum svo á, að þetta sé í sjálfu sér ákaflega lítið fjárhagslegt mál. Það er um það að heimila stj. að selja nokkra spildu úr Neslandi í Selvogi, sem er innan sandgræðslugirðingarinnar. Það, sem veldur, að hlutaðeigandi bóndi leggur mikið kapp á að fá þetta land, er það, að á sínum tíma var tekin af honum mjög veigamikil og þýðingarmikil fjörubeit. Nú er deilt um, hvort þetta hafi verulega þýðingu fyrir sandgirðinguna eða sé hættulegt vegna uppblásturs á þessum stað. Við, sem í meiri hl. erum, lítum svo á, að þar sem stj. getur látið dómkvadda menn meta þetta og skoða, þá sé hættulaust að samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. Það var rætt ýtarlega áður, þegar það lá hér fyrir, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það, allra sízt þar sem hér eru nú ekki nema örfáir hv. þdm. viðstaddir, en legg aðeins til f. h. meiri hl., að frv. verði samþ. óbreytt og vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Emil Jónsson): Það er alveg rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að ekki þýðir að hafa hér langt mál, þar sem svo fáir hv. þdm. eru í dag. Ég hef samt hugsað mér að fara nokkrum orðum um þetta mál frá upptökum og til þessa dags, en ég skal reyna að gera það í eins fáum orðum og frekast er unnt.

Öllum er kunnugt, að milli Ölfusár og Selvogs er stórt svæði, sem er alveg blásið land og ógróið. Mun fyrst hafa komið til mála að taka það til ræktunar á ný og reyna að hefta þar

sandfok árið 1937, er þáv. sýslumaður Árnesinga, Magnús Torfason, skrifaði sandgræðslustjóra um málið og lýsti því frá sínu sjónarmiði. Ég held, að þetta bréf hafi ekki komið fram áður við meðferð þessa máls, og tel ég því rétt að lesa kafla úr því, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo:

„Flestum mun nú vera kunnugt, að meiri hluti byggðar í Selvogi er uppblásin sandauðn. Sótti sandhafið að vestan frá Víðisandi yfir Vogsós og alla leið frá Ölfusá vestur með byggð í Selvogi.

Árið 1928 var hið uppblásna Strandarland girt og grætt, en sjóvarnargarður hlaðinn á kampi. Hefur landfriðun þessi gefizt svo vel, að nú eru í girðingunni slegnir á annað hundrað hestar, og landið grær óðfluga ár frá ári, og má búast við, að það verði fullgrætt um miðja öld, enda vottar þar eigi lengur fyrir sandfoki.

Hins vegar heldur sandhafið að austan áfram að skemma byggðina. Er allt flatlendið með sjónum austan frá Ölfusá og út að Nestúnum eitt sandhaf. Að vísu er talsverður sandgróður með sjónum, en ofan til eru víðir sandgárar, er sækja upp Selvogsheiði. Brýtur þar heiðina ár frá ári, en sandhafið sækir upp á við og kæfir alla grasrót og er nú komið langleiðina upp að Kvennagönguhólum, en þar hallar norður af heiðinni. Er sýnilegt, að nái sandhafið að komast upp hallann, mun það á fáum árum eyða öllu graslendi, eigi aðeins þar norður af upp að Heiðinni há, heldur til beggja hliða, og þar með leggja land Vogsósa, Hlíðar og Stakkavíkur austan Hlíðarvatns í auðn, en hins vegar mundi bílvegur austur í Ölfus takast af með öllu. En kæmi til þess, yrði lítt byggilegt í Selvogi í stað þess, að nú eru þar öll efni til hagsældar byggðar, bæði til lands og sjávar.

Fyrir þessar sakir leyfi ég mér að fara þess á leit, að aðalblásturssvæðið og Selvogsheiði verði nú þegar girt og friðað samkv. 3. gr. l. um sandgræðslu, nr. 45 1923."

Bréfið er lengra, en ég hirði eigi um að lesa meira, því að þetta skýrir, hvernig ástatt var, þegar hafizt var handa í upphafi. Sandurinn sótti að Selvogsbyggð úr tveimur áttum, að vestan og austan. Því var hafizt handa að hefta sandfokið að vestan, og var girt í kringum Strandarkirkju með ágætum árangri, svo að landið grær þar. Að austan var að ýmsu leyti erfiðara. Þar var um stærra land að ræða, og fleiri áttu hlut að máli. Samt fer sýslumaður fram á það við sandgræðslustjóra árið 1933, að hafizt sé handa um að friða landið. Svo ber nokkuð á milli, hvað hafi gerzt í málinu. Halda sumir fram, og hefur það m. a. birzt í blaði hér í bænum, að fundur hafi verið haldinn í Hveragerði árið 1934 um, hvernig á þessum málum skyldi tekið, en um þetta eru menn ekki sammála. Ég hef fengið þá skýringu hjá sandgræðslustjóra, að þá hafi hann ekki verið búinn að fara á staðinn, og þess vegna geti ekki komið til mála, að hann hafi að órannsökuðu máli gengið frá girðingarstæðinu. Árið 1935 er svo í fjárl. hér á Alþ. ákveðið, að af sandgræðslufé skuli varið 10 þús. kr. til að girða sandsvæðið, og frá öðrum stöðum var tryggt framlag á móti bæði frá búendum sjálfum, frá sýslusjóði Árnessýslu, frá hreppnum og fleirum, sem lögðu fram fé í þessu skyni. 1935 er því allt undir það búið, að þetta verk geti hafizt og orðið framkvæmt á því ári.

Upphaflega mun hafa verið um það talað milli ráðh. og sandgræðslustjóra, að sandgirðingin að vestanverðu skyldi vera í svo kallaða Bjarnarvík, en eftir að sandgræðslustjóri hafði skoðað landið, taldi hann, að þetta girðingarstæði gæti ekki komið til mála; það væri óhentugt að því leyti til, að girðingin lægi langt frá byggð og því erfitt með vörzlu og eftirlit, og fleira var fundið því til foráttu að leggja girðinguna á þessum stað. Hann vildi fyrir sitt leyti leggja girðinguna heim undir Nestún, því að gróður þar fyrir austan væri meira og minna undirorpinn ágangi sands, og væri því ekki fyrir þessu máli séð, nema girt væri þangað heim undir. Samkomulag mun hafa orðið milli ráðh. og bænda um, að girt væri eins og nú hefur verið girt, í Nesvíta, og þannig farið mitt á milli tillagna sandgræðslustjóra og þess, sem bændur vildu, og var eigi annað séð en að sæmilega væri við unað af báðum, enda má segja, að síðan gerist ekkert í málinu, nema að landið greri og heldur áfram að gróa enn þá.

En nú kemur annað til, svo að landið má ekki gróa lengur. Nú er talin meiri nauðsyn, eftir að landið hefur verið friðað í 5 ár, að taka það út úr girðingunni og nota það á þann hátt, sem búandanum finnst heppilegast, en að láta það vera friðað í nokkur ár enn, en friðun er sannanlega það bezta, sem þekkist, til að fá blásið land til að gróa á ný.

Hvað veldur þá því, að svo fast er sótt á, að bæði 1941 og eins á þessu þingi er flutt frv. um að fá landið úr friðun? Ég skal ekki segja um það, en víst er, að á það er lögð allmikil áherzla, að því er virðist. Ýmsir aðrir bændur eiga einnig land innan þessarar girðingar. A. m. k. tveir bændur í Ölfusi, á Hlíðarenda og Hjalla, létu af hendi nokkuð af sínu beitilandi inn í þessa girðingu án þess að taka nokkur laun fyrir nema þau, sem þeir ættu að telja þau beztu, að sjá landið gróa. Fyrir þetta land voru engir peningar teknir eins og þann hluta Ness, sem undir girðinguna féll. Það er vitað mál, að ef einn færi að taka land sitt út úr girðingunni, mundu fleiri koma á eftir með eins miklum rétti og vilja einnig fá sitt land. Þess vegna er hér aðeins um byrjunarskref að ræða til að minnka sandgræðslugirðinguna og þá um leið þær líkur, sem eru fyrir því, að landið grói. Eftir því, sem mér er tjáð, eru mjög miklar líkur til, að haldið verði áfram á þessari braut, ef svo tekst til, að frv. verður samþ.

Ég skal að öðru leyti ekki fara um þetta mörgum orðum. Mönnum virðist, að það sé vænlegra fyrir framtíð þessa býlis og afkomu þessa bónda, sem mér er sagt, að gjarnan vilji vera þarna áfram, að landið fái enn að gróa en að taka það eftir aðeins 5 ára friðun til beitar á ný.

Öll landbn. þessarar d. var sammála um, að heppilegasta lausn þessa máls væri sú, ef hægt væri að fá þennan landeiganda til að taka móti fjárbótum úr ríkissjóði fyrir það óhagræði, sem

hann telur sig verða fyrir, eftir því sem um semdist. N. bauð að beita sér fyrir því, að slíkar hætur yrðu greiddar, og í því liggur viðurkenning meiri hl. fyrir því, að æskilegt sé, að landið sé ekki tekið. Tveimur nm. meiri hl. var falið að tala við landeigandann og reyna að fá hann til að sætta sig við þessa lausn, en eftir því sem mér hefur skilizt og minni hl., mun þetta ekki hafa gengið, heldur mun landeigandinn hafa haldið sig fast við þá leið, sem í frv. felst, og vill engum sættum taka eða fjárbótum, sem mætti gera hann skaðlausan, fyrir það tjón, sem hann telur sig bíða. Það virðist því, að þetta sé sótt af meira kappi en rétt er, að því er mér virðist a. m. k., því að það á að vera fyrsta ástæðan til þess, að hann þurfi á landinu að halda, að fjárhagsleg afkoma hans sé ekki nægilega vel tryggð með því landi, sem hann hefur nú, og átti að mæta þeirri kröfu hans með þessari till. landbn.

Að öðru leyti vil ég leyfa mér að vísa til þess, að sandgræðslustjóri hefur eindregið mælt á móti því að taka landið úr girðingunni, og ég veit, að skógræktarstjóri er sömu skoðunar. Hefur það komið fram í blaðagrein, sem hann hefur ritað um málið. Búnaðarsamband Suðurlands hefur gert ályktun í svipaða átt og nýafstaðið búnaðarþing hefur einnig gert sams konar ályktun. Allir þessir aðilar, sandgræðslustjóri, skógræktarstjóri, Búnaðarsamband Suðurlands og búnaðarþing eru hér á sama máli, og þegar hv. frsm. meiri hl., þm. A.-Húnv., sem síðast talaði hér, segir, að hættulaust sé að samþykkja frv., því að það eigi fyrst að skoðast af dómkvöddum mönnum, sem eigi að gefa álit sitt, og stj. geti stuðzt við það, þá er því til að svara, að þeir, sem hæfastir eru til að dæma um þetta mál, hafa þegar látið skoðun sína í ljós um þetta, svo að ég tel, að ekki geti framar komið fram álit frá neinum, sem betur hafa vit á þessu máli.

Enn mætti spyrja, hvort þessum atvinnuvegi, sauðfjárræktinni á Íslandi, sé nú þannig farið, að nauðsyn beri til að taka svæði, sem er að gróa, úr sandgirðingu, til þess að geta haft nokkrum kindum fleira í þessu landi en annars mundi hægt. Ég held, að þeirri spurningu þurfi ekki að svara, því að þeir erfiðleikar, sem verið hafa á að selja þann hluta sauðfjárafurða, sem ekki hefur verið markaður fyrir innan lands, hafa verið svo miklir, að ekki er þörf á að auka framleiðsluna á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, að verði.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Við hv. þm. Mýr. leggjum sem sagt til, að frv. verði felld. Við höfum áður í n. tjáð okkur fúsa til, að tekið verði til athugunar á ný, hvort bóndanum hefur verið bætt nægilega það tjón, sem hann telur sig hafa orðið fyrir af þessum sökum, og það erum við fúsir til að taka upp hvenær sem er. En þessa leið, sem um ræðir í frv., teljum við svo varhugaverða, að við teljum ekki rétt að samþ. frv. og leggjum því til, að það verði felld.

Sigurður Guðnason: Það eru aðeins örfá orð. — Það, sem gerði að verkum, að ég er með því að samþ. þetta frv., er ekki það, að ég álíti ekki rétt, ef hætta er fyrir dyrum vegna uppblásturs eða annars, að taka landið hiklaust af mönnum, heldur hitt, hvernig farið var að þessu. Þetta mál var rætt á fundinum, sem haldinn var í Hveragerði. Hv. frsm. minni hl. segir, að sandgræðslustjóri hafi þá ekkert ákveðið um girðingarstæðið, en eftir því, sem hann segir, var þá búið að girða fyrir vestan Selvoginn. Hver hefur haft með þá girðingu að gera? Ef það hefur verið sandgræðslustjóri, láðist honum þá, þegar hann ákvað þá girðingu, að athuga líka, hvar hin ætti að vera, fyrir fundinn í Hveragerði? Sá fundur ákvað, hvar girðingin ætti að vera, en það merkilega skeður, að það er eins og enginn vilji kannast við þann fund. Það hefði verið langtum betra að kannast við, að fundurinn hefði verið haldinn, en það hefði sýnt sig, að ákvarðanir hans hefðu ekki verið réttar. Það virðist helzt, að menn vilji nú fela það, sem búið er að gera og þingið hefur fengið staðfestingu á. Þess vegna vil ég fylgja þessu máli hiklaust, jafnvel þó að það sé skaðlegt fyrir þetta land. En svo kemur fram, að sandágangurinn á þetta land, sem um er deilt, kemur ekki að vestan, því að þar er farið að gróa. Hann kemur ekki úr heiðinni, heldur austan frá Ölfusá, og takist að hefta sandáganginn að austan, er þetta land ekki lengur í neinni hættu. Ölfusá flæðir árlega allt út undir Hraun, og allt það svæði er sandur, og meðan ekki tekst að hefta hann, er landinu ekki óhætt, og verður því að byrja á að stöðva hann. En þungamiðja þessa máls er sú, að mér finnst ekki hafa verið farið hér rétt að, og þess vegna vil ég samþ. þetta frv.

Frsm. 1. minni hl. (Emil Jónsson): Það eru örfá orð til að svara hv. 1. landsk. — Hann segist munu fylgja málinu, jafnvel þó að það sé til skaða fyrir landið, svo að ég get ekki búizt við, að það þýði mikið við hann að tala um þetta.

Það er eitt, sem ég hef fundið í umr. um þetta. Það hefur verið látið liggja í ræðum, sem haldnar hafa verið um þetta mál, að framkoma sandgræðslustjóra hafi ekki verið heiðarleg. Það kann ég ekki við, því að þann mann hef ég þekkt í áratugi og veit, að varla er til heiðarlegri og samvizkusamari maður. Hann má ekki vamm sitt vita, og ég trúi ekki, að hann kannist ekki við það, sem hann hefur gert. En hann hefur ekkert sagt um, hvar hann vildi hafa girðingu landsins, og að hann hafi haft með höndum sandgræðslugirðingu vestan Selvogs áður, sannar ekkert um þetta. Því að til þess að geta séð, hvar sandgirðingin að austan ætti að liggja, þyrfti hann að hafa riðið með sjónum til þess að sjá, hvar hún ætti að vera með sjó fram. En það virðist hann ekki hafa gert.

En ég fullyrði alveg, að sandgræðslustjóri hefur ekki vísvitandi — það er árciðanlegt — farið hér rangt með, því að það er maður, sem ekki vill vamm sitt vita í neinu. Ég segi ekki þar með, að aðrir menn geti ekki verið fullkomlega heiðarlegir menn líka.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Ég sé enga ástæðu til þess að tala mikið um þetta mál. Eins og ég tók fram í ræðu minni áðan, álít ég þetta smámál, sem líka er búið að þrátta hér töluvert um á þingi fyrir tveimur árum.

En það eru tvö atriði, sem ég vildi aðeins víkja að. Því hefur verið lýst hér yfir, að þetta land hefur verið að gróa á undanförnum árum, allt þetta sandgræðsluland, og er að gróa enn. Og samkv. því skilst mér, að þó að þessi þríhyrna, sem þarna er um að ræða, væri tekin út úr, þá sé hætta á, að nokkurt sandfok geti orðið inn á hana, ef gróður er ekki áframhaldandi á hinu landinu. Því að hér í þessu girðingarhólfi er stór þríhyrna. Og höfuðkappið í þessu máli skilst mér vera um hlunnindi, sem eru í raun og veru ekki nánast í sambandi við sandgræðslulandið sjálft, heldur er fjörubeit þarna á löngu svæði innan girðingarinnar, og þeir, sem til þess þekkja, hve mikils virði fjörubeit er, þar sem um hana er að ræða, geta skilið, að hana sé mönnum sárt um, ef ekki er brýn þörf að girða fyrir hana.

Hitt atriðið er það, sem hv. þm. Hafnf. veik að, að öll landbn. hefði verið sammála um að reyna samninga í þessu efni, og það er rétt, því að við álítum, að á svona mál þurfi helzt að sættast á þá leið, að hlutaðeigandi bóndi fái bætur fyrir skaða, sem hann kann að hafa orðið fyrir í þessum efnum. En það virtist á þessu stigi málsins ekki vera hægt að semja á þeim grundvelli, og því verður þetta mál að koma hér til atkv. En þó að það komi hér til atkv. og þó að það verði samþ. í þeirri mynd, sem það er, skilst mér, að það sé alls ekki víst, að þetta land verði selt, því að hér er um að ræða heimild fyrir ríkisstj., sem þar að auki er bundin því skilyrði, að landið sé skoðað af tveimur mönnum, tilnefndum af hæstarétti. Ef þessir tveir menn álíta, að það stafi einhver hætta af því, að þetta land sé selt, — sem ég hef ekki trú á, að sé —, þá verður það ekki selt. Og verði það ekki selt, kemur það atriði aðeins til greina, að það verði fylgt þeirri sanngirni, að hlutaðeigandi manni verði greiddar einhverjar bætur.

Ég hef nú fengið í hendur bréf það, sem hv. frsm. minni hl. n. veik að. Það er frá fyrrv. landbrh. (HermJ). Þar segir:

„Með skírskotun til bréfs ráðuneytisins til yðar, herra sandgræðslumaður, dags. 7. f. m., þar sem lagt var fyrir yður að hefja sem allra fyrst í sumar sandgræðslu á söndunum vestan Ölfusár í Selvogi, skal yður tjáð, að ráðuneytið vill ákveða, að girðingin um sandgræðslusvæðið að vestan skuli lögð frá Hellisþúfu í Bjarnavík."

Það er sem sagt mælt svo fyrir, að þessi girðing skuli lögð þarna fyrir framan, því að Bjarnavík er mér sagt, að sé við Viðarhelli. Það er því undarlegt að þurfa að deila um þetta, þegar ráðuneytið er búið að ákveða, að girðinguna skuli leggja á vissan hátt, eins og hlutaðeigandi bóndi fór fram á, sem að vísu er öðruvísi en hún loks var lögð.

Annars tek ég fullkomlega trúanlegt það, sem hv. þm. Hafnf. sagði, að það hefði orðið samkomulag síðar milli sandgræðsluráðunautarins og viðkomandi aðila um að breyta þessu girðingarstæði. En það er ekki undarlegt, þótt hlutaðeigandi felli sig illa við þá breyt., þar sem fjörubeitin er annars vegar, og þar er um að ræða töluverða hagsmuni.

Annars virðist þetta mál vera orðið sveitadráttarmál og óvildarmál á vissan hátt. Og þegar svo stendur á, að tveir hv. þm., sem eru fulltrúar fyrir viðkomandi hérað, hvor úr sínum flokki, hafa flutt frv. um þetta atriði, sem virðist smátt atriði, þá finnst mér það vera ákaflega mikil meinsemi af hæstv. Alþ. að lofa þeim ekki að ráða því að láta stj. hafa heimild, sem þó er bundin jafnströngum takmörkunum eins og í þessu frv. er. Þegar um sveitadráttarmál innan héraða er að ræða, þá skiljum við þm. það, að það getur oft verið erfiðleikum bundið að greiða þar úr. En þegar svona vill til, að báðir þm. hlutaðeigandi sýslufélags hafa flutt frv. um þetta atriði, þá vil ég ekki setja fótinn fyrir það, af því að mér finnst ekki geta komið til mála, að þetta hafi neina verulega þýðingu fyrir sandgræðslumálin í heild sinni; það fæ ég ekki skilið. Og varðandi það, sem hv. síðasti ræðumaður veik að, að ásakanir kæmu fram gagnvart sandgræðslustjóra, þá er það ekki frá minni hálfu, því að ég hef ekki ástæðu til þess að koma með þær.

Frsm. minni hl. (Emil Jónsson): Hv. frsm. meiri hl. n. nefndi hér tvö atriði, sem hann taldi rétt að fara nokkrum orðum um. Hann las úr bréfi frá fyrrv. landbrh., dags. 8. júní 1935, þar sem svo er mælt fyrir, að girðingin skuli vera í Bjarnavík. En sandgræðslustjóri hafði skoðað þetta girðingarstæði og dæmt það ófært, og tjáði hann ráðh. það álit sitt. Og upp úr því var svo gert samkomulag, sem ég hef hér í afriti, milli bóndans, sem málið snertir, og ráðh., þar sem bóndinn gengur inn á, að girt verði eins og nú hefur verið gert. Svo að þótt þetta standi í dréfi fyrrv. hæstv. landbrh. frá 8. júní 1935, þá mun það hafa verið gert að mjög lítið rannsökuðu máli, að þessi staður, sem þar er um getið, var ákveðinn.

Út af fjörubeitinni, sem hv. frsm. meiri hl. n. vill nú segja, að allt snúist um í þessu máli, þá er það að segja, að út af fyrir sig skaðar notkun fjörubeitar ekki sandgræðslugirðinguna. En ég geri ráð fyrir, að ekki verði haldið sig við fjörubeitina eina, ef landið yrði selt, heldur yrði það allt beitt. Það er víst alveg hægt að ganga út frá því. Og bæði það, að með því að selja landið kæmist það sennilega í sömu örtröð og áður og hins vegar, að staður sá, sem upphaflega þar ætlaður til girðingarstæðis, var af sandgræðslustjóra dæmdur a. m. k. lítt nothæfur, gerir það að verkum, að ég tel varhugavert að fylgja þessu frv. og mun ekki gera það.

Hv. frsm. meiri hl. n. talaði um það sem meinsemi af Alþ., ef það vildi ekki samþ. það, sem tveir ágætir þm. héraðsins mæltu fyrir. En ég tel mig í þessu sjá annað heldur en það. Og ég veit, að hv. þm. A.-Húnv. er svo sanngjarn maður, að hann sér það líka, að hjá okkur er ekki um neina meinsemi að ræða, heldur aðeins ótta við það, að hér verði gert ónýtt gott verk, sem unnið hefur verið með það fyrir augum að forða þarna gróðri landsins frá hættu, og að hættan, sem af því geti leitt að selja þetta land, geti haft miklu víðtækari afleiðingar heldur en hv. þm. A.-Húnv. og aðrir fylgjendur málsins nú gera sér grein fyrir. Og ef

maður telur möguleika á því, að þessi hætta sé fyrir hendi, tel ég óforsvaranlegt að samþ. að selja þetta land. Það er of mikið fyrir fjörubeit eins manns, að kannske hálft sveitarfélag verði lagt í auðn. Sérstaklega vil ég einnig taka fram, í því sambandi, að sjálfsagt væri hv. þm. fúsir til þess að vinna að því, að þessum manni væri bætt það, sem fjörubeitinni svarar eða svipað því, eftir því sem hann telur sig hafa orðið fyrir skaða í sambandi við að missa hana.

Ég hef svo ekki meira að segja um málið fyrir hönd minni hl. n.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Og það geri ég með sérstöku tilliti til þess, að þetta mál hefur ekki aðeins hér á þingi, heldur einnig í blöðum og á mannfundum verið mjög mikið rætt. Og þeim mönnum, sem að þessu hafa staðið og hafa viljað styðja að framgangi þessa máls, hefur verið borið það á brýn, að þeir séu nokkurs konar landráðamenn, af því að þeir sáu að ganga í lið með þeim óheillanáttúruöflum, sem feykja sandi yfir landið og kefja með því gróður þess. Það er af því, að umr. um málið hafa farið inn á þetta stig, að ég sé ástæðu til þess að gera grein fyrir, hvers vegna ég greiði atkv. með þessu frv. Það er svo um mig eins og fleiri hv. þm. hér, að þeir eru ekki kunnugir staðháttum þarna af eigin sjón. Því að þó að þm. hafi farið þarna um, sem þeir munu reyndar fæstir hafa gert, þá geta menn þrátt fyrir það ekki dæmt um þetta mál af eigin sjón. Og þegar þau skilyrði eru ekki fyrir hendi, liggur næst að grípa til þess, sem fyrir liggur, sem er, umsagnir kunnugra manna um staðhætti, sem maður treystir til að skýra rétt frá og hlutlaust um þau atriði, sem þarna er um að ræða. Og í þessu efni verður mér alveg sérstaklega að vitna hér til orða í grg., sem var fyrir frv., sem um þetta mál var flutt hér á vetrarþinginu 1941, að ég ætla. Það frv. hljóðandi um að selja bóndanum í Nesi landspildu þá, sem hér er um að ræða. Og flm. þess frv., sem þá var um þetta efni flutt, var hv. núv. 1. þm. Árn., sem er maður nákunnugur þarna á staðnum, og hann flytur þetta mál vitanlega af fullri sannfæringu fyrir því, að hann sé með því ekki að stofna til neinnar eyðileggingar í kjördæmi sínu og því sýslufélagi, sem hann á heima í. Það mun því mega vera óhætt að treysta því fullkomlega, að flutningur þessa máls sé byggður á fullkominni sannfæringu um það, að hér sé ekki um að ræða neitt, sem stefni til eyðileggingar, heldur er málið flutt með þeirri hugsun, sem er mjög ríkjandi, að það eigi fremur að greiða fyrir því en að spyrna á móti af því opinbera, að það fólk, sem enn er í sveitum landsins, geti átt staðfestu í sveitunum. Það kemur skýrt fram í þessari grg. hv. 1. þm. Árn., að það er þetta, sem hann hefur í huga. Og þarna eru ungir menn á staðnum, sem gjarnan vilja hafa staðfestu sína þar, en vantar nokkuð meira olnbogarúm en er, til þess að þeir geti upp byggt þessa staðfestu sína heima í sveit sinni. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, benda á það, sem hv. 1. þm. Árn. þá sagði um þetta land, sem hér er verið að tala um. Það er á þessa leið:

„Landspilda sú, sem hér er farið fram á að fá keypta, er að kalla gróin, og var það, þegar girðingin var sett, enda er nú ekki farið fram á að fá meira af landinu keypt en upphaflega átti að vera utan sandgirðingarinnar. Það er útilokað, að nokkur minnsta hætta sé á uppblæstri af þessu landi, þó að það sé ekki friðað. Landið var áður örfoka, en er nú að kalla gróið."

Hv. 1. þm. Árn. sýndi fram á, að það hefði verið undarleg breyt., sem hefði orðið frá því, að ákveðið var um girðingarstæðið, og þar til girðingin var sett. Og það er fullkomlega ástæða til þess að taka tillit til þess, sem þar kann að hafa komið fram, og bendir margt til, að þar hafi verið viðhöfð brögð í tafli gagnvart ábúanda jarðarinnar.

Mér finnst, að þar sem í hinum tilfærðu orðum úr grg. nefnds frv. talar svo nákunnugur maður, þá sé svo skýr lýsing á þessu landi þarna fram sett, að bæði ég og aðrir, sem lítum þannig á, að það eigi að greiða fyrir staðfestu fólksins í sveitum þessa lands, getum fullkomlega forsvarað það að gera þá tilslökun, sem hér er farið fram á og getur haft það í för með sér, að ungir menn, sem þar er þröngt um, geti fengið olnbogarúm, sem geti verið afgerandi um það, hvort þeir haldi áfram að vera í sveitinni eða flytja á mölina. Því að það hefur orðið hlutskipti þeirra, sem úr sveitinni hafa farið, að flytja á mölina með þeim afleiðingum, sem það hefur haft og á enn þetur eftir að koma í ljós, þegar breyt. verður á afkomuskilyrðum manna, sem á mölinni eru nú. Ég hef fullkomna sannfæringu fyrir því, að ég standi þar á réttu máli og réttmæt og eðlileg lausn þessa máls sé sú að vera með þessu frv., byggjandi þar á þeim skýru og ótvíræðu ummælum kunnugs manns, sem ég hef hér um vitnað í.

Hitt er svo, eins og kom fram hjá hv. 1. landsk. þm., að þessu landi getur eins og hverju öðru fullgrónu landi stafað hætta af sandfoki annars staðar að. En það er mál út af fyrir sig og ekki ástæða til að snúast gegn þessu máli, sem hér liggur fyrir, þess vegna.

Það hefur verið vitnað til þess, að inn í þetta frv. hefur verið sett varúðarákvæði, þannig að skoðun eigi að fara fram á þessu landi, áður en ákveðið er, hvort það skuli selt eða ekki, ef þessi heimild verður samþ. Ekki ætti það að spilla fyrir málinu. En frá mínu sjónarmiði, bæði með skýrskotun til þess, sem ég hef lesið hér upp eftir hv. 1. þm. Árn., og eftir öðrum sögum, sem ég hef þar um, þá liggja til þess svo gild rök að selja þessa landspildu, að þetta ákvæði hefði í sjálfu sér ekki þurft að setja inn í frv. En frá sjónarmiði þeirra manna, sem líta á þetta eins og hv. minni hl. n. gerir, þá felst í þessu ákvæði nokkurt öryggi. Þess vegna finnst mér harla undarlegt, ef þeir menn, þrátt fyrir þetta öryggisákvæði, geta ekki gengið inn á að vera með frv., eftir að búið er að gera það svo úr garði.

Það hefur verið vitnað hér til samþykktar búnaðarþings. Það er rétt, að þær falla alveg

á sömu lund og viðbótarákvæðið, sem sett var í frv., að láta fram fara rannsókn, áður en landið er selt. Svo að það má segja, að samþykkt búnaðarþings sé í fullu samræmi við frv. Þess vegna brýtur það ekki í bága við samþykkt búnaðarþings, þó að það sé samþ. í þeirri mynd, sem það er nú í.

Hv. frsm. minni hl. n. kom hér inn á eitt atriði í þessu máli, sem hann taldi vera rök fyrir því, að það ætti ekki að selja þetta land og yfirleitt ekki að vera með slíkum hætti að greiða fyrir því, að haldið væri við, hvað þá að bætt væri við þá sauðfjáreign, sem er í landinu, og taldist honum svo til, að það væru einhver vandræði með að selja kjötframleiðsluna. Ég veit nú ekki betur en að á síðasta ári hafi kjötframleiðslan öll eins og hún lagði sig selzt á innanlandsmarkaði og gerði ekki betur en að hrökkva til að svara eftirspurninni. Það er ekki séð enn, hvernig fer með þá sölu á þessu ári. Hitt er vitað, að sala á kjöti innanlands hefur verið meiri, það sem liðið er frá sláturstíð á s. l. hausti, heldur en nokkurn tíma áður á sama tíma. Hins vegar verður því ekki heldur neitað, að fjárfjölgun var nokkru meiri á síðasta hausti en þar áður. Það er því óútséð um það, hvort nokkrir erfiðleikar verði með markað fyrir kjötframleiðsluna í framtíðinni. Það getur náttúrlega vel verið, að það þurfi eitthvað að flytja út af kjöti. En að framleiðslu matvæla í landinu sé þannig farið, að af þeim ástæðum sé ekki ástæða til þess að greiða götu manna til dvalar og búskapar í sveitum landsins, það er náttúrlega nokkuð langsótt í sambandi við þetta mál og sýnir litla trú á landbúnaðinum.

Það, sem hér hefur verið rætt um fjörubeit, sem þarna er útilokað, að hægt sé að nota, eins og gert hefur verið á þessu landi, er náttúrlega réttmætt að telja, að skipti miklu máli fyrir viðkomandi bónda. Því að það er vitanlegt, að sá sauðfjárstofn, sem er alinn upp við sjávarsíðuna hér á landi, hann lifir ekki eingöngu á þeim gróðri, sem sprettur á landinu sjálfu. Það er ekki lítið, sem sauðfjárstofninn lifir á sjávargróðri. Svo að þetta atriði málsins er veigamikið. Og þau afnot, sem hafa mætti af fjörubeit þarna, væru alveg fundið fé, ef notast mættu, þar sem þau verðmæti, fjörubeitina, er ekki hægt að nota á annan hátt en til að framfleyta sauðfé.

Mér skilst á hv. frsm. meiri hl. n., að hann væri ekki meira en svo trúaður á það, að land þetta yrði selt, ef þessi heimild fæst, og virtist eins og hann væri að friða samvizku sína með því. Ég er fullviss um, að þetta land verður selt, ef þessi heimild fæst, og það öllum að skaðlausu, en með því bætt afkomuskilyrði hlutaðeigandi manna og möguleikar þeirra auknir til að geta verið áfram í sveitinni, og það er sízt vanþörf á, að til þess sé stuðlað yfirleitt, að menn geti haldizt kyrrir í sveitum landsins.

Það, sem hér hefur verið talað um girðingarstæðið, þá hafa verið færðar alveg gildar sannanir fyrir því, að það sé alveg hægt að ganga frá öruggri girðingu á hinum fyrr tiltekna stað eins og þeim stað, sem hún er nú á, þannig að það út af fyrir sig er ekkert atriði í þessu máli.

Það var ekki annað en þetta, sem ég vildi segja og þá ekki í öðru skyni en því að gera grein fyrir afstöðu minni til málsins með sérstöku tilliti til þeirra ummæla, sem fallið hafa um það hér á þingi og í blöðum. Það hefur komizt nokkurt kapp í málið, en ég tel allmikilsvert, að takast megi að leysa það illindalaust, og sú lausn, sem hv. 1. þm. Árn. lagði til á þinginu 1941, að höfð yrði, er að mínum dómi í alla staði eðlileg.

Frsm. minni hl. (Emil Jónsson): Í ræðu hv. þm. Borgf. voru 2 atriði, sem ég verð að minnast á. Hið fyrra er fjörugróðurinn í Selvogi, sem hann sagði, að væri búfé þar nauðsyn. Þennan fjörugróður væri hægt að láta fénu í té án þess að fórna til nokkru af landinu, og væri þetta vel þess vert, að það væri athugað, því að það nær engri átt að taka tugi og jafnvel hundruð hektara af grónu svæði til þess að komast að þessari fjörubeit. — Hitt atriðið eru sláturfjárafurðirnar. Ég talaði ekkert um það áður, að við værum komnir á það stig, að ekki væri ástæða til að örva frekar búskaparframkvæmdir í landinu. En ég sagði, að nú skorti okkur Íslendinga sízt sauðfjárafurðir til neyzlu og litlu munaði um hundrað kindur til eða frá. Við verðum, hvort sem er, að koma ofan í útlendinga miklu af framleiðslu okkar á þessu sviði, stundum jafnvel með meðgjöf. Ég skal svo að lokum láta í ljós ánægju mína yfir því, að hv. þm. Borgf. virðist nú treysta mest á forustu hv. 1. þm. Árn. í þessu máli, og virðist það vera eftirstöðvar af máli, sem var hér til umr. fyrr í dag. En minna má hv. þm. á það, að ýmsir aðrir en hv. 1. þm. Árn. hafa látið uppi skoðun sína um þetta mál, þar á meðal ekki ómerkari menn en sandgræðslustjóri og skógræktarstjóri, og álit þessara manna er allt annað en álit hv. 1. þm. Árn.

Gísli Sveinsson: Það má segja, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að ræða frekar um þetta margra ára þrætumál, en út af ummælum, sem hér hafa fallið, vildi ég þó segja fáein orð. Ég verð þá fyrst að segja, að þegar farið er að tala um landsfeður og landsníðinga í þessu sambandi, þá er ég ekki alveg með á nótunum. Ég þekki talsvert til landauðnar og þess, hvernig hún fer fram, og mér er nær að halda, að það sé rétt, sem á hefur verið bent, að hún stafi ekki alltaf af búfénaði. En ef fara á að hafa það að einhverri grýlu á Alþ., að menn rækti búfé og hafi fjárbeit, þá þykir mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn, því að búfjáreign hefur til þessa ekki að jafnaði verið talin landsmönnum hættuleg. Okkur hefur alltaf verið ljóst hér á Alþ., að málið hefur ekki eingöngu verið sótt af kappi, heldur og varið af ofsa. Mér er kunnugt um þann ágæta bónda, sem þarna býr, að hann hefur verið kappsmaður frá bernsku, enda búandi góður, og er það viðurkennt af andstæðingum hans. En ekki er hann einn um kappsemd í mála-

fylgju. Èg vil ekki áfella þann mann, sem er í þjónustu hins opinbera og sótt hefur málið einna fastast frá hinni hliðinni, en því verður þó ekki neitað, að frá þeirri hlið hafa fallið ýms orð, sem verið hafa nokkuð ofsakennd og telja má ofsögð. Èg vil taka undir með hv. þm. Borgf. um það, að nokkuð muni vera að marka orð hv. 1. þm. Árn., sem er maður kunnugur þarna um slóðir. Ef ég væri málinu alveg ókunnugur, mundi ég helzt taka mark á þeim mönnum, sem eru úr héraðinu. Hinir benda raunar á búnaðarþingið og búnaðarsambandið. En eru þeir aðilar kvaddir til að vita betur í þessu máli en menn, sem sjálfir eru úr Árnessýslu? Èg sé ekki, að búnaðarþingsmenn séu meira virði en alþm. né búnaðarþing meira virði en Alþ., jafnvel í búnaðarmálum. Á búnaðarþingi var að vísu lögð fram till. í þessu máli og samþ., en í þeirri staðreynd, að till. er samþ., þarf vitanlega ekki að felast nein trygging fyrir sérþekkingu. Mér virðist málið nú komið í það horf, að sæmilega ætti að vera séð fyrir því, að ekki yrði rasað um ráð fram, þó að þessi till. næði fram að ganga. Sá varnagli er sleginn, að tryggt sé, að óvilhallir menn fjalli hér um. Það eiga ekki að vera neinir flokkamenn, heldur dómkvaddir menn, sem óhætt á að vera að treysta til hlutleysis. Þá ber og að gera ráð fyrir því, að þess verði gætt, að þeir menn verði efninu kunnugir og viti á því full skil. Èg fyrir mitt leyti mun því láta skeika að sköpuðu og telja mér óhætt að fylgja málinu að þessari merkjalínu, sem hér hefur verið dregin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var framhaldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. feld með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, JS, JörB, ÓTh, PO, SB, SG, SK, ÞG, GÞ, GSv, GTh, JakM, JJós.

nei: LJós, PZ, SigfS, STh, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GG, HelgJ.

IngJ, PÞ greiddu ekki atkv.

1 þm. (SEH) fjarstaddur.

Frv. þar með fallið.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Alþýðutryggingar (frv. SkG).

Á 10. fundi í Nd., 7. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 45).

Á 12. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 45, sem ég hef leyft mér að bera fram, er um breyt. á 2. málsgr. 62. gr. l. um alþýðutryggingar. Í þeirri lagagr., eins og hún nú er, er ákveðið, að sjóðfélagar í eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands og sjóðfélagar í eftirlaunasjóði Útvegsbankans skuli vera undanþegnir iðgjaldagreiðslum til Lífeyrissjóðs Íslands. En í mínu frv. er lagt til, að sjóðfélagar í lífeyrissjóði Sambands íslenzkra samvinnufélaga skuli einnig vera undanþegnir iðgjaldagreiðslum til Lífeyrissjóðs Íslands. Þessi lífeyrissjóður Sambands íslenzkra samvinnufélaga tók til starfa fyrir um það bil 4 árum. Samkv. reglum hans geta starfsmenn sambandsins, fyrirtækja þess og sambandsfélaganna orðið sjóðfélagar. Auk starfsmanna sambandsins hafa nú starfsmenn 4 kaupfélaga gerzt félagar í þessum sjóði. Þeir greiða ákveðinn hundraðshluta af launum sínum til lífeyrissjóðsins, en þau félög, er þeir vinna hjá, leggja fram jafnháa upphæð. Samkv. reglum sjóðsins veitir hann meiri rétt til lífeyris en lífeyrissjóður Íslands.

Á l. um alþýðutryggingar er ákveðið, að allir landsmenn á aldrinum frá 16 til 67 ára séu tryggingarskyldir hjá Lífeyrissjóði Íslands, og ber þeim að greiða iðgjöld til þess sjóðs. Sú ein undantekning var þó frá þessari gjaldskyldu gerð 1936, að embættismenn og barnakennarar, sem þá borguðu iðgjöld í sérstaka lífeyrissjóði, gátu verið undanþegnir greiðslu í Lífeyrissjóð Íslands, með því að halda áfram að greiða iðgjöld til þessara sérstöku lífeyrissjóða. En nokkru seinna var þessu breytt með l., sem sett voru 1937. Þá var samþ., að starfsmenn bankanna, sem einnig greiða til sérstakra eftirlaunasjóða og hafa tryggingu í þeim, skyldu einnig undanþegnir greiðslu til Lífeyrissjóðs Íslands.

Þar sem hæstv. Alþ. hefur tekið upp þá stefnu að undanþiggja þannig frá greiðsluskyldu til Lífeyrissjóðs Íslands einstaka hópa manna, sem mynda sérstaka lífeyrissjóði, þá tel ég, að ekki verði á móti því staðið, ef fleiri verða til þess að mynda slíka sjóði og greiða iðgjöld til þeirra, að þeir fái þá sams konar undanþágu frá greiðslu iðgjalda til Lífeyrissjóðs Íslands. Ég veit, að skiptar skoðanir hafa verið um það, hvort rétt væri að veita slíkar undanþágur. En fyrst meiri hl. Alþ. hefur talið það rétt, verður ekki á móti því staðið, að fleiri heldur en starfsmenn bankanna og starfsmenn þess opinbera njóti slíkra undanþágna, ef þeir greiða iðgjöld til sérstakra sjóða á sama hátt og hinir.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð að sinni, en vil leggja til, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og til hv. allshn. til athugunar.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það kann kannske ekki að vera neitt undarlegt, þó að þetta frv. komi fram, sem hv. síðasti ræðumaður var nú að lýsa, um það, að starfsmenn Sambands íslenzkra samvinnufélaga fái að vera undanþegnir frá greiðslu í Lífeyrissjóð Íslands.

Samkv. l. frá 1937 um alþýðutryggingar, 49. gr., er gert ráð fyrir, að allir þeir, sem eftir þeim l. eru tryggingarskyldir í Lífeyrissjóði Íslands, greiði vissa upphæð í lífeyrissjóðinn, eins og ákveðið er í þessari 49. gr., en þó er gert ráð fyrir, að stofnun, félag eða fyrirtæki, sem stofnað hefur fyrir starfsfólk sitt eða meðlimi eftirlaunasjóð, sem veitir sjóðfélögum meiri réttindi til elli- eða örorkulífeyris en Lífeyrissjóður Íslands veitir, geti sótt um viðurkenningu Tryggingarstofnunar ríkisins á starfsemi sjóðsins. Og þegar sú viðurkenning sé fengin, fái sérhver sjóðfélagi endurgreiðslu á lífeyrisiðgjaldi sínu, sem nemur meðaliðgjaldi til Lífeyrissjóðs Íslands fyrir sjóðfélaga og konu hans á þeim tíma og á sama stað, sem sjóðurinn starfar, þó aldrei hærri upphæð en nemur greiddum iðgjöldum þeirra. Skilyrði fyrir slíkri viðurkenningu eru þó, að sjóðurinn skuldbindi sig til að greiða af iðgjaldainnlögum hvers sjóðfélaga, sem úr sjóðnum kann að fara, jafnmikla upphæð til Lífeyrissjóðs Íslands sem hann hefur fengið frádrátt á fyrir hlutaðeigandi sjóðfélaga, ásamt vöxtum. Sá mismunur, sem þarna getur orðið á lífeyrisiðgjaldi í einstökum tilfellum og því meðaliðgjaldi, sem endurgreitt yrði úr Lífeyrissjóði Íslands, sem gjaldandinn greiðir meira í lífeyrissjóðinn en hann fær endurgreitt, rennur

þannig til Lífeyrissjóðs Íslands sem skattur til trygginganna.

En 1937 var gerð breyt. á þessu, þannig að starfsmenn bankanna fengu einnig undanþágu frá því að greiða iðgjöld í Lífeyrissjóð Íslands. Ýmsir mæltu þá á móti þeirri breyt., sögðu, að hér væri rangt að farið, en fengu sínu máli ekki framgengt. Þeir sögðu, að aðrir, sem eitthvað hliðstætt stæði á um, mundu koma á eftir og fara fram á að fá undanþágur fyrir hópa manna frá því að greiða iðgjöld í Lífeyrissjóð Íslands, — eins og nú er hér komið á daginn. Nú má búast við, ef þetta frv. verður að l., að komi hér á eftir fjölmörg félög og stofnanir, sem fara fram á að fá slík réttindi, og allir sjá, hvað það mundi hafa í för með sér fyrir lífeyrissjóðinn. Það mundi enda með því, að til hans greiddu ekki iðgjöld nema ófélagsbundnir menn, sem hafa óvissar árstekjur. Og þá hlyti að reka að því, að Lífeyrissjóður Íslands yrði alveg óstarfhæfur til þess, sem honum er ætlað að inna af hendi.

Ég vil vænta þess, að n., sem fær málið til athugunar, yfirvegi vel allt þetta mál. Og ég get búizt við, að það komi fram á þinginu síðar meir, að þetta atriði l. verði endurskoðað. Ég vænti, að n. leiti upplýsinga hjá Tryggingastofnun ríkisins um það, hvernig haganlegast muni vera að koma þessum málum fyrir í framtíðinni.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Ég get tekið undir ósk hv. 1. þm. Rang. (HelgJ) um það, að n. athugi þetta mál vel.

Eins og ég veik að í fyrri ræðu minni, hefur hæstv. Alþ. tekið upp þessa stefnu, að undanþiggja vissa hópa greiðsluskyldu til Lífeyrissjóðs Íslands, ef þeir greiða iðgjöld til sérstakra lífeyrissjóða og eru þar tryggðir.

Þarna er vitanlega um tvær leiðir að ræða. Önnur er sú að láta þessa reglu gilda áfram og láta þá, sem hafa sams konar sjóði, fá þessi réttindi. En hin er að hafa engar undanþágur, þannig að allir séu tryggðir hjá Lífeyrissjóði Íslands eða a. m. k. fái ekki undanþágu frá greiðsluskyldu til þess sjóðs, þó að þeir kunni að mynda sérstaka lífeyrissjóði. Og þá yrði líka að afnema slíkar undanþágur, sem nú er búið að veita, ekki aðeins starfsmönnum bankanna, heldur einnig starfsmönnum ríkisins. Því að það er ekki rétt að láta þá sleppa við að greiða til Lífeyrissjóðs Íslands, en láta aðra, sem eins stendur á um í þessu tilliti, borga iðgjöld þangað.

Þarna er, sem sagt, um tvær leiðir að ræða. Og ég vil leggja áherzlu á, að verði ekki breytt um stefnu í þessu efni, þá verði þeim mönnum, sem tryggðir eru hjá lífeyrissjóði Sambands íslenzkra samvinnufélaga, veitt sams konar undanþága frá greiðslu til Lífeyrissjóðs Íslands eins og starfsmenn ríkisins og starfsmenn bankanna hafa nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 151).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég get skírskotað til nál., og þarf ég engu að bæta við það, sem þar er tekið fram. N. varð sammála um, að frv. þetta næði ekki fram að ganga, þar sem með því yrði raskað verulega grundvelli Lífeyrissjóðs Íslands.

Í sjálfu sér væri það kannske ekki óeðlilegt, að þeir aðilar, sem um getur í frv., fengju slíka undanþágu, en þá yrði það bara til þess að opna flóðgáttina, því að straumur um undanþágubeiðnir mundi þá koma á eftir, og yrði strax allmikil tekjurýrnun hjá lífeyrissjóðnum.

Þar sem það liggur fyrir að endurskoða þessi l., leggur n. til, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá.

Skúli Guðmundsson: Eins og fram er tekið í grg., sem fylgir þessu frv. mínu, hefur Alþ. áður samþ. og sett lög um það, að starfsmenn ýmissa stofnana séu undanþegnir því að greiða iðgjöld í Lífeyrissjóð Íslands. Í frv. er farið fram á, að starfsmenn samvinnufélaganna, sem stofnað hafa lífeyrissjóð á sama hátt, losni við að greiða iðgjöld til sjóðsins. Hv. allshn. hefur ekki talið sér fært að mæla með frv., og eru mér það vonbrigði, að hún skuli ekki vilja stuðla að því, að þetta misrétti hverfi sem fyrst úr sögunni. Ég vil leggja til, að d. felli þá rökst. dagskrá, sem fram er komin, og greiði atkv. með frv.

Hitt er rétt, að endurskoðunar mun þörf á þessari löggjöf. Samþ. var í Ed. 21. maí 1942 ályktun um, að stjórnin hraðaði svo endurskoðun l. um alþýðutryggingar, að niðurstöður þeirrar rannsóknar og endurskoðunar lægju fyrir þingi því, sem nú situr. Nú er mér ekki kunnugt, hvort stjórnin hefur látið fram fara endurskoðun, en óþarft ætti að vera að skora á stjórnina þing eftir þing að láta þá endurskoðun fara fram. Væri æskilegt að fá upplýsingar um það hjá hv. 1. þm. Árn., ef honum er kunnugt, hvað hæstv. stjórn hefur aðhafzt í málinu.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég býst við, að undirbúningi sé eigi lokið, og geng út frá því, að málið sé ekki komið fram í tryggingaráði, og dreg ég þá ályktun af því, að rannsókn hafi ekki farið fram. Finnst mér, eins og málið stendur, nægilega vel fyrir þessu atriði séð.

Hættan er sú, ef þetta nær fram að ganga, að fleiri komi á eftir, sem vilja láta fara eins með óskir sínar. Gæti þá svo farið, áður en langir tímar liðu, að tekjur lífeyrissjóðs minnkuðu að miklum mun. Þetta er vert að athuga, áður en lengra er farið. Hitt get ég tekið undir með hv. þm. V.-Húnv., að sjálfsagt er að taka til athugunar, að menn verði ekki fyrir misrétti í þessu efni.

Helgi Jónasson: Ég er þakklátur hv. frsm., hvernig hann hefur tekið í þetta mál. Það er ekki óeðlilegt, að samvinnufélögin fái undanþágu í þessu efni. Í Ed. var bent á hættu þá fyrir lífeyrissjóð, að hann fengi ekki iðgjöldin, ef þetta yrði samþ., og að hann yrði ófær um að inna af höndum skyldur sínar.

Það er hin mesta þörf að endurskoða tryggingarlögin hið allra fyrsta, og er þess að vænta, að rannsókn hefjist sem fyrst.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 151, frá allshn., samþ. með 17:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, STh, StJSt, EmJ, EystJ, FJ, GTh, HelgJ, IngJ, JPálm, JörB, LJós, PZ, PÞ, PO, SG, JJós.

nei: SÞ, SkG, SvbH.

BÁ greiddi ekki atkv.

14 þm. (SK, ÁkJ, ÁÁ, BG, EOl, GÞ, GG, GSv, JakM, JS, ÓTh, SigfS, SB, ÞG) fjarstaddir.

2. Þingsköp Alþingis (frv. JJ).

Á 9. fundi í Ed., 7. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþ. (þmfrv., A. 46).

Á 11. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég hef leyft mér að flytja þessa till. um lítils háttar breyt. á þingsköpum Alþ., í einu atriði, og um efnið hef ég borið mig saman við þá starfsmenn þingsins, sem mest hafa með þetta atriði að gera, þótt þeir að vísu hafi engan íhlutunarrétt um það. Ég álít ekki viðunandi fyrir alþm., að það haldist sú óvenja, sem átt hefur sér stað undanfarin ár, að gefinn sé út meginhluti af ræðum þm. eins og þær koma frá hendi skrifaranna, án þess að þær hafi verið lesnar yfir og leiðréttar, annaðhvort af þm. sjálfum eða einhverjum fyrir þeirra hönd.

Það þarf ekki að fjölyrða um þetta atriði. Það er sjálfsagt ekki neinn skoðanamunur meðal hv. þm. um þetta mál. Ef hér væru til tæki, sem skráðu ræður þm., um leið og þær eru fluttar, eins og á sér stað víða erlendis, þá væri síður ástæða til að krefjast þess, að þm. læsu ræðurnar yfir. En hér er ekki um nein slík tæki að ræða. Hér verða því ræðurnar, þegar búið er að prenta þær, oft ólíkar því, sem þær voru fluttar, án þess að ég sé að lasta skrifarana. Þeir hafa erfitt hlutverk. Þess er enginn kostur í svipinn, að ræðurnar geti verið áreiðanleg heimild um það, sem þm. hafa sagt, nema þeir lesi sínar eigin ræður eða feli það einhverjum, sem þeir geta treyst. Með því móti verður ræðan áreiðanleg heimild um það, sem þm. hefur sagt eða vildi segja. Það voru mjög margir þm. hér fyrrum, sem höfðu það fyrir fasta reglu að lesa yfir ræður sínar og leiðrétta þær. Ég nefni sérstaklega Svein í Firði. Hann las yfir ræður sínar og leiðrétti svo vel, að þær mega, margar hverjar, teljast til bókmennta.

Ég sé ekki, að neinn geti verið á móti þeim ráðstöfunum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., nema þá að fundin sé betri leið til að ná sama takmarki. Ég sé ekki, að það geti verið innan þessa Alþ. neinn ágreiningur um það, að sú óvenja að láta ræðurnar fara á prent óyfirlesnar er til þess að lækka þm. í áliti þeirra, sem svo lesa þær í þingtíðindum. Ég hygg, að ef gerð verður þessi breyting, að fella niður óyfirlesnar ræður, þegar þingtíðindi eru prentuð, þá muni þm. leggja á sig það ómak að lesa ræðurnar yfir og leiðrétta þær. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Það er öllum þm. jafnkunnugt. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og til allshn.

Atvmrh. (Magnús Jónsson): Ég býst við, að flm. ætlist til, að þetta frv. fari til allshn., þó að hann tæki það ekki fram. (**JJ:** Ég óskaði, að því yrði vísað til allshn.). Þá verður það að sjálfsögðu nánar athugað. En ég vil leiða athygli að því, að prentun á ræðum þm. hefur hvað eftir annað verið tekin til umr. hér á þingi, m. a. í sambandi við sparnaðarráðstafanir. Það er svo mælt fyrir í þingsköpum, að ræður skuli prentaðar, og ég held, að það sé að fara eftir anda þingskapanna og jafnvel bókstafnum að prenta ræðurnar, þó að þær séu óyfirlesnar. Fyrst talin er þörf á að prenta ræðurnar, þá á að gera ráð fyrir, að ekkert sé undan fellt og engu breytt, er haggi meiningunni. En ég tek undir það með hv. flm., að það væri sjálfsagt bezt, að ræðurnar væru yfirfarnar og færðar sem næst í sitt upprunalega horf. Með þeim vinnubrögðum, sem hér tíðkast, verður aldrei fullkomlega tryggt, að ræðurnar séu orðréttar, en það eru til fullkomin verkfæri, sem taka ræður upp orðrétt. Ekki þarf annað en „diktafón“ til þess. Annars vil ég segja það, viðvíkjandi því, sem hv. flm. sagði, að álít á þm. lækki við það, að prentaðar séu óyfirlesnar ræður þeirra, að þá geti það vel verið. En við skulum ekki vera blindir fyrir því, að það getur líka orðið til að lækka álit þm., hve mikið ræður þeirra eru leiðréttar. Hv. flm. minntist á einn fyrri þm., sem þekktur var fyrir góðan frágang á ræðum sínum í þingtíðindum. En ég heyrði um hann og fleiri ganga þær sögur, að það væri ekki hægt að marka það, sem þar stæði. Ræðurnar yrðu allt annað en þær voru upphaflega. Það má einu gilda, hvort um fullkomið eða ófullkomið handrit er að ræða, ef ræðunum er mikið breytt. Þá verða ræðurnar ekki heimild um það, sem þm. sagði, heldur um það, sem hann vildi hafa sagt. Ég hef heyrt menn segja, að ræður ættu að vera orðréttar, og það mætti athuga, hvort ekki væri ástæða til að banna þm. að leiðrétta ræður sínar, nema um augljósar villur væri að ræða, eigi þeir að standa við það, sem þeir hafa sagt, en ekki bara það, sem þeir vildu hafa sagt. Það er meira að segja vert að athuga það, hvort þm., sem flutt hafa lélegar ræður eða vita sig hafa haft vondan málstað, geta ekki notað sér, að ræður þeirra verði ekki prentaðar, nema þær séu yfirlesnar.

Það mun eiga að vera nokkurs konar Salómonsdómur, sem hv. þm. S.-Þ. vill beita gegn þeim alþm., sem ekki lesa ræður sínar. En hér er þess að gæta, að það snertir ekki aðeins réttindi þm., hvernig ræðurnar eru prentaðar, heldur og réttindi kjósenda. Og mér finnst meira að segja, að hér sé ekki einungis um réttindi þm. að ræða, heldur og skyldur þeirra gagnvart kjósendum. Kjósendur eiga heimtingu á að sjá nokkurn veginn, hvað það var, sem þm. þeirra sagði. Ef ræðan er felld úr þingtíðindum, vegna þess að hún er óyfirlesin, þá eiga þeir þess ekki kost.

Kjósendur eiga ekki tök á þm. í heilt kjörtímabil, vilji þeir eitthvað vanda um við hann. Við næstu kosningar þar á eftir er hann svo frjálsari til að láta í veðri vaka, hvað hann hefur sagt, heldur en ef ræður hans væru prentaðar, þótt óyfirlesnar væru.

Ég tek undir það með hv. flm., að það, sem mestu máli skiptir, er að finna aðferð til þess að tryggja, að ræðurnar séu sem réttastar, þegar þær birtast á prenti; hvort sem það er tryggt með vél eða á einhvern annan hátt, þá er það gott. Annars má benda á það í þessu sambandi, að það má gera tilraun til þess að fyrirbyggja ófullkominn frágang á ræðunum með því að láta þingskrifara ganga undir próf, eins og einu sinni tíðkaðist. Með því móti ætti að vera nokkurn veginn öruggt, að til starfsins veldust aðeins þeir, sem væru færir um að leysa það nokkurn veginn sómasamlega af hendi. En fullkomnar heimildir um það, sem þm. hefur sagt, verður ræðan aldrei, nema hún sé tekin niður með vélum, eins og gert er víða erlendis.

Það er þá þetta, sem ég vildi aðeins vekja athygli á, að það sé athugað, að refsingin komi ekki niður á þeim saklausu, þ. e. þeim, sem vildu sjá í Alþt., hvað þm. hafa sagt.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir undirtektir hans í þessu máli, þó að hann hann sjái á því ýmsa agnúa. Ég fjölyrði ekki meira um það. Ég býst við, að það sé eðlilegast, að málinu verði vísað til allshn. að lokinni umræðu. Hún getur þá komið fram með endurbætur á því, ef henni þykir með þurfa.

En ég held það sé ekki rétt hjá hæstv. atvmrh., að brotin sé venja, þó að þm. leiðrétti og jafnvel breyti ræðum sínum nokkuð. Leiðréttingar hafa alltaf verið leyfðar, og það þarf oft að laga ræðurnar, eins og þær koma frá hendi skrifaranna, og þess mun þurfa, á meðan ekki eru notaðar vélar til að taka niður ræðurnar. Það er ákaflega mikið komið undir þingskrifurunum, og þeir eru misjafnir, eins og eðlilegt er. Stundum starfa skrifarnir ekki nema 1—2 tímabil og fá þá ekki nóga æfingu. Ég minnist eins þingskrifara, Finns Sigmundssonar, sem var frægur fyrir það, hvað hann var óvenjulega góður skrifari. Það var næstum því ótrúlegt, hvað hann hafði gott lag á að gera ræðurnar styttri, en þó sanna mynd af því, sem sagt var. Annar sérstaklega góður skrifari var núv. borgarritari Rvíkur. Það er hreint og beint sérgáfa að gera þessa hluti vel, og þeir standa bezt að vígi, sem eru hraðritarar. En hér er þó um að ræða sérgáfu að verulegu leyti, og ekki hægt að tryggja, að allir, sem til þessara starfa eru valdir, hafi hana. Þess vegna held ég, að ekki verði komizt hjá leiðréttingum.

Ég hygg, að dæmið, sem hæstv. atvmrh. tók, um að þeir, sem héldu lélegar ræður eða hefðu lélegan málstað, mundu nota sér það að láta ekki prenta ræður sínar, fái ekki staðizt. Ef það endurtæki sig hvað eftir annað, þá yrði þessu veitt athygli af hv. kjósendum, og ég er sannfærður um, að enginn gerði það til lengdar. Það, sem ég hygg, að sé aðalkosturinn við þessa aðferð, er það, að hún er svo hagkvæm. Ég tel engan vafa á því, að ef yfirlesnar ræður eru felldar niður úr Alþt., mundi bæði hæstv. atvmrh. og aðrir, sem eru önnum kafnir, gefa sér tíma til að lesa ræðurnar yfir eða láta aðra gera það, sem þeir teldu til þess færa. Menn voru einnig önnum kafnir, á meðan það var venja, að þm. læsu ræður sínar. Þetta verður vani, að vanrækja svona smástörf, sem í sjálfu sér eru ekkert erfiði. Það eru t. d. margir, sem vanrækja að svara sendibréfum, þó að þeir séu annars mjög duglegir menn. En ef þeir svo allt í einu taka sig til og fara að svara bréfunum daglega, þá komast þeir að raun um, að þetta er ekkert erfiði.

Ég vona því, að þetta frv. beri þann árangur, að það verði samþ. að fara þessa leið, eða aðra betri, ef hún finnst, til þess að þm. leiðrétti sjálfir eða aðrir fyrir þeirra hönd ræðurnar, áður en þær eru prentaðar.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 199).

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Allshn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og n. er sammála um, að brýn þörf sé til umbóta í þessu máli frá því, sem er nú. Það er vitað mál, að fæstir þm. gefa sér tíma til að lesa ræður sínar, eins og þær koma frá hendi þingskrifara. Þá þykir á því nokkur misbrestur, að þannig sé ávallt gengið frá ræðum, að samilega sé við hlítandi.

Ýmsir kvarta yfir því, að ræður þeirra séu sumpart ekki í samræmi við það, sem þeir hafa flutt, að sumpart sé svo mikið úr þeim fellt, að það sé alls ekki rétt mynd af því, sem þm. hafi sagt. Af þessum ástæðum þykir mega telja umræðuhluta Alþt. lélega heimild um það, sem í raun og veru gerist á þingi, og mætti segja, að það væri ekki til mikils að prenta slíkar ræður, sem svo væri ástatt um. Hins vegar er að gæta þess, að sumir halda því fram, að ræðurnar yrðu ekki alveg í samræmi við það, sem gerðist í þinginu, þó að hv. þm. yfirfæru þær, sem var föst regla, að þm. gerðu áður, vegna þess að þar kæmi frekar fram það, sem þm. vildu sagt hafa, en ekki í raun og veru það, sem þeir hefðu sagt. En Alþt. eiga að sjálfsögðu að bera með sér, hvað menn hafa í raun og veru sagt. Þess vegna halda sumir því fram, að það sé nauðsynlegt að reyna að finna einhver ráð til þess, að þingræðunum verði náð betur niður heldur en fram að þessu hefur verið og þær verði prentaðar samkv. því. Að sú aðferð yrði t. d. við höfð, að þær væru teknar niður á hljóðnema og síðan skrifaðar upp eftir honum í ró og næði, þannig að meiri líkur væru til þess, að næðist það, sem þm. hefði sagt, heldur en með öðru móti. Það mun hafa verið lítillega athugað, hvort þetta væri framkvæmanlegt. Þó hygg ég, að sú athugun hafi ekki verið gerð til hlítar.

N. taldi æskilegt, að ýtarleg rannsókn færi fram á því, hvort slík aðferð yrði ekki fundin, en hins vegar mundi lítið gagn í þeim Alþt., þar sem ætti að sleppa svo miklu niður, eins og yrði, ef þetta frv. væri samþ., og þá væri nærri einlægara að fella prentun umræðuhluta Alþt. niður. Við vitum, að það er gamalt deilumál, hvort ástæða sé til að prenta ræðupart Alþt. eða ekki. Ég tel tvímælalaust, að rétt sé að prenta umræðuhlutann, því að þar er að fá mjög mikil gögn fyrir pólitíska sögu landsins og eins réttarlega sögu þess, þannig að ég mundi telja það mikið tjón fyrir seinni tímann, ef þessi mikilvæga heimild væri ekki fyrir hendi, jafnvel þó að játa verði, að varðandi hina daglegu pólitísku baráttu hafi prentun Alþt. nú minni þýðingu heldur en oft áður. En af því að ég tel, að Alþt. geti haft mikla þýðingu sem heimild, verður að reyna að gera þau sem allra öruggasta heimild um það, sem raunverulega hefur fram farið á hæstv. Alþ. Og þó að það sé vissulega athugandi, hvort þetta frv. kunni að leiða til þess, eða sú leið, sem í frv. er bent til, þá þykir það, eins og ég sagði, vera nokkuð hæpið og útgáfa Alþt. þá verða nokkuð einkennileg, ef ræðum sumra hv. þm. væri alveg sleppt, en annarra teknar upp, eingöngu eftir því, hvort hv. þm. hefðu haft tíma eða aðstæður til þess að lesa handritin yfir. N. játar meginhugsun þá, sem kemur fram í frv. um nauðsyn til úrbóta í þessu efni, en getur ekki fallizt á, a. m. k. án frekari rannsóknar, að sú leið, sem í frv. getur, sé farin. Þess vegna vildi n. beina frv. til hæstv. forseta Alþ. í samráði við skrifstofustjóra Alþ., sem allra manna bezt þekkir bæði ágallana á núverandi framkvæmd í þessu efni og hverjar ráðstafanir kunni að vera líklegastar til þess að ráða bót á þeim, og getur um það dæmt, hvað í þessum efnum er framkvæmanlegt. N. taldi eðlilegast, að þessum aðilum yrði falið að rannsaka málið betur en fram að þessu hefur verið gert og á grundvelli þeirrar rannsóknar að bera fram breytingafrv. á þessu ákvæði þingskapanna. Vonast ég til þess, að hv. þd. geti fallizt á þá rökst. dagskrá, sem n. af þessum ástæðum bar fram.

Jónas Jónsson: Það er nú gamalt máltæki, sem segir, að margar leiðir liggi til Róm, og ég býst við, að svo sé einnig um þetta mál, sem hér um ræðir. Sú leið, sem ég benti á, er ein af þeim leiðum, sem ég tel, að séu til þess að bæta úr þeim annmarka, sem hv. þm. vita, að er um undirbúning og prentun Alþt. En mér dettur ekki í hug að segja, að það sé eina leiðin, og tel til bóta, að sú leið sé farin, sem n. leggur til, að málið verði rannsakað af forsetum Alþ. og skrifstofustjóra. Það hefur áður verið gerð á því nokkur athugun hér að fá t. d. vélræn tæki til þess að taka ræður hv. þm. og þær væru síðan ritaðar eftir því. Þetta var athugað nokkuð síðustu friðarmánuðina, áður en stríðið skall á. Var landssímastjóri mikið við það riðinn, og ég held, að óhætt sé að fullyrða, að tilraunir hefðu verið gerðar með það, ef stríðið hefði ekki komið. Landssímastjóri átti kost á þeim tækjum, sem álitið var, að við mætti hlíta, en svo lokuðust þær leiðir. Ég vil vonast eftir, að hæstv. forsetar finni kannske eitt af þeim góðu ráðum til þess að bæta úr þessu. Allir hljóta að viðurkenna, að leiðinlegt er, að ræður hv. þm. séu óleiðréttar, og það er ekki sízt vegna þingsins sjálfs, að ég hef álitið rétt að hreyfa þessu, samhliða því sem verið er að endurbæta vinnuaðstöðu þingsins. Ég hygg, að ef farin hefði verið sú leið að prenta ekki óleiðréttar ræður, þá mundu allar ræður verða leiðréttar.

Það gæti líka verið önnur leið, að hv. þm., sem ekki leiðréttu ræður sínar, fengju ekki þingfararkaup. Hvor leiðin, sem farin væri, hygg ég að mundi lækna þetta. Því að þar sem það hefur verið siður hv. þm. að leiðrétta ræður sínar um þingtímann, þarf ekki nema lítið átak til þess að breyta tizkunni aftur í það horf. — En þar sem hv. n. hefur borið fram þessa dagskrártill., mun ég greiða atkv. með henni.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 199, frá allshn., samþ. með 12 shlj. atkv.

3. Alþýðutryggingar (frv. BrB).

Á 7. fundi í Sþ., 14. des., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um framkvæmd á IV. kafla l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 78).

Á 15. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Það er nú í annað skipti á þessu ári, að ég flyt þetta frv. í þessari d. — Ég þarf ekki að skýra það mikið, það er gert í grg. þess. Það, sem hér er um að ræða, er gerbreyting á elli- og örorkutryggingum. — Flestir eru nú orðnir sammála um, að þessum þætti tryggingarnna verði að breyta. Allir vita, að Lífeyrissjóður getur ekki náð tilgangi sínum. Í honum eru nú um 5 milljónir króna eftir 6 ár, og til þess að hann geti staðið við skuldbindingar sínar eftir 50 ár, þá þurfa að vera í honum fleiri hundruð milljónir króna. Því verður að fara aðrar leiðir, eins og fyrr hefur verið að vikið. Og því tel ég eðlilegt, að kaflinn um ellitryggingar verði strax látinn koma til framkvæmda og gamalmennum og öryrkjum gefinn fastur lífeyrir, og tekna til þessara ráðstafana aflað hjá bæjum og ríki.

Hitt er svo annað mál, að það geta verið skiptar skoðanir um framkvæmd málsins í ýmsum atriðum, t. d. um tekjustofn sjóðsins. Samkv. ákvæðum þessa frv., þar sem gert er ráð fyrir ákveðnum grunnlífeyri, þá mundi maður hér í Rvík fá útborgað tæp 4 þús. krónur og hjón um 6 þús. á ári, miðað við núverandi vísitölu.

Þetta er að vísu krappur lífeyrir. Þegar þess er gætt, að þetta er þó mikil hækkun frá fyrirmælunum í þessum kafla Tryggingalaganna og frá þeim styrk, sem nú er veittur, þá þótti ekki rétt að ákveða lífeyrinn hærri í frv.

Samkv. þessu frv. skal afla tekna bæði hjá bæjum og ríki að viðbættum tekjum sjóðsins.

Nú mun sumum þykja eðlilegt, að einfaldlega sé ákveðið, að hið opinbera greiði allt það, sem iðgjöldin hrökkva ekki fyrir, hvorki meira né minna. Það má vel vera, fyrirkomulagið er mér ekkert kappsmál. En hugsunin eftir minu fyrirkomulagi er nokkuð önnur.

Það má telja, að áraskipti verði að gjöldum og einnig tekjum. Því tel ég heppilegra að safna í varasjóð, þegar vel árar, til að mæta meiri útgjaldaárum. Að öðrum kosti yrðu útgjöld eða framlög þess opinbera mest þegar gjaldþol manna er minnst.

Samkv. tekjuöflunarleiðum frv. gætu allt að 70% gamalmenna og öryrkja yfir 67 ára fengið greiddan fullan lífeyri, — upphæð teknanna mundi svara til þess. Ég hef borið þetta undir sérfræðing.

Til að byrja með er svo það fé, sem til er í lífeyrissjóði, sem varafé. Að ári liðnu yrði svo reynsla fengin, og mætti þá endurskoða tekjuhliðina, ef þessi leið verður farin.

Að endingu vil ég svo leggja til, að máli þessu verði vísað til allshn., í von um, að hún veiti því skjótari afgreiðslu en síðast.

Haraldur Guðmundsson: Ég er sammála hv. flm. um það, að flest bendir til, að þetta fyrirkomulag í alþýðutryggingunum, sem hér er rætt um, sé ekki til frambúðar. Ég hygg það ljóst vera, að torvelt sé að tryggja nægilega sjóðsmyndun til að geta innt af hendi jafnmikinn hluta af ellilaunum og ætlunin er. Auk þess er sjóðsmyndun 50—60 ár fram í timann allvafasöm vegna breytinga á verðgildi peninganna.

Hitt er ekki rétt hjá hv. flm., að sjóðurinn þurfi að vera orðinn fleiri hundruð milljónir króna. Það er í fyrsta lagi af því, að skuldbindingar sjóðsins eru ekki ákveðnar í l. Lífeyrisupphæðina átti að ákveða innan 12 ára frá setningu laganna í samræmi við fengna reynslu í þessum efnum. Hitt er rétt, að það er ómögulegt að gizka á, hve miklu fé þurfti að safna í þennan sjóð, miðað t. d. við gildi peninganna í dag.

Ég er flm. sammála í aðalatriðum, að það sé rétt að hverfa frá því fyrirkomulagi, sem hér er lögfest.

Um alþýðutryggingar eru aðallega uppi tvær stefnur. Önnur er sú, sem fylgt hefur verið hér frá byrjun, að hafa þær sem persónulegastar, að menn greiði visst fé og fái visst í staðinn. Þetta fyrirkomulag hefur að mestu verið framkvæmt í Svíþjóð t. d.

Hins vegar hefur hin leiðin verið farin í Danmörku og Englandi, að það opinbera hafi meiri ihlutun og afskipti um fjárframlög, og ætla ég, að reynslan bendi okkur eftir þeirri leið.

Hins vegar þarf að gera viðtækar breyt. á þessu frv., ef það á að ná samþykki. Ég hygg það víst, að sjóðurinn geti aðeins mætt litlum skuldbindingum í framtíðinni. Um síðustu áramót voru í honum 4,5 millj. króna + 1,5 millj. iðgjald þessa árs. Auk þess nema gömlu ellitryggingasjóðirnir um 1½ millj. króna, svo að þetta gerir samtals ca. 7½ millj. króna. Um tekjur næsta árs fer eftir því, hvaða vísitala gildir 1. apríl 1943, þar eð lífeyrissjóðsgjöldin eru þá reiknuð út fyrir hvert líðandi ár. En sjóðnum er ætlað að bera allan kostnað af útborgun ellilauna og örorkulífeyris, að frádregnum þeim ¼ hluta, sem bæjar- eða sveitarsjóður og ríkissjóður greiða hvor um sig.

Nú mun vera um 10 þús. öryrkjar og gamalmenni, sem koma til greina við greiðslu úr sjóðnum. Af þeim hafa fengið ellilaun eða örorkubætur sér til framfæris eða glaðnings kringum 6½ þús. manns síðari árin. Af því er ljóst, að það þarf mikið fé til þess að greiða þær upphæðir, sem frv. ætlast til, með fullri verðlagsuppbót. Í því sambandi er það fyrst að athuga, að þær frádráttarreglur, sem nú eru í alþýðutryggingal., þyrftu að endurskoðast í sambandi við þetta.

Í öðru lagi er það, að ég hygg, að áætlun hv. flm. um það, að tekjur sjóðsins, eins og þær mundu vera eftir frv. og núgildandi l., mundu nægja til þess að borga upphæð, sem svaraði til þess, að allt að 70% allra öryrkja og gamalmenna 67 ára og eldri fengju greiddan fullan lífeyri, sé alveg fjarri lagi. Mér skilst, að eftir frv. mætti áætla meðallífeyri sennilega um 1200 kr., sem gæti þó orðið eitthvað minna, segjum 1000 kr. fyrir hvern mann, sem þar kemur til greina. Sé reiknað með 7 þús. manns, eða 70% þeirra, sem til greina kæmu, þá eru þar komnar um 7 millj. kr., og þar við bætist svo verðlagsuppbót, sem er nú rúml. 170% af grunnlaunum. Það eru h. u. b. 19 millj. kr., og helmingur af því skilst mér, að ætti að koma frá sveitarfélögum og ríkissjóði, en helmingur frá Lífeyrissjóði Íslands. Tekjur sjóðsins ná sennilega 2 millj. kr., og eignir hans eru kringum 7 millj. kr. Væri því þessi áætlun rétt, mundi sennilega það fara langt til á einu ári í greiðslur samkv. þessu frv., sem sjóðurinn fær í tekjur á næsta ári, og það, sem safnazt hefur í sjóðinn. En hér kemur svo til greina, að það er ekki hægt að gera sér grein fyrir því án mikilla athugana, hvernig frádráttarreglurnar mundu verka, þannig að þessir útreikningar minir eru aðeins byggðir á áætlun hv. flm. um, að 70%, eða um 7000 manns, fái sem svarar fullum lífeyri.

Ef þess vegna verður hallazt að því að samþ. þetta frv., verður óhjákvæmilega að sjá Lífeyrissjóði fyrir einhverjum auknum tekjum til þess að mæta þeim helmingi af þessum greiðslum, sem honum er ætlað að standa undir. Ég vil benda hv. allshn., sem væntanlega fær málið til meðferðar, á þetta, og mér væri ánægja að láta hana hafa þær aðrar upplýsingar í málinu, sem ég get í té látið. En ég endurtek það, sem ég sagði fyrr um þetta, að ég álít fullkomlega tímabært að taka það til athugunar, hvort ekki er ástæða til að breyta fyrirkomulagi um greiðslu ellitrygginganna þannig, að upp verði tekin greiðsla fullra ellilauna eða lífeyris og horfið frá því að mynda stóran tryggingasjóð með iðgjaldagreiðslum, þar sem reiknað er með vöxtunum sem mjög mikilsverðum tekjulið.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Ég hef í raun og veru ekki aðrar aths. við ræðu hv. 3. landsk. að gera en að þakka honum fyrir góðar undirtektir í þessu máli, og vil endurtaka það, að ég

er reiðubúinn til þess að taka til vinsamlegrar athugunar allar brtt., sem fram kunna að koma, og er þakklátur fyrir, ef ég má eiga von á að fá að njóta hans aðstoðar, þar sem hv. þm. (HG) hefur meiri þekkingu í þessu efni en flestir aðrir.

Viðvíkjandi nokkrum aths., sem hv. síðasti ræðumaður gerði, vildi ég segja það í fyrsta lagi við aths. hans um það, að hann taldi það öfgar, að það skipti hundruðum milljóna, sem sjóðurinn þyrfti að vera til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar, að ég hef ekki reiknað þetta út nú. En eftir þeim lauslega útreikningi, sem ég gerði um þetta í fyrra, þá taldist mér svo til, að þá þegar hefði þurft að telja sjóðinn í hundruðum milljóna, þannig ef borgað hefði verið eftir þessu frv., sem hér liggur fyrir, þá hefði það orðið eitthvað hátt á þriðja hundrað millj. kr., sem til þess hefði þurft, að vextir af þeim sjóði nægðu til þess að standa við þær skuldbindingar.

En viðvíkjandi þeim lauslegu áætlunum hv. 3. landsk. um það, hvaða tekjur sjóðurinn þyrfti að hafa til þess að geta staðið við þær skuldbindingar, sem lagt er til í þessu frv., að samþ. verði viðkomandi sjóðnum, þá held ég, að þar sé um misskilning að ræða. Í 3. gr. frv. er átt við öll gamalmenni, sem eru yfir 67 ára, og alla þá öryrkja, sem hafa misst það mikið af starfsorku sinni, að þeir hafa rétt til lífeyris. Þetta er allt miðað við *fullan lífeyri*. Það *getur vel verið*, að það þurfi að breyta orðalaginu á gr. til þess að koma í veg fyrir misskilning. En þegar sá skilningur, sem ég nú gat um, er lagður í þetta, þá er ætlun mín, að ekki muni miklu, að áætlunin standist. Því að þetta framlag frá bæjar- og sveitarsjóðum og ríkissjóði nægir til þess að greiða 50% af fullum lífeyri til gamalmenna og öryrkja, sem greiða þyrfti. Við þetta bætast svo tekjur af iðgjöldum og vöxtum. Þar að auki kemur til greina nokkur lækkun, sem leiðir af því, að nokkur hluti þessara öryrkja og gamalmenna eru hjón.

Ég er sammála hv. 3. landsk. þm. um það, að það sé nauðsynlegt í sambandi við þetta að endurskoða kaflann í alþýðutryggingal. um elli- og örorkutryggingar, og raunar álít ég, að það þurfi að endurskoða lögin í heild sinni, — við erum þar víst alveg sammála. En ég held, að það megi ekki dragast og það sé alveg óforsvaranlegt, að það dragist að láta IV. kafla alþýðutryggingal. koma til fullrar framkvæmdar. Og ég held, að það væri hentugra, áður en gagnger endurskoðun færi fram á l., að nokkur reynsla fengist á þá breyt., sem ég tel, að þurfi sem fyrst að gera á l. og frv. þetta stefnir að. Ég held líka, að það gæti komið til greina að endurskoða nú þegar ýmis ákvæði laganna, t. d. ákvæðin um frádrátt þeirra tekna, sem gamalmenni og öryrkjar hafa sjálfir, frá lífeyrinum, — eins og hv. 3. landsk. þm. tók fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 78, n. 245).

Forseti (ÞÞ): Það hefur enginn kvatt sér hljóðs, og er þá umr. lokið. Verður nú gengið til atkv.

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Ég veitti því ekki athygli, hvað fram fór, en vil óska þess að fá að segja nokkur orð til skýringar á niðurstöðu nefndarinnar.

Forseti (ÞÞ): Ég hef þegar slitið umr., en hef hins vegar ekkert á móti því, að umr. verði aftur upp tekin, ef deildin vill á það fallast. Ég mun því bera það undir hv. deild.

ATKVGR.

Samþ. með 9 shlj. atkv. að taka umr. upp á ný.

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég biðst afsökunar á þessum mistökum.

Efni þessa frv. er að breyta allverulega til um fyrirkomulag á elli- og örorkutryggingum. Ætlazt er til, að IV. kafli l. um elli- og örorkutryggingar frá 1937 komi þegar til framkvæmda og ákveðinn verði fastur lífeyrir handa gamalmennum og öryrkjum, en kostnaður af þessu verði borinn uppi af ríki og bæjar- eða sveitarfélögum. Ég gerði ráð fyrir við 1. umr., að tekjur samkv. frv. mundu nægja til að greiða allt að 70% af öllum gamalmennum á landinu fullan *lífeyri*. *Þetta var byggt á skýrslum um úthlutun* ellilauna og örorkubóta árið 1940. Að vísu eru ekki til nákvæmar tölur um þetta, en hér getur þó varla skakkað miklu. Nú hefur Tryggingastofnun ríkisins fengið þetta til athugunar og útreiknings, og byggist útreikningur hennar á skýrslum um úthlutun elli- og örorkubóta fyrir 1942. Samkv. þeim mundu tekjur samkv. frv. hrökkva til að greiða 62,2% af öllum gamalmennum fullan lífeyri. Hins vegar dregur Tryggingastofnunin í efa, að þessar tekjur mundu nægja til þess, að lífeyrissjóðurinn gæti staðið við skuldbindingar sínar samkv. frv. Mér finnst þetta þó ósennilegt, þar sem aðeins 62% gamalmenna mundu fá nokkur ellilaun og aðeins rúmlega helmingur þeirra styrk, sem nokkru munar. En úr þessu getur reynslan ein skorið.

Það er sameiginleg skoðun allshn., að rétt sé að færa ellilaun og örorkubætur í meginatriðum í það form, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég hefði að vísu talið æskilegt, að hægt væri að ganga frá þessu nú þegar og fá nokkra reynslu af framkvæmd þessara atriða, áður en tryggingarlöggjöfin öll er tekin til endurskoðunar. Hins vegar varð samkomulag um það í allshn. að afgreiða frv. með rökst. dagskrá í trausti þess, að slík endurskoðun yrði látin fara fram þegar á þessu ári. Þess er þá vænzt, að hæstv. ríkisstj. láti hefja það verk og sjái um, að því verði lokið svo snemma, að hægt sé að afgreiða ný l. um alþýðutryggingar þegar á þessu ári. Ég get sætt mig við þessa afgreiðslu og legg því til, að hin rökst. dagskrá verði samþ.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 245, frá allshn., samþ. með 10 shlj. atkv.

4. Jarðræktarlög (frv. ÞÞ o. fl.).

Á 16. fundi í Ed., 17. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942 (þmfrv., A. 100).

Á 25. fundi í Ed., 6. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Ed., 7. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það atriði, sem þetta frv. ræðir um, breyt. á jarðræktarl., hefur verið þaulrætt bæði í blöðum landsins um mörg ár og einnig á fundum. Og hér í hv. d. var það til umr. á s. l. vori. Vegna þessarar sérstöðu um efni þessa frv., hef ég talið enga nauðsyn að ræða málið á þessu stigi og vísa þess vegna til grg. okkar flm. Ég legg til, að frv. verði vísað til landbn. að lokinni þessari umr., en einmitt í þeirri n. eiga sæti fulltrúar allra flokka þingsins. Fer bezt á því, að ekki sé lagt út í umr. fyrr en sú n. er búin að athuga frv. og birta álit sitt.

Haraldur Guðmundsson: Ég held það væri ráðlegast að afgr. þetta mál þegar við þessa umr. Þetta frv. er margsinnis búið að liggja fyrir þinginu, og ég geri ekki ráð fyrir, að neinar upplýsingar séu komnar fram síðan seinast, sem breyti afstöðu þm. til þess. Ég er ekki vanur að vera á móti því, að mál fái að ganga til n. Og ég veit, að hv. þm. skilja það ekki sem óvilja í þeirra garð, þótt ég beiti mér fyrir því, að greidd verði atkv. á móti því nú þegar.

Hermann Jónasson: Það hefur svo oft verið rætt um þessa 17. gr., sem mikill meiri hl. bænda var upphaflega fylgjandi, að tæpast er ástæða til að taka upp langar umr. um hana. En mér finnst ástæða til þess, áður en þetta mál fer í n., sem eðlilegt er, að það fari, að benda á, að það eru önnur lagaákvæði um fylgifé en í 17. gr., ákvæði, sem eru hættulegri en 17. gr. í augum þeirra, sem telja hana hættulega. Þessi ákvæði þarf ég ekki að rekja, þm. eru þau svo kunn. En það er þó full ástæða til að taka þessi ákvæði öll til yfirvegunar og samræmingar. Og menn hafa fundið til þessa almennt, bæði hér í Alþingi og einnig á búnaðarþinginu, að slíks væri þörf. Hefur verið mjög nærri, að samkomulag næðist á búnaðarþingi um samræmingu ákvæða og nokkrar breyt. frá því, sem nú er. Mér finnst sjálfsagt, að n., sem fær þetta mál til athugunar, sem að sjálfsögðu verður landbn., vísi þeirri áskorun til búnaðarþings, að það hraði endurskoðun sinni á þessum ákvæðum. Virðist mér þessi afgreiðsla á málinu eðlilegust. Ég býst við, að mér mundi þykja vel hlítandi við að sættast á þá afgreiðslu, sem yrði samkomulag á búnaðarþingi. Með því væri hlítt þeirri sömu reglu og um önnur ákvæði, sem deilt hefur verið um. Búnaðarþingið gerði samkomulag um breyt., sem síðar var afgr. hér.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það virðist eiga að taka hér upp langar efnislegar umr. um þetta mál, en ég ætla ekki langt út á þá braut. Ég verð þó fyrst að svara hv. 3. landsk. því, að ég átti ekki einu sinni von á því frá honum og flokksmönnum hans, þótt ég viti að 17. gr. er óskabarn þeirra, að svo yrði harkalega snúizt gegn þessu máli, að ekki mætti einu sinni fara fram athugun á því, heldur skyldi skera það niður við 1. umr. En þar sem hv. þm. Str. minntist á, að til væru fleiri styrkir, sem væru athugandi um, hvort ekki ætti að fara með á sömu leið og jarðræktarstyrkinn, nefnilega að losa kvaðir frá styrknum, þá er ég á sama máli. En við flm. álitum réttast að kanna leiðina með þessu frv., hvernig vilji Alþ. væri. En náttúrlega er sjálfsagt, að landbn. taki til athugunar, hvort ekki eigi að afnema þær kvaðir, sem fylgja húsabyggingastyrk og nýbýlastyrk. Ég býst við, að hv. þm. hafi aðallega átt við þetta tvennt. Ekki skal standa á mér í þeim efnum, þó að við kvæðum ekki upp úr með það í frv. Og satt að segja eru þessi ákvæði að litlu höfð. Ég hef aldrei orðið var við, að nokkur ákvæði væru sett í kaupsamning um fasteignir viðvíkjandi þessari kvöð, þó að það hafi farið fram mat á fylgifénu svo kallaða. Það er kannske ekki rétt af mér sem embættismanni að hafa ekki athugað þetta. Ég hygg það sé svo um fleiri, sem innfæra slíka samninga, að þeir athuga ekkert um það. Og reyndar veit ég ekki til þess, að nokkurs staðar á landinu hafi þessa ákvæðis verið gætt. Sem sagt, þetta virðist vera úrelt og að engu haft. Og það játa ýmsir af fylgismönnum þessa ákvæðis, að það hefur ekki náð tilgangi sínum. Skal ég lofa að taka til athugunar hina aðra styrki, hvort ekki sé hægt að fá samkomulag um að losa kvaðir, sem þeim fylgja.

Gísli Jónsson: Í tilefni af ummælum hv. 3. landsk. vildi ég mega benda honum á, að það væri hollt fyrir þingmenn, áður en gengið er til atkv., að gera sér grein fyrir, hvernig þessi ákvæði hafa verkað úti um landið þennan tíma, sem l. eru búin að standa, og hvaða samúð þau hafa fengið hjá bændum yfirleitt. Ein skýrasta sönnunin um árangurinn er einmitt sú, að við tvennar nýafstaðnar kosningar munu einmitt þeir frambjóðendur í sveitakjördæmum, sem voru fylgjandi því að afnema ákvæðið jafnvel á þessu þingi, hafa aukið með því fylgi sitt. Og sumir framsóknarmenn beinlínis lofuðu þessu við tvennar síðustu kosningar, og aðrir létu mjög líklega. Og það er skýrasti mælikvarðinn, hvað málið er óvinsælt, þegar feður og fósturfeður þessa ákvæðis eru farnir að afneita því, áður en þeir biðja um atkvæði sömu bænda, sem þeir hafa lagt þessar byrðar á. Búnaðarmálastjóri ræddi mikið þetta ákvæði í Barðastrandarsýslu á s. l. sumri, og tók hann líklega í að fylgja afnámi þess. En ég býst við, að það hafi drjúgt dregið til þess, að hann komst ekki inn á þing, að hann bar ekki gæfu til alveg að lofa þessu.

Ég held því, að hv. 3. landsk. ætti að falla frá ósk sinni um að drepa málið við þessa umr.

Hermann Jónasson: Það er rétt að komast hjá því að hafa langar umr. um þetta mál. Ef á að afnema ákvæði, sem geta verið hættuleg og skað-

leg eignarrétti bænda á jörðum, þá er að byrja á öfugum enda, þegar 17. gr. er tekin. Um fylgiféð samkv. síðasta fasteignamati er það að segja, að fylgiféð samkv. nýbyggingarl. og samkv. l. um endurbyggingarstyrk sveitabæja er verulega hærri fjárhæð heldur en fylgiféð samkv. 17. gr. jarðræktarl. Og það er gott, að sú n., sem fær þetta til athugunar, hafi það í huga, að ákvæðið í 17. gr. er þannig, að endurbætur eru metnar á sama tíma og mat á jörðum fer fram. En þar eru dregnar frá þær fyrningar, sem verða á þessum mannvirkjum, túnasléttum, sem ganga úr sér, húsum og hlöðum. Og þannig smátt og smátt hverfur jarðræktarstyrkurinn sem fylgifé, jafnótt sem mannvirkin, sem fyrir hann eru unnin, fyrnast, og að lokum hverfur upphæð styrksins með öllu. En viðvíkjandi því fylgifé, sem ákveðið er samkv. nýbyggingarl., varir alltaf sú upphæð, sem ríkið lagði fram í upphafi. Og það mun vera svipað ákvæði í l. um endurbygging sveitabæja. Það má því fullyrða, að jarðræktarstyrkurinn vaxi sem kvöð, en minnki ekki sem kvöð, ef ekki væri annað að gert en aðeins að fella niður 17. gr. Þessu atriði verður sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, að gefa gaum, og ég held, að það sé skakkt af okkur að vera að gera 17. gr. að pólitísku þrætuefni í þessu landi. En það er hins vegar rétt, að 17. gr. hefur að vissu leyti orkað tvímælis og þarf endurskoðunar við, — fyrir því verður að beygja sig. En það er ekki aðeins 17. gr. þessara laga, sem þarf endurskoðunar, heldur öll löggjöfin í heild. Þetta ákvæði (17. gr.) var sett til þess að halda niðri verðlagi á jörðum, og það er aldrei nægilega unnið að því að halda verðlagi á þeim niðri, því að það er fyrsta og einasta undirstöðuatriðið undir íslenzkum landbúnaði.

Haraldur Guðmundsson: Ég er alveg sammála hv. þm. Str. hvað þetta síðasta atriði snertir, og þess vegna álít ég ástæðulaust að láta málið fara til n. En út af því atriði í fyrri ræðu hans, að það sé sjálfsagt að láta Búnaðarfélag Íslands skera úr um þetta, vil ég segja það, að ég álít það ekki koma til mála. Það er Alþingi, en ekki Búnaðarfélag Íslands, sem verður að ákveða um þetta. Þá vil ég snúa mér að hv. þm. Barð. Hann gerir talsvert að því að fullyrða ýmislegt, svo sem væri hann þess umkominn að skýra frá því, hvernig landsmenn hugsa o. s. frv. Hann fullyrðir, að hugur bænda sé mjög andvígur 17. gr. Hann fullyrðir, að „skilgetnir feður“ séu nú orðnir leiðir á þessu afkvæmi sínu. Ég hef nú ekki fyrr heyrt getið um skilgetna feður, og er það víst eitt af þeim nýjungum, sem þessi hv. þm. flytur inn í þessa d. Þá segir hv. þm. um sinn keppinaut, Steingr. Steinþórsson, að hann hafi látið svo sem hann vildi afnema 17. gr., en hafi þó ekki viljað lofa því, og það hafi sennilega orðið til þess, að hann varð undir í kosningabaráttunni fyrir vestan. Ef svo er, þá held ég, að hv. þm. ætti að vera þakklátur fyrir 17. gr., ef það er fyrir hennar sakir, að hann komst á þing í þessum kosningum.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að hér er um svo mikilsvert stefnuatriði að ræða og hér eru svo glögg mörk milli skoðana manna, að það virðist engin ástæða til þess að setja málið í n. Hér er um það að ræða, hvort það fé, sem hið opinbera leggur fram til jarðræktar, verður notað til þess að hækka jarðirnar í verði og veita þeim mönnum, sem selja þær, mikinn hagnað, og það geri þannig hinum eftirkomandi erfitt að nýta og nota jarðirnar.

Hermann Jónasson: Það eru aðeins fáein orð út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Honum fannst vera mótsögn í því, að ég sagði, að ég mundi beygja mig fyrir þeim till., sem kæmu frá búnaðarfélaginu og það næði samkomulagi um. Ég hef lýst þessu yfir áður, og það er vegna þess, að ég álít eðlilegt, að búnaðarfélagið ráði mestu um þetta. Þetta mál hefur verið rætt á búnaðarþingi, og það sýndi sig, að næstum allir búnaðarþingsfulltrúarnir voru sammála um það að reyna að setja ákvæði í l., sem fyrirbyggðu það, að hægt væri að selja jarðirnar uppsprengdu verði. Bændur eru það viðsýnir menn, að þeir skilja það vel, að það er ekki hægt að reka búskap á jörðum, sem hafa verið seldar uppsprengdu verði. Annars væri fróðlegt að heyra þann búnaðarþingsfulltrúa, sem sæti á hér í d. og er flm. þessa frv., segja eitthvað um þetta atriði og hver skoðun ríkti á búnaðarþingi um það.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Hv. þm. Str. beindi til mín atriði, sem ég vil koma nokkuð að, þar sem ég er eini búnaðarþingsfulltrúinn, sem sæti á í d. Mér er kunnugt um það, hvernig gekk áður á búnaðarþingum, þegar málið var í milliþinganefnd þar. Þá var það yfirleitt hugur manna, að mér virtist, að koma þessu ákvæði frá, sumir vildu gera það með breyt. og fá annað í staðinn, en aðrir vildu, að 17. gr., sem hér um ræðir, hyrfi án þess, að nokkuð væri eftir.

Í rauninni var mþn. búin að koma sér saman um þetta mál, en þegar á þing kom, skildust leiðir, því að það virtist hafa komið breyting á hugarfar manna í þessum efnum, og fram komu þá kröfur um fleiri kvaðir á jörðum en áður. En nú hefur það sýnt sig, að þetta ákvæði (17. gr.) hefur ekkert að segja um jarðarverð, því að það hefur aldrei verið hærra en nú.

Ég hef talið það rétt, ef ómögulegt yrði að fá þessu ákvæði breytt, sem hér er farið fram á, að fara fram á það, að bændur, sem hafa meiri fjárráð, megi endurborga styrkinn og kaupa sig þannig lausa frá þessari kvöð, ef þeim sýnist. Ég vil benda á það, að ekki er á rökum reist sú aðdróttun í garð bænda, sem fram kom hjá hv. 3. landsk. um það, að bændur vildu ná í styrkinn til þess að geta selt jarðirnar aftur með ágóða, heldur er það aðeins fullyrðing, sem á sér enga stoð í veruleikanum.

Ýmsir bændur hafa neitað að taka á móti jarðræktarstyrknum vegna kvaða þeirra, er honum fylgja. Á landsmálafundi í Búðardal lýsti hv. þm. Str. því yfir, að 17. gr. jarðræktarlaganna yrði afnumin, og frambjóðandi Framsóknarflokksins í Dalasýslu lýsti því þar yfir á fundum, að hann hefði gert málefnasamning við þann flokk um afnám hennar.

Ég vil nú ekki vera að karpa mikið um þetta

mál, ég vil, að það sé athugað í n., eins og hv. þm. Str. lagði til. Treysti að nokkru loforðum hans vestra í vor og „Nú skal reynt, hvort kristinn kann kalíf orð að halda."

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 43. og 47. fundi í Ed., 28. jan. og 4. febr. var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 5. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 100, n. 234, 260).

Frsm. meiri hl. (Páll Hermannsson): Þegar hv. 1. flm. þessa frv. mælti hér fyrir því í hv. d., er það var lagt fram, þá gat hann þess, að efnislegar umr. um 17. gr. þyrftu varla að fara fram, það væri svo margrætt mál. Ég er honum sammála um þetta. Ég hugsa, að það séu fá lagaákvæði, sem oftar hefur borið á góma á síðustu þingum. Þegar á það er litið, að þetta mun í 7. sinn, síðan þessi l. voru sett fyrir eitthvað 7 árum, sem svipuð frv. þessu hafa verið borin fram, *þá er þetta auðskilið, þrautrætt mál.*

Ég ætla því að halda mér við skoðun hv. 1. flm. og ræða ekki um lagagr. þessa, nema tilefni gefist til, heldur skýra frá niðurstöðum meiri hl. landbn. Í hvert skipti, sem frv. þetta hefur verið lagt fyrir Alþ., þá hefur landbn. klofnað um það og alltaf með þeirri afleiðingu, að málið hefur ekki fengið jákvæða afgreiðslu. Hve oft það hefur verið fellt og hve oft það hefur dagað uppi, man ég ekki.

Meiri hl. landbn. lítur enn svo á, að þetta mál eigi ekki að samþykkkja. Þó að hann líti svo á, þá er ekki þar með sagt, að ekkert eigi að aðhafast, heldur tryggja enn betur tilgang þessa lagaboðs og annarra líkra. Það er kunnugt, að til eru fleiri lík lagafyrirmæli, er stefna að því marki að láta ábúendur jarðanna njóta jarðræktarstyrksins, að láta umbætur ekki vera seljanlegar með húsum og jörð, svo að styrkurinn hækki ekki beinlínis verð jarðanna.

Sams konar fyrirmæli eru í l. um nýbýli og samvinnubyggðir og l. um framlög ríkisins til endurbygginga á sveitabýlum og víðar.

Meiri hl. er sammála um, að öll þessi lagafyrirmæli eigi að athuga samtímis og gera á þeim þær breytingar, sem hv. Alþ. álítur nauðsynlegar til þess, að þau nái sem allra bezt tilgangi sínum og betur en verið hefur. Enn fremur lítur meiri hl. svo á, að Búnaðarfélagið og búnaðarþing teljist eðlilegur aðili að undirbúningi þessara breytinga.

Núna þessa dagana er búnaðarþingið að setjast á rökstóla, og e. t. v. fær þetta mál þar afgreiðslu.

Vegna þess að við álítum rétt, að þetta sé allt athugað, viljum við ekki fella frv., heldur sýna hug okkar með því að víkja því aðeins frá með dagskrá. Ef hún fæst ekki samþ., þá mun meiri hl. verða að greiða atkv. móti frv.

Ég ætla svo ekki að ræða þetta meira að sinni.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Við tveir, sem erum í minni hl. landbn., lögðum á-

kveðið til, að frv. þetta yrði samþ. óbreytt. Ég gerði ráð fyrir, að við yrðum ekki í minni hl., og kom mér það dálítið kynlega fyrir sjónir, hvernig skipaðist í n.

Nál. meiri hl. kom mér þó enn þá kynlegar fyrir sjónir. Þar segir t. d., að 17. gr. eigi að stuðla að því, að ábúendur njóti umbóta á jörðinni sér að kostnaðarlausu. Ég held þó, að ábúandinn verði að greiða skatta og skyldur af fylgifénu meðan hann hokrar, þó að hvorki njóti hann umbótanna, ef hann selur eða fer af jörðinni.

Þá gefur nál. í skyn, að við munum ekki kæra okkur um að aflétta kvöðum byggingarstyrkjanna. — Þetta er alveg rangt. Ég lýsti því yfir, að ég vildi og mundi bera fram þá breyt., að þeir hefðu ekki kvaðir í för með sér. En afnám 17. gr. var prófsteinn á vilja n. í þessum efnum. Ég ætlaði að bera hitt fram í sérstöku frv., ef leiðrétting fengist á henni, því að þar er verið að breyta öðrum l., og er það réttara með öðru frv. En er ekki náðist samkomulag í n. um 17. gr., þá sá ég ekki til neins að bera þetta fram nú. Það er alltaf hægt síðar.

Þá er í dagskránni skýrt fram tekið, að tryggja verði, að 17. gr. og aðrar styrkkvaðagreinar nái tilgangi sínum, nefnilega auknar kvaðir.

Mér kemur kynlega fyrir, ef nú á að fara að herða enn meira á böndunum. Ég beini máli mínu til hv. þm. Str., sem er hér staddur og hefur gefið yfirlýsingu þess efnis, að hann væri þeirri stefnu ekki samþykkur. Ég trúi því nú ekki, að hann greiði atkv. með því að herða á böndunum. Ég læt segja mér það tvisvar og þrisvar sinnum, áður en ég trúi því, að hann greiði atkv. með dagskránni.

Ég hélt, að metnaður bænda væri svo mikill, að þeir vildu ekki halda fast í þetta atriði. Það *mætti segja, að þetta sé áróðursmál og sumir* halda því fram. En ég er ekki neinn Jón Eyþórsson í pólitik. Ég vil taka þetta mál fyrir nú á þessu þingi, þótt hv. þm. segði, að það væri búið að koma fram sjö sinnum. Því að verið gæti, að það kæmi fram ekki sjö sinnum, heldur sjö sinnum sjö sinnum enn þá, ef það nær ekki fram að ganga í þetta sinn.

Við, sem viljum afnema þau ákvæði, sem gera það að verkum, að bændur gera minni framkvæmdir og hætta jafnvel við framkvæmdir, sem þeir voru byrjaðir á, munum ekki hætta fyrr en við fáum þessu kippt í lag.

Ég tel það mikið misrétti, að sumir fái styrk til framkvæmda kvaðalaust, en aðrir ekki. Það hafa verið veittir styrkir til landþurrkunar, fyrir utan jarðræktarstyrkinn, án kvaða. Styrkir hafa verið veittir til húsabygginga kvaðalaust. Til lendingarbóta hafa verið veittir hlutfallslega hærri styrkir en byggingarstyrkir samkv. jarðræktarl. og landnámsl. Þetta tel ég einnig mikið misrétti. Einnig hafa verið veittir styrkir til byggingar verkamannabústaða, en kvaðir aðeins lagðar á fyrstu eigendur.

Nú er einnig hér í deildinni frv., sem hefur feikna útgjöld í för með sér. Það er farið fram á, að styrkir til báta- og skipasmíða verði allt upp í 25%, kvaðalaust.

Þegar hús úr steini eða öðru varanlegu efni

eru byggð í sveitum, þá er það eign, sem verðmæt er fyrir landið og miðar að því að auka framleiðslu- og afkomumöguleika fólksins. En þegar skip eru byggð og ef til vill seld úr landi síðar eða þau farast, þá fer styrkurinn þar með forgörðum. Það er misrétti fólgið í þessu, þótt margir þm. vilji halda í það. Ég held, að það sé af þráa, ég vil ekki segja sauðþráa. Bændur hafa ekki nógu góð sambönd með sér til þess að fá þetta lagfært.

Þeir eru margir hér, sem vilja, að jarðirnar hverfi úr eign bænda og til ríkisins, og finnst mér lífa hér í gömlum glæðum í þessu efni.

Mér finnst, að framsóknarmenn hafi verið hraktir mjög til vinstri. Þeir hafa streitzt við það kófsveittir að lafa í verkalýðsflokkunum lengi vel. Þó fór svo, að nokkrir þeirra leystust úr læðingi, en nú virðist þó vera búið að drepa þá í dróma. Með ákvæðum 17. gr. virðist ætlun þessara manna vera að draga jarðirnar úr höndum bænda, en sem kunnugt er, þá er það vilji sósíalista. Ég hélt, að framsóknarmenn væru búnir að fá nóg af samstarfinu við þessa hálfbræður sína. En það er eins og máltækið segir: Þangað sækir klárinn, sem hann er kvaldastur, — og má segja það um þessa menn.

Sumir þm. þessa flokks hafa gerzt liðhlaupar í þessu máli, segja eitt við kjósendur sína, en annað, þegar komið er á þingið, og virðast nú vilja herða á ákvæðum 17. gr.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Það stendur hvergi í rökst. dagskránni, að eigi að fara að herða á ákvæðum 17. gr.

Það er eitt af undirstöðuatriðum landbúnaðarins hér sem annars staðar, að verðlag haldist sem mest óbreytt. Það var það, sem hélt íslenzkum landbúnaði uppi um aldir. Hið mismunandi verðlag, sem verið hefur síðan styrjöldin hófst, er það, sem skaðað hefur landbúnaðinn mest. Ef þeir flm. þessa frv. ætla að kippa þessu í lag með þessu móti, held ég, að ætti að takmarka þær aðgerðir við það, að ábúendur fái jarðirnar keyptar samkv. fasteignamati. Ef á að skylda þá bændur til að selja jarðir sínar eftir 10 ár, hvers vegna þá ekki að skylda hina til þess líka?

Jafnframt ætti að taka það til athugunar, hvort þeir eigi að selja þær fyrir fasteignamatsverð. Ef ríkið er skyldað til að selja jarðir samkv. því mati, þá hafa ábúendur ríkisjarða við betri kjör að búa en aðrir. Ef jörð er seld samkv. fasteignamati á 10 ára fresti, mætti meta umbætur þær, sem gerðar hafa verið á þeim tíma. Þegar 17. gr. var til umræðu fyrir nokkrum árum, komu fram raddir úr Dalasýslu í þá átt, að jarðir skyldu seldar samkv. fasteignamati. Í Landsveit hefur verði jarða verið haldið niðri með því, að þær hafa verið seldar eftir því mati. Bændur þar voru þeir einu á öllu landinu, sem vildu ekki taka við styrk úr kreppulánasjóði. Ef til vill væri þetta leið til úrlausnar. Eftir fyrri styrjöldina var engin leið fyrir þá bændur að halda áfram búskap, sem keypt höfðu jarðir sínar of dýru verði, nema þeir töpuðu aleigu sinni. Þetta endurtekur sig nú. Ég vil spyrja hv. þm. Dal., hvort hann vilji hafa það svo að skylda bændur til að selja jarðir sínar aðeins á fasteignamatsverði, en um það hafa heyrzt raddir hér.

Bóndi einn í Mosfellshreppi sagði við mig: „Ég hef oft verið að hugsa um að selja ríkinu jörðina. Ég væri betur settur þá fjárhagslega.“ Þetta er rétt, því að þeir, sem búa á ríkisjörðum, eiga að ýmsu leyti við betri kjör að búa en þeir bændur, sem eiga jarðirnar sjálfir.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég vil aðeins svara hv. þm. Str. fáum orðum, þótt ræða hans væri mér tilefni þess að flytja langt mál.

Orð hans eru ekki í sambandi við frv. Það er eins og austrið svari, þegar ég spyr vestrið. Hann játar, að jarðaverðið er nú komið upp úr öllu valdi, þrátt fyrir 17. gr. með sín skýlausu ákvæði.

Um það, að lækka beri jarðaverðið, hugsa ég, að við getum orðið sammála. En það verður ekki með stuðningi 17. gr.

Hann sagði, að bændur í Dalasýslu vildu selja ríkinu jarðir sínar. Hér fer hann ekki með rétt mál, og ætti hann ekki að rugla þannig staðreyndum.

En í þessu sambandi má geta þess, að víða hefur verið lagt kapp á, að bændur seldu jarðirnar og talið, að þá mundi þeirra hagur betri. En reynslan hefur sýnt hið gagnstæða, því að leiguliðar þessir hafa alls ekki óbundnar hendur á við sjálfseignarbændur og hagur þeirra eigi betri. Og mér finnst hafa verið ofurlítið farið í kringum kjarna málsins af hv. þm. Str. Ef við færum að bollaleggja eitthvað um þetta, sem hann var að tala um, þá hyrfi 17. gr. af sjálfu sér. En því þá að spyrna á móti því nú? Það er oft heppilegra að rífa áður en byrjað er að byggja, til þess að koma fyrir undirstöðu, og ég held, að svo sé í þessu tilliti, að heppilegast sé að losa sig sem fyrst við rústir 17. gr., koma þeim burt og fara svo að leggja undirstöðu undir nýja byggingu.

Frsm. meiri hl. (Páll Hermannsson): Mér er nú ekki alveg ljóst, hvað veldur þeirri breyt., sem mér virðist vera hér orðin á hv. þm. Dal (ÞÞ). Hv. þm. Dal. er gætinn maður, orðvar og venjulega orðfár. Nú er hann orðinn svo mælskur, að það er eins og þegar bezt lætur hjá ræðuskörungum hér í hv. d. Ég segi honum það ekki til lasts, að hann er venjulega orðfár. En hvað veldur nú þessari hraðmælsku hjá honum? Ég held, að þessi breyt. sé af því, að hann er farinn að tala um 17. gr. jarðræktarl. og það á nákvæmlega sama hátt og venjulega hefur verið talað um hana oft síðan hún varð fyrst til. Hann gengur nú svo langt, — ég vil segja í rökvillum —, að hann telur sjálfsagt, að það opinbera borgi opinber gjöld af þeim hluta jarða, sem nemur fylgifénu. Borga ábúendur ekki opinber gjöld af þeim jörðum, sem þeir eru á yfirleitt? Ég er búinn að búa á jörð ríkisins, og ég hef borgað af henni opinber gjöld fyrir utan landskuldargreiðslur. Ef hv. þm. Dal. vill koma því í kring, þegar fram í sækir, að létta þeim gjöldum af mönnum, lasta ég það ekkert. Þetta sýnir, hve menn fara oft út í öfgar í umr. um þetta mál.

Hv. þm. Dal. taldi það rangt í nál., að þar væri talað um, að 17. gr. jarðræktarl. væri skyld ákvæðum annarra laga. Það er í nál. ekkert sagt annað um þessi ákvæði en það, að þetta er í 7. skiptið, sem fram kemur á Alþ. till. um þá breyt. á jarðræktarl. að fella niður 17. gr. En ég veit ekki til, að fram hafi nokkurn tíma komið till. um niðurfellingu á hinum ákvæðunum. En ágreiningur hefur verið um 17. gr. jarðræktarl. síðan l. voru sett, af því að átök voru strax í upphafi um það, hvort þau ákvæði ættu að vera í jarðræktarl. Og síðan hefur verið haldið uppi ágreiningi um 17. gr., af því að menn álitu það heppilegt deilumál. En ég held, að það hafi varla verið tekið alvarlega, þó að talað hafi verið í þessum tón um 17. gr. Ég veit ekki, hvort fleiri eru með henni heldur en móti. Ég held þó, að þeir séu engu fleiri, sem halda, að ákvæði þessarar gr. og skyldra ákvæða séu gagnslaus.

Þá sló hv. þm. Dal því fram, að þetta, að halda fast við 17. gr., væri ekki til annars fallið en að hjálpa sósialistum í landinu til þess, þegar fylling tímans kæmi, að sölsa undir ríkið allar jarðir í landinu og lendur. Þetta er það, sem alltaf hefur verið sagt. En þetta veit þessi hv. þm. og allir aðrir, sem það hafa sagt, að er ekki nema bull, slagorð, sem líklega á að græða eitthvað á.

Hv. þm. Dal. heldur því fram, að l., sem halda niðri verði á jörðum, séu til tjóns fyrir bændur. Er það ekki rétt? (ÞÞ: Ég hef aldrei haldið því fram.) Ég hef nú skilið hv. þm. Dal. svo. Hver haldið þið, að tapi á því? Að minni hyggju eru það þeir, sem selja jarðirnar. Venjulega er það, þegar einn tapar í viðskiptum, þá hagnast einhver annar. Hverjir hagnast þá á þessum ákvæðum? Er það ríkissjóður, sem hjálpað er með þessu, eins og sumir halda fram, að sé stefnt að, að sölsa undir sig þessar jarðir? Tekur hann leigu eftir þessar lendur? Ekki svo ég þekki til. Ég get ekki séð, að aðrir hagnist á þessu en þeir, sem búa á jörðunum. Ef á að gera upp á milli þeirra, sem selja jarðir, og hinna, sem búa á jörðunum, þá er ég ekki í vafa um það, að hlynna beri að þeim, sem búa á þeim og reka atvinnu fyrir þjóðfélagið, heldur en þeim, sem kunna að selja jarðirnar og verja fénu fyrir þær alla vega, eins og gerist.

Hv. þm. Dal. var að tala um misrétti, sem væri milli venjulegra bújarða og býla í kaupstöðum, smærri eða stærri. Ef þar er um misrétti að ræða, þá væri gott tækifæri til að leiðrétta það í sambandi við endurskoðun og breyt., sem á þessu ákvæði kynnu að verða gerðar framvegis. Og mér finnst hálfvegis sitja illa á þessum hv. þm., sem sjálfur er búnaðarþingsmaður, að amast svo mjög við því, að búnaðarþing leggi ráð á um þetta.

Þá sagði þessi sami hv. þm., að það væri ákaflega hentugt að rífa niður áður en byggt væri upp. Ég held nú, að það sé ekki ákaflega hentugt að rífa niður bæinn sinn áður (ÞÞ: Ef byggt er á rústunum). Ég held, að það sé ekki ákaflega hentugt að rífa niður bæinn, áður en maður byrjar að byggja annan nýjan, eða þá hygg ég a. m. k., að gott væri, að maður væri búinn að ákveða, hvernig nýi bærinn eða húsið á að vera, áður en rifið er. Og ég hygg, að þessi hv. þm. vildi líka hafa ákveðið það, ef hann þyrfti að byggja yfir sig.

Ég held, að langar umr. um þetta hafi ekki mikið að þýða, þær breyta ekki skoðunum manna eða afstöðu til málsins.

Það komst svo langt, að hv. þm. Dal. sagði, að þeir, sem héldu fram, að tilgangurinn með 17. gr. og öðrum slíkum ákvæðum væri gagnlegur, beittu sauðþráa. (ÞÞ: Ég sagði það ekki beint). Ég held, að það sé ekki síður sauðþrái að stagast á firrum og fjarstæðum í þessu sambandi. Þeir, sem það gera, vita vel, að það, sem efnislega vakir fyrir fylgjendum 17. gr., er að gera það sem kostnaðarminnst að búa á jörðum. Það getur verið, að vel sé hægt að búa, þegar lambið er komið í 100 til 120 kr. Þegar lambið er — eins og var fyrir stríð — á 10 kr., getur verið, að hvert þúsundið í kaupverði jarða hafi einhverja þýðingu.

Ég er ekki í minnsta vafa um það fyrir mig, að ef dagskrártill. verður ekki samþ., þá greiði ég atkv. á móti þessu frv. En ég hélt, að hv. þm. Dal. gæti verið sammála um, að heppilegt væri að gera athugun og endurbætur í þessu efni. Það er alveg misskilningur hjá hv. þm. Dal., að dagskrártill. beri með sér, að herða eigi meira að bændum. Hún ber með sér, að það á að létta, eftir því sem hægt er, meira undir með bændum til þess að búa á jörðum.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er nú svona, að það hefur alltaf verið gott á milli okkar hv. 1. þm. N.-M. (PHerm) og oft verið leyniþræðir okkar á milli, og ég held, að það geti verið enn þá. Hann talar um, að aukizt hafi mjög mælska mín, en mér virðist hins vegar, að við þann kipp, sem ég hef fengið í því efni, hafi að sama skapi sljóvgazt skilningur hv. 1. þm. N.-M. og heyrn til mín nú um stund. En ég ætla að láta aðra dæma um þetta fremur en sjálfan mig.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt mjög mikið, en vil aðeins leiðrétta, vegna þessarar sljóvgunar hv. þm., atriði, sem hann fór ekki rétt með, sem stafar annaðhvort af misskilningi eða misheyrn. Hv. þm. sagði það, að ég hefði mjög hneykslazt út af því, að þeir yrðu að borga gjöld af fylgifé jarða, sem byggju á jörðunum. Að sjálfsögðu gera þeir það. En ég hneykslaðist á því, að í nál. segir, að ábúendur eigi að njóta í framtíðinni sér að tilkostnaðarlausu þeirra umbóta, er jarðræktarstyrkurinn einn hefur orsakað. En úr því að þeir borga alla skatta og skyldur af þessu fylgifé, sé ég ekki, að þeir geri það sér að kostnaðarlausu. Þetta sér hver maður. En hv. 1. þm. N.-M. hefur nú sjálfur skrifað þetta, og hann má ekki renna frá því raupi.

Þá minntist hv. 1. þm. N.-M. á, að fleiri bændur vildu telja 17. gr. gagnlega. Það getur verið, að það sé einhvers staðar á Austfjörðum, t. d. í úthéraði þar. En annars er það yfirleitt ákaflega óvíða, sem bændur telja meira gagn að því að hafa hana heldur en ekki. Það getur annars vel verið, að við fyrri umr. málsins hafi einn hv. þm. minnzt á, að í einu kjördæmi séu fleiri kjósendur með 17 gr. heldur en móti, en yfir-

leitt er því ekki treystandi, að þroski sé að aukast á þeim svæðum, þar sem svoleiðis horfir.

Ég var alls ekki að tala um, að það væri tjón fyrir bændur, að jarðir lækkuðu í verði, og er það enn einn misskilningur hjá hv. 1. þm. N.-M. (**PHerm**: Er það þá ekki gagnlegt?). En við erum sammála um, að 17. gr. megnar ekki að halda niðri jarðaverðinu, — hún hefur sýnt það. En hv. þm. hefur heyrt, að ég var einmitt að tala um það við hv. þm. Str. (HermJ), að ég væri tilbúinn til að athuga með honum það atriði, hvort ekki væri hægt að hafa áhrif á það að halda verði á jörðunum niðri. Og ég harmaði það, að e. t. v. hefði verið stigið óheillaspor með því, að við gátum ekki sameinað okkur um söluskattinn, því að þá hefði getað farið allt öðruvísi nú á stríðstímanum, ef það hefði verið gert.

Það getur nú farið svo, að búnaðarþing fái að segja eitthvað um þetta mál, og ég hef ekkert á móti því. Samt sem áður held ég, eins og hv. 1. þm. N.-M., að búið sé að ræða málið nóg á hæstv. Alþ. til þess að hv. þm. geti tekið afstöðu um það úr þessu.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að lengja þessar umr., enda hefur hv. þm. Dal. (ÞÞ) ekki tækifæri til að svara. Og hann er nú ekki lambið að leika sér við nú, því að hann hefur gefið ótvírætt í skyn, að hann sé búinn að sjúga í sig mikið af viti hv. 1. þm. N.-M. (PHerm) (**ÞÞ**: Mælskuna.), og það er því ekki þægilegt að eiga við hann.

Hv. þm. Dal. hefur verið að tala um, að 17. gr. jarðræktarl. hafi ekki getað haldið niðri jarðaverðinu. Ég hef aldrei haldið því fram, að 17. gr. væri nægileg til þess að halda niðri jarðaverðinu, enda er fylgifé jarðanna hverfandi lítill hluti af verði jarða. Það er ekki nema nokkur prósent, 3, 4 eða 5% af jarðaverðinu. Og það getur vitanlega ekki ráðið neinu verulegu um söluverð jarðanna. Hinn hlutinn getur margfaldazt í verði. En ákvæði 17. gr. eiga að ráða því, að sá hluti, sem ríkið hefur lagt í jarðirnar, sé ekki seldur. Og ég vil benda á, að ákvæði um endurbyggingarstyrki og styrki til nýbýla ganga lengra heldur en þessi ákvæði og í sömu átt, og ekki hefur þótt ástæða til að afnema þau. Þau hafa þá sömu galla og 17. gr. jarðræktarl., ef um galla er að ræða. Og maður getur tekið öll þessi atriði fyrir í einum lið og sagt: Úr því að þessi ákvæði orka ekki meiru en þau gera til þess að halda verði jarðanna niðri, og er þess vegna ekki meiri tálmi fyrir bændur um að njóta eigna sinna til þess að selja þær, hvers vegna á þá að afnema 17. gr.? A. m. k. er það, að mér finnst, alveg fráleitt að ætla sér að afnema 17. gr., en afnema ekki um leið ákvæðin um endurbyggingarstyrki og nýbýlastyrki, sem ganga lengra að því leyti, að sá styrkur er ekki látinn fyrnast eftir venjulegum reglum, heldur helzt óbreyttur, þó að umbætur, sem styrkurinn fæst fyrir, gangi úr sér. Sá styrkur getur því gleypt mikið af jarðarverðinu og kannske allt. Ef jarðir ganga úr sér, sem notið hafa styrks jarðræktarl., þá er metið, hve mikið umbæturnar ganga úr sér, sem notið hafa styrks jarðræktarl., þá er metið, hve mikið umbæturnar ganga úr sér, sem styrkur er veittur fyrir, og fylgifé minnkar í réttu hlutfalli við það. Ef t. d. hlaða, sem jarðræktarstyrkur hefur verið veittur út á, gengur alveg úr sér, þá hverfur fylgifé vegna þess mannvirkis með öllu. Þess vegna eru þessi ákvæði í l. um endurbyggingarstyrki og nýbýli enn hættulegri en 17. gr. jarðræktarl., ef um hættu annars er í þessu efni að ræða.

Ég viðurkenni, að 17. gr. nær ekki þeim tilgangi, sem henni var ætlað að ná. Það þýðir ekki að tala um það öðruvísi en það er. En hitt meina ég, að það sé nauðsynlegt að halda jarðaverðinu niðri. Það er ekki hægt að stunda búskap með góðum árangri með því að láta jarðaverðið hækka og lækka á víxl. Og ég vil skora á hv. þm. Dal., ef þetta mál verður rætt á búnaðarþingi, að athuga það, hvort ekki er rétt, að bændur eigi jarðirnar sjálfir og þeir fái þær með fasteignamatsverði, bæði ríkisjarðir og einstaklinga. Og ég hygg, að sú lausn væri eðlileg lausn á jarðaspursmálinu á Íslandi. Og þegar sagt er, að það sé nokkuð annað að ráðstafa jörðum ríkissjóðs á þennan hátt heldur en jörðum í einkaeign, þá er það ekki rétt. Það eru til margar jarðir, sem ríkið á, og hver þegn þjóðfélagsins á sinn hluta af þessum jörðum, sem þjóðin á. Og ef við erum að ráðstafa þessum eignum og selja fyrir fasteignamatsverð, þá er ekki meira þó við ráðstöfum öðrum jörðum, sem einstaklingar eiga, að þessu leyti á sama hátt, að ákveða, að þær skuli seldar fyrir fasteignamatsverð. Og ef hv. þm. Dal. er sammála mér um það, að jarðir eigi ekki að hækka í verði, þá vil ég mjög skora á hann að athuga þetta á búnaðarþingi.

Eiríkur Einarsson: Það var ekki ætlun mín að taka hér til máls, þó að ég sé meðflm. að þessu frv. En með því að hér er gert ráð fyrir, að þetta mál verði rætt ekki aðeins hér á hæstv. Alþ., heldur og á búnaðarþingi, sem bráðlega fer í hönd, þá vildi ég aðeins gera grein fyrir einu atriði, sem mér finnst, að ekki hafi komið hér nógu skýrt fram.

Þeir, sem um þetta mál hafa deilt hér, virðast sammála um, að það sé sérstaklega æskilegur hlutur, að verðlag jarða í landinu lækki. Ég vil ekki, þegar farið verður að ræða þetta á búnaðarþingi, sé litið svo á, að allir, sem standa að þessu frv., séu á þeirri skoðun, að það sé einhver kínalífselixír fyrir landbúnaðinn að fá jarðaverðið sem mest lækkað. Ég held, að það sé lítt rjúfanlegt viðskiptalögmál, að verðlag á jörðum í landinu — þ. e. a. s. meðan þær ganga á frjálsan hátt kaupum og sölum eins og hvert annað það, er viðskipti eru með, fari eftir því, hve góðan hlut álitið er, að verið sé að verzla með, og verðið fari eftir eftirspurninni, eins og maður orðar það venjulega. Ég hygg, að því meira sem að því kveður, að þeir, sem við landbúnað eru, geti ekki séð sér farborða án sérstakra styrkveitinga úr ríkissjóði, þá muni þessir góðu menn, sem vilja lækka verðlag á jörðum, fremur hitta á óskastundina. Ef svo vel vill verða, að landbúnaðurinn verður sjálfbjarga til frambúðar og það þykir eftirsóknarverð staða að vera bóndi á góðri jörð, þá geri ég ráð fyrir, ef verð-

lagið á jörðum verður ekki allt lögbundið, í mótsetningu við annað, sem gengur kaupum og sölum, þá hafi það hækkandi áhrif á verðlag jarðanna í landinu. Og ég vildi gjarnan, að sú hækkun ætti fyrir okkur að liggja. Hitt er svo allt annað mál, sem ég óska ekki eftir, að jarðir hækki óhæfilega í verði og með tilliti til óeðlilegra „spekúlationa“ í viðskiptalífinu. Ég geri ráð fyrir, að allir hv. þdm. séu á einu máli um það, að þessi verðhækkun sé ekki hættlegur hlutur, sem af eðlilegum ástæðum verður, öðru nær. En til þess að koma í veg fyrir óeðlilega hækkun á verði jarða, held ég, að þurfi að fyrirbyggja glæfra í kaupum og sölum á jörðum — **(Rödd af þingbekkjum:** Að bankastjórarnir fái ekki um of að gína yfir þeim.), og verður að gera það með sérstakri lagasetningu út af fyrir sig. Ég held, að sú lagasetning væri, ef sett yrði, mjög í rétta átt og mætti teljast hin nauðsynlegasta.

Viðkomandi því, að því hefur af ýmsum verið haldið fram, að selja ætti helzt allar jarðir við fasteignamatsverði, þá er þess að geta, að til þess að slíkt geti verið sanngjarnt, þarf að vera sem bezt samræmi í matinu eftir raunverulegu verðmæti jarðanna. En um það má náttúrlega deila, hvort þessi eða hin jörðin eigi að vera dálítið hærra eða lægra metin. Og matið er framið að nokkru leyti sem framkvæmd nauðsynlegrar undirstöðu undir skattálagningu. Þar er um skattamál að ræða fyrst og fremst.

Um 17. gr. vil ég ekki fjölyrða meira. Ég gerði það með glöðu geði að vera meðflm. þessa frv., enda þótt ég hafi ekki látið mig það mál miklu skipta yfirleitt, af því að skoðun mín í því efni er sú, að ég tel heillavænlegast, að annaðhvort eigi landsmenn jarðir sínar sjálfir eða ekki. — Annaðhvort séu þeir óðalsbændur sem mest, hver á sinni jörð, með sem minnstu mixi milli sín og ríkissjóðs, eða þá, ef það reynist ótiltækilegt, að ríkið sé sá almenni hreini landsdrottinn á þann hátt, að bændur geti verið öruggir um að geta búið á bújörðum sínum, en ekki sé verið um leið með þetta ákvæði um fylgifé og alla fyrirhöfn og „appendix“, kannske viðkomandi annarri hverri jörð á landinu, til ergelsis fyrir hvern sýslumann á landinu vegna þess, hvernig þetta eigi að færast í veðmálabækur o. þ. h.

Þótt talið sé, að búið sé að bera þetta mál fram 6—7 sinnum án árangurs, er það nú komið í það horf, að fylgjendur 17. gr. eru farnir að ljá máls á því, að þessu þurfi að breyta, enda þótt skaplyndi þeirra sumra sé því enn til fyrirstöðu.

Að síðustu vil ég enn lýsa mig andvígan þeirri skoðun, að viðskiptaverð á jarðeignum eigi að vera sem allra lægst. Ég sé t. d. ekki, hvaða sanngirni er í því, meðan engar hömlur eru á því, að húseigendur í kaupstöðum selji hús háu verði, að bóndi, sem búinn er að slíta kröftum sínum á jörð, en verður síðan að selja hana, e.t.v. af því að börn hans fást ekki til að vera í sveit, megi ekki fá fyrir hana gott verð.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 260, frá meiri hl. landbn., samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, BSt, GÍG, HermJ, IngP, JJ, KA, StgrA.

nei: PM, ÞÞ, BBen, EE, GJ, LJóh.

2 þm. (MJ, HG) fjarstaddir.

5. Dragnótaveiði í landhelgi.

Á 13. fundi í Nd., 10. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi (þmfrv., A. 70).

Á 15. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 16. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Þórðarson): Frv. þetta er breyt. á núgildandi l. um dragnótaveiði í landhelgi. Það er mjög svipað frv., sem flutt var hér á Alþ. í fyrravetur. En sú breyting er þó á því, að í þessu frv. er gert ráð fyrir, að sýslun. Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Norður-Múlasýslu sé heimilað með samþykkt að banna dragnótaveiði innan vissra takmarka, sem getið er nánar í frumvarpinu.

Það er nú svo, að manni skilst innfirðir vera umráðasvæði viðkomandi sýslna og bændur, sem eiga land að þeim, eigi þar frekar rétt til veiða en aðrir. Enn fremur má benda á, að innfirðir eru uppeldisstöðvar ýmissa nytjafiska, en dragnótaveiði spillir botninum, rótar til og spillir uppeldi fiskjarins, sem þar á sér aðsetur. Enn fremur má benda á, að smábátaveiði á sitt undir því, að innfirðir séu friðaðir með öllu. Botnvörpungar eða dragnótabátar geta farið ránshendi um sandbotna innfjarðanna og eyðilagt veiðarfæri manna. Yfirleitt verkar núgildandi löggjöf þannig, að á þeim tíma, sem dragnótaveiðar eru stundaðar, þá spilla þær veiðarfærum smábátaútvegsins og banna björg þeim, sem hann stunda. Ég fullyrði, ef Skagafjörður verður ekki friðaður fyrir dragnótaveiði, leggst niður smábátaveiði, en það eru um 50 bátar, sem róa stöðugt á firðinum, og eigendur þeirra eiga allt sitt undir því, að atvinnuvegi þeirra sé ekki spillt.

Það liggur hér frammi fyrir hv. Alþ. áskorunarskjal frá sjómönnum í Skagafirði, þar sem segir:

„Vér undirritaðir sjómenn og alþingiskjósendur í Skagafjarðarsýslu leyfum oss hér með að skora á þingmenn kjördæmisins að flytja á næsta Alþingi frumvarp um bann við dragnótaveiðum á Skagafirði. Vér erum þess fullvissir, að verði ekki dragnótaveiðar hér á Skagafirði bannaðar með lögum, þá er lokið öllum smábátaútvegi hér. Það er ekkert eftirlit hægt að hafa með veiðum þessara dragnótabáta, og stunda margir þeirra veiðar sínar á ólöglegan hátt, toga við land og hafa botnvörpu. Það má segja, að á meðan dragnótaveiði er ekki bönnuð með öllu, þá sé nokkurs konar botnvörpuveiði liðin inni á fjörðum og flóum, og vita allir, hvaða afleiðingar slíkt hefur fyrir fiskveiðar á innfjörðum.“

Áskorunarskjal þetta er undirritað af 200 mönnum. Fjölmargir þeirra eru menn, sem hafa lífsuppeldi sitt af smábátaveiði í Skagafirði, og eiga sína efnalegu afkomu undir því, að atvinnuvegi þeirra sé ekki spillt. Þeir geta ekki aflað sér stærri báta. Ef þeir fá ekki að stunda atvinnu sína í friði, þá þýðir það, að þeir verða að færa byggð sína eða breyta um framfærsluhætti, en það er ætíð erfiðleikum bundið.

Það verður að hafa í huga, hvað þetta mál er geysilega þýðingarmikið og hvað öfugt það er að heyra ekki bænir þeirra manna, sem einna lakasta aðstöðu hafa í þjóðfélaginu. Ég vil því mælast til þess, að hv. Alþ. heyri bænir þeirra manna, sem svo hart eru leiknir vegna ágangs þeirra, sem meiri máttar eru. Hér er aðeins farið fram á, að innfirðir séu friðaðir fyrir dragnótaveiðum ákveðinn tíma árs. Dragnótaveiði getur haldið áfram eftir sem áður. Það er aðeins gert ráð fyrir, að hún sé bönnuð á innfjörðum, svo að hún sé ekki að spilla þar veiði og veiðarfærum manna. Dragnótabátar toga á lóðarstrengina og skera þá af sér og spilla þannig eignum manna. Hér er því um að ræða að hlusta á, þegar þeir, sem eiga erfiðast í mannfélaginu, biðja, að ekki sé gengið á réttindi þeirra, en þeim gert kleift að stunda atvinnu sína óáreittir. Og ég vona, að Alþ. beri gæfu til þess að verða við þeirri bæn. Ég bið hv. alþm. að greiða atkv. með því, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og til sjútvn.

Finnur Jónsson: Það er ákaflega átakandi fyrirbæn, sem hv. 1. þm. Skagf. hefur hér farið með, og mætti mikið vera, sé hún á rökum reist, ef Alþ. yrði ekki við þeirri bæn. En svo er um þetta frv., að það er gamall kunningi og hefur fengið á hverju þingi nú um alllangt skeið rækilega athugun, en ekki náð fram að ganga, af því að svo hefur verið litið á, að það mundi ákaflega mikið spilla atvinnumöguleikum fjölda landsmanna, ef það væri samþykkt. Það hefur verið svo um ýmsar fyrrverandi fiskveiðasamþykktir, sem hafa verið gerðar, að þær hafa verið reistar á þeim rökum, að þær væru nauðsynlegar til að bjarga framfærslumöguleikum manna á þessum eða þessum stað, en þær hafa bara sjaldan náð tilgangi sínum. Ég vil minna hv. þm. Skagf. á, að það var til í lögum þar til fyrir fáum árum heimild fyrir sýslun. að banna herpinótaveiði á innfjörðum. Þessi lög voru sett til þess að varðveita lífsbjörg smábátaútvegsins, og heimildin var notuð í Steingrímsfirði og í Skagafirði, að mig minnir. En það sýndi sig, að lög þessi voru sett að ástæðulausu. Þau voru síðan brotin í 10—20 ár, og menn voru flestir búnir að gleyma þessum samþykktum, þar til loks að l. voru afnumin sem ónýt og tilgangslaus. Ef á að ræða um þetta frv., sem nú er komið fram, þá vil ég benda á, að það nær ekki þeim tilgangi að friða uppeldisstöðvar nytjafiska, þar sem gert er ráð fyrir, að dragnótaveiðar séu leyfðar yfir hásumarið og hrygningartíma kola við Norðurland.

Á síðustu árum hafa sprottið hér upp hraðfrystihús, er byggja tilveru sína meira eða minna á dragnótaveiðunum. Ef á að eyðileggja þær milljónir, sem lagðar hafa verið í hraðfrystihúsin, og svipta það fólk, sem þar vinnur, atvinnu, þá er sjálfsagt að samþ. þetta frv. Ef ætlunin er hins vegar að láta þróun sjávarútvegsins halda áfram, þá á að fella það. Ég held, að þetta frv. sé borið fram af því, að menn við þessa firði, sem sérstaklega er minnzt á, eru ekki búnir að læra dragnótaveiði. Ég man eftir því, þegar áskorun kom frá smábátaeigendum við Eyjafjörð, að bönnuð yrði dragnótaveiði innan við Hrísey bátum, sem væru 5 smálestir eða meira. Ástæðan var sú, að trillubátaeigendur á Akureyri höfðu tekið upp dragnótaveiði, og hefur hún nú verið stunduð í Eyjafirði í nokkur ár með góðum árangri bæði fyrir smábátaeigendur og þá, sem vinna við hraðfrystihúsin. Ég held því, að það væri gagnlegra, að hv. þm. Skagf. beitti sér fyrir því, að Skagfirðingar sjálfir tækju upp dragnótaveiði og notuðu sér sjálfir Skagafjörð til þessara veiða heldur en að láta aðra nota sér þá veiði, sem þar er kostur á. Þá yrði atvinnuvegum Skagfirðinga betur borgið en með því að banna dragnótaveiði. Ástæðan til að friða sjóinn umhverfis land er nú minni en nokkru sinni fyrr. Sjórinn utan landhelgi er nú sjálffriðaður að mestu leyti fyrir botnvörpuveiðum, en venjulega stafar af þeim miklu meiri hætta en dragnótaveiðum.

Annað mál er það, að dragnótaveiði ætti að reka af meiri gætni en nú er gert. Það ætti ekki að leyfa að landa kola undir vissri stærð. Kolinn er lífseigur, og ef höfð væri sú regla að sleppa öllum smákola, þá væri lítil hætta á, að gengið yrði á kolastofninn. Sú breyting, sem orðið hefur á fiskveiðunum vegna ófriðarins, er þannig, að nytjafiskur er nú miklu fremur friðaður en við gætum friðað hann á venjulegum tímum með samþykkt þessa frv. Með því myndum við aðeins spilla atvinnuvegum landsmanna.

Flm. (Sigurður Þórðarson): Hv. þm. Ísaf. sagði, að frv. þetta væri gamall kunningi. Það er rétt. Það má vel orða það svo. En ég verð líka að segja, að það er gamall kunningi, sem hann kom inn á, að þeir, sem rán stunda, vilja ekki hætta fyrr en búið er að ræna öllu, sem ræna má. Það eru svör þeirra, sem ganga of hart að veiði bæði í vötnum og sjó og láta sig engu skipta, þó að þeir gangi á rétt annarra. Það er sannað mál, að það er hægt að þurrka fiskimiðin á innfjörðum, ef dragnótaveiði er ekki bönnuð. Þetta verður að hafa í huga, þegar talað er um þessi mál. Það er vorkunnarmál, þó að þeir, sem búa við þrönga firði, vilja nota þá handa sjálfum sér; þeir eiga þá sjálfir. Það er ekki hægt að furða sig á því, þó að þeim sviði, þegar farið er ránshöndum um afla þeirra og veiðarfæri. Í Skagafirði eru a. m. k. 5 skipshafnir, sem verða á vonarvöl, ef þetta frv. er ekki samþ. Nú hélt hv. þm. Ísaf. því fram, ef dragnótaveiðin legðist niður, þá legðist starf hraðfrystihúsanna einnig niður, og þess vegna væri það að ganga á þeirra rétt að banna dragnótaveiðar. Þetta er ekki rétt athugun. Ég veit, að á Skagafirði eru kolaveiðar stundaðar af smábátum og kolinn veiddur í net. Þessa veiði stunda aðallega gamlir menn og drengir og hafa af henni gott gagn. En um leið og dragnótaskipin koma, verða þeir að bjarga

netum sínum í land, annars eru þau eyðilögð. Þeir hafa ekki frið til að veiða í firðinum. Þetta er sannleikur, og 200 skagfirzkir sjómenn votta, að svona sé ástandið. Það vita allir, sem þessum málum eru kunnugir, að dragnótabátarnir hafa ólöglegan veiðiútbúnað, að þeir eru með botnvörpu og spilla þannig veiði og veiðarfærum sjómanna á innfjörðum. Með því er lítið eftirlit, og ekki hægt að hafa með því eftirlit eins og sakir standa. Og botnvörpurnar sópa með sér öllum veiðarfærum og spilla botni fjarðanna. En það er nú svo viðvíkjandi uppeldisstöðvum nytjafiska, að dragnótin tekur í sig allan kola, smáan og stóran, og þó að það eigi að fleygja þeim kola, sem er undir ½ kg að þyngd, þá er það nú svo, að þegar honum er fleygt, er hann steindauður. Dragnótaveiðin drepur ungkolann, og það er eitt aðalatriðið. En netin sleppa ungkolanum í gegn. Þess vegna er það beinlínis hagur fyrir frystihúsin, að kolaveiðar séu stundaðar með netum, en ekki dragnót, fyrir utan það, að kolaveiði með netum er miklu ódýrari og hana geta stundað gamlir menn og drengir, sem ekki eru til harðræða færir. Hv. þm. Ísaf. þarf ekki að hælast af því, að hann sé með fagrar fyrirbænir fyrir smælingjana. Ég hélt þó, að hann vildi vera vinur smælingjanna. Á háum augnablikum hefur hann þótzt bera hag þeirra fyrir brjósti. En það er ekki hægt að sjá það af því, sem hann hefur sagt hér.

Ég er undrandi yfir, að þessi hv. þm. skuli vera að gera gaman að því hér á þingi, að menn beri umhyggju fyrir þeim, sem verst eru settir í þjóðfélaginu, sem eru fátækir fiskimenn, sem eiga ekki annars úrkosta en að una við sinn litla bát og veiða skammt frá landi, og vilji ekki, að verið sé að ræna frá þeim fiskinum til einskis gagns fyrir þjóðfélagið, en til mikillar bölvunar í bráð og lengd.

Finnur Jónsson: Ég vil mótmæla því, að ég hafi verið að henda gaman að fyrirbænum hv. 1. þm. Skagf. fyrir smælingjunum, heldur benti ég á, að ef þær væru réttmætar, mundi þingið fyrir löngu vera búið að uppfylla þær. Ég hafði ekki haldið, að hv. 1. þm. Skagf., sem er að mörgu leyti frjálslyndur maður, vildi gerast málsvari þess hér á Alþ., að smælingjarnir reyndu aldrei að bjarga sér og gætu aldrei orðið að bjargálna mönnum, en kolaveiðar með lagnetum eru bæði dýrari og miklu óarðvænlegri að öllu leyti en kolaveiðar með dragnót. Ef hv. 1. þm. Skagf. vill rétta við hag þeirra fiskimanna, sem hann þykist bera fyrir brjósti, sem ég vil ekki á neinn hátt efast um, ætti hann að beita sér fyrir, að þeir tækju upp þá veiðiaðferð, sem allir framfaramenn hafa tekið upp til mikils góðs, sem er dragnótaveiðin. Má þar benda á Eyfirðinga, sem hafa stundað dragnótaveiðar á minni bátum en eru á Skagafirði með miklu betri árangri en lagnetaveiðar gefa eða handfæraveiðar. Ég bið hv. 1. þm. Skagf. vinsamlegast að kynna sér, hvern árangur sú veiði gefur.

Því fer ákaflega fjarri, að ég sé hér talsmaður neinnar rányrkju. En út af því, sem hann benti á, að dragnótabátar brytu lög og toguðu í landhelgi, þá er það allt annað mál. Dragnótaveiðar eru ekkert nýjar. Þær hafa verið stundaðar hér við land á annað hundrað ár og eru áreiðanlega ekki skaðlegar á einn eða annan hátt. Öðru máli gegnir, ef menn fara að toga í skjóli dragnótaveiða, en það sýnir aðeins, að það þarf að hafa eftirlit með þessum veiðum, og fyrir því ætti þessi hv. þm. að beita sér, en ekki að reyna að halda uppi kotungsbúskap hjá sjómönnum og verkamönnum í Skagafirði.

Flm. (Sigurður Þórðarson): Það liggur hér skjallega fyrir, staðfest af framburði upp undir 200 sjómanna og alþingiskjósenda í Skagafirði, að dragnótaveiðar þar á firðinum eru venjulega stundaðar þannig, að þessir bátar hafa botnvörpu. Hv. þm. Ísaf. getur brýnt mig á því, að ég hafi ekki kært, en það er þýðingarlaust að kæra. Sjómenn eru gersamlega varnarlausir gagnvart þessu. Þeir hafa oft vitað til þess, að þessir bátar hafa verið úti á firði með „snurrevaad“ og látið þar greipar sópa, haldið síðan burt með ránsfeng sinn, en þeir, sem ræntir hafa verið, geta ekki komið neinum sönnunum við. Það eina, sem þýðir, er að banna veiðar með dragnót innfirðis, því að þær eru aðeins til bölvunar.

Ég ætla að láta því ósvarað, að ég sé að styðja kotungsbúskap í Skagafirði og mér sé nær að styðja að því, að menn þar fari að veiða með dragnót. Dragnótaveiðarnar þar hafa gefið þá raun, að Skagfirðingar fara ekki að bætast í hóp þeirra, sem ræna þar og rupla, og ég styð ekki að því. Þarna er aðeins einn einstaklingur, sem hefur haft 10 smálesta bát og notað dragnót nokkrum sinnum, og hann segist hafa minna upp úr því en ef hann hefði lóðir, sem hann gæti verið í friði með.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 462).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft frv. til meðferðar, og hefur orðið samkomulag um það í n., að því verði vísað til milliþn. þeirrar í sjávarútvegsmálum, sem væntanlega verður kosin í lok þessa þings samkv. till., er nýlega var samþ. hér. Einstakir nm. og raunar meiri hl. n. voru að vísu reiðubúnir að fella frv., en n. í heild taldi eigi að síður ástæðu til að láta þessa milliþn. hafa málið til athugunar, því að hún telur, að starfssvið þeirrar n. nái einmitt til þessa máls.

Ég tel óþarft að ræða málið ýtarlega að þessu sinni, en vil aðeins drepa á það, að með frv. er lagt til, að gerð verði gerbreyting á ástandi, sem markað hefur verið með núgildandi löggjöf, þar sem lagt er til með frv., að Norðurland verði algerlega lokað fyrir þessum veiðum 10 mánuði ársins og hinn hluti landsins nærri því hálft árið. Ég vil benda á það, að nú þegar hafa komið frá útgerðarmönnum á Norðurlandi eindregin mótmæli við því, að frv. nái fram að ganga. Á ég þar við útgerðarmenn í Hrísey og Ólafsfirði, sem sent hafa Alþ. mótmælabréf, þar sem talið

er, að atvinnuvegur þeirra, er komið hafa sér upp dragnót, verði að miklu leyti lagður í eyði með slíkum l. Hitt skiljum við vel, að margir smáútvegsmenn, sem stunda innfjarðaveiði, verði allhart úti vegna dragnótaveiðanna, en þótt svo sé, er engin ástæða til að grípa til svo róttækra aðgerða sem þeirra, er frv. gerir ráð fyrir.

Garðar Þorsteinsson: Ég vildi ekki láta þetta frv. fara gegnum d. án þess að láta í ljós undrun mína yfir því, hvernig hv. sjútvn. tekur á málinu. N. fær málið snemma á þingi, það liggur hjá henni í þrjá mánuði, og loks afgreiðir hún það á þann hátt að vísa því frá með rökst. dagskrá í trausti þess, að mþn., sem skipa á, en er óskipuð enn, taki það til meðferðar. Mér virðist ljóst, að fyrir hv. n. muni hafa vakað að drepa málið á einhvern hátt. Þetta mál hefur legið hér fyrir áður. Ég man ekki betur en málið væri samþ. út úr Nd. á næstsíðasta aðalþ., en dagaði þá uppi í Ed. Hv. allshn. vill vísa málinu til mþn. í sjávarútvegsmálum. Ég efast nú um, að hún hafi athugað þetta mál betur en þm. þeirra kjördæma, sem hér eiga hlut að máli. Það var auðheyrt, hverrar skoðunar hv. frsm. sjútvn. var. Hann fer eftir útgerðarmönnum í Hrísey og Ólafsfirði, en gleymir því, að flestallir útgerðarmenn og sjómenn um allan Eyjafjörð vilja, að þessi l. séu sett. Og ef þessi tilvonandi mþn. setur sig ekki rækilegar inn í málið en hv. frsm. sjútvn. hefur gert, verður það sízt til bóta að vísa málinu til hennar. Ég mun að minnsta kosti greiða atkv. gegn þessari rökst. dagskrá, því að hún er til þess eins að bregða fæti fyrir málið. Það er nú ekki nema hálfur annar mánuður, þar til næsta þing kemur saman, og býst ég við, að þessi mþn. hafi annað að starfa þá. Þá er eins gott bara hreinlega að fella málið á Alþ. eins og að svæfa það á þann hátt. Það hefur verið meirihlutafylgi fyrir þessu máli í hv. Nd. Ég skal ekki segja, hvort svo er nú, því að kosningar hafa fram farið síðan málið lá hér fyrir síðast. Og það er engum neinn greiði gerður með því að svæfa málið, heldur öllum ógreiði.

Pétur Ottesen: Ég verð að taka undir með hv. 2. þm. Eyf. (GÞ), að það er valin harla einkennileg aðferð til þess að vísa þessu máli frá eða reyna að koma því fyrir kattarnef. Það er eins og sjútvn. eða þeir menn í n., sem eindregið eru á móti þessari breyt., að því er virðist vilji þó ekki beinlínis ganga hreint til verks og leggja til, að frv. verði fellt. Það er eins og það sé einhver hreyfing í þeirra innra manni, sem segi þeim, að það sé réttara að fara einhverjar krókaleiðir að þessu marki, sem þeir vilja keppa að, heldur en ganga hreint til verks og leggja til, að málið verði fellt. Og mér virðist, að þeim mönnum í n., sem þannig hugsa, hafi orðið heldur fótaskortur, þegar þeir fara að bollaleggja með sér, hvernig þeir eiga að komast hjá því að ganga hreint til verks í málinu og leggja til að fella það. Ég held, að það sé nýtt fyrirbrigði, að lagt sé til að vísa máli frá á þeim grundvelli, að n., sem að vísu er komin fram till. um, að Alþ. skipi, en Alþ. er bara alls ekki búið að skipa, taki þetta mál til meðferðar. Það er eins og farið væri að gera ráð fyrir, að frumburði í móðurkviði væri ákveðið eitthvert verkefni, áður en viðkomandi hefði séð dagsins ljós. Þetta er afar einkennileg braut, sem hér er lagt út á í afgreiðslu þessa máls, — það verð ég að segja.

Nú, það hefur nú verið á þessum fundi útbýtt þingskjali, þar sem líka er lagt til — þ. e. í hv. Ed. — að vísa máli frá með rökst. dagskrá, þar sem sama forsenda er höfð, það er gert í trausti þess, að ríkisstj. láti þessa sömu væntanlegu mþn. athuga málið o. s. frv. Þar er málinu vísað til stj. eins og vant er að gera undantekningarlaust, þegar málum er vísað frá með rökst. dagskrá. Og þá er lagt á vald ríkisstj. að afgr. málið. En þessi aðferð, sem hér á nú að hafa í þessari d., er alveg óvenjuleg. Ég geri nú kannske ekki ráð fyrir, að hæstv. forseti — sem nú er að lesa í blaði — finni ástæðu til þess að grípa hér í taumana. En ég vil vekja athygli hv. þdm. og hæstv. forseta á því, að þetta er alveg óvenjulegt, sem hér er lagt til.

Um þetta frv., sem hér liggur fyrir, vil ég segja það, að mér þykir það ganga of skammt, en ekki of langt í því að þrengja nokkuð að um þessar hættulegu dragnótaveiðar. Því að hér er gert ráð fyrir því, að þær takmarkanir, sem hér eru settar, taki ekki til nema vissra hluta af landinu. Sannarlega hefðu sams konar takmarkanir átt að taka til svæða meðfram ströndum landsins alls, því að það er vitaskuld sams konar þörf fyrir slíkar aðgerðir við Suður- og Vesturland eins og lagt er til á þeim svæðum, sem þetta frv. tekur til. Ég vil samt greiða atkv. með þessu frv. Enda er þá hægurinn hjá á síðara stigi þessa máls að bæta úr því, sem áfátt er um frv. að þessu leyti, að auka nokkuð þær takmarkanir, sem hér er lagt til að gera, og færa þetta til samræmis að því er snertir aðra landsmenn.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mikið. Mig furðar ekki mikið á því, þótt hv. 2. þm. Eyf. og hv. þm. Borgf. telji hér öfugt að farið. Þeir eru gamlir riddarar úr orustum, sem búnar eru að standa um þetta mál á Alþ. Það er því eðlilegt, að þeir fægi vopn sín og leggi sem ákafast með þeim í ýmsar áttir, þegar þetta mál er til umr.

Í sambandi við það, sem þessir hv. þm. sögðu, vildi ég drepa á nokkur atriði. Hv. þm. Borgf. þótti það einkennilegur háttur, sem hér væri á hafður um afgreiðslu þessa máls, að það ætti að vísa því til n., sem ekki væri búið að skipa. Ég vil benda honum á það, að aðalatriðið er, að Alþ. hefur látið vilja sinn í ljós um það, að þessi n. skuli skipuð. Alþ. hefur þegar samþ. þál. um það, að þessi n. skuli skipuð og hún skuli fjalla um þau verkefni m. a. að undirbúa löggjöf, er varðar sjávarútveginn. Og þó að hv. þm. Borgf. sé nokkuð úr alfaraleið þess, sem að sjómennsku lýtur, þá ætla ég, að honum sé kunnugt um það, að löggjöfin um dragnótaveiðar í landhelgi muni þó a. m. k. vera mál, sem varðar sjávarútveginn, og hann geti því viðurkennt, að það sé mjög eðlileg leið, sem hv. sjútvn. hér hefur bent á, að vísa þessu mjög viðkvæma deilumáli

til n., sem á að hafa með höndum rækilega athugun á löggjöf varðandi sjávarútveginn og enn fremur athugun á ýmsum öðrum atriðum varðandi útveginn. Og ég hygg, að hv. sjútvn. hafi hitt á heppilega leið, þar sem vænta má að þessi n. verði skipuð mönnum, sem hafa vit á þessum málum og hafa sér til aðstoðar sérfróða menn, sem treysta megi til þess að rata þá leið í þessu viðkvæma máli, sem heppilegust sé þessum atvinnuvegi landsmanna.

Það eru svo aðeins örfá atriði, sem ég vildi drepa á í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði. Hann spurði, hvað væri að marka, þó að nokkrir útgerðarmenn í Eyjafirði sendu mótmæli gegn þessu máli, það væru fleiri menn en hinir við Eyjafjörð, sem vildu fá frv. samþ., og þetta væru bara hjáróma raddir úr hans kjördæmi. En það er raunar úr tveimur mestu útgerðarstöðunum, sem þessi mótmæli hafa komið frá. Og það eru líka fleiri menn en útgerðarmenn og sjómenn við Eyjafjörð og úr þessum héruðum, sem hv. 2. þm. Eyf. er frá, sem varðar um það, hvort Norðurland verður lokað fyrir dragnótaveiði á þeim tíma, sem hún hefur tíðkazt. Það eru víðar sjómenn á landinu en í þessum héruðum. Þjóðin í heild hefur lagt tugi og hundruð þúsunda, að ég ekki segi milljónir króna í atvinnufyrirtæki, sem tilveru sína eiga undir því, að dragnótaveiðar, líka fyrir Norðurlandi, séu leyfðar.

Ég hygg, að ekki þurfi að svara því, að ég og hv. sjútvn. höfum sett okkur illa inn í þetta mál. Ég veit ekki, hvor okkar hv. 2. þm. Eyf. eða ég höfum haft betri skilyrði til þess yfirleitt að kynna okkur dragnótaveiðar. En ég hygg, að meiri hl. hv. sjútvn., sem hefur komizt að þeirri niðurstöðu að leggja til að vísa málinu frá, hafi mjög vel athugað sinn gang.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Þetta mál, sem frv. er um á þskj. 70, er gamall kunningi hér í hæstv. Alþ. Þann tíma, sem ég hef átt sæti á þingi. Á mörgum þingum hefur það verið flutt hér fram í frv.-formi, og um það hafa verið mjög skiptar skoðanir. Mér hefur fundizt, að talsverður hiti lægi á bak við vörn og sókn í þessu máli og það komi fram enn. En þetta mál hefur aldrei verið flutt í því formi sem nú, þegar aðeins nokkur hluti landsins er tekinn og lagt til, að lokað verði fyrir dragnótaveiðar í landhelgi aðeins meðfram þeim landshluta. Og ég álít, að með þessu sé í raun og veru tilraun gerð til þess að loka með öllu fyrir dragnótaveiðar fyrir Norðurlandi, því að þótt opið eigi að vera fyrir þeim aðeins um síldartímann, þá er það ekki nema eins og hálfgerður hrekkur, þar sem vitað er, að menn, sem vor og haust stunda dragnótaveiðar, mundu ekki leggja út í þann rekstur um síldartímann. Þess vegna má telja, að hér sé gerð tilraun til að loka Norðurlandi alveg fyrir dragnótaveiði. Og þó að nokkrir menn úr Hrísey og víðar við Eyjafjörð hafi óskað eftir, að dragnótaveiði væri á þennan hátt bönnuð, þá er þar með ekki nema hálfsögð sagan. Það hafa líka komið mótmæli gegn samþykkt þessa frv. frá Akureyri og einkum frá smáútvegsmönnum þar. Þetta er mál, sem snertir einmitt mjög þá allra smæstu útgerðarmenn í kjördæmi sínu, sem hafa með styrk þess opinbera, jafnvel bæjarsjóðs, brotizt í því að komast í samlög um kaup og útgerð á 3—5 smálesta bátum. Það eru þar milli 10 og 20 bátar, sem gerðir hafa verið út frá Akureyri til þessa á dragnótaveiðar, og að þeim standa nokkrir tugir manna. Á krepputímanum var einmitt allálitleg leið til að bjarga þeim smæstu á þennan hátt. Við gátum með þeirri hjálp, sem ég gat um, varið þá sveit á þennan hátt. Og það kæmi ákaflega hart niður á þeim, ef þeir mættu ekki nota þessar smáu dragnætur, sem engum hafa verið til meins við Eyjafjörð, því að þær eru aðeins notaðar á grunnmiðum, en ekki djúpmiðum. Hitt er annað mál, að e. t. v. flestir, sem smáútveg reka á dýpri miðum, eru á móti því, að stórir bátar veiði á sömu svæðum og þeir með mjög löngum dragnótum, því að þeir sópa nærri eins og togarar djúpsævið. En hér er ekki í þessu frv. gerður neinn greinarmunur á, hvar veiðar eru stundaðar, hvort það er á djúpsævi eða þar, sem grynnra er, heldur er það „prinsipið“ að banna allar dragnótaveiðar fyrir Norðurlandi, nema stuttan tíma yfir sumarið. Hér er ekki tekið til allt landið, og hvers vegna á ekki að verja önnur svæði en þessi fyrir dragnótaveiðinni? Og hvað ætli hæstv. forseti (JJós) mundi segja um Vestmannaeyjar og að loka fyrir dragnótaveiðar þar?

Hv. þm. Borgf. er nú gömul kempa á þessu sviði. Hvað ætli hann segði um að þurrka út allar dragnótaveiðar fyrir Akranesi eða jafnvel í öllum Faxaflóa? Og hvað ætli kjósendur hans segðu um það? Það má kalla hlálegt, að hér er hafizt handa um að reyna að fá því framgengt að banna dragnótaveiðar fyrir Norðurlandi, en þetta er ekki látið taka til annarra staða. Það er ekki sanngirni í þessu, ef hér er að ræða um virkilegt velferðarmál allrar þjóðarinnar.

Menn hafa hnotið um afgreiðslu þessarar hv. d. á þessu máli, að afgreiða það með rökst. dagskrá, ekki vegna þess, að sú leið sé svo óvanaleg, heldur er hér talað um, að það sé fóstur í móðurkviði, þegar um er að ræða mþn., sem búið er að samþ., að eigi að kjósa. Ég get vel fellt mig við þessa afgreiðslu. Þetta mál þarf meiri undirbúnings við. Og ég beini því til hv. flm., sem flestir eru þm. úr Norðlendingafjórðungi, að ég mótmæli þessu frv., þó að ég heyri þeim fjórðungi til sem þm.

Fyrir þremur árum, er ég átti sæti í sjútvn., reyndi ég að miðla málum hjá þeim, sem sendu áskoranir til sjútvn., með því að leggja til að takmarka dragnótaveiðar í landhelgi, en ekki að loka henni alveg. Þá vildu þeir, sem áskoranir sendu, að smærri bátarnir, 3—5 smálesta bátar, fengju að veiða með dragnótum fyrir Norðurlandi. Þessu er nú alveg gengið fram hjá, en á þessu byggðist áskorunin upprunalega. Nú er sagt, að þeir vilji ákveðnir lokun, og jafnvel svo sterkt að orði kveðið, að aðeins fáir menn í Eyjafirði mótmæli því. En þeir eru margir á Akureyri, í Hrísey og í Ólafsfirði, sem mótmæla því. Ég álít, með tilvísun til þess, sem ég hef nú sagt, að málið þurfi miklu meiri undirbúnings og upplýsinga við, og vil því, að því sé vísað frá með rökst. dagskrá.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., 2. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. — Það er nú í raunínni nýlunda, að ég kveðji mér hljóðs í sjávarútvegsmálum, en af því að það komu þannig löguð ummæli fram við umr. hér í gær, að ég taldi ekki ástæðu til að láta þeim ómótmælt, ætla ég að segja hér nokkur orð.

Það er augljóst mál, að hér er um hagsmunatogstreitu að ræða. Því var haldið fram hér í gær, að verið væri að taka mikilsverðan feng frá stóru bátunum og spilla aðstöðu þeirra. Þetta játa ég fyllilega, en þá verður líka að gæta þess, að það er um fleiri báta og fleiri menn að ræða en þá, sem eiga stóru bátana og aðallega stunda þessar dragnótaveiðar. Á fjörðunum norðanlands og meðfram ströndunum er fjöldi af fólki, sem hefur mikinn hluta sinnar lífsafkomu af því að stunda veiði á smábátum, og sá stóri munur er á þessari útgerð og útgerð stórbátanna, að það verður að einskorða sig við þessa veiði og getur ekki notað annað. Þetta fólk á afkomu sína og sinna undir því, að það geti með hinum ódýru tækjum sínum náð fiskinum úr sjónum. Aftur er það með stóru bátana, sem sumir virðast bera sérstaka umhyggju fyrir, að þeir hafa betri aðstöðu til þess að stunda aðra vinnu. Flestir þeirra geta farið — og fara — á síldveiðar og hafa þar miklar tekjur, sem hinum er algerlega fráskákað. Þegar á að meta þessa hluti, sem ekki er hægt að komast hjá að líta á, er augljóst, að það óréttlátasta, sem hægt er að gera gagnvart þeim mönnum, sem smáu bátana eiga, er það að gera þeim ókleift að auka afla sinn á þeim miðum, sem þeir ná til. Við viljum, að aðstaða þessara tveggja þátttakenda í útgerðinni verði metin réttilega, og ég er ekki í vafa um, að rétt er, að þeir, sem geta aflað sér tekna á marga aðra vegu, verði að víkja fyrir hinum, sem eingöngu verða að bjargast á smábátaútvegi.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Sjútvn. hefur fengið ámæli fyrir meðferð þessa máls, og ég skal játa, að afgreiðsla þess dróst meira en rétt er. Ástæðan er sú, sem flestum þm. er kunn, að þetta mál er hart deilumál, og það hefur varla verið háð svo þing í tíu ár, að þetta mál hafi ekki verið einhvers staðar í málaskránni. Það hefur komizt misjafnlega langt, en stundum verið gerðar allverulegar breyt. á l. Það hefur í hvert sinn orðið að fjalla um það í sjútvn., og ég skal taka það fram, að það hefur virzt mjög langt bil á milli þeirra, sem lengst hafa viljað ganga, og hinna, sem fastheldnari voru. Það hefur orðið mitt hlutverk að miðla málum. Þó að ég hafi verið heldur andvígur dragnótaveiðum, hef ég ekki séð mér fært að banna þær að öllu leyti, því að hér framan af var svo erfiður hagur útgerðarinnar, að mér virtist ekki mega hindra nein tækifæri fyrir hana. Í annan stað hafði verið lagt í mikinn kostnað við útbúnað báta og öflun veiðarfæra. Hins vegar er það álit mitt, að dragnótaveiðin geri smábátaútgerðinni búsifjar og sé ekki hættulaus fyrir fiskstofninn.

Mál það, sem hér liggur fyrir, bar að líkt og venjulega, að langt bil var milli skoðana manna. Í sjútvn. vildi meiri hl. leggja á móti því. Þá hefði n. klofnað, og meiri hl. hefði lagt til, að frv. væri fellt. Ég vil gera þá játningu, að það var mín uppástunga, að sú meðferð yrði höfð að afgreiða málið með rökst. dagskrá, beinlínis með það fyrir augum, að málið yrði ekki skilyrðislaust fellt. Ef n. hefði klofnað, hefði ég komið fram með brtt., en það er ekki tímabært að ræða þær, af því að þær hafa ekki komið fram.

Pétur Ottesen: Ég skal ekki fara langt út í þetta mál. Ég vil vekja athygli á dálitilli hugvekju, sem birtist í bæjarblöðunum í dag, og það er gott fyrir þá, sem standa fastast að því, að öll hugsanleg veiðitæki séu notuð til rányrkju, að athuga hana og sjá, að það er víðar en hér á Íslandi, sem hafa opnazt augu manna fyrir þeim háska, sem fiskveiðunum stafar í framtíðinni af gegndarlausum botnvörpu- og dragnótaveiðum. Blöðin í morgun fluttu frásögn um, að nýlega hefur verið haldinn fundur vísindamanna í London, þar sem forstjóri fiskirannsóknarstofu landbúnaðar- og fiskveiðaráðuneytisins hefur haldið eftirtektarverða ræðu, en á fundinum voru mættir fulltrúar útgerðarinnar, bæði enskir, norskir og íslenzkir. Í dag er svo birtur dálítill útdráttur úr ræðu þessa forstjóra. Hann minnist fyrst á þá miklu fjölgun, sem varð á fiski á miðunum eftir stríðið 1914—18, og hvað skeð hefur síðan, og hann gerir ráð fyrir, að það muni sækja í sama horfið nú í þessari styrjöld. Hann vekur athygli á þeim lærdómi, sem af þessu megi draga, og að nú eigi að gjalda varhuga við og láta ekki það sama henda aftur, að skefjalausar veiðar séu látnar minnka fiskistofninn og jafnvel ríða honum að fullu. Það er haft eftir þessum forstjóra, að eftir stríðið megi gera ráð fyrir, að fiskimergðin hafi aukizt aftur. Það yrði að gera ráðstafanir til að vernda stofninn. Fyrir ófriðinn hafi fyrstu sporin verið stigin um möskvastærð og alþjóðasamþykkt verið gerð um það atriði. Þetta væri nauðsynlegt og rétt að ganga lengra á þeirri braut, en það þyrfti að gera frekari ráðstafanir um takmarkanir á veiðunum.

Fyrir Íslendinga, sem eiga jafnmikið undir fiskveiðunum og raun ber vitni um, er þetta ekki síður lærdómsríkt en fyrir Englendinga, því að enda þótt fiskveiðar séu mikill þáttur í þeirra lífi, þá er það ekkert sambærilegt við það, sem er hjá okkur. Það ber vel í veiði nú, þegar þetta mál er á dagskrá, að menn geti gert sér grein fyrir, hvað er að gerast, og ég vænti, að menn láti ekki sem vind um eyrun þjóta aðvaranir slíkra fræðimanna, sem eru vel rökstuddar af okkar eigin reynslu. Mesta höfuðnauðsynin er að friða alveg þær stöðvar fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum, sem ungviði fiskjarins heldur sig mest á. Það þarf ekki að fela í sér, að not af fiskveiðunum séu skert, því að á sömu svæðum er hægt að stunda fiskveiðar með öðrum veiðarfærum, lóða-, þorskanetja- og handfæraveiðar. Það er auðvelt að gera þær umbætur á þessu frv., sem að gagni kæmu.

Sigurður Þórðarson: Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika það, sem hv. þm. Borgf. sagði, að þegar um þessi mál er rætt, verður ekki gengið framhjá því, sem helztu menn stórþjóðanna ráða til.

Ég vildi annars lýst yfir því, að ég felli mig ekki við nál. sjútvn. Það er betra, að Alþ. taki skarpa afstöðu til málsins, en svæfi það ekki. Málið hefur dregizt óhóflega lengi, og nú á samkv. nál. að þvæla því til nýrrar n. Þegar þessi mál eru athuguð, verða menn að gera sér ljóst, að dragnótaveiðar eyðileggja smábátaútgerð viðkomandi héraða. Því er í frv. farið fram á, að sýslun. og bæjarstj. sé með samþykktum heimilt að banna dragnótaveiðar á innfjörðum. Ef í viðkomandi héruðum er álitið, að hér sé rangt stefnt, verður ekki þetta bann samþ. þar. Ef í Eyjafirði og Skagafirði verður talið heppilegra að leyfa dragnótaveiðar, yrði ekki þetta bann sett á. Það er sanngirnismál, að héruðin fái að ráða þessu sjálf. Þau eiga að hafa mest um það að segja.

Í frv. felst engin árás á dragnótaveiðar almennt. Það má stunda þær víða og á ýmsum tímum. Það er aðeins beðið um heimild til að friða nokkra innfirði fyrir dragnót, og það er álit manna á Norðurlandi, að ekki sé hægt að stunda smábátaútveg, ef dragnótaveiðar eru leyfðar. Fiskurinn hverfur af miðunum. Það er ekki til að koma meiri veiði á land, að verið er með dragnót, heldur þvert á móti. Það vita allir sjómenn, að um leið og dragnótaveiðarnar hefjast á innfjörðum, hverfur fiskurinn. Þær spilla ungfiskinum, svo að stofninn hlýtur að ganga til þurrðar. Þetta er einnig skoðun hins brezka vísindamanns. Ég vil því alvarlega skora á hv. dm. að taka afstöðu til þessa máls. Það er áreiðanlega tímabært, að tekið sé í taumana, þar sem smábátaútgerðin stendur og fellur á sumum stöðum með afgreiðslu málsins. Þess vegna er það mikill ábyrgðarhluti að synja um samþykkt frv. Samþykkt þess væri engum til skaða, en viðkomandi héruðum til mikillar blessunar.

Finnur Jónsson: Mér finnst ástæða til að benda á, að umsögnin, sem verið er að vitna til og var borin fram eins og hún væri umsögn um þetta frv. frá merkum vísindamanni í Englandi, kemur þessu máli ekkert við. Það er verið að ræða um það að takmarka rányrkju með botnvörpu utan landhelgi Íslands. Það er vitanlegt, að fiskistofninn mundi endast bezt, ef allir notuðu sem einföldust veiðarfæri, sem veiddu sem minnst, t. d. handfæri. En hvernig mundu þá fiskveiðarnar borga sig? Það er víst lítil von um, að Bretar, Þjóðverjar eða Norðmenn fengjust til að takmarka sínar veiðar svo mjög, að þeir tækju upp sem einföldust veiðarfæri til að hlífa stofninum. Ef ekkert væri hugsað um afkomu manna, væri þetta æskilegt. Umræður hafa farið fram milli ýmissa fiskifræðinga á undanförnum árum, og það hefur verið stofnað til allsherjarsamvinnu og talað um friðun í því sambandi. Það má vera, að það komi að loknu stríðinu, en það kemur ekkert við þessu frv. Í sambandi við alþjóðahafrannsóknir er farið að tala um uppeldisstöðvar, en hvorki fyrir Norðurlandi né Austurlandi eru neinar uppeldisstöðvar, enda er ekki um það að ræða hér, heldur þær slóðir, sem fiskurinn gengur á, eftir að hann er genginn af uppeldisstöðvunum.

Ég vil gera meðnm. mínum það til geðs að samþ., að þetta frv. verði athugað af milliþn., sem verður skipuð. Ég trúi því, að í milliþn. verði valdir menn, sem bera hag þjóðarheildarinnar fyrir brjósti.

Þá vil ég aðeins benda á, að í frv. er að einu leyti gengið langt út yfir öll takmörk í gildandi l. um fiskveiðasamþykktir. En flm. er blindur af offorsi.

Ég nefni þetta bara sem örlítið dæmi um það, hversu gjörsneyddur flm. er allri sanngirni og öllum möguleikum til að athuga þetta mál á óhlutdrægan hátt.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Tilgangurinn, sem vakir fyrir þeim, sem flytja þetta frv., er, sem kunnugt er sá, að koma í veg fyrir, að gengið sé meira á fiskstofninn en orðið er, með því að koma í veg fyrir, að dragnótaveiði sé stunduð á innfjörðum.

Það er ekkert að undra, þó að þessi fulltrúi þeirra, sem hafa um stundarsakir gripið til þessara veiða, vilji láta halda þeim áfram. En ég held það sé vanráðið að láta þær viðgangast eins og verið hefur. Það er vissa fengin fyrir því, að þegar farið er að stunda dragnótaveiðar á innfjörðum, þá hverfur aðstaða smábátaeigenda til þess að hafa nokkuð upp úr veiði sinni.

Annars var það eitt annað atriði, sem ég vildi víkja að, og það er það, hvað það er mikið ósamræmi í allri löggjöf á þessu sviði. Það var fyrir 10—11 árum sett í lög, að ekki mætti kasta vörpu í víkum eða innfjörðum í veiðivötn, sem væru innan við ósa. En það má samkv. þessum l. skarka með dragnætur utan við ósa og fæla burtu þann fisk, sem gengur í vötnin. Þetta er svo mikið ósamræmi og ósanngirni, að furðu sætir, að þetta skuli hafa verið látið ganga svo til í mörg ár. Ég skal segja frá því, af því að ég er þannig settur, að ég bý nálægt ós og nálægt stórvatni, þar sem silungsveiði var stunduð þar til 1932, en er nú bönnuð. En jafnframt er leyft, að dragnótabátar séu nætur og daga utan við ósinn og veiði ekki einungis fisk, heldur og silung og lax. Og svo langt gekk það hér um haustið, að einn dragnótabáturinn strandaði við Húnaós í blæa logni. Svo nærri gekk hann ströndinni. Hann var að skarka með sína vörpu, þar sem hugsanlegt var, að silungur og lax héldu sig, áður en hann gengi inn í ósinn. Þetta dæmi sýnir ósanngirni og ósamræmið í löggjöfinni, og slíkt er endemi, ef Alþ. ekki breytir l. Það þarf enga sérþekkingu til að sjá, ef skarkað er með vörpu, þar sem tiltakanlega grunnt er við ósa eða á innfjörðum, hvort það er ekki eyðilegging fyrir þann fisk, sem þangað gengur.

Ég bendi á þetta atriði til sönnunar því, hve nauðsynlegt er að gera þá breytingu á l. um dragnótaveiðar, að þær verði ekki leyfðar jafnótakmarkað og verið hefur. Ég mun svo ekki skipta mér meira af þessu máli. Ég er ákveðinn í að fylgja þessu frv. og greiða atkv. á móti uppástungu hv. sjútvn. Þetta er svo mikið atriði, að

ég held, að hver þm. ætti að gera það upp við sig, án þess að salta það í heilt ár í mþn., hvort sanngjarnt sé að gera hér breyt. eða ekki.

Sigurður Þórðarson: Herra forseti. — Hv. þm. Ísaf. hafði ýmislegt að athuga við frv., eins og vænta mátti. Hann gerði ekki mikið úr umsögnum vísindamanna um þetta mál. Má vera. Ég er ekki fiskifræðingur, en hv. þm. Ísaf. er það ekki heldur. En ég vil benda á, að þegar niðurstöðum þeirra, sem þekkingu hafa á þessum málum, og hag sjómanna ber saman, þá ætti það að vera jafnþungt á metaskálunum og álit hans. Hann heldur því fram, að hrygningarsvæði séu ekki fyrir Norðurlandi. Það er óupplýst mál, en golþorskurinn veiðist fyrir Norðurlandi, og ég hygg, að fiskifræðingar haldi því fram, að þorskurinn sé farinn að hrygna þar síðan fór að hlýna í sjó. Um hitt þarf ekki að ræða, hvort banna eigi dragnótaveiði á innfjörðum. Það er staðreynd og ómótmælanlegt, að það er ekki til að hindra, að meiri afli berist á land að banna dragnótaveiðar, heldur öfugt. Það er ekki til bóta, að örfáir bátar geti gúknað yfir veiðinni, en smábátaeigendur verði að hætta.

Þá minntist hv. þm. Ísaf. á það, að það væri fáheyrð fjarstæða að láta sér detta í hug að láta sýslun. í Eyjafjarðarsýslu ráða því, hvort banna ætti eða leyfa dragnótaveiði í Eyjafirði. Ég get vel fellt mig við það, að sýslun. bæði Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu réðu því í félagi, en það var tiltekin sú fyrrnefnda, af því að útgerð er meiri Eyjafjarðarsýslumegin. En ég gæti hugsað mér, að báðar gætu komið sér saman um, að dragnótaveiði væri takmörkuð.

Akureyri hefur ekki verið tekin með í frv., vegna þess að hún á ekki land að Eyjafirði — nema Pollinum —, og það er sanngjarnt, að þeir ráði yfir firðingum, sem land eiga að honum, enda hefur það ætíð verið viðurkennt frá því í fyrndinni, að hver ætti veiðirétt fyrir sínu landi. Það er því ekki sýnt, að hér sé neinn voði á ferð, og við treystum því, að hv. Alþ. láti þetta mál ná fram að ganga, því að það þolir enga bið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Það er nú langt síðan sjávarútvegsn. fékk þetta mál til meðferðar, og er hún nú loksins að skila því. Ef þessi dráttur stafar af því, að sjútvn. hafi lagt sig í líma til að afla sér upplýsinga í málinu, þá væri þessi dráttur kannske fyrirgefanlegur. En af því plaggi, sem hér liggur fyrir, verður ekki séð, að svo hafi verið. Manni virðist það muni gert til að vísa málinu frá að vísa því til mþn., sem vonandi mundi þó gera því betri skil en sjútvn. Ég hef lítið vit á fiskimálum, en það er almennt áhugamál allra minna kjósenda, sem land eiga að sjó og þurfa að stunda veiðar. Á hverju vori kemur það fyrir á Bakkafirði, að það kemur mokfiskur í fjörðinn, svo að margir bátar í senn tvíhlaða á einum sólarhring. En eftir skamman tíma eru dragnótabátarnir komnir, og þá er veiðin búin. Svona er þeirra umsögn. Einn, tveir eða þrír dragnótabátar hafa sópað upp fiskinum undan ströndinni hjá þeim. Þetta er nú álit þeirra manna, sem þarna eru uppaldir. Það er alltaf sama sagan. Ég nefni gamlan útgerðarmann á Norðfirði, sem í tvö ár hefur stundað veiði á bát frá Vopnafirði. Hann þekkti dragnótaveiðarnar og áleit þær réttmætar, en síðan hann kynntist smábátaveiðinni þarna norður frá, þá er hann kominn á þá skoðun, að sjálfsagt sé að binda þetta svona, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Annar maður, sem ég þekki og stundað hefur dragnótaveiði síðastliðin 2 ár, segir, að sér sé ljóst, að með sinni dragnót sé hann að eyðileggja veiðina fyrir hinum bátunum. Þetta segir hann af því, að hann sér meira en eigin hag. Vopnfirðingur einn hefur sagt mér, að í Lónsfirðinum, þar sem ætíð var fullt af smákola, svo að vörpurnar tóku tugi þúsunda af smákola í drætti, sé nú smákoli ekki lengur til. Allt þetta virðist benda til þess, að skoðun þessara manna, sem ekki vilja láta takmarka dragnótaveiðar frekar en búið er, sé ekkert annað en venjulegur yfirgangur þess sterkari, sem telur sig hafa rétt til þess að taka frá hinum minni máttar, ekkert annað en þeirra málstaður, sem þessir menn hér á Alþ. túlka.

Ég vil álíta, að þeir, sem vilja láta vísa þessu máli til mþn., geri það í því augnamiði að geta sem lengst troðið á rétti lítilmagnans. En ég vænti þess, að mþn. rannsaki málið og fái því ástandi breytt, sem nú ríkir.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Ég skal ekki tefja málið mikið, en mig langar til að segja fáein orð. Mér finnst tekið of djúpt í árinni, þegar hv. þm. Borgf. segir, að það verði lesið út úr nál., að sjútvn. sé formælandi hvers konar rányrkju á grunnmiðum landsins. Mér sýnist sú staðhæfing stjórna nokkuð skoðun liðsmanna flm. þessa frv. Og þegar ég athuga áhuga flm. þessa frv. á því að friða grunnmiðin við strendur landsins, þá finnst mér margt einkennilegt koma upp. Ef tilgangur flm. er að friða grunnmiðin í heild, hvernig stendur þá á því, að þeir takmarka ákvæði þessa frv. við veiðar aðeins fyrir nokkrum hluta landsins? Er ekki sama þörf á því að varðveita miðin fyrir Suður- og Vesturlandi og koma í veg fyrir, að rekin sé þar sú rányrkja, sem þeir tala um? Ég vil benda á, að í stað þess að láta hið sama ganga yfir öll grunnmiðin, þá lengja þessir þm. þann tíma, sem þessar veiðar má stunda annars staðar við strendur landsins. Mér finnst hér skjóta nokkuð skökku við að ætla að telja hv. þd. trú um, að við, sem viljum vísa þessu máli til mþn., viljum vera formælendur rányrkjunnar.

Þetta er gamalt og nýtt deilumál, sem þarf að athuga gaumgæfilega, áður en hv. Alþ. leggur sinn dóm á það, hvernig því skuli skipa.

Hv. 2. þm. Skagf. benti á, að flestir þeir bátar, sem stunduðu dragnótaveiðar að jafnaði, færu á síldveiðar á sumrin og hefðu þar stórtekjur. Ég verð að játa, að ég er á öðru máli. Bátar innan 20 smál. fara yfirleitt alls ekki á síldveiðar, en dragnótabátarnir eru þetta 15—16 og upp í 30 smálestir. En þetta gefst tiltölulega illa, því að aflahlutur þeirra er stórum lægri en aflahlutur þeirra, sem stunda veiðar á stórskipum.

Ég vil rétt aðeins drepa á eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Skagf. Hann sagði ástæðulaust, að Akur-

eyri hefði nokkuð um dragnótaveiði að segja, þar sem hún ætti land aðeins að Pollinum. En nú veit hv. 1. þm. Skagf. vel, að Akureyrarbátar stunda dragnótaveiðar í firðinum sem aðrir, ekki bara fyrir því landi, sem þeir eiga, heldur aðrir, því að miðin eru utar á firðinum, en ekki fyrir því landi, sem Akureyri á. Og það er eðlilegt, að Akureyrarkaupstaður hafi hönd í bagga, þegar ákvarðanir eru teknar um þessi mál.

Ég vil ljúka máli mínu með því að svara því, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði, að sjútvn. hefði ekki aflað sér upplýsinga um þessi mál. Þetta mál er búið að vera það lengi á döfinni, að þeir, sem í sjútvn. sitja, telja sig færa um að stíga þetta spor, að vísa málinu til frekari undirbúnings til n., sem er sérstaklega fær um að fjalla um það, svo að það geti komið fyrir þing vel undirbúið. Þá verður tímabærara að ræða um það.

Það fer fjarri því, að ég hafi tekið þessa afstöðu vegna þess, að ég sé formælandi rányrkju og skefjalausra veiða. Það skyti nokkuð skökku við, ef ég væri að snúast gegn smábátaeigendum til hagsmuna þeim, sem stunda dragnótaveiðar á innfjörðum. Ég hef aðeins reynt að líta á sjónarmið heildarinnar og hvernig bezt fengist lausn þessa máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 70. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 4. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 462, frá sjútvn., samþ. með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, FJ, GG, GTh, HelgJ, IngJ, LJós, PÞ, SigfS, SB, SG, SEH, SK, StJSt, ÞG, ÁkJ, EmJ, JJós.

nei: JakM, JPálm, JS, JörB, PZ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ.

6 þm. (GÞ, GSv, ÓTh, STh, BG, EOl) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Enda þótt ég vilji láta mþn. væntanlegu athuga þetta mál, vil ég ekki láta bíða með það að láta takmarka dragnótaveiðar á fjörðum inni, og segi þess vegna nei.

6. Jöfnunarsjóður aflahluta.

Á 12. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:

Frv. til l. um jöfnunarsjóð aflahluta (þmfrv., A. 63).

Á 14. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Þetta frv. hefur verið hér til umr. þrisvar sinnum áður. Tel ég því ekki þörf að fylgja því með langri ræðu nú. Ég vil aðeins rifja upp sögu þess. Hún er í stórum dráttum sú, að þetta frv., um tryggingu aflahluta, var flutt fyrst af mér hér á þingi 1939. Þessi d. samþykkti frv. dálítið breytt, en það dagaði uppi í Ed. Síðan flutti ég frv. aftur á þingi 1940, en þá var því vísað til stj. með rökst. dagskrá. Í þeirri dagskrá var fram tekið, að málið væri mikið nauðsynjamál, en þyrfti meiri undirbúning, og þann undirbúning var stj. falið að gera og leggja málið síðan í frumvarpsformi fyrir þingið. En ekkert kom frá henni á næsta þingi, 1941. Því var það, að ég ásamt hv. þm. Ak. flutti þetta frv. í þriðja sinn á fyrsta þingi þessa árs, en það fór á sömu leið, að málinu þar vísað til stj.

Nú hafa borizt svo margar ákveðnar raddir, sem hafa krafizt þess, að slíkum tryggingum væri komið á, að við flm. þessa frv. höfum ekki séð okkur annað fært en verða við þeim kröfum, og því flytjum við málið nú í fjórða sinn. Um nauðsyn þess er sérstaklega tekið fram í grg., sem fylgdi frv. 1939, og eins í þeim umr., sem fram hafa farið um málið í þau þrjú skipti, sem það hefur komið fyrir þessa hv. deild.

Af þessari stuttu sögu málsins má ráða það, að almenningur sá, sem á framtíð sína að einhverju leyti undir framgangi málsins, hefur fyrir því mikinn áhuga, og einnig að lítið skiptar skoðanir eru innan þessarar samkomu um, að málið sé nauðsynjamál og þurfi að ná fram að ganga.

Ég get aðeins bætt því við, að aldrei hefur meira verið um það talað en nú, hvar nauðsyn sé á tryggingum gegn atvinnuleysi í landinu eftir stríðið, og þetta frv. hnígur í þá átt að tryggja atvinnu þeirra manna, sem lifa beint eða óbeint á fiskiveiðum, hvort sem þeir eru fiskimenn sjálfir eða útgerðarmenn. Og ég geri ráð fyrir, að af því að sjávarútvegurinn hefur nú undanfarin 2—3 ár aflað landinu mörg hundruð millj. kr., þá muni þykja vel til fallið, að á þessum sama tíma sé einnig reynt að sjá fyrir því, að tryggt sé, að ekki ríki hér atvinnuleysi og neyð meðal fiskimanna fyrstu árin, eftir að stríðinu lýkur, en flestir munu gera ráð fyrir miklu verðfalli og örðugleikum á sviði útgerðarinnar eftir stríðið, sem að sjálfsögðu hlýtur að skapa atvinnuleysi og bágindi, ef ekki er sett undir þann leka fyrirfram.

Fundið hefur verið að því við meðferð þessa máls að undanförnu, að nægar upplýsingar skorti, sérstaklega um það, hversu mikil fjárhæð mundi verða greidd úr ríkissjóði samkv. þessum l. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram jafnháa upphæð til þessara hlutatrygginga og útgerðarmenn og fiskimenn, en til þess er því að svara, að áður en frv. var borið fram í fyrsta sinn, fékk ég Fiskifélag Íslands til að reikna þetta út með mér. Sá útreikningur er að sjálfsögðu ekki óvéfengjanlegur, en þó nærri réttu lagi, að ég hygg. Var þar talið, að tekjur þessa væntanlega tryggingarsjóðs aflahluta mundu verða um 140 þús. kr. á ári. Þar var miðað við árferði, sem var ekki hagstætt sjávarútveginum. Það var árið 1938, en þá voru aflabrögð frekar treg, þó ekki í versta lagi, og verðlag frekar bágborið. Ég hef ekki séð ástæðu til að fara að

reikna þetta út á ný, miðað við það verðlag, sem nú er, því að enginn mun gera ráð fyrir, að það verð viðhaldist. Auk þess er ákaflega erfitt að gera slíka útreikninga, sökum þess að afli, verkun og útflutningur er á svo margháttuðu stigi og magn afla mjög mismunandi.

Eins og ég tók fram í upphafi, sé ég enga ástæðu til að halda hér langa framsöguræðu. Það á ekki að þurfa að hvetja okkur hér til að gera þær ráðstafanir, sem þykja vera til öryggis. Það á að vera okkar skylda, og sé því ekki ástæðu til að vera með sérstakar brýningar í þá átt, en óska aðeins, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 63, n. 210).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Ég skal ekki tefja hv. d. með langri ræðu. Það var fullt samkomulag um málið í sjútvn., en ég hef áður haft tækifæri til að skýra frv. efnislega hér í d., því að það hefur verið flutt þrisvar áður. Ég vil aðeins flytja þau skilaboð frá n., að hún telur mikla þörf fyrir slíkar tryggingar, og þó að lítil reynsla sé um, hvernig bezt muni að koma þeim fyrir, mælir n. með því, að frv. verði samþ. með einni smá breyt., að í stað þess að Fiskveiðasjóður Íslands sjái um reikningshald Jöfnunarsjóðs, verði það Tryggingastofnun ríkisins. N. virtist þetta einn liður í tryggingastarfseminni og eiga eins vel þar heima.

Hv. þm. Ísaf., N.-Þ. og 6. landsk. þm. hafa áskilið sér rétt til að koma með brtt. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. — Eins og hv. frsm. tók fram, höfum við þrír nm. ásiklið okkur rétt til að flytja eða fylgja brtt. Ég vildi gera grein fyrir því, að ég hef ekki við þessa umr. lagt fram neina brtt., af því að málið var tekið fyrr fyrir en ég hafði búizt við, og vil ég geyma mér rétt minn til 3. umr.

Ég vil taka það fram í sambandi við þetta frv., að við í n. erum sammála um, að æskilegt sé að fá slíka tryggingu, en hins vegar er það svo um frv., að ákvæði þess eru ekki nákvæm. Þar er aðeins í aðalatriðum og mjög lauslega kveðið á um, hvernig tryggingunni skuli fyrir komið. Enda er þess varla að vænta, að Alþ. geti nú afgr. mjög nákvæma löggjöf um þetta efni. Málið hefur ekki hlotið þann undirbúning, sem venjulegt er um tryggingalöggjöf. Alþ. ætlaðist til fyrir 2 árum, að sá undirbúningur væri látinn fara fram, og gerði samþykkt hér í d. um það, en sú rannsókn hefur ekki farið fram, og hafði n. því ekki þau gögn við að styðjast, sem æskilegt hafði verið, að hún hefði.

Það er býsna margt, sem stj. þarf að ákveða í væntanlegri reglugerð. T. d. er það ekki skýrt í frv., hvað átt sé við með orðinu „hlutaráðning". Ekki er greinilega fram tekið, hvað telja skuli sameiginlegan kostnað. Það er ekki heldur ákveðið í frv., hvar gjaldið skuli innheimt, þar sem skipið er skrásett eða í veiðistöð.

Ég skal minna á, að það hefur á undanförnum þingum þótt álitamál, hvort tryggingin skuli vera frjáls trygging eða skyldutrygging.

Að lokum vil ég aðeins geta þess, að ég mun bera fram brtt, við 3. umr., ef mér sýnist, að það gæti orðið til bóta.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Eins og fram er tekið í nál., hef ég áskilið mér rétt til þess að flytja og styðja brtt. við þetta frv. Ástæðan hjá mér er að miklu leyti sú sama og hjá hv. síðasta ræðumanni, að ég hef ekki getað athugað frv. sem skyldi, en þó sýnast mér sum ákvæði frv. þannig, að nauðsynlegt verði að gera breyt. á þeim. Í 1. gr. frv. stendur, að í lok hverrar vertíðar skuli greiða 1% af verðmæti aflans í óverkuðu ástandi eftir að sameiginlegur kostnaður hefur verið dreginn frá. En þetta kemur mjög misjafnt niður eftir því, hvað er reiknað til sameiginlegs kostnaðar og hvað ekki. Hér við Faxaflóa og víðar er t. d. olía og salt reiknað sem sameiginlegur kostnaður, en svo er ekki fyrir öllu Austurlandi og a. m. k. nokkrum hluta Norðurlands, Af þessu leiðir, að útgerðarmenn og sjómenn á Austurlandi og Norðurlandi greiða mun hærra gjald í sjóðinn en gert verður hér við Faxaflóa. Þeir sem greiða hærra gjald, fá að vísu meiri rétt til greiðslna úr sjóðnum. En allt um það efast ég um, að réttmætt sé, að þeir, sem skipta hlutunum á þann veg, sem gert er hér við Faxaflóa, greiði mun lægra gjald til sjóðsins en hinir..

Mér skilst, að helzta ætlun frv. sé, að útgerðarmenn greiði jafnt í sjóðinn og þeir. sem taka hlut, en að ríkið greiði svo jafnt og báðir þessir aðilar til samans. Verður þá útkoman sú, að útgerðarmenn greiða ¼ hluta gjaldsins, sjómenn ¼ og ríkið ½. Ég hef ekkert við þetta hlutfall að athuga og álít það að öllu leyti sanngjarnt. En ég álít, að ástæða sé til þess að athuga þetta frv. nánar en við höfum ástæður til að gera í nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 210 samþ. með 20 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 38., 39., 40. og 41. fundi í Nd., 20., 21., 22. og 25. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 26. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 233, 242, 246, 258, 270, 271).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 270 og 271. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég á hér brtt. við þetta frv., og er hún á þskj. 270, sem útbýtt er á þessum

fundi og stíluð er við brtt. á þskj. 242 frá hv. þm. V.-Húnv. og mín brtt. tekur eingöngu til 1. liðar í þeirri brtt. En auk þess eru þar, á þskj. 242, einnig till. til breyt. á 2 öðrum gr. frv., sem brtt. mín kemur ekki inn á.

Ég vil segja það um þetta mál, að ég tel það fullkomlega réttmætt, að gerðar séu af hálfu löggjafans ráðstafanir til þess að tryggja hlutarráðningarfyrirkomulag á íslenzkum veiðiskipum. Það er ekki minnsti vafi á því, að það er allmikið þjóðfélagslegt öryggi í því fólgið, að sú þróun geti orðið í útgerðinni hér á landi, að það fyrirkomulag geti rutt sér til rúms. Það er ákaflega eðlilegur hlutur, að sú tilhögun sé á höfð, að þeir menn, sem að útgerðinni standa, bæði útgerðarmenn og sjómenn, hafi þar sameiginlegra hagsmuna að gæta, þannig að þessir aðilar allir beri úr býtum hlutfallslega við þann afrakstur, sem útgerðin gefur. Með þeim hætti er áreiðanlega betur tryggt en ella, að útgerðin geti orðið sem allra raunhæfust. Tekur þetta hvort tveggja til þeirrar hliðar málsins, sem snertir aflabrögðin, og svo líka einnig og ekki síður til þeirrar hliðra málsins, sem snertir hagkvæma, hyggilega og skynsamlega meðferð veiðarfæra og annars þess, sem útgerðin krefur. Þess vegna álít ég, að það sé tryggast, að af hálfu löggjafans og allra sé sem bezt að því stuðlað, að sú þróun geti orðið að þessu leyti í útgerðinni, að þetta fyrirkomulag fáist sem bezt framkvæmt, þannig að grundvöllur sé fundinn undir það, að þetta geti helzt náð til allra greina í útgerðinni. Af því er ég alveg fullkomlega samþykkur þeirri hugsun, sem fram er komin í þessu frv., og ég tel það góðra gjalda vert, að það sé inn á þessa braut farið og reynt með slíkum hætti að stuðla að því, að þetta geti orðið.

Hér er um að ræða tryggingarstarfsemi, sem við höfðum eftir þeirri reynslu, sem fengin er og alþekkt er, um það, hversu misjafnlega gengur með aflabrögð útgerðarinnar, þannig að lagt er til, að lagt sé til hliðar fé á þeim árum, sem betur gengur fyrir útgerðinni, til þess svo að bæta upp aflahluta, þegar illa gengur um aflabrögð. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, að útgerðarmenn og hlutarráðnir sjómenn leggi fram af aflafeng sínum nokkurn hluta og ríkissjóður komi þar á móti með nokkurn stuðning frá því opinbera, og að því leyti er þetta byggt upp á sama grundvelli eins og önnur tryggingalöggjöf hjá okkur. Það, sem þess vegna er hér um að ræða, er það, hvermig eigi að byrja þennan þátt þessarar tryggingastarfsemi, hvort eigi að hefja starfsemi á þessu sviði með því, að tryggingarnar séu frjálsar og mönnum sé í sjálfsvald sett um það, hvort þeir vilji fara inn á þessa braut, og þeir, sem það gera, njóti þeirra hlunninda, sem felast í þessu frv., sem fólgin eru í framlögum ríkissjóðs til þessarar starfsemi, eða hins vegar, hvort ákveða eigi þegar í upphafi, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., að komið verði á þessum tryggingum með lagaboði, eins og er um aðrar slíkar tryggingar hér á okkar landi. Mér ar það alveg ljóst, að þeim tilgangi, sem hér á að ná, verður náttúrlega náð fyrr með því að slá því föstu í löggjöfinni, að þessi trygging sé ákveðin með l. Hins vegar er það svo, að það má segja og það er litið þannig á af sumum, og þar á meðal a. m. k. af sumum þeim mönnum, sem þessi ákvæði munu ná til, ef samþ. verða, að ekki væri óeðlilegt, að fyrsta sporið í þessu efni væri stigið með þeim hætti, að sett væru um þetta heimildarl. og þreifað með því fyrir sér um það, hvernig þeir menn lita á þetta, sem þessi ákvæði eiga að taka til Ég hef nú út frá sjónarmiði þeirra manna, sem þannig hugsa, flutt brtt. mína, sem er við brtt. frá hv. þm. V.-Húnv., sem miðar alveg í sömu átt, en hér finnst, að ekki grípi fullkomlega yfir þá hugsun eða þá framsetningu á frv., sem þarf að vera, ef það á að byggja upp löggjöf með slíkum hætti, að hún sé gefin út sem heimildarl. að þessu leyti. Ég hef þess vegna í brtt. minni leitazt við að setja þetta fyrirkomulag í eðlilegt samband við frv., eftir að búið væri að taka ákvörðun um þá breyt. að l. þessi yrðu afgreidd sem heimildarl., en ekki því slegið föstu, að þessir sjóðir skuli stofnaðir. Vænti ég, að þetta geti, hvað form snertir, alveg komið inn í, svo að vel fari, þó að e. t. v. geti svo verið, að athugun mín á þessu sé ekki svo gaumgæfileg, að aðrir geti ekki bent á formgalla á þessu. Þó hygg ég, að þeir séu ekki.

Ég hef sett hér inn í dálitið öryggisákvæði um það, að ekki þurfi að verða breyt. í þessu efni, þó að skipti um eigendur skipa eða útgerðarmenn, og heldur ekki, þó að breyta verði að meira eða minna leyti um skipshöfn, þ. e. a. s. að ef aðilar upphaflega gera samþykkt um að ganga inn í þennan sjóð, en aðrir menn koma í þeirra stað um eign eða útgerð skips, þá gildi sú samþykkt, sem upphaflega var gerð, gagnvart því veiðiskipi, þar til ný samþykkt um það gangi í gildi. Þetta ætti að stuðla að því, að tryggingin gæti haldið áfram, þrátt fyrir það að slíkar breytingar verði, sem mjög eðlilegt er, að geti átt sér stað og alltítt er, að eigi sér stað.

Sömuleiðis hef ég sett inn í þetta ákvæði um það, að ef ekki sé búið að selja afla í vertíðarlok, þegar á að leita eftir grundvelli undir það gjald, á að leggja í þessa sjóði, og ef til þess kemur, að það þurfi að meta aflann, eins og oft getur verið, t. d. eins og þegar afli er verkaður, þegar um saltfisk er að ræða, sem þarf svo að þurrka og verka til útflutnings, — og þá kemur ekki fram raunverulegt verðmæti aflans, fyrr en varan er komin í útflutningshæft ástand, — þá skulu fara fram mat á aflanum, þannig að stjórn Fiskifélags Íslands annist það mat, eins og nánar er tekið fram í brtt. minni. Að vísu má segja, að þetta geti heyrt undir ákvæði reglugerðar, sem gert er ráð fyrir, að sett verði samkv. frv. En ég hef nú lagt til, að þetta verði tekið inn í frv.

Ég lít með hinum mesta velvilja á tilgang þann, sem felst í þessu frv., að því leyti sem hann er sá að stuðla að því útgerðarfyrirkomulagi, að helzt öll veiðiskip, sem gerð eru út, væru gerð út með þeim hætti, að hásetar og aðrir menn á skipunum væru með þeim hætti þátttakendur í útgerðinni, að þeir fengju tryggingu

sína á þann hátt fyrir starf sitt með hlutdeild í þeim árangri, sem útgerðin gefur,

Ég skal fullkomlega viðurkenna það, að því er ekki með öllu byggt út úr huga mínum, að einhver dráttur kunni að verða á því, að með heimildarl. færðist þetta í það horf, sem l. ætlast til. Ég skal viðurkenna það, en aftur á móti finnst mér ekki óeðlilegt, að sú fyrsta tilraun sem gerð er í þessu efni, sé gerð með heimildarlöggjöf. En ef það sýndi sig, að tómlæti ríkti meðal þeirra, sem hér eiga hlut að máli, og Alþ. teldi það mikils virði að grípa inn í með ákveðna löggjöf, þá er það hægt, hvenær sem vera skal eftir að heimildarl. hefðu sýnt sig þess eigi umkominn að koma þessum málum í það horf, sem æskilegt er.

Þá hafa nokkrar brtt. komið fram við þetta frv., og úr því að ég er farinn að ræða um frv. á annað borð, vil ég þá um leið minnast lítils háttar á það í þessum brtt., er einhverju máli skiptir.

Það er þá brtt. á þskj. 258, frá hv. 6. landsk. Hann leggur til, að því er mér skilst, að tekin verði gjöld af bráttóafla og í stað 1% af verðmæti aflans komi ¾%. Ég býst við, að þetta yrði til þess að auka tekjur sjóðsins nokkuð og að um yrði að ræða nokkuð meiri fjárframlög samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér. Að vísu get ég ekki komið með neinar tölur í þessu sambandi. En mér lízt svo á, að ekki eigi að svo komnu máli að fara stærra á stað en samkv. því, er í frv. felst, þar er þessi grundvöllur lagður, sem skiptir mestu máli. Hitt skiptir í raun og veru minna máli, hvort gjöldin til sjóðsins eru reiknuð af bráttóafla eða að frádregnum sameiginlegum kostnaði, svo sem oliu, salti, þar sem því er til að dreifa, beitu o. fl. Sem sagt, ég held, að rétt sé að halda sér við ákvæðið eins og það er í frv. Það mun, það sem ég þekki bezt til, bezt henta, þó að annað geti kannske átt betur við þar, sem ég þekki ekki til.

Ein brtt. er og frá hv. þm. N.-Þ. Leggur hann m. a. til, að breyta skuli nafninu, sem frv. hefur á sjóðnum. Hér er aðeins um orð, en ekki efni að ræða, sem ætti ekki að þurfa að valda miklum ágreiningi. Satt að segja finnst mér það nafn, sem í frv. er á sjóðnum, eiga vel við, og að það grípi vel yfir hugmynd og tilhögun hans. En það má til sanns vegar færa að kalla þennan sjóð hlutatryggingarsjóð að því leyti, sem um er að ræða það lágan hlut, að jafna verður hann með úthlutun úr sjóðnum. Þar sem í brtt. ræðir um skipun stj., vil ég vekja athygli á því, þó að það sé út af fyrir sig ekki stórvægilegt atriði, að það má gæta þess að fara ekki of langt inn á það að setja í l. einstök atriði varðandi framkvæmdir og tilhögun sjóðsins, sem ætlazt er til, að sett verði í reglugerð sem sett verður um sjóðinn. Það er svo margt, sem fram kemur, er sjóðurinn tekur til starfa, sem ekki svo auðvelt að sjá við án undangenginnar reynslu. En hvort sem ofan á verður, finnst mér sjálfsagt, að slíkt ákvæði sem þetta komi í reglugerðina.

Þar sem þetta frv. gekk greiðlega í gegnum 1. og 2. umr. og í n., bjóst ég við, að málið mundi afgreiðast greiðlega og verða að lögum. Þrátt fyrir þær brtt., sem nú hafa fram komið við frv., vænti ég þess, að þær verði ekki til að tefja um of, að frv. þetta geti orðið að l., svo að þetta mikilsverða mál útgerðarinnar nái sem fyrst fram að ganga.

Það er vitað mál, að frv. þetta mun leiða til nokkurra útgjalda fyrir ríkissjóð. Ekki er hægt að segja með vissu, hve mikla upphæð hér er um að ræða, og mun framlag ríkissjóðs verða breytilegt frá ári til árs. Nokkur útreikningur mun hafa átt sér stað til að komast að, hve mikla upphæð hér er um að ræða, en þessi útreikningur fór fram 1938 og miðaðist við það ár. Þá hefði framlag ríkissjóðs orðið um 140 þús. kr., en til þess að gera þessa upphæð sambærilega við það, sem nú mundi vera, mætti hún allt að því fjórfaldast.

Þá er og rétt að minnast á útgjöld þau, er þetta frv. hefur í för með sér fyrir ríkissjóð, ef að l. verður. Ég tel það mjög hæpið að setja slík ákvæði í l., sem ekki verður séð fyrir endan á, hve háar upphæðir ríkissjóður þarf að greiða. Ég á ekki einungis við þær upphæðir, sem ríkissjóður á að greiða með frv. þessu, heldur og yfirleitt miklu fremur við þá stefnu, sem lýsir sér í þessu, að skylda ríkissjóð til að greiða upphæðir, sem enginn getur vitað um, hve háar verða, þegar til kemur. Þetta vildi ég sagt hafa um þetta atriði almennt.

Skúli Guðmundsson: Frv. um jöfnunarsjóð aflahluta hefur nú þrisvar sinnum verið flutt á Alþ. Í fyrsta skipti, er það kom fram, var gert ráð fyrir skyldutryggingu, eins og nú, en í Nd. var gerð á því sú breyt., að tryggingarnar væru gerðar frjálsar. Í það skipti stöðvaðist frv. í Ed. — Í annað sinn var frv. flutt þannig, að tryggingarnar voru frjálsar en ekki skyldutryggingar. Þá var frv. afgr. með rökst. dagskrá, þar sem ríkisstj. var falið að rannsaka og undirbúa málið með aðstoð tryggingarfróðra manna. Sú áskorun bar ekki árangur. Atvmrh. lét enga rannsókn fara fram, eða a. m. k. hefur þess ekki orðið vart. Ekkert varð því úr framkvæmdum, og er þetta mál nú jafnlítið undirbúið og er það kom fyrst fram. Vegna þess að ekki hefur farið fram nauðsynleg athugun á þessu máli þrátt fyrir óskir Alþ. um það, tel ég, að fyrst eigi að fara þá leið að hafa tryggingarnar frjálsar, vitanlega má breyta þeim í skyldutryggingar, ef þurfa þykir síðar. Því er það, að ég leyfi mér að flytja brtt. á þskj. 242.

Fyrsta breyt. er við 1. gr. frv. og er á þá leyð, að útgerðarmenn, er gera út skip til fiskiveiða með hlutarráðningu, geta orðið þátttakendur í þessum umrædda tryggingarsjóði, en það sé ekki skylda þeirra. Hv. þm. Borgf. hefur flutt brtt. á þskj. 270 við þessa till. mína og gert grein fyrir henni. Samkv. till. hans á það að vera á valdi skipshafnarinnar að ákveða þátttökuna, þannig að ef meiri hl. er með því, þá taki þeir sinn þátt í þessari sjóðsmyndun. — Ég tel þessa till. til bóta og get fallizt á að samþ. hana. — Því er haldið fram af flm. frv., að mikill áhugi sé meðal útgerðarmanna að fá setta löggjöf um það, er frv. þetta fjallar um. Ég lít svo á, að

þessari ósk þeirra sé alveg fullnægt, þó að brtt. okkar, hv. þm. Borgf. og mín, séu samþ., því að eftir sem áður er þeim greiður aðgangur að taka þátt í tryggingunum, þótt ekki séu þeir til þess skyldaðir.

Önnur breyt., sem ég legg til, að gerð verði, á þskj. 242, er aðeins orðalagsbreyt. til leiðréttingar. Hv. 6. landsk. flytur og sams konar brtt. á þskj. 258.

Þriðja brtt. mín á þskj. 242 er um það, að um leið og l. þessi öðlast gildi, falli úr gildi ákvæði um framlög bæjar- og hreppsfélaga í tryggingarsjóð hlutaútgerðarfélaga. — Ef frv. þetta verður samþ., tel ég, að sú ástæða að láta bæjar- og hreppsfélög leggja fram fé í þessu skyni, sé í burtu fallin og því sjálfsagt að nema þau lagafyrirmæli, er að því lúta, úr gildi.

Hv. 6. landsk. leggur til með brtt. sinni á þskj. 258, að gjaldið til jöfnunarsjóðsins verði ¾% af verðmæti aflans og sé ekki dreginn frá sameiginlegur kostnaður, áður en gjaldið er á lagt. Eftir þessu kæmi það ekki til ágreinings í þessu sambandi, hvað væri sameiginlegur kostnaður. En ég vil benda hv. 6. landsk. á, að þar sem hann fer fram á það með brtt. á þskj. 258, að þessu verði breytt þannig, verður hann og til samræmis að óska breytingar á 3. gr., að því leyti sem hún snertir þetta atriði.

Gísli Guðmundsson: Við 2. umr. þessa máls gerði ég nokkra grein fyrir því, er mér þótti ástæða til að segja um undirbúning þessa máls. Ég hafði í sjútvn. áskilið mér rétt til að koma með brtt. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Við 2. umr. flutti ég ekki neina brtt., en hef hins vegar leyft mér við þessa umr. málsins að koma fram með brtt. á þskj. 246.

Þessar brtt. eru ærið margar talsins, flestar þeirra eru þó um eitt og sama efnið, þ. e. a. s., þær fela í sér breyt. á nafni sjóðsins, og er lagt til, að nafninu sé breytt á öllum stöðum, er það kemur fyrir í frv. Samkv. frv. er sjóðurinn kallaður Jöfnunarsjóður aflahluta, en eftir því sem ég legg til, á hann að heita Hlutatryggingarsjóður. Þar sem sjóði þessum er ætlað að trygga aflahluti, er það að mínum dómi réttast, að hann beri nafnið Hlutatryggingarsjóður.

Það er rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að nafnið á sjóðnum skiptir ekki miklu máli, en hér er um að ræða tryggingarstarfsemi og því langréttast, að sjóðurinn dragi þar af nafn sitt Þetta má m. a. marka af því, að ákveðið er í frv., eins og það liggur fyrir, að fela framkvæmd sjóðsins tryggingarstofnun ríkisins. Þessum sjóði er ekki ætlað að gera aflahluti jafna, heldur er honum ætlað að tryggja, að alltaf verði um nokkurn aflahlut að ræða. Því er það, að mér finnst þetta nafn, er ég legg til, að tekið verði upp á sjóðnum, ná betur þeirri hugsun, sem á bak við þessa sjóðmyndun liggur, og þeim tilgangi, sem honum er ætlað að ná.

Í 5. brtt. minni á þskj. 246 er gert ráð fyrir að breyta 5. gr. frv., gr., sem fjallar um stjórn sjóðsins. Hún er um það, hvernig form. sjóðstjórnar sé valinn, sömuleiðis um það, að starfstími stjórnarinnar sé 2 ár, en ekki 3, þar eð ég tel það nægilegan tíma, a. m. k. til að byrja með. Enn fremur legg ég til, að ráðh. ákveði tryggingarstofnun ríkisins þóknun fyrir daglegar framkvæmdir og reikningshald sjóðsins.

Í 7. brtt. minni er svo gert ráð fyrir að breyta 7. gr. frv., þannig, að það sé fram tekið, að ráðh. gefi út reglugerð sjóðsins. Eins legg ég til, að ýmislegt annað komi inn í 7. gr. frv., sem mér finnst sjálfsagt að hafa í l., og yfirleitt er það að segja um þetta frv., að mér finnst það ekki vera nægilega nákvæmt, og að æskilegt hefði verið, að hin einstöku atriði varðandi þessa sjóðsmyndun hefðu betur komið í ljós í frv. frá löggjafans hálfu. Þá mælir brtt. svo fyrir, að framkvæmd laganna um greiðslur til sjóðsins taki ekki gildi fyrr en reglugerð hefur verið út gefin.

Ég hef borið fram á þskj. 271 brtt. við þessa brtt., en hún á aðeins að vera til taks, ef samþ. yrði till. frá hv. þm., sem gæti orðið til þess, að fyrri till. mín gæti ekki komið til atkvæða. En reynist ekki þörf á henni, mun ég taka hana aftur. —

Hér liggja till. frá ýmsum þm., en ég sé ekki ástæðu til að ræða þær, því að afstaða mín til þeirra mun koma fram við atkvgr., þegar þar að kemur.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Ég ætla að segja aðeins nokkur orð í sambandi við mál þetta, þar sem ég hef von um, að umr. verði frestað, svo að n. hafi tækifæri til að taka málið til athugunar, en þess er full þörf. Mér skilst, að þrjár meginbrtt. við frv. hafi komið fram. Sú fyrsta frá hv. þm. V.-Húnv., þær ganga í svipaða átt báðar. Það er hin frjálsa leið, sem þeir óska eftir. Í öðru lagi brtt. hv. þm. N.-Þ. Ég lít svo á, að hún sé ekki mikilsverð. Hún er aðallega um nafnbreytingu og kosningu sjóðsstjórnarinnar og önnur smærri atriði, sem ekki eru líkleg til að valda miklum ágreiningi.

Í sambandi við brtt. mína á þskj. 258 vil ég útskýra dálítið, í hvaða átt hún gengur, og legg ég kapp á, að hún nái fram að ganga. Í frv. er er gert ráð fyrir, að greiða skuli 1% í jöfnunarsjóð, þegar búið er að draga sameiginlegan kostnað frá (beitu, olíu, salt). Mundi það þýða, að austfirzkir útgerðarmenn og sjómenn yrðu látnir greiða eftir öðrum reglum en gert er hér við Faxaflóa. Í brtt. minni legg ég til, að greiðsla til jöfnunarsjóðs verði miðuð við brúttóafla og reiknist ¾%. Ef þessi leið er farin, þá greiða allir hlutaskiptamenn á landinu eftir sömu reglum, hvort heldur sem hlutaskiptin fara fram eins og nú tíðkast á Austurlandi eða hér við Faxaflóa .

Í trausti þess, að umr. verði frestað, fer ég ekki fleiri orðum um málið að sinni.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að gera að umræðuefni brtt. þær, er liggja fyrir. Þær þurfa sameiginlegrar yfirvegunar. Ég vil því fara fram á það sama og hv. 6. landsk., að umr. verði frestað, svo að n. gefist kostur á að ræða málið. Hins vegar vona ég, að hæstv. forseti reyni að hraða málinu, svo að það nái fram að ganga á þessu þingi, því að eins og hv. þm. hafa heyrt, er það sameiginlegt,

álit allra, sem tekið hafa til máls, að nauðsyn beri til þess, að það geti tekizt.

Forseti (JJós): Samkv. ósk hv. 6. landsk. og hv. 7. þm. Reykv. verður málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., 28. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Mál þetta var tekið af dagskrá samkv. ósk sjútvn. með það fyrir augum, að henni gæfist tóm til þess að athuga brtt. þær, sem komið hafa fram við frv. þetta. N. hefur nú haldið fund, þar sem þessar brtt. voru athugaðar, og hefur hún tekið nokkur atriði úr þeim brtt., sem hún vill leggja til, að samþ. verði, og hef ég þær brtt. n. skriflegar og mun leggja þær fram að loknu máli mínu.

En afstaða n. til brtt. þeirrar, er einna stærsta breyt. fela í sér á frv. og hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. Borgf. standa að, er sú, að n. sá sér ekki fært að fallast á þá brtt., sem fer í þá átt að gera tryggingarnar frjálsar í stað þess, eins og frv. fer fram á, að tryggingarnar séu skyldugar, — að enginn hlutaðeigandi geti skorizt úr leik. Ástæðan fyrir þessu er sú, að við teljum það ekki heppilegt og heillavænlegt þessari tryggingarstarfsemi, að ýmsir geti forsómað og látið sig engu skipta þessa starfsemi, heldur sé nauðsynlegt að fá alla þá, sem lögin eiga að ná til, þátttakendur í þessari sjóðmyndun.

Ég hef haft gott tækifæri til þess frá árinu 1940 að kynna mér þetta mál og ræða um það við málsmetandi menn, ef hér eiga hlut að máli, og hef ég ekki hitt neinn mann, sem ekki hefur komizt að raun um það eftir nánari íhugun, að ófært væri að hafa tryggingar þessar frjálsar.

Sumir útgerðarmenn mundu, ef tryggingarnar yrðu gerðar frjálsar, ekki taka þátt í þeim af ásælni í stundargróðann; þeir mundu hugsa mest um að klóra sem mest upp á augnablikinu. Ýmsir sjómenn mundu og ekkert kæra sig um að gerast þátttakendur í þessum tryggingarsjóði. Þeir mundu sumir líta svo á sem þeir væru ekki við þetta starf sitt, sjómennskuna, nema stuttan tíma, og væri því óvit að vera að leggja eitthvað af mörkum til tryggingar atvinnuveginum í framtíð. — Ef tryggingin yrði gerð frjáls, yrði því afleiðingin sú, að sumir bátar yrðu tryggðir skv. hugmyndinni um jöfnunarsjóðinn, en aðrir bátar ekki, og yrði það alveg í óvissu, hvort þessi starfsemi mundi þá koma að nokkru gagni eða ekki.

Það hefur verið reynt bæði í kaupstöðum og þorpum að hafa tryggingar frjálsar, en hefur ekki gefizt vel, Það hefur verið reynt með sjúkratryggingar og vátryggingar báta o. fl. tryggingar, en þær hafa ekki orðið almennar og ekki komið að tilætluðu gagni fyrr en þær voru skyldutryggingar. Þó að mönnum sé kannske óljúft að setja skyldur á herðar fólksins, þá á sú skoðun ekki að standa í vegi fyrir, þegar um er að ræða skyldur, sem almenningi eru í vil, og þegar jafnt gengur yfir alla. Þegar skyldutryggingarnar eru til hagsbóta, eru þær ekki þungbærar, eins og hver heilvitamaður hlýtur að sjá.

Mér er nokkuð kunnugt um vátryggingu fiskiskipa upp undir 100 smálestir og veit, hversu torvelt er að eiga við tryggingu þeirra erlendis, og þá sérstaklega tréskipa. Tryggingin er þar um 10—15%, en af því að ríkið stendur að baki tryggingunum, hefur verið hægt að fá þær lækkaðar um helming, eða niður í 5—8%.

Ég ætla ekki að dvelja lengur við þetta atriði, en ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þær brtt. upp, er n. hefur orðið ásátt um að leggja til, að samþ. yrðu.

„1 Við 1. gr.

a. í stað „1%“ komi: 0,7%.

b. Orðin „eftir að sameiginlegur kostnaður hefur verið dreginn frá“ falli niður.

2. Við 3. gr. Í stað „1%“ komi: 0,7%“.

Hefur n. þannig lagt til, að brtt. hv. 6. landsk., á þskj. 258, verði samþ. Hann gat þess, að á Austurlandi væri venjan sú, að ekki væri dregið frá aflanum, áður en skipt væri í hluti, og gat n. fallizt á að hafa gjaldið lítið eitt lægra af aflanum frádráttarlausum. Þar með mun hv. 6. landsk. taka aftur brtt. sína á þskj. 258.

Þá hefur n. séð sér fært að mæla með, að samþ. verði brtt. hv. þm. N.-Þ., á þskj. 246, að því leyti, sem fram kemur í 3. brtt. n., er orðast svo:

„Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþ. til tveggja ára í senn. Stjórnin velur sér formann. Tryggingarstofnun ríkisins annast daglegar framkvæmdir og reikningshald sjóðsins fyrir þóknun, er ráðherra ákveður. Ráðherra ákveður stjórninni þóknun fyrir störf hennar“.

Sjútvn. taldi enga ástæðu vera til þess að setja sig upp á móti því, að stjórnin væri skipuð til tveggja ára. N. féllst og á það, að form. yrði valinn af stjórn sjóðsins, en ég vil þó taka það fram, að ég persónulega var því mótfallinn, að það yrði samþ. í n., þó að ég hins vegar vildi ekki gera það að neinu ágreiningsefni. Ég lít svo á, að þar sem stjórn sjóðsins þarf að sækja svo mikið í greipar ríkissjóðs, sem er framlag ríkisins til sjóðsins, sé það ekki nema sanngjarnt, að ráðh. velji form. nefndarinnar.

Þá vill n. einnig leggja til, að sú breyt. verði samþ. á frv. að láta ráðh. ákveða þóknun fyrir tryggingarstofnun ríkisins með það fyrir augum, að ágreiningur gæti orðið um það hjá stjórnum sjóðanna, hver þessi þóknun skuli vera.

Þá er 4. brtt. sjútvn., orðrétt brtt. hv. þm. V.-Húnv., á þskj. 242, um, að ákvæði 7. gr. l. nr. 45 12. febr. 1940 um framlög frá bæjar og hreppsfélögum í tryggingarsjóði hlutarútgerðarfélaga falli niður. — Mun því hv. þm. V.-Húnv. taka til baka þá till. sína.

Þá eru eftir brtt. þeirra hv. þm. Borgf. og hv. þm. V.-Húnv., sem n. sá sér ekki fært að leggja til, að samþ. yrðu, — að tryggingarnar yrðu gerðar frjálsar. En eigi að síður geri ég ráð fyrir, að þeir muni ekki draga þær til baka, en láta þær eftir sem áður koma til atkv. hér í d.

Sjútvn. tók enga afstöðu til brtt. hv. þm. N.-Þ.

um nafnið á frv., en ég fyrir mitt leyti get sagt, að ég felli mig vel við það nafn, sem í frv. er á sjóðnum, og vil mæla með því, að það verði samþ.

Loks vil ég taka það fram, að hv. þm. N.-Þ. tók ekki afstöðu til þess í n., hvort tryggingarnar skyldu vera frjálsar eða ekki, og hefur hann að sjálfsögðu óbundnar hendur í því að greiða atkv. með eða móti skyldutryggingum.

Forseti (JJós): Hér liggja orðið fyrir margar brtt., og hefur mér nú borizt í hendur enn ein brtt. skrifleg. Ég vil nú til hægðarauka fyrir þm. leyfa mér að stinga upp á því, að atkvgr. um frv. verði frestað, unz tími hefur unnizt til að prenta skriflega brtt., og vildi ég leyfa mér að spyrja hv. flm., hvort hann fyrir sitt leyti gæti ekki fallizt á, að það yrði gert.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Það er síður en svo, að ég hefi neitt á móti því, að atkvgr. verði frestað til næsta dags.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Nd., 29. jan., var enn fram haldið, 3. umr. um frv. (A. 233, 242, 246, 258, 270, 271, 288).

ATKVGR.

Brtt. 270 felld með 16:8 atkv.
— 242,1 felld með 20:7 atkv.
— 258 tekin aftur.
— 288,1,a—b samþ. með 19 shlj. atkv.
— 246,1 felld með 16:5 atkv.
— 246,2,3,4,6,9, þar með úr sögunni.
— 288,2 samþ. án atkvgr.
— 246,5 tekin aftur og brtt. 242,2.
— 288,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 271 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 246,7, svo breytt, felld með 14:8 atkv.
— 246,8 tekin aftur.
— 242,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 288,4 kom því ekki til atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Sþ., 1. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 306).

Á 47. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 68., 69. og 71. fundi í Ed., 3., 4. og 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 12. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 306, n. 475).

Frsm. (Gísli Jónsson): Það er nokkuð stórt mál, sem hér er um að ræða, og sé ég, að ekki er þó mannmargt hér í d. Það þarf að athuga þetta mál ýtarlega, áður en gengið er til atkvæða. Sjútvn. hefur rætt það mikið og væntir þess, að það nái samþykki í þessari hv. d. Það hefur legið fyrir tveimur eða þremur undanförnum þingum og komizt þetta lengst, frá Nd. til Ed. Sjútvn. gat ekki orðið sammála, heldur áleit meiri hl., að málið þyrfti meiri undirbúning. Það er einróma álit hans, að það þurfi meiri undirbúning og ekki hægt að afgreiða það eins og það kom frá Nd., enda ekki rétt að samþykkja það þannig.

Það þarf að afla upplýsinga um margt viðvíkjandi meðalaflahlut landsmanna á a. m. k. undafönum fimm árum. Þetta hefur ekki verið gert.

Eins og kemur fram á þskj. 336, eru þetta aðeins heimildarlög fyrir stærstu útgerðarfélögin til að draga sig út úr. Við það, að stærri útgerðarfélögin gerðu það, mundi smáútgerðin bíða mikinn skaða. Þetta eru í raun og veru þvingunarlög. Á það vildi n. ekki fallast og taldi betra, að l. væru aðeins heimildarlög, og jafnframt taldi hún það ekki sitt hlutverk að gera þá breyt. á lögunum. Hún áleit, að meiri upplýsingar þyrfti til þess að standa lengur en frá ári til árs. Kostnaðarliðin er óþekkt, en n. telur mikilsvert, að hún sé athuguð, þar sem um er að ræða mál, sem bakar ríkissjóði mikil útgjöld og munu vara um óákveðinn tíma. Ég hef persónulega verið að kynna mér málið frá kostnaðarhliðinni og vildi mega benda á, hver hann gæti orðið í einu eða tveimur tilfellum. Þetta er til þess að sýna, hversu lítið hefur verið hugsað um þessa hlið málsins. Ég vil taka t. d. skip, sem aflað hefur á undanförnum 5 árum 20 þús. mál síldar að meðaltali. Hef ég gert ráð fyrir, að hvert mál kosti 10 kr., en það mun of lágt reiknað. Meðalaflahlutur yrði þá 200 þús. kr. á ári. Nú má gera ráð fyrir því, að skipstjóraskipti gætu orðið og nýi skipstjórinn væri skussi, aflaði aðeins 10000 mál á ári og verðið yrði 5 kr. á mál. Á sama tíma hefði þetta skip greitt 14 þús. kr. í iðgjöld, þ. e. 7 þús. beinlínis og 7 þús. ríkisframlag. Ef þessu er þannig haldið áfram næstu 5 ár og meðalhlutur verður sami og næst liðin 5 ár, greiðir það 3500 kr. í iðgjöld, og þá verða þau samtals 17500 kr., en á sama tíma fengi það út úr honum 228244 kr. Þetta dæmi sýnir bert, hve afar lítið hefur verið hugsað um þá hlið málsins og að útilokað er að reka þessa starfsemi á annan hátt en hækka stórkostlega iðgjöld til sjóðsins. Enda væri ákaflega einkennilegt, ef hægt væri að tryggja meðalaflahlut manna á landi með öðrum eins sveiflum og hér eru með aðeins 0,7% framlagi frá atvinnurekanda og sama framlagi frá ríkinu. Það er svo mikil fjarstæða, að ég er alveg undrandi, að menn skuli ekki hafa séð, í hverjar ógöngur er stefnt þegar á fyrstu vikum eða mánuðum sjóðsins.

Ég tek hér annað dæmi. Vélbátur getur nú, eða t. d. á undanförnum 5 árum, haft 60 þús. kr. meðal hlut, en farið svo niður í 30 þús. kr. á næstu 5 árum. Þá er útkoman sú, að hann yrði þá búinn að greiða í sjóðinn 6500 kr., en taka út 25945 kr. Hver bátur, sem þannig færi um, hlyti að draga margfalt meira úr sjóðnum en hann legði inn. Þá er annar megingalli. Eins og ég gat um, mun meðalhlutur á síldveiðum hafa

orðið um 4 þús. kr., og kann það að vera miklu betri greiðsla en greitt er fyrir aðra vinnu jafnlangan tíma. Ef ríkissjóður ætti að fara að styrkja menn til að halda a. m. k. 70% af þessum aflahlut, meðan aðrir hafa kannske helmingi lægri tekjur af sambærilegri vinnu, þætti það ekki sanngjarnt og stefndi í ófæru. Þetta eru ekki andmæli gegn málinu sjálfu, heldur gagnrýni á undirbúningi þess, og því kerfi, sem það er bundið í. Það þarf að finna leið til að tryggja þessum mönnum sem öruggasta atvinnu og afkomu, ekki með því að miða aðeins við meðalhluti ákveðinna ára, heldur lágmarkslaun. Mér varð ekki kunnugt um það fyrr en í gær, að í Bolungavík hefur verið stofnaður vísir að slíkum jöfnunarsjóði og byggður á þessum grundvelli að tryggja lágmarkstekjur í vondum árum.

Með tilliti til þess, að Alþ. hefur lagt fyrir ríkisstj. að skipa mþn. í sjávarútvegsmálunum, sem brýnust eru, og n. hlýtur að taka til íhugunar launakjör þeirra, sem þann atvinnuveg stunda, taldi sjútvn. réttast, að frv. yrði vísað frá með rökst. dagskrá í því trausti, að ríkisstj. láti mþn. afla allra nauðsynlegra upplýsinga um málið og undirbúa frv. um það fyrir næsta þing eða næstu þing, svo fljótt sem auðið er.

Ég vil loks taka fram, að Fiskifélag Íslands hefur haft málið til meðferðar á tveim þingum. Í annað skiptið var málið drepið af fulltrúum Suðurlands og Austfjarða, en á hinu þinginu var það samþ. samhljóða, án þess að allir fulltrúar fylgdu því. Form. Fiskifélagsins taldi málið þurfa miklu meiri undirbúning, einkum skýrslusöfnun um aflahluti í sérhverri verstöð, og kvaðst fús að taka það verk að sér, en af einhverjum ástæðum hafði honum ekki verið falið það. Ég hef heyrt á fylgismönnum frv., að þeir legðu kapp á að fá frv. fram nú til þess að ná í sjóðinn tekjum af háum aflahlutum. Það er misskilningur, ef þeir bera mest hag sjóðsins fyrir brjósti, því að stofnun hans nú mundi líklega steypa honum skyndilega, eins og ég hef sýnt, nema frv. væri gerbreytt.

Ég legg til, að dagskráin verði samþ., og vænti þess, að ríkisstj. láti gera gangskör að málinu.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 475 samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HermJ, IngP, PHerm, ÞÞ, GJ, GÍG, StgrA.

nei: MJ, BBen, EE.

LJóh greiddi ekki atkv.

5 þm. (JJ, KA, PM, BSt, BrB) fjarstaddir.

7. Skólasetur á Reykhólum.

Á 15. fundi í Ed., 16. des., var útbýtt:

Frv. til l. um skólasetur á Reykhólum (þmfrv., A. 90).

Á 19. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Í sambandi við þetta frv. vil ég rekja ofurlítið sögu þessa gamla höfuðbóls á seinni árum. Þessi jörð hafði verið í eign dánarbús í mörg ár, þar sem hlut áttu að máli margir erfingjar, sem ekki gátu komið sér saman um að endurreisa jörðina. Vegna óánægju í héraðinu út af þessu fór að lokum svo, að gerðar voru áskoranir til þáv. þm. Barð. (BJ) um að fá heimild til, að ríkisstj. keypti jörðina. Þetta var samþ. 1938. Það lá til grundvallar þessari hugsun, að ríkið tæki að sér að reisa jörðina við, en láta hana ekki grotna niður. Skiptaráðandi búsins var sami þm. Barð. Nú kom fram tilboð frá einstaklingi um kaup á jörðinni í ákveðnum tilgangi, nefnilega til að hafa þar fyrirmyndarrekstur. En skiptaráðandinn, sem gat ráðið nokkru um, hver yrði kaupandinn og hvort ríkisstjórnin keypti samkvæmt heimildinni, notaði sér aðstöðu sína til þess að þvinga það fram, að ríkisstj. keypti jörðina. Það var ekkert við þessu að segja, ef þarna hefði ekki verið látið numið staðar. En jörðin var pörtuð niður, svo að hún er nú þrjú niðurnídd kot, sem ekki er sæmandi ríkissjóði að vera eigandi að.

Nú hefur Breiðfirðingafél. í Rvík safnað ummælum um allan Vestfirðingafjórðung um, hvað bezt þykir fara á að gera við jörðina, og er það einróma álit allra hreppsn. og sýslun., að ríkið eigi að láta gera þar skólasetur. Það hafa ekki verið markaðar línurnar um það, hvernig skólinn eigi að vera, en sú till. hefur fengið mesta byr að hafa þar eins konar búnaðarsamvinnuskóla, þar sem kennd séu á námskeiðum öll búnaðarstörf, garðrækt og innanhússstörf, fyrir karla og konur.

1. gr. frv. lýtur að því að tryggja, að skólasetrið sé reist og fái alla Reykhóla undir, ásamt hjáleigum og búpeningi. Þá mundu strax safnast tekjur, sem hægt væri að leggja til hliðar til að starfrækja skólann.

2. gr. er um skipun n. til að marka skólanum starfssvið og stærð með það fyrir augum, að enn hefur ekki náðst samkomulag um að einbeita sér að ákveðnum skóla, og teldi ég heppilegast, að þar væru ákveðnir menn, eins og tekið er fram í frv., Búnaðarfél. Íslands veldi einn mann, Breiðfirðingafél. annan, en sá þriðji væri húsameistari ríkisins.

Ég vil benda á það, þegar hv. þm. Str. var búnaðarmálaráðh., mun hann hafa byggt þessa jörð. Hvort um lífstíðarábúð er að ræða, veit ég ekki, en það er nauðsynlegt, að þessu sé kippt í lag. Sú alda, sem risin er á Vestfjörðum um endurheimt Reykhóla, verður ekki brotin niður, þó að frv. verði ekki samþ. á þessu þ. Þetta er sanngirnismál fyrir Vestfirðingafjórðung allan og skylda ríkisstj. að níða ekki jörðina niður. Engin jörð á Vestfjörðum er betur fallin til skólaseturs, sakir landkosta. Ef komið yrði upp skóla með sérstöku sniði til að kenna hagnýt störf, er enn um nýmæli að ræða.

Ég vil óska, að málinu verði vísað til menntmn. og hún taki því með velvild og hraði afgreiðslu þess, svo að það geti náð fram að ganga á þessu þingi.

Hermann Jónasson: Jörðin Reykhólar var keypt í þeim tilgangi, að hún yrði notuð fyrir

skólasetur eða í aðrar opinberar þarfir, og þess vegna leiðir af sjálfu sér, að ekki er hægt að hefja framkvæmdir í stórum stíl á jörðinni. Það er rétt, að hún er í niðurníðslu, en hún bíður eftir því að vera notuð í þeim tilgangi, sem til var ætlazt, þegar kaup ríkissjóðs fóru fram. Ég held, að það komi greinilega fram í frv., að þetta var á allan hátt eðlilegt, hvernig jörðinni var ráðstafað. Ég hafði, áður en ég lét af embætti, kynnt mér, að það var vilji fyrir því í Vestfirðingafjórðungi, að jörðin yrði notuð í opinberar þarfir, sumir vildu fyrir prestssetur, aðrir barnaskóla, þriðju bændaskóla, fjórðu skóla í áttina við hina héraðsskólana. Það var svo ástatt, þegar jörðin var keypt, að mikið var gert að byggingum í sveitum landsins og eins mikið og ríkið hafði fjármagn til, svo að af vöntun á fé hefði verið erfitt að ráðast í þetta á þeim tíma, sbr. Reykjarhól í Skagaf., þar sem teikningar hafa legið fyrir í mörg ár, en ekki þótt fært vegna fjárskorts að hefja framkvæmdir. Þann stað hefur þó ríkið átt í 10—20 ár, og sterkt félag stendur að málinu með ákveðnar till. Á því má sjá, að málinu er enn skammt komið þarna fyrir vestan, enda var auðheyrt á ræðu hv. flm., að málið er ekki komið á framkvæmdastigið, og af þeim ástæðum verður hv. þm. að flytja svo óvenjulegt frv.

Ég vil leiðrétta það, sem hv. þm Barð. sagði um skiptaráðandann, sem fór með þetta mál, Berg Jónsson.

Ég hygg, að það sé ofsagt, að viðkomandi skiptaráðandi, sem er núverandi sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hafi farið út fyrir sitt verksvið, er hann gaf samþykki til sölu þessarar jarðar. Ríkið hafði aflað sér heimildar til þess að kaupa þessa jörð, og mér er vel kunnugt, að það voru fulltrúar í Stjórnarráðinu, sem gengu í gegnum það fyrir hönd þess. Það er áreiðanlega ofsagt, að skiptaráðandi hafi farið út fyrir sitt umboð í þessu máli. Ég álít, að það hafi verið skylda hans, eða að minnsta kosti, að það hafi verið rétt af honum að láta ríkið vita, hvað hvíldi á jörðinni. Jörðin bíður nú eftir því, að Vestfirðingar ákveði, hvað þeir vilja gera við hana í framtíðinni. Vegna þess að hugmyndir manna um það, hvernig eigi að fara með jörðina, eru enn ekki komnar í fast horf, hefur ekkert verið gert í málinu til þessa. Það, sem þyrfti að gera, er að stofna félag, eins og í Skagafirði, sem vinnur að þessum málum og ákveður, hvernig æskilegast muni að haga þessu. Síðan gæti ríkisstj. látið n. ræða við stj. félagsins um það, hvernig skuli koma fyrir byggingunni, og þá verður hún teiknuð og fé lagt fram. Niðurníðslan á jörðinni er ekki nema eðlileg. Ef farið væri að byggja á jörðinni nú, þá getur það staðið í vegi fyrir meiri framkvæmdum síðar eða það yrði a. m. k. óþarfur kostnaður. Þegar byggt verður á jörðinni, mun húsið verða teiknað af teiknistofu Búnaðarbankans og það sett niður þar, sem það verður hæfilegt skólasetur. Þótt ekki hafi enn verið reist hús á jörðinni, finnst mér það annars óþarfi að vera að tala um niðurníðslu á henni, þar sem ekkert hefur verið framkvæmt þar til þess að jörðin biði tilbúin til þeirrar notkunar, sem henni er ætluð.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Ed., 19. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Eiríkur Einarsson: Ég kvaddi mér ekki hljóðs til að ræða um sjálft frv., heldur um það, hvaða n. skuli fá það til meðferðar. Lagt hefur verið til, að það fari til menntmn., en ég álít það ekki rétt, miklu nær, að það eigi heima í fjhn. eða e. t. v. í allshn. Frv. hlýtur að binda ríkinu allmikla bagga, ef að l. verður, jafnframt því, sem það ákveður, að nefnd skuli sett til að ráða um það ráðum sínum, til hvers menntasetrið skuli notað. Ljóst er, að menningar- og framfarahugur lýsir sér í frv. En á þessu stigi er málið ekki komið á þann rekspöl, að þar sé neitt verkefni fyrir menntmn. þessarar deildar. Ég geri það að till. minni, að frv. fari til fjhn.

Flm. (Gísli Jónsson): Ég skal ekki vera fjölorður. Hv. þm. Str. viðurkenndi það í ræðu sinni, sem ég tel mjög þýðingarmikið, að Reykhólar voru beinlínis keyptir til þess að hafa þá fyrir skólasetur, og má honum vera það kunnugast, því að þá var hann landbúnaðarráðherra. Þetta ætti að vera nægilegt til þess, að hv. d. samþ. 1. gr. frv. Þá minntist hann á vandkvæðin við það að byggja upp á jörðinni. En nú er annar bóndinn þar að reisa sér bæjarhús á sinn kostnað. Ég álít, að slíkar byggingar megi ekki fleiri verða án framtíðarskipulags og þess vegna þoli málið ekki bið. Þm. talaði einnig um það, að heimild væri fyrir því að flytja prestinn frá Stað að Reykhólum. En það hefur ekki verið tekið með í reikninginn, að biskup setti sig algerlega móti því, nema prestssetrinu væri þá tryggt þar jafnmikið jarðnæði og Staður er, en það þýðir nærri alla Reykhóla, og er talið alveg óverjandi að fórna svo miklu fyrir þá breytingu. Um barnaskóla á Reykhólum verður ekkert sagt frekar en gert er í grg. Hv. þm. Str. taldi, að málið hefði fengið ónógan undirbúning. Ég verð að segja, að héraðsskóli Skagfirðinga, sem hann tók til samanburðar, hefur ekki enn komizt í framkvæmd þrátt fyrir 10 ára undirbúning, og það er ekki það, sem ég eða Barðstrendingar óska eftir, að þetta mál þurfi að tefja með sérstökum „undirbúningi“ um 10 ára skeið. Ég legg svo mikið upp úr 2. gr., að þótt hún og ekkert annað af frv. yrði samþ. að sinni, teldi ég málið vel á veg komið. Ég tel miklu nauðsynlegra að skipa nefndina og fá áætlanir hennar en að einhverjir menn hópi sig saman um einhverjar tillögur, sem yrðu ekki í samræmi við fyrirætlanir kennslumálaráðuneytisins.

Annars vil ég leyfa mér að upplýsa, að það liggur skjalfest fyrir hér á hv. Alþ., hvað Vestfirðingar sjálfir vilja í þessu efni, og lesa upp með leyfi hæstv. forseta áskorun frá aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða þann 11. maí 1942. Hún hljóðar svo:

„Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða 1942 skorar á ríkisvaldið að stofnsetja á Reykhólum svo fljótt, sem við verður komið skóla, er veiti hagnýta fræðslu í búnaði og verklegum greinum, auk almennrar bókfræðslu. Ef rannsóknir leiða í ljós, að Reykhólar séu heppilegur staður fyrir

tilraunastöð landbúnaðarins á Vestfjörðum, þá mælir fundurinn eindregið með því, að slík stöð verði þar stofnsett í sambandi við væntanlegan skóla. — Reykjanesi, 11. maí 1942. — Kristinn Guðmundsson (fundarstj.). Guðmundur Ingi Kristjánsson (fundarritari)."

Þetta er alveg í samræmi við grg. frv. Hún er aðeins fyllri. Þar er tekið fram, að rannsókn og undirbúningur sé gerður í n. samkv. 2. gr.

Það var atriði í ræðu hv. þm. Str. í gær, sem ég vildi minnast á, um skiptaráðandann í búinu þarna. Ég býð honum að sjá öll gögn í því máli. Það er nú upplýst og sannað, að ekkert var birt erfingjunum um þetta, fyrr en búið var að ganga frá þessum málum. Honum mun þá hafa verið þetta ljóst sem ráðh., en virðist ekki hafa séð neina ástæðu til að aðvara skjólstæðing sinn.

Um það, í hvaða n. þetta mál fer, er mér ekkert keppikefli í sjálfu sér. Ég hafði þó helzt búizt við, að það færi í menntmn. eða þá allshn. En það er sama hvaða n. les gögn þessa máls, hún mun sjá, að þetta er réttlætiskrafa.

Bjarni Benediktsson: Það var aðeins út af því, í hvaða n. þetta mál ætti að fara. Mér sýnist ekki nema sjálfsagt, að það fari til menntmn., þar sem hér er um skóla að ræða.

Ég held, að um þetta verði ekki deilt. Þetta er fyrst og fremst undirbúningur skólamáls, athuganir á fyrirkomulagi hans og starfsháttum.

Ég tek því undir með flm. um það, að málinu sé vísað til menntmn.

Hermann Jónasson: Ég fer nú ekki að segja mikið um málið á þessu stigi.

Við hv. þm. Barð. erum sammála um það, að niðurníðsla hafi verið á jörðinni og óheppilegt hafi verið að byggja á henni, nema að undangenginni rannsókn, — jafnvel núverandi bygging er óheppileg. En ekki meira um það.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. minntist á, að dregizt hefði að reisa fyrirhugað skólasetur í Skagafirði, þá vita allir, að um skeið þótti sumum of margir skólar vera reistir, og á undanförnum kreppuárum hefur þetta verið eðlilegur dráttur, þegar almenningi þótti fremur of en van orðið í þeim efnum. Eftir kreppuárin kom svo stríðið. En ég vil upplýsa, að heima fyrir hefur ekki verið sofið á þessu máli. Þar, sem skólinn á að standa, hefur verið byggð önnur myndarlegasta sundlaug utan Rvíkur, og er svo ætlazt til, að skólinn komi inn í þetta kerfi. Jafnframt hefur verið unnið að því að undirbúa fyrirkomulag skólans, hús hafa verið keypt þarna, teikningar fullgerðar og fé safnað í sjóði. Þá hafa þegar verið haldin námskeið. Þetta vildi ég taka fram, af því ég álít, að vinnubrögðin þarna hafi einmitt verið með miklum myndarskap.

Ég skal svo ekki fara nánar út í þetta með skiptaráðandann, nema ég áleit honum skylt að beita eignarnámsheimildinni, og skulum við láta falla niður deilur um það mál.

Jörðin var illa setin og heppilegra var, að ríkið keypti hana, eins og líka varð. Það mun ekki vera umdeilt mál. Þá var hún keypt fyrir 40 þúsundir, en nú er hún ferfalt meira virði. Það er því ólíku saman að jafna. Og nú er einmitt hægt að gera þær ráðstafanir þarna, sem þetta frv. fer fram á, af því að jörðin er ríkiseign.

Ég lít svo á, að vafamál sé, hvort þetta mál eigi að fara til menntmn. Það mun fremur heyra undir landbn., þar sem hér er um búnaðarskóla að ræða. (**BBen:** Er ákveðið, að þetta eigi að verða búnaðarskóli?). Það skildist mér af því, sem hv. flm. las hér upp áðan. Vilji almennings í sveitunum mun nú einmitt farinn að hneigjast meira í þá átt að breyta héraðsskólunum að sumu leyti í búnaðarskóla. Það sést bezt á því, að aðsókn að sérskólum sem búnaðar- og húsmæðraskólum hefur aukizt í seinni tíð, en heldur dregið úr aðsókn í héraðsskólunum.

Og samkv. þessu frv. skilst hér, að þetta eigi að verða búnaðarskóli með nokkuð sérstöku fyrirkomulagi, e. t. v. ekki nema e ins vetrar nám fast, en svo kennt í námskeiðum, búnaður, matreiðsla, garðyrkja o. fl. — Ég held, að málið eigi einmitt að fara í landbn.

Eiríkur Einarsson: Það var ekki vilji minn að stofna hér til langra umræðna um það, í hvaða n. þetta mál ætti að fara. En mér finnst málið ekki eiga heima í menntmn., því að samkv. frvgr. sjálfri er það aðalatriðið, hvort Alþ. vilji reisa þarna skólasetur, en ekki hitt, til hvers það yrði notað, og frv. sjálft ákveður, að n. skuli gera till. um, til hvers þetta skólasetur yrði notað. Nú er það upplýst orðið, að líklegt er, að þetta verði búnaðarskóli, og telja þá sumir, að frv. eigi að fara til landbn. En ég tel, að meginatriðið sé fjárhagslegt, og vil ég því ítreka, að frv. sé vísað til fjhn. Sem varatill. ber ég fram, að því sé vísað til allshn. og sem þrautavaratill., að því sé vísað til landbn.

Flm. (Gísli Jónsson): Ég skal vera stuttorður. Það virðist ekki sem menn hafi lesið grg. frv. Þar er gert ráð fyrir, að þetta verði nokkurs konar búnaðarskóli, og eftir því, sem fyrrv. landbrh. hefur upplýst, þá heyra búnaðar- og húsmæðrafræðsla undir landbrh., en tilheyra ekki öðrum skólamálum. Ég hef því ekkert á móti því, að málið fari í landbn.

Ég sé svo ekki ástæðu til að svara hv. þm. Str. meiru. Mér skilst, hvort eð er, á honum, að hann muni verða með í að fylgja málinu fram til veruleikans.

Bjarni Benediktsson: Ég get ekki fallizt á, að grg. beri með sér, að hér sé á ferðinni búnaðarskóli, heldur sé fremur um að ræða héraðsskóla, breyttan í nokkurs konar búnaðarskóla, þó ekki eins og er á Hvanneyri eða Hólum, heldur með alveg sérstöku sniði.

Ég lít svo á, að hér sé nánast um að ræða breyt. á héraðsskólakerfinu og þetta mál eigi því beint heima í menntmn.

Hermann Jónasson: Ég skal nú ekki lengja þessar umr. meira, en það er staðreynd, að búnaðar- og húsmæðraskólar eru undanskildir starfssvið kennslumálaráðuneytisins. Samkv. 5. gr. frv. er það landbrh., sem mundi setja þær reglur, er þar um getur. Á því er enginn vafi.

Hér er gert ráð fyrir sérstökum búnaðarskóla með námskeiðum. Ég meina því, að frv. eigi að fara í landbn. og það mundi líklega verða lagt fyrir búnaðarþing til umsagnar, því að við verðum að gæta að því, að Vestfirðingar eru einna bezt félagslega þroskaðir af landsmönnum. Það hafa þeir sýnt í ýmsu, og þeir munu sjálfsagt vilja, að málið verði lagt fyrir búnaðarþing.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EE, GJ, HermJ, IngP, KA, PHerm, PÞ, StgrA.

nei: BBen, LJóh, PM.

5 þm. (BSt, GÍG, HG, JJ, MJ) fjarstaddir.

Á 77. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 90, n. 550).

Frsm. (Páll Hermannsson): Það er nú liðinn langur tími síðan þetta frv. fór til n. Í áliti n. á þskj. 550 er gerð grein fyrir þessum mikla drætti, og í nál. ætla ég einnig, að gerð sé fullnægjandi grein fyrir till. landbn. í málinu, enda þótt nál. sé ekki langt.

Meining þessa frv. er sú, að hafinn verði hið allra bráðasta undirbúningur að framtíðarmennta- og menningarstarfsemi á Reykhólum, og yrði sú starfsemi væntanlega einkum tengd Vestfirðingafjórðungi.

Við meðferð þessa máls kom í ljós, að undirbúa þarf þessa lagasetningu enn betur en orðið er. Flm. frv. hefur orðið n. sammála um þetta, og mun hann e. t. v. ásamt landbn. flytja till. í Sþ. um undirbúning þessa máls, eftir að það hefur fengið afgreiðslu hér í hv. d.

Ég sé svo ekki ástæðu til að endurtaka meira úr nál. N. hefur gert skýra grein fyrir afstöðu sinni þar.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins með nokkrum orðum láta í ljós þakklæti mitt til landbn. fyrir skilning hennar á þessu máli. Ég er henni alveg sammála um afgreiðslu málsins, og um dráttinn í n. er þá ekki að sakast.

Ég vænti þess aðeins, að frv. fái nú skjóta afgreiðslu hér í hv. deild.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 550, frá landbn., samþ. með 10 shlj. atkv.

---

8. Jöfnunarsjóður vinnulauna.

Á 38. fundi í Ed., 21. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um jöfnunarsjóð vinnulauna (þmfrv., A. 241).

Á 39. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Það má að nokkru leyti vísa til grg. í þessu máli. Það hefur verið kunnugt um mörg ár, að það hefur verið eitt af þeim erfiðu málum, sem þjóðin hefur þurft að leysa úr, deilur milli vinnuþiggjenda og vinnuveitenda. Þetta hefur kostað þjóðina óskaplegt fé um mörg ár, orsakað vinnustöðvanir og alls konar vandræði. Og það, sem kannske verst er, að það hefur oft og tíðum verið út af smámunum, skapað kulda og andúð á milli þessara tveggja stétta, sem annars þurfa að standa saman til þess að vinna að framleiðslu í landinu.

Þess vegna er þetta frv. fram komið, að það er ætlazt til þess, að framtíðin eigi hægara með, ef frv. verður að l., að komast yfir þessa agnúa. Um þetta hefur verið rætt mjög mikið af atvinnurekendum og töluvert af atvinnuþiggjendum, ýmsum stéttum þeirra. Ég fyrir mitt leyti hef átt tal bæði við atvinnurekendur og vinnuþiggjendur um það, sem er aðalefni þessa frv., og þeim hefur litizt vel á það, sem þar er lagt til. Ég ber þetta frv. fram í trausti þess, að vilji sé fyrir því að fylgja málinu gegnum þetta þing, svo að unnt sé að koma á stofn sjóði með tekjum frá síðasta ári. Það er ekki víst, hvenær við höfum tækifæri til eða aðra eins möguleika á því og nú. Og kynni þá að dragast að stofna þennan sjóð, ef ekki yrði unnt að gera þetta að l. á þessu þingi. Það þarf ekki að fara mörgum orðum nema um 1. og 4. gr. frv. 1. gr. er um það, að hverju atvinnufyrirtæki, sem kaupir a. m. k. 3000 dagsverk á ári, sé skylt að leggja 2% af þeirri upphæð, sem það greiðir í vinnulaun, í jöfnunarsjóð vinnulauna, en heimilað að leggja allt að 10%. Þessi sjóður sé síðan notaður eins og 4. gr. ákveður. Ég hef talið rétt að fara svona langt niður með skyldugreiðslurnar, en heimilað atvinnurekendum að færa það allt upp í 10%, sem notað sé til þessa. Á þennan hátt mundi safnast hjá hverju fyrirtæki nokkuð góður sjóður til þess að nota til að jafna mismun þess, sem vinnuþiggjendur krefjast í kaup, og hins, sem atvinnuveitandi telur fyrirtækið fært um að greiða.

Ég þarf ekki að fara frekar út í aðrar greinar, en aðeins ræða 4. gr. En þar er farið fram á, að ef ágreiningur rís milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda, skuli greiddur úr þessum sjóði sá mismunur, sem deilt er um. Það má að sjálfsöfðu deila mikið um það, hvort rétt sé að hafa þetta ákvæði eins og gert er í frv., að greiða allan mismun á milli þess, sem krafizt er, og þess, sem atvinnurekandi vill borga, því að það getur vitanlega orðið til þess, að kaupkröfur yrðu ósanngjarnar, eða hvort aðeins á að taka til þann mismun, sem er á milli þess, sem sáttasemjari ríkisins lagði til á hverjum tíma, og hins, sem atvinnuveitandi treystir sér til að borga á sama tíma. En ég tel réttara á fyrsta stigi málsins, að greiddur sé mismunur á milli þess, sem krafizt er, og þess, sem atvinnurekandi treystir sér til að greiða, því að annars yrði sáttasemjara ríkisins alveg gefið vald til þess að vera nokkurs konar dómari í þessu efni. Og þá mundu vinnuþiggjendur álíta, að þeir gætu aldrei fengið meira en það, sem sáttasemjari lagði til. Mér

fyndist það ekki endilega ósanngjarnt. En mér finnst hitt eðlilegri leið, sem farin er í frv. Samtímis þarf að setja skorður við því, að með ósanngjörnum kröfum sé hægt að eyða þessum sjóði alveg. Þess vegna hef ég sett það ákvæði í frv., að þegar búið er að eyða 25% af sjóðnum, þá skuli vinnuþiggjendur fá greiddan mismun á milli þurftarlauna og þess, sem atvinnurekandi treystir sér til að borga.

Nú má deila um það, hvað séu þurftarlaun. En um það hefur ekki verið svo ákaflega mikið deilt. Það er hægt að finna þau út af sjóðsstjórn, sem hefði úrskurðarvald til að ákveða þurftarlaun. Ef sjóðsstjórn yrði ekki sammála, mætti leita úrskurðar hagstofunnar.

Ég hygg þetta atriði ætti ekki að þurfa að vera til ásteytingar, enda hef ég talað við verkamenn, sem telja, að það ætti ekki að þurfa að vera. Það fyrirbyggir engan veginn, að haldið sé áfram samningum, þó að sjóðuirnn greiði þessa upphæð, til þess að hægt verði að halda áfram atvinnuveginum. En á sama tíma hlýtur að framkallast sú krafa frá vinnuþegum, að það sé lagt undir rannsókn sjóðsstjórnar, hvort fyrirtæki geti borgað meira en það á hverjum tíma telur sig fært til. Frv. kveður svo á, að einmitt sjóðsstjórnin skuli hafa tækifæri til að rannsaka þetta mál hjá atvinnurekandanum. Önnur ákvæði í frv. eru í raun og veru aukaatriði, en þetta er mergur málsins.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. um málið og vildi mælast til, að sú n., sem fær það til meðferðar, sýni því samúð og afgreiði það sem fyrst, svo að séð verði, hvort það fær samþykki d. eða ekki.

Haraldur Guðmundsson: Þetta er vissulega tímabært mál, og ég hygg, að það séu raunverulegar endurbætur á þessum málum, sem vakir fyrir flm. Hins vegar mun ég ekki neita, að frv. ber ekki vott um, að flm. hafi athugað nægilega þessi mál. Mér virðist, að milli mín og hans sé verulegur ágreiningur um einstök atriði frv. Það á að greiða fyrst um sinn úr sjóðnum, sem á að stofna samkv. 1. gr., mismun á því, sem atvinnurekandi vill borga, og þess, sem verkamenn telja, að sér beri. Hv. flm. sjálfum er ljóst, að þetta ákvæði er varhugavert. Hann benti á, að verkamenn gætu gert hærri kaupkröfur nú en þeir byggjust við að fá fullnægt til frambúðar. Ég játa, að þetta getur verið til. En vinnukaupendur geta boðið þeim mun lægra kaup, þannig að það beri enn meira á milli og fé sjóðsins hrökkvi enn þá skemur en flm. býst við. Í þessu tilfelli er það sérstaklega atvinnurekenda hagur, skilst mér, að bilið sé sem allra breiðast, vegna þess að því fyrr kemur að því, sem segir í 4. gr. um að forða sjóðnum frá að vera misnotaður, þannig, að gerðar yrðu háar kaupkröfur í þeim tilgangi að eyða sjóðnum á þann hátt, eins og flm. virðist ætla, að komið gæti fyrir. Þessi ráðstöfun felst í því, að þegar ¼ sjóðsins hefur farið í greiðslur þær, sem til er ætlazt, séu hámarksgreiðslur til verkamanna færðar niður í svokölluð þurftarlaun. Síðan ætti að greiða úr sjóðnum mismun á þurftarlaunum og því, sem atvinnurekandi bauð.

Það er alveg ljóst, að ákvörðun þurftarlauna er á einskis manns meðfæri. Því að alveg eins og geta atvinnufyrirtækja er misjöfn, eins er mat á kaupi misjafnt, t. d. eftir því, hvort maður er einhleypur eða hefur stóra fjölskyldu, eða hvort um er að ræða ódýran stað eða dýrustu kaupstaði á landinu.

Þá er enn í síðari málsgr. 4. gr. verkamönnum bannað að gera verkfall, meðan sjóðurinn greiðir þennan mismun á því, sem atvinnurekandi býður, og þurftarlaunum, þó að það sé e. t. v. langt undir almennum launakjörum á sama stað og í nærliggjandi héruðum. Þessi ákvæða útiloka því, að hægt sé að samþykkja frv. í nokkuð líkri mynd og það er nú. Þetta vildi ég láta koma strax fram við 1. umr.

Auk þess er annað atriði, sem vert er að taka til athugunar. Mér skildist það vera byggt á því, að kaupgjaldi væri hagað eftir greiðslugetu hinna einstöku fyrirtækja, því að það er gert ráð fyrir, að jöfnunarsjóður fylgi hverju fyrirtæki fyrir sig. T. d., ef eitthvert fyrirtæki af sérstökum ástæðum stendur verr, skuldar máske meira en önnur sams konar fyrirtæki, er lakar stjórnað, eyðir meira í það, sem ekki er nauðsynlegt, eða býr á annan hátt við óhæga aðstöðu, þá á samkv. frv. að meta greiðslugetu þess, og l. eiga að miðast við það, sem þetta fyrirtæki getur borgað. Væri þessari reglu fylgt í heild í launamálum, sjá allir, hvert stefnir. Ef verkamenn ættu að hlíta því að færa kaup sitt til samræmis við hvert fyrirtæki, sem þeir vinna hjá, yrði kaupgjald eins mismunandi og fyrirtækin eru mörg. Með þessu væri verið að reyna að halda lífinu í fyrirtækjum, sem ekki eru lífvænleg. Að vísu er það rétt, að til langframa verður kaupgjald að miðast við greiðslugetu fyrirtækja. En það þýðir , að þau fyrirtæki, sem hafa að einhverju leyti verri aðstöðu eða er verr stjórnað en öðrum fyrirtækjum sömu tegundar, þau bara heltust úr lestinni, af því að þau eru ekki fær um að lifa. En þau fyrirtæki, sem eiga hægari aðstöðu eða er betur stjórnað, halda áfram að auka við sig. En að ætla að tryggja á þennan hátt starfsmöguleika fyrirtækja, sem ekki eiga skilið að lifa, er líka alveg rangt.

Ég held það séu ekki fleiri atriði, sem ástæða er til að benda á við 1. umr. Ég er ekki á móti því, að málið fari til n., en taldi rétt að gera grein fyrir minni afstöðu, því að þessi mál eru verð athugunar, t. d. það, að fyrirtæki greiði allt upp í 10% af vinnulaunum í slíkan sjóð. Hins vegar er nauðsynlegt að athuga, að settar yrðu skorður við, að þetta yrði notað illa. Hætt væri við, að ýmis fyrirtæki mundu græða á því, ef þetta yrði að lögum.

Flm. (Gísli Jónsson): Ég vil viðurkenna hér, eins og ég tók fram, að það er afar miklum erfiðleikum bundið að finna þennan meðalveg. En ég held, að hræðsla hv. 3. landsk. við þetta sé ekki á fullum rökum byggð. Það sést m. a. á frv., í 5. gr., sem mér þætti vænt um, að 3. landsk. athugaði, þegar það ástand ríkir, að ágreiningur er á milli vinnuveitanda og vinnuþiggjenda, er sjóðstj. heimilt að rannsaka hag fyrirtækisins. Það fyrirbyggir náttúrlega alveg, að atvinnurek-

andi bjóði lægri laun en vera ber og eigi á hættu að verða kannske innan nokkurra daga uppvís að því, að hann er að nauðsynjalausu að seilast í sjóðinn eða gera tilraun til að lækka launin. Ég skal ekki segja, að ekki sé hægt að fyrirbyggja þetta betur, og ég er fús til samvinnu um allt, sem er til bóta. Við erum sammála um, að hér sé um tímabært mál að ræða, og vildi ég því taka samvinnu um allar hugsanlegar bendingar, sem gætu orðið til bóta í málinu.

Hv. 3. landsk. sagði, að það væri á einskis manns færi að finna út þurftarlaun. Þau færu eftir því, hvort maðurinn er einhleypur eða fjölskyldumaður, býr í sveit eða á dýru hóteli. Þau fara eftir þessu: Hvað þarf fjölskylda, sem hefur ákveðinn barnafjölda fram að færa, undir þeim lífskjörum, sem eru í landinu? Og við getum orðið sammála um, að áður en þessi verðbólga hljóp í allt, þá voru komin alveg föst árslaun hjá verkamönnum og sjómönnum í þessu landi. Og ég held, að það sé tryggður ákaflega mikið réttur þessara manna með því, að hagstofan reikni þetta út, þegar ekki verður samkomulag hjá sjóðsstj. Hann talaði líka um það, að í landinu yrði misjafnt kaupgjald hjá einkafyrirtækjum. Hann skilur frv. öðruvísi en ég. Mér dettur ekki í hug að halda, að iðnfyrirtæki, sem stendur sig illa, geti gert verkbann og tilraun til að lækka kaup, á meðan samningar standa yfir. Það gæti ekkert einstakt togarafélag leyft sér að bjóða hásetum sínum lægri laun, ef samkomulag er milli vinnuveitendafélags annars vegar og sjómannafélags eða annars stéttarfélags hins vegar um kaupið. Hitt getur verið, að eitt félag geti haldið lengur áfram að vinna en annað, undir þeim kringumstæðum, að búið sé að segja samningum upp og ekki tekst samkomulag, ef félagið er fjársterkara og á meira í sjóði en önnur. Það teldi ég ekki óhamingju út af fyrir sig. Þetta, um að misnota aðstöðu sína gagnvart iðgjaldinu, tel ég ekki á rökum reist. Ef hv. 3. landsk. vill athuga frv. nánar, mun hann sjá, að þar er kveðið svo á í 7. gr.: „Þegar atvinnurekandi, sem á innieign í jöfnunarsjóði, hættir rekstri að fullu, fellur upphæðin öll í sameiginlegan jöfnunarsjóð vinnulauna.“ Þessi iðgjöld eru því engan vegin eign fyrirtækjanna, og vil ég benda hv. 3. landsk. á það. Féð á að nota til þess að mæta sams konar erfiðleikum og upphaflega var ákveðið, og hér er engan veginn gerð tilraun að skapa atvinnurekendum meiri rétt en vinnuþiggjendum, og ég held, að þar taki atvinnurekendur á sig fullt eins mikla byrði og áhyggjur og atvinnuþiggjendur, enda er það alveg sjálfsagt. Hitt er ekki nema eðlilegt, að ríkissjóður þurfi einnig að taka á sig einhverja byrði, og hún er þessi, að það fé, sem lagt er í sjóðinn, renni ekki beint sem eyðslufé í ríkissjóð, en ríkissjóður hefur hins vegar tekjur af fyrirtækjunum, inn í sjálfan ríkissjóðinn, ef hægt er að reka þau, og fær þar meira uppborið heldur en ef hann héldi þessum hluta, sem er lagt í jöfnunarsjóðinn. Og ég held, að ríkissjóður og allt landið græddu mest á því að fyrirbyggja með þessum sjóðum, að vinnustöðvun hljótist af kaupdeilum.

Ég hygg því, að ef hv. 3. landsk. gerir sér far um, sem ég efast ekki um, að brjóta öll ákvæði þessa frv. til mergjar, og gerir svo sínar till. um það, sem betur má fara, sem ég og einnig hv. n. mun taka mjög vel í að athuga, þá gætum við mætzt á einhverri þeirri leið, sem yrði til þess að fyrirbyggja það böl, sem af því leiðir, að atvinnurekendur og atvinnuþiggjendur stríða um þessi mál.

Haraldur Guðmundsson: Það er ekki af því, að ég vilji halda uppi kappræðum um frv. á þessu stigi málsins við hv. flm., að ég kvaddi mér hljóðs. En sumt, sem mér fannst fullljóst í frv., verður mér alveg óljóst eftir þessa síðari ræðu hans. Vil ég því gera nokkrar fyrirspurnir.

Mér skildist á því, sem hann sagði í ræðu sinni, að hann gerði ráð fyrir því, að samningar um vinnulaun og slíkt yrðu í höndum hlutaðeigandi félaga og samtaka eins og verið hefur og á því yrði ekki breyt., þó að þetta frv. yrði samþ. sem l. Mér gengur erfitt að gera mér grein fyrir því, hvernig þetta yrði framkvæmt. Ef t. d. deila ris milli togarasjómanna og togaraútgerðarmanna um kjör á togurum og þar ber verulega á milli, þá get ég hugsað mér, — tel það þó vafasamt —, en get þó hugsað mér, að skipin héldu áfram að ganga, ef útgerðarmenn væru þá á því að láta þau gera það, þann tíma, sem sjóðurinn eða sjóðirnir væru að nota þennan ¼ part, sem heimilt er að greiða í mismun þann, sem er á milli þess, sem atvinnuveitandi hefur boðið og vinnuþiggjandi hefur krafizt, og ég geri ráð fyrir, að fyrirstaða yrði ekki hjá sjómönnum með að vinna þann tíma. Hins vegar tel ég óvíst, að atvinnurekendur teldu heppilegt, að þessi tími yrði langur, eftir að samningum hefði verið sagt upp, sem þannig yrði haldið áfram að greiða mismuninn á milli krafna sjómanna og þess, sem atvinnurekandinn vill borga. Þó að það væri hugsanlegt, tel ég það frekar ólíklegt. En nú yrðu þessir sjóðir mismunandi hjá fyrirtækjunum, þannig að á mismunandi tíma ætti þá þessi greiðsla að lækka niður í það að vera mismunurinn á þurftarlaunum og því, sem atvinnurekandinn hefur boðizt til að greiða, og ég hygg, að þessi „þurftarlaun“ yrðu verulega undir því, sem sjómennirnir þyrftu að fá. Og ég geri svo ráð fyrir því, að þurftarlaun yrðu í öllu falli eitthvað undir því, sem sjómenn hefðu heimtað, og ég verð að telja það ákaflega vafasamt, að sjómenn mundu una því vel að fara út á skipin og láta greiða sér, svo lengi sem fé sjóðsins entist, þessi svo kölluðu þurftarlaun. En svo mundu einnig skipin stöðvast mismunandi snemma, eftir því hversu lengi sjóðirnir entust, alveg eins og það mundi koma mismunandi fljótt, eftir því hvert fyrirtækið væri, hvenær launin kæmust niður í þurftarlaun, þannig að á sumum skipunum yrði á sama tíma greitt kaup eftir kröfum sjómanna, en á öðrum þurftarlaun svo kölluð. Ég býst við, að við séum báðir, hv. flm. og ég, svo kunnugir þessum málum, að við sjáum, að þetta er óframkvæmanlegt.

Ef fyrirtæki leggst niður, þá á það, sem eftir er í jöfnunarsjóði vinnulauna þess fyrirtækis, að leggjast í sameiginlegan jöfnunarsjóð vinnulauna, sem á að vera stofnun fyrir allt landið.

Hins vegar er vitanlegt, að hvert fyrirtæki á eftir þessu frv. að hafa sinn sérstaka jöfnunarsjóð, sem samkvæmt 8. gr. frv. aldrei má greiða fé úr til þess að forðast vinnustöðvun annarra aðila. Þessir jöfnunarsjóðir hvers fyrirtækis yrðu því í raun og veru eins konar varasjóðir, sem fyrirtækin eiga til þess að jafna á milli krafna sjómanna og þess, sem atvinnurekendur vildu greiða í kaup, og það er ákaflega trúlegt, að þegar miklar tekjur væru hjá fyrirtækjum, þannig að þær mestallar færu annars í skatta, þá mundu fyrirtækin nota sér að taka sem svarar 10% vinnulauna og leggja í jöfnunarsjóð sinn og koma svo fyrr með kröfur um launalækkun en ella. En eins og ég áðan sagði, þá leiðir af því, ef jöfnunarsjóðinn á að nota til að greiða umræddan mismun á kaupi hjá hverju fyrirtæki fyrir sig, það, að maður hlýtur að álykta, að frv. byggist á þeirri hugsun, að launin hjá hverju fyrirtæki eigi að miðast við greiðslugetu þess. En það getur aldrei orðið framkvæmanlegt. Launin verða að miðast við heildarreglur þess atvinnurekstrar. Og þau fyrirtæki, sem standa svo vel að vígi, að þau geta starfað með sæmilegri afkomu, miða við það almenna meðaltal launa, sem atvinnurekendur geta borgað, þar sem rekstur inn gengur vel. En hin fyrirtækin, sem einhverra hluta vegna ná því ekki að starfa með sæmilegri afkomu, verða að bæta sig eða heltast úr lestinni. Jafnvel þó að vel gangi með verzlun, útgerð og iðnað, gefast einstök fyrirtæki í þessum greinum upp. Og ef ætti að miða launagreiðslur þeirra fyrirtækja, sem standa höllum fæti, við greiðslugetu þeirra, þó að önnur slík fyrirtæki geti borgað hærra kaup, þá sjá allir, að það er ekki eðlilegt. En hér er miðað við það, í hverju einstöku tilfelli, að hvert fyrirtæki geti tryggt sig gegn vinnustöðvun, sem miðast við greiðslugetu hvers fyrirtækis í þessu efni.

Flm. (Gísli Jónsson): Aðeins fáein orð. Ég tel, og það er hugsunin á bak við þetta frv., að enginn geti eftir frv. stöðvað vinnu, hvorki vinnuveitendur né vinnuþiggjendur, meðan verið er að eyða ¼ hluta af jöfnunarsjóðnum í hverju tilfelli. Þetta er klárt mál eftir frv. og einnig, að það getur enginn stöðvað vinnu, meðan hægt er að greiða þurftarlaun úr sjóðnum. Og það er fyrst, þegar það er ekki hægt, sem vinnustöðvun getur farið fram. Hins vegar getum við deilt um það, hvað þurftarlaun séu eða eigi að vera há og hvort þar eigi að miða við till. sáttasemjara. Hitt segir sig sjálft, að það getur ekki verið hægt að semja sérstaklega um vinnulaun fyrir suma aðila, hvorki á einum eða öðrum stað, eins og hv. 3. landsk. veik að og hélt fram, að þetta frv. leiddi af sér, að ætti að gera. Þess vegna er það, að strax þegar það ástand skapast, að greiða verður úr jöfnunarsjóði, mundi það reka enn meir á eftir um að reyna að gera viturlega samninga sem fyrst um kaup og kjör. Og það er miklu minna tjón fyrir landið að hafa það þannig, heldur en að allur flotinn stöðvist svo eða svo langan tíma. Þar að auki er möguleikinn til þess að sameiginlegur jöfnunarsjóður grípi inn í til að hjálpa þeim fyrirtækjum, sem ekki hafa nægilega sterka jöfnunarsjóði hjá sér. En það kæmi aldrei til greina, að hægt væri að taka af sjóði eins fyrirtækis til þess að greiða vegna annars eða annarra fyrirtækja þann umrædda mismun á kaupkröfum og tilboðum. Þess vegna mundi það aldrei líðast af almenningsálitinu, að eitt fyrirtæki greiddi sínum mönnum miklu minni laun heldur en almennt væri greitt í þeirri atvinnugrein.

Ég vænti þess, að hv. 3. landsk. þm. athugi þetta mál vel og geri „pósitívar" till.. um samræmingu á þessu máli, því að mér skilst, að hann vilji laga þessi mál og að hann geri þá brtt. við frv. í þá átt, sem hann og hans flokkur gæti fellt sig við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 11. febr., utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég á hér frv. á þskj. 241 118. mál, sem var afgr. til allshn. 22. f. m. Með því að þetta mál er mjög aðkallandi, vil ég vænta þess, að hæstv. forseti sæi sér fært að sjá svo um, að n. skilaði áliti sem allra fyrst.

Bjarni Benediktsson: Ég vil eingöngu geta þess, að það er rétt, að þetta mál hefur dregizt, en það er vegna þess, að það var sent til stjórnar Alþýðusambands Íslands og stjórnar Vinnuveitendafélags Íslands. Fyrir þremur dögum barst svar frá Vinnuveitendafélaginu, en svar frá Alþýðusambandinu hefur ekki borizt enn. N. taldi rétt að taka ekki afstöðu til frv., fyrr en þessum tvennum félagasamtökum hefði verið gefinn kostur á að láta uppi álit sitt, enda er hér um frambúðarlöggjöf að ræða fyrir þessa aðila, og er því eðlilegt, að rökstutt álit liggi fyrir frá þeim.

Gísli Jónsson: Ég vil vænta þess, að hv. allshn. setji þessum aðila ákveðinn hæfilegan frest, því að það getur ekki verið meining þingsins að leyfa aðilum fyrir utan þingið að halda málum svo lengi sem þeim sýnist, því að þá eru þeir aðilar látnir ákveða, hvort mál skuli ganga fram. Það er réttmætt að láta slíka aðila gefa umsögn, en ekki réttlátt að láta þá halda málum svo lengi sem þeim sýnist. Ég vænti því, að hv. allshn. setji Alþýðusambandinu frest til andsvara í málinu.

Á 62. fundi í Ed., 24. febr., utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Ég neyðist til þess að vekja athygli hæstv. forseta á því, að ég á enn þá í n. frv. á þskj. 241, sem var afgr. til 2. umr. og allshn. þann 22. janúar, og hefur n. ekki skilað áliti. Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hefði áhrif á n. í þá átt, að hún skilaði áliti, svo að málið kæmist áfram.

Forseti (StgrA): Ég mun grennslast eftir því, hvað líður afgreiðslu þessa máls hjá allshn.

Á 70. fundi í Ed., 9. marz, utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég hef nú tvisvar áður gert fyrirspurn út af 118. máli. Það var sent til n. 22. jan. og hefur verið þar síðan. Ég gerði fyrirspurn út af því í annað sinn 24. febr., og vil ég nú mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fái upplýst, hvað dvelur málið, og hlutist til um, að það verði afgr. frá n. hið allra fyrsta.

Bjarni Benediktsson: Þessu máli var vísað til allshn., og varð hún sammála um að leita umsagnar stjórnar Vinnuveitendafélags Íslands og Alþýðusambands Íslands um þetta mál. Svar stj. Vinnuveitendafélagsins hefur borizt fyrir alllöngu síðan, og var hún á móti málinu, en svar stjórnar Alþýðusambandsins barst fyrst í gær. Allshn. hefur hins vegar talið, að ekki væri hægt að afgreiða málið nema að fenginni umsögn þessara aðila, en nú, þegar hún er fengin, mun málið verða tekið fyrir og afgr. frá n. við fyrsta tækifæri.

Á 78. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 241, n. 543).

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Eins og hv. d. er kunnugt, er langt síðan frv. þessu var vísað til allshn., og hefur flm., hv. þm. Barð., rekið á eftir afgreiðslu þess, en ástæðan til dráttarins er sú, að n. taldi óhjákvæmilegt að bera málið undir félagasamtök þau, sem hér eiga mestan hlut að máli, Vinnuveitendafél. og Alþýðusambandið. Það var dráttur á svörum, einkum frá Alþýðusambandinu, en síðan var málið tekið fyrir í n. og afgreitt þaðan með rökst. dagskrá. Umsagnirnar gengu í þá átt, að aðilarnir voru andvígir frv. eins og það liggur fyrir. Vinnuveitendafél. gerði margar aths. við það, en Alþýðusambandið takmarkaði sig við, að af því í frv. er skertur verkfallsréttur, er það á móti því. N. taldi hæpið að setja þessa löggjöf, án þess að tilraun væri gerð til að sameina þessa aðila um hana, og að um svo merkilegt mál væri að ræða, að ástæða væri til að beina því til ríkisstj. að láta utan þ. fara fram athugun á því. Ég mundi telja æskilegt, að n., sem sér t. d. um vinnuvernd, fengi málið til athugunar.

Við í n. vorum sammála um, að um merkilega hugmynd væri að ræða, en hún þyrfti nánari útfærslu. Ég mæli með, að rökst. dagskráin verði samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Mál þetta hefur verið á döfinni síðan í þingbyrjun. Ég hef verið að reyna að rannsaka ástæðurnar til þess, að málið var ekki afgreitt fyrr. N. hefur átölulaust leyft Alþýðusambandinu að salta málið í 4—5 vikur. Sú aðferð n. er ófær, að leyfa aðila utan þ. að halda málinu hjá sér óafgreiddu af eintómri andúð. Þeirri stefnu verður að breyta hér á Alþ.

Ég og hv. 3. landsk. þm. ræddum þetta við 1. umr. Hann viðurkenndi, að um athugunarvert mál væri að ræða, en taldi það þurfa mikinn undirbúning og ýmissa breyt. við. Allshn. komst að sömu niðurstöðu, en hennar starf náði ekki lengra en til þess að vísa málinu frá sér án þess að reyna að laga þá agnúa, sem hún fann á frv.

Þegar það er athugað, að bréf Alþýðusambandsins er dags. 4. marz og er svar við bréfi n. 28. janúar, sést, að allmikinn tíma hefur stofnunin þurft til að gera ekkert í málinu. Það segist að sjálfsögðu vera á móti frv., af því að það skerði allverulega verkfallsréttinn. Ég vil spyrja þá þm., sem telja sig fulltrúa verkamanna, hvort það er þeirra skoðun, að það verði til lengdar hægt að halda því fram, að verkfallsrétturinn sé eini rétturinn. Þjóðin beygir sig ekki lengi undir það, að verkfallsréttur og verkbannsréttur gildi fram fyrir réttlæti og rétt verkamanna. Allir viðurkenna, hvað það getur verið háskalegt, að ekki sé hægt að fyrirbyggja verkföll, og þess vegna átti Alþýðusambandið að benda á galla frv. og reyna að bæta úr þeim. Hvorki verkfallsréttur, sem byggður er á mergð hinna fátæku, né verkbannsréttur, sem byggður er á fjármagni hinna ríku, má gilda. Þetta frv. er spor í áttina til að breyta því.

Ég felli mig að sumu leyti vel við afgreiðslu málsins, úr því sem komið er, þar sem ríkisstj. er falið að láta rannsaka málið og undirbúa nánar. Þess er ekki að vænta, að svona viðkvæmt mál nái samþykki á fyrsta þingi, þó að vænta hefði mátt, að þeir, sem áttu um það að fjalla, hefðu sýnt því meiri skilning. Ég vona, að ríkisstj. setji sérstaka n. til að undirbúa það, svo að það geti komið fyrir næsta þing.

Ég hef kynnt mér rökfærslu Vinnuveitendafél., sem kemur fram í aths. við hverja gr. frv., en það merkilega er, að Vinnuveitendafélagið virðist vera hlynnt málinu í heild, en vilja láta lagfæra frv. Það gefur mér vonir um, að vinnuveitendafélagið, sem lagðir eru á þyngstir baggarnir með þessu frv., muni vilja stuðla að framgangi þess. Menn úr verkalýðsstétt hafa látið í ljós, að það væri hin mesta blessun, ef slíkt frv. yrði að l., en forsprakkarnir, sem lifa á því að hafa sem mestan ójöfnuð á milli þessara manna, munu í lengstu lög sporna við því, að slík réttlætislöggjöf verði sett á Íslandi.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Ég skal ekki þræta við hv. þm. Barð. Það er eðlilegt, að honum sé sárt um sitt mál, þó að hann játi, að það hafi fengið heppilega afgreiðslu hjá n., en ég vil mótmæla þeim óréttmætu hnútum, sem hann fleygði til allshn. Ég vil benda á, að málinu er ekki vísað til n. fyrr en 22. jan., en þ. byrjaði snemma í nóv., svo að það er fjarri því, að n. hafi haft málið með höndum allan þingtímann. Þegar n. fekk málið, gerði hún það, sem rétt var, að leita álits hinna fróðustu aðila. Það er ekkert sérstakt, að n. hafði þessa aðferð um frv. Ég veit ekki betur en að hv. þm. Barð. hafi í öðru máli lagt til, að því yrði vísað frá með rökst. dagskrá, af því að það hafði ekki verið

borið undir aðila utan þings, en hafði þó verið fyrir þrem þingum á undan þessu, sem sé frv. um jöfnunarsjóð aflahluta.

Ég veit, að hv. þm. skilur þetta, þegar hann athugar málið betur. En það er ekki hægt að una því, að ráðizt sé á allshn. með órökstuddum áskökunum.

Þá gaf hv. þm. í skyn, að vinnuveitendafélögin væru með frv., en Alþýðusambandið á móti því. Alþýðusambandið tilfærir tvær ástæður einungis og segir: „Þess vegna leggjum vér til, að frv. verði fellt." — Vinnuveitendafélagið kemur með langt álitsskjal, ásamt fylgiritum og segir síðan — „með tilvisun til framanritaðs leggjum vér á móti því, að frv. verði samþykkt". Það getur verið, að sumir hafi verið með frv. og sumir á móti, bæði meðal vinnuveitenda og Alþýðusambandsmanna, en báðir aðilar leggja á móti því, að frv. sé samþykkt. En að segja, að n. hafi kastað höndum til málsins og komið með villandi álitsgerð, það hefur ekki við nein rök að styðjast. Það má ekki álykta, að n. hafi ekki athugað málið, hvort sem er þetta mál eða annað, ef hún fellst ekki á allt sem fyrir hana er lagt.

Ég vil beina því til tveggja hæstv. ráðh., sem hér eru viðstaddir, að n. leggur til, að málinu sé vísað til hæstv. ríkisstj. Ég vil þá skjóta því um leið til hæstv. ráðh., hvort ekki sé heppilegt, að málið sé falið til athugunar n. þeirri, sem fjallar um vinnuvernd og önnur verklýðsmál, svo að frv. fái þar þann undirbúning, sem nauðsynlegur er, ef þ. á að geta tekið tillit til þess.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki vera fjölorður, en ég vildi mega leiðrétta ofurlítinn misskilning. Ég hef ekki ásakað n. um að hafa kastað höndunum til málsins, heldur fyrir það að láta óviðkomandi aðila halda málinu úti í bæ án þess að svara því í fimm vikur. — Þetta mál er allt annars eðlis en jöfnunarsjóður aflahluta. Því var ekki vísað frá með rökst. dagskrá, nema af því að það var berlega sannað með tölum, að sjóðstillagið var engan veginn nægilega hátt, til þess að sjóðurinn gæti náð þeim tilgangi, sem gert var ráð fyrir í frv. Þá vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort hún líti þannig á, ef málið er afgr. með rökst. dagskrá, að henni sé skylt að fela mþn. það til athugunar og til undirbúnings nú þegar.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Það hefur verið beint til ríkisstj. fyrirspurn um, hvernig hún muni taka á þessu máli. Ég skal játa, að það heyrir ekki undir mitt ráðuneyti, en svo framarlega sem þessi rökst. dagskrá er samþ., þá mun stj. beina málinu inn á þær brautir til rannsóknar, sem hún telur bezt við eiga.

Gísli Jónsson: Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þetta svar og vil taka það fram um leið, að ég get fellt mig við þessa afgreiðslu málsins. — Hæstv. forsrh. hefur einmitt mikla reynslu í svona málum vegna þeirra starfa, sem hann hefur gegnt sem sáttasemjari ríkisins, og ég veit, að málið verður í góðum höndum, og ég get treyst hæstv. ríkisstj. til að láta það ganga þá leið, sem æskilegust er.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 543, frá allshn., samþ. með 10 shlj. atkv.

9. Höfundaréttur og prentréttur (frv. KA).

Á 12. fundi í Sþ., 4. jan., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um afnám l. nr. 127 9. des. 1941, um viðauka við l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt (þmfrv., A. 120).

Á 26. fundi í Ed., 7. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., 8. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Kristinn Andrésson): Herra forseti — Þau lög, sem lagt er til með þessu frv., að verði afnumin, voru sett fyrir rúmu ári síðan. Samkv. þeim skyldi ríkið eitt hafa rétt til að gefa út rit, sem samin eru fyrir 1400, og getur dóms- og kennslumálaráðuneytið veitt leyfi til þess að gefa út þessi rit, en það leyfi skal bundið því skilyrði, að þau séu gefin út með samræmdri stafsetningu fornri. Hv. d. er kunnugt um, hvernig lögin voru sett og með hvílíkum hraða þau voru rekin gegnum þ. Auglýst hafði verið í dagblöðunum, að von væri á Laxdælu með nútíma stafsetningu, og sú auglýsing var ekki fyrr komin út en mikið veður var gert í blöðunum út af því, að nú ætti að fara að eyðileggja fornbókmenntirnar og breyta öllu og bylta. Á svipstundu var rokið til og flutt frv., sem átti að stöðva útgáfuna, áður en bókin kæmi út og nokkur hafði gert sér grein fyrir útgáfunni. Þessu frv. var hraðað sem mest. Bókin kom út áður en frv. var komið í gegnum þ., en þá var kominn svo mikill hiti í málið, að ýmsir þm. vildu ekki kynna sér hana. Margir voru þó á móti frv. og töldu fjarstæðu að samþykkja það. 1. þm. Reykv. sýndi fram á það með snjallri ræðu, að ekki næði nokkurri átt að setja slík lög hér, kynnti sér útgáfuna og lét í ljós hrifningu sína yfir að lesa bókina í nútímaútgáfu, sem menn gætu notið betur heldur en þar sem stafsetningin hefur truflandi áhrif á lesturinn. Annar þm. skrifaði á móti útgáfunni í Vísi, en breytti svo um skoðun, er hann hafði lesið bókina, og kannaðist drengilega við að hafa hlaupið á sig. Samt fór frv. í gegn, og það fór ekki leynt, að það var ekki af áhuga fyrir fornbókmenntunum, heldur af persónulegri óvild gegn útgefandanum. (**BBen:** Hver var útgefandinn). Halldór Kiljan Laxness. Frv. fór í gegn með þeim hraða, að ekki fékkst leitað álits sérfróðra manna eins og prófessora háskólans. Þannig marðist frv. í gegn fyrir menn, sem ýmist voru með því af persónulegri

óvild eða fyrir vanþekkingu, er þeir héldu, að verið væri að óvirða Íslendingasögurnar. Þetta var mesti misskilningur, það var verið að færa þær nær okkur með því að fjarlægja þann múr af óvenjulegri stafsetningu, sem annars er milli lesandans og efnisins. Það var verið að gera þær auðveldari til lestrar. Ýmsir góðir Íslendingar hafa viðurkennt, að þetta þyrfti að gera, og vil ég aðeins nefna einn, dr. Björn frá Viðfirði. Í grein, er hann skrifaði í Skírni 1907, gerir hann að tillögu sinni að snúa fornum rithætti sem mest til nútímamáls á alþýðuútgáfu fornbókmenntanna, og segir m. a. „Brýna nauðsyn ber til að ryðja braut milli fornra og nýrra bókmennta, og þau hamraþröllin, er fyrst ber að leggja að velli á þeim vegi, eru þessar gömlu sérvizkukreddur, er dylja fornöldina augum almennings í fornu stafsetningarmoldviðri".

Útgefandinn að Laxdælu, Halldór Kiljan Laxness, segir sjálfur um útgáfuna: „Með því að gefa út Laxdælu samkvæmt íslenzkri stafsetningu, hef ég viljað færa sönnur á, að mál bókar þessarar sé íslenzka, jafnauðlesin hverjum Íslendingi, ungum og gömlum, eins og bókin væri skrifuð í dag, sígilt mál íslenzkt og ekkert annað en íslenzkt, en hvorki „oldnordisk" né „gammelnorsk".

„Leyfist mér enn fremur að taka það fram í sambandi við þessa útgáfu, að ég álít það íslenzkt landvarnarmál, að sá sannleikur sé innrættur þjóðinni, að mál fornrita vorra sé í meginatriðum það, sem vér enn notum. Ef sú skoðun er viðurkennd, að þrettándualdarritin séu í meginatriðum á því máli, sem vér notum nútímamenn, hlýtur bein afleiðing hennar að vera sú, að rit þessi eigi að gefa út með nútímastafsetningu handa oss".

En sem sagt, málinu var flaustrað af, áður en þm. yfirleitt höfðu gert sér grein fyrir, hvað þeir voru að samþykkja, enda var samþykkt málsins vanhugsuð, og liggja til þess margar orsakir.

1. Það var vafamál, hvort það er samræmanlegt ákvæðum stjskr. um prentfrelsi að taka einstök rit út úr og gera dóms- og kennslumálaráðuneytið að ritskoðun.

2. Það er fjarstæða, að íslenzka ríkið geti tekið einkarétt á útgáfu fornritanna nema að semja um það við önnur ríki, og eru þessi lög því bókstaflega pappírsgagn, þar sem hægt er að gefa fornritin út erlendis. Ef lögin ættu að ná tilgangi sínum, þyrfti að banna innflutning á bókum, sem eru prentaðar erlendis, svo að fornritin gætu ekki borizt hingað (**BBen**: Má ég gera fyrirspurn: Meinar ræðumaður, að rit, sem prentuð væru á Íslandi, flyttust ekki til Íslands?). Nei, að bannað yrði, að rit, sem prentuð væru erlendis, flyttust til Íslands, því að það væri ekkert auðveldara fyrir Íslendinga en að fara kringum l. með aðstoð útlendinga, sem l. ná ekki til.

3. Það er ekki til samræmd stafsetning forn, heldur aðeins tilraun síðari tíma manna til þess að hafa forna stafsetningu á fornritunum. Það er engin samræmd stafsetning á fornritunum, því að stafsetningin á þeim er, eins og kunnugt er, mjög á reiki, þar sem þau eru afrituð á ýmsum tímum og hvert tímabil hefur lagt til sína stafsetningu. Eins vita menn það, að þegar „citerað" er í fornritin eða eitthvað lesið úr þeim í heyranda hljóði, er lesið upp með nútímaframburði. Það er því fjarstæða að lögbjóða forna stafsetningu og engu meiri ástæða til þess en að lögfesta fornan framburð. Það mætti benda á fleira í þessu máli.

En það er ekki réttvísin, sem er áhrifamesti dómstóllinn um útgáfumál, heldur dómstóll almenningsálitsins. Það er sá dómstóll, sem dæmir mest um gengi bókar. Hann segir til um, hvort útgáfan er vel eða illa af hendi leyst. Dómur almenningsálitsins og vísindastofnananna er áhrifameiri en ríkisvaldið. Hitt er annað mál, ef menn vildu leggja alla bókaútgáfu undir ríkið. Þá kemur til greina annað sjónarmið, en meðan það er ekki gert, er það ekkert nema fjarstæða að taka einstök rit út úr.

Síðan þessi lög voru sett, hefur verið gefin út ný útgáfa af Hrafnkels sögu Freysgoða, og hefur undirréttur Rvíkur dæmt útgefendurna í sekt. Ég geri ráð fyrir, að þessi dómur sé einsdæmi mikið og okkur væri lítill sómi að því, ef slíkt bærist til annara landa. (**Dómsmrh.**: Var þetta ekki líka fyrir brot á einkaréttinum?) Jú, auðvitað. Ég veit ekki, hver dómur hæstaréttar verður, en það væri mesti sómi þ. að afnema þessi lög og bíða ekki eftir dómi hæstaréttar.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi áttað sig á málinu síðan. Frv. var afgreitt í fljótfærni, og afstaða þeirra margra var byggð á misskilningi. Ég get ímyndað mér, að þeir hugsi yfirleitt öðruvísi um þetta nú orðið.

Ég vil svo að lokum leggja til, að málinu verði vísað til hv. menntmn.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Ed., 11. jan., var framhaldið 1. umr. um frv.

Jónas Jónsson: Það er nokkuð síðan þetta frv. var hér fyrst til umr., og skýrði hv. flm. það þá. Ég vil fyrst vekja eftirtekt á því, að í ræðu hans voru ávítur til þm. fyrir, að þeir hefðu sýnt mikið þekkingarleysi og ógætni og ekki vitað, hvað þeir voru að gera í fyrra, þegar afgreidd voru l. um rithöfundarétt og prentrétt. Ég veit ekki, hvort þessi nýkomni þm., sem hefur ekki mikið fylgi í kjördæminu, sem hann bauð sig fram í, hefur aðstöðu til þess að setja sig á háan hest og gera sig að dómara yfir öðrum þm. Hann hefur ekki rétt til að bregða Alþ. um heimsku og þekkingarleysi, enda virðist hann ekki sjálfur hafa fylgzt of vel með því, sem gerðist, og skal ég því rifja það ofurlítið upp fyrir honum.

Það, sem gerðist í fyrra, var það, að þegar vitneskja barst um það, að útgáfufélag kommúnista hér í bæ hafði tekið sér fyrir hendur að afbaka fornsögurnar, stytta þær og þýða á nútíma-hrognamál, myndaði Alþ. sér strax þá skoðun á þessu tiltæki, að það hefði skömm á því. Útgefendurnir voru samt nógu frekir til að halda áfram verkinu, gáfu út Laxdælu, en bókin hvarf fljótt, og ég veit ekki til, að neinir menn hafi haldið henni á lofti. T. d. er mér kunnugt um,

að í skóla, þar sem kommúnisti hefur fjárforráð, voru keypt 30 eintök af bókinni á kostnað ríkissjóðs, en ótrúin á bókina var svo útbreidd, að ekki þótti fært að nota hana í skólanum. Um þessa bók er það að segja, að hún er stytt um fimmta part, eftir því sem háskólakennari einn, sem sérstaklega rannsakaði málið, kemst næst.

Þegar Alþ. var búið að fordæma bókina frá öllum hliðum og lesendurnir líka, gaf sama forlag út annað rit, sem er að vísu ekki Íslendingasaga, en stendur sögunum nærri á vissan hátt, sem sé þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar á Ódysseifskviðu. Sú bók er ein af undirstöðum málsins eins og það er nú bezt talað og skrifað, uppspretta hins hreina máls. Þessa bók tók forlagið og afbakaði á hinn herfilegasta hátt. Þetta tiltæki hefur vakið svo mikinn viðbjóð, að tekið hefur fyrir alla sölu á bókinni, og yfir útgáfunni vofir ekki annað en eilíf fyrirlitning.

Eftir að Alþ. hafði sett l., sem bönnuðu hina hneykslanlegu meðferð á fornritum vorum, hefur enn sama útgáfufélag og sami höfundur tekið sér fyrir hendur að betrumbæta aðra fornsögu, afbakað nafn hennar og gefið hana út í leyfisleysi. Þetta var bein uppreisn, og var ekki svo mikið sem reynt að tala við þann ráðherra, sem málið að vissu leyti heyrði undir og eftir þeirri skoðun, sem hann lét í ljós á þ. í fyrra, hefði kannske sýnt mildi. Nú liggur fyrir dómur í héraði um sektir á hendur þeim, sem að þessu stóðu.

Þetta er saga málsins. Auk þessa leyfði höfundur sér að birta í formálanum fyrir seinni bókinni dónalegar skammir um Alþ., en lét svo dreifa bókinni út hér á Alþ. Ég held, að æruverðir þm. hafi beðið um, að farið yrði með hana beint í miðstöðina.

Hef ég nú rakið sögu málsins, þar til kemur að því, að þessi nýkomni þm. frá engu kjördæmi leyfir sér að bera fram frv. um að fella úr gildi ársgömul l., sem samþ. hafa verið af miklum meiri hl. Alþ.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um ræðu hv. flm. En að fólk nú á dögum sé svo miklir aumingjar, að það geti ekki lesið fornsögurnar, nema þær séu gerðar að barnamat, bendir ekki á, að menntun og menning fari vaxandi í landinu, því að áður fyrr, þegar fólkið hafði miklu erfiðari aðstöðu en nú til að sinna slíku, kunnu jafnvel fátæklingarnir full skil á t. d. rímnakveðskapnum. Þá var málið hugsað í alvöru, og hinar þyngstu líkingar lágu mönnum í augum uppi. Ég held, að það sé ekki rétt, að hin unga kynslóð sé svo aum, að hún standi forfeðrum sínum svona mikið að baki. Því hefur verið haldið fram af fræðimönnum, sem líka kommúnistar virða, að það sé fullkomið samhengi í okkar bókmenntum, og vitnað í það, sem ekki er hægt að neita, að það er búið langa stund að lesa fornsögurnar og Heimskringlu með fullum árangri. Ef þessi kenning er rétt, er engin ástæða til að þýða fornsögurnar fyrir nútímafólk.

Í þessu frv. kemur fram almenn niðurrifsstarfsemi, sem miðar að því að óvirða fornbókmenntirnar. Það eru til hér ýmsir menn, sem vilja óvirða nútímann og það, sem honum kemur við, og þessir sömu menn vilja einnig óvirða fornbókmenntirnar. En fornbókmenntirnar hafa lengi verið sú eign þjóðarinnar, sem hún hefur verið hreyknust af, og það er full ástæða til þess að vernda þær vel fyrir hvers konar niðurrifsstarfsemi.

Hv. flm. kom inn á það, að vafasamt væri, hvort ríkið hefði rétt til þess að taka sér það vald, sem felst í umræddum lögum. Ég vil í því sambandi taka rúmlega 30 ára gamalt dæmi, þótt hér sé ólíku saman að jafna.

Það var deilt um það í sambandi við bannlögin 1909, hvort ríkið hefði rétt til þess að taka söluleyfi af vínkaupmönnum. Það var t. d. eitt veitingahús, sem hafði fengið leyfi til þess að veita áfengi, sem fór í mál við ríkið út af þessu með þeim forsendum, að ekki væri hægt að svipta það því leyfi, sem það hafði fengið á löglegan hátt. Það fór svo, að gistihúseigandinn tapaði málinu.

Annars hef ég hugsað mér úr því að þetta frv. er komið fram, og ég geri ráð fyrir, að það verði samþ. til n., að menn ættu að nota þetta tækifæri til þess að gera l. harðari móti þessum ósóma, og að því leyti get ég verið þakklátur þeim, sem standa að framkomu þessa frv.

Flm. (Kristinn Andsésson): Herra forseti. — Ég sé ekki ástæðu til að svara orðum hv. þm. S.-Þ. miklu. Það er auðheyrt, að þessi hv. þm. hefur ekki gert sér ljóst, hvers konar útgáfustarfsemi það er, sem hér um ræðir. Hann segir, að Laxdæla sé afbökuð í þessari útgáfu, að hún sé þýdd og færð á eins konar hrognamál. Viðvíkjandi þessu hrognamáli er það að segja, að það hefur ekki verið gerð nein breyting á málinu í þessari nýju útgáfu, heldur aðeins stafsetningunni verið breytt, ritað og fyrir ok, að fyrir at og því um líkt. Frásagnir hans af styttingu sögunnar eru einnig mjög ýktar, því að það nær engri átt, að sagan hafi verið stytt um ⅕, eins og hann segir, heldur hafa aðeins verið feldir úr henni tveir kaflar, sem koma sögunni eiginlega ekki við. Það, sem þessi hv. þm. minntist á þýðinguna á Ódysseifskviðu kemur þessu máli ekkert við, þar sem það er þýðing úr erlendu máli. Það hefur heldur ekkert frv. komið fram, sem lætur lög ná til þýðinga á Ódysseifskvæðinu eða annarra þýðinga á íslenzka tungu, enda væri þá farið að ganga ærið nærri prentfrelsinu.

Ég ætla ekki að svara skætingi hv. þm. um það, hverjir óvirða nútíma- eða fornbókmenntir okkar. Það verður gert upp á öðrum vettvangi, hverjir hafa mest óvirt íslenzkar nútímabókmenntir. — Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar við 1. umr. þessa máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Ed., 30. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 120, n. 575, 590 og 605).

Frsm. 1. minni hl. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. — Menntmn. hefur ekki getað orðið sammála um þetta mál, heldur hefur hún klofnað í þrennt. Einn minni hl. leggur til, að það verði samþ., annar, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, og sá þriðji, að það verði fellt.

Ég held satt að segja, að þetta mál sé þess eðlis, að hv. þm. hafi alls ekki áttað sig á því, hvað hér er um að ræða. Svona mál hafa aldrei komið fyrir hér áður, og Íslendingar eru ókunnugir lögum um þessi efni annars staðar að. Við 1. umr. lýsti ég þessu þó nokkuð, auk þess sem segir í grg. frv., en þetta er talsvert flókið mál, og ég get skilið það, að hv. þm. átti sig ekki strax á því. Það hljómar t. d. mjög vel í eyrum að vilja vernda fornritin, og einmitt á þeim grundvelli fengu þessi l. fylgi, er þau voru sett, þótt sumir vildu koma þeim á af öðrum ástæðum. En þeim, sem kynna sér þetta mál og viðaukal. frá 1941 til hlítar, verður það ljóst, að þau eru hin mesta fjarstæða frá öllum sjónarmiðum, og má leiða að því mörg rök.

Í fyrsta lagi er það á móti öllum grundvallarskilningi í þessum málum að setja svona lög. Sannleikurinn er sá, að ekkert ríki getur helgað sér útgáfurétt á nokkru verki, eftir að rithöfundaréttur*inn*, sem er 50 ár, er útrunninn. Það byggist á fyllsta misskilningi, að íslenska ríkið eða nokkurt annað ríki geti helgað sér útgáfurétt *á nokkru riti, eftir að höfundaréttur*inn, sem samkvæmt alþjóðasamkomulagi er 50 ár, er útrunninn, og er þá alveg sama, eftir hvern verkið er og hvaðan hann er. Þá getur hver sem er gefið það út án þess að spyrja nokkurn leyfis. Af þessari ástæðu eru þessi l., sem hér um ræðir, ekkert annað en hreinasta fjarstæða. Íslenzka ríkið getur alls ekki tekið sér þennan rétt samkvæmt alþjóðalögum. Hver sem er og hvar sem er má gefa út íslenzku fornritin án sérstaks leyfis, og það er vitað, að mikill hluti af íslenzkum fornritaútgáfum, hefur verið gerður erlendis, og því getur vitanlega haldið áfram. Þannig getur hvaða útlendingur sem er gefið þessi rit út erlendis og dreift þeim síðan út hérlendis, án þess að nokkuð sé hægt að segja við því, þrátt fyrir þessi l. Í þessu sambandi má benda á það, að þessi l. eiga sér ekkert fordæmi meðal annarra þjóða, og munu þau því alls staðar meðal þeirra verða *fordæmd og talin markleysa ein*, þar sem þau eru gagnstæð anda alþjóðalaga. Enn er eitt atriði og það er það, að það mun mjög hæpið, að þessi l. brjóti ekki í bág við stjórnarskrá Íslands, enda vafasamt, að hæstiréttur mundi dæma eftir þeim, en í 67. gr. stjórnarskrárinnar segir, að ritskoðun megi aldrei í lög leiða, en með þessum l. er ríkisstj. falið að hafa eftirlit með útgáfum af fornritunum, og það þarf að sækja um leyfi til hennar til þess að mega gefa þau út. Þannig stríða þessi lög gegn öllum alþjóðasamþykktum og eru hlægileg utan landsteinanna, eiga sér ekkert fordæmi annars staðar og má telja víst, að þau séu ekki í samræmi við stjórnarskrá Íslands. Nú væri langt mál að skýra, hvernig þessi skilningur er til kominn, og dettur mér ekki í hug að fara langt út í það mál, hvers vegna andleg verðmæti þjóðanna eru álitin sameiginleg verðmæti allra þjóða og hvers vegna það hefur verið tekið upp að heimila öllum að gefa þau út. Það er m. a. vegna þess, að þjóðirnar treysta á allt annað en réttvísina í þessum efnum. Þær treysta á almenna dómgreind, *á álit menntastofnana og almennings* og á gagnrýni vísindamanna, sem þeir telja, að allt sé sterkara en réttvísin í þessum efnum. Hvað viðvíkur þeirri verndun sérstakra rita, sem ætlað var að framkvæma með þessum l., þá kemur hún ekki að neinu gagni, eins og kemur réttilega fram í álitsskjali frá þeim þremur prófessorum háskólans, sem menntmn. leitaði álits hjá um þetta mál. Þar segir: „„Verndun“ kemur hér ekki til greina, líkt og með fornminjar, því að elztu textarnir, sem til eru, verða til eftir sem áður, og líklegt er, að lesendur, sem fengið hefðu mætur á ritunum styttum, mundu fýsa síðan að kynnast þeim líka óstyttum“. Þ. e. a. s., þess gerizt ekki þörf að vernda fornritin sjálf, því að þótt gefnar væru út einhverjar útgáfur af fornritunum, sem taldar væru slæmar, eða þótt þær væru styttar eða breytt stafsetningunni í þeim, þá er engin hætta á, að þær mundu eyðileggja frumritin sjálf, því að ef þessar útgáfur eru slæmar, þá dæma þær sig sjálfar. Slæmar útgáfur af góðum verkum geta aldrei spilt verkunum sjálfum. Það er ætlazt til þess, að þessi verk séu sameiginlegur menningararfur og að rithöfundum sé heimilt að gera við þau hvað sem þeir vilja. Það eru fjölmörg dæmi þess, að forn „klassisk“ verk hafa verið gefin út stytt og þau hafa verið endursögð fyrir börn, en þeim útgáfum hefur aldrei tekist að vinna frumritunum neitt tjón, hvort sem þær hafa verið vel eða illa gerðar. Þótt t. d. Jóhann Sigurjónsson semji leikrit út af Njálu, þá breytir það Njálu ekkert, hvort sem leikritið er vel eða illa gert. Sama má segja um hin fornritin, þótt gefnar hafi verið út af þeim margar slæmar útgáfur, hafa þær aldrei getað orðið frumritunum til neins tjóns. Í fáum orðum sagt, það er þarna allt annað og áhrifameira, sem kemur til greina en réttvísin. Hún er hvergi talin dómstóll í þessum málum, því að þar kemur svo margt annað til greina svo sem gagnrýni fræðimanna og álit þeirra og almennings, bókakaupenda og menntastofnana. Í nál. frá 3. minni hl. menntmn. er talað mikið um hina sérstöku útgáfu af Laxdælu, *sem var tilefnið til þessara laga*. Þar er m. a. talað um, að unnin hafi verið skemmdarstarfsemi með þessari útgáfu. Annars þarf ég ekki að taka það fram, að í þessu nál. ægir saman ýmsum firrum, sem ekki eru svara verðar.

Það er aðallega tvennt, sem haft er á móti þessari útgáfu af Laxdælu. það er í fyrsta lagi stafsetningin, og hefur því verið sett í l., að ekki megi leyfa útgáfu á fornritunum nema með svonefndri samræmdri stafsetningu. En nú hafa sérfræðingar staðfest, að ekki sé um neina slíka samræmda stafsetningu að ræða, og er því fjarstæða að ætla sér að gefa út bækur með stafsetningu, sem er ekki til, en handrit fornritanna eru með mjög mismunandi stafsetningu. Áðurnefndir prófessorar segja líka í álitsskjali sínu, að hin svonefnda samræmda stafsetning standi að ýmsu leyti fjær hinum forna framburði en hin lögboðna stafsetning. Tökum t. d. orðið

„gifta“, sem er ritað með **p** í samræmdu stafsetningunni, en **f** í þeirri lögboðnu, og er það nær hinu upprunalega, þar sem orðið er dregið af sögninni „að gefa“. Sama máli gegnir um orðið „hefur“, sem er ritað „hefir“ með samræmdri stafsetningu, en „hefur“ með þeirri lögboðnu, og er það nær hinu rétta. Þannig mætti nefna mörg dæmi.

Annað, sem fundið er að áður umgetinni útgáfu af Laxdælu, er það, að sagan sé þar stytt, þ. e., að felldir séu úr henni ýmsir kaflar og ættartölur og auk þess einstöku breytingar á orðalagi og setningum, sem koma fram í sambandi við það. Sérfræðingar, sem leitað hefur verið til þessu viðvíkjandi, halda því fram, að það sé ekkert athugavert við það, þótt einstakar útgáfur fornritanna séu styttar. Í álitsskjali prófessoranna segir svo: „Í Íslendingasögum ægir auk þess saman svo sundurleitu og misverðmætu efni, að sumar þeirra má stytta til bóta fyrir alla lesendur, er leita þar annars en þess fróðleiks, sem oft spillir bókmenntagildi þeirra, gerir þær torlesnar og er sjálfur mjög vafasamur að gildi, t. d. ungar vísur eignaðar fornmönnum, brenglaðar ættartölur og því um líkt. Líklegt er, að hin miklu sögulegu og bókmenntalegu verðmæti Sturlungu, sem er illa gerð samsteypa margra sagna, mætti gera almenningi aðgengilegri með því að gera úr henni skipulegt úrval, enda er vikið mjög frá efnisskipun handritanna í tveimur útgáfum hennar“.

Nú er það svo, að í afritum af fornsögunum koma fyrir bæði breytingar og styttingar svo að menn vita sjaldnast, hvað er frá fyrsta höfundi eða hverju er breytt til batnaðar og hverju til hins verra. Jafnvel fræðimenn vilja oft láta fella niður kafla úr sögunum, sem þeir telja, að eigi ekki að vera þar, og geta þeir þá fært rök máli sínu til stuðnings. Það er ýmislegt í fornritum okkar, sem okkur finnst til erfiðleika við lestur þeirra, og því er sjálfsagt að reyna að finna það bezta. Það er rétt að gera þær útgáfur, sem ætlaðar eru til náms og vísindaiðkanna, þannig úr garði, að vísindamenn telji þær vandaðar og sem næst því upphaflega. En það gæti hins vegar verið rétt að hafa einnig sumar útgáfurnar við alþýðuhæfi. Ég tek til dæmis Don Quixote eftir Cervantes, sem er langt og frægt verk. Af því hafa verið gefnar út margar styttar útgáfur. Sjálft verkið hefur haldizt óspillt fyrir því, en þessar útgáfur hafa getað orðið til þess að vekja áhuga almennings á verkinu. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að rétt sé að gera ýmsar Íslendingasögurnar á sama hátt aðgengilegri fyrir almenning. Þessi afskaplegi ótti, sem greip menn, þegar þessi útgáfa af Laxdælu kom út, finnst mér alveg óskiljanlegur, og hlýtur hann að stafa af því, að menn hafi alls ekki gert sér ljóst, hvað hér er um að ræða. Eins og Laxdælu stafi nokkur hætta af því, að gefin sé út af henni slík útgáfa! Ég álít, að þær styttingar, sem H. K. L. hefur gert á sögunni, séu til bóta og að útgáfan sé einmitt við alþýðuhæfi. Það segir sig líka sjálft, ef á að helda við lestri fornsagnanna, þá nær engri átt að ætla sér að halda gömlu stafsetningunni á þeim, því að það verður aðeins til þess að fjarlægja þær frá almenningi, Eins og Englendingum detti nokkurn tíma í hug að gefa út rit Shalespkare's með stafsetningu þeirra tíma sem þau eru samin á. Auðvitað eru þau gefin út með stafsetningu þess tíma, sem útgáfan kemur út á. Sama máli er að gegna um rit Goethes t. d. — Hér er aðeins um hlægilega fordóma að ræða.

Ég vil svo aðeins minnast lítillega á nál. 2. minni hl. menntmn., hv. 2. þm. Árn., þar sem hann leggur til, að frv. verði vísað frá með svohljóðandi rökstuddri dagskrá: „Í trausti þess, að ríkisstj. láti bráðlega framkvæma undirbúning þann til heildarlöggjafar um höfundarétt og listvernd, er henni var falin með ályktun Sþ. 16. marz s. l. og að jafnframt því fari og fram undirbúningur til breytinga á ákvæðum l. nr. 127 frá 9. des. 1941, þykir deildinni eigi ástæða til að afgreiða frv. það, er hér liggur fyrir, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá“. Í raun og veru getur það virzt mjög hófleg aðferð við málið. En ég álít þó, að af mörgum ástæðum væri langréttast fyrir þessa hv. d. að sjá að sér þegar og afnema þessi l. Það hefur fallið dómur eftir þessum l. í undirrétti, og Halldór Kiljan Laxness og annar maður, uppvaxandi maður, hafa verið dæmdir í sekt eftir l. þessum. Ef hv. þdm. gerðu sér grein fyrir því, hversu hlægilegt allt þetta er í augum þeirra, sem vit hafa á þessum málum, þá gæti ég hugsað mér, að þeir hugsuðu sig um, áður en þeir greiddu atkv. móti þessu frv. Ég held, að það hafi í raun og veru verið herkvíin, sem landið er í, sem hafi bjargað þessum mönnum, sem stóðu að þessum lagafyrirmælum. En fréttist það út um heim, að maður, sem er þekktur rithöfundur úti í löndum, hafi verið dæmdur af þessum ástæðum, þá get ég hugsað mér, að það þyki ómenningarbragur á íslenzku þjóðinni, að hann hafi verið dæmdur eftir l., sem þannig hafa verið sett. Og ég veit, að þar sem þetta hefur borizt til eyrna erlendum rithöfundunum, hefur þetta vakið stórkostlegt hneyksli. Þessi l. stríða þannig móti öllum reglum um útgáfur og eiga sér ekkert fordæmi annars staðar í heiminum, eru enn fremur á móti ákvæðum hinnar íslenzku stjórnarskrár, og geta þar að auki alls ekkert gagn gert, þar sem réttvísin er ekki hinn áhrifamesti aðili í þessum málum, og þess vegna held ég, að það væri langmestur sómi að því að afnema þessi l. strax og bíða ekki eftir úrskurði hæstaréttar í þessu máli og heldur ekki eftir þeirri endurskoðun, sem fram á að fara á rithöfundal.

Það er ekki nein fjarstæða, heldur blákaldur sannleikur, að þessi l. hafa sett ómenningarbrag á Alþ. Íslendinga. Og er mjög leiðinlegt til þess að vita, að Alþ. skyldi láta sig henda það að setja svona l. Og það mundi alls ekki hafa gert það, ef hv. alþm. hefðu áttað sig fyllilega á því, hvers eðlis þessi l. voru, hvernig þau stríddu gegn allri heilbrigðri dómgreind og grundvallarskilningi á þessum málum, og í öðru lagi, hve gagnslaus og áhrifalaus þau hlutu að vera. Þessum hv. þm. þarf ekki að detta í hug, að þau stöðvi þá tilraun, sem hér er gerð á útgáfu á Íslendingasögunum. Ég veit, að Halldór Kiljan Laxness heldur áfram að gefa út Íslendingasög-

urnar þrátt fyrir þessi l. Ég veit ekki betur en að hann sé nú að gefa út Njálu og fleiri Íslendingasögur á sama hátt. Sem hefndarráðstöfun gegn þessum rithöfundi, eins og þessi l. voru áreiðanlega hugsuð af þeim mönnum sumum, sem börðust fyrir því, að þau væru sett, koma þau heldur ekki að neinu gagni. Ég held því, að frá öllum sjónarmiðum séð væri það rétt fyrir hæstv. Alþ. að afnema þessi l., en samþ. ekki dagskrártill., hvað þá þá fásinnu að halda l. óbreyttum við, heldur samþ. þetta frv., sem fyrir liggur, svo að þessi l. setji ekki lengur ómenningarbrag á Alþ.

Og það er eitt, sem ég vildi sérstaklega leggja áherzlu á í þessu sambandi. Það vantraust, sem í þessum l. felst á frjálsri útgáfustarfsemi í landinu og sjálfri dómgreind þjóðarinnar, að þvinga upp á þjóðina svona l., er í raun og veru smán við borgara landsins, eins og þeir væru krakkalegri eða hefðu minni menningu en aðrar þjóðir og hefðu ekki dómgreind til þess að aðskilja slæmar útgáfur af fornritunum frá góðum eða mundu týna virðingu fyrir fornbókmenntunum, þó að gefnar væru út af þeim einhverjar slæmar útgáfur. Og þetta gloppaðist nú upp úr hv. þm. S.-Þ. í nál. hans, þar sem hann segir undir lok þess álits: „Líf og giftuvon frjálsrar þjóðar hvílir á dómgreind algengra borgara". Þetta er einmitt kjarninn í þessu máli, að það er á dómgreind borgaranna, sem það byggist, að það á ekki að setja l. um ritskoðun í þessum efnum.

Mér finnst, að það, sem speglast í þessum l., sé bæði vantrú á sjálf fornritin, að þau geti ekki haldið velli, þó að gefnar séu út af þeim gallaðar útgáfur, og hins vegar vantraust á dómgreind þjóðarinnar til þess að meta gott frá illu í þessum efnum, Ég vil því mælast til þess við hv. þdm., að þeir hugsuðu sig nú vel um, áður en þeir ganga til atkvgr. um þetta frv. og gerðu sér grein fyrir, hvað hér er í raun og veru um að ræða. Og ef þeir vilja alvarlega athuga þessi mál, geta þeir ekki komizt nema að einni niðurstöðu, þeirri, að þessi l. eru hin mesta fjarstæða og mjög er leiðinlegt fyrir Alþ. að hafa nokkurn tíma sett þau, — að þau stríða móti öllum alþjóðalögum og eiga sér ekkert fordæmi neins staðar utan Íslands, — að þau geta ekki haft nokkur áhrif utan íslenzkra landsteina, því að það eru Íslendingar einir, sem með þessum l. er bannað að gefa út fornritin, — að þau enn fremur stríða á móti stjórnarskrá Íslands, — að þau eru gersamlega gagnslaus, þýðingarlaus og í raun og veru sár móðgun við þjóðina og dómgreind hennar á bókmenntum.

Frsm. 2. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Það er eins um þetta mál eins og fleiri, sem legið hefur fyrir hæstv. Alþ., að umr. verða svo úr hófi langdregnar, að manni dettur í hug, að það geti orðið til þess, að málið dagi uppi.

Það er í raun og veru ekki deilt um það hér, hvort þetta sé mikilsvert mál, sem er til umr. Sá mikli ágreiningur með ekki litlu kappi, sem fram hefur komið í sambandi við þetta mál, sýnir, að málið þykir miklu varða.

Ég vil strax taka fram, að sú aðferð að eiga einungis að velja á milli þess tvenns, annars vegar að fella þetta frv. og lýsa þannig nokkurs konar trausti á lagasetningu þessa frá 1941 og halda henni óbreyttri, eða þá hins vegar hitt að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir og nema þannig úr l. þær hömlur, sem settar voru með l. frá 1941 um þetta efni, — það að eiga aðeins að velja um þetta tvent, það er handahófsniðurstaða, hvor þessara leiða sem valin yrði. En mér virðist, að þess beri vel að gæta að afgreiða þetta mál ekki á annan veg en þann, sem sæmilegur má teljast, og að ekki sé stigið neitt víxlspor í þessu efni. Og þá er að athuga, hvort ekki er til þriðja leiðin, þ. e. hvorki að samþ. né fella þetta frv. Ég hef bent á þá leið, sem mér þykir líkleg til að leysa þetta mál á heppilegri veg, og hef sett fram till. um hana á þskj. 590, í mínu nál., þ. e. að afgreiða þetta mál með rökstuddri dagskrá. Þessa till. hef ég ekki gert vegna þess, að ég vilji af handahófi gerast þar miðlunarmaður eða koma fram með þá till., sem sé hvorki til of mikilla sárinda fyrir þá, sem standa til hægri eða vinstri handar mér um málið, heldur af hinu, að mér finnst, eftir þeim glöggu rökum, sem fyrir liggja, þá sé þessi dagskrármeðferð málsins sú eina rétta eins og ástæður liggja fyrir. Það er í raun og veru búið óbeinlínis að ákveða, að þetta frv. skuli sæta þessari meðferð hér á hæstv. Alþ. Ég á hér við það, að með þeirri þáltill., sem samþ. var í sameinuðu Alþ. nú fyrir nokkru, var ákveðið, að fram færi endurskoðun á lagasetningunni um höfundarétt og listvernd. Og það, sem hér ræðir sérstaklega um með þessu frv., sé ég ekki betur en að heyri undir þá ályktun Alþ. Mér þætti gaman að heyra því mótmælt með rökum, að svo væri. Og þá ætti, þegar þess er gætt, að vera hægt að þreyja þorrann og góuna, því að hæstv. ríkisstj., hverjir sem hana skipa, þegar á að taka þetta til meðferðar, þykist ég vita, að muni sinna þessari þál., svo sem henni ber skylda til, og hefjast handa um þessa endurskoðun. Og mér finnst, satt að segja, að þær umr., sem fram hafa farið hér í hv. d. um þetta mál, bendi til þess, að hv. þdm. gefist af þeim kostur til athugunar á þessu máli, þar sem ágreiningur um það er svo rammur. Það eru settar fram málsástæður frá báðum hliðum, sem hvorar um sig eiga máske við einhver rök að styðjast, en meira eru fluttar í líkingu við það, sem á sér stað í rétti af sóknar- og varnaraðilum mála, heldur en ætti að vera um mál í Alþ. á bókmenntavettvangi.

En um þetta mál þarf að leita ráðuneytis þeirra manna, sem — að öðrum mönnum ólöstuðum, sem hér hafa látið þetta mál til sín taka — ætla má, að hafi öðrum fremur hleypidómalausa þekkingu um það, hvað þetta snertir. Og þar sem maður á ekki í önnur hús að venda heldur en til þeirra norrænu-fræðimanna, sem beztir þykja og eru þá ekki of mikið bendlaðir við heitar deilur, sem hér koma til greina, þá var það líka, að þegar við, sem skipum menntmn. þessarar d., sáum fram á það, að við bárum ekki gæfu til að koma okkur saman um till. í þessu máli til úrslita, þá varð okkur það fyrir að kveðja slíka menn til ráðuneytis, eins og okkar

nál. bera með sér. Það var ekki ágreiningur okkar á milli um þá aðferð, og þeir komu og þeir töluðu. Og það, sem þeir létu í ljós við okkur, staðfestu þeir sem álitsgerð, sem er birt sem fylgiskjal með nál. mínu. Af þessari álitsgerð háskólakennaranna þriggja, sem hér var um að ræða, Árna Pálssonar, Sigurðar Nordals og Björns Guðfinnssonar, getur maður byggt nokkrar ályktanir, eins og ég hef lauslega drepið á í nál. mínu. Það er að vísu svo, og er ekki því að leyna, að þessa hálærðu menn greinir á um sitt hvað, sem til greina getur komið, þegar um þetta ræðir. En hins vegar hafa þeir athugasemdalaust skrifað sameiginlega undir þetta bréf sitt, svo að af því getur maður dregið þá ályktun, að svo langt sem það nær, þá sé það sameiginleg skoðun þeirra, og er þar mikið á að *byggja innan takmarka bréfsefnisins*. Og þegar maður les bréf þeirra yfir, má draga af því þá ályktun, að hvoru tveggja sé ábótavant, lagasetningunni frá 1941, sem í þessu frv. er farið fram á að afnema, eins og þeir ræða um hana hér í bréfinu, þó að þeir segi það ekki berum orðum, þá verður ekki ályktað öðruvísi en að þeir haldi því fram, að hún þurfi breyt. við, en sé ekki hentug eða réttlætanleg eins og hún er, og eins *ræða þeir, með jafn tvíræðum eða ótvíræðum* orðum, um ónothæfar útgáfur af fornritunum, að þær sæmi ekki þeim bókmenntum. Þeir eru nokkuð þungorðir um það líka. Í þessu felst játning, úr því að þessir lærðu menn segja, að þær útgáfur geti átt sér stað, sem séu ekki frambærilegar, og hins vegar, að gæta verði þess frjálsræðis, að þessi réttur allur sé ekki skorðaður um of einstrengingslega — í þessu felst játning um það, hvað er þá það eðlilega, þegar málið er komið fram eins og nú er. Það er það, að öll þessi rök verði hvert um sig og öll sameiginlega tekin til athugunar og hv. Alþ. og ríkisstj. gefist kostur á að lesa það niður í kjölinn, sem fram hefur komið um málið í þessum álitsgerðum og síðan verið samið frv. til lagasetningar um þetta, eins og ætla má, að geti staðið til frambúðar.

Það er nú svo um l. um þetta frá 1941, að mér finnst þau vera of einskorðuð og þröngskorðuð, alveg á sama hátt sem mér finnst, að ræktarsemi okkar við fornbókmenntir okkar, sem hafa svalað á svo góðan hátt menningarþorsta Íslendinga í margar aldir, eigi að vera svo mikil, að við viljum eftir veikri getu halda vörð um fornritin, svo að ekkert keyri úr hófi í meðferð okkar á þeim. Og þetta hefur nú beðið lengur en svo, að þó að nú líði hálft eða heilt ár meðan setið væri á sökstólum til að athuga heilsteypta lagasetningu um þetta allt, þá álít ég, að ekki sé neitt um það að segja.

Út af því, sem tekið hefur verið hér fram, að dómur hafi gengið út af máli eftir þessum l., þá vil ég taka fram, að ég geri út af fyrir sig ekkert úr því, vegna þess að dómstólarnir hafa ekkert haft eftir öðru að fara heldur en lagabókstafnum og hafa dæmt eftir því, sem þeir hafa álitið réttast honum samkvæmt. En það er alls ekki víst, að það sé í samræmi við skoðanir og smekkvísi Íslendinga yfirleitt um það, hvernig eigi að gæta og geyma fornbókmenntirnar, Það þarf ekki endilega að fara saman.

Ég vil því segja þetta: Við skulum bíða og sjá hvað setur, og taka þessa endurskoðun l. alvarlega og reka eftir því, að hún verði framkvæmd að beztu manna yfirsjá.

Ég vil að síðustu mælast eindregið til þess, að hv. þd. sjái sér fært að samþ. þá rökst. dagskrá, *sem ég hef nú borið fram*, ekki af því, að hún sé miðlunarleið milli þeirra tveggja stefna, sem annars er um að ræða, heldur af hinu, að það er réttasta meðferðin, sem horfir til úrlausnar á málinu.

Umr. frestað.

Á 85. fundi í Ed., 31. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 3. minni hl. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Hv. frsm. eins minni hluta menntmn. hélt hér ýtarlega ræðu í gær og var hissa á því, að menn skyldu vera svo vondir að leyfa ekki að gefa út skrílútgáfur af Íslendingasögunum. Þetta taldi hann ranglæti. Ég held, að þessu sé fljótsvarað, það hefur aldrei verið gert sams konar brot gegn Íslendingasögunum og hér ræðir um, og þess vegna hefur aldrei þurft að gera ráfstafanir þeim til verndar, en þetta brot var sérstaks eðlis og þurfti sérstakra aðgerða af ríkisins hálfu.

Það er mjög spaugilegt, þegar þessi hv. þm., sem ekki er von, að hafði gert mikið gagn í þinginu, —hann er aðeins búinn að vera hér stuttan tíma —, fer að segja meiri hluta Alþ. til syndanna, og að hann skilji ekkert í því, að þm. skuli hafa verið svo heimskir að gera löggjöf gegn afbökunum Íslendingasagna fyrir tveimur árum síðan, og hann gerir þetta í fullri alvöru.

Þessu frv., sem hér er komið fram, var ekki betur tekið í menntmn. en það, að fulltrúi Sjálfstfl. vildi vísa því frá með rökst. dagskrá og fulltrúi Framsfl. vildi fella það. Afstaða flm., hins þriðja í menntmn., er því hin vesælasta, og ef þessi maður hafði skilið afstöðu þ. til málsins, þá hefði hann ekki lagt út í það að gerast málsvari skrílbókmennta og meira að segja móðga þá þd., sem hann er kominn í, með því að gera ráð fyrir, að hv. þd. snúist frá góðu máli yfir á hneykslanlega braut, sem ekki verður varin.

Ég hef í nál. mínu í þskj. 605 gert grein fyrir sögu þessa máls, og þessi málsvari skrílbókmenntanna hefur ekkert máli sínu til stuðnings, því að útgáfa Halldórs Laxness er skrílbókmenntir, eins og ég skal sannfæra hann um með orðum Sigurðar Nordals.

Í „kontrapunkts“, formálanum eftir Halldór Kiljan Laxness er því haldið fram af kommúnistum, að Sigurður Nordal sé við útgáfuna riðinn óbeinlínis. Nú er það vissulega ekkert fyrir brigði, þó að þeir vildu skreyta sig með þeim fjöðrum, af því að þeir vissu, að almenningur bar traust til Sigurðar Nordals. En svo þegar Sigurður Nordal kemur á fund menntmn., þá er hann ekki myrkur í máli um það, hversu fráleitt verk hann telur þessa útgáfu af Laxdælu vera. Ég skal lesa hv. þm. þau orð, sem sanna

þetta, því að þótt það sé ekkert merkilegt, að Árni Pálsson og Björn Guðfinnsson skuli fordæma hana, þá er það merkilegt, að Sigurður Nordal skuli gefa þessari útgáfu þennan vitnisburð og þessum lærisveini sínum um leið þá hirtingu, sem hann fær. Í bréfinu stendur undir A.-lið: „Við samanburð á þessari útgáfu og útgáfu þeirri, er hún byggist á, kemur í ljós, að fjölmörgu því í máli, sem á engan hátt verður talið til stafsetningar, er breytt: a. Ýmiss konar breytingar eru gerðar á orðmyndum. b. Orðum er sleppt. c. Orðum er bætt inn. d. Skipt er um orð. e. Orðaröð er breytt. f. Bætt er inn heilum setningum eftir útgefandann".

Og enn fremur segja þeir:

„Á fundi menntmn. hinn 22. þ. m. voru færð mörg dæmi þessu til sönnunar, og teljum við þarflaust að endurtaka þau hér, enda auðvelt hverjum þeim, er nennir, að ganga úr skugga um þau. Hins vegar viljum við taka fram, að við teljum allar þessar breytingar til skemmda á máli og stíl sögunnar."

Í stuttu máli, prófessoranir játa, að þótt þeir telji hér upp alla þessa ágalla, þá sé það ekki nema partur af því, sem hægt sé að segja, og hver sem leggja vilji á sig það erfiði að bera saman þessar tvær útgáfur, geti gengið úr skugga um.

Þá segja þeir í B.-lið: „Meðferð sögunnar er á þá leið, að stórfelldar efnisbeytingar hafa verið gerðar á henni; a. Einstökum setningum er sleppt. b. Heilum köflum er sleppt, t. d. á einum stað 5 kapitulum. c. Einstaka setningar eru færðar til. d. Kaflar eru færðir til. e. samdar eru setningar inn í textann, þar sem útgefanda hefur þótt nauðsyn til bera".

Þetta er þá dómur þessara þriggja fræðimanna, sem voru kvaddir til að segja álit sitt, og meðal þeirra maður, sem stóð nærri þessu fyrirtæki. En þegar hann er kvaddur til sagna sem fræðari, þá vill hann ekki segja ósatt. Hann fordæmir þessa útgáfu, og hann rökstyður mál sitt alveg sérstaklega vel, svo að hann hefur aldrei gert betur, og sannar, að þessi útgáfa er alger fölsun á hinni upprunalegu og réttu Laxdælu. Unnendur hins góða málstaðar er sérstaklegur ávinningur í því, af því að hið kommúnistiska fyrirtæki, sem stóð að þessari afbökuðu útgáfu, hafði flaggað með nafni Sigurðar Nordals. Nú geta þeir ekki stuðzt við hana lengur.

Þegar þess vegna forlag, sem gefið hefur út mest af því versta rusli, sem gefið hefur verið út á íslenzku, og hefur t. d. virheft „Gösta Berlings Saga" eftir Selmu Lagerlöf og sýnt henni annan álíka sóma, þegar það kom út með þessa útgáfu, var ekki furða, þó að mönnum bæði utan þ. og innan fyndist ástæða til að stöðva þetta. Þess vegna voru þessi l. sett. Og það hefur ekkert komið fram síðan, sem breytir þeirri nauðsyn. En forlagið lét sér ekki þetta nægja. Þessir félagar gáfu út „Hrafnkötlu" á s. l. sumri, og er mér nær að halda, að þessi verknaður hafi verið meiri andstyggð en hinn fyrri. Þm. fannst það bíræfið, að eftir að búið var að setja þessi lög, þá skyldu þessir félagar taka aðra Íslendingasögu, breyta á henni nafninu, skrifa svo skammir um þingið almennt í formálann að bókinni og senda svo þingmönnum að gjöf. Það er alveg dæmalaust, að nokkur maður skuli vera samvistum við þ., sem áður hefur komið fram á þennan hátt. Þó að þetta sé mönnum í fersku minni, þá vil ég rifja það upp til að sýna, hvernig menn eru komnir hér á þing. Það eru engin dæmi þess, að menn gefi út bannvöru með skammir um þ. og sendi þm. að gjöf. Svo lágt menningarstig og auðvirðilegt manngildi og litilfjörlegur hugsunarháttur stendur hér á bak við, að það er full ástæða til þess að rifja það upp á hverju þingi. Og það er kommúnistaflokkurinn, sem stendur að þessu. Þetta bregður birtu yfir þetta fyrirtæki og þann flokk, sem við það er riðinn. Hv. flm. hefur gert þ. greiða með því að gera því mögulegt að halda reikningsskil yfir hann og hans flokksmenn.

Ég þarf ekki að vera fjölorður um þetta mál. Ég hef rakið sögu þess í þskj. 605, og þm. geta kynnt sér hana þar. Ég get ekki verið samþykkur hv. 2. þm. Árn. um, að eðlilegra sé að vísa frv. frá heldur en að fella það. En ef þm. skyldu hafa meiri áhuga fyrir því en að drepa það beint, þó mun ég leggja fram vissa formúlu, sem ég vænti, að hv. 2. þm. Árn. og aðrir, sem góðu máli unna, gætu verið samþykkir, ef það kæmi í ljós, að það þurfi að herða á l. og að sökin sé gerð meiri, sektin þyngri og brotið alvarlega. Þá get ég verið með því, því að ég hygg, að dómurinn í málinu sé of vægur, og má herða á ákvæðum laganna, svo að sökudólgarnir verði þess meðvitandi, að þeir hafi brotið af sér. Með því að taka l. til endurskoðunar getur verið, að verk þeirra verði enn betur krufin til mergjar. Ég er þakklátur hv. flm. fyrir að koma með þetta mál inn á þ. Ég hygg það vel viðeigandi, að það kæmi aftur í haust, og svo áfram svo lengi sem með þarf, svo að það yrði á hverju ári hægt að gefa þessum piltum þá ráðningu, sem þeir þurfa að fá.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. — Það, sem ég vil nú aðallega minnast á, eru ummæli hv. 7. landsk. í gær. Hann gat þess, að Halldór Kiljan Laxness veri að undirbúa Njálu og fleiri Íslendingasögur á sama hátt og Laxdælu og Hrafnkötlu. Ég segi fyrir mig, að mér finnst sjálfsagt að stemma hér á að ósi, því að eins og útgáfa af Laxdælu hefur orðið til leiðinda og vansa fyrir hérað Dalamanna, eins má vænta, að þessi fyrirhugaða útgáfa Njálu verði fyrir þá, sem byggja hið fornfræga hérað þeirrar sögu. Þegar Laxdæla H. K. L. var gefin út, var sagt, að hún væri bara með nútímastafsetningu, en að öðru leyti fullkomin, óstytt og óbreytt, en þegar til kemur, þá er þetta hálfgert fals, eða algert fals, því að eftir því, sem fræðimenn segja, þá er miklu sleppt úr henni, á einum stað 5 köflum, sums staðar breytt efni málsins og setningaskipun. Svo telja þeir upp, hverju hefur verið breytt og telja allar þessar breytingar til skemmda á máli, stíl og efni sögunnar. Ég segi fyrir mig, að þótt máltækið segi, að sætt sé sameiginlegt skipbrot, þá óska ég ekki öðrum héruðum þess að fá misþyrmingu á sínum sögum eins og við Dalamenn höfum orðið fyrir. Ég hygg, að það sé rétt og nauðsyntegt, að Alþ.

gangi betur frá þessum l. og geri mönnum enn erfiðara fyrir um heimildir til að fara svona með Íslendingasögurnar. Þess vegna mun ég samþ. þessa dagskrá í trausti þess, að hert verði l., sem banna handahófsútgáfu fornrita vorra. Ég held, að nú þegar hafi verið haldið nógu langt fram á þessari braut, og það lítur út fyrir, að það eigi að leggja allar Íslendingasögur undir og misþyrma þeim, eftir því sem þeir segja hér, þeir fróðu menn. Og satt að segja höfum við látið svo mikið um sögur okkar, að við látum okkur ekki á sama standa, hvernig farið er með þær, og vil ég því samþykkja þessa dagskrá, ef það yrði til þess, að hert yrði á lögunum.

Frsm. 1. minni hl. (Kristinn Andrésson): Það hefur nú fram komið, sem búast mátti við, að umr. yrðu um nokkuð annað hér nú en þetta frv. sjálft.

Ég minntist þess í gær, þó að svo virðist sem hv. þdm. hafði ekki skilið það vel, að það er tvennt ólíkt, deilur manna um einstakar útgáfur af fornritunum og öðrum góðum bókmenntum annars vegar og hins vegar l., sem sett eru um það að banna útgáfur bóka. Í raun og veru kemur því útgáfan á Laxdælu, hvernig sem menn vilja um hana dæma, alls ekki málinu við að því er snertir þetta frv. Aðalatriðið í þessu máli er lagasetningin sjálf, hvort hægt er að setja svona l. eins og var 1941. Og það var það, sem ég skýrði frá í gær, að ég hélt fram, að slík l. sem þessi væri ekki hægt að setja, vegna þess að þau fyrst og fremst ná ekki nema til Íslendinga, og er ekki hægt að banna þessa útgáfu nema hér á Íslandi, en hægt er að gefa út Íslendingasögur, hvenær sem er og hvernig sem er utan við íslenzka landsteina. Í öðru lagi, að svona löggjöf er ekki til annars staðar í heiminum og stríðir gegn anda alþjóðalaga. Og enn fremur vegna þess, að þessi l. eru jafnframt brot á íslenzku stjórnarskránni um prentfrelsi og ákvæðum um það, að aldrei megi í lög leiða ritskoðun hér á Íslandi. Hér eru því hv. þdm., — og auðvitað viljandi, — að snúa þessu máli yfir á aðra sveif, frá sjálfri lagasetningunni og yfir til umræðna um útgáfuna á þessari einstöku bók, Laxdælu. Og ég verð nú að segja það í fyrsta lagi viðvíkjandi hv. þm. S.-Þ., að það situr mjög illa á honum að dæma svona um þessa útgáfu á Laxdælu, því að hann mun vera einn hinna fyrstu, sem hafa brotið af sér í þessum efnum, ef hér er um afbrot að ræða, eins og honum er títt að ræða mjög um við umr. um þetta efni. Hann hefur í Íslendingasögu sinni, sem hann hefur skrifað og ætlað barnaskólum, brotið þá reglu, að Íslendingasögur eigi að gefa út með samræmdri stafsetningu. Og samt gerist þessi hv. þm. „svo bíræfinn", svo að ég noti hans eigin orð, að hann „síterar" þar eftir minni í sögur þannig, að setningarnar eru ekki eins og í sögunum sjálfum. Og þetta er gert í bók, sem ætluð er til kennslu í barnaskólum. Af þessu má mest marka, hvílíkt alvörumál þessum mönnum er með stafsetninguna a íslenzkum fornritum, að hún haldist, þegar þannig er að hafzt.

Og fyrir annað er útgefanda Laxdælu legið á hálsi, að hann fellir nokkra kafla úr sögunni, sem ekki koma við sjálfu samhengi sögunnar, heldur má telja sem innskot í söguna. Og í því sambandi þarf ekki annað en benda á útgáfu þá, sem hv. þm. S.-Þ. gerði af ljóðum Einars Benediktssonar. Þar leyfir hann sér að brjóta þetta sama „prinsip", þar sem hann felldi erindi úr kvæðum Einars Benediktssonar í þeirri útgáfu. Og ég veit ekki, hvort það er minni „bíræfni" að fella heil erindi úr stuttum kvæðum, þótt eftir nútímaskáld sé, — sem er eitt af þeim beztu, sem íslenzka þjóðin hefur átt —, heldur en að fella úr fornritum ættartölur og einstaka kafla, sem margir líta svo á, að ekki komi við sjálfu samhengi sögunnar, og eru eingöngu felldir úr til þess að létta alþýðu manna lestur þessara sagna. Þannig hefur hv. þm. S.-Þ. brotið báðar þær reglur, sem útgefanda Laxdælu er legið á hálsi fyrir að hafa brotið, hvorar tveggja, að birta sögurnar með hinni gömlu stafsetningu og fella ekki úr þeim. Þetta varð ég að taka hér fram, vegna þess að þessum hv. þm. er ljúfast að halda sig eingöngu við útgáfu þessa af Laxdælu, en koma ekki nærri þessu máli, sem er lagasetningin sjálf. En það er þessi lagasetning, sem ég sagði í gær, að væri hneyksli fyrir Alþ., af því að slíkt þekkist hvergi annars staðar. Og einmitt þessi lagasetning er dómur þeirra hv. þm., sem hafa sett hana, um, að þeir vantreysti dómgreind þjóðarinnar til þess að meta gott frá röngu í útgáfu þessara fornsagna. Og það er eftirtektarvert að heyra þessa menn, sem svo mikið ræða um, að þeim séu fornrit Íslendinga heilög og þeir kunni svo og svo vel að meta þau, svo mjög, að þar má ekki breyta einum stafkrók og sögurnar verða að þeirra dómi endilega að halda gömlum miðaldabúningi, jafnvel í stafsetningu. Þeir virðast þrátt fyrir þetta hafa svo mikla vantrú á Íslendingasögunum, að þeir halda bókstaflega, að Íslendingasögurnar séu skemmdar eða glataðar fyrir þjóðina, ef einhver útgáfa kemur út af þeim, sem þeir álíta eitthvað gallaða. Þetta sýnir ekkert annað en að þeir virðast ekki hafa neina trú á Íslendingasögunum, að þær geti staðizt í sinni gömlu mynd, ef þeir halda, að það tilheyri einhverri vernd á þeim að setja l. gegn því, að gerðar séu hinar og aðrar útgáfur af þeim. Sannleikurinn er nefnilega sá, eins og ég benti á í gær, að hvernig sem háttað er útgáfu þessara sagna, — það geta verið misjafnir dómar um það —, þá þurfa menn ekki að halda, að það þurfi að setja l. á Alþ. til þess að vernda þær. Slíkt ber vott um vantraust á dómgreind þjóðarinnar til að meta Íslendingasögurnar. Enda þekkist það hvergi nokkurs staðar annars staðar, að það þyki þörf á slíkri lagasetningu sem þessari. Enda er það kunnugt, að þessi lagasetning var ekki sett til verndar fornsögunum, heldur sem hefndarráðstöfun af hálfu þessara manna á hendur útgefanda Laxdælu, Halldóri Kiljan Laxness. Sést þetta bezt á því, að þó að önnur stafsetning sé notuð í kennslubókum í Íslendingasögu, þá segir ekki nokkur maður neitt um það. Það hefur komið hér út Gylfaginning, gefin út af Vilhjálmi Þ. Gíslasyni, og það hefur enginn álitið það neitt

hneyksli. En þessu ofsóknarbrölti hefur verið stefnt gegn einum manni, af því að það hefur þótt þurfa að ná sér niðri á honum, Það átti sem sé að koma fram hefndum á þessum manni, og þá leyfði þ. sér að ganga svo langt að brjóta allar reglur um lagasetningar og semja þessi l., sem eru til hneykslis fyrir Alþ. og þykja hlægileg alls staðar fyrir utan landsteina okkar. Auðvitað vita hv. þm. þetta mjög vel. Og ég get mjög vel skilið þessa menn, þótt þeir nú sjái, að þessi lagasetning var hneiksli frá upphafi og eigi sér enga hliðstæðu, þá þyki þeim leiðinlegt eftir tvö ár að viðurkenna þetta hér opinberlega með því að afnema þessi l. og vilji því heldur láta afnema þau með mildari hætti svo sem með rökstuddri dagskrá, í trausti þess, að rithöfundal. verði endurskoðuð og þá verði felld niður í sambandi við þá endurskoðun þessi fáránlega og heimskulega lagasetning. Það er skiljanlegt, þar sem þessir hv. þm. hlupu svo á sig hér fyrir tveimur árum, að þeim þyki leiðinlegt að fara að afnema l., sem þeir settu þá, þó að þeir vitanlega sjái nú, hvaða frumhlaup þetta var. Og þetta frumhlaup var svo heimskulegt, að það er varla svara vert, sem hv. þm. Dal. hélt hér fram áðan, þar sem hann talaði um, að í stað þess að afnema þessi l. væri ástæða til að herða á þeim. Auðvitað gerir þ. aldrei slíka firru að fara að herða á þessari löggjöf, þar sem það hefur alls ekki neytt leyfi til þess að setja slíka löggjöf sem þessa.

Svo er það annað mál, að svo framarlega sem maður með heilbrigðri dómgreind er hér kennslumálarh., þá er það gefið mál, að hann leyfir hvaða Íslendingi sem er að gefa út fornritin, hvernig sem hann vill, því að allt annað er brot prentfrelsisl. landsins. Sjálf stjskr. kveður svo á, að aldrei megi ritskoðun leiða í l. hér á landi. Og hverjum kennslumálarh. með heilbrigðri dómgreind dettur vitanlega ekki í hug að brjóta á móti stjskr. með því að neita hvaða Íslendingi sem er um leyfi á útgáfu á hvaða bók sem er, eftir að rithöfundaréttur er útrunninn á þeirri bók. Og það kemur heldur ekki til mála, að Halldór Kiljan Laxness verði hindraður með þessari lagasetningu í að halda áfram með þessa útgáfu, hún kemur ekki að gagni til þess. Og eftir dómnum, sem kveðinn var upp út af útgáfunni á Laxdælu, fær útgefandinn dálitla sekt, sem lítið munar um, en bókin er ekki gerð upptæk, eftir sem áður, og vitanlega er það rétt. Hv. þm. Dal. verður því aldrei að því, að hægt verði með einhverri lagasetningu að stemma hér á að ósi í þessum málum. Ef þessir menn hefðu nokkurn sjóndeildarhring og sæju eitthvað fjær nefi sínu og vissu eitthvað, hvað gerist erlendis í þesum efnum, þá væru þeir ekki með slíkar fjarstæður. Halda hv. þm., að rit Shakespeares séu Englendingum ekki eins heilög eins og okkur fornritin okkar? Eða Spánverjum Don Quixote? Þessar þjóðir eiga þó mjög mikið af styttum og breyttum útgáfum af þessum ritum. Og vitanlega dettur þeim ekki í hug annað en gefa þessi rit út á nútímamáli á hverjum tíma. Og nú er Shakespeare gefinn út í endursögn fyrir unglinga, og er orðinn klassiskt rit þannig.

Ég held, að það væri skynsamlegast fyrir þ. að afnema þessi l. nú þegar og bíða ekki eftir hæstaréttardómi í Hrafnkötlumálinu.

Viðvíkjandi ræðu hv. 2. þm. Árn. vil ég segja það, að það er mjög mikil hógværð af hans hálfu, og misskilningur reyndar líka, að álíta það, að hér sé hægt að fara einhverja millileið með því að breyta eitthvað þessari lagasetningu. Það eru ekki nema þrjú aðalatriði á þessum l., og þau eru öll jafnfjarstæð. Og það kemur hér ekkert annað til mála heldur en að afnema þessi ákvæði öll saman. Þessi l. eru frá upphafi til enda einn fáránlegur samsetningur, sem engin dæmi eru til um annars staðar. Það er ekki nokkur brú í þessum l. um það get allir verið sammála. Og hvað sem líður dómum háskólakennaranna um útgáfu Laxdælu, þá eru þeir sammála um það, að þessi lagasetning sé óverjandi. Þegar þeir eru búnir að gagnrýna l., stendur ekki eftir stafkrókur í þeim. Í þessum l. stendur, að þó að liðin séu 50 ár eða meira frá dauða rithöfundar, megi ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ, ef breytingunum er svo háttað, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón, og í öðru lagi, að hið íslenzka ríki hafi rétt til þess að gefa út íslenzk rit, sem samin eru fyrir 1400. Og hver á svo að dæma um það, af hverju menning þjóðarinnar bíði tjón í þessu efni? Þessi setning hefur líka orðið til athlægis um allt land. Og slíkt ákvæði sem þetta að ætla sér að fara að banna útgáfu íslenzkra fornrita, sem skrifuð eru fyrir 1400, er fjarstæða í sjálfu sér, eins og ég hef nógsamlega tekið fram í gær og í byrjun ræðu minnar nú.

Í þriðja lagi á svo að gefa þessi rit út með samræmdri stafsetningu fornri. En háskólakennararnir hafa sýnt fram á, að hún er ekki til, og því er fásinna að tala um slíka stafsetningu. Hv. þm. S.-Þ. er að reyna að snúa sig út úr þessu, og það er auðheyrt, að hann hefur aldrei skilið, hvað samræmd stafsetning er, því að hann segir hér í sínu vitlausu nál.: „Þess er heldur ekki krafizt í verndarlögunum“, þ. e., að nokkur ein stafsetning löghelguð sé á fornritunum, „heldur, að stafsetningin sé samræmd, þ. e. með föstu skipulagi, en ekki sundurlaus grautargerð.“ Þessi hv. þm. botnar auðsjáanlega ekkert í því, hvað átt er við með samræmdri stafsetningu. Og þetta ákvæði viðvíkjandi stafsetningunni er fásinna í þessum l., og þar kemur því ekki til greina nein breyt., heldur það eitt að afnema þetta ákvæði.

Það liggur því ekkert fyrir skynsamlegt annað en að afnema þessi l. Og það er misskilningur hjá hv. 2. þm. Árn., að um þau komi nokkur millileið til greina, því að öll þessi þrenns konar ákvæði í þeim eru jafnfráleit. En ég hef þó varla búizt við því, að ég hefði svo mikil áhrif á þessa hv. þm., að þeir vilji afnema l. þessi. Get ég skilið, að þeim þyki það mjög leiðinlegt, eins og ég hef minnzt á. En hvort sem hæstv. Alþ. lætur þessi l. standa lengur eða skemur, þá eru þau ómenningarbragur á Alþ. svo lengi sem þau standa, og því fyrr sem Alþ. vill afnema þau, því betra. Ég efast um, að Alþ. hafi nokkru sinni sett nokkur l., sem því eru til meiri smánar heldur en þessi l., og þau hljóta að vera ómenn-

ingarbragur á Alþ. í augum allra dómbærra manna alls staðar annars staðar í heiminum. Ég geri líka ráð fyrir, að þegar ritlöfundal. verða endurskoðuð, þá verði ákvæði þessara l. felld niður, svo að af þeim ástæðum þurfi ekki að fresta þessu frv., eins og hv. þm. S.-Þ. var að minnast á. En hins vegar veit ég líka það, að það eiga ekki alla tíð sæti á Alþ. jafn afturhaldssamir menn í þessum málum eins og nú. Og það hlýtur að koma sá tími innan skamms, að það verði frjáls útgáfa fornritanna fyrir hvaða Íslending sem er. Þessi lagasetning getur aldrei haldið og getur ekki staðið lengi. Hún verður afnumin strax og frjálslyndari og víðsýnni menn koma inn á Alþ. og eignast þar sæti.

Ég gæti vitanlega farið miklu lengra út í þetta mál hér og ýmsu vikið að hv. þm., sem hér hafa talað. En ég fer ekki öllu lengra út í það nú. Ég heyri, að hv. þm. Dal. hefur enn kvatt sér hljóðs, svo að honum þykir ekki nóg komið. Og það er sennilegt, að hann ætli að tala sér til enn meiri smánar í þessu máli heldur en hann hefur þegar gert. Þessi hv. þm. mun eiga sæti í útgáfustjórn fornritanna. Í öðru lagi er það orðið alkunnugt hér á Alþ., að hann er ekkert annað en dindill hv. þm. S.-Þ. og hefur aldrei greitt atkv. móti nokkru, sem hefur komið frá honum. Og þó að hann þykist vera bókamaður og bókasafnari, þá stendur hann í röð afturhaldssömustu manna, sem hér eiga sæti. Og tryggð hans við fornritaútgáfuna íslenzku er ekki meiri en það, að hann mun hafa verið með því að setja upp annað bókaforlag til samkeppni við fornritaútgáfuna, og mun hafa ætlað að ganga í lið með hv. þm. S.-Þ. á móti fornritaútgáfunni, því að hún er eitt af því, sem hv. þm. S.-Þ. vill feigt, og nýtur hann þar ágætrar fylgdar hv. þm. Dal. Svo það er varla ástæða til að búast við viðsýni í ræðu, sem mælt er af vörum þessa hv. þm. En ég get ekki betur en ég hef gert, að benda mönnum á, hvílík smán þessi löggjöf er, sem á sér ekkert fordæmi annars staðar í heiminum, sem stríðir á móti stjórnarskrá Íslands, og að hún ber vitni um það mesta vantraust, sem hugsazt getur á dómgreind íslenzku þjóðarinnar í að meta bókmenntir sínar. Ég hef bent hv. þdm. á þetta, og ég get ekki meira. Ég treysti mér ekki til að sannfæra þá í þessu máli, því að þeir hafa þar enga sannfæringu. Þeir hafa einu sinni hlaupið á sig í málinu, og þeir blygðast sín fyrir að taka þessa lagasteningu aftur, og get ég vel skilið það. En í fullu trausti þess, — hvað sem líður afgreiðslu þessa frv. nú —, að bókaútgáfa verði frjáls aftur í landinu, ætla ég ekki að orðlengja frekar um þetta mál nú, heldur láta atkv. skera úr um frv. Og verði þessi löggjöf ekki endurskoðuð, ef svo fer, að frv. verður ekki samþ., af þessum hv. þm., treysti ég því, að á Alþ. komi frjálslyndari menn, sem sjái sóma sinn í því að afnema þessi lög.

Umr. frestað.

Á 86. fundi í Ed., 1. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 3. minni hl. (Jónas Jónsson): Það hafa slæðzt nokkrar villur inn í ræðu hv. frsm. 1. minni hl., sem hann flutti hér í gær. Ég ætla nú að leiðrétta sumar þessar villur, þótt ég komist aldrei yfir það með þær allar. Hann reyndi að finna það til afsökunar hinni afbökuðu útgáfu af Laxdælu að vitna í barnabók, sem ég hafði gefið út fyrir alllöngu, en þar eru nokkrar setningar teknar upp úr fornsögunum og prentaðar með sömu stafsetningu og annað mál bókarinnar. Hann fann og að því, að ég hefði ekki tekið upp úr öllum sögunum. Þetta sýnir bezt, hve illa hann er að sér, ef hann heldur, að hægt sé að taka allar markverðar frásagnir orðréttar upp í skólabækur; þar verður vitanlega að nægja að segja frá efninu. Hitt, að taka t. d. setningu eins og „hverjum voru goðin reið, þá er jörð brann, þar sem nú stöndum vér“ og prenta hana með annari stafsetningu en annað efni bókarinnar, er sýnilega fjarstæða ein. Þegar ég samdi þessar bækur, var núverandi stafsetning heldur ekki lögleidd, en bækurnar eru mér nú með öllu óviðkomandi, og það er ríkisprentsmiðjan Gutenberg, sem nú sér um útgáfu á þeim og ber alla ábyrgð þar á. En það er ekki annað en fjarstæða að láta sér detta í hug að hafa einstakar setningar í barnabókum með fræðimennskusniði. Hann taldi það og sambærilegt við Laxdæluútgáfuna, að ég, ásamt syni Einars Benediktssonar, skyldi gefa út smákver sem sýnishorn af ljóðum skáldsins, en þar eru ekki alltaf tekin heil kvæði. En þá er líka alltaf merkt við þau kvæði, sem fellt er úr, þ. e. það er sagt til þessara styttinga allra. Þetta er því alls ekki sambærilegt, þar sem hér átti aðeins að vera örlítið sýnishorn í þessu kveri, og það er alltaf sagt til styttinganna, en Laxdæluútgáfan átti að vera heildarútgáfa, og þar eru hvorki styttingar né breytingar merktar. Annars hefur þetta kver selzt miklu betur en Laxdæla Kiljans, því að það rann út á fáum dögum, og hefði verið hægt að selja miklu meira af því, ef það hefði verið til, en Laxdæluútgáfan selzt alls ekki.

Þá hefur þessi hv. þm. haldið því fram, að það væri gagnslaust að banna slíkar fornritaútgáfur hérlendis, því að einhverjir vondir menn gætu tekið upp á því að gefa þau út erlendis og dreifa þeim síðan út hér. Honum virðist ekki vera kunnugt um það, að allar þjóðir verja sig gegn slíkum ófögnuði. Það er til ensk klámbók, sem kommúnistar hér vildu fá að gefa út, og höfðu fengið einn af spámönnum sínum til þess að þýða. Þeir hafa ekki fengið að gefa hana út, en það má vel vera, að þýðingin sé þegar tilbúin fyrir því. Þessa bók er bannað að gefa út í Englandi og það er bönnuð sala á henni þar. Hún hefur verið gefin út annars staðar, og það hefur verið reynt að koma henni inn í England, en hún hefur verið tekin af tollþjónunum eins og hver önnur bannvara og gerð upptæk. **(BBen:** Hvaða bók er þetta?). Langar þennan hv. þm. til þess að lesa svona bók? Ég er hræddur um, að ekki sé óhætt að láta nafn hennar uppskátt hér í d., en ég mun segja mönnum frá því í einkaviðtali, ef ég er þess fullviss, að síðferði þeirra stafi engin hætta af því að kynna sér hana. Það mætti bæta því inn á þá rökstuddu dagskrá, sem þeir hafa borið hér fram hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. N.-M., að ef bækur eins og t. d.

Íslendingasögurnar væru gefnar út erlendis á þann hátt, að þær væru til skammar og ætti að flytja þær inn þannig, þá skyldi gera þær upptækar. Það var ágætt, að þessi hv. þm. skyldi benda á þetta, því að með þessu mætti herða hengingarólina enn fastar um háls þess, sem hann er að berjast fyrir. Hann taldi það og brot á stjskr., ef ekki mætti gefa út t. d. Heimskringlu Snorra Sturlusonar án þess að sækja um sérstakt leyfi til ríkisstj. Þetta taldi hann ritskoðun. Ég býst ekki við því, að Snorri Sturluson mundi móðgast neitt yfir því í gröf sinni, þótt kennslumálaráðh. segði nei, ef leitað væri til leyfis hans til þess að gefa út sams konar útgáfu af Heimskringlu og útgáfa H. K. L. af Laxdælu er. Ég geri ekki ráð fyrir, að Snorra væri nein óþægð í slíkri neitun, en þjóðin mundi vera mjög þakklát fyrir hana. Ég býst við, að þessi hv. þm. hljóti að gera sér það ljóst, að þ. sé alvara með það að láta hann ekki komast hér upp með þetta eða annað eins.

Það getur ekki verið nema tvennt, sem vakir fyrir kommúnistum með þessari útgáfu fornritanna. Annars vegar er, að hún eigi að vera fjárgróðafyrirtæki, en það er hægt að láta sér detta í hug með því að athuga, að útgáfa þeirra af Hrafnkötlu kostar 10 kr., en útgáfa Sigurðar Kristjánssonar kostar eitthvað innan við 1 kr. Þeir mættu að vísu gjarnan græða á útgáfu fornritanna, ef þær væru vandaðar að frágangi í stað þess að vera slíkar skrílútgáfur á borð við þær, sem þessir menn hafa látið frá sér fara.

Hins vegar getur þetta verið einn þáttur í byltingarplani þeirra, að eins og þeir vilja leysa upp heimilin með því að setja inn á þau óviðkomandi menn, sem geta hleypt öllu upp, þá vilji þeir einnig draga Íslendingasögurnar þannig niður í sorpið, að menn fái skömm á þeim. Það er engan veginn útilokað, að þetta sé tilgangurinn. Ég er þessum hv. þm. þakklátur fyrir að koma fram með þetta mál og allar þær vitleysur, sem hann hefur komið með í sambandi við það, því að þær verða til þess, að menn átta sig betur á málinu og vita því betur, hvernig þeir eiga að verjast þessum ófögnuði. Ég get hugsað mér, að það, sem þessi hv. þm. sagði til þess að hugga hv. þm. Dal., — að það væru fleiri fornsögur en Laxdæla, sem ættu að fá slíka útreið, því að nú væri verið að undirbúa það, að Njála fengi sömu meðferð, — það gæti orðið til þess, að undinn verði bráður bugur að því að koma þjóðlegri og vandaðri útgáfu af fornritunum inn á hvert heimili í landinu. Þessum ófögnuði verður ekki svarað betur á annan hátt.

Það er eins og þessum hv. þm. sé fyrirmunað að segja nokkuð, sem heil brú er í. Nú var hann að senda Menntamálaráði hnútur fyrir það að vera að spilla fyrir Fornritaútgáfunni með því að ætla sér að fara að gefa út fornritin í samvinnu þið Þjóðvinafélagið. En hvað segir hann þá um sitt eigið fyrirtæki. Það er einmitt Laxdæla, sem erfiðast hefur verið að fá af þeim ritum, sem Fornritaútgáfan hefur gefið út. Þá vill það svo til, að kommúnistar gefa Laxdælu út, einmitt þá bók, sem minnst er til af, og því helzt vonir til þess, að þeir geti komið sinni útgáfu út í skarðið.

Það er hlægilegt að halda því fram, að Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið séu að keppa við Fornritaútgáfuna með því að gefa út Íslendingasögurnar. En fyrst þessi hv. þm. vildi nú sýna sitt innræti, þá er bezt að skýra frá, hver goðgá það er, sem Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið ætla sér að fremja með útgáfustarfsemi sinni. Við í Menntamálaráði og Þjóðvinafélaginu höfum staðið í samningum við Jón Ásbjörnsson og hans félaga um að hafa samvinnu um að koma fornritunum inn á hvert heimili í landinu. Fornritaútgáfan hefur náð tilgangi sínum að því leyti, að það hefur verið vel unnið af þeim mönnum, sem hafa verið valdir til þess að sjá um hinar einstöku útgáfur, og hafa nú fræðimenn og bókavinir fengið átta bindi af Íslendingasögunum og eitt af Heimskringlu, en það er enn mikið eftir. Jón Ásbjörnsson gerði sér vonir um, að þessi útgáfa yrði almenningseign, en þær vonir hafa brugðizt. Þegar Egilssaga, sem var gefin fyrst út, var að koma á markaðinn, sendi Jón sérstaklega duglegan sölumann um ýmis blómlegustu héruð landsins, en honum varð lítið ágengt. Það er líka svo, að enn eru til mörg héruð á þessu landi, þar sem mjög fá bindi af þessari útgáfu munu vera til. Það er ekki nóg, þótt keypt sé eitt og eitt bindi og gefið sem tækifærisgjöf, menn þurfa að eignast heildarútgáfu af fornritunum.

Fornritaútgáfan hefur staðið sig vel í því að vera fræðimannaútgáfa, en hún hefur ekki heldur náð miklu lengra. Útgáfur Sigurðar Kristjánssonar af fornsögunum eru að vísu til, en sjást ekki mikið nú. Það er því þörf á að gera útgáfu af þeim öðruvísi úr garði en hans útgáfu, þ. e. ekki með löngum, fræðilegum formála, heldur sem segir frá skapgerð sögumannanna, til þess að menn geti skilið sögurnar. Um þetta hafa staðið samningar milli Jóns Ásbjörnssonar og Menntamálaráðs. Hins vegar er ekki víst, að þetta geti orðið, m. a. af þeim teknisku ástæðum, að Fornritaútgáfan á svo lítið letur.

En við hliðina á Fornritaútgáfunni eru tveir aðilar, sem hafa augsýnilega verið í nokkrum undirbúningi með að gefa þessar sögur út. Annars vegar Ragnar Jónsson og kommúnistaflokkurinn, sem er búinn að gefa út Laxdælu og Hrafnkötlu, eins og vitað er, og hótað er, að þeir ætli að gefa út fleiri sögur. Þessi leið er móðgun við hæstv. Alþ., þar sem hún er brot á l., sem Alþ. hefur sett. Hins vegar er svo Þjóðvinafélagið, sem vill gefa út vandaða útgáfu af fornritunum, ekki með fræðimannaformi, heldur með skýringum, sem henta betur þeim Íslendingum, sem ekki eru fræðimenn, en vilja njóta Íslendingasagnanna sem bókmennta. Það er ekki hægt að hugsa sér meiri mismun á útgáfum rita en þessum tveimur, sem í undirbúningi hafa verið. Og einmitt þessar slettur, sem hv. 7. landsk. er hér með út í það, að það kæmi ný og góð útgáfa af fornritunum, sem kæmist inn á öll heimili í landinu, sýna, hversu þessum manni er fyrirmunað að vera með réttu máli. Honum er ekki nóg með það að vera með þessari útgáfu þeirra Ragnar & Co., sem á nú svo

í vök að verjast, að það vill enginn líta hana nema hann og hans flokksbræður, heldur þarf hann að reyna að torvelda það, að gefin verði út útgáfa af fornsögunum, sem geti virkilega komið landsmönnum að gagni. Ég vil nú ekki hafa í frammi tilsvarandi hótanir eins og hann mun hafa haft um Njálu, nefnilega, að hún muni verða gefin út í andstyggilegum búningi. En ég get hugsað mér, ef kommúnistar ætluðu sér með nokkrum ráðum að gefa út Íslendingasögurnar í skripabúningi, þannig að ein kæmi út hjá þeim á ári, að heimtað yrði þá af Bókmenntafélaginu, að það gæfi út, ekki eina bók af Íslendingasögunum á ári, heldur 3—4 af þeim á ári, til þess að kæfa þetta illgresi kommúnista, eins og á að vera. Og eftir að ég sé þessa viðbót við dagskrártill. frá hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. N.-M., *þá er ég orðinn meira með dagskránni heldur* en með því að fella frv. beint. Því að í dagskrártill. liggur áminning til þ. um það að herða á l., og því er ég samþykkur. Ég mun þess vegna fylgja þessari breyt. á dagskrártill.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. — Hann hefur um nokkurt skeið verið uppgenginn hérna fyrir Trítilinn, og óveðrið skall yfir mig í gær, þegar hv. 1. landsk. þm. stóð upp og með titrandi höndum og tannagnístran sendi mér tóninn um það, að ég hefði illt unnið með því að andæfa því, að fleiri Íslendingasögur yrðu gefnar út eins og Laxdæla og Hrafnkatla, sem þegar hafa verið gefnar út á þann hátt sem nú hefur verið frá skýrt. Ég andæfi því, að Íslendingasögurnar verði gefnar þannig út, eins og valdir menn og vitrir, er hafa þekkingu á, hafa lýst Laxness-útgáfunum, að þær séu mjög brenglaðar að málsmeðferð og skrumskældar að efni til. Út af þessu voru bornar á mig ýmsar sakir.

Fyrsta sökin og stærsta, sem þessi hv. þm. bar á mig, var, að ég fylgdi hv. þm. S.-Þ. í skoðunum og atkvgr. hér í hv. þd. Því er nú þar til að svara, að hv. þm. S.-Þ. hefur í fjölda mála hér í hv. d. verið á öndverðum meið við Sósialistafl. Og þó að hv. þm. S.-Þ. hafi ekki alltaf verið borið það á brýn, að hann veldi beztu málin til málfærslu, þá hefur það jafnan verið þannig í þessum viðskiptum, að hann hefur valið sér skárri málstaðinn. Og auðvitað fylgir maður því jafnan, sem betra er, og verður ekki komizt hjá því, þó að hv. 7. landsk. þm. sárni þetta.

Önnur höfuðsökin, sem hv. 7. landsk. þm. bar á mig, var, að ég hefði svikið félagsskap, sem ég væri í og hefði verið í samningagerðum fyrir. Skildist mér það vera Fornritafélagið, sem ég hefði átt að eyðileggja og koma fyrir kattarnef með einhverjum samningum um bókaútgáfu. Ég verð að segja hv. 7. landsk. þm. það, að ég er alls ekki í stjórn þess félags og hef ekki gert neina samninga fyrir þess hönd um neina bókaútgáfu. En ég er á þeirri skoðun, að sjálfsagt sé að styrkja það sem mest má vera til þess að gefa út fornritin, til þess að óafbakaðar útgáfur af fornritum vorum komist inn á sem allra flest heimili hér á landi, og þannig, að ekki sé hnekkt félagsskap, sem fornritafélagið stendur saman af. Bæði væri þetta gagnlegt fyrir þá, sem lesa fornsögurnar, og svo væri þetta vörn fyrir heimilin, eins og nokkurs konar vörn gegn þeim Svartagaldri, — sem nú hefur verið að teygja sig út og hv. 7. landsk. þm. ver af kappi, — svo að hann fái ekki aðgang að heimilunum. Því að ef prýðilegar útgáfur, óafbakaðar, af Íslendingasögunum koma, þá fá þessar skrumskældu sögur Kiljans og félaga hans ekki að komast að.

Þá bar hv. 7. landsk. þm. á mig það í þriðja lagi, að ég væri fávís í bókmenntum. Um það skal ég ekki þrátta við hann. Og enn hélt hann því fram, að ég væri í þeim málum fjandsamlegur, þannig að ég yfirbyði þar meistara, sem hann minntist á í ræðu sinni. *Ég ætla ekki heldur* að bera af mér sakir í því. Hver verður að dæma um það eins og honum sýnist réttast, hversu fjandsamlegur ég er þjóðlegum fræðum vorum.

Þá vil ég minnast ofurlítið á hina pólitísku bókmenntastarfsemi hv. 7. landsk. þm. Mér virðist hún tvíþætt. Þegar eftir próf var starfað að honum hálfvolgum og hann sendur áleiðis til höfuðs hv. þm. S.-Þ., og hann verður honum mjög fylgisamur þar nyrðra, eins og ættarvofa eða nokkurs konar Húsavíkur-Lalli (**JJ:** Ég þakka fyrir orðið.), veldur honum óvæðum miklum með sífelldu þrefi og þrugli, svo að ég býst ekki við því, að hann líti glaður fram á lífsbrautina, ef því á svo að halda áfram og hann getur ekki rekið þennan „fjanda“ af höndum sér.

En hinn þátturinn er það, að einhvern veginn að ófyrirsynju hefur hann komizt að því að verða ritstjóranefna að tímaritskorni, sem er kunnugt að þeim endemum, að það hefur birt árásargreinar og níðgreinar um fjölmennustu og bezt mönnuðu stétt alþýðumanna á voru landi, bændastéttina. Og einhvern veginn hefur það orðið þannig, að hann hefur fengið mann, sem hefur öðlazt þá ónáttúru að skrifa níð um þessa stétt, til að skrifa í þetta tímarit, jafnvel þó að þeim manni hafi verið klakið út af bændastéttinni, komið upp og hann kostaður til mennta af fé bænda, fé foreldra hans, sem höfðu sparað sér saman fé með iðjusemi við þau störf.

En ég vil ekki láta það liggja í láginni, sem ég tel þessum hv. þm. *til kosta í bókmenntastarfsemi*. Mér virðist, að hann sé mjög sæmilegur prófarkalesari, og mér virðist hann vera smekkvís í að velja pappír í bækur handa Máli og menningu. Það getur verið, að ég gleymi einhverju í þessu tilliti, en það má þá bæta því við seinna. (**JJ:** Málið á bókum hans er afleitt). Það var ég ekki að tala um.

Ég hef hér sent frá mér ásamt hv. 1. þm. N.-M. brtt. við dagskrártill. þá, sem fyrir liggur um þetta mál. Mér fannst satt að segja nauðsynlegt að stemma stigu fyrir þeim ófagnaði, sem er á leiðinni frá Víkingsprentsmiðju, því að þaðan koma þessar bækur og undan verndarhendi hv. 7. landsk. þm. Ég hef áður drepið á þessar bækur, hvernig meðferðin er á þeim í útgáfunni að málfæri og efni til. En þar að auki er í þessari útgáfu Laxdælu alls ekki getið um við titil bókarinnar, að úr henni sé sleppt eða henni breytt, og eru slíkt blekkingar og ósvífni. Formálinn fyrir Hrafnkötlu er aðeins svívirðing á einn þm. og skætingur til Alþ. í heild, og þetta er leiðsögnin fyrir lesendurna. Og þeir, sem lesa Laxness útgáfu af t. d. Laxdælu og halda, að

þetta sé Laxdæla með öllu óbreytt, rekast þá kannske í samtali við aðra sína meðbræður á það, að þessir kunnu kaflar úr Laxdælu, sem þeir hafa aldrei þar séð og vita ekki um, því að þeir eru ekki í þessari skrumskældu útgáfu af henni, og þeir hinir sömu, sem þá bjöguðu útgáfu hafa lesið og verða þessa varir, sem aðrir halda fram, að í Laxdælu séu fleiri kaflar en þar eru í útgáfu Laxness, verða þess vegna að hálfgerðum bjánum fyrir það að hafa flekazt út í að taka hina villandi útgáfu sem góða og gilda.

Þetta efni er svo þaulrætt, að ég þarf ekki að fara frekar út í það að sinni. En ég tel sjálfsagt, að brtt. sú, sem við flytjum við dagskrána, verði samþ.

Bjarni Benediktsson: Það voru ummæli hv. flm. frv., sem ég vildi gera aths. við, frsm. 1. minni hl. menntmn., sem kom mér nú til að standa upp. Hann lýsti hér yfir því hvað eftir annað, að l. þau, sem hann nú flytur frv. um, að felld verði úr gildi, væru brot á stjskr. Ef svo er nú, að þau séu brot á stjskr., þá er í raun og veru óþarft fyrir Alþ. að taka afstöðu til þessa máls, vegna þess að um þetta hlýtur að verða dæmt í því máli, sem nú mun vera fyrir hæstarétti, og er þá réttast að fá úr því skorið þar, vegna þess að undir öllum kringumstæðum mun þetta verða dómsmál. Það verður ekki hægt að fallast á, að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða, fyrr en hæstiréttur dæmir, að svo sé. En ef hv. 7. landsk. þm. er svo sannfærður um gildi þessarar skoðunar sinnar sem hann lætur, ætti hann að vera öruggur með það og rólegur að bíða eftir þeim dómi. Hitt er svo annað mál, að fullyrðingar hans í þá átt sýnast á engan hátt geta staðizt. Fyrst og fremst er það, að ef rétt er, að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða, þá hefði þ. sjálfu og forustumönnum þess borið skylda til að vísa frv. til þessarar lagasetningar frá. En það var ekki gert, og mun ekki hafa komið fram nein krafa um það á Alþ. Engum manni mun hafa komið slík firra í hug. Undirdómur er fallinn í málinu, sem ég minntist á, og sakadómari, sem er mætur og glöggur lögfræðingur — einn með þeim beztu —, hann hefur kveðið upp dóm, þar sem hann telur, að lögin samrýmist stjskr. Og að þessum staðreyndum fengnum og án þess að hafa nokkuð sínu máli til stuðnings get ég ekki séð annað en hv. 7. landsk. þm. hafi gerzt nokkuð djarfur í fullyrðingum sínum um þetta atriði. Mér er að vísu kunnugt um það, að ýmsir mjög góðir lögfræðingar hafa hreyft því, að þessi l. brytu í bág við ákvæði stjskr. En ég hef frekar talið það gamansemi heldur en alvöru hjá mönnum. En sérstaklega hlýtur manni að koma það kynlega fyrir eyru, að hv. þm., með þá grundvallarskoðun, sem hann hefur annars vegar á eignarrétti manna og hins vegar á gildi listaverka og umráðarétti listamanna yfir þeim, sem glögglega lýsti sér í umr. um annað mál fyrir skömmu, að hann skuli nú gerast málsvari fyrir að halda því fram, að þessi l. brjóti stjskr. Þau ákvæði, sem hann á við með því að halda þessu fram, munu vera þau, sem nú eru í 67. gr. stjskr.:

„Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða."

Aðalatriði þessarar greinar eru, að hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en hin ákvæði þessarar gr. eru eins konar verndarveggur kringum þennan meginkjarna greinarinnar. En ég vil spyrja þennan hv. þm.: Hvað er hægt að leiða af því, að hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti? Liggur í þessu ákvæði það, að það sé verið af stjskr. að löghelga, að maður megi taka hugsanir annarra manna, afbaka þær, misþyrma þeim og gefa þær samt út sem hugsanir þeirra sömu manna, en ekki sem hugsanir annarra en þeirra manna, sem verið er að afbaka hugsanirnar hjá? Ég verð að segja, að ef talið væri, að þetta mætti leiða af þessu ákvæði stjskr. í 67. gr., þá er það hlutur, sem hlyti að leiða til þess, að stjskr. yrði að breyta. En ef ekki er hægt að skýra ákvæði stjskr. á fleiri en einn veg, þá er ekki hægt að skýra þetta nema á einn veg, og þá þannig, að hv. 7. landsk. þm. hafi rangt fyrir sér. En það er a. m. k. sjálfsögð regla, ef hægt er að skýra slíkt ákvæði sem þetta á fleiri en einn veg, þá er tekin sú skynsamlegasta, en ekki sú allra óskynsamlegasta leið til að útskýra slíkt ákvæði. En hið síðar nefnda yrði gert, ef ákvæði stjskr. væru skýrð þannig, að leyfilegt væri álitið, að maður mætti taka verk annarra manna, afbaka þau og kalla þau eftir sem áður verk þeirra sömu manna, sem upphaflega sömdu þau.

Með þessum l., sem hér er verið að deila um, er ekki gert annað en það, að sú vernd, sem riti er veitt í sambandi við höfund sinn, er um sumt látin haldast lengur en í 50 ár. Ef á annað borð væri hins vegar gengið inn á skoðun hv. 7. landsk. þm., þá mætti alveg eins telja, að sú vernd, sem rithöfundum er veitt með höfundal., sé ekki réttmæt, l., sem þessi hv. þm. á dögunum vildi ekki afnema, heldur gera strangari og gera miklu erfiðara fyrir með henni fyrir alla aðra en höfundana að njóta verka þeirra, hvað þá heldur að afbaka þau, sú vernd á eftir till. þessa hv. þm. þar um að standa lengur en 50 ár. Og þetta 50 ára tímatakmark er miðað við dánardgur höfunda, og er þá eðlilegt, að í staðinn fyrir, að áður er miðað við höfundana og þeirra nánustu ættmenn, þá sé um fornritin miðað við það að fela ríkinu að halda uppi þessari vernd til þess að sjá um, að þær afbakanir, sem óheimilar eru á ritum nútímamanna, verði einnig bannaðar á tilteknum öðrum ritum og einmitt þeim ritum, sem með sönnustu má segja og oft hefur verið sagt um, að séu sameign allrar íslenzku þjóðarinnar. Og þess vegna getur engum öðrum en íslenzka ríkinu staðið það nær að gæta þess, að rétt sé með þær farið. Og að ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til þess að hæstv. Alþ., geti ekki staðizt 67. gr. stjskr., það get ég ekki séð, að sé annað en hrein fjarstæða. Og með sama rétti má alveg eins og miklu frekar segja, að höfundal. og þær takmarkanir, sem þar eru lagðar á ritfrelsið — ef svo má segja —, á það að taka hugsanir annarra manna og afbaka þær, það sé óheimilt samkv. 67. gr. stjskr. En slíkt

getur engum dottið í hug um þessi rit heldur en önnur. Allra sízt finnst mér skiljanlegt, að þm. með sömu grundvallarskoðun eins og hv. flm. þessa frv., sem að sumu leyti réttilega telur, að engin verðmæti geti haft gildi nema því aðeins, að þau hafi þýðingu fyrir þjóðfélagsheildina, hann skuli hér vilja láta verðmæti þjóðarheildarinnar, sem eru fornritin, njóta minni verndar en verðmæti einstakra manna nú á dögum. Þetta væri skiljanlegt, ef hann mæti þjóðarheildina minna en einstaklinginn. En þar sem hann annars virðist meta þjóðarheildina meir, eða hann vill svo vera láta, þá er mér alveg óskiljanleg afstaða hans og sjónarmið í þessu máli.

Það er nú sannast bezt um þetta mál að segja, að það eru hlaupnar í það nokkrar öfgar og pólitísk togstreita, sem er nú ekki til þess að skýra fyrir mönnum meginatriði þess eða hjálpa mönnum til þess að komast að niðurstöðu í málinu. Út af fyrir sig vefengi ég ekki, að það vaki annað en gott fyrir hv. flm. og öðrum þeim, sem vilja með þessum hætti gefa fornritin út á annan veg en áður. Ég er ekki eins sannfærður um það og hv. þm. S.-Þ., að þetta sé allt í illu skyni gert og af glæpatilhneigingu þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli. (**JJ**: Það var einn möguleikinn). Það getur verið, að hv. þm. S.-Þ. þekki þetta betur en ég; þeir menn, sem hann setur þetta fram um, hafa verið hans andlegu fóstur og afkvæmi, og hann veit, hvað í hans skugga hefur þróazt. En ég vil ekki afgerandi telja, að það sé þetta, sem fyrir þessum mönnum vakir. Ég get hugsað mér, að þeir hafi ætlað sér að gera fornritin aðgengilegri til lestrar heldur en áður. Ef menn eru komnir á hættulegar villigötur, þótt í góðri meiningu sé, má ekki þola þeim að halda þar áfram til óbætanlegs tjóns, og það þótt slíkt hafi hent beztu menn með góðar og hreinar hugsanir.

Fyrir utan þá skemmd á fornritunum, sem ýmsir telja, að hér sé verið að vinna, og mér virðist jafngilda því, ef út yrðu gefnar eftirmyndir af listaverkum, lagaðar af viðvaningum og settar í „betri búning", — ef t. d. væru lagfærðar þannig myndir Kjarvals, Jóns Þorleifssonar, Gunnlaugs Schevings og fleiri þeirra, sem hv. 7. landsk. ber mest fyrir brjósti, — þá er verið að rýra samhengi tungu okkar, og bókmennta á hættulegan hátt. Íslendingar hafa löngum talið sér það helzt til ágætis, að þeir hafi varðveitt þetta samhengi órofið, tungan er nokkurn veginn óbreytt, þannig að okkur finnst sjálfsagt, að við getum lesið viðstöðulaust fornrit okkar eins og rit frá því fyrir 20 árum eða rit gefin út í dag, málið veldur litlum sem engum hindrunum. En hér er verið að greiða fyrir breytingum, sem yrðu örlagaríkar og geta orðið upphaf að algerum klofningi málsins í fornt mál, sem fæstir skildu, og nýtt mál. Það viljum við ekki, og þessi starfsemi fer einmitt af stað, þegar við þurfum að gera allt, sem unnt er, til þess að þjóðerni okkar glatist ekki í yfirstandandi hættu. Ég veit, að hv. flm. gengur ekki illt til í því efni. Hann er maður bókfróður og lætur sér í rauninni annt um íslenzkar bókmenntir. En hann og þeir, sem hann hefur gerzt málsvari fyrir, hafa komizt út á þá hálu braut, sem stöðva verður þá á, ef ekki á stórtjón af að hljótast.

Umr. frestað.

Á 87. fundi í Ed., 2. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég tók fram við 1. umr., að ég teldi heppilegra að breyta ákvæðum l. en að fella þau með öllu úr gildi.

Þegar þau l., sem hér um ræðir, voru samþ., var ég því andvígur, að þar væru sett þau ákvæði um stafsetningarskipun, sem í l. eru, og er ég sömu skoðunar enn. Hins vegar taldi ég fulla ástæðu til, að þess verði gætt, að fornritin verði ekki afbökuð, sem alltaf væri hætt við, ef hver og einn, sem það vill og hefur fjárráð til, gæti gefið þau út meira og minna breytt, eftir því sem honum sýndist. Ég taldi rétt að veita ríkinu einkarétt á að gefa þessi rit út, þar sem eigandi þeirra er auðvitað ekki til, þó að því tilskildu, að Fornritafélagið hefði leyfi til að halda sinni útgáfu áfram. Gerði ég þá auðvitað ráð fyrir, að stj. veitti ekki öðrum leyfi til að gefa þessi rit út en þeim, sem trúandi væri til að gera það með þeirri vandvirkni, sem þessum ritum er samboðin. Ég er sömu skoðunar enn, og ég tel, að það, sem gert hefur verið að þessari útgáfu upp á síðkastið, hafi sýnt, að full þörf sé á, að slík ákvæði séu sett í l. eða önnur hliðstæð. Nægir þar að benda á þá álitsgerð frá mætum og fróðum mönnum um þetta efni, sem fyrir liggur á þskj. 590 með nál. frá 2. minni hl. menntmn., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„A. Meðferð máls. Við samanburð á þessari útgáfu og útgáfu þeirri, er hún byggist á, kemur í ljós, að fjölmörgu því í máli, sem á engan hátt verður talið til stafsetningar, er breytt: a. Ýmiss konar breytingar eru gerðar á orðmyndum. b. Orðum er sleppt. c. Orðum er bætt inn. d. Skipt er um orð. e. Orðaröð er breytt. f. Bætt er inn heilum setningum eftir útgefandann.

Á fundi menntmn. hinn 22. þ. m. voru færð mörg dæmi þessu til sönnunar, og teljum við þarflaust að endurtaka þau hér, enda auðvelt hverjum þeim, er nennir, að ganga úr skugga um þau. Hins vegar viljum við taka fram, að við teljum allar þessar breytingar til skemmda á máli og stíl sögunnar.

B. Meðferð efnis. Meðferð sögunnar er á þá leið, að stórfelldar efnisbreytingar hafa verið gerðar á henni: a. Einstökum setningum er sleppt. b. Heilum köflum er sleppt, t. d. á einum stað 5 kapítulum. c. Einstakar setningar eru færðar til. d. Kaflar eru færðir til. e. Samdar eru setningar inn í textann, þar sem útgefanda hefur þótt nauðsyn til bera.

Allar þessar breytingar rýra stórlega efni sögunnar og breyta svip hennar, svo sem gerð var grein fyrir á fyrrnefndum fundi."

Hins vegar hafa þessir ágætu menn, Árni Pálsson, Sigurður Nordal og Björn Guðfinnsson, ýmislegt við l. sjálf að athuga.

Nú hef ég heyrt haldið fram, að það mundi

brjóta í bág við stjskr. að banna einstökum mönnum útgáfu slíkra rita. Ég skal ekkert fullyrða um slíkt, það tilheyrir dómstólunum og kemur sennilega fyrir hæstarétt, og tel ég rétt að bíða með að bera fram frv. um að fella l. úr gildi, meðan það er eigi útkljáð. Auk þess er, eins og fram er tekið í nál. 2. minni hl., ákveðið að láta fram fara undirbúning nýrrar löggjafar um rithöfundarétt og listvernd. Mér þykir sjálfsagt, að um leið og þau l. eru sett, verði tekin upp í þá löggjöf ákvæði, sem lúta að vernd fornrita og rétti manna til að gefa þau út og tryggja það, sem allir eru sammála um, að tryggja beri, að menn geti ekki eftir vilja og geðþótta afbakað þessi rit.

Páll Hermannsson: Það hafa orðið langar umr. um þetta mál, og er það að vísu ekkert undarlegt. Þegar um er að ræða fornbókmenntir okkar, þá er það ekkert hégómamál. Ýmsir halda fram, að það sé þeim að kenna eða þakka, að nokkur Íslendingur er til enn í dag.

Ég kvaddi mér aðallega hljóðs til að mótmæla tvennu af því, sem hv. flm. þessa frv. hefur sagt hér í d. fyrir tveimur eða þremur dögum. Hann segir í fyrsta lagi, að þessi lagasetning, sem hann vill nema úr gildi, hafi á sínum tíma verið sett hér á þ. sem hefndarráðstöfun gagnvart Halldóri Kiljan Laxness. Þessu mótmæli ég fyrir mitt leyti algerlega. Ég þykist alveg viss um, að margir af þeim, sem stóðu að þessari lagasetningu, kunni eins vel að meta það, sem Halldór Kiljan Laxness hefur sagt vel eins og aðrir menn og hafi enga löngun til að níðast neitt á honum.

Í öðru lagi sagði þessi sami hv. þm., að það kæmi þessu máli ekkert við, hvort gefnar væru út eða ekki óheppilegar útgáfur af fornritunum. Þessu vil ég líka alveg mótmæla. Ég álít, að það sé þetta, sem öllu máli skiptir, að fornritin, sem eru kannske eini dýrgripurinn, sem þjóðin á, séu aldrei gefin út nema í vönduðum útgáfum. Mér finnst, að það séu aðeins tvenns konar sjónarmið, sem þurfa að vera fyrir hendi, þegar þessi rit eru gefin út, og ekkert annað. Í fyrsta lagi, að útgáfan stuðli að því að halda í heiðri eins og vera ber þessum gullaldarbókmenntum okkar, stuðli að því, að á þær falli enginn blettur að óþörfu, og í öðru lagi, að Íslendingar geti framvegis sem hingað til sótt þangað hið andlega heilnæmi, sem þjóðin hefur áður notið sér til lífsviðurhalds.

Ég ætla mér ekki að fara neitt út í það frá lögfræðilegu sjónarmiði, hver sé raunverulegur eigandi þessara rita. Mér skilst, að þjóðin öll eigi þessi verk, eigi að vernda þau og beri skylda til þess.

Um þessa útgáfu, sem hér er um að ræða, skal ég ekki vera langorður. Ég álít, að í þessari útgáfu, sem kennd er við Halldór Kiljan Laxness, séu spjöll á sögunni, og má þá nærri geta, hvernig fara mundi, ef óbrotnir fúskarar færu eftirlitslaust að fást við þessi rit, því að það vita allir, að Halldór Kiljan Laxness er enginn meðalmaður í þessu efni. Sumt tel ég til svo mikilla skemmda, að ég tel undur, að það skuli hafa viljað til hjá honum, því að ég ætla honum ekki, að hann sé viljandi að spilla þessum verkum. Ég hygg, að þessi útgáfa hafi verið gefin út í gróðaskyni, sem aldrei má vera, og Halldór hafi kastað höndunum til hennar. Þessu til sönnunar vil ég nefna örlítið dæmi úr Hrafnkötlu, en skal ekki breyta hv. d. með löngum lestri, en aðeins nefna lítið dæmi til þess að sýna, hver munur er á, hversu með er farið.

Hrafnkelssaga segir frá Hrafnkeli freysgoða, sem er ungur atorkumaður, óvæginn, óbilgjarn og ónærgætinn við aðra. Loks rekur að því, að straumhvörf verða í lífi hans. Hann fellur á sjálfs sín bragði óþyrmilega. Hann er gerður sekur, sætir meiðslum og hrakningum og er rekinn burt af staðfestu sinni félaus og valdalaus. Á einum stað í sögunni kemur að því, að farið er að undirbúa þessi straumamót. Það er gert með því, að Hrafnkell ræður til sín mann. Hann verður honum að bana, að vísu sér þvert um geð, og á því fellur hann. Örlögin snúast gegn honum. Mér virðist höfundur sögunnar vanda sig við undirbúning þessara tímamóta. Ég skal nú lýsa, hvernig þetta er hjá Halldóri.

Ég byrja þá þar, sem Þorbjörn á Hóli, sem er fátækur ómagamaður, er að tala við Einar, elzta son sinn, og segir honum, að sér sé ekki lengur fært að hafa hann heima, þar sem systkin hans séu nú komin til vinnu, og verði hann því að leita sér annarrar vistar. Síðan stendur þannig í Hrafnkötluútgáfu Halldórs neðst á bls. 11 og efst á bls. 12, með leyfi hæstv. forseta:

„Einar svarar: Of seint hefur þú sagt mér til þessa, því að nú hafa allir ráðið sér vistir, þær sem beztar eru, en mér þykir þó illt að hafa úrvöl ein.

Tók Einar nú hest sinn og reið á Aðalból. Hrafnkell sat í stofu. Hann heilsar honum vel og glaðlega. Einar leitar vistar við Hrafnkel. Hann svarar:

Hví leitar þú þessa svo seint, því að ég mundi fyrr við þér tekið hafa."

Halldór segist fara eftir útgáfu Konráðs Gíslasonar frá 1847.

Sigurður Kristjánsson segist einnig fara eftir útgáfu Konráðs Gíslasonar frá 1847. Hjá honum er þessi kafli neðst á bls. 4 og efst á bls. 5, og hljóðar hann þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Einarr svarar: „Of síð hefir þú sagt mér til þessa, því at nú hafa allir ráðit sér vistir, þær sem beztar eru, enn mér þykir þó ilt at hafa af örvöl ein." Tók Einar nú hest sinn ok reið á Aðalból; Hrafnkell sat í stofu; hann heilsar honum vel ok glaðlega. Einarr leitar til vistar við Hrafnkel. Hann svarar: „Hví leitar þú þessa svá síð? Því at ek mynda við þér fyrstum tekit hafa. Enn nú hefi ek ráðit öllum hjónum mínum, nema til þeirrar einnar iðju, er þú mant eigi hafa vilja." Hverju munar hér? Hjá Halldóri er Hrafnkell látinn segja: Ég hefði tekið við þér, ef ég hefði haft eitthvað við þig að gera. — Hjá Sigurði segir hann: Ég hefði valið þig fremur öllum öðrum. — Hvernig stendur á, að hér kemur fram alveg tvennt? Höfundur Hrafnkelssögu er að búa menn undir þessi straumamót, þessa breytingu á örlögum Hrafnkels. Hann finnur, að hér er á ferðinni úrvalsmaður, sem snýr örlögum hans við. Þetta hverfur

burt hjá Halldóri. Hvers vegna? Það er af því, að þetta er venjulegur sóðaskapur. Hann hugsar ekkert út í, hvað hann er að fara með.

Fyrir svona meðferð vil ég vernda forritin. Hv. flm. segir, að nú séu svo miklir afturhaldsmenn á Alþ., að ekki sé hægt að búast við, að hægt sé að fá réttingu góðra mála, en það geti komið síðar. Ég spái engu um það. Mig grunar, að þegar á þ. sitja menn, sem ekki kæra sig um að vernda þessar gersemar þjóðarinnar, sem fornbókmenntirnar eru, ef það verður einhvern tíma, þá verði þess ekki langt að bíða, að lítið verði eftir af þeim.

Frsm. 2. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Þetta frv. var til umr. á þingfundi í gær, en ég fatlaðist frá og veit því ekki, hvernig þær umr. féllu. Það gerir kannske ekki mikið til, því að ef þær hafa verið í sömu tóntegund og fyrr, þá getur maður getið þar í eyðurnar.

Þegar ég var hér síðast við umr., þá var hér í undirbúningi brtt. við hina rökst. dagskrá, sem ég hef lagt til í nál. mínu, að réði hér niðurstöðu. Sem sagt, brtt. á þskj. 639 við þá rökst. dagskrá mína gefur bendingu í ákveðna átt, þ. e. a. s., að við endurskoðun skuli þess sérstaklega vera gætt, að komið verði í veg fyrir afbakaðar útgáfur af fornritunum. Þetta tóku þeir tveir hv. þm., sem fluttu þessa brtt., á sérstakan hátt fram, að þeir vildu, að stæði í dagskránni til sérstakrar hliðsjónar og ábendingar. Ég verð nú að segja, að svo langt sem þetta nær, þá get ég fyllilega verið því samþykkur, því að eitt af því, sem þörf er á í þessari endurskoðun, sem verður að fara fram með alvöru, til þess að öruggt verði, er þetta málsatriði, að ekki hvað sízt þar sé vel og fast, en hófsamlega þó að öllu farið hvað snertir útgáfu fornritanna, og sumir mundu vilja, og ekki svo fáir, segja að gefnu tilefni. En þegar maður lítur til þessa bréfs, sem menntmn. þessarar d. hefur borizt frá norrænufræðingum háskólans og prentað er hér á þskj. 59, þá þarf ekki meira en að lesa það álit þeirra lærðu manna lauslega yfir til þess að komast að niðurstöðu um það, að þeir telja, að hér sé ýmsum blöðum að fletta og það sé sem sé margs að gæta. Þar fara þeir orðum um báðar hliðar málsins, það, sem hefur þá reynslu, sem komin er á um lausbeizlaðar útgáfur fornritanna annars vegar og um lagasetningu þessu til hindrunar hins vegar, l. frá árinu 1941. Þeir líta á þetta hvort tveggja og segja, óbeinum orðum að vísu, en mér virðist þó, að þau verði ekki misskilin, að hvort tveggja þessi málsatriði þurfi gaumgæfilegrar endurskoðunar við. Frá þessu sjónarmiði og til þess að þurfa ekki að vitna til staða í bréfi háskólakennaranna, heldur treysta athugun þeirra og telja, að hún sé rétt, þá orðaði ég dagskrá mína vísvitandi eins og ég gerði, og annars vegar lét ég prenta í heild bréf háskólakennaranna, til þess að Alþ. gæti séð það og það væri á ótvíræðan hátt dokumenterað nú og til frambúðar og til nauðsynlegrar upplýsingar um, hvað þeim sýndist, enn fremur og ekki hvað sízt til þess, að þessi skráning á bréfi þeirra væri hæfilegur hemill, hæfileg binding gagnvart þeim lærðu mönnum sjálfum um frambúðarihlutun þeirra um þetta mál, ef þeir yrðu til kvaddir. Mér þótti það rétt og hentugt, hæfilegt og maklegt.

Ég sagði í upphafi máls míns nú um brtt. þeirra hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. N.-M., að mér þætti ekki nema réttlátt í alla staði, að eitt af þeim niðurstöðuatriðum, sem þar kæmu til greina með fullkominni gaumgæfni, væri einmitt það atriði, sem þeir á sérstakan hátt taka fram. Að því leyti hef ég sízt nokkurn skapaðan hlut við þá brtt. að athuga út af fyrir sig. En ég álít hins vegar vafasamt, hvort hún sé nauðsynleg eða verulega heppileg.

Setjum svo, að ríkisstj. fari eftir því, sem ætlazt er til af henni með þessari rökst. dagskrá, ef hún verður samþ. hér, þá tel ég nú, þegar maður lítur á bréf háskólakennaranna, að þar liggi alveg ákveðin bending fyrir um, hvað helzt þurfi að gera og framkvæma í þessari endurskoðun, þó að ekkert sérstakt misfelluatriði sé tekið út úr. Ég ætlast til þess, að þegar til þessarar endurskoðunar kemur, þá hljóti svo að fara, að ríkisstj. hver sem þar á hlut að máli sem ráðh., kveðji til þess hina allra fróðustu menn í norrænu, og þá verða fyrir okkur einmitt þau sömu nöfn og standa undir þessu margáminnzta og að ýmsu leyti merkilega bréfi, nöfn þessara háskólakennara í norrænum fræðum. Þeir eru búnir að segja skoðun sína, sem að ýmsu leyti er ótvíræð, og ég hef minnzt á, að eigi ekki að misþyrma fornritunum með handahófsútgáfum. Það verður ekki véfengt, að það er látið í ljós hér með þeim dæmum, sem þeir taka, að þeir telja, að lagasetningunni frá 1941 sé að ýmsu leyti ábótavant, og ég vil segja, að á þessu stigi málsins, áður en til þessa undirbúnings kemur, þurfi ekki framar vitnanna við. Ég verð því að segja það, að mér finnst, að málið sé á óbundnari og hentugri hátt afhent í hendur stj. með því að gefa engar sérbendingar aðrar en þessa rökst. dagskrá, en ef nokkuð væri, þá væri nokkru frekar en gert er í dagskrártill. minni bent í þá átt, að stj. tæki sér til ráðuneytis í þessum málum öllum hina fróðustu menn í þessum greinum. Ef hún ber nokkurt traust til þess, að þeir séu bæði lærðir, smekkvísir, hafi þekkingu á, hvað gera skuli í þessum efnum, varkárir og hafi ekki bundið sig á mjög hlutdrægan hátt, til þess að tilfinningarnar hlaupi þar ekki fram fyrir lærdóm og hyggjuvit, þá álít ég, að málið sé hvergi betur komið. Og með sérstakri hliðsjón til þess, sem einnig öllum er kunnugt, að þetta er talsvert hitamál og kappsmál í d., þar sem öndverð öfl eru að verki, hvorir með sinn málstað og sína þekkingu, en hér er hins vegar um að ræða bót til öryggis og velfarnaðar fyrir fornritaútgáfur okkar af hálfu þ. eftir þennan undirbúning, og þá álít ég, að sá undirbúningur allur nyti sín bezt með því, að málið væri lagt í hendur ríkisstj og fræðimannanna alveg hlutlaust og litlaust, en með þeim bendingum, sem reynslan er þegar búin að leggja á það, reynslan á útgáfu, sem hefur verið margumrædd, og þær ábendingar, sem eru gerðar hér af hendi háskólakennaranna.

Þegar ég las þessa nýju brtt., sem ég þarf ekki að endurtaka oftar, að ég tel hafa fullan

rétt á sér, svo langt sem hún nær, en tekur aðeins eitt atriði út úr, þá hefði mér verið næst skapi, ef hefði átt að breyta dagskrártill. á annað borð, að það hefði verið gert á þann hátt, sem ég vil leyfa mér, með samþykki hæstv. forseta, að skýra hér. Breyt. yrði þá á þá leið, að á eftir orðunum „frá 9. des. 1941“ í dagskrártill. minni komi inn í till. orðin: „þar sem kennarar við Háskóla Íslands í norrænum fræðum séu kvaddir til ráðuneytis“. Þetta er í samræmi við það, sem hefur verið talað um, að ef þessi dagskrá yrði samþ., þá skuli stj. við undirbúning þessara mála hafa kennarana við háskólann í norrænum fræðum sér til ráðuneytis. Með þessu tel ég, að því atriði, sem fram kemur í brtt. þeirra tveggja hv. þm. á þskj. 639, sé fullnægt, því að eins og kennaralið er nú við háskólann í norrænum fræðum, þá er þegar upplýst og skjalfest, að þessir kennarar telji nauðsynlegt að *stemma stigu fyrir handahófsútgáfum af fornritunum*, því að þeir hafa látið það ótvírætt í ljós í bréfi því, sem prentað er með nál. minu á þskj. 590. Sem sagt, norrænuháskólakennarar eru búnir að gera grein fyrir því af ráðnum hug, að þessa þurfi að gæta með varúð og einnig annarra atriða. Ég vil, að þeir séu teknir á orðinu um þetta atriði og önnur, sem nefnd eru í bréfinu, og efast ég ekki um, að þeir, svo lærðir borgarar, muni þar kannast við sína handskrift og gerðir.

Ég þarf svo ekki að *fara lengra út í þetta*. Ég tel, að d. sé hentugt að afgr. málið á þennan hátt, að hún gefi fulla bendingu um í krafti bréfs háskólakennaranna, hvers hún telji þörf, en segi það að öðru leyti hlutlaust, heimti niðurstöðu, en segi um leið, að ekki þurfi langt að leita eftir fræðimönnum, þeir séu þarna, og þar liggi ljóst fyrir, í hverju vilji þeirra sé fólginn.

Með þessum formála leyfi ég mér þá að leggja fram þessa brtt. við mína eigin dagskrá, sem eðlilega áréttingu um að herða nokkru betur á og búa betur um hnútana, bæði um það atriði, sem minnzt er á í sambandi við till. þeirra tveggja hv. þm., sem ég hef minnzt á, og einnig aðrar misfellur viðvíkjandi málefninu alhliða í samráði við háskólakennarana í íslenzkum fræðum og í samræmi við hið margumtalaða bréf þeirra.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. við hina rökst. dagskrá frá hv. 2. þm. Árn., sem hann hefur nú lýst. Þarf tvöföld afbrigði til þess, að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Kristinn Andrésson): Það er mjög ánægjulegt, hvað mikil þátttaka er í þessum umr. Þetta er þriðji dagurinn, sem þessar umr. standa yfir, og 1. umr. stóð í tvo daga.

Það er engin leið fyrir mig að svara nema nokkru af því, sem fram hefur komið við umr., vegna þess að þær hafa farið mjög á víð og dreif, og það er þannig með hv. þm. S.-Þ., að það vita allir hv. þm. í þessari d., að það er ekki hægt að taka hann eins og annan heilbrigðan mann, svo að það er gagnslaust að eltast við að svara honum, það er ekki hægt að líta á hann öðruvísi en sem sjúkling, og verður að taka hann þannig. Það er ekkert launungarmál, að þessi hv. þm. fylgdi því fyrr á árum, meðan hann var heilbrigðari en nú, að það ætti að vera nútímastafsetning á fornritunum, og það er engin tilviljun, að kennslubækur hans og allar tilvitnanir í fornritin eru með nútímastafsetningu.

Það er síður en svo, að það sé Halldór Kiljan Laxness, sem fyrstur kemur með það, að nauðsynlegt sé að glæða áhuga ungu kynslóðarinnar fyrir fornritunum og gefa þau út með nútímastafsetningu. Einn af þeim, sem fyrstur kvaddi sér hljóðs um það, var dr. Björn Bjarnarson frá Viðfirði, sá ágæti fræðimaður. Hann hefur skrifað hvasst um, hvílík fásinna væri að halda áfram þessum forna rithætti, þegar fornsögurnar væru gefnar út. Um leið og Laxdæla kom út, ritaði Arnór Sigurjónsson ýtarlega grein, þar sem hann gerði grein fyrir því, að hann ætti frumkvæðið að þessari útgáfu og hefði skotið þessari hugmynd af útgefandanum, svo að það er óþarfi að vera að binda þetta eingöngu við þessa útgáfu. Það eru margir ágætir fræðimenn og íslenzkumenn, sem hafa fordæmt að halda áfram að gefa út Íslendingasögurnar með þessari gömlu stafsetningu, jafnhliða því sem þessar sögur, þegar þær eru lesnar upp, eru auðvitað lesnar með nútímaframburði. Það les enginn ek, ok eða at, *heldur með þeim framburði, sem nú tíðkast, og* annað kemur ekki heldur til mála. Það er svo mikil fjarstæða að deila um svona atriði, að slíkt mundi ekki þekkjast nokkurs staðar í heiminum, að stafsetningaratriði séu margra daga deiluefni á þ. Að sumu leyti sýnir þetta þó hinn mikla áhuga, sem Íslendingar hafa fyrir bókmenntum.

Hv. 1. þm. N.-M. mótmælti því, að þegar þessi l. voru sett, hafi það verið gert sem hefndarráðstöfun gegn Halldóri Kiljan Laxness. Ég skal ekki rengja hann, að hann hafi greitt atkv. með þessari ómerkilegu lagasetningu án þess að hann vildi þar með hefna sín á Halldóri Laxness, en það vita allir, hver var upphafsmaðurinn að þessu og hver fékk þetta kast fyrir tveimur árum síðan. Það var hv. þm. S.-Þ., og það hefur sannarlega ekkert vakað fyrir honum annað en að koma fram hefndarráðstöfunum gagnvart útgefandanum. Það er ekki nema framhald af fyrri aðgerðum hans. Hann greip þetta tækifæri, þegar farið var að hefja æsingar í blöðunum út af þessari útgáfu, áður en hún var komin fram. Ég hygg, að hv. þm. hafi greitt atkv. með þessari lagasetningu án þess að hafa hugmynd um, hvernig þessi útgáfa var, heldur farið eingöngu eftir þessum ummælum blaðanna, og ég efast um, að margir hv. þm. séu farnir að lesa hana enn, þó að þeir tali um hana sem afbakaða útgáfu.

Ég get ekki farið ýtarlega út í, þegar talið barst að öðru efni, eins og Fornritaútgáfunni. Ég veit vel, að hv. þm. S.-Þ. vill eitt af menningarfyrirtækjum landsins feigt, og það er af persónulegum ástæðum, af því að hann komst í óvináttu við aðalframkvæmdastjóra þess, Sigurð Nordal. Ég hef áður bent á, hvílík fjarstæða það er, ef Menningarsjóður, sem hefur haldið þeirri reglu undanfarið að gefa almenningi bækur með fram-

lagi úr ríkissjóði, keppi við aðra ríkisútgáfu um útgáfu fornritanna, og einn úr stjórn Fornritafélagsins hefur sagt í mín eyru, að Fornritaútgáfan væri dauðadæmd, ef Menningarsjóður ætti að gefa ritin þannig út samtímis. (JJ: Hver var það?). Það var Sigurður Nordal. Hann sagði, að Fornritaútgáfan væri dauðadæmd, ef Menningarsjóður ætti þannig að gefa sömu rit samtímis út. Hugmynd þeirra, sem réðu í Menntamálaráði, var sú að gefa hverja sögu samtímis út af Menningarsjóði og hún kom út hjá Fornritaútgáfunni, með sömu skýringum, en svo voru þeir svo fávitrir að vilja láta sleppa formálunum, sem skrifaðir eru fyrir ritum Fornritaútgáfunnar, en setja nýja formála frá sjálfum sér, en sáu ekki, að það var ekki nein leið að ætla sér að nota skýringarnar, en sleppa formálanum, þar sem í skýringunum er oft vitnað til formálans. Auðvitað takast þessir samningar aldrei milli Fornritaútgáfunnar og Menningarsjóðs. En ef á að gera Fornritaútgáfuna að alþýðuútgáfu, þá á að styrkja Fornritafélagið til að gefa ritin út, en Menningarsjóður getur þar ekki komið til greina nema þá með dreifinguna. Þessari alþýðuútgáfu liggur ekki svo mjög á, en þó gæti hún farið að hefjast, af því að ýmsar bækur Fornritaútgáfunnar eru nú uppseldar, en vitanlega ætti alþýðuútgáfan að koma nokkuð á eftir, fylgja í kjölfarið.

Þá sagði hv. þm., að það væri mótsögn í því að segja, að Menningarsjóður gæti ekki gefið út fornsögurnar samhliða Fornritaútgáfunni, en halda jafnframt fram, að aðrir mættu gefa sögurnar út. Þetta er auðvitað allt annað mál. Hvaða frjáls útgáfa sem er frá einstaklingum getur aldrei gert Fornritaútgáfunni neitt tjón, því að hún byggist á frjálsri samkeppni við þær bækur. Öðru máli gegnir um Menningarsjóð, sem dreifir bókunum út svo að segja gefins.

Annars skal ég ekki tala langt mál um þetta. Það verður rætt síðar og kemur þessu máli ekki beinlínis við.

Ég mun ekki fara langt út í að svara hv. þm. Dal. Ég var í raun og veru búinn að svara honum fyrir fram, og var ekki nema eðlilegt, að hann væri hvassyrtur í gær, og hafði ég ekki nema ánægju af að hlusta á ræðu hans. Hann hefur samið hana allhnyttilega og komizt skemmtilega að orði að öðru leyti en innihaldið snerti og bar ekki vott um annað en þann barnaskap, sem virðist vera allútbreiddur í þessari d., þegar talað er um þessi mál. Ég mun síðar hafa næg tækifæri til að deila við þennan hv. þm., en það, sem ég vildi með ásökun minni í hans garð, var ekki nema að fletta ofan af þeirri hræsnisgrímu, sem sumir svokallaðir bókamenn bera á sér. Þeir eru viðkvæmir og uppvægir, ef talið berst að fornbókmenntunum, en eru svo hinir afturhaldssömustu, ef um nútímabókmenntir er að ræða. Ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum um þennan hv. þm. Ég vissi, að hann var bókamaður, en svo kemur í ljós, að hann er hinn afturhaldssamasti allra manna í þessum málum, þar sem hann hefur greitt atkv. á móti öllu, sem við kom rithöfundum og listamönnum. Hann greiddi atkvæði á móti, að rithöfundar og listamenn væru teknir inn í 18. gr., hann var á móti, að styrkur væri hækkaður til þeirra, og ég man ekki betur en hann greiddi atkv. á móti, að styrkurinn væri hækkaður til Fornritaútgáfunnar.

Ég verð að láta mörgu ósvarað, sem hér hefur komið fram, enda hafa margir hv. þm. verið með sömu hugsunina, sem hver hefur tekið upp eftir öðrum. Eitt er þó það, sem ég get ekki látið ósvarað, hið eilifa stagl, sem hér er um það, að útgáfa Halldórs Kiljan Laxness sé afbökuð útgáfa. Það er ekki svaravert, sem hv. þm. S.-Þ. segir, þar sem hann kallar hana skrílútgáfu og tæpitunguútgáfu. Það er óskiljanlegt, hvað slíkar öfgar um slíka útgáfu eiga að þýða. Hv. þm. Dal. segir, að þessi útgáfa sé öll skrumskæld að efni og máli. Hvað á svona lagað tal að þýða? Jafnvel svo greindur maður sem hv. 6. þm. Reykv., ég man ekki betur en hann talaði um þetta sem þjóðskemmdarstarfsemi, sem gæti verið nauðsynlegt að stöðva, áður en óbætanlegt tjón hlytist af. Mér er ómögulegt að skilja, hvert þessir hv. þm. eru að fara. Það er eins og maður sé hér kominn innan um börn í tossabekk. Ég skil ekki, að þeir hafi lesið útgáfu Laxness af Laxdælu, en þeir vitna í ummæli háskólakennaranna og þykjast vel hafa veitt. En mér er spurn: Hafa þeir ekki lesið útgáfuna sjálfir, eða treysta þeir því ekki, að þeir séu dómbærir á þetta sjálfir? Einn hv. þm., sem hefur ekki verið við þessa umr. hér fyrr, hv. 1. þm. Reykv., andmælti mjög þessum l., er þau voru sett, og hann sagði um útgáfu Laxness af Laxdælu, að sér hefði þótt hrein unun að lesa hana.

Þótt H. K. L. hefði skotið inn í söguna einstaka setningu, sem hann hefur alls ekki gert, nema þar, sem hann hefur fellt kafla úr henni, sem voru sögunni óviðkomandi, þótt hann hafi þannig með einni og einni setningu tengt aftur saman eftir slíkar úrfellingar, þá get ég ekki séð, að af því stafi neinn þjóðarvoði. Ég skil ekki í því, að H. K. L. sé neitt minni rithöfundur en höfundur Laxdælu, með allri virðingu fyrir honum. Það er vitað, að H. K. L. er einn með beztu rithöfundum, sem Ísland hefur átt, og þá ætti það ekki að vera nein þjóðskemmdarstarfsemi, þótt hann skyti einni og einni setningu inn í Laxdælu.

Þá ætla ég að svara örlítið hv. 2. þm. N.-M. Það, sem hann hafði mest við að athuga í ræðu minni, var það, að ég taldi hættulaust fyrir fornritin, þótt gefnar væru út af þeim lélegar útgáfur, — þær mundu dæma sig sjálfar. Hann las upp nokkra kafla úr Hrafnkels sögu og benti á, að nokkur meiningarmunur kæmi fram í útgáfum H. K. L. og Sigurðar Kristjánssonar af henni. Þetta er ekkert undarlegt, því að H. K. L. fór eftir allt annarri útgáfu en Sigurður Kristjánsson. Þetta sannar því ekkert. Hv. þm. ætti að vita það, að það eru til mörg og mismunandi handrit af flestum fornritunum, og milli þessara handrita verða fræðimenn að velja, þegar þeir gefa ritin út. Þeir fara þá jafnan eftir því handriti, sem þeir treysta bezt og stundum velja þeir sinn kaflann úr hverju handritinu. Handritunum ber alls ekki saman, og mönnum tekst sjaldan að finna, hvernig hinn upprunalegi texti sögunnar hefur verið. Það veit enginn, hvernig sögurnar hafa verið upphaflega, en fræðimenn

fara eftir því, sem þeir álíta réttast. Hér er því ekki um neinn sóðaskap að ræða. Útgáfa H. K. L. af Hrafnkötlu er prentuð orðrétt eftir handritinu, sem stuðzt er við, og aðeins breytt um stafsetningu. Það var heldur engin þörf að breyta þeirri sögu, vegna þess að hún er svo stutt og engum óviðkomandi köflum skotið inn í hana. Það eru ekki nema löngu sögurnar, sem þarf að stytta. Fram að þessu hafa engin þessara fornrita verið gefin út nema af málfræðingum, og þær útgáfur eru ærið misjafnar, enda eru málfræðingarnir misjafnir eins og aðrir. Það er sjálfsagt eins vel hægt að halda því fram, að sumar af þessum útgáfum séu skemmdarstarfsemi eins og útgáfa H. K. L. Það er t. d. maður, sem gefur út Grettissögu og heldur því fram í formálanum, að hver stafkrókur í sögunni sé sannleikur. Þessu til stuðnings segir hann, að víða um land hafi fundizt hellur, sem Grettir hafi tekið upp. Það má segja, að sá, sem gefur Grettissögu þannig út, hann vinni skemmdarstarfsemi, því að það er vitað, að margt í Grettissögu er skáldskapur, en ekki frásögn af sönnum viðburðum.

Ég er á alveg gagnstæðri skoðun við þessa hv. þm., sem hér hafa andmælt útgáfu Laxness af Laxdælu. Ég held því fram, að við megum vera þakklátir fyrir það, að einn af beztu listamönnum þjóðarinnar skuli nú vera farinn að gefa þessar sögur út sem listaverk, og með því að hafa nútíma stafsetningu á þeim vill hann gera þær aðgengilegri fyrir nútíma lesendur, svo að æskan í landinu njóti þeirra eins og þau hefðu verið skrifuð í dag. Það er því misskilningur hjá hv. 6. þm. Reykv. að halda því fram, að það sé andstætt við skilning manna á samhenginu milli nútímamáls og þess máls, sem sögurnar eru ritaðar á, að gefa þær út með nútímastafsetningu og það fjarlægi menn enn meira frá forntungunni. Ég held, að þetta sé alveg öfugt. Einmitt með því að gefa sögurnar út með nútímastafsetningu, þá sjá menn, að þetta eru ekki fjarlægar bókmenntir, heldur eru þær einmitt á sama máli og við tölum í dag. Ég er því hissa á þeim hv. þm., sem hér hafa talað, hvað þeir geta verið staurblindir í þessu máli.

Það er aðalatriðið, að Íslendingasögurnar eiga ekki að vera eins og dauður forngripur, heldur eiga þær að vera lifandi í lífi og menningu þjóðarinnar, og það geta þær fyrst orðið, ef þær fá að taka á sig nútímabúning og losna við hinn dauða svip málfræðinganna. Annars þarf ég ekki að vera langorður um þessa útgáfustarfsemi. Það er lagasetningin sjálf, sem hefur valdið því, að þetta frv. er komið fram. Þetta frv. fer fram á að afnema l., sem eru hin mesta fjarstæða og að mínum dómi hlægileg og bera vitni um algert skilningsleysi á því, sem um er að ræða. Hv. 6. þm. Reykv. taldi, að fram kæmi ósamræmi hjá mér, þar sem ég væri að berjast fyrir höfundarréttinum, en vildi hins vegar, að þessi löggjöf væri felld úr gildi, þannig að lögin mættu ekki taka til eldri rita. Þetta er alger misskilningur hjá hv. þm. Með því að vernda höfundaréttinn, sem er 50 ár, er verið að tryggja það, að höfundarnir ráði yfir verkum sínum og njóti ágóðans af þeim, meðan þeir lifa, en eftir þann tíma eru allar bækur í heiminum orðnar alþjóðleg eign og sameiginlegur menningararfur. Það er því fáránlegt að heyra hv. þm. Dal. tala um Laxdælu sem einhverja einkaeign Dalamanna. En það er hún ekki; Laxdæla er fyrir alla Íslendinga og fyrir allan heiminn, eins og öll „klassisk“ rit, sem komin eru frá rithöfundaréttinum. Þau eru þá orðin alheimseign, og við megum gera með þau hvað sem við viljum. Þannig er t. d. um rit Shakespeare's, grísku fornritin sem og öll önnur „klassisk“ verk. Allar menntaðar þjóðir líta á þau sem sameiginlegan menningararf allra þjóða, sem hver þjóð megi nota sér til hins ýtrasta, og á þessum skilningi byggist það, að það þekkist ekki hjá nokkurri þjóð löggjöf, sem helgar einhverri sérstakri þjóð rétt yfir verkum sínum að 50 árum liðnum frá útkomu þeirra. Af þessu leiðir, að íslenzka ríkið getur ekki tekið sér neinn rétt yfir fornritunum og lög um það geta aðeins tekið til Íslands eins og hljóta að verka hlægilega út á við. En hvernig stendur á þessum barnaskap hér á Alþ.? Það hefur nú upp á síðkastið komið upp mikil tilhneiging til ofstjórnar á öllum sviðum. Ef komið hefur út ný bók, þá hafa forráðamenn sumra flokka orðið hræddir, og ef á að koma út ný útgáfa af Íslendingasögunum, þá verða þeir hræddir. Ég held, að ég muni líka eftir hræðslunni, sem greip forráðamenn sumra stjórnmálaflokka, þegar það fréttist, að það ætti að koma út í 5 bindum rit um bókmenntir og sögu Íslendinga eftir Sigurð Nordal, prófessor í þessum fræðum við Háskóla Íslands. Þetta er nákvæmlega sama fyrirbrigðið og með Laxdælu. Þegar hún kom út, ruku þessir menn upp til handa og fóta og settu l. á Alþ. um að banna svona útgáfur af fornritunum. En hvernig stendur á þessu? Þetta er vegna þess, að fyrir þessu stendur maður, sem er ekki andlega heilbrigður, en það er hv. þm. S.-Þ. En það er furðulegast, að Alþ. skuli hlaupa eftir svona firrum í einum andlega sjúkum manni. Það er alveg stórhneykslanlegt fyrir alla þjóðina. Ef tímarnir hefðu verið aðrir, hefði svona ofstjórnarhneigð áreiðanlega breytzt í fasisma. Þá hefði fyrir löngu verið farið að banna ýmis rit og síðan að brenna þau, og ef hv. þm. S.-Þ. hefði verið einræðisherra hér, þá hefði hann ekki verið seinn á sér að halda bókabrennur hér. Það er líka hægt að ímynda sér jafnföngulegan mann og hv. þm. Dal. rogast með bækur úr safninu sínu til þess að láta brenna þær að boði Jónasar. Í þessu kemur fram vantraust á dómgreind manna. En ég er alveg hissa á því, að maður eins og hv. 3. landsk. skuli vera í flokki með þessum mönnum og halda því fram, að hér eigi að vera lagasetning um þetta. Það er eins og menn álíti, að Íslendingar séu einhverjir skrælingjar og það þurfi að hafa vit fyrir þeim. Það er eins og þeir hafi enga dómgreind og að þeir gerspillist svo af því að lesa þessa umræddu útgáfu, að þeir gleymi alveg frumritunum sjálfum. Ég er viss um það, að íslenzka þjóðin er dómbærari á þetta heldur en þeir hv. þm., sem hér hafa talað á móti þessu frv. Það, sem ég hef fyrst og fremst að setja út á þessa lagasetningu, er það, að hún er hlægileg og þekkist hvergi meðal siðaðra þjóða. Ég hlýt því og að

mótmæla af sömu ástæðu brtt. frá þeim hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. N.-M., sem á að tryggja það, að komið verði í veg fyrir afbakaðar útgáfur af fornritunum. Þessi brtt. sýnir aðeins, hvílíkir skelfingar tossar þessir hv. þm. geta verið, og þetta er í samræmi við það, sem þeir halda fram, að útgáfa H. K. L. af Laxdælu sé afbökuð, en hún er það alls ekki. En þar sem svo margir hafa talað hér um þetta mál og haft sama skilning á þessu og hv. 6. þm. Reykv., þá get ég ekki skilið, að það sé af illum hvötum runnið hjá þeim öllum, heldur mun það vera af því, að þeir hafa svo þröngt sjónarmið. Þeir eru komnir inn í þröngan kút, sem þeir geta ekki brotið af sér. Þeir eru eins og hv. þm. Dal. Það er einhver skel utan á honum, sem hann getur ekki brotizt út úr.

Ég verð að virða það við hv. 6. þm. Reykv., að hann talaði þó eingöngu um málið, og það vottaði ofurlitið fyrir skilningi hjá honum. Hann er líkastur fugli, sem ekki hefur enn brotið af sér skurnið, en ég get trúað því, að hann eigi það eftir og verði fleygur síðar, enda á hann til þeirra að telja, sem hafa verið dómbærir á þessi mál, en það má segja Benedikt Sveinssyni til maklegs lofs, að þær Íslendingasögur, sem hann hefur séð um útgáfu á, hafa verið við almenningshæfi. Það er munur eða hjá Fornritafélaginu, þar sem t. d. er notað tvenns konar æ og stundum hafður broddur undir ö, en fæstir vita, hvað þetta á að tákna. (ÞÞ: Það var þó Nordal, sem réð um krullurnar). Já, en Nordal hefur ekki látið sér detta í hug, að þessi útgáfa ætti að vera fyrir almenning, heldur fyrir menn í æðri skólum og útlenda fræðimenn, sem vilja kynna sér þessi fræði.

Hv. 6. þm. Reykv. fann að því, að ég skyldi ekki vilja bíða eftir dómi hæstaréttar í Hrafnkötlumálinu, en að mínum dómi gera þessi lagaboð kennslumrh. að nokkurs konar dómstól í landinu. Ég veit það líka, að hæstiréttur er ekki mjög gjarn á það að vísa málum frá vegna þess, að þau stríði á móti stjskr., og það gæti hugsazt, að í dómi hæstaréttar í þessu máli væri ekkert sagt um það, hvort þessi l. væru réttmæt eða ekki. Ég hef talað um þetta við einn hæstaréttardómarann, og hann sagðist ekki vita, hvort svona l. héldu eða ekki, en það hefði ekki átt að setja svona l. (JJ: Er nú þessi hv. þm. farinn að „agitera" í hæstaréttardómurum líka?). Ég hef nú haldið, að það mætti tala við þá eins og aðra menn. En ef til vill verður næst fundið upp á því að setja lög, sem banna mönnum að tala við hæstaréttardómara. Það væri ekki vitlausara en margt annað, sem hv. þm. S.-Þ. hefur komið fram með. Ég held einmitt, að Alþ. ætti að sjá sóma sinn í því að afnema þessi l. nú þegar og bíða ekki eftir úrskurði hæstaréttar, en þessi l. eru bæði hneykslanleg og hlægileg. Eða hvernig halda menn, að yrði litið á það erlendis, ef það fréttist, að einn bezti rithöfundur þjóðarinnar, sem hefur þekkt nafn erlendis, væri dæmdur í fangelsi fyrir stafsetningu?

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Ég hef verið fjarstaddur í nokkra daga og því ekki getað fylgzt með gangi málanna. En mér hefur verið sagt, að hér hafi staðið mikil Heljarslóðarorrusta eða orrusta á Bolavöllum um þetta mál.

Þegar þetta Alþ. er búið að sitja í 102 daga, ætlar það að fara að setja þessa undrarófu á halann á sjálfu sér.

Þetta Alþ. er merkilegt fyrir ýmislegt, meðal annars það, að því tókst ekki að mynda stjórn.

Þeir sýnast ætla að standa með þessum lögum, sem ekki treysta Íslendingasögunum til að lifa. Þær eru nú orðnar 6 til 7 hundruð ára. Þær hafa verið skrifaðar, og þær hafa verið afbakaðar. Ég hef lesið sýnishorn, sem sýna það, að Íslendingar hafa leyft sér að skrifa þær upp. — Þannig eru þær þá komnar fram á okkar daga. Þær hafa farið út um heim, og held ég, að þær hafi aldrei vakið annað en athygli. Og alltaf hafa þær verið án verndar Alþ. En nú rís Alþ. allt í einu upp eins og þeim sé voði búinn, ef ekki eru allt í einu sett lög um útgáfu þeirra. Mun það vera ný útgáfa á Laxdælu, sem kemur svona illa við þetta hálfdeyjandi Alþ. Nú riði á að þjóta til og teikna mynd. Mætti hugsa sér skopteikningu, þar sem annars vegar væru Íslendingasögurnar, en Alþ. 1942 og 1943 hins vegar.

Hið raunverulega ástand meðal hv. þm. kemur fram í n., sem fjallaði um málið. Hún er þriklofin. Einn vill fella frv., annar samþykkja það og sá þriðji afgreiða það með rökst. dagskrá. Nú er komin brtt. við rökstuddu dagskrána.

Ef Alþ. verður að slíta, áður en það getur myndað stj., er þó gott, að það gæti stutt Íslendingasögurnar. Ég vil hafa útgáfu þeirra frjálsa. Ég hef aldrei hitt svo ofstækisfullan mann, að hann vildi banna að gefa biblíuna út í styttri útgáfu. Við höfum gefið út biblíukjarna og biblíusögur. Ef biblían þykir of löng, er hún bara gefin út í styttri útgáfu. Allt nútímamál er þýðing á eldra máli. Aðalatriðið er að koma sögunum til fólksins á því máli, sem það skilur.

Þetta mál hefur sætt allmikilli gagnrýni í sambandi við útgáfu Kiljans á Íslendingasögum. Ég verð að segja það, að mér finnst Alþ. hafa traust á sér, ef það ætlar að leyfa sér slíkt sem framkomu sína í þessu máli. Ef það ætlar að hlíðra sér hjá stóru málunum, en heyja Heljarslóðarorrustu dag eftir dag bara til þess að komast hjá því að afnema önnur eins lög og þessi eru.

Ég hef aðeins heyrt ræðu hv. 7. landsk., sem er sá eini hér, sem vit hefur á þessum efnum og er þeim kunnugur. Auk þess veit hann um skipan svona mála handan við hafið. Gæti ég vel fylgt honum að málum.

Alveg eins og það er sannfæring mín, að Alþ. gerir sér og þjóðinni óvirðingu með þessari framkomu sinni, álít ég, að það eigi að þvo þennan leiðinlega blett af sér.

Ég lít svo á, að Íslendingasögurnar séu ekki aðeins fyrir Íslendinga, heldur alþjóðaeign. Bækur taka alltaf talsverðri breytingu í þýðingu. Ég býst við, að til sé bragðdauf þýðing t. d. á Odysseifskviðu, en það hefur ekkert að segja. Ef þjóðin er á annað borð svo úr lagi færð, að hún meti meira það, sem úr lagi er fært, þá verður svo að vera. Þótt kapítular eða setningar séu felldar úr, gerir það ekkert. Það, sem mestu skiptir, er efnið sem heild.

Skal ég ekki orðlengja þetta miklu meira. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni á sínum tíma.

Ég gæti bezt trúað því, að Laxdæla í hinni nýju útgáfu lifði lengi. Af lestri hennar í nýju útgáfunni hafði ég mikinn unað. Það dró ekkert úr unaðinum, þótt felldir væru úr henni nokkrir kaflar, sem trufla söguþráðinn. Ég hef rætt við lærða menn, sem talið hafa nauðsynlegt að fá stytta útgáfu af Sturlungasögu. Úr henni þyrfti að fella margt, svo að hún yrði aðgengilegri. Fann ég vel til þess, að þetta var rétt athugað, eftir að ég hafði lesið Kristínu Lavransdóttur. (**BBen:** Heldur þm., að Sturlunga sé sögulegur róman?) Hún er allt frá því að vera sögulegur róman og til þess að vera heimildarrit um sögu þess tíma, sem hún tekur yfir. En mér dettur ekki í hug að trúa því, að allt séu staðreyndir, sem hún fer með.

Alþ. 1942 og 1943 er stóri bróðir, sem ætlar að vernda þessa litlu systur.

Ég vil gera þá grein fyrir mínu atkv., að ég ber fullt traust til Íslendingasagna og greiði atkv. með frv.

Ég gæti út af fyrir sig stutt það, sem miðminnihlutinn ber fram, en með dagskránni gæti ég ekki greitt atkv., og er það undarlegt, að Alþ. skuli að langmestu leyti hafa fallizt á þetta. Þetta mál á að vera óháð flokkum. Ef við getum ekki staðið lagalausir á þessu sviði, hvernig getum við það þá á öðrum?

Ég hef traust á framtaki einstaklingsins og hæfni. Reynslan hefur sýnt, að menn, sem yfir miklum hæfileikum búa, rétta sig af, þótt eitthvað á bjáti fyrir þeim.

Við skyldum sjá, ef komnar væru út nokkrar sóðalegar útgáfur af Íslendingasögunum, hvort þær sönnuðu ekki tilverurétt sinn. Óttinn við þetta fyrirbrigði mundi fá menn til þess að hrökkva við og búast til varnar, eins og hv. þm. S.-Þ. sagði.

Íslendingasögunum er alveg áreiðanlega óhætt, og ég vildi óska, að Alþ. væri eins óhætt.

Páll Hermannsson: Herra forseti. — Ég var farinn að finna til þess, að hér var mikill liðsmunur. Nokkuð margir voru á móti hv. 7. landsk. einum, þar til hann fékk sálusorgarann í lið með sér. Sálusorgarinn hélt sem næst því klukkutíma ræðu og gaf yfirlýsingu um fylgi sitt við hv. 7. landsk.

Mér skildist á hv. 7. landsk., að mismunur á stafsetningu fornrita stafaði af mismunandi útgáfum og könnun handrita hafi verið gerð til að samræma og bera saman hin ýmsu handrit. En ég vil leyfa mér að efast um, að handritakönnun hafi farið fram, — ég efa það stórlega. Skal ég í því sambandi benda á formála H. K. L. að Hrafnkötluútgáfunni.

Hann byrjar svona, með leyfi hæstv. forseta: „Hrafnkatla er hér með örfáum undantekningum prentuð samkvæmt hinni sigildu útgáfu Konráðs Gíslasonar, Kaupmannahöfn 1847, og færð *til lögboðinnar stafsetningar íslenzka ríkisins*."

Ég trúi því varla, ef þessar „örfáu undantekningar" styddust við handritarannsóknir, að þess væri ekki getið. Lítum á formála útgáfu Sigurðar Kristjánssonar. Þar segir:

„Hrafnkels saga freysgoða er hér prentuð eftir útgáfu Konráðs Gíslasonar, Khöfn 1847. — Auk þess hefur verið haft til samanburðar eftirrit af sögunni, sem séra Þorleifur Jónsson á Skinnastöðum hefur ritað með samanburði handrita og ætlað til prentunar, en það virðist alveg samhljóða útgáfu Konráðs Gíslasonar." (**KA:** Þm. er óhætt að trúa því, að það er mikill orðamunur á þessum tveimur útgáfum). Ég held mér við það, sem formálinn segir beinum orðum, meðan annað er ekki sannað. Sá orðamunur, sem er milli Hrafnkötluútg. og útg. Sig. Kr., hlýtur að mestu að stafa af óvandvirkni. Ég dreg ekki í efa, að H. K. L. hafi vit á íslenzku máli, en í þessum formála hans eru villur, sem hvert fermingarbarn ætti að geta leiðrétt, og það gefur lélega hugmynd um vandvirknina. Það getur vel verið, að málið sé hv. 7. landsk. kunnara en mér, en hann á þá eftir að sannfæra mig um það.

Haraldur Guðmundsson: Ég ætla ekki að fara að styðja pýramídann, hv. 5. þm. Reykv. (BrB) þarf ekkert að óttast það. Um stafsetningarmálið tel ég fjarstæðu að deila hér. Hv. 7. landsk. (KA) var farinn að gerast gunnreifur áðan, saka menn um dómgreindarleysi og því um líkt, — ef honum er að því andlegur styrkur, er honum það ekki of gott. Hann telur, að ekki eigi að skipta sér af, hvernig sögurnar eru út gefnar, heldur eftirláta smekk og dómgreind almenn*ings að skilja milli góðs og lélegs.* Látum svo vera, að almenningur verði að vera fær um það og geri það, en það dregur ekkert úr ábyrgð útgefenda. Þess verður að krefjast af útgefendum, að þeir segi satt um vinnubrögð sín. Það á ekki að sleppa köflum úr sögu, semja inn í hana málsgreinar í staðinn og breyta nema segja frá því. Hvað mundi hv. 7. landsk. segja, ef ég tæki t. d. Sölku Völku og endursemdi hana þannig? Segjum, að ég væri svo ritsnjall maður, að ég gæti betrumbætt hana, en aðrir, sem tækju upp á því sama, skemmdu hana. Væri þá rétt að leyfa að breyta þeirri sögu? Ég segi nei. Og ég álít enga þörf að eyðileggja réttar skoðanir fólks á fornsögunum með því að gefa þær út breyttar, jafnvel þótt listarávinningur væri hugsanlegur í einstöku tilfellum. Breytingar á þeim nálgast mjög að vera ritfals. Úr því að bannað er með lögum að breyta ritum höfunda, sem eigi eru látnir fyrir lengri tíma en 50 árum, er full þörf að vernda eigi síður fornritin. Breytingarnar á Laxdælu eru víti til varnaðar. Það er fullkomin ástæða til að banna slíkt.

Frsm. 3. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég held mér hafi dottið í hug oftar en einu sinni áðan mynd af einum dýrlingi heilagrar kirkju, sankti Sebastian, þá er hann lét líf sitt gegnstunginn ótal örvum, sem hittu hann kviknakinn. Ég mæltist til þess við hv. 1. þm. Reykv. (MJ), sem er kunnur píslarvottafræðum og málari allgóður, að hann gerði mynd af þessum píslarvotti deildar*innar, 7. landsk., eins og hann leit út, er spjótin* stóðu þannig hvaðanæva á honum og örvarnar. Í ræðu hv. þm. Dal. (ÞÞ) kom annars fram sú samlíking um þennan fylgihnött minn, sem er að vísu ekki kominn á þ. á atkv. úr Þingeyjar-

sýslu og hefur þar helzt fáein atkv. á Húsavík, að hann væri eins konar Húsavíkurlalli, og gefur það ekki ranga hugmynd um þessa persónu.

Hv. 1. þm. Reykv. kvaðst ekki hafa á móti, að gefnar væru út sem sóðalegastar útgáfur af sögunum, svo að almenningi blöskraði og fengi maklega óbeit á slíkri útgáfustarfsemi. Þetta byggist á misskilningi, sem mig furðar á hjá manni, sem að uppeldi mentamanna hefur starfað. Það sagði mér maður, sem kenndi íslenzku á Akureyri, að í auglýsingu, sem nemendur hans gengu daglega hjá, var villa, og eftir nokkurn tíma fóru sumir þeirra að stafa þetta orð rangt. Við að horfa á það gleymdu þeir, hvernig orðið átti að vera. Kennarinn fór þess á leit við þann, sem verzluninni réð, að hann stafsetti orðið rétt, því að það væri farið að sýkja nemendur. Allir, sem fást við uppeldi, vita, hve skakka myndin getur setzt föst í unglingunum.

Ég ætla að minna 7. landsk. á, að hann mun nýlega hafa fengið í flokk sinn nokkuð nafnkunnan mann, sem heitir Arthúr Alexander. Hann hefur haft það starf fyrir ríkið að líta eftir, að smjörlíki hér í bænum væri ósvikið. Hann hefur farið með sýnishorn af því suður í rannsóknarstofu háskólans og fengið um þau sínar niðurstöður. (KA: Er komið nýtt mál á dagskrá, herra forseti?). Ef þörf er að líta eftir, að smjörlíki, sem Ragnar í Smára framleiðir, sé ætt, er full þörf að líta eftir, að bækur, sem hann gefur út, séu ekki tiltölulega skaðlegri andleg fæða. Hvert blað, sem út kemur, á að hafa legið á borði lögreglustjóra, svo að hann aðgæti, hvort það sé holl fæða handa almenningi, og geti bannað það, áður en það er borið út meðal kaupenda. Þó að vanrækt sé að framfylgja lögum, í þessum efnum, eru þetta lög og þau nauðsynleg.

Það er meira en ég verðskulda, þegar 7. landsk. heldur, að ég sé frumkvöðull að verndarlöggjöf fornritanna. Það mun hafa verið Árni Jónsson frá Múla, sem fyrstur vaknaði til viðnáms með grein í Vísi, en ég varð þar lærisveinn Árna. Mér virðist raunar hvorki einn né annar hafa skapað þá sannfæring, sem kom fram almennt með þm., þegar þeir samþ. þessa löggjöf, og mun nú koma fram við samþykkt dagskrár, sem heimtar, að á henni sé hert, ef með þarf.

Fyrir rúmum tveim tugum ára var uppi mikil viðleitni að breyta nöfnum manna, taka upp ættarnöfn. Bjarni frá Vogi og nokkrir menn aðrir risu þá gegn straumnum og komu á verndarlögum, sem bönnuðu að taka upp ný ættarnöfn, og þau verndarlög hafa haldið. Þorgerður Egilsdóttir fengi ekki að heita fröken Borg, ef hún væri til okkar komin, heldur yrði að kenna sig við föður sinn. Þetta var sama undanhaldið og nú frá þjóðlegri stefnu, og tókst að stöðva það. Nú veit ég, að tekst að stöðva einnig þetta undanhald í meðferð fornsagnanna. Það fæst ekki framar að gefa þær út afbakaðar.

Það hefur vakið eftirtekt, að prófessor sá, sem stendur að Arfi Íslendinga, skyldi ekki gefa bók sína út t. d. á vegum háskólans, ef hún mætti verða þar til sóma, líkt og aðrir prófessorar hafa gert, heldur lætur hann þetta verða fylgirit með nærri því ómerkilegasta tímariti, sem til er í landinu. Það þykir óviðkunnanlegt, að prófessor, sem er nokkurn veginn hlutlaus maður, skuli hafa gert aðalbók ævi sinnar að útbreiðsluriti fyrir tímarit, sem er níðrit um bændur og allan landbúnað og hefur hlotið fyrir það almennt hatur og fyrirlitningu. Það kemur að vísu Sigurði Nordal einum við, hvað hann verðsetur sig hátt. En það hefur vakið undrun, að hann skuli leggja lag sitt við annan eins lýð og H. K. L. og hans sálufélagar eru, en greinar þess skálds eru hreinasta náma fyrir alla þá, sem vilja svívirða kommúnista með því að bregða upp fyrir almenningi sýnishornum þeirra, — svo saurugt og andstyggilegt er t. d. það, sem hann ritar um landbúnaðinn. 7. landsk. hefur gert meistara sínum, Sigurði Nordal, lítinn greiða með því að ljósta því upp, að hann hafi sagt, að það væri sama og að drepa Fornritaútgáfuna, ef það skipulag á dreifingu ritanna kemst á, sem Jón Ásbjörnsson, forseti Fornritafél., hefur sagt, að verða mundi hið þjóðnýtasta og gagnlegasta. Fornritaútgáfunni hefur ekki tekizt að koma sinni útgáfu inn á heimilin til muna utan Reykjavíkur, í mörgum héruðum er nær ekkert til af henni, hún hefur þess vegna ekki haft æskilega þýðingu fyrir þróun menntalífs í landinu. Boð Menningarsjóðs að borga helming hinnar andlegu vinnu við útgáfuna og sjá svo um dreifingu var að dómi Jóns Ásbjörnssonar gott boð og skipulagið heilbrigt, og ekki er hægt að sjá, hverju það spillti, þótt t. d. Egla, sem gefin var út fyrir 10 árum og er uppseld, væri send í endurnýjaðri útgáfu á heimilin, sem hafa hana ekki. Það nær engri átt að hindra, að góðar útgáfur komist inn á heimilin. Eftir því, sem H. K. L. segir, hefur Sigurður Nordal verið hlynntur Laxdæluútgáfu hans og ætti að hafa óskað, að sú útgáfa kæmist inn á heimilin. Hér er það hróplega ósamræmi á milli, að ég, sem hef þekkt Sigurð Nordal, hygg, að 7. landsk. segi ósatt frá ummælum hans. En komi það í ljós, að hann hermi þau rétt og þar sé afstaða Fornritafélagsins, erum við lausir allra mála við félagið. Samtímis því sem flokkur kommúnista virðist leggja á það mikið kapp að koma sögunum inn á heimilin í spilltum útgáfum, verða þá sett mikil öfl í hreyfingu til að veita alþjóð sögurnar í sambærilegum búningi við hina vinsælu Heimskringluútgáfu Norðmanna. Sigurður Nordal getur setið á sínum stað við að skrifa Arf Íslendinga, og getuleysi Fornritafélagsins við að koma útgáfunni á heimilin er þá hreinn ósigur, eins og þegar menn tapa leik.

Eins og ég hef þegar tekið fram, má eitt af þessum umr. læra, og það hefur bezt kennt okkur hv. 7. landsk. með sínu dæmalausa tali, og það er að búa enn tryggilegar að þessu máli en verið hefur, svo að ekki þurfi að endurtaka sig önnur eins smán og átt hefur sér stað með þessari seinustu útgáfu á Laxdælasögu og Hrafnkelssögu, þar sem um afbökun þessara gullbókmennta vorra er að ræða.

Umr. frestað.

Á 88. fundi í Ed., 5. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Það hafa farið fram langar umr. um þetta mál, og þingið hefur

eytt fleiri dögum í það. Ég hef setið hér þolinmóður og hlustað, en ummæli fyrrv. hv. 1. þm. Reykv. gáfu mér tilefni til þess að segja nokkur orð. Hann sagði, að **þetta þing**, þetta **hálfdeyjandi** þ., sem ekki gæti komið sér saman um stóru málin, væri að eyða tíma í þetta litla mál.

Mér finnst það ekki sitja á þessum hv. þm., sem setið hefur á Alþ. í mörg ár og átt sæti í stjórn landsins, að gerast fylgjandi þeirra, sem kasta hnútum að þ. á þessum tíma. Og því má ekki vera ósvarað. Hann veit, að það er m. a. af því að ekki er hægt að segja allan sannleikann, að þ. verður nú að þola, að því sé álasað. Hann veit, að þegar allur sannleikurinn verður sagður, þá skilur þjóðin, við hve mikla erfiðleika þ. hefur átt að etja.

Annars vil ég snúa mér að meðferð þessa máls. Ég vil benda á, hvernig það er undirbúið, svo að við, sem ekki viljum ræða það, getum betur gert okkur grein fyrir því, hvernig við viljum greiða atkv. Ég hef komizt að þeirri niðurstöðu, að málið muni hafa verið sent til menntmn. 11. jan. Síðasti fundur í n. var haldinn 5. febr. Svo skeður það merkilega í málinu, að 2 nm., form. og frsm., gefa út sameiginlegt nál. 5. marz, eða mánuði eftir að síðasti fundur er haldinn í n., og án þess að halda fund sjálfir.

Á þskj. 575 kemur líka fram, að fundur hefur ekki verið haldinn í menntmn. síðan 5. febr. Svo er ekkert gert, þar til frsm. leggur fram sérstakt nál. og gleymir þá sameiginlega nál. frá 5. marz. Þetta síðara nál. er á þskj. 575 og dags. 19. marz. Þá kemur form. n. fram með annað nál., dags. 22. marz, og loks kemur 3. nál., dags. 24. marz, frá 3. nm. Þessi nál. semja þeir hver um sig án þess að tala saman. Ef þessir hv. nm. ætlast til þess, að þessi hv. d. geti skapað sér skoðun á málinu, án þess að það sé betur undirbúið, þá finnst mér það benda til þess eins, að það þurfi að skipta um menn í n. og láta málið fara til baka í n.

Sjálfur frsm. hefur farið í gegnum sjálfan sig í nál. og líka í ræðum sínum. Sannleikurinn er sá, að frv. byggist upphaflega á flokkshatri. Og svo er öll meðferð málsins í n. eftir því, eins og von er, því að a. m. k. tveir nm. geta ekki fengið sig til að sitja við sama borðið og ræða málið og leggja til hliðar persónulegar óvildir á meðan. Hér í þessari hv. d. hefur flm. kastað fram alls konar staðhæfingum og óvirðulegum orðum að öllum, sem hér hafa setið. Það er raunverulega það eina, sem maður getur séð, að þetta frv. eigi að þýða, — að nota það til að óvirða pólitíska andstæðinga, persónlega andstæðinga og hv. d. Hv. 1. þm. Reykv. fannst sjálfsagt, að menn fylgdu hv. flm. að málum, af því að hann hefði svo mikið vit á bókmenntum, en mér finnst, að það ætti að vísa málinu til baka til nefndar.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. — Það er rétt, sem hv. þm. Barð. hefur sagt, að umr. um þetta mál hafa orðið langar, og þakkast þolinmæði þeirra, sem lagt hafa á sig að hlusta, en eru fáorðir sjálfir. Ég stend upp af því, að mér fannst hálfgerðar sakir vera bornar á mig af hv. 7. landsk. um, að ég hefði með samningagerð svikið þann félagsskap, sem ég var meðlimur í. Þegar ég afsannaði það, sagði hann, að ég hefði lagt á móti styrkjum til Fornritafélagsins. Aðrir, sem hafa unnið með mér, geta borið á móti því. Ég hef þvert á móti reynt að styðja, að það fái sem mesta styrki. Þetta verð ég að leggja fram. Ég get ekki unað því, að borið sé upp á mig, að ég sé að gera trafala og ég sitji á svikráðum við þá, sem ég er skuldbundinn að styðja.

Ég verð að segja, að mér nærri því kom á óvart sú umsögn hv. 1. þm. Reykv. um hv. 7. landsk., að það væri hann, sem ætti að vera bókmenntaljósið hér í hv. d. og hann legði meira upp úr því, sem hann segði, en allir hinir. Hann sagði, að hann hefði svo mikla æfingu í að lesa handrit. Ég efast um, að hann sé nokkuð betri við það en aðrir. Það er vafasamt, ef hann og hv. 1. þm. Reykv. færu í samkeppni, að hann bæri sigur úr býtum. Hann var að tala um, að það væri engin goðgá, þótt stytt væri eða breytt útgáfum Íslendingasagna. Það hefði meira að segja átt sér stað með biblíuna. Kannske hann vilji, að Halldór Kiljan Laxness sé fenginn til að gera nýja útgálu af biblíunni, sem hann gæti svo haft til kennslu í guðfræðideild háskólans. Og nú á að byrja á Njálu. Honum þótti hart, að við værum að tala um þetta sem héraðssögu. Þetta væri orðið eign alls heimsins. Það er nokkuð til í því, að almenningur út um heim hefur aðgang að því að lesa Íslendingasögurnar, en sögurnar eru samt bundnar meira eða minna við héraðið sjálft. Þeir, sem vilja skilja þær bezt, ferðast um héruðin, þar sem sögurnar hafa gerzt, til þess að kynnast öllum staðháttum. Og fyrst og fremst er það héraðið, sem á að hafa áhuga fyrir sinni sögu. Það var fyrirboði þess, sem kom á eftir frá hv. 1. þm. Reykv., þegar hv. flm. var að tala um það, að hér sætum við eins og í tossabekk, en hann væri sá eini, sem eitthvað vissi. En það ber ekki vott um neinn sérstakan skilning eða ást á bókmenntum, að hann skuli standa með því, að gefnar séu út brenglaðar og aflagaðar útgáfur af Íslendingasögunum. — Ég hef svo ekki þessi orð fleiri. Það var aðallega það, sem ég vildi taka fram, að ég hef ekki brugðizt þeim félagsskap, sem ég átti að styðja.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki vera að lengja þessar umr. mikið. Mér finnst satt að segja þ. vera búið að gera sér nógan sóma með þessu máli. Það er einkennilegt, sem kemur fram hjá þeim, sem ég hef heyrt tala um það, að hér sé um að ræða, hvort afbaka megi Íslendingasögur eða ekki. Hv. þm. S.-Þ. kom með það, ef ég væri á móti l. um þetta, þá væri ég með afbökunum sagnanna. Ég er honum alveg sammála um það, að það á að koma í veg fyrir óvirðulega meðferð Íslendingasagna eða þannig meðferð, að til skemmda horfi. En ég tel óþarfa að ætla að gera það með löggjöf. Eins og menn hneyksluðust á því, þegar þeir héldu, að það ætti að fara að skemma Laxdælu, eins veit ég, að almenningur mundi rísa upp í hvert skipti, sem farið væri illa með Íslendingasögurnar. Ég er sannfærður um það, að bezta verndin er almenningsálitið.

Það var athyglisvert hjá hv. þm. S.-Þ., að

hann var að tala um grein, sem Árni frá Múla hefði skrifað, þegar hann frétti, að ætti að þýða Íslendingasögurnar á nútímamál. Hann vildi álíta, að þeir Árni væru samherjar. Það er það, sem okkur skilur á um. Ég vil hafa aðferð Árna, en ekki aðferð hv. þm. S.-Þ. Árni skrifaði á móti útgáfunni. Þetta er rétt. Það á að skrifa um svona hluti og kveða þá niður, en ekki rjúka strax í Alþ. og fá það bannað með l. Þeir eru einmitt sinn úr hvorum flokki, Árni frá Múla og Jónas Jónsson, í þessu máli.

Ég veit ekki, hvað hv. þm. S.-Þ. átti við, er hann talaði um heilagan Sebastian. Ég veit ekki, hvað hann er kunnugur sögunni um þann heilaga mann og hvort honum er það ljóst, að það voru óþokkar og illmenni, sem réðust á hann, og hvort hann er að líkja sér og öðrum við þá, sem réðust á Sebastian. Ef hv. 7. landsk. er eins og heilagur Sebastian, þá hljóta þeir, sem á hann ráðast, að vera líkir hinum. Ég veit ekki, hvort hann hefur átt við þetta. (JJ: Það stóðu á honum allra örvar). Já, en heilagur Sebastian dó ekki af þessum örvum. Hann fékk ráðningu að vísu, en hann lifði og hefur lifað síðan á því. Hann hefur verið málaður oftar og meistaralegar en nokkur annar dýrlingur. Og ég gæti trúað, að þrátt fyrir allar þessar örvar, sem hér hefur verið skotið, þá yrði það málstaður þessa nýja heilaga Sebastians, sem lifði.

Mér fyndist hv. þm. S.-Þ. ætti að beina skeytum sínum í aðra átt en hann gerir, því að ýmsar meiri hættur eru fyrir íslenzkt mál en þær útgáfur Íslendingasagna, er gefnar hafa verið út. Ég þekkti mann hér í bænum, sem var svo mikið á móti gamaldagsguðfræði, að hann þorði ekki að láta börn sín ganga til spurninga hjá séra Jóhanni. Ég spurði þennan mann, hvort hann teldi ekki ýmsar meiri hættur geta orðið á vegi barnanna á götum bæjarins heldur en þótt þau hlustuðu á séra Jóhann.

Enda þótt felldir séu úr Íslendingasögunum einstaka kaflar og breytt um orðalag, þá er það lítil hætta fyrir íslenzka tungu á móts við margt annað. Hitt er annað mál, að þjóðin verður að standa vörð um, að sómasamlega sé frá útgáfum Íslendingasagna gengið.

Mér fannst einkennileg samlíking hjá hv. þm. S.-Þ., er hann sagði, að menn yrðu að vera á varðbergi með fornbókmenntirnar eins og gegn fölsuðu smjörlíki. Að vísu er þörf að setja l. gegn fölsuðum vörum, en ég sé ekki líkingu milli fornbókmennta okkar Íslendinga og smjörlíkis, líklega vegna þess, að mér dettur aldrei í hug smjörlíki í sambandi við Íslendingasögur. Sennilega orsakast þetta hugsanasamband hv. þm. S.-Þ. af því, að Ragnar í Smára er smjörlíkisframleiðandi, og hann gaf einnig út Laxdælu og Hrafnkötlu. Ég held, að líkt sé með þessa löggjöf og mannanafnalöggjöfina, sem sett var af Alþ. fyrir allmörgum árum. Börn foreldra, sem höfðu ættarnöfn, máttu halda ættarnöfnunum fram að tíma þessara l., en eftir það urðu þau að hætta því. En ég álít, að lítið hafi verið eftir þessum lögum farið. Það voru ágætir menn, sem stóðu að íslenzku ættarnöfnunum, frábærir íslenzkumenn, eins og t. d. Guðmundur Finnbogason og Einar Kvaran. Tilgangur þeirra var, að Íslendingar tækju upp falleg ættarnöfn, sem væru rétt mynduð, en þeir vildu ekki, að allt yrði yfirfullt af Jónssonum og Björnssonum.

Ekki held ég, að þjóðin hafi haft tjón af þessum ættarnöfnum, — og var ekki alveg sama, hvort Einar Hjörleifsson hét bara Hjörleifsson eða Kvaran?

Þessi ættarnafnavitleysa gekk svo langt, að fjvn. eyddi heilmiklum tíma í að taka þá menn út af fjárlögunum, sem höfðu ættarnöfn. Þeim tókst það að mestu leyti, en ein embættismannsekkja fékk þó að halda sínu nafni, af því að ómögulegt var að finna, hvers dóttir hún var. Hún var nefnilega dönsk.

Svona langt gekk vitleysan. Sama máli gegndi með áætlun „Esju“. Það voru tekin upp eldri nöfn á viðkomustöðum skipsins, og enginn botnaði neitt í neinu, svo að það þurfti að gefa út vísindalegar skýringar við áætlunina, til þess að fólk gæti áttað sig. Ég hygg, að þessi löggjöf, sem hér um ræðir, sýni bezt minnimáttarkennd okkar Íslendinga, sem er því miður allt of áberandi hjá okkur, og þessi löggjöf er því til lítilsvirðingar fyrir íslenzku þjóðina. Þótt þjóðin sé lítil, þá er hún samt ekki svo lítil, að hún þurfi sérstök l. til þess að vernda fornritin. Hv. 7. landsk. minntist á, hvernig færi, þegar þessum l. yrði beitt, og er ég honum þar alveg sammála. Það verði líkt og Þorsteinn Erlingsson kvað. Ef farið verður að refsa mönnum fyrir að brjóta þessi l., þá verðum við til athlægis út á við, og ég vona, að það komi ekki til, að l. þessum verði nokkurn tíma beitt.

Ég veit ekki vel, hvað hv. þm. S.-Þ. átti við, er honum fannst óviðkunnanlegt, að Sigurður Nordal skyldi gefa út menningarsögu sína í einkafyrirtækinu „Máli og menningu“, en ekki á vegum háskólans. Ég veit ekki, hvar þessir „vegir háskólans“ eru, en erlendis er það siður, að rit háskólakennara séu gefin út af einkafyrirtækjum, og hin og þessi bókaforlög fást við þess konar. Að vísu eru sumir enskir háskólar svo vel settir fjárhagslega, að þeir hafa sínar eigin prentsmiðjur, og það væri æskilegt, að svo væri einnig hér.

Ég tel einmitt mjög heppilegt, að menningarsaga Sigurðar Nordals skuli vera gefin út af „Máli og menningu“, því að það félag dreifir mjög út sínum bókum. Eins væri ágætt, ef bókaútgáfa Menningarsjóðs dreifði út verkum eftir lærða menn,

Ég veit ekki, hvort ég á að svara hv. þm. Barð. Hann er nýkominn á Alþ. og ber virðingu þ. mjög fyrir brjósti, en ég álít, að í ræðu minni hafi ekkert komið fram, sem réttlættu ádeilur hans á mig. Mér finnst óviðkunnanlegt, að Alþ. skuli eyða tíma sínum í jafnómerkileg mál og þetta, á meðan því gengur illa að ráða fram úr málinu, sem snertir mjög mikið heill allrar þjóðarinnar. Mér finnst Alþ. standa nógu höllum fótum, þó að það fari ekki að taka fyrir jafnómerkileg mál og þetta.

Ég mun ekki að sinni halda varnarræðu fyrir Alþ., en má vera, að ég geri það síðar, en vil aðeins segja það, að ýmsar afsakanir eru fyrir því, hve þ. gengur illa að ráða fram úr vandamálunum. Alþ. er meginstöð íslenzks þjóðernis og

menningar, ef það bregzt, þá veit ég ekki, til hvaða staðar er hægt að grípa.

Hv. þm. Dal. sagði, að ég bæri fullmikið traust til hv 7. landsk. Ég veit, að hann er eini maður í þessari hv. d., sem er verulega fær í norrænum fræðum, og þess vegna álít ég, að hann hafi bezt vit á þeim. Ef svo væri, að hv. þm. Dal. væri eini löglærði maðurinn hér í hv. d., þá mundi ég taka meira tillit til hans orða, ef um lögfræðileg atriði væri að ræða, heldur en annarra hv. þm. Á sama hátt býst ég við, ef um væri að ræða guðfræðileg efni, að ég hefði meira vit á þeim en aðrir hv. þm. Hv. 7. landsk. hefur leyst af hendi próf í þessum fræðum og er því færari í þeim en aðrir hv. dm.

Ég tel ekki þörf að fjölyrða um þetta frekar, nema ef að mér verður veitzt. Ég mun greiða atkv. með þessu frv., því að ég álít, að l. um þetta eigi ekki að vera til.

Frsm. 2. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. — Það er skylda mín sem form. menntmn. Ed. að svara nokkru þeim ádeilum, sem hv. þm. Barð. bar fram í garð okkar nm. Hann deildi mjög hart á n., og hún hefur gott af því, að á hana sá deilt, ef það er gert í hófi, en þessi hv. þm. varð til þess að hleypa hlassinu ruddalega fyrir sleðann. Hann hafði of öra umvöndunarlund, *en litla athugun til þess að færa orðum sínum fullan stað.* Hann sagði, að meiri hl. menntmn. hefði gefið út nál., en svo hefði þessi meiri hl. klofnað og gefið út sitt hvort. Hann studdist við þskj. 499, sem á er sameiginlegt álit meiri hl. n., eða var ekki svo? **(GJ: Jú).** Hér hef ég í höndunum þskj. 499, sem á er nál. frá hv. 7. landsk. og mér, þar sem ég áskil mér rétt til að bera fram brtt. við frv. En það er bara ekki þetta frv., sem nú er rætt um, heldur annað, eða 111. mál, en þetta er 86. mál. Á þessu þskj., sem ég hef milli handanna, stendur neðst „prentað upp", og fyrirsögn nál. er á þessa leið: Efst stendur 111. mál og svo: „499. Nefndarálit um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt". — Það er því tvímælalaust ekki þetta mál, sem nú er til umr., heldur 86. mál, borið fram í Ed. Hv. þm. Barð. fór þarna út á hálan ís, en ef til vill er þetta að sumu leyti athugunarleysi, því að svo vildi til fyrst, þegar nál. var prentað, að slæðzt hefði inn í sú villa, að þetta væri 86. mál, og þess vegna var það prentað upp. Það er tilgáta mín, að hv. þm. Barð. hafi í fljótfærni álitið, að þetta væri nál. við 86. mál, en hann var bara of fljótfærinn. Ég veit, að hv. þm. biður n., afsökunar á þessu, en ég ætlast ekki til, að hann geri það svo allir heyri.

Þessum sama hv. þm. fannst n. hafa haft þetta mál, sem hér er til umr., of lengi til meðferðar. Ég er honum þar ekki sammála, því að þetta mál er mikið ágreiningsmál og þess vegna þurfti að athuga það rækilega. Samt varð ágreiningur um þetta í n., en þrátt fyrir það er engin sönnun fyrir því, að n. sé illa skipuð, enda þótt ég sé ekki jafnöruggur með sjálfan mig og jafnframhleypinn og hv. þm. Barð.

Ég vil taka það fram nú, þegar umr. fer að ljúka og til úrslita dregur, að það hefur sannazt betur og betur við umr. málsins, að réttast muni að afgreiða málið sem hlutlausast, þannig að þ. leiði það ekki hjá sér, heldur vísi því til þeirra manna, sem mesta þekkingu hafa á þessum málum og staðið hafa utan þessarar orrahríðar hér. Í minni viðaukatill. við dagskrána er bent á þessa leið, að málinu verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún láti norrænudeild háskólans athuga það og segja sitt álit um málið.

Þó að menn séu ekki á eitt sáttir um þetta mál, þá er þó sama Íslendingslundin í öllum, að vilja varðveita hinar íslenzku fornbókmenntir, sem eru hollari fyrir okkur en hinn hollasti svaladrykkur.

Frsm. 3. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég vil benda hv. 1. þm. Reykv. á það sem listamanni, hvort hann vilji gera eftirmynd af hinu fræga listaverki af hinum heilaga Sebastían, en tæki í hans stað þennan Húsavíkur-Lalla og hefði hann á myndinni með þeim mörgu spjótum, sem í hann hefur verið stungið. En þar sem stungið hefur verið upp á, að málið væri undirbúið betur, þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að það gæti orðið þannig, ef þessi hv. þm. kæmi með till. um það, að n. tæki þetta aftur til athugunar og reyndi að gera sérstakan leiðarvísi fyrir hv. 1. þm. Reykv. og aðra þá, sem ekki gætu betur *en hann áttað sig á því. Ég býst við*, að n. féllist á þetta, og efast ekki um, að það sé hægt.

Í sambandi við þessa bókagerð, sem talsvert hefur verið talað um, vil ég benda á annað dæmi eldra, sem kom fyrir nú fyrir nokkrum árum. Sá, sem gaf út Laxdælu og Hrafnkötlu, gaf út fyrir nokkrum árum fræga enska bók, sem átti að vera í léttri þýðingu. Maður nokkur hér í bænum, sem átti 11 ára gamlan son, kaupir þessa útgáfu, sér, að hún er fölsuð og búið að setja pólitískan áróður inn í hana fyrir þann flokk, sem hafði um þetta vélað. Nú fannst þessum föður gaman að vita, hvaða munur væri á þessari útgáfu og eldri útgáfunni, sem var rétt og vel gerð. Hann fær dregnum báðar útgáfurnar, og 11 ára barnið finnur, að sú síðari er fölsuð og vill ekki sjá þá útgáfu, sem gerð var á sama hátt og Laxdæla og Hrafnkatla. Og ekki sízt, þegar það glögga dæmi er athugað, sem hv. 1. þm. N.-M. minnist hér á, að þessir aðilar leggi það í vana sinn að breyta sögunum eftir því, sem þeim býður við að horfa, þá má fyllilega búast við, að þeir fari að setja flokkslegan áróður inn í sögurnar, og ef þeir gefa út Njálu, þá verði Skarphéðinn, Njáll og Gunnar látnir tala eins og menn í Austurvegi, sem ráða Rússlandi. Væri það ekki nema beint framhald af því, sem á undan er gengið, og mætti þannig auðnast að ganga af fornritunum dauðum. Ég er algerlega með till., sem hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. N.-M. bera fram, að það sé skorað á stj að gera þessa löggjöf sterkari og harðari til að fyrirbyggja frekar en orðið er, að skemmdarverk séu unnin á fornsögum okkar.

Gísli Jónsson: Ég vil í tilefni af svari hv. 2. þm. Árn., form. menntmn., leyfa mér að bera af mér þann áburð, sem hann ber á mig, að ég hafi farið með fleipur út af þessu máli.

Ég vil benda á, að þetta mál, sem hér er til umr., er á þskj. 120 skráð 86. mál og heitir frv. til l. um afnám l. nr. 127 9. des. 1941, um viðauka við l. nr. 43 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, en nál. á þskj. 499 frá meiri hl. menntmn. er stílað við 86. mál, frv. til l. um afnám l. nr. 127 9. des. 1941 um viðauka við l. nr. 43 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt. (**EE**: Það var prentað upp). Ef það hefur verið prentað upp, þá sýnir það ekkert annað en að þeir hafa ekki kunnað að afgr. þetta mál, því að þeir hafa ekki einu sinni getað sett rétt númer eða rétta fyrirsögn eða vísað rétt til l. Þetta hefur verið afhent sem þingskjal í d., þó að það hafi verið síðar prentað upp, eins og hv. 2. þm. Árn. sagði, þegar þeir sáu, að þeir voru búnir að gera vitleysu, enda stendur á þessu þskj., ef hann hefur lesið það, að hann áskilji sér rétt til að bera fram alls konar breyt. Þskj. liggur fyrir, því verður ekki mótmælt. Svona lagað er ófyrirgefanlegt af form. n., sérstaklega þar sem það tekur til frsm. líka, þegar um er að ræða afgreiðslu á máli, sem þeir hafa haldið í n. frá því í jan. og þangað til í síðari hluta marz. Þetta er út af fyrir sig svo vítavert að hv. 2. þm. Árn. ætti að blygðast sín fyrir að reyna að gefa afsökun á svona vinnubrögðum, fyrir utan það, að það er gersamlega óverjandi, að slíkt háttalag skuli ríkja innan n. á Alþ., að menn skuli ekki koma sér saman um að afgr. mál, vegna þess að þar sé pólitík á bak við. Sá maður, sem getur ekki jafnað slíkar deilur, ætti að segja formennskunni af sér, ef hann getur ekki stjórnað starfi n. betur er hér hefur verið gert.

Frsm. 2. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Það er svona, þegar mönnum rennur í skap og hafa talað af sér, að þá er um tvennt að gera, að þegja eða þá að tala aftur og láta síðari villuna verða verri hinni fyrri. Það síðar nefnda hefur skeð hjá hv. þm. Barð. Hann segir, að það sé engin afsökun, þó að þskj. hafi verið prentað upp og slíkt sé ófyrirgefanlegt af form. og frsm. n. Það hefur oft komið fyrir, að þurft hafi að prenta þskj. upp, og auk þess vil ég benda á, að samkv. þskj. 499 er ég ekki frsm. Hann segir, að ég hafi áskilið mér rétt til alls konar breyt., og það er rétt um það mál, sem þar er um að ræða og það skjal lýtur að. Hv. þm. Barð. rís hér upp með heilagri vandlætingu og fer að vanda um, hvernig n. hafi hlaupið á sig, það sé óforsvaranlegt að halda málinu svo lengi og réttast sé fyrir n. að segja af sér og aðrir hæfir menn séu valdir til þess að fjalla um þessi mál. Ég get vel hugsað mér, að annar eins atorkumaður og hv. þm. Barð. mundi ekki þurfa langan frest til að afgr. þetta mál úr n., en það hefði þá bara orðið einhver bölvuð lokleysa, og tel ég þá betra að taka sér meiri tíma til afgreiðslu málsins og láta þá vera eitthvert vit í, hvernig það er afgr.

Annars er nú svo komið, að ég tel, að lengri umr. verði ekki til að skýra málið frekar, og ég fer ekki heldur að skemmta d. með því að lengja umr. enn, ég hef ekki orðkynngi til þess, töfin vegna þessa máls er þegar orðið nóg.

ATKVGR.

Brtt. 639 samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, JJ, LJóh, PHerm, ÞÞ, BSt, BBen.

nei: EE, HG, KA, BrB, StgrA.

GJ, MJ greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÍG, HermJ, PM) fjarstaddir.

Brtt. 645 felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EE, HG, KA, MJ, StgrA.

nei: ÞÞ, BBen, IngP, JJ, LJóh.

BSt, GJ greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÍG, HermJ, PM) fjarstaddir.

Rökst. dagskráin frá 2. minni hl. menntmn., á þskj. 590, svo breytt, samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, ÞÞ, BSt, BBen, EE, HG, IngP, JJ, LJóh.

nei: BrB, KA, MJ, StgrA.

GJ greiddi ekki atkv.

3 þm. (PM, GÍG, HermJ) fjarstaddir.

10. Kynnisferðir sveitafólks.

Á 38. fundi í Ed., 21. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um framlög til kynnisferða sveitafólks (þmfrv., A. 247).

Á 39. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Flm. (Hermann Jónasson): Það er svo til orða tekið í grg. fyrir þessu frv., að nánar muni verða gerð grein fyrir því í framsögu. En ég sé þó ekki ástæðu til að tefja tíma hv. þd. með því að skýra þetta mál frekar en gert er í grg. og frekar en gert hefur verið með þeim löngu umr., sem farið hafa fram um efni frv. hér í þessari hv. d. Það, sem ég nú segði um málið, mundi þá verða endurtekning á því, sem sagt hefur þegar verið um það hér. Og ég gerði grein fyrir því í sambandi við annað mál, hvers vegna málið er borið fram í þessu formi. Ég tel jafnframt, að þetta mál hafi verið svo mikið rætt í allshn., að tæpast sé þörf á að vísa því til n. En ef hæstv. forseta sýnist svo, mundi ég þó ekki beita mér gegn því, að því yrði vísað til landbn.

Vil ég svo óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr., og legg það á vald hæstv. forseta, hvort hann telur ástæðu til að vísa því til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 247, n. 262, 274).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Eiríkur Einarsson: Sá, sem átti að hafa framsögu af hálfu n., er fjarstaddur í dag, og vil ég því tala hér í hans stað, en mun segja aðeins fáein orð.

Ég vil aðeins taka það fram, að ég áskildi mér rétt til að bera fram brtt., og vil ég geyma mér þann rétt til 3. umr. og láta því staðar numið nú. Líku máli gegnir um afstöðu mína og afstöðu n. til þeirrar brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 274 frá tveim hv. þm., með því að hún hefur komið fram svo seint, að n. hefur ekki gefizt tækifæri til þess að taka hana til sameiginlegrar athugunar.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. — Þegar um þetta mál var rætt í sambandi við orlofsfrv., var ég fylgjandi þeirri hugmynd, sem í frv. felst. Ég er fylgjandi frv., en hins vegar taldi ég þetta ekki eiga við í því sambandi. Í öðru lagi er allt of lítið losaralega frá þessu gengið og framlagið svo lítið, að þetta kæmi að tiltölulega litlu gagni. Þess vegna hef ég nú ásamt öðrum þm. borið fram brtt. við 1. gr., sem hækkar þetta allverulega, þar sem gert er ráð fyrir, að upphæðin nemi 50 þús. kr., að viðbættri dýrtíðaruppbót. Hér er allmikil hækkun, því að samkv. frv. skilst mér, að upphæðin gæti ekki orðið hærri en 60 þús. Og ég tel, að úr því að verið er að leggja fé til þessa fyrirtækis, megi það varla minna vera en stungið er upp á í þessari brtt. okkar.

Ég mun fylgja frv. þessu, hvort sem brtt. verður samþ. eða ekki. En að hve miklu gagni þetta kemur, fer eftir framkvæmd þess, því að eins og nú er, er þetta losaralegt. Það verður ákveðið í reglugerð, hvernig með skuli farið að öðru leyti. Og það mun koma fram við framkvæmd l., að hve miklu gagni þau koma, og gæti sú reynsla orðið undirstaða undir frekari löggjöf. En ég vænti þess að þingdeildarmenn samþ. þessa brtt., vegna þess að ef þetta á að koma að gagni, þá skil ég varla í, að þýði að hafa upphæðina minni en farið er fram á í þessari breytingartillögu.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég vildi gjarnan greiða þessari brtt. atkv., þar sem þetta framlag er hækkað. En ég tel, að með því væri öllu málefninu stefnt í óefni, — yrði e. t. v. ekki samþ. Þess vegna vil ég heldur samþ. frv. eins og það liggur fyrir. Með því er það nokkurn veginn tryggt. Ég mun þess vegna greiða atkv. móti þessari hækkun, enda þótt ég teldi ekki óeðlilegt, að upphæðin yrði eins og brtt. ákveður. Það má reyna með þá upphæð, sem tiltekin er í frv. Það er hægurinn hjá að breyta þessu síðar, ef fjárhagurinn leyfir.

Brynjólfur Bjarnason: Ég á illt með að skilja, ef hv. þm. vilja á annað borð sinna þessari hugmynd, að þeir láti sig muna um að hafa upphæðina eins ríflega og gert er ráð fyrir í þessari brtt. En hins vegar, ef flm. telja einhvern vafa á því, að frv. komist í gegn með þessari hækkun, þá er sjálfsagt að taka það til greina. Ég vildi þess vegna verða við tilmælum hv. þm. að taka þessa brtt. aftur til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 274 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BrB, EE, GJ, GÍG, HermJ, JJ, PHerm, BSt, ÞÞ.

7 þm. (HG, IngP, KA, LJóh, MJ, PM, StgrA) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Benediktsson: Enda þótt ég telji frv. ekki nógu undirbúið og vanhugsað að ýmsu leyti, þá tel ég hugmyndina stuðningsverða og segi þess vegna já.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Eiríkur Einarsson: Brtt. varðandi þetta mál, sem lá fyrir, þegar það var síðast til umr., var frestað þar til nú, og með tilliti til þess bjóst ég við, að þessi brtt. og aðrar yrðu athugaðar í landbn., sem málinu var vísað til. Um þá athugun er það að segja, að menn munu telja sig hafa óbundnar hendur um atkv. viðvíkjandi þessari brtt. frá tveim hv. dm. og skrifl. brtt. frá mér, sem ég hef að vísu ekki lýst enn þá, en hef hins vegar rætt við n. Ég hafði orð á því, áður en frv. um orlof var hér til umr., — en þetta frv. er í raun og veru skilgetið afkvæmi þess —, að sanngjarnt væri, að sveitafólk nyti friðinda, er svöruðu til orlofs, en sú hugnun, er því væri sýnd, væri þó ekki um of einskorðuð við styrk til að fara í kynnisferðir og reiðferðir.

Þeim, sem hafa alið aldur sinn í sveitum, er það kunnugt, að fólkið fer oft í lengri eða skemmri útreiðir á vorin og sumrin. Ég tel, að flestir muni treysta sér til að kosta þessar ferðir sínar sjálfir, en vegna fátæktar ýmissa mun þó koma sér vel að geta farið í slíkar ferðir með einhverjum tilstyrk annars staðar að. Ég er því hlynntur þessu máli. En ég var ekki viss um, að alls staðar sé svo, að fólkinu geðjist vel að því að fara endilega út fyrir sveitina og að það þurfi að vera ákveðinn fjöldi, sem fer saman.

Þetta frv. er aðeins drög til þess, sem verða ætti, en það er þó spor í ákveðna átt. En það væri æskilegt, að fólkið fengi aukinn ákvörðunarrétt um það, hvernig það notaði styrkinn. Annars vil ég láta brtt. mína, sem ég flyt hér skriflega, sýna hug minn í þessu efni. Vil ég nú lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 1. gr. kemur ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Heimilt er hreppsfélögum að kveða svo á með sveitarsamþykktum, að styrk þeim, sem veittur er í hreppinn samkvæmt lögum þessum fyrir eitt ár eða fleiri í senn, skuli varið til fjárhagshjálpar efnilegu ungu fólki úr sveitinni, því til menningarauka innan lands eða utan. Ákveður hreppsn., hverjir verði styrks þess aðnjótandi“.

Sá andi mun víða ríkjandi í sveitum, að fólkið vill sjálft kosta útreiðir sínar að sumarlagi, en óskar hins vegar heldur að verða aðnjótandi nokkurrar aðhlynningar að æskunni í sveitunum af hálfu hins opinbera. Tel ég því rétt, að löggjöfunum sé gefin nokkur bending um, að hve miklu leyti þetta megi verða. Ég efast ekki um, að hvort sem brtt. mín nær fram að ganga eða ekki, þá sé rétt, að hún komi fram, því að hún felur í sér atriði, sem mun fá hljómgrunn einhvers staðar. Það má segja, að styrkur sá, er þannig kemur til úthlutunar, sé varla svo hár, að hann nægi til þess að styrkja ungan mann eða stúlku, sem væru að því komin að reisa bú, til utanfarar. En í frv. er gert ráð fyrir, að a. m. k. 10 kr. styrkur komi á hvert heimili árlega. Ef við tökum svo meðalsveit, sem mun hafa um 30 búendur, og gerum ráð fyrir, að aðeins einn slíkur styrkur væri veittur annað hvert ár, þá eru þar komnar 600 kr. í þessu sveitarfélagi, og þær mundu draga talsvert, og einkum ef einhver styrkur kæmi einnig annars staðar að. Þá mætti víkka sjóndeildarhring viðkomanda allverulega.

Ég skal ekki tefja tímann miklu meira með þessu, en ég vil geta þess, að þetta barst í tal í landbn., og var þá rætt um, hvort rétt mundi að einskorða slíkan styrk við sveitarfélögin og hvort ekki mundi eðlilegra, að búnaðarsamböndin hefðu þetta með höndum. Ég legg enga höfuðáherzlu á þetta, en ég tel, að bezt yfirlit fáist með því að hafa ekki stærri svæði en hreppsfélögin. Það er jafnan hver sínum hnútum kunnugastur, og næst heimilunum mun óhætt að segja, að hreppsfélögin kunni skil á því, hvað bezt hentar á hverjum stað. Ég mun þó ekki amast við brtt. um þetta í þá átt að fela heldur búnaðarsamböndunum úthlutun styrkjanna, ef menn telja það almennt heppilegra.

Ég gæti talað mun meira um þetta, en ég sé, að hæstv. forseti er farinn að verða órór í skinninu vegna embættissamvizku sinnar, en það mun vera komið fram yfir þann tíma, sem fundur átti að hefjast í Sþ. Ég læt því útrætt um málið að sinni, en mun veita andsvör, ef tilefni gefst.

Forseti (ÞÞ): Ég get ekki látið umr. um þetta *mál halda áfram að sinni, vegna þess að þegar* eru komnar 10 mín. fram yfir þann tíma, sem fundur átti að hefjast í Sþ. Brtt. þeirri, sem hv. 2. þm. Árn. las upp, get ég ekki heldur leitað afbrigða fyrir, meðan mér hefur ekki verið afhent hún. — Umr. um málið er því frestað og það tekið út af dagskrá.

Á 44. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 247, 274, 294).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 294. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Páll Hermannsson: Það hefur verið haft orð á því í d., að þetta frv. væri dálítið losaralegt, og skal ég játa, að vel má segja það, því að þótt það tvennt, sem í frv. felst, annars vegar að ríkissjóður leggi fram nokkra fjárhæð til að greiða fyrir því, að það fólk í sveitum, sem kemur ekki til með að heyra undir l. um orlof, geti létt sér upp, og hins vegar, að ríkisstj. skuli í samráði við Búnaðarfélagið setja ákvæði um þetta með reglugerð, sé gott, það sem það nær, þá er það rétt, að d. hefur gengið mjög lauslega frá þessu og að það kemst ekki í fast form, fyrr en reglugerð hefur verið sett um það.

Í sambandi við brtt. frá hv. 2. þm. Árn., á þskj. 294, er gerð tilraun til að víkja þessu máli að vissu leyti inn á ákveðna braut, sem sé þá, að sveitar- og bæjarstjórnir skuli hafa að vissu leyti hönd í bagga með þessu fé. Ég er á engan hátt *mótfallinn tilgangi* þessa hv. þm., en ég held, að þessi breyt. geti tæpast fallið vel í þann farveg, sem ég hef hugsað mér, að þetta mál renni í. Ég hafði hugsað mér, að Búnaðarfélag Íslands sæi um að veita þessu fé yfir til búnaðarsambandanna, en þau veittu það svo aftur til búnaðarfélaganna, og ég held, að það sé eðlilegast. Þess vegna geri ég ráð fyrir, að ég geti ekki fallizt á þessa till., ekki fyrir það, að tilgangurinn geti ekki verið góður, heldur hitt, að ég vil ekki stuðla að því, að ákveðið sé í l., að hreppsnefndir skuli fara með þetta fé. Tveir hv. þm. Sósfl. hafa borið fram till. um, að veitt verði viss upphæð og greidd á hana vísitöluuppbót. Þetta er sómasamleg upphæð og sjálfsagt talsvert há nú, en hún er að mínu viti samt lægri en frv. gerir ráð fyrir. Þar er gert ráð fyrir 10 kr. lágmarksupphæð til hvers býlis. Í landinu munu nú vera um 6 þús. býli, svo að heildarupphæðin mundi verða 60 þús. kr. eða rúmlega það. Vera má, að upphæðin yrði hærri samkv. brtt., meðan há vísitala gildir; það fer eftir jarðræktarframkvæmdum, því að greidd er vísitöluuppbót á jarðræktarstyrkinn, og ef jarðræktarframkvæmdir yrðu nálægt því, sem þær voru fyrir stríð, þá yrði upphæðin lík framvegis því, sem hv. þm. Sósfl. stinga upp á. Ég mun því ekki geta aðhyllzt þessa brtt.

Sumir hafa talað um, að þessi upphæð væri lítil. Það er að vissu leyti rétt. Hún er ekki há, þegar litið er á fólksfjöldann, en má þó telja sómasamlega hjálp frá ríkinu þessu fólki til handa, enda má gera ráð fyrir, að þetta fólk sé *vant lágum upphæðum*. Félagsskapurinn heima fyrir mundi líka hjálpa til. Hefur víða verið unnið að því undanfarið.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Ed., 4. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 247, 274, 294, 302).

Brynjólfur Bjarnason: Ég hef borið þessa brtt. hér fram á þskj. 302, við fyrri brtt. mína og hv. 7. landsk. á þskj. 274 vegna þess, að ef fyrri brtt. yrði samþ., mundi framlagið á normaltímum geta orðið lítið eitt lægra en ef frv. yrði samþ. óbreytt. En samkv. þessari seinni brtt. gæti það aldrei orðið minna en samkv. frv. Ég vonast eftir því, að hv. þm. fylgi þessari brtt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Ed., 5. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 302 samþ. með 10:2 atkv.
— 274, svo breytt, felld með 5:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EE, GÍG, KA, StgrA.
nei: GJ, HermJ, IngP, JJ, ÞÞ.
PHerm, PM, BSt, LJóh greiddu ekki atkv.
3 þm. (BBen, HG, MJ) fjarstaddir.
Brtt. 294 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, LJóh, PM, BrB, EE, StgrA.
nei: IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt, GJ, GÍG, HermJ.
3 þm. (BBen, HG, MJ) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 52. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls .

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 247, n. 385).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Mál þetta er flutt í hv. Ed. í sambandi við frv. um orlof, sem var afgr. sem l. frá Alþ. í gær. Og það mun hafa verið tekið fram af sumum, sem fylgdu orlofsfrv., að þeir byndu fylgi sitt við það frv. því, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, næði fram að ganga. Og þar sem þetta mál mun hafa verið samþ. af þm. úr öllum flokkum í hv. Ed., þá tel ég, að hér sé um eins konar samningsatriði að ræða milli flokkanna, þannig að gengið hafi verið út frá því, að þetta frv. muni verða samþ. í aðalatriðum eins og það liggur fyrir.

Landbn. Nd. hefur orðið sammála um að mæla með að samþ. þetta frv., þó að ýmsir hv. þm. létu þess getið, að þeir teldu sér frjálst að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma við frv.

Ég tók ekki til máls, þegar hér lá fyrir þessari hv. d. frv. til l. um orlof, og mun ekki heldur fara hér út í það. Ég vil aðeins geta þess sem minnar skoðunar, að mér hefði þótt á allan hátt heppilegra og viðkunnanlegra, að það hefði verið hægt að leysa það mál (um orlof), án þess að það kæmi til þingsins, með samningum milli atvinnurekenda og verkamanna og launamanna, eins og það var komið langt. En um það er ekki að ræða héðan af.

Úr því að hæstv. Alþ. tók þá stefnu að hlutast til um það, að verkamenn og launamenn svo að segja í öllum greinum fengju tíma til orlofs og að þeim yrði veitt hjálp til að nota þann tíma sér til upplyftingar og hvíldar, og þar sem þetta er orðið þegar að l., þá teldi ég það alveg óviðunandi, ef Alþ. myndi þá ekki um leið eftir því fólki úti um land, sem er sveitafólkið, sem vinnur „hörðum höndum ár og eindaga“ og hefur það hvað örðugast og má sjaldan um frjálst höfuð strjúka. Vegna annríkis og fjárhagsörðugleika þessa fólks getur fjöldi bænda og bændakvenna ekki veitt sér það að fara að heiman til hvíldar og hressingar, þótt ekki sé nema nokkra daga á árinu. Ég get ekki hugsað mér, að hæstv. Alþ. gangi fram hjá þessari stétt í þessu tilliti, eins og það myndi ekki eftir henni.

Sumir hv. þm. hafa bent á, að nokkurt ósamræmi væri í þessum tvenns konar löggjafaratriðum, með því að í l. um orlof, sem búið er að samþ., sé aðeins átt við menn, sem stunda starf hjá öðrum, en hér væri farið fram á afskipti í sams konar efnum gagnvart þeirri stétt, sem talin er atvinnurekendur, eða m. ö. o. sjálfs sín herrar. Það má segja, að á yfirborðinu liggi þetta þannig fyrir. En það vita allir, að aðstaða bænda og bændakvenna er þannig, að þó að nafninu til eigi það fólk að heita sjálfs sín herrar, þá eru þau í raun og veru sjálfs sín þrælar og þrælar þjóðfélagsins, þannig að þau geta ekki um frjálst höfuð strokið. Það er því ekki síður ástæða til þess, að þessi stétt þjóðfélagsins fái aðstöðu til að létta sér upp, þótt ekki væri nema 2—3 daga á ári, með því að fara til annarra landsfjórðunga eða út úr sveit sinni.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er að vísu byggt nokkuð öðruvísi upp heldur en frv. um orlof, sem nú er orðið að l. Frá frv. um orlof var þannig gengið, að sú kvöð var lögð á alla þá, sem aðra menn hafa í þjónustu sinni, að þeir eigi að greiða ofan á umsamið kaup nokkurn hundraðshluta af umsömdu kaupi, sem á að leggjast í sjóð, sem þeir menn, sem starfa hjá öðrum, geta fengið til ráðstöfunuar til að létta sér upp og ferðast um landið eða nota peningana á annan hátt sér til hressingar og upplyftingar. Það væri því rökréttara, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, væri þannig, að ákveðið væri að leggja eitthvert hundraðshlutagjald á verð þeirra afurða, sem bændur selja frá búum sínum innanlands, t. d. mjólk og kjöt og garðávexti, vegna þess að þetta verð er laun þessara manna. Og þeir, sem þau laun eiga að greiða, ættu á sama hátt að leggja af mörkum í sjóð til orlofs þessarar stéttar eins og þeir, sem laun greiða almennum verkamönnum eiga að leggja í sjóði til orlofs þeirra tekið, heldur hefur verið snúið sér að því af þeim, sem fluttu þetta frv., að bæta nokkrum hundraðshlutum ofan á aðeins einn hluta þeirra verkalauna, sem falla íslenzkum bændum, sem er sá hluti jarðabótakostnaðarins, sem greiddur er á styrkur. Og þessu örlitla broti á að verja til þess að styrkja hópferðir bænda og bændakvenna í sama skyni og fé það er greitt, sem verja á til orlofsferða verkamanna samkvæmt nýsamþykktum lögum um orlof. Ég játa, að hitt fyrirkomulagið, sem ég nefndi, þó að það væri eðlilegra og rökréttara og mér frekar að skapi, þá er það nokkrum vandkvæðum undirorpið og flóknara í framkvæmdinni. Og þess vegna er sú leið sennilega rétt, sem hér hefur verið gripið til, að í staðinn fyrir að leggja þessar byrðar á neytendur í landinu. sem greiða í raun og veru bændum laun fyrir störf þeirra að framleiðslu afurðanna, þá er létt af neytendum þessari byrði og hún lögð á ríkið. Vitanlega er þessi upphæð, sem hér í þessu frv. er ætlazt til, að greidd verði í þessu skyni,

ekki nema smáræði við þær upphæðir, sem ætlaðar eru öðrum stéttum þjóðfélagsins í þessu sama skyni. En hins vegar er það ekkert vafamál, að þetta getur á ýmsan hátt létt undir með þeirri hreyfingu, sem þegar er hafin í landinu meðal sveitafólks og á undanförnum árum hefur verið nokkuð studd af Búnaðarfélagi Íslands og ýmsum verzlunarfélögum bænda, að koma á ferðum bænda og bændakvenna til fjarlægra landshluta og létta þannig undir með þeim til að geta komizt út af heimilinu til að hvíla sig 2—5 daga á vorinu eða sumrinu. Þessar hópferðir hafa tíðkazt á undanförnum árum og hafa verið vel séðar af viðkomandi fólki og mikið sótzt eftir þeim lítilfjörlega styrk, sem Búnaðarfélag Íslands hefur haft með höndum að úthluta til þess að styrkja þessar ferðir.

Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. En ég vona, að hv. þd. verði samkvæm sjálfri sér um það að afgr. þetta mál hér á hæstv. Alþ. á sama hátt og þau l., sem afgr. voru héðan frá Alþ. í gær um orlof.

Sigurður Kristjánsson: Ég ætla ekki að setja á langa ræðu um þetta mál. En ég vildi sérstaklega vekja athygli á því, að þessi rök hv. þm. Mýr., að málið hafi ekki verið tekið sem flokksmál í hv. Ed. og þess vegna eigi það að ná fram að ganga hér, þau met ég fyrir mitt leyti einskis. Ef menn líta rétt á þetta mál, þá sjá menn, að það er einn af þeim leiðinlegu sleikjuháttum, sem hv. þm. sýna við kosningar. Og þegar á það uppboð er komið, þarf ekki nema einn gikk í þeirri veiðistöð, því að þá koma aðrir og vilja einnig láta vingjarnlega framan í hv. kjósendur.

Ég átti tal um þetta mál við tvo menn ofan úr sveit alveg nýlega. Þeir fóru að spyrja mig um málið. Og ég verð að játa, að ég gat mjög lítið sagt um það. Annar maðurinn hafði litið svo á, eins og hv. þm. Mýr. kom að í upphafi ræðu sinnar, að þetta væri eitthvað sams konar eins og l., sem eru nýafgr. um orlof, og hafði lesið þetta lauslega yfir og hélt, sem eðlilegt var, að þetta fé eða þessi orlofsstyrkur væri til starfsfólks í sveit, vinnufólks og kaupafólks og þess háttar fólks, en ekki vinnuveitenda. Og hann hélt, að vinnuveitendur ættu að leggja eitthvað fram á móti þessum ríkisstyrk. En þetta frv. á ekkert skylt við l. um orlof, heldur er það óféleg tilraun til atkvæðakaupa. Hitt (l. um orlof) er beinlínis hækkun á kaupgjaldi starfsmanna með því skilyrði, að þeir noti það til þess að létta sér upp. Þetta frv. er aftur um ríkisstyrk til ferðalaga, sem á sem sagt ekkert skylt við orlofsfé. En einkennilegt var, að báðir þessir menn, sem ég talaði við, þeir höfðu hálfgerða skömm á þessu. Og ég er hræddur um, að það fari svo, að þetta slái alveg í baksegl, þannig að í staðinn fyrir að hafa einhver atkvæði upp úr þessu, þá muni það vekja andúð út um sveitir.

Ég tek ekki þátt í þessum leik. Og ég veit, að ég fæ einskis manns ámæli fyrir það, þó að ég greiði atkv. á móti þessu frv.

Þóroddur Guðmundsson: Fyrirsögn þessa frv. er mjög óákveðin. Það er ekki sama, hvaða sveitafólk er um að ræða. Það er munur á því, hvort stórbændur eiga að njóta styrksins, eða aðeins á að styrkja þá efnaminnstu.

Eftir till. Búnaðarfélagsins er gert ráð fyrir reglugerð um fjárskiptinguna. Ég treysti því, enda þótt það komi ekki glöggt fram í þessum till., að skiptingin verði á þá leið, að styrkur verði aðeins veittur til smábænda. Í trausti þessa mun ég verða með frv., því að fullvíst er, að þörf er þeim á styrknum.

Hins vegar er þetta frv. ekki hliðstætt orlofsfrv., eins og einn hv. þm. kvað þó að orði. Það nær aðeins til launþeganna, en þetta frv. fer inn á þá braut að styrkja bændur eða smáframleiðendur. En samhliða því er ekki nema sjálfsagt að styrkja smáframleiðendur við sjávarsíðuna. Það sjá allir, að ekki skiptir það neinu máli í þessu tilliti, hvort smáframleiðandinn býr við sjó eða í sveit. Hann hlýtur að hafa hliðstæðan rétt í báðum tilfellum.

Ég mun flytja brtt. við þetta frv., er gengur í þessa átt, og vona ég, að hv. flm. líti á hana með velvild og geti léð henni fylgi sitt.

Emil Jónsson: Eins og hv. frsm. landbn. skýrði frá, þá skrifuðu sumir nm. undir nál. með fyrirvara og hafa rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim. Ég var einn þeirra nm. Ég vil nú gera grein fyrir þeim fyrirvara.

Því var haldið fram af hv. frsm., að samkomulag hefði verið um það í Ed., að þetta frv. og orlofsfrv. skyldu fylgjast að, þannig að bæði skyldu ná fram að ganga, ef annað næði fram að ganga. Mér er ekki kunnugt um þetta. En annars vil ég segja, að mér finnst allt öðru máli gegna um þetta frv. en orlofsfrv. Með orlofi tel ég tryggt það meginatriði, að fólk fái að komast undir bert loft, það fólk, sem annars vinnur mest inni eða í óhollu lofti. Þessu atriði er t. d. ekki til að dreifa hjá sveitafólkinu, er mestmegnis vinnur úti.

Þá er það annað, að orlofið er beint atriði milli atvinnurekendanna og launþeganna. Með þessu frv. er aftur á móti ákveðið, að veita skuli fé úr ríkissjóði í líku skyni, sem er allt annað mál.

Ég er ekki á móti þessum styrk, en ég er sammála þeim hv. þm., er síðastur talaði, um það, að um hann þurfi að setja ákveðnari reglur en gert er hér í frv.

Ég hafði fyrirvara í því skyni að flytja brtt. í þessa átt. Þessi ákvæði vantar í frv., svo að það nái þeim tilgangi, er ég vil láta það ná, og mun ég flytja brtt. eða vera með till., er gengur í þá átt að kveða nánar á um skiptingu styrksins. Svo vil ég halda því fram, að greinilegur aðlismunur sé á þessum tveimur frv. og engin ástæða til að spyrða þau saman.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Á 56. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Jakob Möller: Herra forseti. — Ég er sammála þeim, sem látið hafa í ljós, að ástæðulaust sé að setja lagaákvæði um þetta efni, þótt vitanlega sé frv. borið fram í sambandi við mál, sem nýlega var afgr., en það var um orlof verkafólks, og minnist ég aðeins á þetta mál um kynnisferðir sveitafólks til þess að undirstrika enn frekar, hve ástæðulaust það er. Það er ekki sambærilegt við orlof verkafólks, sem vinnur hjá öðrum og er ekki sjálfrátt með tíma sinn. Hér er um að ræða sjálfstæða atvinnurekendur, sem geta veitt sér orlof þegar þeir vilja. Margir eiga ekki auðvelt með að fara frá störfum á þeim tíma, sem helzt er um að ræða til þessara ferða. Sumir geta ekki veitt frí frá störfum vegna atvinnurekstrar síns á heppilegum tíma. Hins vegar er það augljóst mál, að fjölmargir aðrir atvinnurekendur í landinu verða að veita svipuð hlunnindi líka, ef þetta nær samþykki.

Mér skildist á einum hv. þm., að von væri á brtt. við þessa umr.

Ég skal nú reyna að stytta mál mitt. Ég hef hugsað mér að bera fram brtt., en ekki hef ég samið hana sjálfur, heldur er hún frá hv. 2. þm. Árn., sem bar hana fram í Ed., og vil ég leyfa mér að taka hana hér upp.

Ég tel mjög skynsamlegt að veita máli þessu í annan farveg. Mundi það verða vel þegið, að varið yrði nokkurri fjárhæð til menningarauka ungs fólks í sveit, og mundi féð koma að góðum notum fremur á þann hátt en eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Forseti (JJós): Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt. við frv. um kynnisferðir sveitafólks. Önnur er frá Barða Guðmundssyni og Þóroddi Guðmundssyni. Hin er frá Jakob Möller. Báðar eru of seint fram komnar, og vil ég spyrja hv. ríkisstj. og þm., hvort þeir vilja veita afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vildi aðeins bera fram þá ósk, að málið yrði tekið út af dagskrá, svo að tími gæfist til að athuga brtt. í nefndinni.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Ég get ekki látið hjá líða að fara um þetta mál nokkrum orðum. Það hefur komið í ljós við umr. hér í sambandi við þetta mál, að svo margir hv. þm. eru hér, sem ekki þekkja til atvinnu- og starfshátta sveitafólksins, að furðu gegnir. Og þegar samþ. hefur verið, að verkafólk fái fullt orlof og full laun, á meðan það er í því, þá er því haldið fram, að bændur og búalið, önnur fjölmennasta verkamannastétt landsins, eigi ekki rétt á því að fá fáeina aura í sama skyni. Þá er komið fram með ýmis mótmæli og rök, sem eru svo miklar firrur, að ég hef aldrei heyrt aðrar eins.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að orlof væri einkum nauðsynlegt fólki, sem hefði innisetur. En þetta fólk er þegar búið að tryggja sér orlof og fullt kaup, á meðan það er í því. Þeir, sem hafa hagnað af þessu, eru verkamenn og eyrarvinnumenn. Þeir hafa ekkert fast sumarleyfi haft.

Hv. 3. þm. Reykv. segir, að sveitafólkið sé sjálfstæðir atvinnurekendur, sem geti verið sjálfráðir um að taka sér frí. En geta verkamenn ekki tekið sér frí líka? Nú er það ákveðið, að þeir séu á fullu kaupi, á meðan þeir eru í frii sínu. En sannleikurinn er sá, að sveitafólkið má aldrei vera að því að fara í orlofsferð. Sveitavinnan má aldrei falla niður, en sökum fólksfæðar mundi hún hljóta að gera það, ef flest fólkið færi án þess að hægt væri að fá hjálp á meðan. Sveitirnar vantar starfskrafta til þess, og er sveitafólkið eina fólkið, sem svo er ástatt fyrir.

Ég vil svo að lokum lýsa furðu minni á því, hve margir þeir hv. þm. eru, sem ekki þekkja til atvinnuhátta okkar. Þeir virðast varla þekkja það, sem fram fer í kringum þá, ekki kannast við aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. En væntanlega gefst tækifæri til þess að ræða þetta mál nánar síðar.

Umr. frestað.

Á 59. og 61. fundi í Nd., 16. og 18. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 25. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 247, 423, 424, 445, 446).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Eins og ég gat um við 2. umr., var frv. þannig, þegar það kom frá hv. Ed., að ég taldi ekki við unandi, og sama skoðun kom fram hjá flestum, ef ekki öllum, í landbn. Ég tók það fram þá, að í staðinn fyrir ákveðið framlag úr ríkissjóði, sem miðaðist að vísu við greiddan jarðabótastyrk, hefðum við fremur kosið, að þetta væri framkvæmt svo, að ákveðinn hundraðshluti væri lagður á seldar landbúnaðarvörur, svo sem kjöt, mjólk o. fl., og það fé lagt í þennan ferðasjóð. Þetta taldi ég rökréttara framhald af orlofsfrv., því að þeir, sem orlofs njóta samkv. því, fá orlofið ofan á laun sín fyrir störf í þjóðfélaginu. Mér virðist því rökréttara, að sveitafólk fái einnig orlof sitt greitt ofan á greiðslu fyrir störf sín, sem eru fólgin í framleiðslu þessara afurða. Hins vegar hné landbn. ekki að því ráði við 1. umr. málsins á fundi sínum að breyta málinu þannig, því að hún taldi, að þetta væri ákveðið samkv. beinu samkomulagi flokkanna í hv. Ed., og hún vildi ekki raska því samkomulagi, ef um slíkt hefði verið að ræða. En við umr. hér í hv. d. hefur komið í ljós, að þm. telja, að ekki hafi verið um neitt slíkt samkomulag að ræða, og eftir að landbn. var orðið þetta ljóst, tók hún málið upp á nýjum grundvelli og ákvað að bera fram brtt. til þess að færa frv. í það form, sem henni þótti rökréttast og mest í samræmi við hitt málið. Þessar brtt. n. eru prentaðar á þskj. 446. Ég mun ekki lýsa hverri einstakri brtt., tel þess ekki þörf. En heildartilgangur þeirra er sá að færa málið í þann farveg, að í stað greiðslna úr ríkissjóði verði fjárins aflað með því að leggja á

gjald, sem nemur ½% af heildsöluverði á kjöti og mjólk. Ég veit, að mörgum mun þykja gjaldið of lágt, og vafalaust verður á það bent, að gjaldið, sem lagt er á samkv. orlofsfrv., nemur 4% af greiddum verkalaunum. En við vildum ekki fara lengra að sinni, vildum fyrst fá nokkra reynslu fyrir þessu fyrirkomulagi og því, hvernig því yrði tekið af fólkinu í sveitunum. Ég skal geta þess, að við lauslega áætlun um það, hve mikils fjár *megi vænta í ferðasjóðinn* með þessu fyrirkomulagi, hefur komið í ljós, að með núverandi verðlagi má búast við, að það verði um 200 þús. kr., og fer þetta þá að nálgast það að geta orðið að liði. Vitanlega verður þó ekki komið á almennum ferðum sveitafólks um landið fyrir þetta fé og ekki nema fólkið leggi nokkuð af mörkum sjálft, en þessi upphæð gæti orðið mikil hjálp til að koma þessari starfsemi á rekspöl og hjálpa til þess, að fátækir einyrkjar, sem eiga ekki heimangengt vegna annríkis og fólkseklu, gætu keypt sér aðstoð á heimilinu, á meðan þeir brygðu sér frá, og þeim gert kleift að komast út af heimilunum.

N. fór ekkert út í það að taka fé af fleiri gjaldskyldum vörum landbúnaðarins til þessa gjalds. Það hefði þá orðið torvelt um innheimtuna, þó að það hefði ekki verið óréttlátt.

Ég fer ekki nánar út í einstakar gr. brtt. n. Þær eru allar um þetta aðalatriði, sem ég hef minnzt á, og eru nauðsynlegar til að kveða á um framkvæmd meginmálsins.

Ég þarf svo ekki að orðlengja þetta meira, en get þess aðeins, að landbn. stendur óskipt að þessum brtt.

Einar Olgeirsson: Ég hef flutt brtt. við frv. þetta ásamt hv. þm. Siglf. og hv. 11. landsk. Þær fara fram á, að í stað þess, að frv. þetta sé miðað við sveitafólk almennt, þá séu húsmæðurnar teknar út úr og miðað við þær. Ég skal nú gera nánari grein fyrir þeim.

Tilefni þessa frv. er orlofsfrv., sem nú er orðið að l. Með þeim l. voru verkamönnum veitt réttindi og kjarabætur. Ef á að halda þessu verki áfram, þá eiga þessar hagsbætur næst að falla í skaut þeim aðila, sem ásamt verkamanninum ber þyngstar byrðar í þjóðfélaginu. Ég býst við, að allir viti um erfiðleika sveitafólksins, en það er engum vafa undirorpið, að þeir mæða þó mest á húsmóðurinni. Og þótt kjör húsmóðurinnar í sveitunum séu sérstaklega slæm, þá er einnig hið sama að segja um fátækar konur í bæjunum. Það er því rökrétt framhald á því verki, sem hafið var með orlofsfrv., að stíga næsta skrefið þar, sem þörfin er mest. — Hvaða aðila í sveitunum ætti fremur að hlynna að en húsmæðrunum? Ég álít, að þessi styrkur kæmi að meira gagni þeim til handa en bændunum. Ég veit ekki betur en heimild sé í fjárl. til að veita fé til kynnisferða bænda, og þótt sú upphæð, sem nú er veitt í þessu skyni, sé lág, þá er vandalítið að hækka hana. Til þess þarf engin sérstök lög. Auk þess hefur Búnaðarfélagið möguleika á að kynna bændum búnaðarframkvæmdir í öðrum héruðum, og ekki er rétt að miða þetta framlag við slíkt. Hér er um beint mannúðar- og réttlætismál að ræða, en ekki að kynna fólki búnaðarframkvæmdir fyrir þetta fé. Það er því engin ástæða til að tengja þetta neitt saman.

Þessi styrkur á fyrst og fremst að verða til þess, að þreytt fólk geti létt sér upp, þótt ekkert sé því til fyrirstöðu, að það geti lært ýmislegt um leið. En að gert sé ráð fyrir, að það „stúderi" búnaðarframkvæmdir, það er allt annars eðlis, það er sérstakt mál út af fyrir sig.

Það, sem um er að ræða, er að halda áfram því verki, sem hafið var með orlofsfrv., því verki að styðja þá þrælkuðu til að afla sér hvíldar og upplyftingar. Og hvaða hv. þm. vill fullyrða, að nokkrir hafi meiri þrældóm og minna frí en húsmæður?

Ég held því fram, að stefna okkar í þessu máli sé réttlát og í samræmi við orlofsfrv. — Þetta á fyrst og fremst að vera mannúðarmál. Við leggjum til, að 100 þúsund krónum sé varið til styrktar í þessu skyni. Af því greiðist ⅔ til sveita og kauptúna, en ⅓ til kaupstaða, þó með því skilyrði, að eins hátt framlag komi á móti annars staðar að, t. d. frá bæjarfélögum. Þetta þótti okkur sanngjarnt. Ef bæjarfélögin brygðust, þá væru möguleikar á að afla fjárins á annan hátt, t. d. með samkomum og skemmtunum, er kvenfélögin gengjust fyrir. Hins vegar þótti okkur ekki rétt að gera þessar kröfur til sveitanna, þótt ekkert væri vitanlega á móti fjárframlagi þar. Rétt þótti að greiða styrkinn til kvenfélaga, með það fyrir augum að vekja áhuga þeirra á málum þessum og lofa þeim, er nota eiga féð, að hafa sem mest með það að gera. Þá er gert ráð fyrir, að greidd verði full verðlagsuppbót á upphæð þessa. Með núgildandi vísitölu yrði öll upphæðin þá um 260 þús. kr. Landbn. hefur lagt til, að sveitastyrkirnir yrðu um 200 þús., aftur á móti var reiknað með upphæð í Ed., er næmi 50—60 þús. Eftir okkar till. yrði þessi upphæð um 175 þús., svo að munurinn er ekki mikill, miðað við till. landbn., og ekkert því til fyrirstöðu, að upphæðin yrði hækkuð.

Hvað viðvíkur till. n. um sérstakt gjald á kjöt og mjólk til fjáröflunar í þessu skyni, þá álít ég það óheppilega aðferð, sem ekki ætti að viðhafa. Með því er lagður óbeinn tollur á neytendurna, og er það, á móti yfirlýstri stefnu þriggja þingflokkanna. Þar að auki eykur það dýrtíðina að skatta afurðir þannig. Þó skal ég viðurkenna, að það nemur litlu. Ég álít eðlilegast, að féð væri tekið beint úr ríkissjóði og aflað í hann með beinum sköttum.

Ýmsum kann að virðast óþarfi að binda þetta fjárframlag við húsmæðurnar. En ég verð að segja það, að til allrar hamingju getur mestur hluti bænda ferðazt eitthvað og lyft sér upp á fundum og mannamótum, þó að konurnar séu aftur á móti fjötraðar við heimilin. Veit ég, að þær muni eiga vont með að taka sig upp, en það má ekki standa í vegi fyrir frí þeirra. Einnig er mér kunnugt um, að margar konur hafa átt heima hér í bænum áratugum saman, en hafa þó aldrei komið inn fyrir Elliðaár.

Fyrir tilstilli mæðrastyrksnefndar hafa fátækar konur notið nokkurrar hvíldar að Laugarvatni undanfarin ár. Hjá flestum þessum konum hefur þetta orðið ógleymanleg endurminning.

Þó hafa fæstir gert sér í hugarlund, hvað þetta þýðir.

Ég vildi nefna þetta með tilliti til þess, að það er mikið talað um, að breyta þurfi bæjamenningu okkar og tengja hana meira landinu og „tradition" þess. Það ætti þá fyrst að stuðla að því sem mest, að fólkið gæti séð sjálft landið. Auk þess álít ég, að þessar kynnisferðir mundu kynna húsmæðurnar innbyrðis, stuðla að gagnkvæmum kynnum þeirra í sveit og kaupstað. Ég vil því leggja áherzlu á, að hv. þm. íhugi það vel, hvort ekki væri sanngjarnt að veita húsmæðrunum þessi réttindi.

Hvað viðvíkur kynnisferðum bænda, þá er hægt að veita meira fé í fjárl. til þeirra og auka styrkinn frá Búnaðarfélaginu. Ég álít því, að með brtt. okkar sé stigið réttlátasta sporið til áframhalds í þessum efnum.

Emil Jónsson: Við 2. umr. þetta máls gat ég þess, að *ég hefði áskilið mér rétt til þess í* landbúnaðarnefnd að fylgja breytingartillögum, sem fram kynnu að koma við þetta mál. Ástæðan er sú, að ég var ekki í verulegum atriðum ánægður með þetta frv., eins og það lá fyrir. Í fyrsta lagi fannst mér framlagið svo lágt, að tæplega væri hægt að vænta árangurs. Í öðru lagi var ég því mótfallinn, að framlagið til þess að standa straum af kostnaðinum við þessar ferðir skyldi greiðast úr ríkissjóði, og í þriðja lagi var málið alveg óundirbúið, þegar því var kastað út í þingið sem hliðstæðu við orlofsfrv., sem var mjög vel undirbúið. Nú hefur tveimur þessum atriðum verið breytt. Framlagið hefur verið hækkað, eins og hv. frsm. landbn. hefur skýrt frá, þannig að nú munu um 200 þús. kr. ganga til þess árlega, og í öðru lagi hefur það verið ákveðið, að féð skuli tekið á svipaðan hátt og orlofsféð, þ. e. sem álag á vinnu þeirra, sem eiga að njóta þessa fjár.

Hv. 2. þm. Reykv. gat þess þó, að meiri hluti Alþ. mundi vera mótfallinn óbeinum sköttum, og það er rétt. En ég tel þetta hafa svo lítil áhrif sem óbeinn skattur, að þess vegna sé alveg óhætt að vera með þessu. Hér er aðeins um að ræða, ½% af framleiðslukostnaðarverði mjólkur og kjöts, en aðrar vörur eru ekki teknar með.

Ég tel, að með þessu sé tveimur fyrstu aths., sem ég hafði að gera við þetta frv., mætt þannig, að ég tel viðunandi. Hins vegar er málið mjög illa undirbúið, eins og sjá má á því, að landbn. hefur orðið sammála um að fella niður alla 3. gr. frv. og setja 8 nýjar gr. í staðinn. Það er því varla hægt að umsnúa einu máli meira en þarna hefur verið gert.

Þessi undirbúningur er mjög ólíkur þeim, sem orlofsfrv. fékk, þar sem það var undirbúið af fimm manna mþn., sem var skipuð fulltrúum atvinnurekenda og verkamanna og stjórnskipuðum oddamanni. Þessi mþn. starfaði í heilt ár eða meira og skilaði niðurstöðum á þann veg, að nálega engum stafkrók var breytt í frv., enda hafði n. lagt til grundvallar hliðstæð lög hjá erlendum þjóðum og samræmt þau íslenzkum staðháttum.

Hér í þessu frv., eins og það liggur nú fyrir, eru engar frekari ákvarðanir teknar um það, hvernig þessu fé skuli útbýtt, heldur komizt yfir þann vanda með því að fela Búnaðarfélagi Íslands að skipta þessu fé eftir reglugerð, er ráðh. setur. En á hvern hátt þessi reglugerð verður og hvernig skipting fjárins verður að öðru leyti, er hér á engan hátt ákveðið í frv. Það er að vísu tekið upp í frv. eitt ákvæði, sem ég tel þarft og rétt, sem sé, að féð megi nota, auk þess sem það sé notað til kynnisferða, til þess að greiða fátækum einyrkjum, sem ekki eiga heimangengt, nauðsynlega aðstoð við heimastörfin, meðan á kynnisferð stendur. Þetta er þarft, og þetta er líka eina ákvæðið, sem sett er í frv. um það, hvernig með þetta fé skuli fara; annars er allt óákveðið um meðferð þess.

En eins og ég sagði, hefur frv. að mínu viti fengið mjög verulega búningsbót, frá því að það kom hér til hv. d. fyrst. Og þess vegna stend ég að því með landbn. að flytja þessar brtt., eins og þær liggja fyrir á þskj. 446.

Mér er sagt, að þm. V.-Sk. (SvbH) hafi sent mér hnútur nokkrar, þegar ég var fjarstaddur og gat ekki verið hér, vegna afstöðu minnar og orða við 2. umr. þessa máls. Ég skal ekki karpa við þennan hv. þm., og kemur mér ekkert á óvart, þótt hann hafi sent mér hnútur, því að hann er vanur því, ef ekki er skilyrðislaust gengið inn á öfgarnar, sem hann og flokkur hans kunna fram að bera í þessu máli eða öðrum svipuðum. En ég tel, að málstaður minn hafi nokkuð styrkzt með því, að frv. hefur verið snúið nálega alveg við, og það sýnir betur en nokkuð annað, að ekki var hægt að samþ. það eins og það lá fyrir.

Viðvíkjandi því, sem 2. þm. Reykv. (EOl) sagði um *þetta mál, þá viðurkenni ég, að hér er fyrst* og fremst um mannúðarmál að ræða, og á því fyrst að koma til álita að styrkja þá, sem mest hafa þörf til þess. Og þá koma þar í fyrsta lagi til álita húsmæðurnar, eins og hann vildi líka vera láta. En ég tel, að með orlofsfrv., sem orðið er að l., hafi nokkuð verið séð fyrir þessu, að því er tekur til húsmæðra í kaupstöðum, því að vitanlega fylgja þær mönnum sínum, þegar það fé kemur þeim til góða; út frá því er gengið. Og á sama hátt hygg ég, að húsmæður í sveitum muni njóta þessa fjár með mönnum sínum, og ekki síður heldur en hinar. Ég tel því ekki ástæðu til þess að binda þessa fjárveitingu eða þessi l. eins mikið og hv. þm. vill vera láta við það, að húsmæðurnar njóti þess, því að ég tel, að þær muni gera það, eins og orlofslögin eru og þetta frv. gerir ráð fyrir, eftir því sem ástæður og efni standa til.

Ég þarf svo ekki að fara frekari orðum um þetta. Ég mun standa með brtt. landbn. eins og þær liggja fyrir, vegna þess að þær fara allar í þá átt, sem ég hafði hugsað mér að gera brtt. um, eins og málið lá fyrir hér fyrst.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég get tekið undir margt af því, sem var fram flutt í hinni fallegu ræðu fyrir minni kvenna, sem hv. 2. þm. Reykv. flutti hér í d. Og ég skal viðurkenna það með honum, að það eru víst fáar stéttir í þessu þjóðfélagi, sem eiga það frekar skilið heldur en húsmæðurnar og frekar rétt á því, að greitt sé fyrir

því, að þær fái ofurlítið meira frjálsræði en þær hafa og aðstöðu til þess að létta sér upp nokkra daga af árinu úr því mikla erfiði, sem þær standa í dag frá degi. En ég hafði skilið orlofsfrv. þannig, að það væri ekki aðeins gert fyrir karlmenn, heldur ættu eiginkonur þeirra að njóta þess líka, þannig að annaðhvort færu þær með þeim í þessar ferðir eða þær fengju einhvern hluta af fénu sjálfar, ef þær geta ekki farið með þeim.

Hvað viðvíkur þessu frv., sem hér liggur fyrir, þá er vissulega tilgangurinn, að það fé, sem með þessu frv. er gert ráð fyrir að veita til kynnisferða sveitafólks, fari ekki síður til húsmæðranna í sveitum heldur en til karla, annaðhvort á þann hátt, að þær taki ásamt bændum sínum þátt í hópferðum eða verði styrktar til sérstakra ferða. Og þó að þetta fé, sem hér er ætlazt til, að varið verði til kynnisferða sveitafólks, verði mjög lítið á móts við það fé, sem afla á samkv. orlofsl. til þeirra orlofsferða, sem þar eru ákveðnar, þá tel ég, að að því fé mundi verða mikill styrkur einmitt til þess að hjálpa húsmæðrum í sveit til þess að fá frídag við og við frá hinu argsama starfi sínu. Ég vil benda á eitt atriði í þessu sambandi hér til samanburðar. Landbn. hefur reiknazt svo til, að með því verðlagi, sem nú er á þeim vörum, sem hér eru gerðar gjaldskyldar, mundi orlofsframlag ársins nema röskum 100 þús. kr. Þetta er ekki mikið fé, en samt tel ég, að fólki mundi verða mikill styrkur að því til þess að létta sér upp. Í þessu sambandi vil ég benda á, að orlofsfé fyrir vegavinnumenn einungis er 300 þús. kr. Og mér þætti hart, ef vegavinnumönnum einum er ætlað að nota þetta fé einungis fyrir sig, en létu ekki konur sínar njóta þess með sér.

Við umr., sem fóru fram hér í gær um annað mál, upplýsti hv. 2. þm. Reykv., að verkalaun verkamanna hér í Rvík einni væru um 100 millj. kr. á ári. Mér skilst, að samkv. orlofslögunum fái verkamenn þessir um 4 millj. kr. til orlofs á ári. Og ég verð að segja, að mér þykir hart, ef til þess er ætlazt, að þessar 4 millj. fari eingöngu til karlmanna úr þessum stéttum, en konurnar fái þar af engan hlut. Virðist mér þar ærið misjafnt skipt milli karla og kvenna hjá hv. 2. þm. Reykv., ef hann ætlar körlum úr verkamanna- og launastéttum Rvíkur 4 millj. kr. í orlofsfé á ári, en konur eigi ekki að fá nema eitthvað um 6 þús. kr. Ég ætla, að það liggi alveg í hlutarins eðli, að þetta fé eigi að fara bæði til karla og kvenna. Hins vegar tel ég, að þessi brtt., sem hv. 2. þm. Reykv. hefur flutt ásamt fleiri þm., sé alveg óþörf og meira að segja hættuleg, ef með henni yrði slegið föstu, að vesalings konurnar ættu ekkert að fá af þessum millj., sem falla til orlofsferða samkv. orlofsl.

Þá sagði hv. 2. þm. Reykv., að þetta frv. væri óþarft, vegna þess að nú væri í fjárl. veitt fé til kynnisferða bænda. Að vísu hefur 2 þús. kr. verið varið í fjárl. í þessu skyni. En það er ekki nema til þess að gera gys að bændum landsins að veita þeim 2 þús. kr. á ári, þegar öðrum stéttum þjóðfélagsins eru veittar til slíkra ferða millj. króna. Og vitanlega er til þess ætlazt, að þessi liður í fjárl. falli niður, verði þetta frv. að l.

Þá þótti hv. 2. þm. Reykv. óviðkunnanlegt, að tekið væri fram í l., að þessar ferðir ættu að vera til þess að kynnast fjarlægari héruðum, búnaðarframkvæmdum og búnaðarháttum. Vitanlega eru þessar ferðir fyrst og fremst hvíld og upplyfting fyrir þetta fólk. En um leið og fólkið hvílir sig, er ekkert á móti því, að það slái tvær flugur í einu höggi, — kynnist einnig því í starfsgrein sinni, sem betur má fara, því að alltaf er eitthvað hægt að læra af öðrum í þessu efni.

Þá skildist mér hann færa fram sem rök á móti þessu frv., að orlofslögin ættu að vera til þess að stuðla að því, að sveitafólkið fengi upplyfting og hvíld. Það mátti skilja orð hans þannig, að í öðrum stéttum fyndist fyllilega eins þreytt og þjakað fólk og í sveitum landsins. Ég veit, að þreyttar hendur starfa bæði í sveit og við sjó. En ég efast um, að meiri þreytu vegna sífelldrar vinnu megi finna annars staðar en í sveitum landsins. Og þessu fólki á að veita hjálp til þess að lyfta sér upp nokkra daga. Og ég lít svo á, að um leið og Alþ. afgr. frv. til l. um orlof eins og það, sem afgr. var sem l. nýlega, þá eigi líka að vera gerð tilraun til þess að létta undir með sveitafólkinu til þess að fá sér hvíld, því fólki, sem hvað harðast og ósleitilegast vinnur „hörðum höndum ár og eindaga".

Þá kvað hv. 2. þm. Reykv. það óheppilega aðferð að leggja þetta gjald með tollum á mjólk og kjöt. Það yrði m. a. til þess að auka dýrtíðina eða vinna móti því, að dýrtíðin lækki. Hv. þm. Hafnf. hefur svarað þessu og bent á, hve lítið atriði væri hér um að ræða. En ef orlofsféð yfirleitt eykur dýrtíðina í landinu, þá yrði það miklu meira samkv. hinu frv. Það eru því síður en svo rök á móti þessu máli sérstaklega, heldur orlofslögunum í heild.

Hv. 2. þm. Reykv. taldi fjölda bænda hafa tök á því að leyfa sér að ferðast árlega frá heimilum sínum. Það er rétt. En jafnvíst er hitt, að fjöldi bænda hefur mjög litla aðstöðu til þess að komast frá heimilum sínum og strjúka um frjálst höfuð í nokkra daga. Og fyrst og fremst er þessu frv. ætlað að hlynna að því, að sveitafólk fái fleiri frídaga en það hefur átt kost á hingað til, því að þeir eru fáir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Hv. þm. Mýr. var að tala um það áðan, að verkamenn mundu fá mikla upphæð til orlofs og væri þess vegna hægt að líta svo á, að þeir gætu af því fé veitt konum sínum nokkurt frí og ferðalög. Nú er það svo í kaupstöðum, að til eru fleiri húsmæður en konur verkamanna. Það er fjöldi af húsmæðrum hér, sem hafa jafnvel allra bágasta aðstöðu, sem ekki einu sinni hafa þá aðstöðu að geta þó kallað til manns síns til þess að fara fram á slíkan styrk hjá honum. Og í brtt. okkar er lagt til, að féð, sem á að greiðast til kaupstaðanna í þessu sambandi, greiðist til mæðrastyrksnefndar. Og það er vitað, að sú n. mundi sjá um, að þessu fé yrði úthlutað fyrst og fremst til þeirra kvenna, sem minnsta möguleika hafa til að njóta þeirra réttinda, sem konur, sem eiga menn á lífi, fengju með orlofsfénu. Það er þess vegna ekki bætt úr þeirri nauðsyn,

sem fyrir er um að létta undir með konum kaupstaðanna, jafnvel þótt verkamenn hafi fengið orlof. Það kann að vera erfitt fyrir verkamenn á sumum heimilum að koma því svo fyrir, að konur þeirra fari í orlof, a. m. k. á annan hátt en þann, að þeir slepptu því sjálfir og konur þeirra færu í staðinn. Og ég vil minna hv. þm. á það, að það er alveg sérstakt, hve mikið verkamenn hafa haft á síðasta ári í Rvík. Verkamenn hafa yfirleitt ekki geta gengið út frá því að hafa vinnu hvern dag árið um kring. Hitt hefur verið tíðara síðustu áratugina, að þeir hafi kannske ekki fengið að vinna nema annan og þriðja hvern dag, og þeir hafa fengið vinnuna mun verr borgaða en nú og þess vegna átt fullt í fangi með að hafa nægilegt til þess að draga fram lífið í sér og sínum, hvað þá að þeir hafi getað kostað upp á kynnisferðir og frí fyrir sjálfa sig og fjölskyldur sínar.

Í sambandi við þessa brtt. er um það að ræða, hvort samsvarandi styrk eins og þarna á að veitast til sveitanna, m. a. húsmæðra í till. okkar, eigi líka að veita til þeirra, sem bágast eru staddir í kaupstöðum, sem ekki eiga kannske kost á að njóta neins af því, sem verkamenn hafa fengið til orlofs. Og það er sérstaklega vegna þess, sem við leggjum til, að þetta fé verði falið mæðrastyrksnefnd til úthlutunar. Hv. þm. Mýr. vildi leggja nokkuð upp úr því, að það, sem í till. landbn. felst, ætti ekki síður að geta komið húsmæðrum að notum heldur en bændum. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa eina setningu úr brtt. við 6. gr.: „Styrk úr ferðasjóði skal aðallega verja til þess að standast kostnað við hópferðir sveitafólks til að kynnast fjarlægum héruðum, búnaðarháttum þar og búnaðarframkvæmdum.“ Það er auðheyrt á því, hvernig þetta er orðað, að það eru karlmennirnir, sem eru fyrst og fremst bornir fyrir brjósti, þó að ég geti vel trúað því, að landbn. vilji ekki láta líta svo út sem hún hafi gleymt húsmæðrunum. Ég held, að sá tilgangur, sem hv. þm. Mýr. segir, að hafi vakað fyrir n., náist miklu betur með brtt., sem ég og fleiri þm. flytja.

Hv. þm. Mýr. minntist á, að veittar væru 2 þús. kr. í fjárl. til kynnisferða bænda, og væri það að gera gys að bændum. Hefur ekki Framsfl. sett þetta inn í fjárl.? (BÁ: Ég sagði, að það væri að gera gys, eftir að orlofsfrv. væri orðið að l.). Auðvitað hefur verið tækifæri undanfarið fyrir Framsfl. og aðra, sem þykjast bera hag sveitamanna fyrir brjósti, til að bera fram till. um að hækka þetta tillag. En ég held, að jafnlítill áhugi hafi verið fyrir því eins og að barnaskólar yrðu byggðir í sveitunum. En hv. þm. Mýr. var þó einn af þeim fáu, sem stóðu með því. Ég held, að bezta ráðstöfunin á því fé, sem bændur fá úr ríkissjóði, væri sú, að eitthvað af því færi til kynnisferða bænda, heldur en að greiða 20—30 þús. kr. til eins einasta bónda sem uppbót, en þeir fátæku séu svo settir hjá.

Þetta mál var fyrst flutt í hv. Ed. af nokkrum þm. Alþfl. og Framsfl., var það hugsað sem eins konar mótvægi móti orlofsfrv., sem veitti verkamönnum réttindi til orlofs. Þar kom fram till. um að tryggja bændum a. m. k. 60 þús. kr. án verðlagsuppbótar. Og það var við þá brtt., sem við lögðum fram brtt., og það áður en landbn. kom með sína brtt. um, að í staðinn fyrir 60 þús. kr. sé greitt í hlut sveitafólks a. m. k. 170 þús. kr. Landbn. fór fram á nokkru ríflegra framlag, og ég held það sé ekki fjárhæðin, sem skilur á milli þarna, heldur hitt spursmálið, til hvers eigi að nota féð. Ég sé ekki betur en allt mæli með því, að þetta fé sé notað handa húsmæðrum í sveit, og síðar sé hægt að styðja að aukinni kynningu meðal bænda, svo að þeir kynntust búnaðarháttum hver hjá öðrum, með því að auka fjárframlagið, sem til þess er ætlað nú í fjárl. ríkisins.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Mýr. var að reyna að verja, að allt, sem lagt er á kjöt og mjólk í þessu skyni, auki dýrtíðina, vil ég segja, að það ætti varla að þurfa um það að deila, að allt, sem lagt er á þessar vörur, er nefskattur, sem kemur þyngst niður á þá, sem sízt mega við því, í staðinn fyrir, að fé væri varið úr ríkissjóði, en aflað mest með beinum sköttum, sem hlutfallslega þyngra koma niður á þeim ríku. Það er rétt aðferð. En eftir till. landbn. er lagður skattur á þá fátæku til að hjálpa öðrum. Það hefur staðið í stefnuskrá Framsfl., að hann væri á móti óbeinum sköttum, og ætti ekki að þurfa að rökfæra slíkt mál við þá menn, þó að hér komi fram till. um óbeina skatta. Hitt málið, hækkun launa verkamanna í landinu, er spursmál út af fyrir sig, sem tekur til atvinnurekenda í landinu.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta efni, en ég fæ ekki betur séð en að þarna sé landbn. að flytja nýtt frv., um tolla, sem ætti að athugast af fjvn. En þær till., sem ég hef lagt til, eru brtt. við hverja gr. frv.

Jón Pálmason: Þegar þetta frv. kom frá Ed. og til landbn., þá vildi n. ekki bregða fæti fyrir málið, en nm. áskildu sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma við frv. Flestir nm. voru óánægðir með frv. eins og það var, og það vor í fyrsta lagi af því, að þetta er ríkisstyrkur. Í öðru laga af því, að þetta er svo smá upphæð, að það var eins og verið væri að gera gys að sveitafólkinu, eftir að búið var að samþ. orlofsfrv., sem hafði þá nýlega gengið í gegnum þingið. Að ætla sér að samþ. frv. þar sem látnar voru af hendi 10 kr. til hvers heimilis, var þýðingarlítið mál, auk þess sem ríkisstyrkur í þessu skyni var ógeðfelld leið. En í því formi, sem frv. er orðið nú samkv. till. landbn., held ég, að allir nm. séu ánægðir með það, jafnvel þó að segja megi, að þetta sé mjög lítil upphæð, þegar hún er borin saman við það, sem kemur helzt til samanburðar.

Nú er það svo í sveitum landsins, að það er ekki það, sem á veltur, hvort fólkið geti kostað til 10 eða 20 kr. til þess að lyfta sér upp, heldur hitt, að sveitafólkið hefur engan tíma til þess að hverfa frá heimilunum, þó að um skamma hríð sé. Þess vegna er það öllu þýðingarmeira atriði, sem er tekið fram í 6. lið brtt. okkar, að það sé heimilt að styrkja þá, sem örðugast eiga með að afla sér vinnukrafts.

En það var ekki þetta, sem gerði það að verkum, að ég kvaddi mér hljóðs, því að hv. frsm. hefur gert fyrir þessu glögga grein, heldur hitt,

að mér finnst till. og ummæli, sem fram komu hjá hv. 2. þm. Reykv. vera þannig, að það sé full ástæða til þess að víkja frekar að því. Þessi hv. þm. vill færa þetta mál inn á það svið, að þessi styrkur nái aðeins til húsmæðra í sveitum og kaupstöðum og sé ríkisstyrkur. Eins og tekið hefur verið fram, nýtur allt fólk í kaupstöðum landsins orlofsfjár, jafnt húsmæður sem karlmenn, og þess má geta, að allt fastlaunafólk í kaupstöðum hefur frí einhvern ákveðinn tíma með fullu kaupi. Ég bendi á þetta til þess að sýna fram á, að ekki er ástæða til þess að fara inn á þessa leið. Það gefur augaleið, að þessi upphæð, sem veitt yrði í þessu skyni til sveitafólksins, þarf að ganga jafnt yfir alla, bæði karla sem konur, ef það hefur aðstöðu til þess að fara slíkar ferðir einhvern tíma á árinu. Það er gert ráð fyrir því, að Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsamböndin komi sér saman um að skipta þessu fé á milli héraðanna.

Varðandi það, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði um konurnar í kaupstöðum landsins, þá er það út af fyrir sig rétt hjá honum, að til eru konur, sem hvorki eru giftar verkamönnum né fastlaunamönnum og hafa örðuga aðstöðu, en það verður að hafa einhver önnur ráð til þess að rétta þeim hjálparhönd, heldur en þau að taka af því fé, sem ætlað er í þessu skyni handa sveitafólkinu, og færa það yfir til þeirra. Ég held þess vegna, að hv. þm. ættu að geta sætt sig við það að afgreiða þessar brtt. landbn., eins og þær liggja fyrir, en láta allar aðrar brtt. eiga sig. Þeir, sem voru orlofsfrv. fylgjandi, ættu sannarlega ekki að sjá ofsjónum yfir því, þó að ætlazt sé til, að þessi smáupphæð verði veitt í þessu skyni til sveitafólksins, því að þar er ólíku saman að jafna, eins og hv. þm. Mýr. benti á, þar sem orlofsfé til verkamanna í Rvík einni mun verða um 3 millj. kr. Þar að auki er þess að geta, að það fé, sem fastlaunafólk nýtur í þessu skyni, er engin smáupphæð. Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum, en vil vænta þess, að eftir að atkvgr. hefur farið fram, þurfi ekki að verða meiri ágreiningur út af þessu máli, og vona, að menn sætti sig við það eins og landbn. hefur gengið frá því.

ATKVGR.

Brtt. 446,a samþ. með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, EmJ, EystJ, GG, GSv, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SB, SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH.

nei: ÞG, ÁkJ, EOl, LJós, SigfS, SK, STh.

FJ, JakM, JJós greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁÁ, BG, GÞ, GTh, ÓTh, SG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Ég greiddi atkv. á móti orlofsfrv., þar sem ég er á móti þeirri stefnu, sem þar er upp tekin. En þar sem það frv. var samþ., segi ég já við þessu frv., enda þótt ég sé líka á móti þeirri stefnu, sem hér er tekin upp.

Gísli Sveinsson: Í trausti þess, að fleiri liðir verði samþ. en þessi, segi ég já.

Stefán Jóh. Stefánsson: Með tilvísun til grg. hv. 10. landsk. þm. segi ég já.

Brtt. 446,b—h samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 423, 424, 445 komu ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 65. fundi í Ed., 26. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 473).

Á 66. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið á dagskrá til einnar umr., en áður en gengið væri til dagskrár, mælti:

forseti (StgrA): Ég vil vekja athygli hv. þdm. á því, að frv. á þskj. 473, sem endursent hefur verið þessari hv. d. frá Nd. sem 120. mál, er flutt var í þessari hv. d., virðist vera mjög mikið breytt frá því, sem það var í upphafi, þannig að nokkur vafi leikur á því, hvort það skuli meðhöndlað sem sama málið eða sem nýtt mál, og ég mun því taka til athugunar, hvaða meðferð málið skuli fá. Í frv., eins og það var upphaflega, er efnið það, að fé verði veitt úr ríkissjóði til styrktar kynnisferða sveitafólks. Í frv. nú á þskj. 473 er hins vegar kveðið svo á, að lagður skuli nýr skattur á kaupendur kjöts og mjólkur, og í 2. gr. frv. er farið fram á, að stofnaður verði sérstakur sjóður, og sá sjóður hafi það hlutverk að styrkja kynnisferðir sveitafólks. — Eins og sést á þessu, þá er hér um að ræða gerbreytingu á efni frv. Ég hef þess vegna kynnt mér, hvaða venjur hafa gilt á Alþ., þegar um slík mál er að ræða sem þetta, og hef ég lesið kafla úr riti eftir núverandi hv. 6. þm. Reykv., er nefnist Deildir Alþingis. Þetta rit er gefið út sem fylgirit með Árbók Háskóla Íslands, og er því hér um vísindarit að ræða. Fordæmi fyrir meðferð slíkra mála er mjög sitt á hvað. Dæmi er frá 1931 um meðferð eins frv. Þar komu fram brtt., sem gerbreyttu frv. Þessum brtt. var vísað frá samkv. till. Héðins Valdimarssonar. Í öðru lagi eru ýmis dæmi þess, að gagngerðar breyt. eru gerðar á frv., án þess að það hafi valdið truflun á meðferð þess. T. d. árið 1935, um fiskimálanefnd, og sama ár frv. um ríkisútgáfu skólabóka o. fl. dæmi.

Í þriðja lagi finnast fordæmi þess, að breyt. eru gerðar á frv., en þá er það gert að nýju máli og afgr. samkv. því með tilheyrandi umræðufjölda. Sem dæmi um þetta má nefna árið 1901 frv. til l. um skrásetningu skipa. Það var flutt í Ed., en við 2. og 3. umr. í Nd. var því breytt svo mjög, að þegar það kom aftur til Ed., þá var það metið þar sem nýtt mál og ákveðnar um það 3 umr. að nýju.

Sem sagt, þessi fordæmi leiða ekki í ljós neina ákveðna reglu, og niðurstaða höfundar rits þessa er sem hér segir: „Venjan um allt þetta er samt býsna reikul, enda verður að játa, að erfitt er að setja um þetta fastákveðnar reglur, þó að meginstefnan, sem fylgja verður, sé ljós, sem sé, að óheimilt sé að gerbreyta frv. svo, að úr því verði raunverulega nýtt frv.“

Hins vegar um það, hvaða úrræðum skuli beita í slíkum tilfellum, segir höfundur á þessa leið: „Ef frv. aftur á móti hefur áður verið fyrir

þeirri d., sem það nú er komið í, og því er haldið fram, að hin deildin hafi breytt frv. svo mikið, að það sé ekki sama frv. sem í þessari d. var áður, þá sýnist rétt, að þessi d. eða forseti hennar geri það alveg sjálfstætt upp með sér, hvort svo sé eða ekki, og láti 3 umr. fara fram, ef um nýtt frv. er að ræða.“

Þar sem ekki eru neinar fastar reglur um þetta, þá vil ég ekki sem forseti d. úrskurða, hvort hér sé um nýtt frv. að ræða, heldur leita álits hv. þdm. um það atriði. Ég mun gefa kost á að ræða þetta atriði, og að þeim umr. loknum láta fara fram atkvgr. um það.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Það er sennilega ekki auðvelt að úrskurða í þessu máli eftir þeim venjum, sem fyrir liggja. Ég skal ekki halda uppi löngum umr. um þetta, því að hv. dm. munu mynda sér skoðanir um þetta án þess, að langar umr. fari fram. Ég vil benda á í þessu sambandi, að dæmin um, að frv. sé svo breytt í annarri d., að það sé skoðað sem nýtt frv. í hinni, eru gömul allflest, að vísu eitt frá 1935. Aftur á móti eru þrjú ný dæmi þess, að miklar breyt. voru gerðar á frv., án þess að það hefði áhrif á meðferð málanna.

Ég tel þetta mál tæpast nýtt, því að fyrirsögn frv. er sú sama og tilgangur þess sá sami og hann var. Sú breyt. er aðeins, að teknanna til framkvæmda skal nú aflað með öðrum hætti en gert var ráð fyrir í frv. fyrst. Ég tel mjög hæpið að líta á málið sem nýtt og ógerlegt að líta á það þannig út frá skýringum þessa fræðirits, sem hæstv. forseti vitnaði í, og mun ég því greiða atkv. með því, að málið verði meðhöndlað sem hið upprunalega.

Ég viðurkenni aðferð hæstv. forseta, að d. skeri úr um þetta, en tel frv. ekki svo breytt, að það geti talizt nýtt mál.

Gísli Jónsson: Ég er ekki sammála hv. þm. Str. um þetta. Í brtt. frá landbn. Nd., á þskj. 446, eru gerðar þær breyt. á frv., að 1. og 2. gr. skuli niður falla, og með því álít ég frv. á þskj. 247 drepið og nýtt frv. tekið upp í þess stað. Ég tel því, enda þótt frv. fjalli nú um líkt atriði og áður, að það sé nýtt mál og hljóti þar af leiðandi að fá meðferð samkv. því hér í hv. d., og mun ég greiða atkv. samkv. því.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti: Ég vil ekki blanda mér mikið inn í þessar umr., en drepa á nokkur atriði. — Það er rétt hjá hv. þm. Str., að svo virðist sem ekki sé eins strangt tekið á þessu nú á síðari árum sem áður fyrr. Þó var á þingi 1935 eitt mál, sem hv. þm. vitnaði í, einmitt talið svo breytt, að það var úrskurðað sem nýtt mál og um það ákveðnar 3 umr. frá byrjun. Það var talið, að forseti hefði gengið of langt að leyfa breyt., en samt var það svo, að forseti Nd. fékk felld burt viss ákvæði frv., sem sett höfðu verið inn í Ed., vegna þess að hann taldi, að þau gætu ekki staðizt í frv. Rök hans eru að vísu nokkuð óljós, en þó kemur greinilega fram, að hann taldi, að málið mætti samkv. þingsköpum ekki fram ganga eins og Ed. hafði frá því gengið, svo að það er ljóst, að fram á síðustu ár hefur verið nauðsynlegt að hafa aðgerðir í frammi, ef of mikil breyt. á málum hefur átt sér stað, og án þess að ég vilji blanda mér inn í þetta mál, þá er ljóst, að ákvæði þingskapa og ekki síður stjskr. eru þverbrotin, ef máli er gersamlega umbylt frá því, sem það var upphaflega, og þar með er farið í kringum fyrirmæli um umræðufjölda, sem er sú trygging, sem á að vera sett fyrir rækilegri athugun þingmála. Þess vegna álít ég, hvað sem öðru líður, fyrst hæstv. forseti hefur vakið athygli á því, að gott sé, að þingið slái föstu, að hér eigi að vera vel á verði, og ég hygg, að „praksis“ fyrri ára sé að þessu leyti heilbrigðari fyrir þingræðið en sú óvenja, sem komizt hefur inn á síðari árum, enda þótt hæstv. forseti Nd. áliti breyt. ekki svo mikla, að ástæða væri til að telja málið nýtt mál. Hitt er annað mál, að það er ekki einfalt, hvað hæstv. forseti á að gera, þegar slík tilfelli koma fyrir. Í þessu tilfelli hefði verið réttast, að hæstv. forseti Nd. hefði vísað brtt. frá, ef þær hefðu talizt svo miklar, að þær gerbreyttu frv., en úr því að hann hefur ekki gert það, verður þessi d. að gera sjálfstætt upp með sér, hvort hér er um sama mál að ræða, því að ef það er allt annað mál, þá er það þessi d., sem fyrst og fremst á að gera það upp, hvort svo er, þar sem málið er flutt í þessari hv. d. En þá kynni að vera vafamál, hvenær mál ætti að ganga í Sþ., ef d. greindi á um, hvort um sama mál væri að ræða eða ekki. Þar kynni að vera hugsanlegur ágreiningur, en öðruvísi verður ekki fram hjá því komizt, fyrst vitleysa hefur verið gerð í málinu á annað borð. En þó að slíkur ágreiningur kynni að vera, sem er meira í kenningu en framkvæmd, þá getur það ekki breytt því, og á það vil ég leggja áherzlu, að þessi d. verður að gera sér sjálfstætt grein fyrir, hvort um sama mál er að ræða og það, er áður lá hér fyrir, eða ekki. Ég vil leggja áherzlu á það, sem hv. þm. Barð. sagði, að það er bæði form og efni, sem hér kemur til greina. Og samkv. þeim brtt., sem samþ. voru í Nd., eru gr. þess frv., sem áður var, felldar burt, en allt að þrisvar sinnum fleiri gr. koma í staðinn, og efnisbreyt. er sú, eins og hæstv. forseti sagði, að þar er lagður á nýr skattur og stofnaður þar af sérstakur sjóður, málið tekið af stj. og lagt með lögum undir Búnaðarfélag Íslands og sumpart horfið frá kynnisferðunum, því að ætlazt er til, að mönnum sé borgað kaup, sem fara ekki í kynnisferðir, og málinu yfirleitt gerbreytt frá því sem það var. Hitt er alveg rétt, að að grundvelli til er um sama efni að ræða og upphaflega var í frv. Ég vil undirstrika það, sem hv. þm. Str. sagði, að þess eru dæmi, sérstaklega eftir 1933, að átt hafi sér stað ákaflega miklar breyt. á frv., sem þó eru ekki undantekningarlaus, sbr. meðferð bandormsins 1935, og eiga frekar að vera til varnar en eftirbreytni, ef við viljum halda stjórnarskráratriðum um þetta efni í heiðri.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að halda um þetta langa ræðu. Ég vek athygli á því, sem að vísu kom fram í ræðu þess hv. þm., sem nú var að ljúka máli sínu, að við umr. um þetta mál í Nd. var þeirri fyrirspurn

beint til hæstv. forseta þeirrar d., hvort hann teldi þetta nýtt mál, eins og því hafði verið breytt við 3. umr., því að ef það teldist nýtt mál, þá átti það ekki að sæta þeirri meðferð, sem það sætti í þeirri d. Forseti Nd. lýsti því yfir, að hann teldi þetta ekki nýtt mál, og því var það afgr. við 3. umr. sem breyt. á því upphaflega frv. Þar af leiðir, að ef svo færi, að úrskurður þessarar d. hnigi í aðra átt, þá getur svo farið, eins og vakin var athygli á, ef ágreiningur verður um mál milli þd., að það verði miklum vafa undirorpið, hvenær mál eiga að fara í Sþ. Um það getur orðið árekstur, sem leiðir til þess, að ekki verði hægt að útkljá mál á þingi. Þess vegna ætla ég ekki að ræða mál þetta frekar. Ég geri ráð fyrir, að þessi atriði séu ekki svo mikið í reyk, að hægt sé að afgr. málið á þann hátt, sem venja er til. Svo er hægt fyrir d. að ræða málið rækilega við þessa umr., og m. a. mætti fresta umr., til þess að hægt væri að gefa hv. þm. tækifæri á að athuga málið svo ýtarlega sem þeir kjósa. Ef d. óskar eftir þessari afgreiðslu málsins, þá getur það fengið fullkomna afgreiðslu hér alveg eins og þótt það gengi gegnum þrjár umr. D. mun skera úr, hvaða aðferð verður um þetta höfð, og ég hygg, að það fari mjög eftir því, hversu velviljaðir menn eru þessu máli. Það getur verið, að eyða megi málinu með þessari aðferð, og er sennilegt, að það verði niðurstaðan. Hins vegar álít ég, að mál, sem hefur verið gerbreytt, hafi oft fengið að ganga fram þrátt fyrir það, einkum á síðari árum, og það fer mjög mikið eftir því, hvort menn vilja eyða málinu, hvaða afgreiðslu frv. verður valin. Læt ég svo útrætt um það mál.

Magnús Jónsson: Það er helzt lærðra lögfræðinga að ræða vísindalega um svona mál, en úr því að málið á að bera samkv. úrskurði hæstv. forseta undir okkur, sem erum ólöglærðir, þá verðum við að gera okkur grein fyrir málinu. Ég fer því ekki svo mikið út í venjuna, en vil aðeins segja um það frv., sem hér var talað um, hið svo kallaða bandormsfrv., að það frv. var alveg sérstaks eðlis. Það frv. var í mörgum liðum, og hver liður var í raun og veru eitt frv. Var alltaf verið að auka þar aftan við, og þar af fékk frv. nafn sitt, svo að þó að slíkum liðum fjölgaði eða fækkaði, þá var ekki hægt að tala um fjölgun eða fækkun breyt. á slíkum óskapnaði.

Hins vegar vil ég segja um það frv., sem hér liggur fyrir, að ég get ekki séð annað en hér hafi verið búið til nýtt frv. Fyrirsögnin stendur ein eftir, og hún er ekki ákveðnari en það, að hún er „framlög til kynnisferða sveitafólks“, og gætu undir þetta komið ýmsar aðferðir, sem væru ólíkar hver annarri, eins og þær aðferðir, sem hér hefur verið stungið upp á. Við verðum því að meta við okkur, hvort þær aðferðir, sem hér hefur verið um að ræða, eru svo ólíkar, að frv. verði að teljast nýtt mál, þegar um er breytt. Hér er stungið upp á allt annarri aðferð en áður var. Áður var um að ræða framlag úr ríkissjóði, en nú á að leggja þetta sem sérstakt gjald á þá, sem kaupa kjöt og mjólk. Mér skilst, að þeir, sem framleiða, eigi ekki að greiða þetta, heldur á að bæta því við. Verðlagsnefndirnar ákveða verðið og bæta síðan þessum ½% ofan á. Ég er alls ekki tilbúinn að greiða atkv. um þetta mál. Ég vil segja, að það hefði verið réttara út af fyrir sig, að gjaldþegnarnir almennt hefðu staðið undir þessu en að leggja það sérstaklega á þá, sem kaupa þessar vörur. Ég held því, að hér sé miklu lakara mál, eða a. m. k. allt annað mál. Ég held, að það sé óheppilegt, að sú venja skapizt að afgr. þannig mál á miklu auðveldari máta en annars, en ég hygg, að sú venja skapist, ef afgr. má mál á þennan hátt, svo framarlega sem hægt er að klúðra frv. undir sömu fyrirsögn, og þá sé nóg, að þau gangi í gegnum eina umr. í staðinn fyrir sex umr. Ég get hugsað mér þá meðferð á frv. hér, að menn vilji breyta því verulega, en því verður illa við komið, ef sú aðferð er við höfð, sem hv. þm. Str. lagði áherzlu á, að fresta umr., til að menn gætu athugað málið, og láta það fá þannig fullkomna meðferð. Ég skil ekki, hver tilgangurinn er með þremur umr. í hvorri d., ef hægt er að láta frv. fá jafngóða meðferð með því að fresta umr. til að athuga málið. Það væru þá sjálfsögð vinnuvísindi að breyta þingsköpum þannig, að aðeins ein umr. skyldi fara fram, en umr. frestað.

Ég skal svo ekki frekar um þetta ræða. Það er á valdi hæstv. forseta að ákveða, hvaða meðferð málið fær, en mér sýnist samt, að það geti orðið dálítið vandasamt að ákveða, hvenær mál skuli teljast nýtt, en um þetta mál hef ég ekki getað sannfært mig af þeim rökum, sem fram hafa komið, að hér sé ekki nýtt mál á ferðinni.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er aðeins örstutt aths., sem ég ætla að koma með við þetta mál.

Það hefur verið upplýst við umr. málsins, að þegar hefur fallið úrskurður um það í Nd. af hæstv. forseta þeirrar d. Hans úrskurður var sá, að málið væri alls ekki nýtt mál, heldur sama mál. Ef þetta væri úrskurðað nýtt mál hér, þá stæði d. á móti d., og er það óviðkunnanlegt hér á þingi. Ég játa, að þetta frv. er mikið breytt, aðallega að því leyti, hvaðan á að taka fé. Áður átti ríkissjóður að leggja það fram, en nú á að taka það með sérstökum skatti á tvær vörutegundir. Hins vegar eru ákvæðin um, hvernig með fé skuli farið, mjög svipuð. Það er ekki nema um smávægilegar breyt. að ræða. Ég játa, að þar er meira sett undir Búnaðarfélag Íslands en áður var, en þó var áður gert ráð fyrir því, að Búnaðarfélagið sæi um úthlutun þessa fjár, og var það fram tekið bæði í grg. og framsögu.

Ef litið er á eldri mál, þá er það mjög óskýrt, hvenær mál skuli teljast nýtt mál og hvenær ekki. Það verður að vera undir mati einstakra hv. þm. eða hæstv. forseta.

Sem sagt, ég bendi d. á, að eftir þessar upplýsingar liggur það fyrir, að þegar er fallinn úrskurður um málið í Nd., og væri gott, ef hægt væri hjá því að komast, að d. segðu sitt hvor um sama málið.

Bjarni Benediktsson: Ég vil vekja athygli á því, að þótt venjan í þessu sé mjög á reiki, þá liggja fyrir skýr tilfelli um það, þegar önnur d. hefur haft mál til meðferðar, sem síðan hefur

farið til hinnar d. og hún breytt því mikið, að *þá hefur fyrri d. haft sjálfstæðan ákvörðunarrétt*, hvort það mál, sem kom, væri sama mál og það, sem fór, enda lít ég svo á, að enginn sé bærari að dæma um, hvort það er sama mál, en d., sem hafði málið fyrst til meðferðar. Nd. getur í þessu efni ekki sagt Ed. fyrir verkum.

Ég get ekki látið vera að láta í ljós undrun mína yfir þeim ummælum hv. þm. Str., að afstaða manna til þess formsatriðis, sem hér liggur fyrir, gæti farið eftir því, hvort menn eru því máli velviljaðir, sem hér liggur fyrir. Mér skilst, að í þessu tilfelli komi d. fram sem eins konar dómari eða löggæzlumaður til að sjá um, að ákvæði stjskr. séu í heiðri höfð, og við höfum báðir lært, að æðsta skylda þeirra, sem með löggjafarvald fara, er að loka augunum fyrir því, hver það væri, sem hlut ætti að máli, hvort mönnum væri vel eða illa við hann, eða hvort hann eigi þetta skilið eða ekki frá almennu sjónarmiði. Það yrði að líta á hvert einstakt mál eins og það liggur fyrir, varðandi það lagaákvæði, sem þá er um að ræða, og ekki neitt annað. Þess vegna vil ég beinlínis vara d. við að líta þannig á, að hún sé að taka nokkra afstöðu til þess málefnis, sem hér er um að ræða, hvort hún telji það vera gott eða illt, heldur aðeins að gæta þeirrar skyldu að sjá um, að stjskr. og þingsköp séu í heiðri höfð.

Eiríkur Einarsson: Það hefur beinlínis komið fram í ræðum sumra manna, sem til máls hafa tekið, að þeir álíti það óvenjulega röskun á venjulegum gangi mála að taka þetta frv. upp sem nýtt mál, heldur eigi að leyfa því, þó að það sé dálítið mikið breytt frá Nd., að útkljást við eina umr. Ég verð að segja, að ef hér væri ekki um annað að ræða en hvernig ætti að koma fyrir kynnisferðum sveitafólks, hvert ætti að fara, hvernig fólkið ætti að vera klætt, hvort fara ætti í bílum eða á hestum, hvort það ætti að fá á ferðapelann o. s. frv., þá væri ekki mikill vandi. En þetta er ekki mergurinn málsins, heldur hvernig á að veita sveitafólkinu nauðsynlegt fé til að hreyfa sig að sumarlagi. Þegar málið er krufið til mergjar, þá er þetta eina atriðið, sem skiptir máli og getur valdið verulegum ágreiningi: Á það að koma frá ríkissjóði beint eða annars staðar að? Það er meginatriðið. Ég vil segja, að þetta atriði hafi algerlega tekið stakkaskiptum í meðferð málsins milli d. Ég legg áherzlu á þetta og segi alveg tæpitungulaust, að vegna þessarar breyt. sé hér um nýtt mál að ræða. Með þeirri breyt., sem gerð hefur verið í Nd., er lagður á óvenjulegan hátt sérstakur skattur á tvær vörutegundir, þ. e. a. s. söluverðið til neytenda. Ég vil taka fram, að það þyrfti ekki mikið að breytast frá því, sem nú er, að það þætti jafnathugavert og ísjárvert fyrir framleiðendur og neytendur þessara vara að skeyta þessu aukagjaldi við. Það er vitanlegt, að á hverjum tíma, sem þrengist fyrir dyrum hjá almenningi í landinu, þá er það sameiginleg nauðsyn fyrir framleiðendur og neytendur að stilla verðlaginu þannig í hóf og það horf, að framleiðendur fái allt vöruverðið í sínar hendur, sem er umfram þann óhjákvæmilega álagningarkostnað, og á sama hátt er það nauðsyn fyrir neytendur, að ekkert sé lagt á vöruna fram yfir þurftarlaun framleiðenda nema það, sem er óhjákvæmilegur kostnaður. Þess vegna veit ég ekki, hversu þakksamlega það yrði þegið, ef Alþ. færi að gera gjaldskylda þá, sem hér eiga hlut að máli og tel ekki þarft að gana út í það. Ég tel þess vegna ástæðu til og í rauninni nauðsynlegt að sýna Nd. fram á, að þessi d. líti á málið sem nýtt mál, og fari svo sem fara vill með það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil undirstrika það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að það má ekki hafa áhrif á atkvgr. hér í hv. d., hvort menn eru málinu velviljaðir eða ekki, því að hér er verið að skapa fordæmi, sem á að verða síðari þingum leiðarstjarna í þessum efnum. Ef atkvgr. fellur svo, að málið skuli teljast nýtt mál, verður að gefa því nýtt númer og nýjan flm. eða að öðrum kosti senda það til landbn. Nd., til þess að hún geti athugað það. Það getur ekki orðið þessari hv. d. neitt leiðarljós, þó að hæstv. forseta Nd. hafi yfirsézt um það að úrskurða málið sem nýtt mál.

Hermann Jónasson: Hv. 6. þm. Reykv. minntist á það, sem okkur hefur verið kennt um það, hvernig kveða skuli upp úrskurði, að fara ætti eftir öllum málavöxtum og gera það, sem rétt væri. Þetta er að vísu alveg rétt, en út af því hefur stundum viljað bregða hér á þingi, enda fer þingið ekki með dómarastörf að jafnaði, og það hlýtur því að hafa nokkur áhrif um afstöðu manna til mála, hvað þeir vilja sjálfir um þau. *Ég veit að vísu ekki, hvað liggur á bak við hina* óvenjulegu formfestu í þessu máli hér í hv. d., en tel rétt að láta deiluna niður falla og láta reynsluna skera úr því, hvort ætlun þessara manna er sú að eyða málinu, eins og stundum var gert á Alþ. hinu forna, þó að þeir látist vera því hlynntir.

Magnús Jónsson: Mér þykir undarleg þessi tilraun hv. þm. Str. að snúa málinu inn á þá braut, að þessi þingskapalega afstaða til málsins sé efnisleg afstaða, og skrýtið þykir mér að heyra það af munni lögfræðings og fyrrverandi dómara, að ekki beri að líta á málið sjálft, heldur eigi persónuleg afstaða þm. að ráða. Fór hann eftir slíku í dómarastarfi sínu? Mér er sem ég heyri gegnum orð hv. þm. hótun um, að nú skuli koma í Tímanum grein, þar sem okkur er úthúðað fyrir fjandskap við málið og borið á brýn að vilja eyða því. Þetta er einhver mesti siðspillingarvottur, sem ég hef orðið var við á Alþ. og það af fyrrv. verði laga og réttar í landinu. Hér er kallað á okkur að skera úr um vandasamt atriði og láta ekki persónulega afstöðu til málsins ráða. En það vill nú svo vel til, að fyrir liggur sönnun um, að hér er ekki um að ræða neinn fjandskap við málið af okkar hálfu, því að sá hv. þm., sem leggur til, að málið sé upp tekið sem nýtt mál, hefur áður sýnt það með atkv. sínu, að hann er með málinu. Hér er ekki heldur um að ræða mikilsvert atriði fyrir málið, því að engar líkur eru til, að ekki verði hægt að

ljúka því á þessu þingi. Það er því smáatriði að þessu leyti, en getur verið mikilsvert atriði að hinu leytinu, að hér getur orðið um að ræða fordæmi fyrir síðari tíma, og mér kæmi ekki á óvart, þó að þessi hv. þm. kynni að verða fyrir því síðar meir, að andstæðingar hans notuðu sér það fordæmi.

Hermann Jónasson: Út af áminningarræðu hins prestlega heilagleika og hinnar guðfræðilegu hreinskilni vil ég aðeins segja örfá orð. Sá hv. þm., sem síðast talaði, hneykslaðist mjög á því, að ég væri að gera þeim getsakir, en ég tók það fram, að það væri bara ágizkun mín, að fyrir þeim vekti að eyða málinu, og það kemur væntanlega í ljós við afgreiðslu málsins, hvort heldur er. En engum getur þótt undarlegt, þó að mönnum detti í hug, að eitthvað slíkt búi hér á bak við.

Bjarni Benediktsson: Aðeins fá orð út af þeim getsökum hv. þm. Str., að fyrir okkur vaki að eyða málinu með því að látast vera því fylgjandi. Ef einhverjir vilja eyða málinu, eru það þá ekki þeir, sem vilja halda því fram, að málið hljóti að stranda samkv. þingsköpum, ef það er tekið upp sem nýtt mál. Ef hv. þm. vill vera með getsakir um óheilindi, ætti hann fyrst og fremst að beina ásökunum sínum til þeirrar n. í Nd., sem valdið hefur þessari skyssu. Það hefði ekki þurft að tefja málið að flytja nýtt frv. á formlegan hátt. Ef einhverjir eiga ásakanir skilið, þá eru það þeir menn, sem skyssuna gerðu, en ekki hinir, sem vilja reyna að gera gott úr þessu, eins og hæstv. forseti o. fl. Ég verð líka að undrast þá staðhæfingu hv. þm. Str., að 10—20 ára þingvenja sé fyrir því, að gerbreyta megi frv. Hæstv. forseti nefndi dæmi frá árinu 1931, þegar till. var vísað frá af þessum ástæðum, þar sem hún rúmaðist ekki innan ramma þingskapanna, og ég hef sjálfur nefnt dæmi frá árinu 1935, er forseti Nd. felldi niður ákvæði frv., sem Ed. hafði sett inn í það, af því að hann taldi þau ekki rúmast innan ramma frv. Það er því hægt að benda á skýr dæmi um það, að ekki hefur verið talið hæfa að gerbreyta málum á þennan hátt, og það frá síðasta 10 ára tímabili, þegar lengra hefur þó verið gengið en áður í því að virða að vettugi ákvæði stjskr. og þingskapa. En samt heldur hv. þm. Str. því fram, að hér sé verið að ganga í gegn venju, sem skapazt hafi á undanförnum 10—20 árum. Ég veit ekki, hvað eru blekkingar, ef ekki þetta.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins benda hv. þm. Str. á það, að það gegnir allt öðru máli um þetta frv. en það frv., sem ég flutti hér sem brtt. við l., sem þegar voru fyrir í landinu, þar sem engu var breytt öðru en því, að felldur var niður mikill hluti af brtt. mínum, en ekkert nýtt sett inn í frv. Þetta er allt annað, og furðar mig á, að jafnskýr maður og hv. þm. Str. skuli bera slík rök fram fyrir hv. Ed. Það er eins og hann væri að tala við Strandamenn á þingmálafundi. Ég skal líka benda honum á, að ég átti fyrstur till. um kynnisferðir sveitafólks og fékk hv. þm. Str. síðan nauðugan til að setja nafn sitt á frv. Honum er vel ljóst, að hann hefði aldrei haft tíma til að hugsa um þetta mál. Við urðum beinlínis að neyða hann til að vera meðflm. þessa máls. Mér er óhætt að segja, að ég er meiri fylgjandi málsins en hv. þm. Str., en ég met stjskr. Íslands meira en svo, að ég vilji þola það, að ekki sé farið með málið eftir því, sem þingsköp krefjast.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Það er í raun og veru þýðingarlaust að ræða þetta mál, þar sem það mun hafa verið ákveðið fyrirfram, hvernig með það skyldi farið. Það, sem ég ætla að segja hér viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. var að tala um breyt. á frv., að frv. hefði verið gerbreytt og margt strikað út, en annað sett í staðinn, þá hefur það ekki við rök að styðjast. Annars ætla ég ekki að svara þessum hv. þm. Hann er kominn í sinn gamla ham og farinn að ráðast á umbjóðendur mína þarna norður á kjálkanum, sem ég held, að gætu mætt honum á flestum sviðum. Hann er nú alveg búinn að missa vald á sjálfum sér.

Hv. 6. þm. Reykv. er nú kominn úr fræðimennskuham sínum og hefur tekið á sig ærið pólitískan blæ, eins og oft vill brenna við um fræðimennsku hans, sem ég skal þó ekki lasta á neinn hátt að öðru leyti.

Ég efast um, að nokkur þm. eða nokkur fræðimaður haldi því fram, að þær gerbreytingar, sem hafa verið gerðar á frv. hér síðustu 10—20 árin, hafi ekki margar verið meiri en þær breyt., sem hafa nú verið gerðar á þessu frv., án þess að þau frv. hafi verið látin sæta þeirri meðferð, sem nú á að taka upp gagnvart þessu frv. Það á nú að taka upp alveg nýja aðferð, sem er gagnstæð þeim aðferðum og reglum, sem hér hafa verið notaðar síðustu 10—20 árin. Ef þetta er ekki ástæða til þess að láta sig gruna, að hér sé verið að gera tilraun til þess að eyða málinu, þá veit ég ekki, hvað á að kalla það, en úrslit þessarar deilu munu sýna það, hve mikil heilindi hafa staðið bak við fylgi manna við þetta mál.

Ég vil að lokum þakka hæstv. forseta fyrir þá þolinmæði, sem hann hefur sýnt, og þá lipurð að leyfa mér að koma með þessar aths. mínar, en þær munu nú ekki verða fleiri.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. — Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Ég tók það ekki fram áðan, að þegar frv. var samið, þá var það byggt á því að tryggja bændafólki einnig tækifæri til þess að taka sér orlof eins og annað fólk. Það var meginhugsun þessa máls. Og um leið og öðru fólki var veittur styrkur til þess að taka sér orlof, þá þótti rétt að gefa þessu fólki einnig færi á, að fá styrk til þess að taka sín orlof.

Þetta er það, sem kom þessu frv. af stað, og það stendur enn í frv., eins og það er nú. Það eru enn þá sömu mennirnir, sem eiga að fá styrkinn, og honum verður úthlutað á sama hátt og upphaflega var gert ráð fyrir. Breytingin er aðeins sú, hvernig eigi að afla fjárins til þessara framlaga, þannig að upphaflega var gert ráð fyrir, að það yrði greitt beint úr ríkissjóði, en nú er það lagt á vissar landbúnaðarafurðir. Ég skal

játa, að það er mikið form utan um þetta í frv., en ef umbúðirnar um þetta hefðu verið fyrirferðarminni, þá er ég viss um, að enginn hefði hreyft því, að hér væri nýtt frv. á ferðinni. Það er í raun og veru ekkert annað nýtt í þessu frv. nú heldur en sú tekjuöflunarleið, sem hefur verið valin. Meginatriði málsins, þ. e. hugmyndin um að styrkja sveitafólkið til kynnisferða, er hið sama, en það hefur aðeins verið breytt um tekjuöflunarleið, og get ég því ekki séð, að hér sé raunverulega um nýtt mál að ræða.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Ég þarf ekki að bera af mér neinar sakir, heldur miklu fremur bera fram þakklæti til hv. þm. Str., en hann hlóð á mig lofi óverðugan.

Ég hef nú setið á ærið mörgum þingum, en ég minnist þess ekki að hafa séð aðra eins breyt. á einu frv. eins og þá að fella niður allar þrjár gr. frv. og setja átta nýjar í staðinn. Það var hér eitt sinn á ferðinni frv., sem var fyrst ein gr., en svo var annarri bætt við, og síðan var sú fyrri felld niður, og var þá raunverulega komið nýtt frv., en hér er þó um enn stórfelldari breyt. að ræða, þar sem hér eru felldar niður allar gr. frv. og teknar upp miklu fleiri nýjar gr. í staðinn, og það man ég ekki eftir, að hafi komið fyrir áður. En ef svona aðferð á að fara að tíðkast, þá er mikil hætta á ferðum og það er alveg gagnstætt því, sem hingað til hefur átt sér stað hér.

Ég verð að játa, að ég skildi ekki vel, við hvað hv. þm. Str. átti, er hann var að tala um, að úrslit þessarar deilu mundu sýna, af hve miklum heilindum menn hefðu fylgt þessu máli. Það má vera, að hann áliti, að þegar flm. greiði atkv. með því, að málið fái fulla meðferð, þá greiði þeir atkv. á móti málinu sjálfu. Ég veit ekki, hvernig hann ætlar sér að gera þannig ályktun um úrslit málsins af því, hvernig meðferð það fær. Honum finnst málinu hafa verið sýnd velvild í Nd., en hér telur hann, að það eigi fjandskap að mæta. Ég tel það engan fjandskap við málið að vilja sýna því þann sóma að láta það fá fulla meðferð hér. En hér er vissulega um nýtt mál að ræða, þar sem hér á að fara að leggja nýja skatta á landbúnaðarafurðir, en áður var aðeins um að ræða beint framlag úr ríkissjóði. Ég ætla nú ekki að gera hv. þm. Str. neinar getsakir, úr því að hann var svona velviljaður í minn garð áðan. En ef hann vill láta keyra hér í gegn málsmeðferð, sem er á móti vilja dm., þá getur hann með því espað til andstöðu við málið, og það getur vitanlega haft áhrif á úrslit þess.

Það væri heldur ekkert óeðlilegt, þótt hv. þm. Str. væri á móti þessu máli, því að hér er um allt annað mál að ræða en það, sem hann var flm. að upphaflega.

Ég vil svo að lokum þakka hæstv. forseta fyrir þolinmæðina og það, hve hann hefur sýnt mikla lipurð við að veita leyfi til aths., en það mun heldur ekki vera eins strangt, þegar rætt er um þingsköp eins og ef rætt væri um þingmál.

Forseti (StgrA): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er þessum umr. um þingsköp lokið. Samkv. ósk verður haft nafnakall um þetta atriði, og skulu þeir, sem vilja meta þetta frv. á þskj. 473 sama mál og það sem flutt var á þskj. 247, segja já, en hinir nei.

ATKVGR.

Fellt með 9:6 atkv. að telja frv. á þskj. 473 sama mál og frv. á þskj. 247, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt.

nei: GJ, GÍG, KA, LJóh, MJ, BBen, BrB, EE, StgrA.

HG greiddi ekki atkv.

1 þm. (PM) fjarstaddur.

Forseti (StgrA): Þá hefur deildin úrskurðað, að frv. á þskj. 473 skuli ekki teljast sama mál og frv. á þskj. 247, og verða því viðhafðar þrjár umr. um málið hér í deildinni.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vildi spyrja hæstv. forseta, hvort ekki væri hægt að taka málið til 1. umr. nú á þessum fundi. Það hefur nú verið svo mikið rætt við þessar umr., sem hér hafa farið fram, að það ætti að geta gengið fljótt að afgreiða það til 2. umr. og n., og það mundi flýta mikið fyrir heildarafgreiðslu málsins að geta tekið það fyrir þegar á þessum fundi og komið því til nefndar.

Forseti (StgrA): Ég hef gert ráð fyrir að taka þetta mál fyrir til 1. umr. síðar á þessum fundi.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr. (A. 473).

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. — Mér finnst ekki rétt, að málið fari umræðulaust til 2. umr. Það hefur að vísu atvikazt svo, að ekki hefur verið komizt hjá því að ræða talsvert um efni þessa frv. utan dagskrár. Þetta mál er þannig til komið, að í þessari hv. d. var borið fram annað frv., um kynnisferðir sveitafólks, flutt af fjórum hv. þdm., og það frv., eins og það var afgr. frá d., hafði almennan stuðning hennar. Nú aftur á móti er komið frá Nd. annað frv. gjörólíkt hinu fyrra. Það var hægt að segja um hið fyrra frv., eins og það kom frá þessari d. fyrst, að það gæti verið undirstaða undir frekari löggjöf um þetta efni, og þess vegna varð að telja það skref í rétta átt. Um þetta mál má aftur á móti segja, að það sé skaðsemdarmál og svo mikil vitleysa, að ég á erfitt með að trúa því, að hv. d. vilji, að það nái fram að ganga, þar sem höfuðefni þessa frv. er það, að nýir tollar skuli lagðir á landbúnaðarafurðir, kjöt og mjólk, og andvirðið skuli renna til kynnisferða sveitafólks. Ég tel þetta frá öllum sjónarmiðum hreinustu fjarstæðu. Í fyrsta lagi er ég andvígur tollum á nauðsynjavörum og tel því ranglátt að fara að leggja á þennan nýja toll, því að auðvitað er þarna ekki um annað en toll að ræða. Auk þess var á það bent í umr. utan dagskrár, að það væri ærið djörf till. að ætlast til þess, að kynnisferðir sveitafólks yrðu kostaðar að öllu leyti af neytendum í kaupstöðunum. A. m. k. hefði það þótt dálítið einkennileg till., að ég

hygg, hefði einhver hv. þm. flutt frv. um orlof kaupstaðafólks, þar sem ætlazt hefði verið til þess, að orlofsfé yrði greitt af sveitafólkinu á þann hátt, að það hefði orðið að standa undir sköttum og tollum í því skyni, og því fengið minna andvirði fyrir vörur sínar. Þetta mundi hafa þótt fjarstæða, og jafnmikil fjarstæða er höfuðefni þessa frv. Nú var það svo, að það var síður en svo, að ég væri ánægður með frv. um kynnisferðir sveitafólks, eins og það var afgr. frá þessari hv. d., og ég geri ráð fyrir því, að fleiri af þeim, sem hafa lé0 því máli fylgi sitt, hafi verið á sömu skoðun.

Fyrsti flm. frv. tók það margsinnis fram í umr. um þetta mál, og umr. um orlofsfrv., þar sem þetta mál spannst mjög inn í, að hann áliti, að brýn þörf væri á því að styrkja húsmæður í sveitum til þess að geta lyft sér upp. Ég er þarna alveg á sama máli og þessi hv. þm. Það er vitanlegt, að bændur og karlmenn yfirleitt hafa fjöldamörg tækifæri til þess að ferðast, en húsmæður aftur á móti fá sjaldan tækifæri til að ferðast, og er því meiri nauðsyn á því, að þeim sé hjálpað og það skipulagt, að þær geti lyft sér upp. Hins vegar verður ekki hjá því komizt, þegar einni atvinnustétt eru veitt slík fríðindi sem hér um ræðir, að þá komi líka fram kröfur frá öðrum atvinnustéttum um sams konar fríðindi, enda komu fram raddir í Nd. um það, að lítil ástæða væri til þess að veita framleiðendum, sem stunda landbúnað, hlunnindi fram yfir aðra framleiðendur í landinu, t. d. þá, sem fiskiveiðar stunda. Það er ekki hægt að mæla á móti því, að þetta eru mikil rök. Líka af þessum ástæðum hef ég talið rétt að byrja á því, sem brýnust þörf er á, sem sé að setja löggjöf, sem tryggði húsmæðrum möguleika til þess að fara kynnisferðir, og þá ekki aðeins húsmæðrum í sveitum, heldur líka húsmæðrum í kaupstöðum. Það yrði þá að veita það ríflegt fé til þessara kynnisferða, að sá hlutur, sem samkv. þessu frv. á að ganga til sveitanna, yrði ekki rýrður. Ég held líka, að á þennan hátt — með því að takmarka verksvið þessa frv. —, mundi það koma að mestu gagni, vegna þess að upphæðin óbreytt, eins og hún er í frv., er svo lítil, að lítið væri hægt fyrir hana að gera, ef verksvið frv. er mjög víðtækt. Ég vildi þess vegna biðja þá n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að taka þetta mál alveg sérstaklega til athugunar. Það er rétt að geta þess, að í hv. Nd. kom fram brtt. við frv., sem fór í þessa átt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 10:3 atkv.

Á 81., 83., 84., 85., 86., 87., 88. og 89. fundi í Ed., 25., 29., 30. og 31. marz, 1., 2., 5. og 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 473, n. 570 og 591, 611).

Forseti (StgrA): Ég tel mér skylt að vekja athygli á því, að brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 591 og 611, eru, að mér sýnist, það gagngerðar, að það mundi gerbreyta frv. á þskj. 473, ef þær yrðu samþykktar. Mér sýnist, að verið sé að færa frv. í svipað form og það var, þegar það var flutt hér í d. En Nd. gerði þá breyt. á því, að það varð sem nýtt mál. Virðist mér, að ef frv. á þskj. 473 félli úr sögunni, væri hér nýtt mál á ferðinni. Hefði ég mesta tilhneigingu til að vísa því þskj. til hliðar, en af því að ég er viðvaningur hér, vil ég ekki gera það á eigin ábyrgð, heldur skjóta því til d., hvort hún vilji leyfa það eða ekki.

Ingvar Pálmason: Herra forseti. — Ég lít svipað á málið og hæstv. forseti. Þrjár umr. hafa farið fram í báðum deildum, og er málið komið aftur til þessarar hv. d. Eftir þingsköpum réttum fæ ég ekki betur séð en að frv. sé þegar orðið að lögum. Ef nú yrði farið að eins og forseti minntist á, yrðu að fara fram þrjár umr. Með þessari afgreiðslu væri brevtt þingsköpum. D. getur veitt leyfi um afbrigði frá þingsköpum. Ég minnist ekki, að deild hafi veitt afbrigði frá þeim á þennan hátt. Sé ég ekki betur, ef svona á að fara með málið, en að meðferð þess öll sé óformleg. Skora ég á forseta að taka rögg á sig og úrskurða, hvort málið er nýtt eða ekki. Þeirri aðferð, að forseti skjóti sér undan skildu sinni, kann ég ekki, og tel ég, að hann eigi að gefa úrskurð um mál þetta.

Frsm. 2. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Ég tel það mjög athugavert, ef taka á upp þá reglu, að forseti hafi úrskurðarrétt undir svona kringumstæðum. Minni hl. verður að hafa tryggingu fyrir því, að meiri hl. misnoti ekki aðstöðu sína gagnvart honum.

Þegar ákveðið væri, að mál þetta skyldi skoðast sem nýtt, skyldi það gert með þeim hætti, að forseti leitaði álits d. um það, hvort skoða ætti það sem nýtt eða ekki. Kvæði forseti upp þann úrskurð, að málið sæti meðferð sem nýtt, yrði svo að vera. Mál þetta hefur sætt löglegri meðferð. Þess vegna er það fráleitt, sem fram hefur komið, að málið sé þegar afgr. sem lög.

Það er ekki hægt með neinum rökum að úrskurða till. á þskj. 591 og 611 svo þungar á metunum sem forseti vill vera láta. Það er víst, að daglega eru bornar fram till., sem fela í sér gagngerðari breyt. en þessar, sbr. frv. ríkisstj. Læt ég mér ekki til hugar koma, að forseti felli þann dóm. Honum ber að fella skýlausan úrskurð og að láta álit d. ekki hafa áhrif á hann.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég vil taka það fram að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. S.-M. (IngP), að mér finnst ekki geta staðizt sú skýring hans á því, að málið sé hér búið að fá löglega afgreiðslu á þinginu, enda þótt það hafi komið til hv. Ed. aftur frá hv. Nd. og verið ein umr. höfð í því hér. Því að eins og honum mun kunnugt, þá er það heimtað, þegar mál er endursent til deildar, að það sé borið undir d. til samþykktar. En aftur á móti var þetta frv. við 1. umr. þess nú hér í hv. d. aðeins borið undir d. til þess að vísa því til 2. umr. og n., svo að það er nokkuð önnur meðferð, sem hér er um að ræða. En frá mínu sjónarmiði er það þannig,

sem ég hef látið áður uppi, þegar málið var hér á ferð, þar sem ég var á móti því að telja þetta nýtt mál, að ég get ekki farið að snúast á móti því, að þessar brtt. komi hér til meðferðar, sem auðvitað ganga í svipaða átt og frv. upphaflega, þar sem þær miða að því að koma frv. í fyrra form.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að fara að ræða um málsmeðferð á þessu máli. Hún er náttúrlega þannig, að hún er miklu meira umræðuefni heldur en svo, að það sé eyðandi tíma í það nú. En með því að gera málið að nýju máli, ef svo verður úrskurðað af hæstv. forseta, þá er málið alls ekki komið hér inn í þessa hv. d. enn þá sem nýtt mál. Því að ég veit ekki betur en að nýtt mál þurfi að vera flutt af einhverjum, annaðhvort þm., ríkisstj. eða nefnd. Og hver hefur flutt þetta mál þannig, svo að það geti talizt vera hér komið inn í hv. d. sem nýtt mál? Þetta mál er, sem sagt, alls ekki komið nú inn í þessa hv. d. sem nýtt mál samkv. þingsköpum. Og þó að einhverjir úrskurðir hafi verið gerðir hliðstæðir því, að þetta mál yrði nú talið úrskurðað sem nýtt mál hér í hv. d., þá er það bersýnilegt, að svona er þetta. Og við skulum nú segja það, að frv. ríkisstj. um dýrtíðarmálin verði samþ. mjög breytt í Nd. og það gengi á milli d. líkt og þetta frv., sem hér liggur fyrir, þá getur það orðið einkennileg meðferð á því máli, ef meðferðin á þessu máli, sem hér liggur fyrir, verður tekin til fyrirmyndar, svo framarlega sem þetta verður úrskurðað hér að vera nýtt mál. Þá yrði dýrtíðarfrv. sennilega nýtt mál, þegar það væri komið frá þessari hv. d. aftur. Og þá yrði að sjálfsögðu einhver að flytja það á ný, ríkisstj. eða einhver annar, og yrði það þá að sæta þeirri meðferð, sem ný mál sæta. Og það er augljóst, að eftir að búið væri að ákveða með úrskurði, að þetta mál teljist nýtt mál, ef svo verður gert, að þegar þær brtt., sem nú liggja fyrir við frv., hefðu verið samþ., ef svo félli, þá mundu þessar brtt. gera þetta nýja mál að enn nýju máli, þriðja málinu. Því að þær mundu þá gerbreyta frv. frá því formi, sem það hefur nú, og svo mjög, að sú breyt. yrði eins mikil og breyt., sem orðið hefur nú þegar á frv. og sumir hv. þm. vilja láta verða þess valdandi, að málið verði útskurðað sem nýtt mál. Ef þannig yrði farið inn á þá leið að láta málin lenda í úrskurðaflækjum í málsmeðferð, þá mundu menn lenda í meiri og minni ógöngum og vitleysum. En það er ekki réttur vettvangur til þess að ræða þetta mál ýtarlega hér, heldur þarf það að gerast á öðrum vettvangi.

Brynjólfur Bjarnason: Mér virðist hv. þm., sem hér hafa talað, hafa sumir gleymt því, hvers konar aðferð var höfð til þess að skera úr því, hvort málið væri nýtt mál eða ekki, þegar það kom hér fyrir þessa hv. þd. úr hv. Nd. Hæstv. forseti færði fram mjög ýtarleg rök fyrir því, að hér væri um matsatriði að ræða. Og hann nefndi nokkur hliðstæð fordæmi þess, að þetta mál gæti talizt nýtt mál. Hann nefndi dæmi þess, að í slíkum tilfellum sem þessu hafi mál verið talin ný mál og þá fengið þá meðferð, sem ný mál fá hér í hv. d., þ. e. a. s., verið látin ganga gegnum þrjár umr. og síðan vísað til hv. Nd. Og eins hitt, að í slíkum tilfellum hefur úrskurður fallið á þá lund, að ekki skyldi skoða mál, sem hliðstætt þessu stóð á um, sem nýtt mál, enda þótt hliðstæðar gerbreytingar hefðu verið gerðar, þannig að úrskurðað hefði þá verið, að mál skyldu fá venjulega afgreiðslu í d. eins og hvert annað mál. M. ö. o., það, sem hér þurfti að gera, var ekki annað en að meta það, hvort málið skyldi teljast nýtt mál eða ekki. Og þá getur vitanlega ýmislegt komið til greina við það mat.

Mér virðist, að í þessu tilfelli hefði getað orkað tvímælis um það, að hér væri algerlega um nýtt mál að ræða, vegna þess að eins og málið kom frá hv. Nd. var það í átta greinum, sem komu í staðinn fyrir þrjár greinar frv., eins og það fór hér úr hv. Ed. Og þessar átta greinar fólu í sér alveg ný ákvæði og gersamlega ólík þeim, sem voru í frv., eins og það kom frá Ed. áður.

Hins vegar gegnir nokkuð öðru máli um þessar brtt., sem hér liggja fyrir. Að vísu fela þær í sér gerbreytingar á frv. frá því eins og það kom úr hv. Nd. En samt sem áður gegnir hér öðru máli, þar sem hluti úr frv. er í brtt. tekinn upp og honum breytt nokkuð, þ. e. a. s., að í staðinn fyrir þessar átta gr. komi þrjár gr. samkv. brtt. minni á þskj. 611. Og sama máli gegnir að þessu leyti gagnvart brtt. frá minni hl. landbn. Og það eru ótal fordæmi fyrir því, að slíkar breyt. hafi verið gerðar á frv., án þess að það væri skoðað sem nýtt mál. Það kemur að mínu áliti þannig vel til greina að meta þessar brtt. allt öðruvísi heldur en þær breyt., sem komið hafa fram á frv. og gert það eins og það er nú komið frá hv. Nd.

Það hefur komið hér fram í umr., bæði hjá hv. 3. landsk. þm. (HG) og hv. 1. þm. S.-M. (IngP), að hæstv. forseta bæri að fella úrskurð í þessu máli án þess að leita álits hv. d. í því sambandi. Og mér skildist, að þessir hv. þm. báðir væru þeirrar skoðunar, að það hefði forseta verið rangt að gera. En þessir hv. þm. gæta ekki að því, að hér er um úrskurð að ræða, sem byggist á mati. Það eru ekki nein skýr fyrirmæli til í þingsköpum, sem geta sagt af eða á um það, hvernig úrskurður eigi að falla í málinu. Það verður þess vegna að byggjast á mati, sem getur verið undir ýmsu komið. Og í slíkum kringumstæðum sem þessum virðist mér það mat eiga að vera á valdi hv. d. og hæstv. forseti fari svo eftir því, hvað d. telur rétt vera í málinu, og að engin önnur meðferð eigi að koma til greina og í engri annarri málsmeðferð sé nein trygging. Hv. 3. landsk. þm. spurði, hvar væri tryggingin fyrir minni hl. um það, að meiri hl. misnotaði ekki aðstöðu sína gagnvart minni hl. og færi með rangindi gagnvart honum, svo framarlega sem forseti tæki upp þá reglu að láta d. fella þessa úrskurði. Ég vil spyrja hv. 3. landsk. þm.: Hvar er tryggingin fyrir meiri og minni hl. deilda fyrir því, að forseti misnoti ekki vald sitt gagnvart þeim? Við höfum dæmi um það hér á Alþ., að forseti hefur mjög freklega notað úrskurðarvald sitt gagnvart vissum hluta hv. þingmanna. Þannig hefur eldri reynsla sýnt, að engin sérstök trygging er í því, að úrskurðarvaldið sé allt í höndum forseta. Hins vegar er það þannig samkv. þingsköpum, að for-

setar eiga að úrskurða, hvað rétt sé samkvæmt þingsköpum. En þegar ekki eru skýr ákvæði í þingsköpum um atriði, sem úrskurða þarf um, heldur er það matsatriði, þá á það að vera á valdi d. að ákveða, hvort hún lítur svo á, eins og í þessu tilfelli er, hvort eitthvert mál sé nýtt mál eða ekki. Og ég tel, sem sagt, í þessu tilfelli alveg hárrétt, að meiri hl. hv. þd. sé látinn skera úr um þetta.

Hermann Jónasson: Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta. En það er vitanlega svo um næstum alla úrskurði, að þeir eru matsatriði. Um mikið af úrskurðum í deilum yfirleitt er það svo, að það verður að meta, hvernig eigi að skilja það eða þau ákvæði, sem fyrir liggja og úrskurða á eftir.

Ég er satt að segja undrandi yfir þessari starfsaðferð hæstv. forseta, vegna þess að það er sjálfsagt að segja það eins og það er, að hann hefur yfirleitt stjórnað fundum hér þannig, að við höfum enga ástæðu til að bera honum annað en að hann hafi sýnt fullkomna réttsýni og sanngirni. Og ég hygg, að þessi aðferð hans nú sé eingöngu fyrir það, að það hafi ekki verið af hæstv. forseta hugsað út í það, hvert svona fordæmi í úrskurði getur leitt. Þó að því sé haldið fram, að þm. hafi ekki mikla tryggingu fyrir því, að forseti geri rétt í úrskurðum, þá er ekki miklu meiri trygging fyrir réttsýni í úrskurðum, þó að þeir séu á valdi d. Það er svo bæði með forseta og aðra, sem taka að sér ábyrgðarstörf, — þó að vitanlega geti út af því brugðið, að þeir geri rétt, eins og um aðra menn —, þá er það venjulega svo, að menn setjast ekki í forsæti á Alþ., nema þeir geri yfirleitt það, sem þeir álita rétt vera. Starfið sjálft krefst þess, að það sé gert. Og það er miklu hættulegra að láta meiri hl. þd. ráða, vegna þess að þar getur verið framið flokkslegt ofbeldi af mörgum. Og það er miklu meiri hætta á slíku flokkslegu ofbeldi heldur en ranglæti í ákvörðunum, sem forseti einn tekur ábyrgð á. Og það fordæmi, sem hér hefur skapazt, leiðir af sér það, að það má með þessum hætti misþyrma hvaða máli sem er samkv. þessum reglum. Meiri hl. d. getur skotið sér undan því að taka afstöðu til máls eða mála með þessu móti, og það langt fram yfir það, sem forseti mundi nokkurn tíma gera, sem hefur ekki tilhneigingu til annars en að sýna réttsýni.

Menn ræða nú ekki orðið um þetta mál af neinni alvöru. Málið er komið í botnleysu. Og þess vegna óska ég fyrst og fremst, að tekin sé afstaða til málsins. Og málsmeðferðin er þannig, að þeir eru aumkunarverðastir, sem hafa notað þessa málsmeðferð. Því að það sér hver einasti maður, að hún er þannig, að það er ómögulegt að verja hana.

Forseti mun telja sig hafa úrskurðað um þetta mál. Ég man ekki hvernig orð hans féllu, nema ef hann hefur úrskurðað þannig, að hann færi eftir því, sem meiri hl. d. vildi hafa í málinu, ef á að fallast á, að það sé nokkurs konar úrskurður. En ef framkvæmdur hefur verið einhver úrskurður um, að þetta mál skuli skoðast nýtt mál, — en vitanlega er sá úrskurður ekki réttur —, þá er ómögulegt að komast hjá því að úrskurða brtt. frá til þess að samræma vitleysuna.

Gísli Jónsson: Út af ummælum hv. þm. Str. vil ég taka fram, að ég vil ekki viðurkenna það, að það hafi verið gerð vitleysa í meðferð þessa máls, hvað atkvgr. þessa snertir. Hún fór fram um það, hvort hér ætti að gefa fordæmi, en ekki um eðli málsins. En undir þeim umr., sem um það fóru fram, var hæstv. forseta skýrt bent á það, að ef þetta yrði skoðað sem nýtt mál og úrskurðað þannig af honum, þá yrði það að fá nýja flm. og nýtt númer. Það var bent skýrt á þetta af mér undir þeim umr. En hæstv. forseti gerði eitt glappaskot í málinu, eftir að meiri hl. d. hafði samþ., að málið skyldi skoðast sem nýtt mál, sem sé að taka málið á dagskrá, án þess að úrskurður hefði verið felldur. Og ég vildi gjarnan sjá það skjalfest, hvar og hvernig sá úrskurður hefur verið felldur. Það var aðeins gerð fyrirspurn um það hér í hv. d., hvort málið ætti að koma hér til umr. En því var haldið fram, að það þyrfti að fá nýtt númer á þskj., áður en það yrði skoðað sem nýtt mál. En við meðferð hv. Nd. var þetta mál gert að nýju máli, því að málið var fellt í hv. Nd. með breyt. Nd. á því. Það var ekkert deilt um eðli málsins á þeim tíma, nema hvað hv. þm. Str. vildi blanda eðli málsins inn í umr. Þá var aðeins gengið frá málinu til leiðbeiningar fyrir komandi þing og ekkert annað.

Brynjólfur Bjarnason: Hv. þm. Str. hefur nú sagt hér, að allir úrskurðir væru í raun og veru matsatriði, og það gilti ekki frekar um þennan úrskurð, sem hann vildi, að forseti einn kvæði upp í þessu máli, heldur en aðra úrskurði. En það er í raun og veru svo, að úrskurðir eru venjulega um það, hvernig skilja beri l., og um ekkert annað. Forseti úrskurðar, hvernig skilja beri ákvæði þingskapa eða þá, hvernig fara skuli með mál samkv. venju, ef ekki eru um það skýr fyrirmæli í þingsköpum. Hér er um mál að ræða, sem er allt annars eðlis, nefnilega, hvort þingið álítur, að mál, sem fyrir liggur, sé þess eðlis, að nauðsynlegt sé, að það fái sömu meðferð sem væri það nýtt mál, — og ekkert annað. D. ber að gera það upp við sig, hvort málinu hefur verið breytt svo, að rétt sé að fara með það sem nýtt mál. Og þar koma í raun og veru engir forsetaúrskurðir til greina. Það væri algerlega rangt, að forseti úrskurðaði í því máli. Það er deildarinnar og einskis annars að úrskurða það. Væri ég forseti, mundi ég neita að gefa úrskurð í slíku máli öðruvísi en d. álítur rétt. Og ég er í einu atriði á annarri skoðun heldur en hæstv. forseti. Hann álítur, að þær breyt., sem á tveim þskj. hafa verið bornar fram, ef samþ. yrðu, mundu verða þess valdandi, að fyrir það mundi þurfa að skoða málið sem nýtt mál. En ég álít, að það sé hægt að láta þessar brtt. sæta bara venjulegri meðferð. Og það er deildarinnar að meta og einskis annars.

Út af því, sem talað hefur verið um það hér, að það hefði þurft að koma til greina nýr flm. eða nýir flm. að þessu frv., ef það ætti að teljast nýtt frv., þá er það að segja, að það eru

fordæmi fyrir því, að mál hafi verið tekin upp í annarri d. sem ný mál, hliðstætt því, sem hér er að gerast, án þess að sérstakur flm. væri að þeim sem þannig nýjum málum. Þessi fordæmi voru lesin hér upp af hæstv. forseta, þegar málið kom fyrst hér í hv. d., eftir að það var í Nd., sem ég ætla, að hv. þm. minnist. Það skal viðurkennt, að það hefði verið viðkunnanlegra, að það hefði verið sérstakur flm. að málinu nú sem nýju máli. En það eru fordæmi fyrir því að hafa þetta eins og gert var, og er þetta vitanlega formsatriði, sem skiptir ekki verulegu máli.

Forseti (StgrA): Eftir þeim umr., sem hér hafa farið fram, hef ég ekki annað að segja en það, að ég mun halda mig við það að leita atkvæða d. um það, hvort þessar brtt. skuli koma til meðferðar hér eða ekki. Og samþykki d., að brtt. skuli koma til meðferðar, þá mun ég líta svo á, að afgreiðsla þeirra muni heldur ekki raska afgreiðslu málsins frá þeirri meðferð, sem það nú hefur haft. Ég lít svo á, að ef hv. d. leyfir, að þessar brtt. komi til meðferðar, þá muni það ekki raska meðferð málsins. (**JJ:** Málið þarf að endurfæðast fimm sinnum að minnsta kosti.).

Frsm. 2. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. um, að brtt. komi til meðferðar. En ég vil taka fram, að þar með legg ég engan dóm á meðferð málsins í heild sinni.

Forseti (StgrA): Ég mun þá bera þetta atriði undir úrskurð hv. d. Verður viðhaft nafnakall, og bið ég þá hv. dm., sem telja rétt, að brtt. á þskj. 591 og 611 komi til umr. og atkvgr., að segja já, en hina, sem því eru mótfallnir, að segja nei.

ATKVGR.

Við nafnakallið sögðu

já: HG, KA, BrB, EE.

nei: StgrA.

HermJ, IngP, JJ, LJóh, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, BBen, GJ greiddu ekki atkv.

1. þm. (GÍG) fjarstaddur.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Eiríkur Einarsson: Enda þótt mér finnist þetta þingmál nú orðið komið í hálfgerða botnleysu, þá sé ég ekki, úr því að farið er að ræða það á annað borð, að það sé farið að flokka brtt. í sundur, og segi ég því já.

Forseti (StgrA): Ég verð að líta svo á, að með þessari atkvgr. skjóti d. sér undan því að taka ákvörðun um þetta atriði, og tel ég mér þá skylt sem forseta að úrskurða þetta, og úrskurða ég hér með, að brtt. á þskj. 591 og 611 skuli ekki koma til meðferðar og atkvgr.

Brynjólfur Bjarnason: Mál þetta er nú komið alveg á nýtt stig, þannig að ég vil mælast til þess, að það verði tekið af dagskrá, svo að menn geti áttað sig á því, eins og það liggur fyrir. Hér er um alveg nýja meðferð máls að ræða.

Hermann Jónasson: Mér finnst sanngirnisatriði, af því að málið hefur mætt ýmsum torfærum á sinni leið og það hefur verið dregið ákaflega lengi hér að taka það til umr. í þessari hv. d., að það a. m. k. gæti farið til 3. umr. nú eða þá verði fellt, ef það er vilji hv. þd. að gera það.

Gísli Jónsson: Ég vildi aðeins gera þá fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort það sé ekki talið svo við nafnakall, að þau atkv., sem ekki eru greidd, séu ekki á móti máli, heldur reiknist með máli, ef með þarf.

Kristinn Andrésson: Ég vildi taka undir þá beiðni hv. 5. þm. Reykv. (BrB), að málið verði tekið af dagskrá, eins og það liggur nú fyrir, svo að hv. þm. geti tekið það til athugunar, ef þessi brtt. verður úrskurðuð frá, sem ég er flm. að.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég vil víkja því til hæstv. forseta, að ég mælist til þess, að hann láti málið halda áfram nú, því að nú er það í raun og veru hægt. Þó að vísað sé frá þessum brtt., er hægt að bera fram brtt. við frv. við 3. umr. á ný frá þeim hluta n., sem ekki kom sínum brtt. að nú. Þeir hv. nm. geta við 3. umr. borið fram brtt., og því er ekki ástæða til að tefja málið með því að taka frest nú um afgreiðslu þess frá 2. umr.

Kristinn Andrésson: Ég vil ekki gera leik að því að fresta umr. um þetta mál lengur en með þarf. Ég var einn af þeim dm., sem samþ. frv. hér eins og það var í upphafi og eins og það kom frá landbn. Ed., og hef alltaf verið fylgjandi eðli málsins. En hins vegar var þessu máli svo gerbreytt í hv. d., að ég tel, að það sé eftir það orðið allt annars eðlis. Og þar sem brtt. mín og hv. 5. þm. Reykv. (BrB) einnig hefur hvorum tveggja verið vísað frá, sem var (mín brtt.) um að breyta frv. í fyrsta form sitt, vil ég til þess að geta komið enn með brtt., láta taka málið nú af dagskrá, sem ég get ekki séð, að þurfi að tefja málið meira en um einn dag. Að öðru leyti skal ég gera það, sem ég get til þess að flýta afgreiðslu málsins.

Forseti (StgrA): Þetta er aðeins 2. umr. málsins. Hins vegar hefur það tafizt í d. Þó 2. umr. verði lokið hér í dag, þá er tækifæri til að bera fram brtt. við 2. umr. Og af því líka, að nú er orðið mjög stutt eftir þingtímans, vil ég ekki tefja málið meira en orðið er, og vil því láta þessa 2. umr. málsins fara fram nú. Og hefst þessi umr. málsins.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Eins og hv. sessunautur minn sagði, hafa orðið langar umr. um form þessa máls. En nú sný ég mér að efni frv. Það hefur verið mikið rætt um það, hvernig þetta mál liti út. Eins og það var lagt hér fyrir þessa hv. d. nú við 1. umr., þá höfum við í minni hl. landbn., ég og hv. 1. þm. N.-M. (PHerm) komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að breyta frv. lítils háttar, þannig að 4. gr. frv. félli niður, og svo væri 5. gr. breytt í samræmi við það. Ástæðan til þessara brtt. okkar þessara tveggja nm. var sú, að talað var um, að með ákvæðum 4. gr. væri þetta gjald í raun og

veru lagt á neytendur varanna. En nú, með því að fella 4. gr. burt, þá er það alls ekki gert, heldur er frv. þannig, að það er aðeins farið fram á að fá lögfesting á þessu gjaldi af framleiðsluvörum bænda, sem þeim er svo lögheimilað að innheimta á þennan hátt, hliðstætt því, sem gjöld hafa verið innheimt, sem ekki hafa runnið til ríkissjóðs, heldur t. d. til fiskimálan. o. þ. h. Á þennan hátt er þessu fyrir komið í brtt. Og ef hið nýja dýrtíðarfrv. nær fram að ganga, þá þarf ekki að kvarta um það, að hér í þessu frv. sé verið að skattleggja neytendur, ef brtt. þessar verða samþ. Því að nú virðist það vera þannig, að færa eigi niður verð mjólkur og kjöts. Svo það er vissa fyrir því, að þessi útgjöld koma alls ekki á neytendur samkv. brtt. okkar.

Ég tel ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta mál. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess fyrir hv. d. að vefjast fyrir því, að bændur fái að skapa sér sjóð, þannig að þeir gætu lagt fram af sínu eigin fé nokkuð sér til orlofs eða ánægjulegs ferðalags. Því að hér er ekki verið á neinn hátt að leita á náðir ríkissjóðs, heldur eru það framleiðendur sjálfir, sem eftir brtt. okkar greiða þetta fé. Þess vegna kemur ekki til mála, að hv. þd. fari að leggja stein í götu þess, að þetta verði lögfest.

Hermann Jónasson: Ég vildi aðeins taka fram, að þótt ég hafi talið, að sú lausn á málinu, sem lá fyrir samkv. búningi þess, þegar málið fór hér úr þessari hv. d., og ég álíti enn, að hún sé betri og eðlilegri heldur en sú, sem nú er upp tekin, þá mun ég fylgja frv. Og ég benti á það í sambandi við þá lausn, sem ég stakk upp á, að við verkamannalaunin er bætt 4%, sem samsvarar kaupi í 12 daga á hverju ári. Og kemur það m. a. til álita við athugun á málinu, að stærsti atvinnurekandinn á landinu er ríkissjóður, og hann greiðir þess vegna ofan á það kaup, sem greitt er og verður greitt, um 4% vegna orlofslaganna. Þetta kostar ríkissjóð til þessara stétta í þjóðfélaginu — og ég tel það ekki eftir — nokkur hundruð þús. kr. á ári, ef framkvæmdir ríkissjóðs eru eins miklar og nú er. Þess vegna taldi ég, að ef greitt væri fé til bænda til orlofs, eftir því sem rætt hefur verið um í sambandi við jarðræktarstyrkinn, sem er greiddur í raun og veru fyrir endurbætur á landinu, þá væri það greitt sem litilfjörlegar uppbætur, sem það eitt mætti finna að, að þetta væri svo lítið, að það væri næstum til minnkunar. Þetta vildi hv. Nd. þó ekki fallast á, heldur hefur hún tekið upp aðra reglu fyrir greiðslunni. Svo hefur þessu verið breytt hér, þannig að l. eru með samþykkt þessa frv. og brtt. við það ekki orðin annað en heimild framleiðendum til handa til þess að mega taka úr sínum eigin vasa fé til þess að leggja fram til að standa undir kostnaði við þessar orlofsferðir. Því að eins og hv. þm. Dal. (ÞÞ) benti á, að ef teknar verði upp þessar reglur, sem lítur nú út fyrir, að verði gert, þá er ekki hægt að taka þetta með öðrum hætti. Og það er auðsætt, að ef verðlag á einstökum landbúnaðarvörum skapast eftir verðlagi þeirra á erlendum markaði, þá er ekki hægt að leggja þetta gjald ofan á verðið, því að kaupendur varanna erlendis taka ekki tillit til þessa. Og innanlandsverðið hefur markazt mikið af því, sem fengizt hefur fyrir framleiðsluvörur bænda á erlendum markaði. Mér dettur því ekki í hug, að þeir, sem telja sig fulltrúa neytenda, sjái ástæðu til að leggja neinn stein í götu þessa máls, eins og það nú liggur fyrir. Það væri viðlíka eins og ef bændur færu að skipta sér af því, hvort verkamenn legðu vissan hundraðshluta af kaupi sínu til hliðar í vissum tilgangi, sem þeir hafa gert og geta með samtökum sínum.

Ég mun því vera með þessu máli, enda þótt ég álíti, að það hafi verið í betra formi eins og það fór frá þessari hv. deild.

Eiríkur Einarsson: Ég get tekið undir þau orð, sem hv. þm. Str. (HermJ) mælti nú síðast og voru í þá átt, að hann kynni betur við, að þetta fé væri tekið úr ríkissjóði, sem hér er ætlað til ráðstöfunar til kynnisferða sveitafólks, eins og upphaflega var gert ráð fyrir, heldur en á þann hátt, sem ætlazt er til samkv. frv., eins og það liggur fyrir ásamt brtt. á þskj. 570. Ég hef ekki komið með neitt nál. sem einn fimmti hluti landbn., og hef því mína sérstöðu í n. Mér finnst ég ekki geta átt samleið með samnm. mínum, sem hafa gefið út tvö nál. og staðið að þeim, tveir hv. nm. að hvoru nál. Því að allt er þetta mál orðið svo skrumskælt, að mér finnst eiginlega hvergi vera að málinu komandi orðið. En þegar það var hér áður á dagskrá, bar ég fram brtt. (á þskj. 294) við það, sem var í þá átt, að fólk yrði frjálst að því að safna saman aurum til menningarnota.

Ég er alveg á móti því að taka þetta framlag af heildsöluverði á kjöti og mjólk. Það geta alltaf komið þær stundir, að framleiðendum veiti ekki af að halda til haga sem hæstu verði til framleiðenda, og neytendum sem lægstu verði til neytendanna á þessum vörum.

Svona handahóf eins og haft er á þessu máli, eftir að búið er að afgreiða l. um orlof, gerir það að verkum, að ég sé mér ekki fært að vera með þessu máli. Frv. er orðið svo óákveðið og málið orðið svo staglað, bæklað og bjagað, að ég mun sitja hjá við atkvgr. um það og láta mig það ekki neinu skipta.

Frsm. annars minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil víkja nokkrum orðum að ummælum hv. 5. þm. Reykv. (BrB) í þingskapaumr. áðan. Hann beindi því að mér, að ég hefði misnotað forsetavald mitt, og minnti mig á, að forseti ætti að hlíta till. meiri hluta í d.

Út af þessum ummælum vil ég segja það, að ég hef jafnan í úrskurðum gert það, sem ég hef álitið réttast, og fellt þá sjálfur, en ekki haft leiðbeininga hv. þm. í þeim málum.

Ég er andvígur því, að þetta frv., eins og það liggur fyrir, verði samþ. Ég tel, að frv. í sinni upphaflegu mynd, eins og það lá fyrir hér í hv. þd., hafi verið þannig, að það væri fullkomlega eðlilegt, að Alþ. sýndi lit á því að veita öðru fólki, sem líkt stendur á um og það, sem nýtur orlofsl., en ekki kemur undir það að njóta þeirra l., — ég tel eðlilegt að veita því fólki fyrir-

greiðslu um að taka þátt í kostnaði við kynnisferðir þess, eins og gert er nú ráð fyrir. Hins vegar er ég andvígur því, að verið sé að leggja neyzluskatt á framleiðsluvörur bænda til þess að afla fjár í þessu skyni. Ég vil fullkomlega rengja þau ummæli hv. þm. Dal., að þessi skattur verði á lagður án þess að hann komi niður á útsöluverðinu. Það er ekki fyrirbyggt í frv., að hann komi niður á því. Verðlagsn. ákveður verðið eftir sem áður, og hún ákveður, hvaða verð framleiðendur eigi að fá fyrir landbúnaðarvörur heim til sín. En yrði það nú svo, eins og hv. þm. Dal. segir, að þetta gjald yrði tekið af bændum sjálfum, af því, sem þeir þurfa að fá fyrir afurðir sínar, þá hygg ég það nokkuð vafasamt, að bændum sé nokkur þægð í þessu, heldur vildu þeir þá velja um það, hvort þeir verðu fé til þessa eða ekki.

Ég er því ekki andvígur, að stutt sé að því, að sveitafólk geti létt sér upp á þennan hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. En ég vil leyfa mér að leggja til, að samþ. verði rökst. dagskrá um málið, svo hljóðandi:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti hið bráðasta athuga, á hvern hátt hið opinbera geti stutt að því, að fólki, sem lögin um orlof eigi ná til, verði gert fært að njóta kynnisferða, telur deildin rétt að láta afgreiðslu þessa máls bíða frekari athugunar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt hér dagskrártill., sem hv. viðstaddir þdm. hafa heyrt.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég stóð upp út af ummælum hv. 3. landsk. þm. (HG), sem kom hér í fundarsalinn eins og kría, hreytti svolitlu úr sér og skauzt svo burt, svo að ekki er hægt að mæla við hann máli. Ég kynni betur við, að hann sæi sér fært að vera hér inni í salnum. Það var ekki meiningin að fara að atyrða hann. En ég vildi minnast á það, sem hann gat um í ræðu sinni, þar sem hann hélt því fram, að hér væri verið að leggja skatt á neytendur með þessu frv. og brtt. Þetta er mjög fjarri því að ná nokkurri átt. Og þessi hv. þm. var að tala um, að verðlagsn. muni fara eftir því, þegar hún færi að ákveða verðið á afurðunum. Fara þá sambönd verkamanna eftir því, þegar þau heimta kaup sitt, að þau leggja nokkuð af því í sjóð og heimta þess vegna hærra kaup? Ég býst ekki við því. Þetta eru alveg hliðstæð atriði. Alltaf heyrast harmakvein um það, að bændur heimti og heimti styrki til sín. En ef þeir vilja safna í sjóð af verði framleiðslu sinnar, þá hlaupa þessir sömu menn í kapp við það hér í d. og vilja, að þetta sé lagt fram úr ríkissjóði að bændunum nauðugum viljugum, þannig að slíkum styrk sé troðið upp á bændur, án þess að þeim sé nokkur þægð í því. Fjöldi bænda og forsvarsmanna þeirra hefur látið í ljós, að þeir óskuðu ekki eftir styrkjum í þessa átt frá ríkinu, ef þeir mættu koma málinu fyrir á þann hátt eins og í frv. er gert ráð fyrir með þeirri breyt., sem felst í brtt. frá okkur í minni hl. landbn. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess, að hv. þd. varni mönnum þess, sem þar er gert ráð fyrir. Ég held, að mönnum geti ekki dottið í hug t. d. að banna fiskútflytjendum að leggja eitthvert gjald í sjóð, sem miðast við útflutningsverðið, þó að þeir sömu menn, sem það gerðu, vildu verja því fé sér til einhverrar upplyftingar og ánægju. Nú er í þessari rökst. dagskrá, sem hér liggur fyrir, komið fram sú till. að taka málið upp aftur á nýjum grundvelli, en ég held satt að segja, að það sé nóg búið að velta þessu máli fyrir sér, og sé því ástæðulaust að vera að taka þetta mál aftur upp í þeirri mynd, sem dagskrártill. fer fram á. Mun ég því ákveðið vera á móti rökst. dagskrá hv. 3. landsk., en held mig við brtt. hv. landbn.

Forseti (StgrA): Þá verður ekki hægt að halda áfram umr. um þetta mál, og verður því málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 91. fundi í Ed., 8. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Mér þótti dálitið undarlegt að heyra ræðu hv. 3. landsk. og dagskrártill. þá, er hann bar fram, og þó ekki sízt rök þau, sem hann færði fram í málinu. Hefur hann verið vændur um, að ekki fylgdi hugur máli, og gæti ég trúað því eftir framkomu hans hér í gær, og styðja rök þá skoðun.

Ef bændur gætu leyft sér að leggja nokkra fjárhæð til hliðar, væri öðruvísi ástatt um margt en nú er. Það er áreiðanlegt, að ef hv. 3. landsk. og aðra langar til að styrkja þessa stétt, þá muni ekki úr vegi að leyfa málinu að ganga fram, og vænti ég þess, að dagskrártill. verði felld. Hún er komin fram til að spilla fyrir málinu.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 3. landsk. þm. samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KA, LJóh, PM, BBen, BrB, GÍG, HG, StgrA.

nei: HermJ, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt, GJ.

MJ, EE greiddu ekki atkv.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Eiríkur Einarsson: Ég er að vísu hlynntur málinu, og bar ég fram brtt., sem ég taldi horfa til bóta, en hún var felld. Nú er það komið í svo mikla lokleysu og botnleysu, að ég sit hjá og greiði ekki atkv.

11. Skipun læknishéraða.

Á 39. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna (þmfrv., A. 660).

Á 92. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Skipulag læknishéraða á Snæfellsnesi er þannig,

að því er skipt í tvö læknishéruð: Stykkishólmslæknishérað og Ólafsvíkurlæknishérað, auk þess sem tveir syðstu hrepparnir tilheyra Borgarneshéraði. Læknarnir sitja í Stykkishólmi og Ólafsvík, sem sé báðir norðan við fjallgarðinn. Þau fjölmennu héruð, sem liggja sunnan fjallgarðsins, hafa engan lækni, en þaðan er erfið leið og torsótt, einkanlega á vetrum, norður yfir fjöllin. Það hefur lengi verið ósk manna á Snæfellsnesi sunnanverðu að fá stofnað þar sérstakt læknishérað, og hafa verið samþ. um það ýmsar ályktanir, m. a. sú, sem prentuð er í grg. fyrir frv. þessu.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þessa máls. Hún kemur fram í grg. Í frv. er gert ráð fyrir, að hið nýja læknishérað nái yfir Kolbeinsstaðahrepp og Eyjahrepp, sem nú eru í Borgarnesshéraði, Staðarsveit og Breiðavíkurhrepp, sem nú tilheyra Ólafsvíkurhéraði, og svo Miklaholtshrepp, en hann heyrir nú undir Stykkishólmshérað. Slíkt hérað mundi liggja vel við samgöngum. Þar yrði ekki yfir neinn fjallgarð að fara.

Hér er ekki farið fram á stofnun læknishéraðs, sem sé fámennara en mörg læknishéruð í landinu eru. Það eru nú í landinu 13 læknishéruð, sem hafa aðeins rúmlega 800 íbúa, en þetta hérað hefur tæplega 1000 íbúa.

Ég held það sé ekki ástæða til að taka upp í frv. nein ákvæði um laun. Þau eru ákveðin með l. og mundu í þessu tilfelli verða í ákveðnu hlutfalli við það, sem þau eru annars staðar. — Ég þarf þá ekki að fara fleiri orðum um þetta, en vil mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og til allshn.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Mér finnst það rétt hjá hv. þm. Snæf., að það sé kannske ástæða til þess, að þessir hreppar á Snæfellsnesi, sem hann hefur tilgreint, skeri sig úr og myndi læknishérað út af fyrir sig. En ég vil benda á, að þetta nýja hérað, sem á þarna að mynda, mundi verða eitt með fámennustu héruðum landsins, en í slík héruð er venjulega erfitt að fá lækni, og get ég ímyndað mér, ef þetta hérað yrði myndað, að enn erfiðara yrði að ná til læknis en nú, á meðan þessir hreppar tilheyra stærri læknishéruðum. Það er eins og um þau fámennu héruð, sem fyrir eru. Það er helzt ekki hægt að fá neinn lækni til að þjóna þeim. Ég vil því beina því til hv. þm. að athuga vel sinn gang og hvort íbúar þessara héraða mundu verða nokkuð betur settir, þótt frv. þetta yrði að lögum.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Út af ummælum hv. 1. þm. Rang. vil ég taka fram, að þetta hérað yrði ekki með allra fámennustu héruðum landsins. Það eru 13 fámennari, og 42 héruð hafa tæplega 1000 íbúa, en hið fámennasta aðeins 429. Að því er hitt snertir, að erfitt muni vera að fá lækni til fámennra héraða, þá mun það vera rétt, og hefur einmitt þess vegna verið borin fram till. um að skora á stjórnina, að hún sjái um, að fámenn læknishéruð fái lækna. Eins og bent er á í þessari till., eru læknishéruðin í landinu 50 að tölu, en læknar um eða yfir 200. Það er öfugstreymi, að fámenn og strjálbýl héruð skuli þurfa að vera læknislaus mánuðum eða jafnvel árum saman. Ég held því, að sá ótti, að ekki sé hægt að fá lækni í héraðið, nægi ekki til að fara að seinka þessu frv. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni. Það nægir, þegar málið kemur aftur úr n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 660, 684, n. 717).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Þessu frv., sem er flutt af hv. þm. Snæf., var vísað til allshn., sem hefur athugað málið og sent það til heilbrigðisstjórnarinnar til umsagnar.

Frv. gengur út á það, að innan Snæfellsnessýslu verði þrjú læknishéruð, í stað tveggja nú. Það eru þannig staðhættir þar vestra, að viss héruð innan sýslunnar þurfa að sækja lækni til Ólafsvíkur. Það er þess vegna stungið upp á því í þessu frv., að sérstakt læknishérað verði stofnað innan sýslunnar fyrir þau héruð, sem erfiðasta aðstöðu hafa til læknissóknar. Ég vil geta þess, að innan héraðsins hafa komið fram ítrekaðar óskir um það, að þetta frv. verði að l., og það er samkv. ósk héraðsbúa, að þetta frv. er flutt. Allshn. sendi frv. til landlæknis, sem á þskj. 717 hefur gefið álit sitt um þetta mál. Hann segir í bréfi sínu, að hann mundi undir öllum kringumstæðum vilja mæla með því skilyrðislaust, að frv. verði samþ. En með því að svo standi á um mörg héruð landsins, að nauðsyn beri til að stofna þar sérstök læknishéruð vegna þess, hve mörg þeirra eiga erfitt um læknissókn, sérstaklega á veturna, mæli hann með því, að málið verði þannig afgr., að því verði vísað til heilbrigðisstj. í því trausti, að hún framkvæmi athugun á því að stofna sérstakt læknishérað á sunnanverðu Snæfellsnesi. Einnig sé gert ráð fyrir því, að fyrir næsta þing komi frv., sem bæti úr þessum örðugleikum til læknissóknar, ekki eingöngu á Snæfellsnesi, heldur víðar. Með tilliti til þessa álits landlæknis hefur allshn. leyft sér að bera fram svo hljóðandi rökst. dagskrá:

„Með tilvísun til álitsgerðar landlæknis, dags. 9. apríl 1943, og í trausti þess, að heilbrigðisstjórnin láti fram fara athugun og undirbúning að stofnun sérstaks læknishéraðs á sunnanverðu Snæfellsnesi, m. a. athugun á stað fyrir læknisbústað, í samráði við íbúa hins væntanlega læknishéraðs, enda leggi hún tillögur um málið fyrir Alþ. á þessu ári, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá.“

Allshn. er sammála um það að mæla með því, að þessi rökstudda dagskrá verði samþ.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 717, frá allshn., samþ. með 18: 1 atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Verðlagsuppbót á byggðar- og gistingarstyrki.

Á 6. fundi í Nd., 27. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 30. júní 1942, um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana (þmfrv., A. 23).

Á 7. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. — Í l. nr. 48 frá 30. júní 1942 er ákveðið, eftir hvaða reglum skuli greiða verðlagsuppbót á laun *embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins*. Í 1. gr. þeirra l. er ákveðið, að greiða skuli verðlagsuppbót á laun þeirra manna, sem taka laun samkv. launal., og enn fremur á styrktarfé samkvæmt 18. gr. fjárl., eins og þau mæla fyrir, að þeir styrkir skuli veittir vera. En í 7. gr. þeirra l. er enn fremur tekið fram, að verðlagsuppbót skuli greidd á styrk þann, sem ákveðinn er með l. nr. 33 frá 1940, um héraðsskóla, l. nr. 60 frá 1938, um húsmæðrafræðslu, og l. nr. 48 frá 1950, *um gagnfræðaskóla, svo og á styrki til iðnskóla*. Enn fremur hefur sú regla verið upp tekin að greiða verðlagsuppbót á jarðræktarstyrk, sem bændum er veittur samkv. jarðræktarl. Ég hygg enn fremur, að verðlagsuppbót sé greidd á styrki þá, sem veittir eru samkv. l. um byggingar- og landnámssjóð til nýbygginga á sveitabýlum. Sú uppbót mun vera greidd samkv. vísitölu, sem sú n., sem sér um þær styrkveitingar, fer eftir.

En í 13. gr. fjárl., A-lið, er ákveðið að veita nokkra styrkhækkun til bænda, sem eru sérstaklega settir, þannig að nauðsyn ber til að halda uppi byggð á bæjum, þar sem þeir búa, en sérstaklega er erfitt að stunda búskap að öðru leyti. Þessi liður mun hafa staðið í fjárl. alllengi. En ég hef fyrir satt, að þeirri reglu hafi enn sem komið er ekki verið fylgt að greiða verðlagsuppbót á þessa styrki, sem veittir eru samkv. þessu ákvæði fjárl.

Mér virðist eðlilegt og óhjákvæmilegt, eins og nú er háttað öllu verðlagi og kaupgreiðslum í landinu, að um greiðslu þessara styrkja sé fylgt sömu reglu og almennt gildir um verðlagsuppbót á laun og margháttaðar styrkveitingar, eins og ég hef drepið á. Þess vegna hef ég leyft mér að bera hér fram frv. það, sem er á þskj. 23, sem mælir svo fyrir, að það skuli ákveðið, að sá liður, sem stendur í 13. gr. fjárl. um styrki til bænda, sem eru þannig sérstaklega settir, að þeir eiga við sérlega mikla örðugleika að stríða um búrekstur sinn, en mega þó ekki leggja niður búskap á þessum stöðum, skuli vera framkvæmdur þannig, að um hann gildi sömu reglur *og aðrar styrkveitingar, sem ég hef drepið á*, og laun, sem greidd eru opinberum starafsmönnum. Það liggur í augum uppi, að þar sem þessi liður nemur ekki í fjárl. meiru en sem svarar embættislaunum eins eða tveggja opinberra starfsmanna, þá er hér um hverfandi litla útgjaldaupphæð að ræða fyrir ríkissjóð, þó að frv. þetta næði fram að ganga.

Á þessu stigi málsins sé ég svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., en vil leggja til við hæstv. forseta, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 50., 51. og 53 fundi í Nd., 5., 6. og 9. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 10. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 23, n. 304 og 318).

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Þetta mál hefur verið í fjhn. til athugunar, og n. klofnaði um það. Hv. þm. V.-Húnv. skilaði sérstöku áliti og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Fjórir nm. hafa hins vegar lagt til, að frv. verði felllt, eftir að hafa fengið upplýsingar hjá vegamálastjóra, hvernig þessum málum er háttað. Ég býst líka við, ef hv. flm. hefði fengið þær upplýsingar frá vegamálastjóra, sem meiri hl. fjhn. nú hefur, þá hefði hann aldrei flutt þetta frv. Vegamálastjórinn hefur gefið þær upplýsingar, að hann hafi lagt til við ráðuneytið, að greidd verði 50% uppbót á ferjustyrki og byggðastyrki á þessu ári. Samkv. yfirliti, sem vegamálastjóri gaf fjhn., nema styrkir, sem veittir hafa verið til þess að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum á þeim stöðum, sem hér er um að ræða, kr. 4384,27 árið 1941. En í því fjárlagafrv., sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir, að þessir styrkir verði 11 þús. kr., þ. e. að þeir hækki um h. u. b. 150%, sem ekki er langt fyrir neðan það, sem vísitalan er nú. Ferjustyrkir námu 1941 samtals kr. 3650, en í fjárlagafrv., sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir,

að þeir hækki um nærri 100% frá því, eða séu 7 þús. kr. Ég held því, að hv. flm., eftir að hafa fengið þessar upplýsingar frá vegamálastjóra og eftir að hafa lesið þessar tölur, geti sætt sig við það, þótt frv. þetta verði fellt. Því að með því að áætla þessi framlög eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., má heita svo, að þessir menn, sem halda uppi byggð og gistingu vegna ferðamanna og ferja menn, fái fulla verðlagsuppbót, eða það vantar ekki mikið á það. Það er líka vitanlegt, að margir af þessum mönnum, sem þarna koma til greina, hafa þá aðstöðu, að þeir leggja ekki í tilsvarandi aukinn kostnað vegna dýrtíðarinnar, sem verðlagsvísitölunni nemur. Því að margir þeirra hafa þetta að aukastarfi og hafa ekki sérstaka menn, þar sem ég þekki til, til þess að vinna á þessu sviði. En meiri hl. fjhn. lítur svo á, að þessir menn eigi kröfu á að fá uppbætur. Og n. getur fyllilega sætt sig við þá meðferð, sem vegamálastjóri hefur lagt til, að höfð verði á þessu, samkv. þeirri till., sem hann hefur gert um þetta við ráðuneytið, og með tilliti til þess, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.

Sé ég svo ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta að svo stöddu, en lýsi yfir eins og áður, að meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. verði fellt með þessum forsendum.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Frv. þetta er um það, að ákveðið verði, að verðlagsuppbót skuli greidd á þá styrki, sem veittir eru í 13. gr. fjárl. til ferjuhalds og til þess að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn á afskekktum bæjum í þjóðbraut.

Eins og hv. frsm. meiri hl. fjhn. tók fram, vildi meiri hl. þeirrar n. ekki á þetta fallast. Ég hef hins vegar gefið út sérstakt nál. á þskj. 318 og mælt með því, að frv. yrði samþ. Það er nú einu sinni svo, að tekinn hefur verið upp sá háttur að greiða verðlagsuppbót samkv. vísitölu kauplagsn. á flesta hluti, a. m. k. á allt kaup. Og þarna er náttúrlega aðallega um kaupgjald að ræða, t. d. að því er snertir ferjustyrki, og raunar hitt líka. Og mér sýnist það vera sanngirnismál, að þeir, sem halda uppi þessari þjónustu, fái sams konar uppbót á laun sín eins og aðrir menn í þessu landi. Sú hækkun, sem í fjárlagafrv. er lagt til, að gerð verði á þessum liðum, nemur ekki svipað því, sem hækkunin mundi verða, ef greidd væri verðlagsuppbót á þessa styrki. Auk þess liggur þar ekkert fyrir um það, hvort hækkun upphæðarinnar er eingöngu vegna þess, að þeir, sem áður hafa fengið þessa styrki, eigi að fá hækkun á þeim, eða hvort hún er vegna þess, að um fleiri sé að ræða, sem eigi að fá þessa styrki.

Ég legg því til, að frv. verði samþ.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. — Það er nú orðið nokkuð langt síðan þetta mál var til 1. umr. hér í hv. d. Það er 17. mál þingsins og var lagt fram á fyrstu dögum þess í haust. Og loksins, þegar það kemur til 2. umr., er afgreiðsla þess nokkuð á annan veg en búast mætti við um þetta mál, þar sem hv. fjhn. hefur ekki getað orðið sammála um það.

Við athugun þessa máls hafa þó komið í ljós tvö meginatriði. Annað er það, að það er skjallega staðfest af vegamálastjóra, sem ég leyfði mér að halda fram við 1. umr., að á þessa styrki sem hér er um að ræða, hafi ekki verið greidd nein verðlagsuppbót á undanförnum árum. Og í öðru lagi er viðurkennt af vegamálastjóra, sem hefur haft á hendi úthlutun þessara styrkja, að það sé þó sanngjarnt að greiða nokkra uppbót á þessa styrki, eins og yfirleitt er gert um styrki til einstakra manna, þar sem hann hefur lagt til, að þeir verði hækkaðir um 50%, samkv. því, sem hér stendur í fylgiskjali með nál. hv. meiri hl. fjhn. Þetta kemur að vísu fram á fjórða striðsárinu, þegar allt verðlag er stöðvað, þá leggur vegamálastjóri það til, að vegna hækkandi verðlags sé farið að hækka þessa styrki ofurlítið, sem er þó virðingarverð framför frá því, sem verið hefur.

Það er alveg rétt, sem fram kom hjá hv. frsm. meiri hl. fjhn., að það skiptir í raun og veru ekki höfuðmáli, hvort peningarnir, sem greiddir eru, kallast grunnlaun eða verðlagsuppbót, og það væri hægt að fullnægja réttlæti í þessu efni á þann hátt að hækka styrkina beinlínis. En þessa reglu hefði þá mátt hafa um fleiri styrki, sem veittir eru, t. d. styrki, sem veittir eru sem eftirlaun og lífeyrir, og styrki til skálda og listamanna, sem veittir eru í fjárl., og jafnvel almennt kaupgjald í landinu. En hæstv. Alþ. hefur nú ekki þótt hagkvæmt að fylgja þessari reglu, heldur reiknað út grunnkaup og grunnverð styrkja og reiknað svo aftur á þá uppbót eftir vísitölu. Stefna frv. er því í samræmi við stefnu Alþ. um þessi mál. Og þetta frv. er fram komið til þess að færa til samræmis við þessa stefnu Alþ. veitingu þeirra styrkja, sem hér er um að ræða og fylla í eyður á eldri löggjöf, sem Alþ. hefur samþ. um svipað efni.

Það er þó virðingarverð viðurkenning hjá hv. meiri hl. fjhn. að vilja þó fallast á það, sem vegamálastjóri leggur til, að þessir styrkir verði hækkaðir. En mér virðist kenna ofurlítils ósamræmis í framsögu þessa nefndarmeirihluta og nál. sjálfs. Því að vilji þessi nefndarhluti leggja áherzlu á, að þingið léti í ljós, að till. vegamálastjóra skyldi hlítt í þessu máli, þá hefði mér fundizt eðlilegt, að hann hefði lagt til, að málið yrði afgr. með rökst. dagskrá fremur en að það væri fellt, þar sem þá væri fram tekið, hver vilji þingsins væri.

Það eru tveir liðir í 13. gr. fjárl., yfirleitt mjög lágir liðir, sem samþykkt þessa frv. kæmi til með að hafa áhrif á. Það er styrkur til 7 bænda á landinu til að halda uppi byggð og gistingu, og hins vegar styrkir til ferjuhalds, sem greiddir munu vera til 15 manna á landinu samkv. upplýsingum vegamálastjóra. Ég geri ráð fyrir, að á þessum 7 stöðum sé um nokkuð sérstakar ástæður að ræða, hverjum fyrir sig, enda eru þessir bæir sinn í hverri sýslu. Ég er þó ekki sérstaklega kunnugur staðháttum á þessum bæjum nema einum þeirra, Kvískerjum á Breiðamerkursandi. Sá bær er á sandinum fulla 15 km frá öðrum bæjum. Það er ákaflega erfitt að stunda þar búskap, einkum vegna þess, að heyskap verður að sækja að mestu leyti um 20 km leið og flytja heim um mjög hrjóstruga leið.

Sauðbeit er þarna góð, en stórgripahagar ekki góðir. Þessir staðhættir valda bóndanum mjög miklum erfiðleikum. Hann verður t. d. að hafa mann til heyflutninga á sumrin. En nauðsynin er ótvíræð og brýn að hafa þarna byggð. Yfir sandinn mætti að vísu komast án þess, en það greiðir mjög samgöngurnar og veitir ótrúlegt öryggi, að byggð er á þessum stað.

Þótt ég sé ekki gamall, man ég dæmi, sem ég gæti nefnt, um það, að það hafi beinlínis bjargað lífi manna, að bær er á þessum stað. Ég get ekki stillt mig um að nefna eitt dæmi. Það mun hafa verið haustið 1926, að íslenzk flutningaskúta strandaði á sandinum vestan Jökulsár. Tveir þeir, sem veikbyggðastir voru af skipshöfninni, létu þar lífið af vosbúð, en hinir björguðust að Kvískerjum og náðu sér, af því að þar var skjól og hjúkrun að fá, ella er óliklegt, að nokkur hefði bjargazt. Ég ætla ekki að meta þau mannslíf til verðs. En ég lít þannig á, að lífsbjörgun þessarar einu skipshafnar hafi verið hinu íslenzka þjóðfélagi meira virði en margar 500 kr., þótt ekkert væri annað talið.

Það hefur verið rætt hér, hversu brýnt það væri að fá brú á Iðu, þar sem héraðslæknir þarf ákaflega oft að fara yfir Hvítá illfæra. Frá nálega 80 bændum liggur fyrir þinginu áskorun um að koma upp brúnni, en þingið sér ekki möguleika til þess í næstu framtíð. En hvernig er ferjuhaldið þá launað á þessum mikilvæga stað? *150 kr. á ári af opinberu fé. Engin verðlagsuppbót hingað til.*

Ég hef nokkuð upplýst málið um þessa 7 bændur, sem njóta styrks til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum. Ferjustyrkurinn er veittur vegna sérstaks tilkostnaðar, og enn fremur er hann þóknun fyrir bein störf í þágu hins opinbera. Hvers vegna á að meta störf þeirra svo lágt, og hví eiga þeir ekki verðlagsuppbót eins og aðrir? Raddir hafa komið fram um það, m. a. við 2. umr. fjárl., að sumir menn muni hafa í huga að lækka verðlagsuppbót á öll laun, þannig, að hún nemi aðeins 80% af því, sem vísitalan segir til um á hverjum tíma. Mér er alls ókunnugt, hvort slíkar hugrenningar kunna að bærast í brjóstum einhverra manna, og vil engan dóm um það fella, en glöggt mátti heyra á hv. 2. þm. Reykv., að honum þóttu slíkar hugsanir varhugaverðar og ófagrar. En samtímis er hann með því nál. fjhn., að fella beri þetta frv. og ráði vegamálastjóri því þá, hvert brot af eðlilegri verðlagsuppbót skuli greitt þessum aðilum. Hvers vegna á að dæma þessa menn frá þeim kjarabótum, sem nálega allir aðrir hafa fengið? Hvaða samræmi er t. d. í því og kaupi vegavinnumanna? Hefur ekki þetta þing fylgt þeirri reglu s. l. ár að miða við fulla dýrtíðaruppbót? Vissulega, og mætti benda á dæmi þess. Auk þess er ekki lengra síðan en í gær, að til umræðu var 20—30% uppbót til skálda og listamanna í samræmi við uppbótina til embættismanna. Í þessu frv. er ekki um neitt slíkt að ræða. En ef á að taka þessa örfáu ferjumenn svona út úr, þá held ég yrði að taka nokkuð marga fleiri út úr, hvernig sem það mæltist fyrir, og satt er það, að uppbótafyrirkomulagið er orðið ærið flókið í framkvæmd. Nú hefur vegamálastjóri lagt til, að úthluta eftir á 50% uppbót á styrkina fyrir 1942 og meiri hl. fjhn. talið það hæfilegt. En hvað verður framvegis? Ég legg til, að framvegis fylgi uppbótin alveg vísitölu, og í því felst meginmunur þessa máls. Ég geri ekki ráð fyrir, að meiri hl. hafi lagt til að fella frv. af öfund við þessa menn, heldur af umhyggju fyrir hag ríkissjóðs. Munurinn á 50% uppbót og 150% uppbót nemur einum 6 þús. kr., og kemur nú til kasta hins háa Alþ. að dæma á milli. Það er ekki að ófyrirsynju, þótt hv. þm. beri umhyggju fyrir hag ríkissjóðs, það er öllum þm. skylt að gera, og ekki sízt fjhn. En ef það sýnir sig, að þetta frv. verður fellt, þá held ég, að það sé tímabært fyrir þá, er fyrir því gangast að taka að íhuga sín fornu orð: Hví sér þú flísina í auga bróður þíns, en gætir eigi bjálkans í þínu eigin auga.

Einar Olgeirsson: Ég er hræddur um, að hv. þm. A.-Sk. hafi getið sér heldur frítt til um hvatir okkar í fjhn. til að vera móti frv. Ég efa ekki áhuga hans í málinu, en hann hefur valið sér nokkuð erfiða leið að ætla að koma þessu frv. gegnum 6. umr. í stað þess að koma með brtt., eina eða tvær, við fjárl. og fá samþ. við 2. eða 3. umr. Það er enn hægt, þótt frv. standi. Þessi hv. þm. gekk mjög vel fram í að fella till. við 2. umr. fjárl. m. a. um framlag til barnaskólabygginga. Nú ráðlegg ég honum að gera tafarlaust brtt. í svipaða átt og frv. og bera fram við 13. gr. fjárl., því að 3 kortér eru þangað til öllum brtt. á að vera skilað, — og ganga svo fram í því að fá hana samþ. Til þess fengi hann fylgi margra þm., en samþ. þessa frv. tel ég ófæra leið. Brtt. kæmi ekki að sök, þótt svo færi, að frv. yrði samþ.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hv. þm. A.-Sk. þótti lítið að greiða 150 kr. þóknun fyrir ferju á Iðu t. d. Hann gætti þess ekki, að þessar 150 kr. eru ekki laun, heldur styrkur til ferjuhalds, en aðallaunin eiga að vera ferjutollurinn. Ég geri ráð fyrir, að þeir tollar hafi hækkað eins og annað. Styrkurinn er aðeins sem viðurkenning á starfinu.

Hv. þm. veik að því hugarfari, sem einhverjir menn kynnu að ala í brjósti, með því að þeir vilja lækka laun hjá vegavinnumönnum. Þetta kemur að vísu ekki því máli við, sem hér er til umræðu og er órannsakað. En mér kæmi ekki á óvart, þótt að því kæmi fyrr en síðar, að lækka verði kaup almennt. Ég held þessi hv. þm. hljóti að gera sér ljóst, að að því kunni að reka, og hann muni geta orðið því fylgjandi sem hverri annarri nauðsyn. En ég býst ekki við, að þeir séu margir, sem vilja byrja á vegavinnumönnum. Hann taldi rétt, að þeir, sem bæru fyrir brjósti hag ríkissjóðs í þessu máli, hugsuðu heldur um aðrar stærri fjárhæðir, gættu bjálkans í sínu eigin auga. Hér er ekkert sérstakt um fjárhæðir að ræða, heldur eðlilegar meginreglur. Frv. verður að telja flutt alveg að óþörfu, eftir að vegamálastjóri hefur lagt til við ríkisstj. að hækka þessi framlög, og gert er ráð fyrir, að styrkur til ferjuhalds verði í fjárl. hækkaður samkv. vísitölu og styrkur til gistingarstaða

hækkaður um 100%, og jafnframt ber að gæta þess, að þessi aukastörf hafa viðkomandi menn eingöngu í hjáverkum, svo að þeir mega heita vel haldnir með þessa uppbót. Það var villandi hjá þm., að kjör þeirra hefðu ekkert verið bætt enn. Vegamálastjóri hefur upplýst, að greidd muni 50% uppbót á alla styrkina á árinu 1942, og á þskj. 304 má sjá, að grunnstyrkur á Hrafnfjarðareyri hefur hækkað úr 200 kr. 1941 í 300 kr. 1942 og í Bakkaseli úr 300 kr. 1941 í 440 kr. 1942. Ég er ekki að telja neitt eftir þessum mönnum, eins og menn gátu heyrt af framsöguræðu minni. En ég hef góða samvizku af að fella þetta frv., því að ljóst er, að þessir menn fá án þess kjarabætur, eftir því sem þeim ber og þörf er á.

Sigurður Bjarnason: Ég skal ekki tefja umr., en mig furðar á þessum undirtektum hjá fjhn. og þeim riddurum, sem ganga brynjaðir að því að fella frv. Ég sé ekki betur en þetta sé sanngirnismál og þeir menn ekki ofhaldnir af launum sínum, þótt frv. yrði samþ., eins og ljóst má verða af plaggi því, sem vegamálastjóri lætur fylgja umsögn sinni og prentað er á þskj. 304. Upphæðin í heild var aðeins 3650 kr. til ferjuhalds árið 1941, hin upphæðin lítið eitt hærri, og finnst mér þær tölur hefðu ekki átt að skjóta fjhn. skelk í bringu að 2. umr. fjárl. nýafstaðinni.

Hv. 2. þm. Reykv. var hissa á, að flm. skyldi ekki heldur flytja brtt. við fjárl. og spara sér að flytja frv. Benda má honum á, að þetta frv., 17. mál, var með fyrstu þmfrv., sem fyrir þingið voru lögð og fjhn. fékk til athugunar, svo að hún hefði átt að skila áliti löngu fyrr, og hefðu þá aðfinnslur þm. um málsmeðferð flm. haft við lítið að styðjast, og vitanlega hefur flm. farið þá leið, sem réttast var.

Óþarft er að ræða hér um einstaka menn, er styrkja þessara njóta. Allir vita, að ekki hafa þeir hagnað af þessu starfi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Samanborið við það, sem áður var, má segja, að styrkirnir séu allverulega hækkaðir í fjárlagafrv., og má þó vera, að fylgi fengist til að hækka þá eitthvað meira með brtt. við 3. umr. fjárl. Skal ég ekki fara langt út í það. En mér virðist heppilegast, að þessu frv. verði vísað til ríkisstj., og geri það, herra forseti, að tillögu minni, í fullu trausti þess, að í fjárl. fáist greidd sú styrkupphæð, sem vel megi við una.

Einar Olgeirsson: Ég get tekið undir þessa till. frá hv. 2. þm. N.-M. Tilgangur hennar er algerlega í samræmi við það, sem ég sagði áðan. Ég vona, að hv. flm. láta þá ekki sitt eftir liggja að koma fram brtt. við fjárl., sem bæti úr skák.

Páll Þorsteinsson: Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál úr því, sem komið er. Ég er mjög ánægður yfir því, að margir þm. líta á málið með fullri sanngirni, og mér er það ekkert höfuðatriði, hvern veg þetta mál er leyst, ef það kemst að mestu fram, sem ég vildi.

Þegar frv. var lagt fram fyrstu daga þingsins í haust og síðan sent til vegamálastjóra, var engin till. komin frá honum um verðlagsuppbætur á þessa styrki. Nú er gert ráð fyrir 50% uppbót fyrir 1942 eftir á. Ég held sumum launþegum þætti það seint og yrðu ekki hrifnir af uppbótinni að lokum, þessum þriðjungi fullrar verðlagsuppbótar. Þetta vildi ég benda hv. 2. þm. Rang. á. Hann talaði einnig um, að ferjutollar væru aðaltekjurnar, sem ættu að borga ferjuhaldið. Það er nú svo. Ég minntist áðan á eina ferju af 15, Iðuferjuna á Hvítá. Í sumar þurfti ég að fara þar yfir með tvo hesta. Ég átti í erfiðleikum að koma þeim yfir. Iðubóndinn kom heim af engjum frá heyþurrki til að gegna ferjuskyldunni. Það þurfti að senda eftir honum, og það tók sinn tíma, allt að því tvær klukkustundir. Ég spurði hann svo um, hvað ég ætti að borga, er hann hafði ferjað mig yfir. „Ein króna. Það er taxtinn," sagði maðurinn. Ég roðnaði við, því að svo smánarlega lítið fannst mér þetta gjald vera, en greiddi þó aðeins þetta gjald, þar sem hann sagði, að þetta væri taxtinn.

Ef þessu er þannig háttað meðal ferjumanna yfirleitt, þá held ég tæpast, að hægt sé að segja, að hér sé um einhverja striðsgróðamenn að ræða. **(EOl:** Þið verðið að skipuleggja þá í samtökum og fá þá til að hækka taxtann). Ég ætla ekki að fara út í neinar tölur eða útreikninga, en ég get ekki séð annað en að öll sanngirni mæli með því, að á þessar lágu tekjur hinna einstöku bænda, hvort sem um er að ræða ferjuhald eða að halda uppi gistingu á afskekktum stöðum, sé greidd full verðlagsuppbót, eins og frv. á þskj. 23 fer fram á.

ATKVGR.

Till. 2. þm. N.-M. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 12:10 atkv.

2. Sjúkrahús o. fl.

Á 14. fundi í Ed., 15. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl. (þmfrv., A. 82).

Á 16., 19. og 20. fundi í Ed., 17., 18. og 19. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., 5. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. — Frv. það, er hér liggur fyrir, felur í sér breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús og fleira. Í grg. er gerð grein fyrir því, í hverju breyt. er fólgin, en mér þykir þó rétt að fara um efni frv. nokkrum orðum til frekari skýringar.

Í fyrsta lagi felur frv. í sér þá breyt, að þátttaka ríkisins í byggingu sjúkrahúsa verður bundin með l., en nú er ekkert ákvæði um þetta til í l. Það hefur aðeins skapazt sú venja, að ríkissjóður hefur borgað ⅓ hluta af byggingarkostnaði sjúkrahúsa og bæjar- eða sveitarfélaga. En hér er um að ræða fjárútlát ríkissjóðs, sem óheppi-

legt er að hafa ekki lagafyrirmæli fyrir, enda eru lagafyrirmæli til staðar um hliðstæð fyrirbrigði, eins og t. d. þátttöku ríkissjóðs í byggingu skólahúsa. Um það atriði, að lögbinda skuli þátttöku ríkissjóðs í byggingu sjúkrahúsa sveitar-, bæjar- eða sýslufélaga, hygg ég, að vart geti verið nokkur ágreiningur, og ætla því ekki að fjölyrða um það.

Í öðru lagi er sú breyt. fyrirhuguð með frv. þessu, að ríkissjóður borgi ½ byggingarkostnaðar á móti bæjar- eða sveitarfélagi, en samkv. venju hefur þessi þátttaka ríkissjóðs verið að ⅓ hluta, eins og getið er um í grg. frv. Hér er því um að ræða nokkuð meiri fjárhagslega byrði á herðar ríkissjóðs en verið hefur til þessa varðandi fjárframlög ríkissjóðs til sjúkrahúsa. Hins vegar lít ég svo á, að það sé síður en svo óréttmæt krafa, að ríkið taki þann þátt í byggingu sjúkrahúsa, sem frv. fer fram á. Það er vitað mál, að sum bæjarfélög hafa mjög takmarkaða möguleika til tekjuöflunar og því takmarkaður rekstrarafgangur til þess að geta lagt út í hinar nauðsynlegustu framkvæmdir. Nú er það svo með sjúkrahúsin, að þau eru ekki bæjar- eða sveitarfélögum til tekjuöflunar, enda væri óeðlilegt, ef svo væri, og sjá þá allir, hversu torvelt þeim er að reisa og starfrækja slíkar stofnanir. Það er þess vegna ekki óeðlilegt, að ríkið, sem á margan hátt á auðveldara með að afla tekna, taki verulegan þátt í kostnaði þeim, er af sjúkrahúsunum leiðir fyrir hin einstöku bæjar- og sveitarfélög. Ég vonast því til, að hv. Alþ. og þessi hv. d., sem frv. er flutt í, sjái sér fært, vegna eðli málsins að þessu athuguðu, að fallast á, að stofnkostnaður sjúkrahúsa verði greiddur að hálfu leyti úr ríkissjóði, en ekki að ⅓ eins og venjan hefur verið til þessa.

Í þriðja lagi felur frv. í sér þá breyt., að ríkið taki nokkurn þátt í rekstrarkostnaði viðkomandi sjúkrahúsa, þannig að það greiði fyrir hvern legudag þeirra sjúklinga, sem ekki eiga lögheimili í sveitar-, bæjar- eða sýslufélagi því, er sjúkrahúsið rekur, sem svarar ⅓ hluta daggjalds viðkomandi sjúkrahúss, enda séu daggjöld utansveitarsjúklinga ekki hærri en innansveitar. Í sambandi við þetta vil ég taka fram, að eins og ég gat um áðan, er rekstur sjúkrahúsa byrði á bæjar- og sveitarfélögum, og þó að það megi telja eðlilegt, að viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag borgi þann rekstrarhalla, er verður af völdum innanhéraðssjúklinga, þá er hitt mjög óeðlilegt og lítt viðunandi, að það sama bæjar- eða sveitarfélag sé að standa straum af rekstrarhalla viðkomandi sjúkrahúss, sem verður af völdum utansveitarsjúklinga, er greiða gjöld sín til sinna eigin bæjar- eða sveitarfélaga. Og mér virðist varla tiltækilegt að fara að gera bæjar- eða sveitarfélag utansveitarsjúklings ábyrgt fyrir þeim rekstrarhalla, er af hans völdum verður á sjúkrahúsinu, með því líka, að það yrði allt of flókið mál, en hef í stað þess hins vegar talið sanngjarnt, að ríkissjóður tæki á sig þennan rekstrarhalla og leyft mér að setja ákvæði um það í frv., þannig að ríkissjóður greiði ⅓ hluta daggjalds utansveitarsjúklinga á sjúkrahúsi, eins og ég gat um. Nú er ekki hægt að segja um það með nákvæmni að svo komnu máli, hvort þessi ⅓ hluti af daggjaldinu verður til þess nákvæmlega að „dekka" þann rekstrarhalla, sem koma mundi niður á viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi, en þó má telja sennilegt, að það mundi verða nærri lagi, gæti e. t. v. orðið heldur ríflegt, sem sízt yrði að lasta, þar sem það, sem fram yfir yrði, mundi þá verða til þess að lækka daggjöldin eitthvað. En það er mjög óheppilegt að setja daggjöldin mjög hátt, því að fjöldi þess fólks, er leggst á sjúkrahús, er fólk, sem ekki hefur af öðru að taka en atvinnutekjum sínum, og það gerir því þess vegna torveldara sem á líður að standa fjárhagslegan straum af legukostnaðinum. Ef svo færi, að ⅓ hluti daggjaldsins, sem ríkissjóður greiddi eftir frv. þessu, yrði ríflegur, þá væri ekki illa farið, að með því, sem afgangs væri, væri hægt að lækka daggjöldin almennt á sjúkrahúsum. Því að ég tel það ekki annað en spor í rétta átt að auka framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsa frá því, sem verið hefur, og vildi jafnvel ganga lengra í þá átt en ég hef nú gert með frv. þessu.

En ég get búizt við, að þær mótbárur mundu helzt koma fram gegn frv. þessu, að hér væri um að ræða aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. En því í gegn vil ég mæla það, að í raun og veru ætti ríkið í heild að greiða allan kostnað, sem verður hjá einstaklingnum í þjóðfélaginu fyrir sjúkrahúsvist, fyrir lyf og fyrir læknishjálp. Það verður að athugast fyrst af öllu í þessu sambandi, að sjúkdómar eru félagslegs eðlis, koma og þróast af sambúð mannanna, og þá á ég ekki einungis við þá sjúkdóma, sem smitandi eru, heldur eru sambúðarhættir okkar og kjör fólksins á þann veg sums staðar, að þar er að finna beina orsök sjúkdóma. Á ýmsan hátt annan er hægt að rekja sjúkdómana sem orsök vegna samfélags manna í þjóðfélaginu. Bæri því þjóðfélaginu sem heild að sjá fyrir fjárhagslegum afleiðingum sjúkdóma að öllu leyti. Ekki er þó hér farið inn á þá braut. En af því, að ekki er hér gengið eins langt og ég persónulega vildi, þá vil ég vona, að þessi hv. d. og hv. Alþ. sjái sér fært að ljá þessu máli stuðning sinn, til þess að það geti orðið að l. Skal ég svo ekki fjölyrða um þetta mál frekar að sinni, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

Haraldur Guðmundsson: Ég tók eftir því, að hv. síðasti ræðumaður lagði til, að frv. þessu yrði vísað til fjhn. Ég vil leyfa mér að benda á, að venjan hefur verið sú, að slíkum málum sem þessu hefur verið vísað til allshn. **(StgrA:** Ég leit á þetta sem fjárhagsatriði, en skiptir eigi máli mín vegna, í hvora n. það fer). En hvor n., sem fær þetta frv. til athugunar, þá vil ég benda henni á, hvort ekki sé tiltækilegt og réttara að gera viðtækari breyt. á l. um sjúkrahús en hér er farið fram á, að gerðar verði með frv. þessu.

Ég get fallizt á framsöguræðu hv. flm., en vil aðeins geta þess til frekari skýringar, að heimild er fyrir því, að sjúkrahús geti tekið hærri daggjöld fyrir utansveitarsjúklinga en innansveitar. Sá munur er það hár, að ekki á að verða rekstrarhalli á dvöl utansveitarsjúklinga yfirleitt. — Svo mikið er víst, að þessi heimild er til.

Ég hygg, að það sé mjög athugandi, hvort ekki eigi að setja l. um sjúkrahúsbyggingar. Um það eru engin lög, en aftur á móti hafa mörg bæjarfélög reist stór og myndarleg sjúkrahús, þó að af vanefnum væri. En í Rvík er þessu svo háttað, að bærinn hefur ekki látið reisa neitt sjúkrahús, en ríkissjóður hefur aftur á móti lagt fram stórfé til sjúkrahúsa hér. En í stað þess hafa bæði einstaklingar og katólska reglan byggt hér sjúkrahús. Mér virðist það sem sagt athugandi, hvort ekki sé rétt að skylda bæina til að reisa sjúkrahús í einhverju hlutfalli við tölu íbúanna og þá um leið, að athuguð sé þátttaka ríkissjóðs í þeim kostnaði, er af því leiðir. Ég hygg, að þessum málum verði bezt komið með því, að sett yrði almenn löggjöf um þessi mál.

Erlendis og á Norðurlöndum fer meginstyrkur sjúkrahúsa í það að lækka og hafa lægri daggjöld sjúkrahúsa en sem svarar kostnaði og er þá greitt til sjúkrasamlaga.

Enn fremur vil ég benda á, að mér finnst orðalag 1. gr. vera dálítið hæpið. Eftir því virðist, að hvenær sem bær eða sveit vill reisa sjúkrahús, þá sé ríkið skyldugt að leggja fram stofnkostnaðinn að hálfu leyti, ef trúnaðarmenn ríkisins samþykkja uppdrátt og annað þess háttar. Og mér virðist mega gera ráð fyrir því, að talsvert af rekstri sjúkrahúsa geti eftir þessu frv. færzt yfir á ríkið. Þessu vil ég beina til n. þeirrar, er fær þetta frv. til meðferðar, og enn fremur leggja áherzlu á, að hún athugi, hvort ekki sé tiltækilegt, að gerðar séu enn frekari breyt. á l. um sjúkrahús og um þau yrði sett almenn löggjöf.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hann minntist á heimild, sem til er þess efnis, að daggjöld utansveitarsjúklinga væru hærri, þannig að ekki hlytist rekstrarhalli af dvöl þeirra á sjúkrahúsum. Þetta mun að vísu vera rétt, en heimildin er ekki notuð almennt, og að öðru leyti lít ég svo á, að daggjöld utansveitarsjúklinga á sjúkrahúsum eigi ekki að vera hærri en almennt gerist. Og það hygg ég tvímælalaust stefnu í réttari átt, að unnið sé að því að lækka daggjöldin sem mögulegt er heldur en hitt, að sjá um, að þau séu það há, hvort sem um er að ræða daggjöld utan- eða innansveitarsjúklinga, að sjúkrahúsið geti sjálft borið sig og á því þurfi ekki rekstrarhalli að verða.

En að hinu leytinu vil ég síðar en svo mæla á móti því, að athugaðir séu möguleikar á viðtækari breyt. í tilhögun sjúkrahúsbygginga, heldur vil ég mæla með því, að n. athugi, hvaða breyt. væri hægt að gera, og legði þær síðan fram til frekari athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 82, n. 347).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Allshn. hefur haft mál þetta til athugunar og rætt það allýtarlega og orðið á einu máli um að mæla með, að það verði samþ. í þessari hv. d., enda þótt umsögn landlæknis sé ákveðið á móti því, að frv. nái fram að ganga. En n. leitaði að sjálfsögðu umsagnar landlæknis um frv. það, er hér um ræðir.

Í frv. er farið fram á, að ef sveitar-, bæjar- eða sýslufélög vilja reisa sjúkrahús, þá leggi ríkissjóður fram að hálfu leyti stofnkostnað þeirra. Það er m. ö. o. verið að fara fram á það, að hlutfalli milli framlags viðkomandi sveitar-, bæjar- eða sýslufélags og ríkissjóðs sé slegið föstu. Um þetta atriði er enn ekkert ákvæði í l., en venjan hefur verið sú, að fé hefur verið veitt í þessu skyni í fjárl., sem svo heilbrigðisstj. hefur úthlutað eftir eigin mati og lagt þá venjulega fram ⅓ hluta af stofnkostnaði sjúkrahúsanna.

Allshn. vill fallast á, að þetta verði samþ., að með l. verði ákveðið, að hve miklu leyti ríkið taki þátt í stofnkostnaði sjúkrahúsa á móti sveitarfélögum, að í þessu tilfelli séu skýrt dregnar línur, eins og t. d. er gert, hvað viðvíkur byggingu annarra mannvirkja. Um stofnkostnað hafnarmannvirkja gilda fastar reglur, hvernig hann skiptist milli aðila, og er ekki nema réttmætt og sjálfsagt, að svo sé og um byggingu sjúkrahúsa, en að það sé ekki sett í vald heilbrigðisstj. að ákveða í hvert skipti, hve mikið framlagið skuli vera.

Það kynni nú e. t. v. einhver að ætla, að þetta mundi verða misnotað, að ráðizt yrði í byggingu sjúkrahúss til þess að fá framlag ríkissjóðs, án þess að nauðsyn væri á því, að það yrði reist, en ég held, að þetta hafi ekki við rök að styðjast. Eins og ástandið er hjá okkur í þessum málum, þá er vöntun á þessum byggingum um allt land, og rekstur sjúkrahúsa er á þann veg, að það er einmitt meiri eða minni kostnaður, sem fylgir rekstri þeirra, svo að þessu athuguðu er harla lítil von til þess, að bæjar- eða sveitarfélög fari að ráðast í byggingu sjúkrahúsa að óþörfu.

Í frv. er og gert ráð fyrir styrk til sjúkrahúsa vegna legu utanplássmanna. Það er svo um flest sjúkrahús, að í þeim liggja fleiri eða færri utanhéraðssjúklingar. Sjúkrahúsin eru flest í bæjunum, og hljóta því sjúklingar úr sveitunum að sækja til bæjanna og liggja í sjúkrahúsum þar. En þó að það megi teljast sanngjarnt, að sjúkrahús beri kostnað af veru innansveitarsjúklinga þar, þá er allt öðru máli að gegna með utansveitarsjúklinga, og því ekki nema eðlilegt, að ríkissjóður hlaupi þar undir bagga.

Það hefur verið reynt að bera því við, að erfiðleikum yrði bundið að fylgjast með, að þetta ákvæði yrði ekki misnotað og erfitt yrði að fylgjast með legudögum utansveitarsjúklinga. Eftir því, sem ég hef kynnt mér þetta atriði, þá hef ég komizt að raun um, að tiltölulega auðvelt er t. d. hér í Rvík að fylgjast með þessu af bókhaldi því, sem sjúkrahúsin færa yfir sjúklinga sína.

Landlæknir benti á, að hætta væri á, að bæjarfélögin misnotuðu þetta með því, að þau mundu leggja inn sína sjúklinga á sjúkrahús annarra sveita. T. d. ef sjúkrahús væri hér á Seltjarnar-

nesinu, gæti bærinn notfært sér að leggja sjúklinga á sjúkrahús, sem þar væri. Þessi viðbára virðist öllum nm. vera fráleit og ekki væri neitt á henni að byggja. Læknarnir, sem mundu sjálfsagt ráða því, hvar sjúklingarnir lægju, mundu eðlilega leggja áherzlu á að hafa þá sem næsta sér og þar, sem þeir fengju bezta aðhlynningu, en ákvæið frv. mundi engu breyta í því tilfelli, eins og allir hljóta að sjá.

Eins og ég sagði í upphafi, hefur allshn. orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþ. í hv. d.

Haraldur Guðmundsson: Ég kemst ekki hjá að segja það, að mér kemur nál. á þskj. 347 á annan veg fyrir sjónir en ég hefði búizt við, að það hefði verið. Það er sem sé ekki hægt að sjá neinn minnsta vott þess af nál., að landlæknirinn hefur eindregið lagzt á móti því, að frv. væri samþ.

Og þm. hefði ekki haft hugmynd um þessa skoðun landlæknis á frv., ef hv. frsm. allshn. hefði ekki getið þess í ræðu sinni, að landlæknir hefði andmælt því.

Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að ástæða væri til að athuga þetta frv. vel sérstaklega með tilliti til þess, að gerðar væru viðtækar breyt. á l. um sjúkrahús, vegna þess að þörf væri allsherjar löggjafar um það efni.

Ég er ekki viss um, að ástæða sé til að ákveða með lögum, hve há skuli vera framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsabygginga úti á landi. Þau hljóta að verða mismunandi eftir legu staðanna, þar sem byggja á.

Ég skal fallast á það, sem hv. frsm. tók fram, að engin hætta geti verið á því, að farið verði að reisa sjúkrahús að óþörfu. En sú röð, sem bygging sjúkrahúsa er ákveðin í, gæti raskazt og yrði þar að fara eftir því, hver þeirra teldust nauðsynlegust frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar. Það er rétt og eðlilegt, eins og hv. frsm. tók fram, að ríkissjóður hlaupi undir bagga með sveitarfélögum með rekstrarkostnað. Ég álít, að eðlilegt væri að bæta því við frv., að veitt verði ákveðin fjárupphæð í hlutfalli við þann kostnað, sem sjúkrahús bera vegna dvalar aðkomufólks.

Þar sem ég sé ekki, að þetta frv. feli í sér þær breytingar, sem æskilegar hefðu verið í þessum málum, get ég ekki greitt því atkv. eins og það liggur nú fyrir.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins segja nokkur orð, vegna þess að fjvn., sem nú starfar, hefur byrjað á svipuðum vinnubrögðum. Sumir hv. þm. eru ekki kunnugir þessum efnum, því að till. hefur lítið verið rædd í fjvn.

Í samráði við landlækni hefur verið gert ráð fyrir fjórðungsspítölum, og mundu helztu spítalar hvers fjórðungs koma þar til greina. Landsspítalinn, sjúkrahúsið á Ísafirði, sjúkrahúsið á Akureyri og að líkindum sjúkrahúsið á Seyðisfirði, en eigi er það fullráðið.

Er gert ráð fyrir, að heppilegt verði að efla þrjú hin fyrrnefndu sjúkrahús með fjárframlögum, og ættu utanbæjarmenn aðgang að þeim.

Sjúkrahúsið á Ísafirði hefur verið aðalsjúkrahús Vestfjarða um skeið. Á Akureyri er bygging spítala hafin fyrir nokkru, en fjárframlög hafa ekki verið samþ. til hans.

Ef spítalarnir á Ísafirði og Akureyri fá viðurkenningu sem fjórðungsspítalar, þá verður Austurland útundan. En þetta mál er eigi langt komið. Ísafjarðarspítali hefur engin slík réttindi fengið. Spítalinn, sem byrjað er að byggja á Akureyri, er og fyrir Norðurland. Nú liggur í augum uppi, að ekki nær nokkurri átt, að Akureyri beri ein kostnaðinn af spítalabyggingunni, heldur verður ríkið að bera nokkurn hluta kostnaðarins.

Nú stendur svo á, að bezti spítali Austurlands er á Seyðisfirði. Gert er ráð fyrir, að hann verði fyrir Austurland, en síðar mætti taka ákvörðun um það, hvort hann yrði þar áfram eða upp á Héraði eða annars staðar, sem betur þætti henta. Því verður ekki neitað, að landsspítalinn er til sérstakra hlunninda fyrir Rvík og á Suðvesturlandi, og væri því eðlilegt, að í hinum landsfjórðungunum risu upp spítalar til jafnvægis við Rvík. Með byggingu spítalans á Akureyri sem spítala fyrir Norðurland er stigið spor í þá átt.

Ég álít það eftirsóknarvert að koma á fjórðungsspítölum. Þar, sem góðir spítalar eru, eru meiri líkur til, að góðir læknar staðfestist. Á Akureyri er nú mjög góður skurðlæknir, en engin trygging er fyrir því, að hann verði þar áfram, ef spítalanum verður ekki sómi sýndur.

Það er hin mesta nauðsyn, að spítalar verði reistir í héruðunum, og hefur það komið í ljós, að það er gott fyrirkomulag. Ég vil leyfa mér að taka dæmi úr minu kjördæmi, þótt það sé ef til vill ekki viðeigandi. Á Húsavík hefur verið reistur spítali með um 70 rúmum. Landið lagði fram ⅓ kostnaðar, sýsla og hreppur ⅔. Hefur hann reynzt hæfilegur fyrir héraðið, og hefur það risið undir kostnaðinum með hæfilegum álögum. Ofar í héraðinu er gert ráð fyrir að reisa annan spítala.

Ég held, að eftir þeirri reynslu, sem fengin er á Húsavík, sem er þorp með um 1000 íbúa, þá sé hægt að leysa þetta mál þjáningalaust og enginn ávinningur sé að hafa spítalana stærri.

Á undanförnum 30 árum hafa verið reist sjúkrahús í sambandi við læknisbústaði, einkum þar, sem orð hefur farið af læknunum. Þegar þeir hafa flutt burt, hafa skýlin staðið auð, undir stjórn hversdagslegri lækna.

Ég held, að sjúkrahús, sem byggð yrðu samkv. þessu frv., yrðu of stór og því meiri hætta á rekstrarhalla. Mun ég því greiða atkv. á móti frv., þótt það stefni að nokkru leyti í rétta átt, og heldur ganga inn á þá leið að hlynna að fjórðungsspítölum.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Út af því, sem hv. 3. landsk. sagði, vil ég taka það fram, að í grg. var ekki minnzt á álit landlæknis, en ég hef áður gert ýtarlega grein fyrir því. Nefndin gat ekki fallizt á till. frá honum.

Þá minntist hv. 3. landsk. á, að ekki væri rétt að fara eftir sömu hlutföllum við styrkveitingu til sveitarfélaga úr ríkissjóði til byggingar spítala. Ég held, að hér sé ekki rétt með farið. Alþ. fer eftir föstum reglum um styrkveitingar til hafnarmannvirkja og bryggjugerða. Tel ég rétt að

slá því föstu að fara einnig eftir föstum reglum í þessu efni.

Út af því, sem hv. þm. S.-Þ. sagði um það, að hætta væri á því, að byggð yrðu of stór sjúkrahús og miðað væri við þá lækna, sem væru í það skipti, vil ég taka fram, að mér virðist fráleitt að miða við þá lækna, sem eru í héraðinu. — Sjúkrahúsin eiga að standa lengi, en læknarnir eru alltaf að koma og fara. Ég efast mjög um, að til þess kæmi nokkurn tíma, að sveitarfélög færi að byggja of stór sjúkrahús.

Ég verð að segja, að mér virðist þetta frv. mjög þýðingarmikið eins og það liggur fyrir og talsvert unnið með því. Það er ekkert þýðingarlítið fyrir sveitarfélögin að vita, hve stóran hluta þau eiga rétt á að fá úr ríkissjóði. Það er talsvert mikils virði að eiga ekki allt undir náð og miskunn heilbrigðisstj. Það er óþolandi fyrir sveitar- og bæjarfélögin að halda uppi stórum og dýrum sjúkrahúsum, sem meira og minna er íþyngt af utansveitarmönnum. — Virðist mér, að Alþ. ætti ekki að hika við að samþ. frv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Ég vil þakka hv. allshn. þær viðtökur, sem hún hefur veitt þessu frv., og fyrir það, að hún mælir með því, að það verði samþ. þrátt fyrir andúð landlæknis.

Hins vegar hafa tveir hv. þm. komið fram með mótmæli gegn því, að frv. verði samþ. Þeir eru báðir áhrifamenn í flokkum sínum, og er því andstaða þeirra þýðingarmikil. Ég verð að segja, að rök þau, sem þeir hafa fært fram, eru ýmist ekki veigamikil eða ganga hvor gegn öðrum. Hv. 3. landsk. fannst lítið unnið með frv. að undanskildu því, er viðkemur byggingu og rekstrarkostnaði sjúkrahúsa. Jafnframt telur hann, að lögin geti haft það í för með sér, að sjúkrahús verði byggð, án þess að brýn nauðsyn beri til. Hann viðurkennir því, að þau auðveldi aðstöðu sveitar- og bæjarfélaga í þessu efni. En sú hætta, sem hv. 3. landsk. bendir á, að byggð verði fleiri sjúkrahús en þörf gerist, er alls ekki fyrir hendi.

Hv. þm. S.-Þ. færði það aðallega fram sem rök, að nú væru á döfinni till. um að styrkja ákveðin sjúkrahús, sem kölluð yrðu fjórðungssjúkrahús. Það er rétt að vísu, að fjvn. hefur lagt til, að á þessu ári yrði þremur spítölum, spítala Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar, veittur rekstrarstyrkur, sem næmi 100 kr. á rúm. Það má segja, að þetta er ofurlítill léttir fyrir sjúkrahúsin, en ekki mikill. Hann vegur ekki mikið upp á móti rekstrarhallanum.

Þá leggur nefndin til, að þessum sjúkrahúsum og fjórða sjúkrahúsinu, sjúkrahúsinu á Siglufirði, sé veittur styrkur vegna dvalar utansveitarmanna. Er hér gengið mjög í sömu átt og ákveðið er í þessu frv. Sé ég þá ekki ástæðu til þess að binda framlag ríkissjóðs við ákveðna upphæð, sérstaklega þegar þátttaka ríkissjóðs verður ekki nema að litlum hluta. Og hinu held ég ákveðið fram, þrátt fyrir andmæli, sem hér hafa komið fram, að á allan hátt sé réttara, bæði um framlög ríkisins til byggingar sjúkrahúsa og eins um þátttöku ríkisins viðkomandi rekstri sjúkrahúsa, ef á annað borð er gert ráð fyrir honum eins og gert hefur verið hér, að þá séu um þetta hvort tveggja ákvæði í l., þannig að viðkomandi bæjar- og sveitarfélög viti fyrir fram um það, með hverju þau megi reikna í þessum tilfellum, og eins, að í hverju tilfelli þurfi ekki að vera að ræða um það og deila um það, hve mikið eigi að veita þessu eða þessu sjúkrahúsi. Og ég held líka, að ekki sé ástæða til þess, að yfirstjórn heilbrigðismálanna hafi það eingöngu á valdi sínu að meta það, heldur séu fastákveðnar reglur í l., sem fara skuli eftir í hverju einstöku tilfelli.

Hv. þm. S.-Þ. (JJ) kom einnig inn á sama atriði eins og hv. 3. landsk. (HG), að ef þetta frv. yrði að l., mundi það ýta undir það, að á sumum stöðum á landinu mundu rísa upp óþarflega stór sjúkrahús eða sjúkraskýli. Ég held, að engin ástæða sé til að óttast þetta, bæði af því, sem ég sagði áðan, að ég held, að nú sé það alveg augljóst mál, að það er allveruleg vöntun á sjúkrahúsum í landinu, og að hinu leytinu, að ef einhverjir ákveðnir staðir á landinu væru svo stórhuga, að þeir vildu reisa hjá sér sjúkrahús eða sjúkraskýli stærri en teljast mætti, að viðkomandi hérað hefði þörf fyrir, þá er það alveg á valdi heilbrigðisstj. að setja sig þar upp á móti. Því að samkvæmt þeim l., sem þetta frv., sem hér liggur fyrir, felur í sér nokkrar breyt. við, getur ekkert bæjar- eða sveitarfélag ráðizt í byggingu sjúkrahúss, nema fyrir liggi samþykkt heilbrigðisstj. um undirbúning málsins og fyrirkomulag á viðkomandi sjúkrahúsi. Þannig hefur heilbrigðisstj. samkv. l. vald yfir því, hve stórt sjúkrahús er byggt á hverjum stað og getur því útilokað þá hættu, sem þessir hv. þm. hafa talið vera fyrir hendi, en ég býst ekki við, að sé ástæða til að gera mikið úr.

Hv. þm. S.-Þ. fórust orð á þá leið, að ákvæði þessa frv.. ef að l. yrði, — og ég skildi það svo, að það ætti sérstaklega við það ákvæði frv., að ríkissjóður ætti að leggja fram helming byggingarkostnaðar sjúkrahúsanna —, að það væri, a. m. k. í sumum tilfellum, ofrausn, og nefndi til dæmis sjúkrahúsið á Húsavík, sem héraðinu hefði reynzt tiltölulega auðvelt að koma upp og ætti að eiga auðvelt með að standa straum af rekstri þess, þó að það hefði ekki fengið nema einn þriðja hluta byggingarkostnaðar úr ríkissjóði. Og vildi hann nefna þetta sem dæmi þess, að í mörgum tilfellum væri ofrausn af ríkinu að leggja fram meira en einn þriðja hluta byggingarkostnaðar. Ég vil nú álíta, að hér geti ekki verið um að tala neina ofrausn. Má vel vera, að hægt sé að halda fram, að ýmsir staðir á landinu geti, án þess að reisa sér hurðarás um öxl, komið upp sjúkrahúsum eða sjúkraskýlum, sem nægi fyrir viðkomandi hérað, og þá sérstaklega kannske fólksfá héruð. En jafnvel þó að segja mætti það, þá mundu þau sjúkrahús, sem á slíkum stöðum eru reist, heldur ekki vera það stór og kostnaðarsöm, að það gæti þá talizt, að ríkissjóður þyrfti að taka nokkuð nærri sér með því, þó að hann legði fram helming byggingarkostnaðar til slíkra sjúkrahúsa, þannig, ef á að byggja sjúkrahús á þessum stöðum, sem auðvelt væri fyrir viðkomandi héruð, þá ætti ríkissjóði ekki að vera aðþrengt neitt verulega með því, þó að hann væri bundinn með l. til að

leggja fram helming byggingarkostnaðar einnig á þessum stöðum eins og þar, sem þyrfti að reisa stærri og dýrari sjúkrahús. En mér skilst það vera viðurkennt, að ekki sé ósanngjarnt, að ríkið leggi fram helming byggingarkostnaðar til sjúkrahúsa í kaupstöðum. Ef það er á annað borð viðurkennt, þá getur heldur ekki talizt neitt óeðlilegt, að sama regla sé látin gilda um allt landið í þessum efnum.

Tilgangur minn með því að flytja þetta frv. var eingöngu sá, sem mjög berlega kemur fram í frv., að fá því slegið föstu í l., hver þátttaka ríkissjóðs ætti að vera í byggingu sjúkrahúsanna. Ég álít, að það sé mjög sanngjarnlega farið í kröfur, þó að ætlazt sé til, að ríkissjóður leggi fram helming byggingarkostnaðarins, og við það er miðað í frv. Og ég held líka, að mjög sanngjarnlega sé í sakir farið í ákvæðunum um þátttöku ríkisins í rekstri sjúkrahúsa sérstaklega vegna þess rekstrarhalla, sem yrði vegna utansveitarsjúklinga. Og vænti ég þess, ekki sízt þar sem hv. allshn. hefur orðið sammála um að mæla með frv., að hv. þd. muni einnig fallast á að samþ. það, þrátt fyrir þau andmæli, sem hér hafa komið fram.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Frv. þetta leggur í raun og veru tvenns konar byrði á ríkissjóðinn. Í fyrsta lagi er lagt til í frv., að tillag ríkissjóðs til nýbyggingar sjúkrahúsa hækki úr því að vera einn þriðji hluti byggingarkostnaðar, sem er nú venjulegt, og vildi ég ræða fyrst um það atriði. Ég hef út af fyrir sig ekkert um það að segja, hvort það sé til of mikils ætlazt af ríkissjóði, að hann greiði helming af byggingarkostnaði sjúkrahúsanna. En í sambandi við það vil ég leyfa mér að benda á, að eins og nú er, tekur það oft 3 ár eða lengri tíma að fá ríkissjóð til þess að uppfylla þær skyldur, sem hann á að inna af hendi gagnvart sjúkrahúsbyggingum. Ég veit um sjúkrahús, sem hefur fengið byggingarstyrk úr ríkissjóði. Það var undirbúið og byggt á þremur árum, og varð að bíða önnur þrjú ár þangað til fyrsta greiðsla úr ríkissjóði á þessum styrk fór fram. Mér virðist þetta benda til þess, að löggjafinn áliti, að nóg sé greitt til byggingar sjúkrahúsa og ekki sé ástæða til að hækka þann styrk.

Ég álít, að 1. gr. frv. þurfi að breytast mjög mikið, til þess að hún verði að gagni. Þar er sagt: „enda hafi verið veitt til þess fé í fjárl.“, þ. e., að til þess að ríkissjóður leggi fram helming af stofnkostnaði sjúkrahúsa. Og svo stendur, að það skuli til þess fást samþykki trúnaðarmanns ríkisins, sem hér er landlæknir. Og ef hann stendur á móti því t. d. að samþ. uppdrátt eða þ. u. l., þá er ekki náð tilgangi l. Þess vegna finnst mér, að þessi gr. ætti að vera öðruvísi orðuð, ef l. eiga að ná tilgangi þeim, sem mér virðist vaka fyrir hv. flm.

Um hitt atriðið, sem kemur fram í þessari gr., sem á við 9. gr. l., er það að segja, að þar er lögð ákveðin byrði á ríkissjóðinn, sem ekki hefur þekkzt áður. Og ég verð að taka undir það með hv. 3. landsk. þm. (HG), að mér finnst hv. allshn. hafa kastað ákaflega mikið höndum til þess nál. Það hefði t. d. verið ekki lítill fengur fyrir okkur að vita um það, hvað er tilætlunin, að þessi kostnaður verði mikill á ári hjá ríkissjóði eins og á stendur. Mér virðist því ótækt, þar sem ummæli hafa komið fram frá landlækni um málið, þá skuli þeim vera leynt, nema aðeins skýrt frá því í framsögu, hvað hann segir um þessi mál. Mér virðist, að sú n., sem hefur haft málið til athugunar, eigi í nál. að leggja fram öll gögn, sem fyrir hendi eru, til þess að hv. þm. geti dæmt um málið eftir þeim.

Ég veit ekki, hve mörg tugþús. það kostar fyrir ríkissjóðinn að samþ. þessa gr. En mér virðist, að það þurfi að liggja fyrir upplýsingar um það frá n. eða frsm., ef ætlazt er til þess í alvöru, að hv. d. taki ákvörðun um málið. Ég vil ekki taka ákvörðun um það óathugað. Ég vænti þess, að þær skýringar, sem hér vantar á, verði gefnar, áður en málið kemur til lokaafgreiðslu í hv. d.

Að síðustu vil ég benda á, ef þessi gr. verður samþ. hér, a-liður 1. gr. frv., hlýtur hún óhjákvæmilega að framkalla kröfur frá þeim sveitarfélögum, sem undanfarin ár hafa af mjög mikilli fátækt komið upp sjúkrahúsum með styrk úr ríkissjóði fyrir ⅓ stofnkostnaðar eða minna, um, að það væri ekki sanngjarnt, að þau, þó að byrjað sé á byggingum sjúkrahúsa hjá þeim, séu ekki látin hafa styrk samkv. þessari lagabreyt., þegar búið er að samþ. hana.

Þá hefði ég líka gjarnan viljað, að allshn. gæti skýrt frá því, hvort hún hefði aflað sér skýrslna um það, hve mikil þörf er á sjúkrahúsum í landinu, hvort þarfirnar eru ekki meiri fyrir þau í bæjum heldur en í sveitabyggðinni. Og svo, hvort þau sjúkrahús eru notuð til fulls, sem byggð hafa verið með styrkjum á undanförnum árum. Mér er persónulega kunnugt um það, að stórt sjúkrahús er í Stykkishólmi, en það hefur svo að segja alltaf staðið tómt. Ég held, að þarfirnar fyrir sjúkrahús hafi verið langmestar í bæjunum Rvík, Akureyri og Ísafirði, Og spursmál er, hvort ekki er rétta stefnan að reyna að koma upp hæfilega stórum sjúkrahúsum í sveitum og síðan alveg nauðsynlegum sjúkrahúsum í stærri bæjum og þorpum til þess að taka á móti öllum þeim straum af fólki, sem þangað leitar, ekki af því að of lítil sjúkrahús séu í heimasveitinni, heldur af því, að í kaupstöðunum eru miklu meiri tæki og sérfróðir læknar til að lækna sjúkdóma, sem fólk yfirleitt þjáist af. Þetta er mál, sem vert er að rannsaka. Og mér finnst allshn. hefði átt að taka fullt tillit til þess, hvað landlæknir hefði sagt viðvíkjandi því atriði. Erfiðleikar læknishéraðanna úti á landi liggja ekki í því, að erfitt sé að fá lækna þangað vegna þess að sjúkrahús vanti, heldur af því að læknisstaðan í fámennum héruðum er ekki lengur nein læknisstaða eins og það orð er venjulega notað, heldur varðstaða til þess að gegna, aðallega þegar slys ber að höndum. Og þó að sjúkrahús séu þar góð, er ekki þægilegt að fá þangað fyrir lækna unga menn, því að þeir hafa ekki þar neitt verksvið, jafnvel þó að þar séu sjúkrahús.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég get fyrir mitt leyti fallizt á að bíða til 3. umr. með að koma með brtt., og mætti athuga það á

milli umr., hvort ekki gæti orðið samkomulag um þær brtt.

Út af því, sem hv. frsm. sagði um föst ákvæði um framlög til hafnarmannvirkja, sem nú eru upp tekin, þá vil ég taka fram, að það er nokkuð rétt, en það er engan veginn sambærilegt við það, sem ákveðið er í 1. gr. þessa frv. Ég hef aflað mér upplýsinga hjá vitamálastjóra um þetta. Rvík er þar sérstæð, hún hefur ekki fengið neinn styrk til hafnargerðar, nema 100—200 þús. kr. Að öðru leyti hygg ég, að í hafnarl. kaupstaðanna allra sé það ákveðið, að ríkissjóðsframlagið sé ⅓ hluti kostnaðar. Þó mun vera undantekning frá þessu viðkomandi Neskaupstað. Hann hefur lent í flokki með stærri þorpum og fær ⅖ kostnaðar úr ríkissjóði. Þá eru lendingarbætur og aðrar slíkar fyrirgreiðslur á smærri stöðum, sem venjulega eru styrktar með helmingi stofnkostnaðar. Þannig er þersýnilegt, að styrkjum úr ríkissjóði er mismunað talsvert verulega, eftir því hvernig til hagar á hverjum einstökum stað. Þess vegna er ég ekki sannfærður um, að rétt sé að hækka framlag ríkissjóðs upp í helming stofnkostnaðar og láta hann vera jafnan því, sem viðkomandi bæjar- eða sveitarfélög leggja fram. Ég er ekki viss um, að það sé rétt í öllum tilfellum.

Um b-lið 1. gr. er ekki ástæða til að hafa mörg orð. Ég álít eðlilegt, að haft sé það fyrirkomulag, sem haft er nú á því atriði, að því fé, sem veitt er til þessa, sé úthlutað af landlækni eftir þar til settum reglum í hverju tilfelli. Því að það verður að setja svo nákvæmar reglur um þetta í l., að ekki reynist gallar á því fyrirkomulagi í framkvæmdinni.

Ég er ekki á móti því, að frv. gangi til 3. umr. og athugað verði milli umr., hvort hægt sé að gera brtt. við það, sem samkomulag gæti orðið um.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Hv. þm. Barð. komst á þá leið að orði, að honum fyndist, að allshn. hefði verið mislagðar hendur við afgreiðslu þessa máls, þar sem ekki lægju fyrir frá hennar hendi þær upplýsingar að öllu leyti í málinu, sem átt hefði að vera. Ég get að nokkru leyti tekið undir þetta og tel það illa farið um jafngott mál sem ég tel þetta mál vera. Ég álít t. d., að það hefði verið skylda n. að birta sem fylgiskjal með sínu nál. umsögn landlæknis, úr því að n. leitaði hans álits, til þess að við alþm. hefðum getað vegið og metið þær ástæður, sem hv. frsm. færir annars vegar fram með þessu máli og landlæknir hins vegar á móti. Hér hefur komið fram, að hv. fjvn. hefði á prjónunum till. viðvíkjandi sjúkrahúsum, sem aðeins snerta þó 4 sjúkrahús á landinu, eða þó öllu heldur 3, því að landsspítalinn var byggður á kostnað ríkisins og er rekinn á kostnað þess. Ég fæ ekki betur séð en jafnvel þó að þessar till. hv. fjvn. yrðu samþ., þá samrímist þær ágætlega því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka þau rök, sem bæði hv. flm. þessa frv. og hv. frsm. n. hafa borið hér fram, og skal ekki lengja mál mitt. En einmitt út af þessu, að það er ekki hægt að neita því, að hér við 2. umr. hefur málið ekki verið lagt eins glögglega fyrir eins og æskilegt hefði verið og d. að vissu leyti hefði átt kröfu á, þá vildi ég nú mælast til þess, að hv. þdm. sættust á það að láta málið ganga til 3. umr. og hv. n. vildi svo gefa út framhaldsnál. eða á einhvern hátt vildi birta fyrir okkur alþm. þetta bréf landlæknis, þar sem ég álít, þó að ég sé algerlega fylgjandi þessu máli, að ekki sé nema gott að heyra rök andstæðingsins, sem hann hefur fram að bera. Og það er leitt til þess að vita, að þetta atriði hefur hér orðið til þess að veikja aðstöðu hv. n. Það er yfirleitt venja, þegar nefndir leita umsagnar starfsmanna ríkisins, að þá birta þær álit þeirra, og það þó að þær séu álitinu sammála. En ég tel því meiri skyldu að birta slík álit, ef n. eru ósammála álitum viðkomandi starfsmanna.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Ég ætla ekki að tala margt í þessu máli, enda hefur flest komið fram hér hjá hv. þdm. af því, sem ég vildi hafa sagt í upphafi um þetta mál. Það var tekið fram þegar í byrjun af hv. 3. landsk. þm. (HG), hversu réttilega hv. allshn. hefði komizt að niðurstöðu sinni í sínu nál. Og ég vil taka undir það og enn fremur þau ummæli, sem hv. 1. þm. Eyf. (BSt) lét nú falla í sömu átt. Það er, býst ég við, meginregla hér í hæstv. Alþ., þegar þingn. leitar álits ráðunauta ríkisstj., og það æðstu ráðunauta, að hún segi að einhverju leyti til þess, hvað þessir ráðunautar leggi til í þessu máli, sem þeir eru spurðir um. Og það er svo bert af nál., að enginn maður, sem les það, getur skilið það öðruvísi en svo, að n. hafi að niðurstöðu til verið á sama máli og landlæknir. En nú er það upplýst, að hans álit gengur gegn n.

Ég skal ekki segja neitt um það, hvort álitið er á fastari rökum byggt, álit hv. flm. og skoðana hans, sem hv. n. fellst alveg á, eða skoðun landlæknis. En ég vil taka undir þau ummæli hv. 1. þm. Eyf., að hv. allshn. vildi nú gefa út framhaldsnál. í tilefni af þeim ummælum og umr., sem farið hafa fram nú hér í hv. d. Það er m. a. eitt atriði, sem ég tel æskilegt, að hv. n. hefði skýrt nokkuð betur, þar sem í b-lið 1. gr. er talað um, að sjúkrahús sé sótt „að verulegu leyti“ af sjúklingum, sem ekki eiga heimili á viðkomandi sveitar-, bæjar- eða sýslufélagi. Hver á að hafa úrskurðarvald um það að ákveða í hverju tilfelli, hvað er „að verulegu leyti“ í þessu efni? Væri ekki betra að tiltaka það með ákveðnari orðum, hvenær sjúkrahús eigi að hafa rétt til dagpeninga úr ríkissjóði fyrir utansveitarsjúklinga?

Enn fremur hefði ég kunnað betur við, að í b-lið 1. gr. hefði ekki á öðrum staðnum í gr. staðið: „eiga heima“, en hinum: „eiga lögheimili“. Ég hefði viljað hafa sama orðið á báðum stöðum, því að það er ekki alveg ótvírætt, hvort það er sama að eiga heimili og að eiga lögheimili á einhverjum stað. Þetta veit ég, að þeir 4 lögfræðingar, sem eiga sæti í hv. d., munu geta skrifað undir.

Að öðru leyti skal ég ekki orðlengja frekar um málið. En ég vildi taka undir ósk um það, að hv. n. vildi fyrir 3. umr. koma með framhaldsnál. í framhaldi af því, sem hér hefur verið sagt.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Ég þarf ekki að orðlengja mikið um þetta umfram það, sem ég sagði áðan. En sérstaklega í tilefni af því, sem hv. þm. Barð (GJ) taldi hér áðan, að það þyrfti að breyta 1. gr. frv., ef ætti að samþ. það, vil ég segja nokkur orð. Nefndi hann til sérstaklega tvennt sem þyrfti breyt. við. Annað var það, að það væri aðeins talað um, að sá styrkur, sem frv. leggur til, að sjúkrahúsum skuli veittur til byggingar, skyldi veittur, þegar fé væri veitt til þess í fjárl., en þar væri ekki um það talað, hve mikið fé það ætti að vera. En að hinu leytinu fannst honum, ef frv. ætti að ná tilgangi sínum, að það þyrfti að breyta því, að samkv. ákvæðum 1. gr. frv. gæti trúnaðarmaður ríkisins komið í veg fyrir sjúkrahúsbyggingar með því að samþ. t. d. ekki uppdrátt.

Um þetta vil ég segja það, að það er ómögulegt að ákveða í l., hve mikið fé skuli veita í fjárl. til þessara framkvæmda. Það verður mismunandi frá ári til árs og verður að ákveðast í sambandi við hver fjárl. fyrir sig, sem byggist þá á upplýsingum í hvert skipti um það, hverra framkvæmda sé von í þessu efni af hálfu bæjar- og sveitarfélaga á næstu tímum. Og það verður vitanlega alltaf þó nokkuð vitað um það fyrir fram, vegna þess undirbúnings, sem verður að fara fram eftir l. eins og þau nú eru, áður en bæjar- eða sveitarfélög geta slegið föstu, hvort þau byggi sjúkrahús eða ekki. Á þennan hátt verða í hverju tilfelli að fást upplýsingar um það, hve mikið fé eigi að veita í fjárl. næsta árs til þessa.

Viðvíkjandi hinu atriðinu vil ég segja, að ég álít síður en svo þörf að breyta frv. í því efni. Það er alls ekki tilgangur minn með þessu frv. að komast að neinu leyti fram hjá yfirstjórn heilbrigðismálanna í landinu um það, hvernig hagað sé og komið fyrir sjúkrahúsum á landinu. Ég tel sjálfsagt, að heilbrigðisyfirvöldin hafi sem bezta aðstöðu til að hafa áhrif á það efni, og þau hafa að sjálfsögðu nokkuð vald til þess að hafa áhrif á það, hvernig gengið er frá sjúkrahúsum. Og ég álít, að það sé ekki rétt, að bæjar- eða sveitarfélög geti byggt sjúkrahús eftir eigin höfði og heimtað framlag til þess úr ríkissjóði, án þess að fyrirkomulagið sé í samræmi við það, sem heilbrigðisstjórn landsins telur, að þurfi að vera á hverjum tíma. Ég álít sem sagt, að þetta eigi að vera eins og lagt er til með frv. Heilbrigðisstj. á að vera færust um að ákveða um það, hvernig þeim hlutum skuli hagað.

Þá var hv. þm. Barð að óska eftir upplýsingum um það, hve mikinn kostnað fyrir ríkissjóð það mundi hafa í för með sér, ef b-liður 1. gr. verður samþ., þ. e. a. s. um þátttöku ríkisins í rekstrarhalla sjúkrahúsa vegna utansveitarsjúklinga. Það er rétt, að það liggur ekkert fyrir um það, hvorki frá mér sem flm. eða frá hv. n., enda mun vera dálitið torvelt að fá um þetta nákvæmar upplýsingar. Það mun að vísu vera hægt að afla upplýsinga um þetta viðkomandi síðasta ári eða um nokkurt tímabil, hve margir legudagar utansveitarsjúklinga hafa verið á sjúkrahúsunum og hve mikill kostnaður hefur verið í sambandi við þá. Það hefur ekki verið gert. En þó að það yrði gert, yrðu það ekki nákvæmar upplýsingar um það, hve mikill kostnaðurinn yrði. Því að þetta er mismunandi frá ári til árs. En ég held að hinu leytinu, að þó að það fé, sem ríkissjóður þannig mundi leggja fram, væri allveruleg hjálp fyrir viðkomandi sveitar- og bæjarfélög með því að létta þeim rekstrarhalla sjúkrahúsanna allmikið, þá sé þar ekki um svo mikla upphæð að ræða, að haft geti nokkur afgerandi áhrif á rekstur ríkisbúsins eða afkomu ríkissjóðs. Og þó að skemmtilegra hefði verið að geta gefið upplýsingar um þetta, þá skiptir það ekki svo miklu máli, að það geti verið afgerandi um það, hvort hv. þm. vilji fallast á þetta frv. eða ekki.

Að lokum vil ég taka undir þær raddir, sem hér hafa komið fram um það, að hv. þm. gefist kostur á að kynna sér þetta bréf landlæknis, sem getið hefur verið hér, þar sem hann mælir á móti samþykkt frv. Ég hef ekki séð þetta bréf. Ég hef persónulega ekkert á móti því að sjá það og að aðrir hv. þm. fái að kynnast þeim rökum, sem þar eru gegn frv. En eftir því, sem fallið hafa orð hjá einstökum hv. nm., þá á ég heldur ekki von á því, að það mundi verða til þess að standa mjög í vegi fyrir því, að frv. nái fram að ganga. A. m. k. hefur mér skilizt, að afstaða hv. nm. í allshn. hafi ekki breytzt í þá átt við það, að þeir hafa kynnt sér þau rök, sem landlæknir færir fram í bréfinu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en vænti þess, að hv. þdm. vilji fallast á þetta frv. á sama hátt og hv. allshn. hefur þegar gert að sínu leyti.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Það hafa nú orðið nokkrar umr. um þetta frv., sem að verulegu leyti hafa snúizt um það, að allshn. hafi ekki gengið frá málinu eins og skyldi, og sérstaklega hefur n. verið átalin fyrir það að hafa ekki birt bréf landlæknis um þetta mál. Hæstv. forsrh. gat þess og hér áðan, að þannig hefði verið frá málinu gengið af allshn., að ástæða væri til að ætla, að landlæknir legði ekki til, að frv. verði samþ. Ég held, að ég hafi tekið það glögglega fram í ræðu minni áðan, að tillaga landlæknis í þessu bréfi var, að frv. yrði fellt, og ég minntist á rök, sem hann færði fyrir þessari till. Ég þóttist líka hafa bent á rök, sem n. taldi sig hafa á móti ályktunum landlæknis. En mér er ekki kunnugt um, að það sé venja á Alþ. að birta öll álit og álitsgerðir, sem einstakar n. fá um frv. þau, sem þær senda til umsagnar vissum aðilum. Ég held, að það sé miklu frekar venja, að þetta sé ekki gert. Ég hef orðið var við þó nokkuð mörg mál hér, og þau allstór, þar sem ekki hafa verið birtar álitsgerðir, sem n. hafa borizt, og það þó að um ýtarlegar og margar álitsgerðir hafi verið að ræða. Það má finna mörg mál, þar sem þetta hefur verið gert, en ég held, að hin málin séu fleiri, þar sem þetta hefur ekki verið gert. Ég vil minnast á frv. til l. um breyt. á fiskveiðasjóðsl., sem sjútvn. Nd. höfðu borizt þrjár ýtarlegar umsagnir um. Sjútvn. birti þær ekki, að því er ég bezt veit, og málið hefur síðan komið til umr. í sjútvn. hér í hv. d. Hv. þm. Barð. (GJ) gekk þar frá nál., og ég hef ekki komið auga á, að hann hafi tekið upp þessar umsagnir í nál.

Og um frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Rvíkur lágu fyrir 4 umsagnir. Meiri hl. n., sem um það mál fjallaði, sá ekki ástæðu til að taka í nál. neitt af þessum álitum. Svona hygg ég, að mætti lengi telja. Mér hefur skilizt, að n., þegar þær fá slík álit, reyni að gera sér grein fyrir því, hvort umsagnirnar séu þannig, að ástæða sé til að birta þær í nál. eða ekki. Við athuguðum þetta í allshn. og sáum ekki ástæðu til að birta þessa umsögn landlæknis, enda hefur hún legið hér frammi, hv. þm. til sýnis. En það er síður en svo, að ég og aðrir, sem viljum, að þetta frv. nái fram að ganga, höfum nokkuð á móti því, að þessi umsögn komi fyrir sjónir hv. þm. í þskj. Við getum þvert á móti fallizt á það, að þegar álit og umsögn landlæknis eru virkilega krufin til mergjar, þá komi í ljós, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er nauðsynlegt og þarf að ná fram að ganga.

Hv. þm. Barð. minntist og á það, að allshn. hefði vanrækt að fá upplýsingar um það, hve mikil fjárhæð það mundi vera, sem greiða þyrfti úr ríkissjóði í styrk, ef b-liður 1. gr. frv. yrði samþ. Þetta er rétt, að upplýsinga um þetta hefur ekki verið leitað, enda held ég, ef ætti að fá upplýsingar um þetta, þá mundi það taka mjög langan tíma og tefja þannig fyrir málinu, að ekki vinnist tími til að afgreiða það á þessu þingi nú. Sjúkrahús á landinu eru sjálfsagt yfirleitt ekki undir það búin að gefa upplýsingar um þetta án þess að leggja í það vinnu að ná tölunum upp um þetta. Auk þess virðist mér þetta ekkert atriði vera í málinu. Mér virðist það, hvort þessar upphæðir eru stórar eða litlar, ekki skipta því máli, að það eigi að hafa áhrif á það, hvort þessi liður verður samþ. eða ekki. Aðalatriðið er, að sveitarfélög víðs vegar um landið þurfa að greiða styrki til sjúkrahúsanna fyrir legu utansveitarmanna á sjúkrahúsunum. Þetta er alveg óþolandi fyrirkomulag, og þessu þarf að breyta. Og það er ekkert atriði í málinu, hvort þetta er stór eða lítil upphæð, sem kemur þarna á ríkissjóðinn að greiða í þessu skyni. Og ef þar gæti verið um verulega upphæð að ræða, þá álít ég, að það sé enn frekari ástæða til fyrir ríkið að hlaupa þar undir baggann. Því verður ekki haldið fram af neinni sanngirni, að einstökum sveitarfélögum verði gert að greiða verulegar fjárupphæðir í styrki til sjúkrahúsanna vegna utansveitarmanna, sem liggja á sjúkrahúsunum. Sú upphæð, sem fyrir þá þarf að greiða, á skilyrðislaust að koma úr ríkissjóði án tillits til þess, hvort hún er stór eða smá.

Þá minntist hv. þm. Barð. á það, að það þyrfti að breyta nokkuð 1. gr. frv. til þess að tilgangi hennar yrði náð. Fyrst og fremst þyrfti að taka upp ákveðin fyrirmæli um það, að ríkið þyrfti að greiða kostnað vegna byggingar sjúkrahúsa. Svo megi ekki heldur vera í frv. ákvæði um það, skildist mér, að heilbrigðisstjórn þyrfti að samþ. uppdrætti að sjúkrahúsum til þess að styrkir fengjust til þeirra. Ég get ekki fallizt á þessa skoðun hv. þm. Barð. Tilgangurinn með þessari gr. er sá einn, að það á að slá því föstu, í hvaða hlutfalli byggingarkostnaður sjúkrahúsa skuli skiptast á ríkissjóð annars vegar og bæjar- og sveitarfélögin hins vegar. Tilgangur gr. er sá einn að slá þessum hlutföllum föstum. Það er hins vegar fjárlagaákvæði, hvenær fé skuli veitt úr ríkissjóði til byggingar sjúkrahúsa. Og þessum tilgangi er náð með gr., þó að ekki séu í henni ákvæði um ákveðnar fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Það er og venja að hafa slík ákvæði í l., að ekki megi ráðast í byggingar sjúkrahúsa, nema uppdrættir séu samþykktir af fulltrúa ríkisins. Þetta gildir og um hafnarmannvirki og hvað annað hliðstætt, og það væri ástæðulaust að láta nokkuð sérstakt gilda í þessum efnum, hvað viðkemur sjúkrahúsum. Enda er eðlilegt, að heilbrigðisstj. hafi fullkomið eftirlit með því, að sjúkrahúsin séu þannig byggð, að þau fullnægi þeim kröfum, sem heilbrigðisstj. af eðlilegum ástæðum setur fram.

Ég get því ekki betur séð en a-liður 1. gr. sé þannig, að hann nái þeim tilgangi, sem honum er af hálfu hv. flm. ætlað að ná. En ég get hins vegar fullkomlega fallizt á, að áður en málið kemur til 3. umr., verði umsögn landlæknis um það birt. Og ég sem frsm. allshn. mun að sjálfsögðu hlutast til um, að svo verði gert.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég verð að segja eftir því, sem fram hefur komið, að mér finnst sem hvorki hv. flm. eða allshn. hafi lesið l., sem verið er að breyta. Það stendur í 2. gr. l., hvernig eigi að fara í sambandi við uppdrættina og allt, sem að því lýtur, sem nú er sett í 1. gr. Þessi breyt. hér á því ekki heima þar, sem hún er sett í frv. Þess vegna er það alveg rétt, sem ég hélt fram, að þetta á ekki heima í þeirri gr.

Annað er það, að mér finnst, að þessir hv. þm. hafi ekki samræmi í því, að ekki er gert ráð fyrir, að 8. og 9. gr. eigi að vera kyrrar í l., og ekki heldur, að þær eigi að falla niður. Það er ekkert rætt um það í frv., hvernig eigi að fara með 8. og 9. gr. (GÍG: Jú, „og breytist greinatalan samkvæmt því“ stendur í 1. gr. frv.).

Það er líka misskilningur hjá hv. flm., að ekki sé hægt að setja inn upphæð, sem eigi að veita úr ríkissjóði í þessu skyni. En það stendur í frv., að ríkissjóður sé ekki skuldbundinn til að veita þessa styrki, fyrr en fé sé veitt til þessa í fjárl. Til þess að frv. nái tilgangi sínum, þarf ríkissjóður að vera skyldugur til að veita slíkan styrk, eftir að bæjar- eða sveitarfélag hefur fengið samþykktan uppdrátt.

Viðvíkjandi því að afla upplýsinga um kostnað við það, sem b-liður er um, þ. e. kostnað vegna utansveitarsjúklinga, um það skal ég ekki segja, hvort landlæknir hefði getað veitt þær upplýsingar. En ég álít ekki einskis virði að vita eitthvað um það, hvað hlutirnir kosta, sem verið er að hafna eða samþ. Ég álít, að það sé kannske ekki alltaf aðalatriðið, en ef hægt er að afla þeirra upplýsinga, álít ég það sjálfsagðan hlut, jafnvel þó að um það sé að ræða að styrkja sjúkrahús.

Viðvíkjandi ummælum hv. 9. landsk. þm. (GÍG) um nál. út af frv. um breyt. á l. um fiskveiðasjóð vil ég taka fram, að sjútvn. í Nd. hafði mál þetta til meðferðar, og hún brást alveg skyldum sínum þar um að birta þessar umsagnir. Og sjútvn. þessarar hv. d. hefði aldrei vitað um þessar umsagnir, ef hún hefði ekki gengið eftir

því. En hver hefur svo afleiðingin orðið af þessum vinnubrögðum? Hún er sú, að málinu er stefnt í þá hættu, að spursmál er, hvort það kemst í gegnum þingið, af því að hv. sjútvn. Nd. leyndi þingið þeim umsögnum, sem henni bárust um málið. (GÍG: Hvers vegna tók þá ekki hv. þm. Barð. umsagnirnar upp í nál.?). Það var vegna þess, að það þótti meira um vert að bjarga málinu með því að samþ. það í því ástandi, sem það þegar var komið í, heldur en að eyðileggja það. En þó að vitnað sé í það frv. (um fiskveiðasjóð), réttlætir það ekkert aðgerðir hv. allshn. í þessu máli, sem hér er til umr., að leyna hv. d. því, sem hún átti rétt á að fá að vita.

Ég get fallizt á að samþ. frv. til 3. umr. og vænti, að við þá umr. liggi fyrir allar upplýsingar, sem hægt er að fá í málinu og ekki eru þess eðlis, að þær þurfi að tefja fyrir því, að málið fái eðlilega afgreiðslu hér í hv. d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 51., 52., 54. og 56. fundi í Ed., 9., 10., 11. og 12. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 57. fundi í Ed., 16. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 882, 413, frhnál. 418).

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Við 2. umr. þessa máls hér í hv. d. snerust umr. nokkuð um það, og var gert allmikið úr því, að landlæknir væri mjög á annarri skoðun um efni þessa frv. heldur en flm. og hv. allshn., sem mælir með samþykkt þessa frv. Það kom þá einnig fram í umr., að þm. óskuðu eftir því að fá að sjá það bréf landlæknis, sem rætt var um í þessu sambandi. Nú hefur hv. allshn. orðið við þessu og gefið út framhaldsnál., þar sem bréf landlæknis er birt, svo að hv. þm. gefist kostur á því að kynna sér bréfið og skoðun landlæknis í þessu máli. Ég hef athugað þetta bréf, og sýnist mér eftir því, að í rauninni sé ekki mikill skoðanamunur milli mín sem flm. þessa frv. og allshn. annars vegar og landlæknis hins vegar. Mér finnst landlæknir að mestu leyti vera sammála frv. efnislega séð. Aðalatriði þessa frv. er, eins og kunnugt er, tvenns konar. Annars vegar að því skuli slegið föstu með l., að ríkissjóður skuli taka þátt í stofnkostnaði sjúkrahúsa, hins vegar, að því skuli með l. slegið föstu, að ríkissjóður skuli taka þátt í rekstri þeirra sjúkrahúsa, sem sótt eru af utanhéraðssjúklingum. Um fyrra atriðið, þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaðinum, sé ég ekki betur en að landlæknir sé á sama máli og ég um það, að sú þátttaka ríkissjóðs hafi verið of lítil hlutfallslega. Hann álítur, að hún eigi að vera meiri en hún nú er. Hins vegar ber hann því við, að fjárveitingar í þessu efni hafi undanfarið verið það litlar, að hann sem landlæknir hafi ekki haft ráð á því að úthluta viðkomandi bæjar- og sveitarfélögum meira fé til þátttöku í stofnkostnaði sjúkrahúsa. Hann segir, að það hafi ekki staðið á heilbrigðisstj. að krefjast minna framlags af bæjunum, ef til þess væri veitt nægilegt fé í fjárlögum. Þarna er hann á sama máli og ég um þetta atriði og sammála því, sem kemur fram í frv. Hins vegar virðist landlæknir bera kvíðboga fyrir því, að frv. nái ekki tilgangi sínum að þessu leyti, þó að samþ. yrði.

Ég álít hins vegar, að frv. mundi bæta úr hvað þetta snertir. Landlæknir segir, að til þessa hafi verið áætlað svo lítið fé, að ekki hafi verið hægt að ganga lengra um þessar fjárveitingar. En af hverju hefur ekki verið veitt meira fé til þessa? Ég held, að það hafi að verulegu leyti verið vegna þess, að ríkið hefur ekki verið lagalega bundið um slík fjárframlög. Ég held, að um leið og því væri slegið föstu með l., að ríkissjóður væri skuldbundinn til að taka á sig ákveðinn hluta af stofnkostnaðinum, mundi það vera tryggt, að nægilegt fé yrði veitt til þess í fjárl., að ríkissjóður gæti staðið við sínar skuldbindingar í þessum efnum.

Um hitt atriði frv., þátttöku ríkissjóðs í rekstrarkostnaði sjúkrahúsa vegna aðsóknar utanhéraðssjúklinga, segir í bréfinu: „Ég fellst að efninu til á réttmæti þess, að slíkir sjúkrahúsastyrkir verði teknir upp. Og á öðrum stað segir: „að það sé ástæða til að koma efni frv. og þá sérstaklega b-lið 1. gr. á framfæri við fjvn.“ Landlæknir fellst líka að efninu til á þetta atriði frv., hann viðurkennir nauðsyn þess, að sjúkrahúsunum sé veittur nokkur styrkur, til þess að þau verði ekki fyrir rekstrarhalla vegna aðsóknar utanhéraðssjúklinga. En að hinu leytinu kemur fram í bréfi landlæknis þó nokkur ágreiningur um það, hvort eigi að slá þessu föstu í l. eins og ég vil. Landlæknir virðist vera mikið á móti því, að það sé gert, en ætlast til, að meira fé verði veitt í fjárl. til þess að geta orðið við þessu hvoru tveggja, en ætlast til, að þessu fé verði varið til heilbrigðismála, án þess að það sé bundið föstum reglum. Ég held, að það, sem kemur til kasta þessarar hv. d. og Alþ., sé einmitt þetta, að ákveða, hvort um þetta skuli setja fastar reglur í l. og hvernig skuli varið því fé, sem til þess yrði áætlað, eða hvort landlæknir eigi að hafa þetta einvörðungu í hendi sinni og geti í rauninni farið um þetta eftir eigin geðþótta. Ég fyrir mitt leyti álít, að það út af fyrir sig, sé atriði, sem Alþ. þurfi að taka afstöðu til. Það er talið nauðsynlegt að setja fastar reglur viðvíkjandi framlögum ríkisins til skóla og annarra stofnana. Ég vil í því sambandi minna á ræðu, sem einn samflokksmaður landlæknis, hv. 4. þm. Reykv., flutti nú fyrir skömmu í sambandi við afgreiðslu fjárl. Í þessari ræðu lagði hann áherzlu á það, að Alþ., samkv. ítrekuðum ákvæðum stjskr., hefði vald til þess að ráðstafa fjárveitingunum úr ríkissjóði, sem ákveðnar eru í fjárl. Hann lagði einnig áherzlu á það, að Alþ. léti ekki slíkt vald úr höndum sér eða fæli einstaklingum eða einstökum opinberum trúnaðarmönnum ráðstöfunarrétt á þessu fé, heldur ættu að vera um þetta fastar reglur, sem starfsmenn ríkisins væru bundnir við. Þarna kemur fram sama skoðun og ég hef leyft mér að halda fram í þessu tilfelli, sem sé, að ekki sé

nægilegt, að viðurkennd sé nauðsyn þess að leggja fram meira fé til að styrkja byggingu sjúkrahúsa og létta undir með rekstri þeirra, heldur verði Alþingi einnig að setja fastar reglur um það, hvernig því skuli varið, og það eigi ekki að vera á valdi einstakra starfsmanna ríkisins, hvernig með þetta fé sé farið í einstökum tilfellum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en ég vil undirstrika það, að mér sýnist það koma fram í bréfi landlæknis, að hann sé efnislega sammála frv., en ágreiningur sé aðeins um þetta atriði, sem ég síðast talaði um. Ég vænti þess, að hv. d. fallist á að samþ. frv. og telji nauðsynlegt að slá því föstu í l., hvernig fé ríkisins, sem veitt yrði í þessu skyni, yrði varið.

Þá vil ég aðeins minnast á brtt., sem ég hef leyft mér að flytja við frv., og er hún flutt í tilefni af þessu bréfi landlæknis. Ein af þeim rökum, sem landlæknir færði gegn frv., var það, að ekki væri nógu ákveðið orðalag um það, hvenær bæri að veita rekstrarstyrki þá, sem hér um ræðir. Til þess að losa heilbrigðisstj. við öll heilabrot um þetta atriði, hef ég flutt brtt. um það, að orðin: „að verulegu leyti“ í b-lið 1. gr. falli burt er aðeins um orðalagsbreyt. að ræða, en ekki efnisbreyt., og ætti það ekki að verða að ágreiningsefni.

Ég vil svo að lokum vænta þess, að hv. d. samþ. frv. að öðru leyti, eins og hv. allshn. hefur lagt til.

Gísli Jónsson: Ég er ekki alveg sammála hv. 4. landsk. um það, að ekki beri mjög mikið á milli hans og landlæknis. Samkv. bréfinu setur landlæknir sig mjög á móti því, að frv. verði samþ., en flm. gerir allt til þess að fá það samþ. Það ber því mjög mikið á milli hjá þeim. Þetta mál er þannig til orðið, að árið 1933 voru sett um þetta ákvæðin l., og það eitt út af fyrir sig að breyta þeim l. öðruvísi heldur en í samráði við þann mann, sem hefur mest um þetta að segja, landlækni, tel ég vera mjög varhugavert. Það má benda á þau ummæli landlæknis, sem fram koma í bréfi hans, að sumt af því, sem fram kemur í þessu frv., sé alveg vitagagnslaust.

Ég hefði óskað eftir, að flm. næði meira og betra samræmi um breyt. á þessum l. við landlækni og heilbrigðisstj., svo að fullkomið samræmi fengist um þessi mál, eða hann féllist á að vísa því frá með rökst. dagskrá og undirbúa það betur fyrir næsta þing. Ég fellst á mörg þau rök, sem koma fram hjá landlækni í bréfi hans. Það má t. d. til sanns vegar færa, að ekki sé rétt, óhjákvæmilegt eða réttlátt, að öll sjúkrahús á landinu hafi sama styrk. Ég veit, að hann hefur mikið til síns máls. Það þarf ekki að vera gengið á rétt eins sjúkrahúss, þó að eitt þurfi frekar aðstoðar en annað til þess að koma upp sjúkrahúsi. Því getur ráðið mismunandi aðstaða, fólksfjöldi o. fl., en það er það, sem landlæknir bendir á í bréfi sínu, og hann telur óheppilegt að binda allt við sömu upphæðina. Nú er vitanlegt, að úti á landi eru þessir styrkir ekki eingöngu til sjúkrahúsa, heldur einnig til læknisbústaða, þannig að reistar hafa verið í þeim sjúkrastofur. Það hefur verið álitið, að læknirinn geti ekki sjálfur staðið undir húsaleigunni, og því verði héraðið að hlaupa undir bagga og sjá honum fyrir bústað og bera kostnaðinn af því. Þessa þarf t. d. ekki við í kaupstöðum. Landlæknir segir líka, að erfitt sé að finna slíkum styrkveitingum algilt og réttlátt frambúðarform, og ég býst við, að það sé rétt, að þetta sé ekki hægt, svo það er út í bláinn að ákveða þetta form., nema með því að heilbrigðisstj. hafi hönd í bagga með. Það er ekki upplýst um, hve mikið fjárhagsatriði þetta er. Það er eins og það sé algert aukaatriði fyrir þessa menn, en fyrir mér er það ekki aukaatriði. Það má ekki reikna með, að tímarnir séu alltaf eins og nú, og verður að minnast þess, að verið er að binda ríkissjóði byrðar fram í framtíðina. Það er það, sem hv. dm. þurfa að gera upp við sig, þegar þeir greiða atkv. um þetta mál, hvað mikið fjárhagslegt atriði það er fyrir ríkissjóðinn. Landlæknir segir: Niðurstaða mín verður því sú, að ekki sé rétt að gera frumvarp þetta að lögum, og ég verð að segja, að hann færir ákaflega mikil rök fyrir því.

Ég vildi spyrja hv. flm., hvort ekki sé rétt að fresta umr. um málið og fá betra samræmi í það, ef ekki er annað en orðalag, sem á milli ber, og leggja það síðar fyrir d. til úrskurðar. Ef hún gæti þá ekki sætt sig við það, kæmi til að vísa því frá með rökst. dagskrá. Ég get ekki fallizt á að greiða atkv. með málinu eins og það er og vil benda á, að flm. hefur fallizt á a. m. k. eina orðalagsbreyt. frá landlækni, og það gæti skeð, að það yrðu fleiri.

Jónas Jónsson: Ég er nú að mestu leyti samdóma síðasta ræðumanni, en vil bæta við frá annarri hlið nokkrum rökum. Það er að mörgu leyti mjög óheppilegt að breyta skipulagsmálum þjóðarinnar á þeim tímum, sem nú eru. Við vitum, að verðgildi peninga er á hverfanda hveli. Ríkið ræður yfir meiri peningum en áður og heldur en líkur eru til, að það ráði yfir í framtíðinni. Þess vegna getur verið, að þær ráðstafanir, sem nú virðast líta vel út, geti átt illa við síðar. Þetta er aðalástæðan til þess, að ég álít, að ekki eigi að breyta l. frá 1933 eins og stendur. Í öðru lagi er það rangt, að það sé sérstök ástæða til þess að hlaupa undir bagga með sjúkraskýlunum, þegar þorp eins og Húsavík, með um 1000 manns, hefur getað byggt þjúkrahús nægilega stórt fyrir þorpið og jafnvel getað liðsinnt utanhéraðsmönnum, og það hefur verið rekið svo, að það hefur hvorki verið of dýrt fyrir landið né héraðið. Aftur hefur komið fyrir á öðrum stöðum á landinu, að það hafa verið byggð of stór sjúkrahús, stærri en hægt hefur verið að starfrækja. Það hefur komið af því, að menn hafa verið of stórhuga eða á einhverju tímabili hafa verið þar læknar, sem hafa verið sóttir úr öðrum héruðum, og niðurstaðan hefur orðið sú, að þessi sjúkrahús standa auð eða hálfauð og eru að grotna niður vegna þess, að þau eru ekki notuð og eru til stórkostlegrar byrði fyrir sveitina og landið.

Aftur hefur landlæknir, í samráði við n., sem hefur starfað að þessum málum, lagt fram „plan“, sem búið er að ganga frá eftir því, sem

hægt var. Það er það, að sjúkraskýli séu miðuð við heimamenn, en svo séu byggðir fjórðungsspítalar, einn á Norðurlandi, annar á Austurlandi og hinn þriðji á Vesturlandi, og til þeirra sæki fólk, sem ekki fer til Rvíkur til sérstakra aðgerða. Ég vona, að hv. flm. taki það ekki nærri sér, þó að ég segi, að hann hafi ekki aðstöðu til þess að koma fram sem keppinautur heilbrigðisstj. í þessu máli; ég býst við, að hann tali hér sem heimilismaður frá Akureyri. Það er fullkominn misskilningur að samþ. þetta frv. eða ástæða sé til að byggja stærri sjúkrahús, en það er fullkomið rannsóknarefni, á hvern hátt skuli hlynna að þessum fjórðungspítölum. Við skulum t. d. athuga, hvort Austurlandi er ekki nauðsyn á að hafa verulega gott sjúkrahús, sem allir gætu leitað til. Ef nota á þessa óvenjulegu tíma, sem við lifum á, til þess að koma fram fljóthugsuðum kjarabótum, er það ekki nema misskilningur, og virðist frsm. þessa máls ganga alveg fram hjá þeim rökum, sem landlæknir hefur borið hér fram, án þess að koma með rök á móti, sem séu nokkurs virði.

Ég álít, að það eigi að svæfa þetta frv. hér í þessari d., ef það verður ekki hér, þá í Nd., ef það verður ekki, hlýtur samt að koma að því, að farin verði önnur leið í þessum málum.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég fylgi þessu máli í n. og tel það ekki ósanngjarnt og eðlilegt, að ríkið greiði hálfan stofnkostnað við byggingu sjúkrahúsa, því að reynslan hefur sýnt það, að sjúkrahúsin sækja utanhéraðsmenn nokkurn veginn í sama mæli og innanhéraðsmenn, og þess vegna er ekki nema eðlilegt, að ríkið taki að nokkru leyti þátt í byggingarkostnaðinum. Þetta er að öllu leyti eðlilegt. Það lá ekkert fyrir n. um það, hvað hefur verið hugsað í þessu máli um fjórðungssjúkrahús, sem hér hefur verið minnzt á undir þessum umr., en þó ég fylgi þessu frv., get ég ekki neitað því, að mér þótti, — þó að ég flytji ekki brtt. um það og muni ekki gera —, ákvæðin um rekstrarkostnaðinn ekki að öllu leyti eðlileg, og álít ég, að það hefði mátt koma þeim betur fyrir. Það, sem ég á við, er það, að það er gert ráð fyrir því, að sá styrkur, sem ríkið á að greiða, sé miðaður við ⅓ hluta daggjalda á hvern sjúkling, sem er utan héraðs og notar sjúkrahúsið, en á þessu er sá galli, sem ég álít, að megi ráða bót á, og vil benda frsm. á, að það er ekkert ákvæði í frv. um það, hve há daggjöldin skuli vera fyrir hvern sjúkling. Það hafa þau bæjarfélög, sem sjúkrahúsin eiga, alveg í hendi sér. Gerum ráð fyrir, að sjúkrahús væri rekið þannig, að daggjöld utanhéraðssjúklinga yrðu 100 þús. kr., — ég tek þá upphæð —, þá þarf, til þess að þetta sé réttlátt, rekstrarhalli bæjar- eða sveitarfélagsins að vera 100 þús. kr. líka, ef jafnmargir sjúklingar eru innanhéraðsmenn og utanhéraðs, því að ef það væri ekki, þá væri ekki í þessu nokkurt jafnrétti. Það er hægt að hugsa sér, að daggjöld yrðu svo há, að sjúkrahúsin yrðu rekin að öllu leyti með þessum ríkissjóðsstyrk og ríkið þyrfti að greiða með sínum sjúklingum án þess, að bæjarfélagið þyrfti nokkrar fórnir að færa í staðinn, og það er meira að segja hægt að hugsa sér, að þau yrðu rekin með hagnaði með styrknum, þó að það mætti gera ráð fyrir því, að meðlimir bæjarfélagsins vildu hafa daggjöldin sem lægst. Enn fremur er á það að líta, sem ég álít galla, þó að ég flytji ekki brtt. um það — muni ekki gera —, að þeir menn, sem sækja sjúkrahúsin utan héraðs, þurfa oft að taka á sig langa ferð, og þeir greiða sömu daggjöld og innanhéraðsmenn, vegna þess að ríkið greiðir sem styrk ⅓ daggjalda, en þeir menn eru miklu verr settir heldur en þeir, sem eru í sjálfu sveitarfélaginu, sem sjúkrahúsið rekur, og þurfa ekki annað en að fara þangað stutta leið í bíl, nokkur hundruð metra í hæsta lagi eða bara nokkra metra. Þannig verða þeir sjúklingar, sem búa utan héraðs, verr settir. Ef sjúkrahúsið er rekið án rekstrarhalla í sveitarfélaginu, sem sjúkrahúsið rekur, kemur þetta misrétti fram án þess, að meðlimir þess sveitarfélags hafi þurft nokkuð á sig að leggja.

Ég vildi benda á þetta og álít, að það mætti ráða bót á þessu ákvæði, en þó að mér þyki þetta gallar, hafa þeir ekki valdið því, að ég hafi ekki ákveðið að fylgja frv., en hins vegar væri æskilegt, að hv. flm. vildi taka þetta til athugunar, því að ég hygg, að það mætti koma þessu ákvæði eðlilega fyrir.

Haraldur Guðmundsson: Hv. þm. Str. hefur bent á margt af því, sem ég vildi benda á. Eins og ég sagði við fyrri umr. málsins, er ég því samþykkur, að í flestum tilfellum sé fullkomin ástæða til þess, að ríkissjóður leggi fram helming kostnaðar, þó að ég hins vegar álíti hæpið að binda það með l. Ég er alveg sammála því, sem kemur fram í bréfi landlæknis, að eðlilegt sé að gera þar nokkurn mun á. Að vísu virðist mér þessi lagasetning ekki vera sú trygging fyrir sveitar- og bæjarfélögin sem flm. ætlast til, vegna þess að allt er bundið þeim skorðum um fjárveitingar, að fé sé veitt í fjárl. til þess, og það mætti náttúrlega án nokkurra l., ef ákveðið væri að taka það inn í fjárl. og þingmeirihl. væri fyrir því. Ég held ekki, að það sé svo mikil vandkvæði í sambandi við 1. gr., að ekki sé gerlegt að samþykkja hana, og mun ég greiða henni atkv., enda þótt ég geri við hana þá aths., sem ég hef gert grein fyrir. Um 2. gr. — b-liðinn — vil ég segja það, að ég álít ákaflega varhugavert og óskynsamlegt að samþ. hann. Ég vil fyrst segja örfá orð í sambandi við það hlutfall, sem gert er ráð fyrir milli greiðslna ríkissjóðs og bæjarfélagsins. Það er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði ⅓ hluta daggjalda fyrir utanhéraðsmenn, en ég fæ ekki betur séð en að þetta hlutfall, ⅓, sé af handahófi, og það hefur ekkert komið fram, sem sýni, við hvað þetta hlutfall er tengt, og það er erfitt og ógerlegt að hindra það, að sum sjúkrahús hafi sín daggjöld þannig, að nærri láti, að þau beri sig með því að hafa daggjöldin 50% hærri fyrir utanhéraðsmenn en innanhéraðsmenn. Nú er það sennilega ekki meiningin, að sjúkrahúsin eigi að hafa hagnað af veru utanhéraðsmanna, heldur að þau eigi ekki að hafa kostnað af þeim. Ég vildi mega minna á, að það var svo fyrir stríð, að hjá flestum sjúkrahúsum voru þrenns konar daggjöld. Ákveðið fyrir innanhéraðsmenn og

svipað eða hærra fyrir aðra Íslendinga, en miklu hærra fyrir útlendinga og svo miklu hærra, að það var stundum hagur að því að taka útlendinga á sjúkrahús, sérstaklega á þeim stöðum, þar sem mikið var af erlendum skipum og útlendir sjómenn lágu oft. Nú geri ég ráð fyrir, að ekki sé meiningin, að sjúkrahúsin eigi að greiða fyrir útlendinga, og þar sem þeir eru utanhéraðsmenn, ætti ríkissjóður að greiða ⅛ kostnaðar fyrir þá. Ég geri ráð fyrir, að það sé nærri lagi að áætla, að undir venjulegum kringumstæðum geti halli af utanhéraðssjúkling orðið 50%, en með því að hafa daggjöldin óþarflega há, geta sjúkrahúsin hagnazt á greiðslum ríkissjóðs, og mun það ekki vera ætlun flm. Ég held, að það sé ekki önnur leið heppilegri til þess að jafna þessu milli sjúkrahúsanna heldur en sú, sem landlæknir bendir á, að það sé heilbrigðisstj., sem úthluti því fé, sem veitt er á hverju ári, því að það liggur í augum uppi, að það fer eftir því, hve daggjöld sjúklinga eru mikil, hve miklu þarf að bæta við fyrir utanhéraðsmenn.

Þetta er 3. umr. málsins, og ég get ekki farið fram á, að henni verði frestað, en ber fram brtt. um, að b-liður verði felldur niður. Ef þessi breyt. verður gerð á frv., mun ég, þó að ég sé ekki ánægður með það, geta greitt því atkv. mitt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 432) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Ég get ekki neitað því, að mér finnst allshn. ekki hafa tekið nógu föstum tökum á þessu máli. Það er enginn vafi á því, að í þessu frv. eru atriði, sem eru varhugaverð. Ég get sagt það, að um a-liðinn er ég alveg sammála því, að slegið sé föstu því gjaldi eða þeim styrk, sem ríkið borgar fyrir að koma upp sjúkrahúsum, þó að ég sé ekki alveg viss um, að rétt sé að láta hið sama ganga yfir alla. Ég veit t. d., þegar um er að ræða hafnargerðir eða lendingarbætur, hefur ekki þótt ástæða til þess að láta sömu reglur gilda. Mér finnst líka, að þar sem l. frá 1933 taka upp alls konar sjúkrahús og hæli og hressingarheimili, geti verið ólíku saman að jafna. T. d., hvort í Rvík væri reist geysistórt og fullkomið sjúkrahús með alls konar nýtízku úthúnaði, sem hefði á að skipa alls konar liði, eða hvort komið er upp sjúkraskýli með 3—4 sjúkrarúmum til að geta veitt aðhlynningu sjúklingum, sem þar kunna að koma. Það er dálítið einstrengingsleg regla, að alltaf taki ríkissjóður þennan sama þátt.

Það er dálítið til í því hjá landlækni, að í fjárl. verða að vera þeim mun færri byggingar, sem slegið er föstum hækkuðum styrk til hverrar um sig.

Um b-liðinn verð ég að segja, að hann þyrfti n. að taka fastari tökum. Það er rétt, að landlæknir féllst á, að slíkar greiðslur fari fram, en það er ekki hægt að neita því, að um ýmsa annmarka, sem hann telur á þessu, er réttilega að fundið. Það er mjög hæpið að miða ríkissjóðsframlagið við daggjaldið eitt og leggja það atriði óskorað á vald þess bæjar- eða sveitarfélags, sem hefur komið upp sjúkrahúsinu. Það stappar nærri, að óhæft sé að samþ. það. Ég sé ekki, hvað getur komið í veg fyrir, að sveitarfél. reki sjúkrahús með svo og svo háum gjöldum og létti svo sínu fólki greiðslu þeirra. Það yrði léttir fyrir bæjar- eða sveitarfél. að hafa heldur tekjur en gjöld af rekstri sjúkrahússins. Það ætti heimtingu á ⅛ af daggjöldunum úr ríkissjóði, og ég sé ekki, að ríkisstj. sé gefið neitt tækifæri til að hafa eftirlit. Hann fær bara endurskoðaða skýrslu um legudaga. Þetta hlyti að vera hægt að koma í veg fyrir með ákvæði í sjálfu frv., og það hef ég óskað, að hv. n. í samvinnu við flm. og landlækni leitist við að finna ráð við. Það verða nóg göt á l., þó að reynt sé að bæta þau götin, sem maður sér fyrir. T. d. það, sem landlæknir bendir á og ekki er hindrað með neinu ákvæði í frv., að bæjarfélögin sendi hvert öðru sjúklinga, Rvík fengi stórfé með Hafnarfjarðarsjúklingum og öfugt. Að hægt skuli vera að reka slíka verzlun, er ófær galli á frv.

Ég hef ekki treyst mér til að vera að káfa við frv., enda er það n. verk. Að gera slíkan holskurð, eins og að fella c-lið alveg niður, er mjög slæmt, því að það verður að viðurkenna þá hugsun í b-lið, ef hérað hefur lagt í ærinn kostnað við að reisa og reka sjúkrahús með allmiklum halla, þá er hart, að þau héruð, sem ekki vilja leggja það sama á sig, geti sent sína sjúklinga þangað og eiginlega haft fé út úr því. Ef n. telur sig ekki hafa tíma til að gera þessar umbætur, væri þó skömminni skárra, ef hún hefði bætt því í frv., að um þessi ákveðnu atriði skyldi setja reglugerð, en hvorki í frv. né í l. er nein heimild til þess.

Ég vil í allri vinsemd skjóta því til n. að taka málið til nánari athugunar, og ég vil taka undir ósk hv. þm. Barð., að umr. verði frestað. Ég er eindregið meðmæltur aðalatriðum frv. og vil því ekki að svo komnu segja, hvaða afstöðu ég mundi taka við atkvgr., ef frv. kæmi til atkvgr. strax.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Það hafa ýmsar aths. komið fram hjá hv. ræðumönnum, og ýmsir byggja á röksemdum landlæknis í bréfi hans. Eins og hv. þm. Barð. tók fram áðan, er ágreiningur milli mín og landlæknis um það, hvort eigi að samþ. frv. eða fella, en hitt er líka rétt, að hann byggist ekki á efni frv., landlæknir fellst á efnishlið þess, heldur er hann aðeins um það, hvort á að setja um það fastar reglur í sjálfri löggjöfinni, í hvaða hlutfalli ríkið taki þátt í byggingakostnaði sjúkrahúsa og rekstrarhalla þeirra vegna dvalar utanhéraðssjúklinga eða hvort yfirstjórn heilbrigðismálanna, þ. e. landlæknir, skuli hafa það á sínu valdi.

Hv. þm. Barð. tók upp þá röksemd landlæknis, að erfitt væri að finna algilda reglu um úthlutun á þessu fé. Þetta er ein af aðalröksemdum landlæknis gegn frv., og ég held, að hún sé fram komin fyrst og fremst til réttlætingar þeirri ósk hans að hafa þetta sem mest sjálfur á valdi sínu.

Ég vil annars leggja áherzlu á það aftur, hve nauðsynlegt er, að Alþ. afsali sér ekki réttinum til að ráðstafa slíkum fjárveitingum, svo að þær séu ekki komnar undir geðþótta einstakra manna.

Hv. þm. S.-Þ. talaði gegn frv., og aðalrök hans voru þau sömu og við 2. umr., að ekki væri þörf á að ýta undir stækkun sjúkraskýla. Það má vera, að það megi finna dæmi þess á fámennum stöðum, að sjúkraskýlin séu stærri en reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt væri, en almenna reglan er sú, að vöntun sé á sjúkrahúsrýmí, og því er aðkallandi að reyna að bæta úr þeirri vöntun, helzt með því, að ríkissjóður leggi fram meira fé en hann hefur gert til þessa.

Sami ræðumaður sagði, að ekki væri rétt að gera slíka skipulagsbreyt. á tímum eins og nú væru, þó að þær breyt. væru ekki fráleitar. Mér finnst hann þarna hafa viðurkennt, að ákvæði frv. séu ekki fráleit.

Ýmsir ræðumenn hafa lagt áherzlu á, að það væri galli á b-lið frvgr., að sá styrkur, sem þar er kveðið á um til rekstrar sjúkrahúsa, sé aðeins miðaður við upphæð daggjalda án frekari skorða. Það má vera, að í þessu kunni að felast hætta, en reynslan sýnir samt, að yfirleitt er halli á rekstri sjúkrahúsa. Ég lít svo á, að það geti naumast verið tilhneiging hjá bæjar- og sveitarstj. til að setja daggjöldin, sem fyrst og fremst gilda fyrir meðlimi þess bæjar- eða sveitarfél., svo hátt, að af rekstri sjúkrahúsanna yrði gróði, og í frv. er það einnig bundið, að ekki sé hægt að beita þessu gagnvart utanhéraðssjúklingum, en áður var heimild í l. til að hafa þeirra gjöld hærri. Engu að síður get ég fallizt á, úr því að fram hafa komið svo ákveðnar raddir um þetta atriði, að bætt verði í frv. ákvæði um, að sjúkrahús geti því aðeins gert kröfu til framlags, að heilbrigðisstj. samþ. daggjöldin. Ef brtt. kemur fram um það, get ég fallizt á hana til þess að byggja fyrir tortryggni í garð bæjarfélaga um, að þau mundu misnota þetta ákvæði.

Þá kemur og fram í bréfi landlæknis, og reyndar líka í ræðu hv. 1. þm. Reykv., ótti við, að bæjarfélögin mundu líka á annan hátt reyna að misnota ákvæði frv., nefnilega hvað það snertir að senda sjúklinga á milli héraða, til þess að fá sem mest úr ríkissjóði. Ég tek þetta ekki svo alvarlega og finnst það vera sett fram meira sem tylliástæða til að verða frv. að falli en sem raunveruleg röksemd, enda virðist sú skoðun ekki reist á fastari fótum en að slíkur möguleiki sé aðeins til á pappírnum. Mér datt þessi möguleiki ekki í hug. En þó að það kynni að vera svo mikið einstaklingsframtak hjá einhverri bæjarstj., mundi þetta stranda á sjúklingunum sjálfum. Ég held, að þeim væri ekki keppikefli að fara burt af heimilum sínum, nema þeir mættu til, eða af sjúkrahúsi í sinni heimilissveit eða heimilisbæ.

Hv. 3. landsk. þm. talaði um, að sér fyndist hlutfallið í b-lið, að ríkissjóður greiði ⅓ daggjalds, tekið af handahófi. Það er rétt. Það er ekki hægt annað en gera það, því að fyrir þessu er engin reynsla, og engin reynsla fæst fyrr en búið er að setja ákvæði og fara eftir þeim. Ef fengin væri reikningsleg niðurstaða um, að þetta hlutfall væri rangt, mundi þurfa að breyta því. En ég setti þetta eins og ég áleit, að færi næst, og það hafa ekki komið fram í umr. uppástungur um annað og betra hlutfall.

Það má vera, að komið hafi fram fleiri mótbárur í ræðu þessa hv. þm., sem hér hafa talað, en ég held yfirleitt, að þau rök, sem fram hafa komið, séu svo veigalítil, að ekki sé ástæða til að fella frv. þeirra vegna. Veigamestu rökin voru um daggjöldin, að hafa hemil á þeim, ef viðkomandi bæjar- eða sveitarfélög skyldu freistast til þess að setja þau svo há, að hægt væri að ætla, að þau væru notuð sem féþúfa. Ég get þess vegna fallizt á, að heilbrigðisstj. ákveði þau. En þá held ég líka, að útilokuð sé sú hætta, að þau verði sett hátt til þess að græða á ríkissjóði.

Brynjólfur Bjarnason: Þar sem hv. frsm. n. er ekki við, hefur það fallið í minn hlut að tala fyrir hans hönd. Það hefur komið fram í hv. d. nokkur gagnrýni á allshn., einkum vegna þess, hve fyrsta nál. var stutt. En það er misskilningur, ef dregin er af því sú ályktun, að n. hafi ekki tekið frv. til rækilegrar íhugunar. Hún gerði það. Hún lagði að vísu ekki fram nein rök, en allar hliðar málsins voru ræddar ýtarlega. Ef birt væru þau rök, sem lágu til grundvallar nál., mundu þau sanna, að n. tók málið föstum tökum. Þau sjónarmið, sem koma fram í bréfi landlæknis, voru rædd, en n. komst að þeirri niðurstöðu, að hún gæti ekki fallizt á þau. N. er þeirrar skoðunar, að hér sé um nauðsynlegar endurbætur að ræða og sjúkrahús sé of lítið studd, og fyrir þá sök verða bæði sjúkrahúsvist og sjúkratryggingar mjög dýrar. Þess vegna hefur n. talið nauðsynlegt, að ríkið auki styrk sinn til sjúkrahúsanna.

Sumir hv. þm. hafa lýst sig fylgjandi tilgangi frv., en fært þó fram rök svipuð þeim, er koma fram í bréfi landlæknis, — fyrst við a-lið, að hann sé alveg gagnslaus. Þetta nær engri átt. Það getur ekki verið gagnslaust að ákveða, að ríkissjóður skuli leggja fram helming stofnkostnaðar sjúkrahúsa, sem bæjar- eða sveitarfélög reisa. Það verður vitaskuld að leggja styrkina fram í fjárl., en það getur ekki verið sama, hvort byggingaraðili fær þriðjung eða helming stofnkostnaðar greiddan. Helmingur er meira og gerir kleift að hafa sjúkrahúsvistina ódýrari. Auk þess hlýtur það að ýta undir, að meira fé sé veitt í fjárl. til sjúkrahúsbygginga, því að þegar fjárl. eru ákveðin, þá liggja fyrir beiðnir um ákveðin framlög til sjúkrahúsa.

Þá hafa sumir talað um það, að í ráði væri nokkur skipulagsbreyting að því er snertir byggingu sjúkrahúsa, að hafa t. d. eitt stórt sjúkrahús í hverjum landsfjórðungi, er tæki aðallega við sjúklingum úr þeim fjórðungi og væri fullkomið. Slíkt mundi einmitt falla inn í ramma þessara laga.

Þá er hitt atriðið, í b-lið 1. gr., sem hefur sætt öllu meiri gagnrýni. Það hafa þó ekki verið færð nein rök gegn því, að það væri réttlátt, að sjúkrahús væru styrkt í hlutfalli við það, hve marga utanhéraðsmenn þau hýsa. En eitt er það, sem kemur fram í bréfi landlæknis og hann telur annmarka á frv. Ég ætla ekki að fara ýtarlega út í það, enda enginn þm. tekið það upp nema hv. 1. þm. Reykv. Þessi rök eru firra og svo langt sótt, að furðu gegnir, að slíkt skuli koma fram hjá landlækni. Það þarf mikið ímyndunarafl til að hugsa sér, að farið yrði að nota

sjúklinga í gróðabrallsskyni og flytja þá á milli með það fyrir augum að græða á þeim. Það myndi stranda á sjúklingunum og það mundi stranda á læknunum. Ég hef ekki orðið var við annað sjónarmið hjá læknunum en það, hvar þeir gætu komið sjúklingunum fyrir og hvar væri sæmilegur samastaður. Ef einhverjum dettur í hug, að sjúklingar yrðu fluttir í gróðabrallsskyni, þykir mér það sýna lítið traust á læknastéttinni. Maður getur ekki varizt þeirri hugsun, að slík rök séu borin fram aðeins til þess að finna eitthvað frv. til foráttu. Slíkt gerir mann tortrygginn á önnur rök, sem koma úr sömu áttum.

Hins vegar er það rétt, að það er ófært, að sjúkrahúsin ráði sjálf, hversu há daggjöld þeirra skuli vera, því að vitaskuld er til þess ætlazt, að opinber styrkur yrði til þess að lækka þau, en ekki hækka. Þetta var rætt í n., og kom til orða að bæta inn í ákvæði um, að staðfesta þyrfti af ráðherra upphæð daggjalda, en komizt að þeirri niðurstöðu, að heilbrigðisstj. hefði þetta mál hvort sem er í hendi sér og því væri ekki nauðsynlegt að taka það fram í l.

En þar sem komið hefur fram svo mikil gagnrýni einmitt út af þessu atriði, og það hefur mest til síns máls, hefur n. komið sér saman um brtt. þess efnis, að við síðustu mgr. b-liðar 1. gr. bætist: enda hafi heilbrigðisstjórnin staðfest upphæð daggjaldanna.

Einn hv. þm. (eða fleiri) hefur óskað þess, að málið væri tekið út af dagskrá og umr. frestað, þar til n. hefði tekið það til nýrrar athugunar. Ég hygg, að það hafi enga þýðingu. Ég hef talað við meðnm. mína, og við höfum komizt að þeirri niðurstöðu, að þessi krafa sé ekki á rökum reist. Hins vegar er n. sammála um brtt. Ég hygg, ef n. tæki málið fyrir aftur, mundi hún ekki skila því öðurvísi. En ef hv. þm. hafa trú á því, að n. komist að annarri niðurstöðu, og eru ekki reiðubúnir að greiða atkv. nú, þá má vitaskuld athuga það, ef þessir hv. þm. halda fast við þá kröfu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 431) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Forseti. — Það hefur ýmislegt upplýstst við þessa umræðu, og get ég ekki verið sammála hv. frsm. allshn., að gagnrýni sú, sem hún hefur orðið fyrir, hafi verið að ósekju. Það hefur komið fram í því, sem sagt hefur verið, að hún hefur alls ekki hugsað málið. Og svo komst hún að þeirri niðurstöðu, að hún yrði að koma með brtt. til að bjarga því. Þetta finnst mér nóg til þess, að allshn. hefði óskað, að málið yrði tekið út af dagskrá, svo að hún gæti athugað það nánar.

Hv. deild virðist vera sammála um, að í frv. sé ýmislegt, sem er gott, en á því séu agnúar, sem þurfi að laga, og að ekki sé hægt að samþ. það eins og það er. Ég held, að allir geti verið sammála um, ef b-liður er felldur, þá sé a-liður ekki þess virði, að nokkra þýðingu hafi að samþ. hann einan. Breyt., sem hann veldur, er lítil, aðeins sú, að framlag sé helmingur í stað þriðjungs af stofnkostnaði, án þess þó, að viðurkennt sé af heilbrigðisstj. og landlækni, að eðlilegt sé að gera það á öllum stöðum.

Út af því, sem hér hefur verið sagt, að ákvæðið í b-lið mundi ekki verða notað til að senda sjúklinga á milli héraða, þá sé ég ekki ástæðu til að ræða mikið um það, en ég vil benda á, að við þurfum ekki að fara langt aftur í tímann til að sjá, hvernig ýmsar sveitarstj. notuðu sér breyt. á sveitfestul. fyrir nokkrum árum. Margar eyddu talsverðu fé til að koma sveitarómögum á Rvíkurbæ og kosta þá, þar til þeir voru orðnir sveitfastir þar. (**BSt:** Eru til sannanir fyrir þessu?). Blessaður, svo þúsundum saman. Og ég er hræddur um, að það væri ekki heldur spurt um samþykki aðila í þessu tilfelli.

Viðvíkjandi ræðu hv. 4. landsk., vil ég benda á, að ég held það sé misskilningur, að ekki sé stórágreiningur milli landlæknis og allshn., — stórágreiningur bæði um efni og framkvæmdir. Ég sé ekki, að það sé sæmandi fyrir hv. þd. á þessu stigi málsins að ganga á móti till. landlæknis, ekki sízt, þegar málið er þá ekki svo aðkallandi, að ekki megi gefa sér tíma til að koma því í það horf, að það skapist samúð með því, að menn finni, að hér er um réttlætismál að ræða, og því skipað svo vel sem hægt er. En það er alveg fjarstæða, að landlæknir sé að setja fótinn fyrir frv. af því verið sé að draga valdið úr hans höndum. En ég veit annars ekki, hver ætti fremur en hann að hafa yfirumsjón með þessum málum. Ég ímynda mér, að hvorki útgerðarmaður né verkamenn hafi meira vit á þeim en sá, sem hefur þjálfazt í þeim og lært til þeirra og helgar þeim alla krafta sína. Ef á að ganga fram hjá slíkum mönnum, þá veit ég ekki, hvers vegna ríkið er að hafa þá menn í þjónustu sinni.

Þá hefur verið bent á það af hv. 3. landsk., að það sé ekkert vit í, að ríkissjóður taki þátt í greiðslu daggjalda fyrir útlendinga. Þetta er eitt af því, sem sýnir, að allshn. hefur ekki hugsað málið. Þegar henni var falið málið, var hún beðin að athuga allar hliðar þess, en það hefur hún ekki gert.

Hv. 4. landsk. sagði, að ekki hefðu verið færð svo veigamikil rök gegn frv., að ástæða væri til að fella það. Ég hef ekki talað um að fella það, en það er full ástæða til að fresta atkvgr. um það og athuga það betur. Mér þykir merkilegt, ef frv., sem hefur verið tekið með jafnmiklum velvilja og hér er um að ræða, á að falla, ef því er ekki tekið sem vera ber, að færa það í það horf, að það geti orðið að sem mestu gagni.

Ég get ekki lýst fylgi mínu við frv. eins og það er nú. B-lið get ég ekki samþ. eins og hann hefur komið fram frá n.

Magnús Jónsson: Ég hafði skrifað niður nokkur atriði af því, sem flm. frv. færði fram sem rök um það, en þau eru nú úr sögunni með þeirri brtt., sem komin er fram, og tel ég það mikinn kost við þessa umr., að sú brtt. er fram komin. Mér sýnist hún bæta úr meginótta mínum við, að þetta frv. geti leitt til misnotkunar, og verður að treysta því, að heilbrigðisstjórn hvers tíma verði svo sanngjörn, að hún stilli daggjöldum í hóf. En það virtist mér áður vera á valdi þeirra, sem sjúkrahúsin kynnu að reka. Ég

vil því samþ. brtt. og tel hana verulega til bóta.

Mér skildist á hv. flm., að ágreiningurinn væri eiginlega um, hvort úrskurða skyldi í l. eða hvort ákveða skyldi á hverjum tíma af fjárveitingarvaldinu, hvernig varið skyldi fjárveitingum til sjúkrahúsa úr ríkissjóði. Mér skilst, að um a-lið gildi ákveðin lagafyrirmæli, en b-liður verði að greiðast úr ríkissjóði á hverjum tíma. Fjárveitingarvaldið getur ekki gert annað en greitt styrkinn samkv. b-lið, hversu mikill sem hann verður. Það ber því að vanda nokkuð til þess, að daggjöldin séu hæfileg. Það er rétt, sem hv. 4. landsk. sagði, að það yrði í þágu bæjarfélaganna að ákveða daggjöldin sem lægst, án þess að sjúkrahúsin séu rekin með tapi. En það er ómögulegt að neita, að með þessu frv., ef að l. yrði, kemur upp nýtt atriði. Hér er ekki um smáatriði að ræða, ef sjúkrahúss-rekstur nemur mörgum tugum þúsunda á ári. Þetta var önnur mótbára landlæknis.

Svo er hitt atriðið, að hægt sé að misnota heimild l. til að senda sjúklinga í sjúkrahús annars umdæmis en þeir heyra undir. Þetta á í raun-inni ekki að geta átt sér stað. Hv. flm. gat þess, að sjúklingar mundu helzt vilja dvelja á sjúkrahúsum nálægt heimili sínu. Þetta mun vera rétt, en nú er svo víða, að sjúkrahús sjúklings í umdæmi hans getur verið lengra frá heimili hans heldur en sjúkrahús í öðru umdæmi. Segjum t. d. að Eyjafjörður og Akureyri eigi að vera um eitt sjúkrahús og Húsavík og Þingeyjarsýsla um annað. Í því tilfelli myndi sjúklingur úr Bárðardal vera jafnmikið að heiman á Húsavík og á Akureyri. Í l. er og til undanþága í svipuðu tilfelli og því, er ég nú tók sem dæmi. Ég tel, að slíkt sem þetta mætti lagfæra mikið með því að setja um það reglugerð. Ég er hér með brtt., sem ég vildi bera fram, og er hún skrifleg. Hún er við 1. gr. frv. og er þannig, að við 1. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

„Setja má með reglugerð ákvæði til þess að koma í veg fyrir misnotkun þess, að ríkissjóður greiði meðlag með utanhéraðssjúklingum samkv. 1. mgr. b-liðar."

Ég tel þessa brtt. til bóta og alls ekki skemma frv., en ég er fylgjandi frv. og vildi því stuðla að því, að það yrði sem bezt úr garði gert.

Ég vil svo bera fram þessa skrifl. brtt. mína og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. við 1. gr. frv., og er hún á þessa leið: [Sjá þskj. 433].

Fyrir þessari brtt. þarf afbrigði, og skal ég nú leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég skal ekki vera langorður um þetta frv., en vil aðeins benda á það, að mér virðist frv. nú, eftir að n. hefur gert á því þessar breyt., vera þannig, að það megi heita óvenjulegt, ef hv. d. getur ekki fallizt á það. Ég sé enn fremur ekkert að athuga við brtt. hv. 1. þm. Reykv. Hún er alveg meinlaus, því að sú hætta, sem hv. þm. hyggst að fyrirbyggja með henni, mun eigi vera til staðar.

Þeir, sem senda sjúklinga í annað umdæmi, t. d. ef sjúklingur úr Hafnarfirði færi til Rvíkur, þá mundi Rvík ekki tapa á því, en Hafnarfjörður gæti grætt á því, vegna þess að hans sjúkrahúsrekstur hefur dregizt saman.

Ríkið rekur landsspítalann að öllu leyti og lagði fram allan stofnkostnað, og mun ekki vera reiknað með vöxtum af þeirri upphæð. Áætlaður kostnaður, þ. e. rekstrarhalli, þessa árs mun vera um 373 þús. kr. Samkv. fjárlögum munu legudagar áætlaðir 51 þúsund. Ef deilt er með legudagafjöldanum í kostaðinn, þá mun það vera um kr. 7,30, sem ríkið greiðir á dag með sjúklingi, á móti 12—15 kr. daggjöldum sjúklinganna sjálfra. Þar er því fyllilega um að ræða ⅓ af kostnaði, sem ríkið greiðir sjálft. Ég sé því ekki, að þetta frv. íþyngi ríkissjóði hið minnsta, þó að það yrði að l., og mér virðist hér vera um sanngjarnt mál að ræða, þegar miðað er við rekstur landsspítalans.

Alltaf er svo, að betur sjá augu en auga, og þessar brtt., sem hér hafa komið fram, munu fremur vera til bóta, og í fleiri málum en svo, að við umr. og nána athugun liggur allt ljósar fyrir og skýrist, svo að lagfæringar geta orðið nauðsynlegar.

Forseti (ÞÞ): Borizt hefur brtt. frá hv. þm. Barð. svo hljóðandi: [Sjá þskj. 430].

Brtt. er skrifl. og of seint fram borin. Verður því að veita afbrigði, til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég gat ekki annað en verið undrandi á þeim umr., sem hér hafa farið fram, því að hér hafa margir hv. þm. ráðizt á allshn. fyrir afgreiðslu hennar á málinu. Ég þarf varla að endurtaka það, að málið var athugað af n. vel og rækilega. — Það var sent til umsagnar landlæknis, einum hv. nm. var falið að afla sér upplýsinga um það utan funda, og síðan athugaði n. niðurstöður hans og að lokum hefur hún samkv. beiðni gefið út framhaldsnál. með bréfi frá landlækni. Á þessu sést, að málið var athugað gaumgæfilega, og því vísa ég öllum ásökunum á allshn. aftur heim til föðurhúsanna.

Hitt er annað mál, að menn geta verið ósammála um efni frv. í heild, en það er ósanngjarnt að segja, að n. hafi athugað frv. illa. En annað er það, að eins og hv. þm. Str. tók fram, þá sjá oft betur augu en auga, og rétt er að slá varnagla við ýmsu, sem mönnum þykir aflaga fara. Ýmsar þessar brtt. hér eru að mínum dómi óþarfar, en ég mun þó greiða sumum þeirra atkv. mitt.

Ég vil láta í ljós undrun mína á þeirri skoðun, sem fram hefur komið, að n. megi ekki hafa þessa skoðun á frv., úr því að landlæknir hefur aðra skoðun. Það eru oft einkenni opinberra skrifstofubákna, að þau þurfi að hafa á móti

ýmsum nýjungum, af því að þær séu ekki frá þeim sjálfum runnar. Ég tel ekkert skjal fremur sanna, að þetta sé á rökum reist, heldur en bréf landlæknis um þetta mál og þá sérstaklega niðurlag næstsíðustu málsgr. Þar er um heilaspuna og fjarstæðu að ræða, og af hlífð við landlækni var rétt af allshn. að prenta þetta bréf ekki fyrr en í fulla hnefana.

Eins og hæstv. forseti þessarar hv. d. sagði í ræðu sinni í dag, þá viðurkennir landlæknir, að efni frv. sé sanngjarnt, enda þótt hann vilji ekki, að það verði að l. Þegar slík viðurkenning er fyrir hendi sem þessi, er sýnir, að niðurstaða landlæknis er algerlega röng, þá á Alþ. að hafa þrek til að breyta gegn því, sem embættismaðurinn leggur til, sá er forsendurnar telur réttar en af annarlegri ástæðu leggur gegn því, að rétta afleiðingar séu af henni dregnar. Ef Alþingi skortir þetta þrek, þá gætu embættismenn alveg eins stjórnað landinu, en það hefur ekki verið talið heppilegt.

Ég mæli því eindregið með þessu frv., en viðvíkjandi brtt. allsherjarnefndar og hv. 1. þm. Reykv. tel ég rétt að samþ. þær, en áður væri heppilegra, að allshn. fengi tíma til að athuga þær, en það yrði aðeins með því móti, að umr. yrði frestað og málið tekið út af dagskrá.

Steingrímur Aðalsteinsson: Ég vil aðeins endurtaka það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að réttara muni, að hv. allshn. fái þessar brtt., sem hér liggja fyrir, til athugunar og samræmingar, þannig að þær falli betur inn í frv. en þær munu e. t. v. gera, ef þær yrðu samþ. núna. Ég vil því leyfa mér að fara fram á, að umr. verði frestað og málið tekið út af dagskrá.

Gísli Jónsson: Þetta skal aðeins vera stutt aths. — Ég vil mótmæla því, sem fram kom í ræðu hv. 6. þm. Reykv., að við, nokkrir þm., hefðum gert harðar árásir á allshn. Ummæli okkar gáfu eigi tilefni til að segja slíkt. Þar að auki hefur hv. n. sjálf flutt brtt., og er ég eigi að ásaka hana fyrir það, en ég furða mig á því, að hv. n. skuli ganga alveg fram hjá því, sem landlæknir leggur til, því að hann hefur meira vit á þessum málum en leikmenn yfirleitt. Það er og rangt, eins og hv. 6. þm. Reykv. hélt fram, að landlæknir færi ekki rök fyrir sínu máli, og mig grunar, að eitthvað annað liggi að baki því, að allshn. lét ekki prenta bréfið fyrr en hún var beðin þess.

Ég vil benda á, að brtt. sú, sem ég hef flutt, á mikinn rétt á sér, en hún er um, að sjúkraskýli og læknisbústaðir njóti þeirra réttinda, sem frv. fer fram á. Ég tel heppilegt, að hv. allshn. athugi þessar brtt., áður en málið verður afgreitt héðan úr hv. deild.

Magnús Jónsson: Ég er samþykkur því, að brtt. fari til n. til athugunar, og vona, að frv. verði á endanum afgr. í því formi, sem ég hef ávallt óskað, og allir megi vel við una.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Ed., 17. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 82, 413, frhnál. 418, 430, 431. 432, 433, 434).

Bjarni Benediktsson: Eins og um var talað hér í gær, þá tók allshn. þetta mál til endurnýjaðrar athugunar á fundi, sem haldinn var eftir síðasta fund í d., og voru þá sérstaklega athugaðar þær brtt., sem fram höfðu komið við frv.

N. leggur á móti brtt. 432 um, að b-liður 1. gr. frv. falli niður. N. telur, að l. muni að verulegu leyti missa marks, ef þessi brtt. yrði samþ., enda sé í b-liðnum farið fram á sanngjörn fyrirmæli, sem að vísu má segja um, að koma verði í veg fyrir, að sé misbeitt, en séu þó sem sagt samkv. eðli málsins sanngjörn og eðlileg.

Þá er brtt. á þskj. 433, frá hv. 1. þm. Reykv., sem n. hefur að efni til tekið upp í brtt. sína á þskj. 434 og þar með að efni til einnig tekið upp brtt., sem n. bar fram á þskj. 431. (**MJ:** Brtt. mín er tekin aftur). Sama er þá að segja um brtt. á þskj. 431, að n. tekur hana aftur. Þessar tvær brtt. eru að efni til sameinaðar með brtt. á þskj. 434, og sýnist okkur öllum, að með henni væri girt fyrir þann ótta um misbeitingu, sem virtist koma fram í umr. í gær.

Þá er brtt. frá hv. þm. Barð. á þskj. 430, við a-lið. N. lætur afskiptalaust, hvort hún er samþ. eða ekki, en ég vil vekja athygli á því, að sú brtt. virðist eftir ótvíræðum ákvæðum l. hafa í för með sér efnisbreyt., því að það er nokkuð annað, hvort rétt þykir að styrkja sjúkrahús ríflega með fastákveðnu framlagi eða hvort á að styrkja læknisbústaði jafnríflega. Þar er tvennu ólíku saman að jafna, og þó að n. sem slík tæki ekki afstöðu til þessarar till., þá hygg ég, að meiri hl. álíti ekki rétt að jafna þessu tvennu saman og því eðlilegt, að um það gildi ólíkar reglur.

Ég verð að segja, að fá mál hafi fengið ýtarlegri og endurteknari athugun í d. heldur en einmitt þetta mál, og það liggur í raun og veru alveg skýrt fyrir og hefur frá upphafi legið skýrt fyrir, hvort menn vilja hækka ríkisframlagið vegna stofnkostnaðar sjúkrahúsa og hvort menn vilja láta ríkið greiða þann hluta rekstrarkostnaðrar, sem leiðir af utanhéraðssjúklingunum. N. hefur frá upphafi sýnzt eðlilegt, að um þetta giltu fastar reglur í l., og ég vil endurtaka það, að þótt n. féllist á þessa reglu í upphafi, þá var það ekki af athugaleysi, heldur af því, að hún taldi það sanngjarnt, enda þótt landlæknir teldi það ekki sanngjarnt. Auk annarra raka, sem fram hafa komið, vil ég benda á það, að landlæknir gerir ákaflega mikið úr því, að heilbrigðisstj. eigi að hafa frjálsar hendur. Hann vill hafa frjálst mat á þessu, svo að allt sé í réttaróvissu og glundroða og allir eigi undir högg að sækja hjá hans embætti. Ég tel réttara, að um þetta gildi fastar reglur, þannig að þeir, sem hlut eiga að máli, viti, á hverju þeir mega eiga von. N. hefur eftir sem áður ekki linazt við þessa síðustu athugun á frv. í því að mæla eindregið með, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem hún hefur borið fram.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er búið að ræða svo mikið um þetta mál, að ég skal ekki bæta miklu þar við, en vil lýsa afstöðu minni til brtt. hv. þm. Barð., að mér finnist hún í alla staða sanngjörn og mæli með, að hún verði samþ. Ég á erfitt með að skilja styrkþágumuninn á spítöl-

um og sjúkraskýlum. Þau eiga jafnvel stundum erfiðara og þurfa frekar styrks við en spítalarnir sjálfir. En ég get ekki orða bundizt um það, að þegar búið er að lögbjóða, að ríkið skuli greiða helming byggingarkostnaðar sjúkrahúsa, þá geri ég ráð fyrir, að þau sjúkrahús og sjúkraskýli, sem hafa verið reist með ærnum kostnaði, muni nú strax, þegar frv. hefur verið samþ., koma á eftir og vilja njóta sama réttar, ef þau eru vel nothæf og rekin sæmilega. Við höfum rekið okkur á þetta með héraðsskólana, að um leið og þeir, sem verið er að reisa, höfðu verið teknir á styrk, komu þeir eldri og vildu fá jafnháan styrk.

Ég tek þetta aðeins fram til athugunar fyrir d., að ég geri ráð fyrir, að þetta dragi nokkurn dilk á eftir sér.

ATKVGR.

Brtt. 431 og 433 teknar aftur.
— 430 felld með 9:5 atkv.
— 432 felld með 9:5 atkv.
— 413 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 434 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 61. fundi í Nd., 18. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 440).

Á 62. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 23. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 440, n. 612).

Frsm. (Áki Jakobsson): Frv. það, sem fyrir liggur, tók mörgum breyt. í meðferð Ed., og við gátum ekki séð ástæðu til að flytja frekari brtt. Við höfum rætt um málið við Vilmund Jónsson landlækni. Hann gerði að vísu talsverðar aths., en meiri hl. taldi þær þó ekki það mikilvægar, að ástæða væri til þess að gera breyt. þeirra vegna, en taldi rétt að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt. N. er sammála um, að frv. horfi til mikilla bóta. Felur það í sér tvær höfuðbreyt. frá því, sem nú er, gefur ákveðnar reglur um það, hvernig bæjar- og sveitarfélög geti reiknað með styrk úr ríkissjóði til sjúkrahúsa, sem sé helmingi. Í öðru lagi, að ríkissjóður taki þátt með ákveðnum greiðslum í þeim kostnaði, sem hvert sjúkrahús hefur af því að hafa sjúklinga utan héraðs. Flest sjúkrahús eru rekin með meiri og minni halla, og er þess vegna talið óeðlilegt, að þau borgi fyrir sjúklinga úr öðrum héruðum og bæjum. Og væri þess vegna rétt, að ríkið borgaði það, sem þar vantaði upp á, eftir ákveðnum reglum, sem teknar yrðu fram nánar í reglugerð.

Það er að vísu búið að ganga inn á þessa tilhögun þessara mála að nokkru leyti í núgildandi fjárl. Þar er komið á þeirri reglu, að ríkið borgi vegna legu utanhéraðssjúklinga til sjúkrahúsanna á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. En hér er stefnt að því að gera þessa reglu almenna, þannig að hvert sjúkrahús á landinu, sem hefur utanhéraðssjúkling í sínum rúmum, eigi rétt á að fá greiddan styrk vegna legu utanhéraðssjúklinga á sjúkrahúsinu, eftir því sem nánar yrði til tekið í reglugerð. Það var sérstaklega eitt, sem landlæknir kvartaði yfir í sambandi við þetta, að þetta yrði þungt í vöfum og erfitt. En meiri hl. n. sér ekki, að það sé á fullum rökum byggt, og mælir því með því, að frv. gangi fram. Hins vegar hefur minni hl. allshn., hv. 4. þm. Reykv. (StJSt) og hv. 1. þm. Árn. (JörB), lagt til, að frv. verði vísað til ríkisstj. Meiri hl. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Stefán Jóh. Stefánsson: Eins og hv. frsm. meiri hl. allshn. tók fram, erum við tveir nm., hv. 1. þm. Árn. og ég, þeirrar skoðunar, að þessu máli eigi á þessu stigi að vísa til ríkisstj. til nánari athugunar og undirbúnings. Styðjum við okkur þar aðallega við þá umsögn, sem n. hafði fengið hjá landlækni um málið, og hins vegar einnig við það, að við athugun á frv. má gjörla sjá, að það munu geta orðið á því allverulegir vankantar, sem gætu leitt út í nokkrar ógöngur. Og skiptir þá ekki máli, þótt það dragist um nokkurt skeið að setja löggjöf um eitthvað svipað efni, heldur en að sett væri um þetta löggjöf nú þegar, sem væri mjög ábótavant og kynni að geta dregið slæman dilk á eftir sér. Við, sem í minni hl. n. erum, sjáum enga brýna nauðsyn til þess, að á þessu þingi verði slíkt frv. afgr. eins og það, sem hér liggur fyrir, ekki sízt fyrir þá sök, eins og hv. frsm. meiri hl. hefur þegar tekið fram, að í fjárl. yfirstandandi árs er búið að gera ráðstafanir til ákveðinna sjúkrastyrkja úr ríkissjóði til aðstoðar við rekstur vissra sjúkrahúsa, vegna legu utanhéraðssjúklinga þar. Og það eru einmitt þau sjúkrahús, sem eru þannig sett, að þangað hljóta að sækja margir utanhéraðssjúklingar. En mörg önnur sjúkrahús á landinu eru þannig sett, að það eru litlar líkur til þess, að nauðsyn sé á, að þau taki á móti utanhéraðssjúklingum. Aftur á móti væri nokkur freisting fyrir þau sjúkrahús til að slægjast frekar eftir þeim sjúklingum, sem utan héraðs eiga heima, en láta innanhéraðssjúklinga fremur sitja á hakanum, þar sem þau fengju ákveðna upphæð úr ríkissjóði fyrir legu þeirra manna á sjúkrahúsunum, sem ekki ættu heima í sjálfu héraðinu.

Fyrir þessar sakir teljum við í minni hl. n., að þetta mál sé ekki nægilega athugað, og leggjum til, að því verði vísað til ríkisstj. og teljum, að með fjárl. yfirstandandi árs sé séð svo fyrir þessum málum, hvað snertir þau sjúkrahús, sem utan Rvíkur eru og eiga nokkuð örðugt uppdráttar, en hafa miklum skyldum að gegna, að við þær ráðstafanir megi una um hríð.

Svo má og nefna, að landlæknir og heilbrigðisstj. telur ekki rétt, að þessi l. verði sett eins og frv. þetta liggur nú fyrir. Og þar sem vænta má þess, að það verði hægt á Alþ., er væntanlega kemur saman næsta haust, að láta fara

fram gaumgæfilega athugun á þessu máli af hálfu heilbrigðisstj. og afgr. þá frv., sem betur væri undirbúið og minni vandkvæðum háð, telur minni hl. n. það miklu heppilegri lausn þessa máls. Við leggjum því til, að frv. þessu verði vísað til ríkisstj.

Frsm. (Áki Jakobsson): Það hefur alls ekki komið fram hjá landlækni, að það sé hægt að segja sem svo, að þetta frv. sé yfirleitt að hans dómi illa undirbúið. Það gildir ekki um annað en byggingarkostnaðinn.

Það hefur verið ákaflega mikil óánægja vegna sjúkrahúsa, sem byggð hafa verið, út af því, hve framlög úr ríkissjóði til þeirra hafa verið tiltölulega lítil. Og það er þörf á að setja nánari reglur fyrir því, hvað bæjar- og sveitarfélög geta átt kost á að fá sem styrk úr ríkissjóði til byggingar þeirra. Þetta er svo augljóst mál, að það þarf engar bollaleggingar um það að hafa í raun og veru, hvort rétt sé að ráða bót á því.

Í öðru lagi viljum við ákveða meðlög utansveitarmönnum. Það er vitað mál, að það eru tiltölulega fá sjúkrahús, sem koma þar til greina eftir þessum ákvæðum, sem nokkru verulegu nemur. Og það er ákaflega auðvelt að útbúa öll skýrsluform um það, hvar viðkomandi sjúklingur eigi heima. Það atriði hvílir auk þess á bæjarstjórum og oddvitum. Og ég tel ekki líklegt, að viðkomandi aðilar misnotuðu slíkar heimildir, þannig að þeir seildust til þess að fá öðrum fremur utanhéraðsmenn til sinna sjúkrahúsa. Það er venjan, að sjúkrahús, a. m. k. í stærri bæjum, eru of lítil og alveg yfirfull og vandræði að fá pláss þar. Og það gerir það enn þá fráleitara að halda því fram, að sjúkrahús mundu fremur seilast eftir utanhéraðsmönnum til dvalar á sjúkrahúsunum heldur en innanhéraðsmönnum.

Að þessi ákvæði séu erfið í framkvæmd, get ég ekki fallizt á. Skýrslur um þetta yrðu gerðar einu sinni eða tvisvar á ári. Það er náttúrlega ofurlítið verk að fara í gegnum skýrslurnar til þess að gera skýrslur sér um þetta atriði, en það þarf, hvort sem er, að fara gegnum skýrslurnar vegna l. um sjúka menn og örkumla og vegna berklasjúklinga og annarra, sem þjást af langvarandi sjúkdómum. Ég get því ekki séð, að fyrirhöfnin við þetta sé rök á móti þessu frv.

Ég mótmæli því hins vegar, að þetta frv. sé illa undirbúið. Meiri hl. n. sér ekki, að svo sé, og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég mótmælti því ekki í ræðu minni, að rétt gæti verið að setja l. um það, á hvern hátt ríkissjóður styrki byggingar sjúkrahúsa. En ég held því fram, að það væri ekki víst né heldur fullrannsakað, að rétt væri, að það væri gert á þann hátt, sem í frv. segir. Og þar sem ég tel, að enginn nauður reki til þess að samþ. l. um þetta á þessu þingi, sérstaklega þegar búið er að samþ. styrkveitingu í fjárl. til nokkurra sjúkrahúsa á landinu, og mundi þá ekki skaði skeður, þó að afgreiðsla þessa máls drægist til loka ársins.

Ég vil líka benda hv. frsm. meiri hl. n. (ÁkJ) á það, jafnkunnugur og hann er sveitarstjórnarmálum, þar sem hann um skeið hefur verið bæjarstjóri, að hann veit gjörla, hversu oft standa stríðar deilur og harðar út af lögheimilisfestu manna, sem opinberan styrk þiggja. Og um þessar hörðu og löngu deilur, sem oft eru milli sveitarfélaga, ganga svo úrskurðir hjá sýslumönnum og bæjarfógetum, sem svo er oft loks vísað til æðri úrskurðar hjá stjórnarráðinu. Og búast mætti við, að slíkar deilur risu út af þessu atriði, ekki síður en út af framfærslustyrkjum og styrkjum til berklasjúklinga og styrkjum til sjúkra manna og örkumla.

Ég álít, þó að þetta mál sé flutt af einum hv. þm., þá hafi ekki legið því til grundvallar nægilegur undirbúningur og athugun. Og þar sem heilbrigðisstj. leggur gegn málinu á Alþ. eins og það liggur fyrir og þar sem ég get ekki séð, að nein hætta geti verið í því fólgin, þó að dregið verði nokkuð að setja l. um þetta efni, þá held ég mig við það, sem minni hl. n. leggur til í þessu efni.

ATKVGR.

Till. á þskj. 612, frá minni hl. allshn., um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 18:10 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Húsaleiga (brbl.).

Á 10. fundi í Nd., 7. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 1941, um húsaleigu, og l. nr. 126 1941, um viðauka við og breyt. á þeim l. (stjfrv., A. 51).

Á 11. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jakob Möller): Frv. þetta er fram borið til staðfestingar brbl., sem út voru gefin 29. sept. s. l. samkv. tilmælum bæjarstj. Reykjavíkur, um heimild þá, sem um getur í frv. Þarf ég ekki að skýra það nánar. Ég mælist til, að frv. sé vísað til hv. allshn. að umr. lokinni.

Stefán Jóh. Stefánsson: Á því er enginn vafi, að húsnæðismálin eru eitt af vandasömustu viðfangsefnum, sem upp hafa komið, síðan ófriðurinn skall á. Í mörgum bæjum og þorpum hefur gætt verulegra húsnæðisvandræða síðustu árin. Menn hafa orðið að búa við húsnæði, sem hefur mátt teljast mjög ófullkomið og stundum jafnvel hættulegt til íbúðar. Segja má, að fullkomið ófremdarástand hafi ríkt í þessum málum hér í Rvík, og hefur ekki fengizt á því nema lítil bót. Og á þessu hausti hefur ástandið versnað að mun. Samkv. skýrslu um þetta munu 120 fjölskyldur hér í bæ hafa verið húsnæðislausar eða skort hæfilegt húsnæði. Það ræður af líkum, hvílíkt tjón getur af þeim stafað, enda hafa berklalæknar þótzt sjá þess merki, að berklaveiki væri farin að aukast aftur, en hún hefur, eins og kunnugt er, verið í rénun undanfarin ár. Það var auðséð þegar á síðasta hausti, að húsnæðisskortur mundi verða tilfinnanlegur og hæstv. ríkisstj. mundi verða að gefa út brbl. Hún gaf út þessi brbl. 29. sept., eða einum degi fyrir flutningsdag í haust, og þau voru svo ófullkomin, að engar líkur gátu talizt til, að þau munda ráða nema litla bót á vandræðunum, enda hefur sú raunin orðið á. Í 1. gr. er aðeins gert ráð fyrir heimild til að taka leigunámi sumarbústaði í Gullbringu-, Kjósar- og Árnessýslum, og í 2. gr. er heimild til að framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem tekið hafa húsnæði á leigu án leyfis húsaleigun. Hins vegar er ekkert í l. þessum, sem heimilar hrepps- og bæjarstjórnum annars staðar á landinu að gera ráðstafanir til að sjá húsnæðislausu fólki fyrir húsaskjóli, til dæmis með því að kreppa að þeim, sem óþarflega mikið húsnæði hafa, eða taka leigunámi húsnæði, sem er lítt notað eða ónotað með öllu. Ég hef til dæmis talið alveg sérstaklega ástæðu til að taka húsnæði, sem haldið er lausu í „spekulations"-skyni, sem oft vill verða.

Nú játa ég, að það er neyðarúrræði að þurfa að skammta húsnæði, því að oft er erfitt að framfylgja slíku af réttlæti. En í þessum málum ríkir neyðarástand. Það er slæmt að þurfa að grípa til slíkra aðferða til að bæta úr ófremdarástandinu, sem á að miklu leyti rót sína að rekja til vanrækslu valdhafanna, því að eðlilegasta aðferðin hefði verið að koma í veg fyrir vandræðin, eins og eðlilegasta aðferðin í heilbrigðismálum er sú að hindra sjúkdómana í stað þess að lækna þá. En þó verður nú að gera eitthvað í málinu og hindra þá, að þetta ástand geti skapazt aftur, um leið og bætt er úr vandræðaástandi, sem þegar er skapað. Alþfl. mun bera fram till. í þessu máli nú á þessu þingi. Hann hefur, eins og kunnugt er, gengizt fyrir því, að komið yrði upp verkamannabústöðum. Eins og nú er ástatt, eru að vísu miklir örðugleikar á því að halda þessu starfi áfram. En þeim örðugleikum mætti að nokkru leyti ryðja úr vegi með því að skapa betri skilyrði til nýbygginga í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Eitt af því, sem nauðsynlegt væri að gera í því sambandi, er að lækka vexti af lánum til bygginga. Og ríkisvaldið yrði jafnframt að greiða fyrir innflutningi efnis til verkamannabústaða og láta þá sitja fyrir öðrum byggingum, sem minni þörf er á. Þetta er sú hlið málsins, sem ekki má gleymast. En þó er víst óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess, að húsnæði, sem til er á hverjum tíma, komi þeim að notum, sem hafa þess mesta þörf. Alþfl. mun því verða fús til samstarfs við alla flokka í þessu efni, jafnframt því, að hann leggur fram frv. það, sem útbýtt verður hér í dag, þar sem gert er ráð fyrir allmiklu víðtækari ráðstöfunum en þeim, sem þetta stjfrv. gerir ráð fyrir.

Sveinbjörn Högnason: Þó að hæstv. ríkisstj. hafi eflaust borið fram frv. þetta í góðum tilgangi, er ekki þess að dyljast, að þar kennir nokkurs einstrengingsháttar. Aðalatriði frv. er, að taka megi leigunámi sumarbústaði í nágrenni Rvíkur og bera út utanhéraðsmenn, sem fengið

hafa húsnæði í bænum. Má segja, að nú sé farið að gera nokkuð svo upp á milli fólks í þessu þjóðfélagi. Þetta er alveg í samræmi við það, er hæstv. stj. setti l., sem heimiluðu leigunám á húsnæði í sveitum landsins handa Reykvíkingum. Jafnframt því, að slík l. eru sett, er þess svo krafizt, að bera megi út utanhéraðsmenn, sem fengið hafa inni í Rvík. Ég skil ekki þennan hugsunarhátt. Sjá menn ekki, að þetta er stórhættuleg löggjöf og verkar eins á aðsóknina til Rvíkur og þegar sett eru ákvæði um, að utanbæjarmenn megi ekki fá hér vinnu. Það sér hver heilvita maður, að þetta hlýtur að hafa þær afleiðingar, að menn, sem hingað eru komnir utan af landi, reyna að fá sér hér lögheimili, þótt það hafi ekki verið ætlun þeirra í upphafi. Ég veit nokkur dæmi slíks. Það verður svo í reynd til að auka á húsnæðisvandræðin. Þetta er bæði leiður hugsunarháttur, þar sem verið er að gera upp á milli borgaranna, og auk þess hættulegur, þar sem þetta miðast að því að auka innstreymi til bæjarins. Ef bæta á úr húsnæðisvandræðunum, er til sú leið að skammta húsnæðið. Virðist ekki ástæða til þess á erfiðleikatímum, að þeir, sem hafa efni á að koma sér upp húsum, búi á tveim eða þrem hæðum í 10 eða 15 herbergjum, á meðan aðrir, sem ekki hafa efni á slíku, eru bornir út úr lélegum íbúðum. Yfirleitt verð ég að telja þetta frv. eitt af lélegustu löggjafarplöggum, sem ég hef séð lengi.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Ég hef í rauninni ekki margt um þetta frv. að segja. Reynslan hefur sýnt, að það er í alla staði ófullkomið, því að það leysir engan veginn úr þörf þeirri, sem fyrir er. Í skýrslu, sem húsnæðisn. Rvíkur sendi bæjarráði nýlega, segir, að 120 húsnæðislausar fjölskyldur hafi leitað til bæjarins og farið fram á, að hann útvegaði þeim húsnæði. Þar við bætist allmargt fólk, sem hefur fengið þá úrlausn, að það var flutt upp að Korpúlfsstöðum, en sú úrlausn getur ekki talizt hagkvæm fyrir menn, sem vinna hér í bænum. Aðrir hafa verið fluttir í sumarbústaði, þar sem gólfflötur er 25 fermetrar að stærð, því að hann má ekki vera meiri, og eftir því er annað þar. Ýmsir þeirra, sem teljast hafa fengið úrlausn, hafa hlotið slíkt húsnæði, að heilsa þeirra er í veði. Og meðal þeirra fjölskyldna, sem enga úrlausn hafa fengið, eru 50, sem eru alveg á götunni. Sjö þeirra hafa verið fluttar í búningsklefana suður á Íþróttavelli, þar er svo ástatt, að bárujárn er slegið utan á trégrind og veggir ótroðnir. Ef þetta er ekki ófremdarástand, veit ég ekki, hvað á að heita því nafni. Þess verður að krefjast af þingi og stj., að gripið verði til róttækra ráðstafana til þess að bæta úr þessu ástandi. Og leiðin er nú, eins og ástatt er, aðeins ein: Að skammta húsnæðið í bænum. Öðruvísi verður ekki ráðin bót á vandræðunum nógu fljótt. Þess vegna höfum við þrír þm. Sósfl. lagt fram frv., þar sem gert er ráð fyrir, að þessi leið verði farin til bráðabirgða. Frv. er að vísu ekki prentað enn þá, en verður væntanlega útbýtt á morgun. Það gleður mig, að hv. 4. þm. Reykv. hefur lýst yfir því fyrir hönd Alþfl., að hann sé reiðubúinn til samstarfs við alla flokka í þessu máli. Vænti ég þess, að skjót lausn geti fengizt með slíku samstarfi. Um hitt er ég hv. 4. þm. Reykv. sammála, að hér er aðeins um bráðabirgðaúrlausn og neyðarúrræði að ræða. Aðalatriðið er að reisa seinna góðar íbúðir á félagslegum grundvelli, það er framtíðarlausn málsins. Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meira, en vænti þess aðeins, að till. okkar komi sem fyrst fyrir.

Fjmrh. (Jakob Möller): Það var út af umræðum og misskilningi um þetta mál, — ráðstöfun ónotaðs húsnæðis.

Ég skal þá fyrst stuttlega gera grein fyrir, hvernig þessi l. eru til komin. Það var upphaflega þannig, að bæjarstjórn eða bæjarráð skipaði n. manna úr öllum flokkum, er gera skyldi till. til úrbóta í þessum málum. Samkv. þessum till. voru þau brbl. sett, er hér um ræðir, svo langt sem þau ná. En þau ganga ekki eins langt eins og till. bæjarstjórnar, þar sem gert var ráð fyrir að skammta mönnum af þeirra eigin íbúðum, eftir því sem þeir töldust geta komizt af með. Um þetta er það að segja, að stjórnin leit blátt áfram svo á, að á þennan hátt væri gengið lengra í þá átt að skerða eignarrétt manna en fært þætti með brbl. Hitt er svo allt annað, hvað þingið álítur rétt að gera.

Í ummælum hv. þm. V.-Sk. um þetta mál gætti nokkurs misskilnings. Það lítur svo út sem hann áliti, að þessi l. feli í sér nýmæli þess efnis, að utanbæjarmönnum sé fyrirmunað hér húsnæði. En þetta er gömul löggjöf, sem hann mun hafa átt þátt í að setja. En það er vitanlega verr farið en heima setið að setja l., sem ekki eru framkvæmd eða haldin.

Um það, að menn neyðist til að taka sér hér lögheimili, ef þeir þurfa að dvelja eitthvað hér við atvinnu eða annað, er það að segja, að ekki munu mikil brögð að því, enda geta þeir ekki fengið heimili með löglegu móti. Viðurlögin ná því jafnt til þeirra, ef þeir setjast hér að, hvort sem þeir taka sér hér lögheimili eða ekki.

Þessi l. eru skref til að framkvæma áður sett lög.

Sveinbjörn Högnason: Ég vil aðeins leiðrétta hæstv. ráðh. Hann segir, að ég hafi átt þátt í að setja þessi l. Man ekki hæstv. ráðh., að um þetta voru gefin út brbl. af hans eigin stj., og man hann ekki, að ég mótmælti þeim? Þessi bannlög voru þá gefin út eins og nú. Það er þess vegna ekki rétt fyrir hann að reyna að koma þessu á aðra, þótt af því sé óneitanlega óbragð.

Um hitt atriðið, að menn taki sér hér lögheimili, er ég eins vel kunnugur og hann. Þegar menn geta hvorki fengið hér atvinnu né húsnæði án þess, þá leiðast þeir til þess í mörgum tilfellum.

Þetta er óviturlegt. Hér hafa l. þveröfugar verkanir við það, sem þau eiga að hafa. Auk þess er þetta ranglátt gegn þegnunum, ef tekið er tillit til þess, að nærri allt byggingarefni, sem flyzt til landsins, er notað í Rvík.

Fjmrh. (Jakob Möller): Það mætti æra óstöðugan að leiðrétta misskilning hv. síðasta ræðu-

manns. Hann þóttist vera að leiðrétta mig og minnti á, að umtöluð l. hefðu aðeins verið brbl. En vissulega væru þau fallin úr gildi, ef hv. Alþ. hefði ekki gert þau að sínum l. Og eru það þá ekki gömul l., eins og ég sagði?

Ég sagði, að hv. þm. hefði tekið þátt í setningu þessara l., og meinti þá auðvitað, að honum hefði verið vel kunnugt um þau, þar sem hann átti setu á þingi Um það, hvort hann hefði greitt atkv. með þeim eða móti, fullyrði ég hins vegar ekkert og hann ekki heldur, ekki núna í ræðu sinni. En þetta skiptir ekki máli, heldur hitt, að ég sýndi fram á, að honum hlaut að vera kunnugt um, að þetta voru gömul l., sem nú ætti að verða hægt að framfylgja. Hér þarf því engrar leiðréttingar við, það stendur óhaggað, sem ég hef sagt.

Um kunnugleika hv. þm. af því, að menn taki sér fasta bólfestu hér í bænum, um þá kunnugleika skal ég ekki deila.

Um hitt verður ekki deilt, að þeir, sem komnir voru hingað, áður en l. voru sett, geta verið hér áfram í fullum rétti, en þeir, sem komu eftir að l. voru sett, koma ekki löglega með neinum ráðum. Það skiptir hér engu máli, hvort þeir hafa tekið sér hér lögheimili eða ekki.

Þetta er nú svona, og deili ég ekki meira um það við hv. þm.

Sveinbjörn Högnason: Það er aðeins stutt aths. Ég verð að segja, að ég á hálfbágt með að skilja það, er tiltölulega greindir menn verða tvísaga með fárra minútna millibili, eins og nú hefur orðið. Það hlýtur að koma af því, að málstaður þeirra er óverjandi. Ég sagði aldrei, að þessi l. hefðu ekki verið samþykkt síðar af Alþ. Annar málflutningur í þessu efni er eftir þessu, og þarf ég því ekki að gera aths. mína lengri.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

2. Kosningar til Alþingis.

Á 15. fundi í Nd., 15. des., var útbýtt:
Frv. til l. um kosningar til Alþingis (stjfrv., A. 99).

Á 20. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Jakob Möller: Frv. þetta er stjfrv. og er flutt til þess að fá staðfestingu á brbl., sem gefin voru út í sambandi við síðustu kosningar, um stytta fresti o. þ. u. l. Brbl. hafa þegar gert sitt gagn, en það er skylt samkv. stjskr. að leggja þau fyrir þingið. Ég legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

3. Barnavernd og unglinga.

Á 43. fundi í Nd., 27. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um vernd barna og unglinga (stjfrv., A. 279).

Á 44. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Herra forseti. — Þetta frv. er samið að tilhlutun fyrrv. dómsmrh. af þrem mönnum, þeim Gissuri Bergsteinssyni, Símoni Jóh. Ágústssyni og Vilmundi Jónssyni, og horfir það til sameiningar l. nr. 43 frá 1932 og l. nr. 62 frá 1942. Þessi l. eru svo skyld, að vel sýnist fara á, að úr þeim sé gerður einn lagabálkur. Þetta frv. gerir nokkuð ríkari kröfur en eldri ákvæði, bæði um uppeldisvenjur, um verndun ungmenna, er varðar heilsu þeirra og vinnu, og um vernd gagnvart nautnum. Sömuleiðis eru þar aukin ákvæði um kennslu og uppeldi barna, sem eitthvað er áfátt um, hvort sem er vegna líkamlegs eða andlegs heilsubrests.

Ég hef átt tal um frv. við hina 3 höfunda þess, og við urðum ásáttir um, að þörf sé á því nokkurra breytinga, sem ég vil ræða um við hv. allshn., sem ég vænti að fái málið til meðferðar að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 279, n. 564, 582).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 582. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Frv. það, sem hér liggur fyrir um vernd barna og unglinga, er flutt af hæstv. ríkisstj., og hefur allshn. þessarar hv. d. haft mál þetta til athugunar um nokkuð langan tíma og rætt það á mörgum fundum n. Einnig hefur n. leitað álits frá Barnaverndarráði Íslands, og hefur ráðið sent n. álitsgerð sína á frv. Einnig hefur n. fengið umsögn hæstv. dómsmrh. og fengið frá honum nokkrar till. til breyt. á frv. — Eftir að n. hafði athugað þessar brtt., þá varð hún samþ. að leggja til, að flestar af brtt. Barnaverndarráðsins yrðu samþ. og allar brtt., er hæstv. dómsmrh. hafði komið fram með til n.

Árið 1932 voru sett l. um barnavernd, og var þeim l. svo breytt ári seinna, eða árið 1933,

Að fenginni um 10 ára reynslu voru á ný samin l. um ungmennadóm og eftirlit með ungmennum. Þessum þrem lagafyrirmælum hefur nú verið steypt saman, þau aukin og endurbætt með ýmsum nýmælum, sem nú felast í því frv., er hér liggur fyrir með þeim breyt., sem allshn. óskar eftir, að gerðar verði á frv.

Ég ætla ekki að sinni að ræða þetta mál í heild, heldur ætla ég mér einungis að geta þeirra brtt., sem n. hefur lagt til, að samþ. yrðu, og eru þær greindar í nál. á þskj. 564.

1. brtt. n. er við 1. gr. frv., sem fjallar um, að vernd barna og unglinga taki yfir eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnahælum, dagheimilum, leikskólum, sumardvalarheimilum, fávitahælum o. s. frv. Brtt. Barnaverndarráðs var á þá leið, að á eftir fávitahælum komi „fyrir börn og ungmenni". — N. þótti það og sjálfsagt, að verndun barna og unglinga taki ekki yfir verndun fávitahæla fyrir fullorðna og mælir því með samþ. þessarar brtt.

2. brtt. n. er við 4. gr. frv. Sú gr. kveður svo á um, að utan kaupstaða skuli skólan. vinna störf barnaverndarn., en brtt. eftir till. Barnaverndarráðs er sú, að hreppsn. eða Barnaverndarráð geti skipað barnaverndarn. í kauptúnum, er þurfa þætti með. Þessi brtt. á fullan rétt á sér, þar sem bæði skólan. þurfa mörgum og óskyldum störfum barnaverndarn. að gegna, og svo hitt, að nauðsyn getur rekið til, þar sem annasöm störf, sem ættu að heyra til barnaverndarn., koma til greina í kauptúnunum.

Brtt. við 6. gr. er sú, að lagt er til, að í Rvík verði kosnir 7 menn í barnaverndarn., og er það eftir till. Barnaverndarráðs. En annars er lagt til, að barnaverndarn. í kaupstöðum sé skipuð 5 mönnum og barnaverndarn. utan kaupstaða, ef kosnar eru, séu skipaðar 3 mönnum. — Er það ljóst mál, að eðlilegt er, að fram komi raddir um það að hafa barnaverndarn. í Rvík skipaða fleiri mönnum en annars staðar sakir viðtækara starfsviðs, og er ekki nema sjálfsagt að verða við þeim óskum í þessu efni, frá þeim aðilum, sem bezt þekkja til þessara hluta.

B-liður 3. brtt. er aðeins smá orðalagsbreyt., en D-liður er um það, að 1. mgr. 6. gr. falli niður. Í núgildandi l. er svo ráð fyrir gert, að 2—3 konur séu í barnaverndarn., en með því fyrirkomulagi að viðhafa hlutfallskosningu, er ekki hægt að segja eða kveða á um þetta atriði. Það verður að vera komið undir bæjarstj. eða hreppsn. á hverjum stað, hversu svo æskilegt sem það kann að vera. Þetta er því ekki hægt að ákveða með l. eins og sakir standa.

Næsta brtt. er við 10. gr. frv., en í þeirri gr. er gert ráð fyrir, að fátækrafulltrúi ráði starfsmenn og þjónustufólk til þess að vinna nauðsynleg störf, er heyra undir barna- og ungmennaverndarn. N. þótti rétt að hafa þetta ákvæði í samræmi við hliðstæð fyrirbrigði annars staðar, og gerir n. því það að till. sinni, að barnaverndarn. í Rvík ráði til sín starfsfólk að fengnum tillögum fátækrafulltrúa, en utan Rvíkur sé barnaverndarn. heimilt að ráða til sín fulltrúa og annað starfsfólk með samþ. viðkomandi bæjarstj. eða hreppsn.

5. brtt. er við 12. gr. frv., og fjallar sú gr. um skipun Barnaverndarráðs og er þar lagt til, að gerbreyt. verði á skipun ráðsins frá því sem er í núgildandi l. Ráðið sjálft benti n. á, að ekkert gefi tilefni til þess, að ástæða sé að breyta þeirra tilhögun á skipun ráðsins, sem nú er. En sú tilhögun er nú í gildi, að Prestafélag Íslands tilnefni einn mann af þremur, sem eiga sæti í Barnaverndarráðinu. Annar sé tilnefndur af barnakennurum, en sá þriðji sé skipaður af ráðh. án tilnefningar. — N. lítur því svo á, að þar sem þessi tilhögun hafi reynzt vel, sé rétt að halda henni áfram og leggur því til, að svo verði gert.

6. brtt. er við 13. gr. frv. um ungmennadóm. Í frv. er svo ráð fyrir gert, að héraðsdómari sé sjálfkjörinn, en barnaverndarn. tilnefni tvo menn, er taka sæti í dómnum, en héraðsdómari sé forseti dómsins. — Allshn. hefur ekki getað fallizt á, að þessi skipun verði á ungmennadómnum, og er það af ástæðum, sem ég vil ekki vera að rekja hér neitt nákvæmlega, svo og af því að ákjósanlegast er, að við skipun í þennan dóm sé höfð sú regla, sem almennt gildir í sambærilegum tilfellum. Hefur því n. lagt til, að héraðsdómari (í Rvík sakadómari) sé sjálfkjörinn í dóminn og sé hann forseti hans eins og getið er um í frv., en að ráðh. skipi honum samdómendur til 4 ára í senn.

7. brtt. er við 14. gr. frv., sem fjallar um það atriði, er svipta á forráðamenn barns umráðarétti yfir því. Eru þær breyt. þar ráðgerðar, að bæta á inn í gr. hlutfalli 3 og 7 manna n. í samræmi við það hlutfall 5 manna n., sem er í frv., þegar um það er að ræða, hvort samþ. á niðurfellingu umráðamanna yfir barni eða ekki.

8. brtt. er aðeins orðalagsbreyting við 19. gr. frv.

9. brtt. er við 20. gr. frv. um það, að 3. mgr. falli burtu. Sú mgr. gerir ráð fyrir, að barnaverndarn. eða fulltrúar annist yfirheyrslur og framkvæmi rannsókn ýmiss konar í einstöku tilfellum varðandi siðferðisbrot eða annað slíkt. Barnaverndarráðið hefur lagt á móti því, að hægt væri að fela barnaverndarn. löggjafareftirlit eða annað vald það varðandi, enda gæti orðið torvelt við það að eiga. Allshn. hefur fallizt á þetta og hefur því lagt til, að þessi mgr. 3. mgr. 20. gr. falli burtu.

Næsta brtt. er við 25. gr. Fyrri breyt. á þeirri gr. er fólgin í því, að barnaverndarn. er heimilt að grípa til bráðabirgðaráðstafana, ef barn líður skort vegna örbirgðar, án þess að þurfa áður að bera það undir hrepps- eða framfærslun. N. telur það oft þurfa svo skjótra aðgerða, að litla eða enga bið þoli, og því liggi næst í slíkum tilfellum að láta barnaverndarn. framkvæma ráðstafanir, sem yrðu til bráðabirgða. Óþarfa vafningar yrðu, ef barnaverndarn. þyrfti, er svo stæði á, að leita á náðir hreppsn. Hin brtt. er við síðari mgr. 25. gr., og á þá leið, að fellt er niður ákvæðið um, að samþykki foreldra eða forráðamanna þurfi að koma til, að barn verði tekið af heimili vegna örbirgðar einnar. — Það þykir sem sé ekki vera sú eina rétta leið að taka barn af heimili, jafnvel þótt samþ. foreldra komi til, því að aðrar leiðir þykja öllu

heppilegri til úrbóta, er um ófremdarástand örbirgðar er að ræða, en að taka börnin burtu frá foreldrum sínum.

11. brtt. er við 29. gr. og er aðeins orðalagsbreyt.

12. brtt. er við 33. gr. frv. Sú gr. er nýmæli og er um það að leggja hömlur á töku fósturbarna. Þar er lagt til, að hjón með mikla ómegð, eins og það er orðað, megi ekki taka börn í fóstur, og ekki megi taka fleiri en 3 börn á eitt heimili nema systkin séu. Enn fremur að veita ekki fólki yfir sextugt leyfi til að taka í fóstur börn. Svo á að leggja hömlur á, að einhleypum konum sé mögulegt að taka drengi í fóstur og aftur öfugt. N. leggur til, að öll gr. sé felld niður og lítur svo á, að ekki eigi að torvelda töku fósturbarna með þessu móti. Þó að það sé fært þessari gr. til gildis, að hún sé sniðin eftir erlendum fyrirmyndum, þá telur n., að ástæða sé ekki fyrir hendi hér á landi til þess að haga þessum málum svo mjög í samræmi við það, sem tíðkast erlendis í stórborgunum, a. m. k. séu þær ástæður enn ekki fyrir hendi og því sé óþarft að samþ. þá gr.

34. og 35. gr. frv. er svo breytt í samræmi við niðurfellingu 33. gr.

15. brtt., við 39. gr. frv., er einnig smá orðalagsbreyt. og er óþarfi að skýra hana.

Þá koma brtt. við 41. gr. frv. Sú fyrsta, að á eftir orðunum „fullnaðarprófi barnafræðslu" í 2. málsl. 1. mgr. bætist: „eða burtfararprófi". Í öðrum lið, að síðasti málsl. 1. mgr. falli burtu, og í þriðja lið, aftan við 3. mgr. bætist: „ef miklar sakir eru". Eru þessar brtt. eftir till. hæstv. dómsmrh. og gat n. fyrir sitt leyti fallizt á, að þær yrðu samþ. og mælir því með því, að það verði gert.

17. brtt er við 43. gr. frv., og er hún fram komin samkv. tilmælum hæstv. ráðh., og sömuleiðis brtt. við 45. gr., sem fjallar um kvikmyndasýningar.

Við 47., 49. og 50. gr. eru gerðar þær breyt. að færa aldursmarkið úr 21 ári í 18 ár. Í 47. gr. frv. er ákveðið, að í reglugerð megi leggja bann við starfa kvenna innan 21 árs á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að síðferði þeirra sé hætta búin. Enn fremur eru refsiákvæði í 49. gr. frv. miðuð við ungmenni allt að 21 árs, og sama er að segja um ákvæði 50. gr. frv. Barnaverndarn. hefur lagt til, að þetta aldurstakmark verði fært niður í 18 ár, og allshn. hefur á það fallizt. Það fólk, sem hér er um að ræða, frá 18 til 21 árs, er sjálfráða eftir íslenzkum l. Auk þess má vera, að kvenfólk, sem við þetta vinnur, sé giftar konur, þótt innan 21 árs aldurs séu, og er óeðlilegt, að slík ákvæði gildi fyrir þær.

Þá eru að vísu aðrar brtt. viðvíkjandi 49. gr., sem einnig eru fluttar samkvæmt till. ráðh., sem ég fjölyrði ekki um.

22. brtt. er við 51. gr. frv., líka samkvæmt till. ráðh., aðallega orðabreyt. á 2. málsgr. og að vísu nokkur þynging refsingar.

Við 58. gr. er brtt. samkv. till. Barnaverndarráðs um, að við 1. málsl. fyrri málsgr. bætist: „og beint eftirlit með hælum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætluð eru til viðtöku börnum og unglingum hvaðanæva af landinu". Því að það má e. t. v. segja, að slíkt falli ekki í hlut neinnar sérstakrar barnaverndarnefndar.

Í 59. gr. frv. er gert ráð fyrir, að Barnaverndarráð geti lagt þeim, sem rekur barnahæli eða uppeldisstofnun, þá skyldu á herðar að ráða sérstakan heimalækni, er Barnaverndarráð samþykkir, og að Barnaverndarráð geti krafið hann skýrslna og læknisumsagnar um atriði þau, er um getur í 58. gr., og enn fremur, að hæli eða uppeldisstofnun beri kostnað af lækniseftirliti. Barnaverndarráð hefur lagt til, að slík þóknun til læknis sé greidd af Barnaverndarráði, en ekki af hælinu eða stofnuninni. Slík hæli hafa yfirleitt lítil fjárráð, ef þau eru ekki rekin af því opinbera, og gæti því ákvæði 2. málsgr. 59. gr. frv. orðið til þess að hindra rekstur þeirra.

25. brtt. er við 60. gr. frv., þar sem er ákveðið, að aðili, þar sem ráðstöfun barnaverndarn. varðar hagsmuni hans, geti borið málið undir Barnaverndarráð og þannig áfrýjað úrskurði barnaverndarn. til Barnaverndarráðs. En þar er tekið fram, að slík áfrýjun fresti ekki framkvæmdum ráðstafana barnaverndarn. En svo er tekið fram í 60. gr., að úrskurður Barnaverndarráðs sé fullnaðarúrskurður, nema málið beri að l. undir önnur stjórnarvöld eða dómstóla. Allshn. leggur til, að þ. breyti þessu. Hér getur verið um mjög þýðingarmiklar ákvarðanir að ræða, eins og t. d. svipting foreldravalds yfir börnum. Það þykir ekki rétt að leyfa að framkvæma þegar í stað ráðstafanir í þessu efni eftir úrskurði barnaverndarn. Við leggjum því til, að ef aðili telur ástæðu til þess að áfrýja til ráðsins, þá skuli sú áfrýjun fresta framkvæmd úrskurðar barnaverndarn. Enn fremur teljum við ekki rétt, að Barnaverndarráð hafi skilyrðislaust fullnaðarúrskurð um þessi mál. Það er svo til ætlazt í stjskr., að dómsvaldið sé í höndum dómstóla. Og allshn. telur varhugavert að ganga á snið við það ákvæði og fela þarna Barnaverndarráði framkvæmd dómsúrskurða. Allshn. leggur því til, að þessu verði breytt þannig, að felli aðili sig ekki við ráðstöfun barnaverndarn., geti hann skotið málinu til Barnaverndarráðs, og slík áfrýjun fresti framkvæmd ráðstöfunar barnaverndarn., og enn fremur, ef hann sættir sig ekki við úrskurð ráðsins, t. d. í þeim tilfellum, þar sem um sviptingu foreldravalds er að ræða, þá hafi hann heimild til þess að bera málið undir dómstólana.

Um 61. og 65. gr. er það að segja, að við þær eru gerðar till. um orðalagsbreyt. að till. ráðh., að í 61. gr. fyrir orðin „almennra lögreglumála" í 2. málsl. 1. mgr. komi: „opinberra mála". Og er þá miðað við þá breyt., sem alllengi hefur verið fyrirhuguð um meðferð opinberra mála. Og á sama hátt verði 65. gr. breytt. (sbr. 28. tölul. brtt.).

27. tölul. brtt. er við 63. gr. frv., um, að 4. málsgr. falli burt, sem er í samræmi við breyt., sem ég minntist á áður um að færa aldursmark þessara ungmenna, sem Barnaverndarráð hefur afskipti af, úr 21 árs í 18 ára aldur.

Loks er svo brtt. við 66. gr. frv., sem er m. a. um l., sem með þessum l. verði úr gildi felld. Þar hafa fallið niður úr frv. l. nr. 62 4. júní

1942, um eftirlit með ungmennum o. fl., sem lagt er til, að bætt verði í 66. gr.

Ég hef þá reynt að gera grein fyrir þessum allmörgu brtt. allshn., sem flestar eru í samræmi við till. Barnaverndarráðs, sem hefur mikla reynslu um þessi mál.

Hér eru að vísu komnar fram nokkrar brtt. til viðbótar frá hv. þm. Siglf. (ÁkJ), á þskj. 582. En ég vil ekki gera þær að umtalsefni fyrr en hv. flm. hefur gert grein fyrir þeim. En ég vil taka fram, að þótt n. beri fram þetta margar brtt. við frv., þá er n. sammála um, að í frv. felist margar umbætur, mörg nýmæli, sem til stórra bóta horfi. Allshn. leggur því eindregið til, að frv. nái afgreiðslu, en telur hins vegar rétt, að brtt. hennar nái allar fram að ganga. Flestar þeirra skipta ekki ýkja miklu máli. Og í raun og veru má segja, að sú brtt., sem kannske hefur mesta breyt. í för með sér, sé ákvæðið um fósturbörnin, að fella niður þær hindranir, sem frv. leggur á tökur þeirra.

Legg ég svo til, fyrir hönd allshn., að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem n. leggur til.

ATKVGR.

Brtt. 582 teknar aftur til 3. umr.

Brtt. 564,1 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 564,2 samþ. 20 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

5, gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 564,3 samþ. með 19 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

7.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 564,4 samþ. með 20 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 564,5 samþ. með 20 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 564,6 samþ. með 20:1 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 564,7 samþ. með 20 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

15.—18. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 564,8 samþ. með 21 shlj. atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 564,9 samþ. með 21 shlj. atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

21.—24. gr. samþ. með 22. shlj. atkv.

Brtt. 564,10 samþ. með 20 shlj. atkv.

25. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

26.—28. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 564,11 samþ. án atkvgr.

29. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

30.—32. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 564,12 (33. gr. falli niður) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 564,13 (ný 34. gr., verður 33. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 564,14 (ný 35. gr., verður 34. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

36—38. gr. (verður 35.— 37. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 564,15 samþ. með 23 shlj. atkv.

39. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

40. gr. (verður 39. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 564,16 samþ. með 19 shlj. atkv.

41. gr. (verður 40. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

42. gr. (verður 41. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 564,17 samþ. með 24 shlj. atkv.

43. gr. (verður 42. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

44. gr. (verður 43. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 564,18 samþ. með 20 shlj. atkv.

45. gr. (verður 44. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

46. gr. (verður 45. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 564,19 samþ. með 19 shlj. atkv.

47. gr. (verður 46. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

48. gr. (verður 47. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 564,20 samþ. með 20 shlj. atkv.

49. gr. (verður 48. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 564,21 samþ. með 20 shlj. atkv.

50. gr. (verður 49. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 564,22 samþ. með 20 shlj. atkv.

51. gr. (verður 50. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

52. gr. (verður 51. gr.), samþ. með 19 shlj. atkv.

53.—57. gr. (verða 52.—56. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 564,23 samþ. með 20 shlj. atkv.

58. gr. (verður 57. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 564,24 (ný 59. gr., verður 58. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 564,25 samþ. með 19 shlj. atkv.

60 gr. (verður 59. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 564,26 samþ. með 21 shlj. atkv.

61. gr. (verður 60. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

62. gr. (verður 61. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 564,27 samþ. með 18 shlj. atkv.

63. gr. (verður 62. gr.), svo breytt, samþ. með 19:2 atkv.

64. gr. (verður 63. gr.), samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 564,28 samþ. með 18 shlj. atkv.

65. gr. (verður 64. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 564,29 samþ. með 19 shlj. atkv.

66. gr. (verður 65. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 595, 582).

Áki Jakobsson: Ég flyt hér brtt. á þskj. 582. sem ég tók aftur við 2. umr. Þessar breyt. miða í fyrsta lagi að því að takmarka valdsvið ungmennadóms við það, að hann dæmi aðeins afbrot barna og ungmenna, eða taka algerlega undan hans ákvörðunarrétti það eftirlit með meðferð ungmenna, sem honum er veitt með þessu frv. Að vísu er búið með breyt. að lækka

nokkuð aldur þeirra ungmenna, sem ungmennadómur getur haft íhlutunarrétt um, og ég álít nokkuð til bóta. En samt sem áður er ég þeirrar skoðunar, að það sé mjög vafasamt, hvort rétt sé, að ungmennadómurinn hafi það vald, sem honum er veitt í frv. Ákvæðin um þetta eru í 7. kafla frv., en mér þykir orðalagið dálítið hæpið, þar sem segir: „Nú hefur barn yfir 15 ára framið lögbrot, eða ungmenni 16—18 ára er haldið annmarka, sem getur í 29. gr. þessara laga, en aðgerðir barnaverndarn. samkvæmt 32. gr. koma ekki að haldi eða eiga ekki við, og skal þá ungmennadómur taka málið til rannsóknar og úrskurðar". Þarna er gert ráð fyrir því, að ungmennadómurinn geti tekið ungmenni, sem eru siðferðilega eða líkamlega „miður sín" eins og það er orðað í l., undir sína umsjá, og farið með þau á svipaðan eða sama hátt eins og unglinga, sem framið hafa afbrot, svo sem þjófnað eða önnur slík brot. Þetta orðalag er svo óákveðið, að það getur hæglega valdið misskilningi, þar sem skoðanir manna eru mjög mismunandi á þessum málum. Ég held, að valdhafarnir, sem þarna er um að ræða, héraðsdómararnir og þeir, sem kynnu að vera skipaðir við hlið þeirra, séu alls ekki til þess fallnir að hafa siðferðilegt eftirlit með ungmennum. Ég álít, að slíkt eftirlit eigi að vera óskipt í höndum barnaverndarn. og Barnaverndarráðs og þeim aðilum ætti að vera kleift að vinna þessi störf, ef settar væru á stofn uppeldisstofnanir, svo sem barnahæli eða ungmennahæli, til þess að hægt væri að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessum efnum. Ég álít, að það sé afar varhugavert að taka þessi ungmenni, sem lent hafa á glapstigum, svo sem stúlkur, sem komizt hafa í kynni við hið erlenda setulið, og fara með þau eins og hverjar aðrar óbótamanneskjur. Ég er á þeirri skoðun, að það sé ekki síður skemmd á þessum ungmennum að láta taka þau og fara með þau eins og afbrotamenn heldur en það, þó að þau yrðu látin eiga sig. Barnaverndarráð hefur hins vegar í aðalskjali sínu til allshn. út af þessu máli látið það í ljós, að það telji varhugavert að afhenda þessi mál í hendur ungmennadóms. Ég hirði ekki að nefna einstök dæmi, en form. Barnaverndarráðs skýrði frá einstökum dæmum þess, hvernig ungmennadómi væru mislagðar hendur með það að meðhöndla þessi málefni. Það má vara sig á því að fá þessi málefni í hendur mönnum, sem eru meira og minna bundnir af siðferðilegum kreddum. Í frv. er lögð áherzla á það, að það verði farið með þessi mál með svo mikilli leynd sem hægt er, til þess að bletta ekki viðkomandi ungmenni. Slík leynd gæti þó haft nokkra hættu í för með sér, ef hún leiddi til þess, að úrskurðir þessarar stofnunar yrðu ekki eins undir opinberu eftirliti eins og annars, þ. e. a. s. undir eftirliti almenningsálitsins. Þó tel ég ekki rétt að svipta burtu þessari leynd, þar sem það hefur komið fyrir, að ungmennadómur hefur fjallað um mál ungmenna, sem ekki hafa framið afbrot, heldur hafa komizt á siðferðilega glapstigu. Barnaverndarráð vildi ekki gera um þetta brtt., en tók það fram við n., að það teldi þessi ákvæði varhugaverð, og taldi athugandi, hvort ekki væri rétt að takmarka valdsvið ungmennadóms. Ég held, að það sé ekki rétt af okkur að fela ungmennadómi þetta vald, ef það er engin trygging fyrir því, að hann geti gert annað en það, sem eðlilegt er, að barnaverndarn. hafi með höndum. Ég sé engin rök fyrir því, að barnaverndarn. séu óhæfar til þess að hafa þessi mál með höndum, ef þeim eru látin í té hæli eða uppeldisstofnanir, sem þær þurfa á að halda til þess að geta leyst þessi störf af hendi. Barnaverndarn. geta, ef þær þurfa á að halda, fengið lögregluvald til þess að beita þvingun. En þessi n. er skipuð fólki, sem eingöngu hefur fengizt við barnauppeldi, og þekkir hún því börn og unglinga miklu betur heldur en á sér stað um ungmennadóm. Það er varhugavert að grípa inn í persónuleg réttindi þessara ungmenna, þegar engin trygging er fyrir því, að sú valdbeiting, sem ungmennadómur kann að hafa í frammi, beri tilætlaðan árangur, og jafnvel að valdbeiting gæti haft öfug áhrif við það, sem ætlað var. Flestar brtt. minar ganga inn á það að takmarka þetta vald og sameina það hjá barnaverndarn. Það er nú svo hér í Rvík, að allt eftirlit með ungum stúlkum í sambandi við setuliðið er komið í hendur ungmennadóms, og barnaverndarn. er farin að telja þetta utan við sitt verksvið. Enda er ekki eðlilegt, að barnaverndarn. vilji þarna vera sem nokkurs konar uppljóstrunarverkfæri. Eitt að þeim ákvæðum, sem allshn. lagði niður, var það, að lögð væri skylda á barnaverndarn. til þess að gefa upplýsingar varðandi ungmenni, sem komin væru á glapstigu. Þetta sýnir bezt, að samstarf ungmennadóms og barnaverndarn. verður ekki fólgið í öðru heldur en uppljóstrunarskyldu af hálfu barnaverndarn. Ef farið væri inn á þá braut, gæti barnaverndarn. ekki lengur haft samstarf við ungmenni, sem komizt hafa á glapstigu, sem leiðbeinandi, eins og verið hefur. Ég held þess vegna, að þessi skipting, sem gert er ráð fyrir í frv., þ. e., að eftirlit með ungmennum sé tekið úr höndum barnaverndarn. og fært yfir til ungmennadóms, sé ekki rétta leiðin í þessum efnum. Ég held, að það sé rétta lausnin, að barnaverndarn. og Barnaverndarráð hafi með höndum allt það, er við kemur siðferðilegu eftirliti með slíkum ungmennum. Önnur höfuðbreytingin, sem í brtt. minum felst, er sú, að barnaverndarn. sé rétt að semja um greiðslu fyrir börn og ungmenni, sem ráðstafað er samkvæmt lögunum gegn meðlagi, og er þá viðkomandi bæjar- og sveitarsjóður skuldbundinn til greiðslunnar. Eins og nú er, verður barnaverndarn. að vera upp á það komin, að framfærslun. samþykki þær meðlagsgreiðslur, sem þarna er um að ræða. Í framkvæmdinni verður þetta þannig, að barnaverndarn. getur alls ekki komið við neinum almennum taxta, sérstaklega er þetta erfitt við að eiga á meðan hún hefur ekki yfir neinni uppeldisstofnun að ráða, þar sem hún gæti komið börnunum fyrir. Ég vil sérstaklega taka það fram, að hér er ekki um það að ræða, að barnaverndarn. fái vald til þess að ákveða meðlag með öllum börnum. Þetta gildir aðeins um börn, sem einhverra hluta vegna eru undir umsjá barnaverndarn. og hún er að reyna að koma fyrir og hjálpa, og þau takmörk eru sett, að hún má aldrei ákveða

meðlagsgreiðslu fyrir lengri tíma en 6 mánuði. Þessi till. er tekin eftir till. Barnaverndarráðs. Það vildi, að þessi breyt. yrði sett í l., og taldi starf barnaverndarn. nauðsynlegt til þess að þetta kæmi að notum. Ég gerði hins vegar ekki annað en að taka upp þessa till. Barnaverndarráðs *með dálitilli orðabreyt.* Ég vil nú fara nokkrum orðum um einstakar brtt., sérstaklega ef einhverri þeirra er þannig háttað, að hún fellur ekki alveg undir þessi 2 höfuðatriði, sem ég hef getið um. — Í 29. gr. 4. málsgr. kemur greinilega þessi samvinna á milli barnaverndarn. og ungmennadóms, sem gert er ráð fyrir í frv. stj., og það er jafnvel gert ráð fyrir því, að barnaverndarn. verði sett hjá og hafi lítið með þessi mál að gera. Í 4. málsgr. 29. gr. segir svo: „Nú verður barn 16 ára á heimili, hæli eða uppeldisstofnun, þar sem barnaverndarn. hefur komið því fyrir, og skal þá sú ákvörðun barnaverndarn. haldast, nema ungmennadómur ákveði annað". Eftir að barnaverndarn. er búin að ákveða að sleppa ungmenni úr haldi, getur ungmennadómur úrskurðað, að það skuli áfram sitja í þvingun, án þess að ungmennadómur þurfi að taka tillit til þess, hvað barnaverndarn. álítur rétt að gera í því efni. Þetta álít ég alveg ótækt, og legg ég því til, að orðin „nema ungmennadómur ákveði annað" falli niður, en í staðinn komi: „þar til hún ákveður annað". Enn fremur hef ég lagt til, að 3. málsgr. 32. gr. falli niður og er það í samræmi við hina síðartöldu brtt. Þá er brtt. við 38. gr., sem nú er 37. gr. Fyrri breyt. er sú, að í stað orðanna: „Barnaverndarráð og ungmennadómur" í 1. málslið komi: „eða Barnaverndarráð". Síðari breyt. við þessa gr. er, að á eftir orðinu „glapstigum" í 2. málsl. komi: „og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma". Fyrri brtt. er alveg samhljóða öðrum brtt. um að fella niður ungmennadómsinn. *Hin síðari fer í þá átt,* að auk þess, að í Rvík skuli barnaverndarn. séð fyrir athugunarstöð, þar sem hægt væri að koma börnum fyrir á meðan verið er að ráðstafa þeim á annan hátt, þá verði séð fyrir því sama víðar á landinu, einkum í kaupstöðum. Þá er næst brtt. við 39. gr., þar sem talað er á sama hátt um þetta valdsvið ungmennadóms. Brtt. við 40. gr. veitir barnaverndarn. rétt til þess að semja um greiðslu fyrir börn og ungmenni, sem ráðstafað er samkv. l., eins og ég hef drepið á. Höfuðbreyt. er svo við 7. kafla, eins og ég hef áður lýst.

Þá legg ég til, að 63. og 64. gr. falli niður. Þar er ákveðið að veita ungmennadómi meira vald en barnaverndarn. og Barnaverndarráði, sem er mjög óheppilegt, eins og ég hef áður skýrt. Ég held því, að það sé til bóta að fella þessar gr. niður.

Ég vil að lokum geta þess, að ég tel rétt að setja nokkru strangari ákvæði um eftirlit með störfum barnaverndarn., einkum með tilliti til hins óvenjulega ástands og vegna þess að valdsvið þeirra er í rauninni mjög aukið, en það hafði áður verið skert með lagabreyt., og álít ég, að þegar það nú er aukið á ný, sé full ástæða *til að skipta sér af því, hvernig* þær rækja störf sín, og auka það eftirlit, sem hið opinbera hefur með starfsemi barnaverndarn. Það komst ekki svo langt í allshn., að farið væri inn á þetta, vegna þess að n., eða meiri hl. hennar, gat ekki orðið á eitt sáttur um þetta, en ég álít, að það eigi að vera til athugunar, hve aukna eftirlitsskyldu hið opinbera þarf að taka á sig vegna aukinna verkefna barnaverndarn.

Ég var meðflm. að þeim mörgu brtt., sem hér komu fram við 2. umr. þessa máls, og álít allar breyt. til stórkostlegra bóta. Frv. þetta er meira *samið af mönnum, sem sitja inni á skrifstofustólum,* en af þeim, sem umgangast fólkið sjálft og skilja það. Þessir menn eiga erfitt með að setja sig inn í hugsanagang almennings, og sérstaklega það óeðlilega viðhorf, sem skapast af samneyti ungra stúlkna við setuliðið. Það má vara sig á því, að í þessu efni getur vel farið svo, að verr sé farið en heima setið, og ekki varlegt að gera víðtækar breyt., nema skipt sé um til hins betra. Ég held, að þetta hafi átt að fela þeim mönnum, sem hafa tök á að vera með því *fólki, sem l. eru líkleg til að ná til, en ekki* mönnum, sem ekki þekkja lífið eins og það er og eru auk þess bundnir af kreddum, sem gætu orðið þess valdandi, að það, sem gert er, væri til hins verra. Ég álít, að frv. eins og það kom frá stj. sé ágætt dæmi um það, hvernig skrifstofumennska (bureaukrati) getur farið með mál og hvernig skrifstofumönnum geta orðið mislagðar hendur um að taka skynsamlega á málunum, og þær stórfelldu breyt., sem allshn. gerði á frv. og Nd. samþykkti allar með tölu, gætu orðið *nokkur aðvörun um það, að vafamál sé* að láta slíkt í hendur manna, sem vantar viðsýni, eins og á sér stað um marga embættismenn.

ATKVGR.

Brtt. 582,1 felld með 11:10 atkv., að viðhöfðu *nafnakalli, og sögðu*

já: EmJ, LJós, ÓTh, PÞ, SG, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, BG.

nei: GÞ, GTh, JakM, JPálm, JS, JörB, SB, SEH, SÞ, BÁ, JJós.

GG, GSv, HelgJ, IngJ, PZ, SvbH, ÁÁ greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (EOl, EystJ, FJ, PO, SigfS, SK, SkG) fjarstaddir.

Brtt. 582,2 felld með 13:7 atkv.
Brtt. 582,3 felld með 13:8 atkv.
Brtt. 582,4 felld með 15:6 atkv.
Brtt. 582,5 felld með 15:7 atkv.
Brtt. 582,6 samþ. með 12:6 atkv.
Brtt. 582,7 felld með 14:7 atkv.
Brtt. 582,8 felld með 14:7 atkv.
Brtt. 582,9—10 teknar aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Ed., 25. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 610).

Á 82. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

4. Rannsókn skattamála.

Á 28. fundi í Sþ., 22. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um rannsókn skattamála (stjfrv., A. 452).

Á 61. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Herra forseti. — Eins og kunnugt er, þá er í 11. gr. l. nr. 20 frá 20. maí 1942 ákvæði um, að skipa megi mann með dómsvaldi til að rannsaka skattamál.

Gera má ráð fyrir því, að ekki komi öll kurl til grafar í sambandi við framtal eigna og tekna til skatts. Er því nauðsynlegt að skipa mann með dómsvaldi til þess að rannsaka skattamál, og er að þessu leyti haldið sömu reglum í frv. því, sem hér liggur fyrir, og í 11. gr. l. nr. 20 1942.

Trauðla er við því að búast, að einn maður komist yfir alla rannsókn þessara mála, og er því í frv. þessu lagt til, að landinu sé skipt í fjögur rannsóknarumdæmi, og er málið falið hv. Alþ. til úrlausnar.

Nýmæli er það, að heimilt skal vera að skipa tvo eða þrjá rannsóknardómara í umdæmi því, sem Rvík er í. Þetta er heimild, sem notuð yrði, ef í ljós kæmi, að einum manni væri ofvaxið að rækja starfið vel. Ætla má, að ágreiningur verði um lausn slíks máls sem þetta er. En bezt væri það fyrir landið, ef tækist að leysa það á hagkvæman hátt.

Ég ætla, að þetta frv. eigi fremur að fara til allshn. en fjhn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Það er auðvitað, að eftir því, sem skattskrúfan er hert og gengið nær eignum manna með beinum sköttum, eftir því verður ríkari tilhneiging manna til þess að nota ýmiss konar undanbrögð. Það er einn megingalli beinna skatta.

Almennt borgaralegt siðferði er í veði, þegar gengið er svo nærri mönnum, sem ekki mega vamm sitt vita, að þeir eru reknir út í það að lita framtöl sín. Hins vegar er eðlilegt, að ríkisvaldið reki á eftir með að hert sé á eftirliti um, að lögum og reglum sé hlýtt, sérstaklega á þeim stöðum, þar sem mikils skatts er að vænta, og eins að það vilji setja á stofn mikið skrifstofubákn til að framfylgja þessum lögum.

Mikið mun skorta á fullkominn grundvöll til þess að byggja skattaálagninguna á, eða svo mun hafa verið til skamms tíma. En þar sem þessi lög eru nú á annað borð, er eðlilegt, að þau séu látin ná fram að ganga og sýnt sé með harðri framkvæmd, hve hörð þessi lög eru.

Sú aðferð hefur verið viðhöfð til skamms tíma, að gera allar reglur um þessi efni sem greinilegastar og hagkvæmastar til að starfa eftir, og hefur mannafli skattstofunnar verið aukinn.

Þegar skattalögunum var breytt síðast, var það sérstaklega á þá leið, að skipaður var skattdómari ofan við skattakerfið.

Ég held, að Sjálfstfl. sé yfirleitt á móti þessu frv. Bæði er sá siður, að fjölga æ ofan í æ embættum í landinu, athugaverður og svo má, ef auka þarf eftirlit á þessu sviði, bæta við mannafla þeirra stofnana, sem annast skattheimtu ríkisins. Annars sýnist það vera, að yfir-, undir- og ríkisskattan. sé nægileg trygging fyrir því, að hægt sé að ná inn sköttunum. En ef brögð eru að því, að framtöl séu ekki sem réttust, er þörf að líta í aðra átt til úrbóta.

Ég ætla ekki að ræða um nýja tekjuskattinn, sem verið er að fara fram á. Það er auðséð, að herða á skrúfuna fastar en að undanförnu. En eins og eðlilegt er, eykst tilhneiging manna til að koma tekjunum undan, þegar hert er á skattskrúfunni. Get ég ekki fylgt frv. á þessu stigi málsins.

Annars skil ég ekki, að hverju leyti þarf betri aðstöðu en við eigum við að búa í þessu efni nú þegar, þar sem eru fjórir eða jafnvel sex rannsóknardómarar í Rvík.

Þá vil ég aðeins víkja að því atriði, að of langt má ganga í skattheimtunni, og er það í rauninni glæpsamlegt, þegar svo langt er gengið, að ekki er gætt að þeirri meginnauðsyn að tryggja rekstur fyrirtækjanna, þótt hins vegar sé skylt að fá framtalið rétt.

Ég vil, áður en málið fer í n., láta í ljós álit mitt almennt í þessu efni, og það er á þá leið, að ég get ekki fylgt málinu, ef flm. koma ekki fram með brtt., sem ég get aðhyllzt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég er að því leyti sammála hæstv. dómsmrh., að rétt sé að setja sérstök lagafyrirmæli í þessu efni. Ef rétt væri fram talið, væri þessa samt ekki eins mikið þörf og af er látið.

Nú hefur verið komið á bókhaldsskyldu alls staðar, og flest hlutafélög eru undir eftirliti endurskoðenda frá hinu opinbera. Reikningar þeirra eru því endurskoðaðir þannig frá ári til árs, og ætti því að vera auðséð, hvort eignir þeirra aukast eða ekki. En ætlunin er að fara enn víðtækara út í málið. Rauði þráðurinn er sá, að skattþegninn hefur engan rétt, en ríkið allan. Ég get ekki gengið inn á þetta, ef jafnrétti á að ríkja. Ríkið hefur sína umboðsmenn alls staðar, en réttur skattþegnsins er engan veginn tryggður. Hér á skattgjaldandi engan mann, sem á að gæta hans hagsmuna í þessari stofnun, sem á að hafa úrskurðarvald, og má það kalla undarlegt fyrirkomulag. Einn maður í þessari n. á að vera formaður, annar á að hafa þekkingu á landbúnaði og sá þriðji á sjávarútvegi og viðskiptum, en enginn á að vera lögfræðingur. Síðan er komið með frv. um það, að settir séu lögfróðir menn, sem eigi að rannsaka skattamál, sem svo eiga að fara til úrskurðar í n., sem ekki hefur neitt vit á þessum málum.

Mér virðist því athugandi, hvort ekki sé rétt að breyta öllu þessu kerfi yfirleitt, úr því að farið er af stað á annað borð.

Nú vil ég skýra frá því, að það kemur svo að segja daglega fyrir, að menn, sem kæra útsvör sín, fá ekki leyfi til að bera hönd fyrir höfuð sér á nokkurn hátt annan en þann að skrifa kæru, sem kannske er alls ekki lesin. Þeir fá svo þann úrskurð, að kæran sé ekki tekin til greina, en engar forsendur eða ástæður færðar fram fyrir þeirri niðurstöðu. Svo senda þessir menn kærur sínar til seinasta dómstólsins í þessum málum, ríkisskattan. Ég hef, því miður, séð dóma um slíkar kærur frá þeirri n. á þá leið, að vegna ónógra upplýsinga væri kæran ekki tekin til greina, en sú hv. n. hafði ekki gert sér það ómak að biðja um þær upplýsingar. Og kærandi hafði þó í slíku tilfelli, sem ég þekki, beðið skriflega um það að fá að verja sitt mál fyrir ríkisskattan. Þegar svo viðkomandi menn ætluðu í mál við ríkisskattan. út af þessu, þá kallaði hún þá á sinn fund og viðurkenndi þar, að dómurinn hefði farið allt öðruvísi, ef n. hefði haft þær upplýsingar strax, sem hún fékk á þeim fundi, en því miður gæti hún ekki breytt dómsniðurstöðunni, af því að hún væri búin að gefa dóminn út. Í slíkum tilfellum er oft deilt um tugi og hundruð þús. kr. og jafnvel milljónir. Og þarna hefur gjaldandi engan til þess að gæta sinna hagsmuna. Ríkisskattan. stendur á mjög völtum fæti til þess að fella dóma í kærumálum, en er þó síðasti dómstóll í þessum málum.

Ég vil mjög beina því máli mínu til þeirrar n., sem um þetta mál fjallar, hvort ekki sé rétt að taka málið upp á nýjum grundvelli með því að samræma meira en enn hefur verið rannsókn í skattamálum og dóma í skattamálum, þannig að skattþegnar geti varið mál sín fyrir lægsta dómstóli í skattamálum og síðan fyrir öðrum dómstólnum og þeim þriðja, eins og önnur mál almennt má verja fyrir dómstólum. En ég tel mjög óviðeigandi af hæstv. ríkisstj. og opinberri stj. yfirleitt að meðhöndla þannig þegna sína, að þeir hafi engan rétt í sínum skattamálum, eins og þeir þó hafa í öllum öðrum málum í landinu.

Ég mun svo ekki fara mjög langt út í frv. sjálft, en vil þó aðeins minnast á, að mér þykir dálítið einkennilegt hér, að í 1. gr. frv. stendur, að 2 eða 3 rannsóknardómarar megi vera í umdæmi því, sem Rvík er í, og að þeir þurfi ekki allir að vera löglærðir. Mér finnst einkennilegt, að þegar menn eiga að rannsaka í málum eins og hér er talað um, þá þurfi þeir ekki allir að vera löglærðir. Því að ég læt mér ekki detta í hug, að fyrir ríkisstj. vaki, að hér sé verið að setja á fót einhverja þefarastofnun. Þess vegna tel ég, að ef á annað borð á að setja hér upp rannsóknardómara, og þá 2 eða 3 fyrir Rvík, þá hljóti það að þurfa að vera menn með lögfræðiþekkingu, sem hafa fullkomið dómsvald. Svo má mikið um það deila, hvort ekki er óþörf útgjaldabyrði lögð á ríkissjóðinn með því að setja þessa rannsóknardómara upp úti í fjórðungunum, sem Rvík er ekki í, þar sem sýslumenn og bæjarfógetar virðast geta rannsakað þessi mál eins og öll önnur svipuð mál. En það er mál út af fyrir sig.

Mun ég svo ekki ræða málið frekar fyrr en ég sé, hvernig það kemur frá þeirri hv. n., sem mun hafa með það að gera.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Innheimta skatta og útsvara.

Á 68. fundi í Ed., 3. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um innheimtu skatta og útsvara (stjfrv., A. 485).

Á 70. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég tel enga þörf á að fylgja þessu frv. fram með löngum skýringum, því að það er þannig vaxið, að það skýrir sig að mestu sjálft. Með því er stefnt að því að bæta úr úreltu fyrirkomulagi, sem verið hefur á innheimtu skatta fyrir ríkissjóð, en það hefur verið hvort tveggja í senn óhentugt fyrir ríkissjóð og óþægilegt fyrir gjaldendurna, þar sem skattar og önnur opinber gjöld hafa verið innheimt í einu lagi seinni hluta árs. Það er hins vegar eðlilegast, að ríkissjóður fái þetta fé með jöfnum greiðslum allt árið, til þess að eiga hægra með að inna af hendi þær greiðslur, sem honum ber samkv. lögum.

Það ákvæði, sem hér er tekið upp, að vinnuveitendur skuli inna af hendi slíkar greiðslur fyrir launþega sína, tryggir, að betri skil verði á þessu fé en annars mundi, auk annarra þæginda við innheimtuna, og ætti sú reynsla, sem bærinn hefur fengið af þessu fyrirkomulagi, að sanna þetta.

Hér er að vísu stofnað nýtt embætti, en ég hygg, að ekki muni þó koma til aukinna útgjalda við innheimtuna, nema síður væri. Ég hef rætt við borgarstjóra um það, að samvinna yrði tekin upp milli Rvíkurbæjar og ríkisins um innheimtuna, og hygg ég, að borgarstjórn sé því fylgjandi, þótt hún kunni að koma með einhverjar smávægilegar brtt. við frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. sagði, að ríkinu mundi ekki verða íþyngt um útgjöld með stofnun þessa nýja embættis. Ég vildi því gera fyrirspurn um það, hvort þetta sé byggt á áætlun eða hvort það sé aðeins skoðun hæstv. fjmrh., því að reynslan hefur sýnt, að stofnun slíkra embætta hefur venjulega haft aukin útgjöld í för með sér.

Ég sé, að það er gert ráð fyrir, að allir gjaldendur komi sjálfir með gjöld sín samkv. því, sem segir í 6. gr. frv. Ég vil því beina því til hv. n. að taka það til athugunar, hvort ekki sé

þá hægt að láta þetta heyra áfram undir tollstjóra, eða jafnvel hvort ekki mætti leggja það undir ríkisféhirði. Ég hygg, að það muni reynast heppilegra, því að reynslan mun sýna, að nýtt bákn, sem hefur forstöðumann, sem ekki tekur beint þátt í innheimtustarfinu, heldur hefur aðra menn undir sér til slíks, muni hafa í för með sér aukin útgjöld. Þessu vildi ég aðeins skjóta fram nú þegar, til þess að hægt væri að taka það til athugunar strax, en annars mun ég ekki gera miklar aths. við frv. á þessu stigi málsins.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Viðvíkjandi fyrirspurn frá hv. þm. Barð. hef ég það að segja, að það hefur að vísu ekki enn verið gerð nákvæm kostnaðaráætlun um þetta, en það mun ekki þurfa lengi að leita til þess að finna, að þetta mun ekki hafa aukinn kostnað í för með sér, þegar tekið er tillit til þess, hve marga starfsmenn ríkið hefur nú til þess að annast innheimtuna, auk þeirra, sem bærinn hefur. Það verður a. m. k. ekki á réttum grundvelli byggt, ef það lækkar ekki kostnaðinn að hafa sameiginlega innheimtu fyrir ríki og bæ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Mér skilst, að það sé einkum ákvæði 6. gr. frv., sem muni lækka útgjöldin við innheimtuna, og að það muni verða jafnt, hvort sem innheimtan heyrir áfram undir sömu stofnun eða ekki. Ég hygg, að þetta með kostnaðinn sé ekki á nægilegum rökum reist hjá hæstv. fjmrh., og vil, að það sé athugað, hvort þetta nýja fyrirkomulag muni ekki reynast ódýrara, þótt innheimtan heyri áfram undir tollstjóra, heldur en að stofnað verði nýtt embætti með nýrri skrifstofu. Það er aðallega sú fyrirkomulagsbreyting að hafa ekki innheimtumenn, sem dregur úr kostnaðinum við þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (stjfrv., A. 508).

Á 71. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 72. fundi í Ed., 12. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um tilgang þessa frv. og geta um leið þeirra breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, að gerðar verði frá núgildandi l. um þetta efni.

Nafni sjóðsins er breytt úr „Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra“ í „Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.“ Þessi nafnbreyting stendur í sambandi við það, að starfssvið sjóðsins er víkkað. Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði embættismanna eru allir embættismenn, sem laun taka samkv. hinum almennu launalögum. Ætlazt er til, að þeir verði sjóðfélagar, eins og verið hefur, en auk þess gerir frv. ráð fyrir, að allir aðrir starfsmenn, sem taka laun úr ríkissjóði og eru ráðnir til ekki skemmri tíma en eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, verði sjóðfélagar, þó því aðeins, að starf þeirra í þjónustu ríkisins sé aðalstarf þeirra. Undanteknir eru þó þeir starfsmenn ríkisins, sem eiga rétt á lífeyri úr öðrum sjóðum, sem stofnaðir eru með l. fyrir tilteknar starfsgreinar sérstaklega, svo sem barnakennarar og ljósmæður. Enda er lagt fram í d. sérstakt frv. um Lífeyrissjóð barnakennara, sem í flestum atriðum gerir ráð fyrir sams konar breyt. á honum og þetta frv. gerir á Lífeyrissjóði embættismanna.

Víkkun sú, sem 2. tölul. 3. gr. frv. gerir ráð fyrir á starfssviði sjóðsins, er ekki ýkja mikil, þar sem flest af því fólki, sem þar kemur til greina, mundi koma inn í sjóðinn við væntanlega endurskoðun á hinum almennu launal.

Hins vegar eru ákvæðin í 4. gr. algert nýmæli. Þar er heimild til að taka í tölu sjóðfélaga: 1) Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem hafa sérstakan fjárhag. 2) Starfsmenn bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga. 3) Starfsmenn við sjálfseignarstofnanir, er starfa í almenningsþarfir.

Frá mörgum af þessum aðilum hafa komið fram mjög sterkar raddir um að fá sérstaka eftirlaunasjóði. En hóparnir eru flestir svo fámennir, að þeir munu ekki gefa nægilega áhættujöfnun án þess að sameina þá tvo eða fleiri. En úr því að þess þarf á annað borð, virðist heppilegast að sameina þá í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Heimild 5. gr. frv. til að kaupa sjóðfélögum réttindi fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar, er nýmæli. Heimild þessi skapar möguleika á því, að menn með langan starfstíma, sem verða sjóðfélagar skömmu fyrir aldursmörk, geti fengið fullan ellilífeyri, eins og þeir hefðu verið í sjóðnum allan sinn starfstíma.

Lífeyrissjóður embættismanna er undir umsjón ríkisstj., en Tryggingarstofnun ríkisins annast reikningshald hans og daglega afgreiðslu. Frv. gerir ráð fyrir óbreyttu ástandi um daglega afgreiðslu og reikningshald. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir, að umsjón með sjóðnum — sem mundi verða talsvert umfangsmeiri en nú er eftir breytinguna — verði létt af ríkisstj. og falin þriggja manna sjóðstjórn, sbr. 6. gr.

Ákvæði 8. gr. frv. um ávöxtun á fé sjóðsins og ákvæði 9. gr. um tryggingarfræðilega endurskoðun á fjárhag sjóðsins eru bæði ný. Þau miða bæði að því að tryggja fjárhag sjóðsins. Ákvæði 9. gr. eiga þó jafnframt að tryggja það, að ekki verði tekið hærra iðgjald í sjóðinn en nauðsynlegt er, til þess að hann geti veitt þau réttindi,

sem honum er ætlað. Ákvæðin um iðgjaldagreiðslurnar eru í 10. gr. frv. Þar er um verulega breyt. að ræða frá því, sem nú gildir.

Iðgjöldin eru nú 7% af grunnlaunum, og greiða launþegar þau öll. Frv. gerir ráð fyrir, að þau verði framvegis miðuð við heildarlaun, að *bæði launþegi og laungreiðandi borgi iðgjöld* og að þau verði fyrst um sinn 10% af heildarárslaununum, þ. e. 4% frá launþega og 6% frá laungreiðanda. Af þessum 6% frá laungreiðanda er gert ráð fyrir, að ⅓ fari til þess að koma sjóðnum í jafnvægi eftir breytinguna. Þegar jafnvægi verður komið á, getur hluti laungreiðanda lækkað um ⅓, og mundi hann greiða jafnt og launþegi eftir það. Nánari útskýringar á þessu eru í grg. frv., bls. 6—7.

Frv. gerir ráð fyrir talsverðum breytingum á réttindum sjóðfélaga.

Ellilífeyrir. Samkv. gildandi reglum þarf embættismaður að hafa náð 70 ára aldri og þjónustualdri, er séu til samans 95 ár eða meira, til þess að fá ellilífeyri. Frv. gerir ráð fyrir, að þessu verði breytt til samræmis við lögin um aldurshámark embættismanna, þannig að aldurinn þurfi ekki að vera nema 65 ár. Ellilífeyrir er nú 27% af launasummu þeirri, sem menn hafa greitt iðgjald af, þó ekki yfir 75% af hámarkslaununum. Frv. gerir ráð fyrir nýjum eftirlaunaskala, er miðast við meðallaun síðustu 10 starfsára. Byrjar skalinn á 12,5% af meðallaunum þessum eftir 10 ára starfstíma, en smáhækkar með starfstímanum up í 60% eftir 30 ára starfstíma eða lengri. Hvað hundraðshlutann snertir er því um nokkra lækkun að ræða frá því, sem áður var. Eins og sakir standa, mun breytingin þó frekar verða til hækkunar, þar sem frumvarpið miðar við heildarlaun í stað grunnlauna.

Örorkutrygging. Gert er ráð fyrir nokkrum endurbótum á örorkutryggingunni. Þær liggja í því, að þegar rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu þeirrar stöðu, sem öryrkinn gegndi, er örorkulífeyririnn ekki háður starfstímanum, en er jafn fullum ellilífeyri fyrir viðkomandi stöðu, ef um fulla örorku er að ræða, sjá 2. mgr. 13. gr. í frv.

Lífeyrir maka. Frv. gerir ráð fyrir talsverðri breyt. á lífeyri maka. Samkv. gildandi reglum er þessi lífeyrir ⅕ af byrjunarlaunum þess *embættis, er makinn gegndi, án tillits til starfsaldurs.* Í frv. er lífeyririnn hins vegar ákveðinn sem viss hundraðshluti af meðalárslaunum síðustu 10 starfsára hins látna sjóðfélaga. Hundraðshlutinn fer eftir starfsaldri sjóðfélagans. Fyrir skemmri starfstíma en 10 ár gerir frv. ekki ráð fyrir, að hinn eftirlifandi maki fái neinn lífeyri, en aðeins endurgreidd þau iðgjöld, sem sjóðfélaginn hefur sjálfur greitt. Sé starfstíminn orðinn 10 ár, á eftirlifandi maki rétt á lífeyri, er nemur 20% af fyrrnefndum meðalárslaunum. Lífeyririnn er svo því hærri, því lengri sem starfstíminn er, þó aldrei yfir 40% af meðalárslaununum, og er gert ráð fyrir þeirri upphæð fyrir 30 ára starfstíma eða lengri.

Barnalífeyrir. Ákvæði 15. gr. frv. um barnalífeyri er algert nýmæli. Þessi lífeyrir er hvorki háður starfstíma né launum viðkomandi sjóðfélaga (foreldris). Þótti eigi ástæða til að gera hér neinn mannamun, þar sem útgjöldin til þessa lífeyris verða ekki stórvægileg, en þörfin fyrir hann hvað mest hjá börnum þeirra sjóðfélaga, sem hafa haft lægstar tekjur. Í gildandi l. er heimilað að endurgreiða embættismönnum iðgjöld, *ef embætti* þeirra er lagt niður. Einnig er heimilt að endurgreiða starfsstúlkum landssímans iðgjöld þeirra, er þær fara úr þjónustu símans, án þess að þeim sé vikið úr þjónustunni, enda láti þær ekki af starfinu með rétti til lífeyris. Í öðrum tilfellum er ekki heimilt að endurgreiða iðgjöld. Það hefur þó þráfaldlega verið heimilað í fjárl. og endurgreiðsla síðan farið fram úr sjóðnum. Í 16. gr. frv. eru settar fastar reglur um iðgjaldsendurgreiðslur á þá leið, að sjóðfélagi, sem í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku lætur af þeirri stöðu, er veitti honum aðgang að sjóðnum, á rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn.

Að lokum má nefna, að tilsvarandi ákvæði við þau, sem eru í 20. gr. frv., eru ekki í l. um Lífeyrissjóð embættismanna. Þeim er ætlað að tryggja, að lífeyrir, sem sjóðurinn greiðir, geti ævinlega orðið persónulegur framfærslulífeyrir þess manns, sem hann á að hljóta.

Meginbreytingar liggja í eftirtöldum atriðum:

1) Frv. gerir ráð fyrir, að iðgjöld og lífeyrir miðist við heildarlaun í stað grunnlauna. Við það hækka iðgjöld og lífeyrir eins og sakir standa.

2) Frv. gerir ráð fyrir, að iðgjaldsgreiðslunni verði skipt á milli launþega og laungreiðanda, í stað þess, að launþeginn greiði þau öll eins og nú er.

3) Frv. miðar lífeyrisgreiðslurnar meira við þarfir lífeyrisþeganna heldur en nú er gert. Þess vegna er lögð sérstök áherzla á að endurbæta örorku- og ekknatrygginguna og bætt við barnalífeyri.

Allar hinar efnislegu breytingartillögur eru í samræmi við þál., er samþ. var um þessi mál á Alþ. 22. maí 1942.

Læt ég svo þessi orð nægja til þess að fylgja þessu frv. úr hlaði, svo læt ég þau og nægja sem framsögu fyrir næsta máli á dagskrá, frv. til l. um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. félmrh. fyrir, að þetta frv. skuli vera fram komið, sem ég tel, að sé í höfuðatriðum til mikilla bóta, þótt að sjálfsögðu þurfi að athuga einstaka liði frv. nokkru nánar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Mér fannst um það vanta upplýsingar hjá hæstv. félmrh., hve stóran útgjaldalið hér væri um að ræða fyrir ríkissjóð, og saknaði ég þess, að þessar upplýsingar skyldu aldrei koma fram í ræðu hans. — Eins og gert er ráð fyrir í frv., að þetta gjald skiptist milli launþega og laungreiðenda og laungreiðandi á að greiða 6% af þessu gjaldi, þ. e. a. s. iðgjaldinu, en launþeginn 4%, þá sér það hver maður, að hér er um þó nokkuð stóra upphæð að ræða, sem ríkinu er ætlað að

greiða. Mér hefði sem sagt þótt viðfelldnara og æskilegra, að fylgt hefði áætlun um, hve stóra upphæð ríkissjóður þyrfti að greiða, ef frv. þetta verður að lögum.

Þó er ég ekki á neinn hátt með þessu að gefa til kynna, að ég sé á móti stefnu þeirri, sem fram kemur í frv., nema þá að síður sé.

Mér skilst, að með frv. þessu sé verið að fara fram á 6% kauphækkun fyrir starfsmenn ríkisins, því að það kemur nokkuð út á eitt, hvort borgað er út í peningum eða í þeim fríðindum, sem frv. þetta fer fram á.

En ég vil leyfa mér að benda á það, að hér er verið að marka stefnu, sem á eftir að grípa víða um sig. Því að strax og þetta er orðið að l., munu þær stéttir, sem l. ná ekki til, ekki sætta sig við að njóta ekki þeirra sömu kjara og stéttarfélagar þeirra, er vinna hjá ríkinu, fá. *Enda er ekki sanngirni í því, að þeir, sem vinna* t. d. í Landssmiðjunni, fái að njóta þessara fríðinda, en aðrir, sem vinna hliðstæða vinnu, verði þar ekki með. Því má alveg ganga að því vísu, að um leið og þessi 6% greiðsla ríkisins af iðgjöldum starfsmanna hins opinbera verður samþ., þá verður hafin sókn stéttarfélaganna um, að allir launamenn í landinu fái þessi sömu kjör. Ég er ekki að segja þetta til þess að hafa á móti þeim ráðstöfunum, sem í frv. felast, heldur til þess að benda á, að þannig mun afleiðingin af þeim verða. — Ég vil aðeins beina þeirri fyrirspurn til hv. 3. landsk., hvort þetta sé ekki rétt hjá mér, að stéttarfélögin muni koma á eftir og krefjast sömu kjara fyrir alla meðlimi sína. Ég segi fyrir mig, að mér fyndist allt annað ranglæti.

Þá kemur og til álita, hvort þetta frv. kemur ekki í bág við þá stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið að sér að framfylgja, þ. e. a. s. að reyna að lækka dýrtíðina í landinu. Það er m. a. með l. ákveðið, að ekki megi hækka skipaviðgerðir og annað við iðnað. Með þessari aths. vil ég benda á, að það verður að hafa opin augu fyrir því, að þær kvaðir, sem lagðar eru á atvinnufyrirtækin, geti rúmazt innan þess ramma, sem þeim er afmarkaður með ákvæðum um verðlag á þeim vörum og á því verki, sem þessi atvinnufyrirtæki inna af höndum.

Ég er annars alveg sammála hæstv. ráðh., að hér er farið inn á nauðsynlega braut, og spursmál er, hvort ekki á að setja þessi mál öll undir einn hatt, en það hefur nú verið rætt áður í sambandi við ellitryggingal. Það er áreiðanlega vert að athuga, hvort ekki sé rétt að stíga sporið til fulls og hafa lögákveðnar tryggingar fyrir alla þegna þjóðfélagsins. Það mun reynast ósk allra að fá þær kjarabætur, sem í frv. felast, ef það verður að l., og ég sé enga ástæðu til að mæla á móti því, að látið verði að óskum launastéttanna í þessu efni, og þær munu og sjálfsagt fá þær og allir þegnar þjóðfélagsins verða þeirra aðnjótandi, nema ef ske kynni, að vesalings sveitafólkið ætti erfitt með að ná rétti sínum, er alltaf virðist hér vera haft útundan.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Herra forseti. — Ég skal aðeins svara fáeinum orðum vegna þeirra ummæla, er nú hafa verið viðhöfð í sambandi við frv. þetta, þó að ég sjái hins vegar ekki ástæðu til að vera að fjölyrða um það nú við 1. umr. Varðandi kostnað þann, er af þessu frv. kynni að leiða, get ég vísað hv. þm. Barð. á þær upplýsingar, sem eru í grg., bls. 8, en þar eru svör við þeim fyrirspurnum, sem hann bar fram.

Þessar framkvæmdir kosta nokkuð aukin útgjöld fyrir ríkið. Hins vegar ber að líta á nauðsyn þess að koma þessum málum í gott horf. Með þessu frv. er ætlazt til, að lífeyrismálið komist á réttan kjöl og takast megi að ná föstum fjárhagslegum grundvelli.

Geri ég ráð fyrir, að úr sjóði þessum verði ekki einungis úthlutað fé til þeirra, sem laun taka samkv. launalögum. Við bætist stór hópur annarra starfsmanna, og er ætlunin að koma þeirri leiðréttingu á með þessu frv.

Væntanlega verður þetta frv. til þess að setja endurskoðun launalaganna af stað. Vitað er, að um samkeppni er að ræða milli þess opinbera og einstaklinga. Einstaklingsfyrirtæki mörg hafa lífeyrissjóð fyrir starfslið sitt og hafa keppt við ríkið á þennan hátt og með betri launakjörum. Álít ég ekki nema rétt, að ríkið geri líkt við sína starfsmenn og einstaklingsfyrirtækin og það eigi að búa svo að þeim, að það geti haldið þeim í sinni þjónustu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Lífeyrissjóður barnakennara.

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra (stjfrv., A. 509).

Á 71. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 12. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Svo sem ég drap á í niðurlagi framsöguræðu minnar um síðasta mál (frv. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins), mun ég láta þá ræðu nægja sem framsögu fyrir þessu máli, og vil aðeins leyfa mér að óska, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og til sömu nefndar og hinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

8. Virkjun Andakílsár.

Á 8. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:
Frv. til l. um virkjun Andakílsár í Borgarfjarðarsýslu (þmfrv., A. 31).

Á 9. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Það munu nú vera liðnir nærri því fjórir áratugir, síðan fyrst var hafizt handa hér á landi um notkun vatnsafls til framleiðslu rafmagns. Ég ætla, að það hafi verið Hafnarfjarðarkaupstaður, sem fyrstur reið á vaðið með virkjun lítils lækjar, sem rennur í gegnum kaupstaðinn. Þar næst kom sú virkjun, sem hér er um að ræða, á dagskrá. Í sambandi við Andakílsá hefur verið gerð fyrsta athugun, sem miðast að virkjun stærri fallvatna. Árið 1907 var Halldór Guðmundsson rafmagnsfræðingur fenginn til að athuga möguleika á virkjun fossanna í Andakílsá. Síðan lá málið nokkuð lengi í þagnargildi. Næsta skrefið var svo stigið árið 1920, þegar Steingrími Jónssyni rafmagnsfræðingi var falið að gera athugun um virkjun fossanna, en Guðmundur Hlíðdal, núverandi landssímastjóri, vann að þessu með honum. Var áætlun þeirra miðuð við það, að þarna yrðu framleidd 2400 hestöfl. Áætlunin sýndi, að hér var um sérstaklega hagkvæma aðstöðu til virkjunar að ræða. Þegar áætlun þessi var borin saman við reynslu þá, sem fengizt hefur á öðrum stöðum, þar sem virkjun hefur verið framkvæmd, t. d. við Sogsfossa og Laxá fyrir norðan, þá sést, að virkjun Andakílsár verður langódýrust, og er þá miðað við áætlun Árna Pálssonar verkfræðings. Það, hve ódýrt getur orðið að virkja Andakílsárfossa, stafar af því, hve fallhæð er þar mikil, og hinu, hversu kostnaður við stíflugerð getur orðið tiltölulega lítill, en þar felst venjulega stærsti kostnaðarliðurinn í virkjun fallvatna. — Ekki varð þó úr framkvæmdum samkv. áætlun Steingríms Jónssonar, því að þess var þá enginn kostur að afla þess fjár, sem þurfti til þess að koma upp svo miklu mannvirki. En síðan hefur orðið mikilsverð þróun á þessu sviði og ný tækni komið til sögunnar. Hefur því þótt nauðsynlegt að gera nýja áætlun um þessar framkvæmdir. Árið 1937—38 er aftur farið að vinna að málinu fyrir atbeina Mýra- og Borgarfjarðarsýslna. Árni Pálsson, sem gert hafði áætlunina um virkjun Laxár, var fenginn til að gera nýja áætlun um virkjun Andakílsár, og skyldi hún miðuð við það, að nóg rafmagn fengist handa Akranesi, Borgarnesi, Hvanneyri og nokkrum sveitabýlum, þar sem leiðslurnar liggja um. Sporið var ekki stigið stærra en þetta vegna þess, að athugun hafði sýnt, að virkjun þarna getur ekki borið sig fjárhagslega með núverandi tækni, ef rafmagnið er leitt út um dreifbýlið.

Áætlun þessi var fullgerð árið 1939. Í grg. frv. er tilgreindur áætlaður kostnaður við virkjunina og lagningu háspennulína til þeirra staða, sem ég nefndi áðan. En eftir að áætlunin var samin, gerðist sú mikla breyting, að styrjöldin skall á, og varð það til að hækka allar slíkar framkvæmdir í verði. Til þess að fá áætlun, sem líkur væru til, að fengi staðizt á þessum tímum, varð að umreikna upphaflegu áætlunina í samræmi við núverandi verðlag og kaupgjald, og er vikið að þessu í grg.

Þessar áætlanir, sem nú eru orðnar mjög háar að krónutölu, sýna þó, að kleift er að standa undir virkjunarkostnaðinum. Nú er og hægra að afla lánsfjár og kostur ódýrari lána en áður og til lengri tíma. Vegur þetta nokkuð upp á móti auknum kostnaði við allar framkvæmdir.

Nú er það að vísu svo, eftir því sem fram hefur komið síðustu daga um öflun véla og annars til virkjunarinnar, að líkur eru til, að nokkur dráttur geti orðið á því að fá þessa hluti keypta og flutta til landsins. Þó eru þær fregnir, sem borizt hafa viðvíkjandi þessu, ekki þannig, að ástæða sé til að örvænta um, að úr kunni að rætast. Að vísu hafa brugðizt vonir manna um að fá þetta til landsins á árinu 1943, en líkur eru til, að það fáist 1944. En þó að dráttur sé fyrirsjáanlegur á þessu, má það ekki verða til að aftra því, að allur undirbúningur sé framkvæmdur og hafizt handa um það sem allra fyrst.

Við flm. og aðrir, sem að þessu máli standa, vildum ekki láta fara á flot með það á Alþ., fyrr en fullkomin áætlun væri fyrir hendi. Við teljum, að Alþ. eigi heimtingu á því, þegar farið er fram á slíka ábyrgð, að þá liggi ekki aðeins fyrir fullkomin kostnaðaráætlun um framkvæmdir þær, sem um ræðir, heldur og tilboð um það, sem til framkvæmdanna þarf, svo að tryggt sé, að áætlunin sé raunhæf. Þessu skilyrði hefur hér verið fullnægt. Hefur verið svo vel og örugglega frá öllu gengið sem frekast er unnt. Áætlunin er gerð af þeim manni, sem mesta reynslu hefur um slíka hluti allra Íslendinga, og tilboð hefur auk þess fengizt í vélar, svo að því leyti liggur allt ljóst fyrir.

Hér er nú farið fram á, að Alþ. ábyrgist nokkru hærra lán en ráðgert er, að til virkjunarinnar þurfi, samkv. áætluninni um verkið og tilboði því í vélar, sem fengizt hefur. Við flm. teljum þetta nauðsynlega öryggisráðstöfun, til þess að fjárhagsgrundvellinum verði ekki kippt undan fyrirtækinu, þó að breytingar kunni að verða á verðlagi til frekari hækkunar. Samkv. áætlun Árna Pálssonar þolir verkið, að kostnaður hækki nokkuð frá því, sem gert hefur verið ráð fyrir.

Ég get tekið það fram, að áætlunin er miðuð við það, að fyrirtækið geti borið sig fjárhagslega, og er þá ætlazt til, að lán verði tekið til 25 ára og fáist með 4½% ársvöxtum. Nú er raunar ekki örvænt um það, ef ekki verður skyndileg breyting til hins verra, að lán til svo langs tíma megi fá með lægri vöxtum eða allt niður í 4%. Ég ætla, að dæmi séu til þess, að lán hafa fengizt nú að undanförnu með þeim kjörum. Það mundi þá verða til að bæta afkomu fyrirtækisins. En allir reikningar eru miðaðir við 4½% lán, eins og ég tók fram áðan.

Mér þykir ástæða til að minnast á eitt atriði enn í sambandi við þetta mál. Þegar ráðizt var í Sogsvirkjunina, sem er miðuð við 12500 hestöfl, var talið, að sú virkjun mundi geta falið í

sér leiðslu rafmagns víða út um byggðir landsins. En reynslan hefur nú sýnt, að það mundi hafa verið hið mesta glapræði að leggja háspennulínur til dæmis upp í Borgarfjörð og til annarra jafnfjarlægra héraða, því að það hefur komið í ljós, að mikið skortir á, að Sogsstöðin fullnægi þörfum Rvíkur og Hafnarfjarðar.

Það skortir svo mikið á í þessu efni, að verkfræðingarnir, sem við flm. höfum talað við um þessi mál, þeir Árni Pálsson og fleiri menn, sem þekkingu hafa á þessum málum, líta svo á, að þó að Sogsvirkjunin verði stækkuð um þessi 9000 hestöfl, líði ekki á löngu, þangað til Hafnarfjörður og Rvík þurfi á að halda meginhlutanum af þeirri orku, ef ekki henni allri, svo að það er ekkert á því að byggja, að þessi virkjun, sem nú framleiðir rafmagn handa Rvík og Hafnarfirði, verði til að bæta úr rafmagnsþörf annarra staða, jafnvel þó að þessi 9000 hestafla viðbót fáist. Það er því svo, að þegar þetta er allt athugað í sambandi við þessa þörf Borgarfjarðar, þá virðist liggja langnæst að hverfa að því að hefja virkjun við Andakílsfossa. Það er ekki gert ráð fyrir, að þessi virkjun þurfi að vera nema 6—7 þús. hestöfl til þess að fullnægja þörf Borgarfjarðarhéraðs, þ. e. a. s. Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að meðtöldu Borgarnesi og Akranesi, en nú er mjög auðvelt að fá 12000 hestafla orku frá Andakílsárfossum með tiltölulega litlum kostnaði eftir því sem kostar að framleiða rafmagn, svo að þarna mundi verða allmikið afl fram yfir þarfir héraðsins, eða 6—7 þús. hestöfl, sem áreiðanlega er hagkvæmt að taka til virkjunar og afnota fyrir nærliggjandi héruð, sem sennilega yrði þá Dalasýsla og Hnappadalssýsla og Snæfellsnessýsla að einhverju leyti.

Nú er vitað, að sú skoðun er uppi, að heppilegra sé að haga rafvirkjunarmálum í framtíðinni þannig, að tekin séu til virkjunar stór fallvötn og dreifa orkunni þaðan, heldur en að taka smærri fallvötn, sem hafa mjög takmarkaða vatnsorku. Við flm. getum vel fallizt á, að mjög sterkar stoðir renni undir þessa stefnu, því að það er vafalaust, að miðað við hestaflafjölda er ódýrara að hafa stöðvarnar færri og stærri. Kemur þar ákaflega mikið til greina, hversu stöðugt er vatnsrennslið, en skilyrðið fyrir því er, að það regnsvæði sé stórt, sem liggur að fallvatninu, sem tekið er til virkjunar, og þá eru þau fallvötn auðvitað óruggust, sem renna úr stórum og djúpum stöðuvötnum. Þetta er meginástæða þess, hversu heppilegt Sogið er til virkjunar. Það er ekki fyrir það út af fyrir sig, að þar sé svo mikið fallhæð, heldur rennur það úr stærsta og dýpsta stöðuvatni landsins, Þingvallavatni. Um Andakílsárfossana er það að segja, að þeir hafa að því leyti yfirburði yfir Sogsfossana, að fallhæð er þar miklu meiri, og um vatnsaflið er það að segja, að þar er það líka fyrir hendi, sem skapar Soginu þessa sérstöðu, því að áin rennur úr einu dýpsta stöðuvatni þessa lands, sem auk þess er allstórt, sem sé Skorradalsvatn. Þetta veldur því, að tiltölulega mjög mikill rennslisjöfnuður er í Andakílsá, auk þess sem tiltölulega mjög stórt regnsvæði liggur að upptökum árinnar. Að þessu leyti virðast því Andakílsá og Sogið vera mjög sambærileg til virkjunar í stórum stíl.

Þá er annað, sem kemur til greina, en það er lega þessara fallvatna hvors fyrir sig. Virkjun á báðum þessum stöðum getur fallið inn í sama kerfi, og það er vitanlega ákaflega mikill kostur, því að eftir þeim viðtölum, sem við flm. höfum átt við sérfræðinga í þessum efnum, þá líta þeir svo á, að það sé eðlilegur gangur þessara mála, að Andakílsá sé virkjuð samtímis því, sem stækkuð er virkjunin við Sogið, og það sé eðlileg þróun þessara mála, að í framtíðinni verði þetta sama kerfið. Þeir telja því, eins og ég hef áður tekið fram, að þessar tvær virkjanir þurfi engan veginn að rekast hvor á aðra, heldur verði þær tveir liðir í sameiginlegu kerfi. Ég vil aðeins láta þetta koma fram í sambandi við þá stefnu, sem nú er uppi um að beina átaki þjóðarinnar að þessu mikla máli, að virkja stærri árnar, að þessi virkjun brýtur ekki á neinn hátt í bága við þá stefnu, heldur er hún eðlilegur liður í framkvæmd hennar.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ástæða er til að taka fram fyrir hönd okkar flm. nú við 1. umr. Við munum að sjálfsögðu senda n., sem fær þetta mál, síðustu áætlun, sem gerð hefur verið yfir virkjunarkostnaðinn og fjárhagshlið þessa máls, til nánari athugunar í n. í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Við leggjum vitanlega höfuðáherzlu á, að þetta mál geti fengið afgreiðslu á þessu þingi, því að það er þegar hafinn undirbúningur á því af hálfu þeirra manna, sem hefur verið falin framkvæmd þessa máls heima í héraði, að afla láns til fyrirtækisins, og það er eins með þetta fyrirtæki og Laxárvirkjunina, Sogsvirkjunina og aðrar stórar virkjanir, að því verður ekki hrundið í framkvæmd, nema ábyrgð ríkisins fáist til fyrirtækisins. Þess vegna leggjum við höfuðáherzlu á, að málið geti fengið afgreiðslu á þessu þingi, svo að það verði ekki fjötur um fót þeim mönnum, sem nú eru að brjótast í að fá komið á þeirri skipan, að hægt verði að taka til við virkjunina, undir eins og rætist úr þeim erfiðleikum, sem nú eru á öflun efnis til virkjunarinnar, en vonir standa til um, að það geti breytzt til batnaðar, þó að ekki verði á næsta ári, þá á árinu 1944, og þá er vitanlega sjálfsagt að nota þær aðstæður, sem nú eru fyrir hendi um útvegun láns með góðum kjörum og afla þess láns nú, og er ekki í það horfandi, þó að borga þyrfti vexti af því láni í eitt ár eða svo, áður en beinlínis er ráðizt í fyrirtækið, en við Borgfirðingar höfum reynslu af því eins og aðrir landsmenn, að allan þann tíma, sem þetta mál hefur verið í undirbúningi heima í héraði, hefur strandað á því, að ekki hefur verið hægt að afla nægilega mikils fjár til fyrirtækisins, en þeir möguleikar virðast nú vera fyrir hendi. En til þess að hægt sé að ganga frá þeim hluta málsins, er nauðsynlegt, að Alþ. verði við þeim óskum, sem í þessu frv. felast, og ábyrgist nauðsynlega lántöku fyrir héraðið til framkvæmdar þessa máls.

Ég vil svo að lokum gera það að tillögu minni, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn. Við flm. munum svo afhenda n. þessar áætlanir, sem ég hef getið um, og vitan-

lega erum við reiðubúnir til að gefa allar upplýsingar, sem þörf er á í þessu máli, og auk þess sá verkfræðingur, sem mest hefur unnið að þessu máli, sem er Árni Pálsson.

Sigurður Thoroddsen: Hv. 1. þm. Árn. benti á það hér í gær í sambandi við málið um virkjun Laxár, að athuga bæri, hvernig sú virkjun kæmi heim við heildarskipulag raforkumála. Hann minntist á þá mþn., sem skipuð var á síðasta þingi til að athuga þessi mál, en mun enn sem komið er vera skammt á veg komin með sitt starf. Þó gat hann þess, að n. hefði helzt komið til hugar sú leið, sem farin er í Englandi og víðar, að tengja mestu raforkuverin með háspennulínu, þ. e. að tengja Laxárvirkjunina við Sogsvirkjunina. Það verður auðvitað ekki gert í náinni framtíð og kostar vafalaust hundruð milljóna, og væri auðvitað óhjákvæmilegt, að ríkið ætti slíkar línur. Hins vegar gat hann þess, að í hvert skipti, sem ráðast ætti í nýja virkjun, þyrfti að athuga, hvort hún kæmi ekki í bága við þetta framtíðarskipulag og gæti gengið sem hluti inn í þá heild. Virkjun Laxár er þannig, að hún hlýtur að verða einn liður í þessu skipulagi, en aftur á móti gæti þessi virkjun orðið til að tefja fyrir þessu framtíðarskipulagi með því að tefja fyrir línubyggingu út frá Sogsvirkjuninni. Upphæð sú, sem hér er um að ræða, er svo mikil, að mönnum hlýtur að detta í hug að óathuguðu máli, hvort ekki væri hægt fyrir hana að byggja línu frá Soginu til Borgarfjarðar. Að vísu er það fullyrt í grg., og eins tók hv. flm. það fram í ræðu sinni, að það þyki sýnt, að háspennulína frá Sogi geti ekki borið sig. Mér finnst þó ekki nægileg grein gerð fyrir þessu og nægilegan samanburð skorta á þessu tvennu. Þess þarf einnig að gæta, ef farið er út í virkjun Andakílsár, að þeirri virkjun verði hagað á þann hátt, að hægt verði síðar að fullvirkja Skorradalsvatn, svo að takast megi að nota þá miklu miðlunarmöguleika, sem til eru í því vatni, jafnvel í sambandi við Sogsvirkjunina, þannig að miðlunin í Skorradalsvatni verði notuð til þess að fullnægja mesta álagi. Ég vil aðeins benda hv. fjhn. á þetta, án þess að ég vilji að svo komnu máli á nokkurn hátt draga úr, að þetta mál nái fram að ganga.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég vildi hafa gert svo skýra grein fyrir þessu sjónarmiði í ræðu minni, sem hv. 11. landsk. minntist á, að það gæti á engan hátt komið í bága við, að þessi virkjun færi fram, enda féllu orð hans engan veginn á þann hátt, að hann vildi gera lítið úr, að þetta gæti verið rétt.

Ég held, að ég hafi ekki farið inn á það áður, sem getið er um í grg., að það er þegar búið að gera samanburð á því að virkja 2400 hestöfl í Andakílsá og leiða tilsvarandi rafmagn frá Soginu. Sá samanburður sýndi, að ekki hefðu verið eftir tekjur til að kaupa nema rúman helming af þeirri orku, sem þurft hefði frá Soginu, því að eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um rekstur Sogsstöðvarinnar, þá hefði þessi orka kostað á ári um 170000 kr., en samkv. þessari áætlun væri ekki eftir til orkukaupa nema 89000 kr., þegar gerður er samanburður á áætlunum um kostnað við virkjun Andakílsárfossa og að flytja rafmagn frá Soginu. Þessar áætlanir báðar liggja fyrir, og við flm. skulum afla þeirra handa n., svo að málið þarf þess vegna ekki að dragast. Ég hygg, að það muni almennt verða viðurkennt, líka af þeim, sem álíta, að að því beri að stefna, að stóru fallvötnin verði virkjuð og rafmagni dreift þaðan, að þessi virkjun falli algerlega inn í það heildarskipulag, svo að það þarf síður en svo að vera fráfælandi fyrir þá að afgreiða málið á þessum grundvelli. En það er vitað, að ef á að slá slíku máli sem þessu á frest, þá getur það orðið til að eyðileggja þá möguleika, sem nú má vænta, að séu fyrir hendi um öflun lánsfjár með það góðum kjörum, að þetta fyrirtæki geti borið sig. En svo þegar kemur að því að veita rafmagninu út um hinar dreifðu byggðir þessa lands, þá vita allir, að það getur ekki orðið, nema til komi beinn fjárstyrkur frá því opinbera auk ábyrgðar og láns. En einn sterkur þáttur í að hrinda þessu mikla máli í framkvæmd er að afla lánsfjár til að veita rafmagni út um hinar dreifðu byggðir landsins, og er þá fullkomlega athugavert að nota þá fjárhagsaðstöðu, sem nú er, betur en enn hefur verið gert til þess að leggja grundvöll undir þessar framkvæmdir.

Jörundur Brynjólfsson: Það eru örfá orð. — Það var réttmæt aths., sem hv. 11. landsk. kom með, að athuga þarf í sambandi við þessa virkjun, hvort hún komi í bág við það heildarskipulag, sem um hefur verið rætt á rafmagnsmálunum. En nú er það svo, að þessi virkjun getur alveg fallið inn í þetta kerfi, eins og hv. flm. tók fram. Eftir er aðeins að athuga, hvort heppilegra sé að hafa sérstaka aflstöð eða leiða rafmagnið frá Soginu, þegar frekari virkjun hefur farið þar fram. Af þessu geta menn ljóslega ráðið, hversu áríðandi það er, að Alþ. taki ákvarðanir um, hvernig á að leysa þetta mál. Fjhn., sem fær málið til meðferðar, hefur aðstöðu til að fylgjast með, hvað þessum málum líður, og ég vil vona, að hún leiti fyrir sér um það, eftir því sem föng eru á, og kynni sér allar aðstæður varðandi þetta mál, áður en ákvarðanir eru teknar. Ég skil vel, að þau héruð, sem hafa einhverjar vonir um að geta fengið þetta mál leyst, leggi sig fram um að fá raforku til nauðsynja sinna, en þannig mun það vera um öll byggðarlög landsins meira og minna, að þau vilja ráðast í framkvæmdir og undirbúning í þessu efni. Þetta er í alla staði skiljanlegt, og er ekki á neinn hátt hollt, að dráttur verði á þessum málum. Það er alveg víst, að atvinnulífi landsins er það hollast, að þessi aflgjafi komist sem víðast út um byggðir landsins, svo að ekki þurfi að flýja til þeirra fáu staða, sem þetta afl er komið til.

Það er alveg víst, að atvinnulífi Íslendinga er það hollast, að þessi aflgjafi komist sem víðast út um landið, svo að ekki þurfi að flýja frá þeim stöðum, þar sem rafmagn er enn ekki nægilegt, með allar mögulegar framkvæmdir, sem gerast skulu, og flykkjast til örfárra staða á landinu, eins eða tveggja. Slíkt er hvorki

heppilegt né æskilegt fyrir atvinnulíf landsins.

Ég vil á engan hátt leggja hinn minnsta stein í götu framkvæmda í þessu máli, en vil undirstrika það, að það má þó ekkert það gera í því, sem kemur í bága við það heildarfyrirkomulag, sem þjóðinni er heppilegast í meðferð þessara mála.

Flm. (Pétur Ottesen): Mér þykir ástæða til fyrir hönd okkar flm. þessa frv., að vera þakklátur fyrir undirtektir hv. 1. þm. Árn. (JörB), sem ég tók svo, að féllu á þá lund um það, er tekur til undirbúnings á þessum málum, að hann vildi, að það færi fram alhliða athugun á því, hvernig haga skyldi framkvæmdum yfirleitt í rafveitumálum. En athugun á þeim málum má alls ekki vera þröskuldur í vegi þess, að hæstv. Alþ. sinni slíkum málum nú sem þessu. Því að eftir því sem þetta mál liggur fyrir leikmanns augum og auk þess eftir því, á hvaða lund álit þeirra verkfræðinga, sem um mál þetta hafa fjallað með okkur flm., er um málið, þá mun niðurstaðan falla á þá lund, sem hér er gert ráð fyrir í frv., að virkjun verði þegar hafin á Andakílsfossum og að það geti fallið saman við þá stefnu, sem hér hefur verið rætt um, um virkjun stórra en fárra fallvatna. Aðferðin við þessa virkjun er áætluð þannig, að háspennulína komi til Akraness og Borgarness, og álitsgerð um þetta, sem gerð er af Rafmagnseftirliti ríkisins, skulum við sjá um, að komist í hendur þeirrar n., sem hv. 1. þm. Árn. er formaður í og nú hefur rafmagnsmálin til athugunar. Sú n. hefur einmitt samvinnu við Rafmagnseftirlit ríkisins, auk þess sem hún að sjálfsögðu ber þessi mál undir aðra sérfræðinga á þessu sviði til þess að geta aflað sér sem beztra gagna um þetta mál. Við skulum þess vegna, flm. þessa frv., leggja allar þessar áætlanir upp í hendur n., svo að ekki þurfi á því að standa, að fyrir liggi öll gögn á þessu þingi, sem hægt er að draga út frá allar nauðsynlegar ályktanir í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 16. febr., utan dagskrár, mælti

Pétur Ottesen: Ég geri ráð fyrir, að hæstv. forseti, sem á að vaka og vakir yfir gangi mála hér á hæstv. Alþ. og því, að sæmileg vinnubrögð séu af hendi innt, bæði í n., sem starfa hér í hv. þd., og líka í hv. d., hafi veitt því eftirtekt, að mál, sem snertir okkur þm. Mýra- og Borgarfjarðarkjördæma, sem vísað var til fjhn. 4. des. s. l., hefur ekki enn þá fengið neina afgreiðslu í þeirri n., svo að vitað sé. Hins vegar sé ég, að tekið hefur verið hér á dagskrá í dag frv. um svipað efni, þ. e. virkjunarmál, sem vísað var til fjhn. alllöngu seinna en því frv., sem ég ræði hér um og snertir hv. þm. Mýr. og mig. Ég held, að því frv. hafi ekki verið vísað til n. fyrr en um miðjan desembermánuð, en það virðist hafa fengið afgreiðslu í n. Það liggur fyrir þskj. um það, og það hefur verið tekið á dagskrá.

Vil ég þess vegna mjög beina því til hæstv. forseta, að hann finni skyldu sína í því að krefja n. um afgreiðslu þess máls og að dráttur verði ekki á því úr þessu. Ég vil mjög mælast til þess, fyrir hönd okkar hv. þm. Mýr. og mín, að hæstv. forseti geri gangskör að því, að þessu máli verði ekki komið fyrir kattarnef með þeim hætti, að það verði lagzt á það í n., því að það ætti að vera orðið þar fullsetið.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég ætla bara fyrir hönd n. að geta þess, að það hefur ekki verið tilætlunin að tefja þetta fossamál umfram önnur mál. Við höfum þegar afgr. hliðstætt mál, Siglufjarðarvirkjun, en það mál hefur ekki komizt á dagskrá vegna fjárlaganna og öðrum af sams konar ástæðum. En við munum sjá um að koma með nál. um Andakílsfossana það snemma, að þessi mál geti orðið nokkurn veginn samferða.

Forseti (JJós): Ég vænti, að hv. þm. Borgf. sé fullnægja gerð með þeirri yfirlýsingu, sem hv. formaður fjhn. hefur gefið, og vona, að ekki þurfi að þessu sinni meira um þetta atriði að ræða.

Á 69. og 70. fundi í Nd., 2. og 3. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 4. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 31, n. 461 og 468).

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Eins og kunnugt er öllum hv. þm., var tekin ákvörðun um það í byrjun stríðsins, að ekki skyldi leggja í mikið af stórum framkvæmdum, sem erlent efni þyrfti til, meðan stríðið stæði. Þar með voru rafvirkjanir. Þetta hefur nú breytzt að því leyti, að eftir því, sem lengra hefur liðið og ljósara hefur orðið, hve fjárhagsástæður hafa batnað á stríðsárunum, þá hefur meiri og meiri orðið ásóknin um það af hálfu hinna einstöku héraða og kaupstaða og þeirra fulltrúa að fá sem víðast aðstöðu til þess að koma rafvirkjunum í framkvæmd. Eins og kunnugt er, hefur það svo gengið á undanförnum árum, að þessi mál hafa nokkuð bundið hvert annað. Því að ef tekin væri stíflan úr um veitingu ábyrgðarheimilda fyrir vissar framkvæmdir á þessu sviði, yrði erfitt að neita sumum um slíkar heimildir, sem öðrum væri veittar, ef yfirleitt eru sæmileg skilyrði fyrir hendi. En með tilliti til þess, að hreppapólitíkin hefur sýnt sig á þessu sviði í flestum myndum á undanförnum þingum, þá var ákveðið á þinginu í sumar að setja mþn. í þetta mál til þess að koma því í eitthvert heildarkerfi fyrir landið allt, þannig að koma mætti rafmagninu sem víðast um landið. Eins og gefur að skilja, hefur þessi mþn. haft tiltölulega lítinn tíma til að starfa enn þá og taka ákvarðanir um þetta víðtæka og stóra mál. Og hún hafði kosið að þurfa ekki að skila neinum ákveðnum till., fyrr en búið væri að ganga frá heildarfrv. í þessu sambandi. Það hefur verið gengið svo hart eftir ákvörðun fjhn. varðandi rafvirkj-

anir á þeim tveimur stöðum, sem hér um ræðir, sem sé fyrir Siglufjörð og fyrir Akranes og Borgarnes, að við, sem erum samtímis í fjhn. og þessari mþn. í raforkumálum, höfum ekki séð annað fært en að skila áliti, að því er þessar rafvirkjanir snertir. Varðandi það mál, sem var verið að afgreiða hér í dag, þá lögðum við til, eins og kunnugt er, að frestað yrði ákvörðun um það þangað til frekari rannsókn yrði gerð. Þetta hefur nú meiri hl. þessarar hv. d. ekki viljað heyra og hefur knúið málið fram. Um málið, sem nú liggur fyrir, virkjun Andakílsár í Borgarfirði, er nokkuð öðru máli að gegna. Það er ekki ágreiningur um það, að þarna er góð aðstaða til rafvirkjunar, svo að sjálfsagt er að nota hana annaðhvort að öllu leyti eða einhverju leyti. En eigi að síður, þó að um þetta sé enginn ágreiningur, hvorki í fjhn. né annars staðar þar, sem ég þekki, þá er því þannig farið, að við í fjhn. höfum ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Tekur sá ágreiningur sig greinilega út í þeim nál., sem við höfum skilað, annars vegar meiri hl., — á þskj. 461, — hins vegar minni hl., sem er hv. 2. þm. Reykv., — á þskj. 468. Við í meiri hl. viljum í sambandi við þessar virkjanir, sem eru flestar stórvirkjanir, sem talað er um að ráðast í, eftir að búið er taka stifluna burt, sem sett var í byrjun stríðsins, láta marka um leið þá stefnu, sem koma skal í rafmagnsmálunum, til þess að hægt sé að hugsa sér að koma rafmagninu almennt út um sveitir landsins. Þess vegna teljum við óráðlegt, um leið og ákveðin er rafvirkjun á þessum stað, að eingöngu sé miðað við þau tvö kauptún, sem þarna eiga hlut að máli, Akranes og Borgarnes, en ekki að neinu leyti við þarfir þeirra sveita, sem í nánd eru og rafmagn frá þessum stað gæti fullnægt. Og álit okkar er það, eins og fram hefur komið í nál., að þegar farið er að koma þessum raforkumálum í fast kerfi, þá verði það naumast á annan hátt en þann, að þær stærri rafvirkjanir, sem gerðar eru, verði byggðar af ríkinu og eign þess, og allar aðallínur milli héraða verði sömuleiðis kostaðar af ríkinu, og rafmagn við hverja háspennistöð, hvort sem þær eru nær eða fjær orkukerfinu, verði selt sama verði. M. ö. o., hugsunin, sem fyrir okkur vakir, er sú, að það verði í þessum efnum farið alveg þá sömu götu eins og við höfum hér á landi farið í símamálum okkar og vegamálum o. s. frv. Þannig viljum við ákveða í þeirri löggjöf, sem sett verður í raforkumálum, hvað skuli vera ríkisleiðslur og hvaða orkuver ríkið skuli kosta og hver skuli kostuð af héruðum og einstökum sveitum og einstaklingum, sem eiga hlut að máli. Það er nú svo, að ef það hefði verið athugað, þegar fyrst var farið að leggja þjóðvegi hér á landi, hvílíkt ógnar fé það kostaði að koma vegi inn á hvert heimili á landinu, þá hefði mönnum að sjálfsögðu blöskrað. Og eins blöskrar nú ýmsum, að þjóðin þurfi að gera það átak að koma rafmagninu, þessum ákaflega eftirsóttu þægindum, inn á hvert heimili þessa lands. Á sínum tíma olli það líka mjög alvarlegum átökum og deilum hér í landi, þegar byrjað var að leggja síma um landið, og mjög stór flokkur manna taldi, að verið væri að leggja út í ófæru, framkvæmdirnar væru í algeru ósamræmi við fjárhagsgetu þjóðarinnar.

Nú er það nokkurn veginn augljóst mál, að ef á að halda áfram á þeirri leið að virkja aðeins fyrir kaupstaðina og kauptúnin, þar sem margt manna er saman safnað á litlum bletti, án þess að hugsa nokkuð um hinar dreifðu byggðir í sveitum þessa lands, þá verða alltaf minni og minni líkur fyrir því, að þessum málum sé komið í fast kerfi, þannig að um hvorn tveggja aðilann sé hugsað jöfnum höndum. Við þetta sjónarmið eru þær brtt. sniðnar, sem við leggjum fram á þskj. 461 við þetta frv.

Það er talið af þeim verkfræðingum, sem hafa rannsakað það fallvatn, sem hér um ræðir, að þar megi virkja nálægt 12 þúsund hestöfl. Og þó að ætlað sé töluvert meira rafmagn á mann en nú er notað í þeim kaupstöðum, sem rafmagn hafa, þá ætti þessi orkuforði að nægja fullkomlega fyrir þau héruð, sem við nefnum hér til að njóta raforku frá þessum stað. Við þetta er till. meiri hl. miðuð, sem við leggjum til, að sé umorðun á 1. gr. frv.

Varðandi 2. gr., sem segir, að undirbúning og framkvæmd verksins skuli miða við, að vatnsaflið allt sé virkjað, en megi þó framkvæma verkið í áföngum, eftir því sem henta þykir, þá er hugsunin sú, að gert sé ráð fyrir því nú þegar, að það eigi að virkja allt aflið, en taka verkið í áföngum. Og að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu, að byrjað verði á þeirri virkjun, sem gerð hefur verið áætlun um, sem er ekki nema 2400 hestöfl, ef það þykir ekki fært í bili að ráðast í meira. Sá verkfræðingur, sem um þetta hefur gert áætlun, telur, að þessi aðferð þurfi ekki að valda neinum baga fyrir framhald virkjunarinnar, enda þótt líklegt megi telja, að það sé heppilegt að taka þarna fyrir stærri virkjun, ef það gerir ekki röskun á þeim undirbúningi, sem þegar er hafinn.

Varðandi brtt. við 3. gr. er það að segja, að við ætlumst til, að þessi virkjun og línur, sem út af henni liggja, komi inn í heildarrafmagnskerfi landsins, þegar það verður ákveðið. Hins vegar er að sjálfsögðu eðlilegt, að þetta fyrirtæki, hvort sem það er byrjað í smáum eða stórum stíl, verði rekið sem sjálfstæð stofnun, meðan ekki er komið fast skipulag á þessa hluti á sama hátt og vegamál, símamál og vitamál o. s. frv., þannig að yfir þessi rafmagnsmál verði settur fróður maður, eins og á sér stað um þau mál, sem ég nú taldi upp.

4. gr. er um það, að það félag, sem þarna hefur hafið undirbúning með áætlun og ráðagerð um framkvæmdir, fái að sjálfsögðu endurgreiddan þann kostnað, sem það hefur lagt út í, og að hann verði talinn með stofnkostnaði verksins. Og enn fremur sú borgun, sem ríkið yrði að greiða fyrir þau vatnsréttindi, sem þarna er um að ræða, hvort sem það semdi um greiðslu fyrir þau eða það yrði að fara eftir ákvæðum vatnalaganna, sem gera ráð fyrir því, að ríkið taki undir sig eftir mati þau vatnsréttindi, sem ekki semst um.

5. brtt. fer fram á, að sett sé inn gr., sem verði 5. gr., þar sem ákveðið verði, að settar verði

upp háspennustöðvar í öllum þeim héruðum landsins, sem við ætlumst til, að orka verði leidd til frá þessu veri; og að ákveðið verði að fengnum till. viðkomandi sýslunefnda, hvar þær háspennustöðvar verði settar. Og svo hitt, að raforkan verði á öllum stöðum seld með sama verði, án tillits til þess, hvort meira kostar eða minna að leiða hana á þá staði, sem háspennustöðvarnar eru reistar á.

Það gefur auga leið, að þar með er málið ekki leyst. Því að það kostar náttúrlega gífurlegt fé að leiða raforkuna út frá þessum háspennustöðvum í hverju héraði og til hinna einstöku heimila og byggðarlaga. En það er mál, sem ekki er neitt tekið til athugunar í þessu frv., sem hér liggur fyrir, en að sjálfsögðu verður að koma löggjöf um. Og þá kemur það ekki síst til greina, hvernig framkvæmd verður hagað um styrk eða lán úr hinum nýstofnaða raforkuveitusjóði.

Þá er 6. og síðasta brtt. um það, að 6. gr. frv. verði á þá leið, að ríkisstj. sé heimilað að taka lán, sem hér er stungið upp á, að sé allt að 10 millj. kr., til byrjunar á þessum framkvæmdum. Það er að sjálfsögðu ekki hægt fram hjá því að komast, og ekki óheppilegra, að ríkið taki lán en einstakar sveitir og héruð, en ríkið hér svo ábyrgð á að fullu, eins og rétt áðan var verið að samþykkja hér í hv. deild.

Ég geri nú ráð fyrir, að það sé um þau nýmæli að ræða í þessum brtt., sem þegar hafa valdið ágreiningi, og að hann komi fram í ýmsum myndum. En ég vil biðja menn að athuga það, áður en þeir slá föstu að fella þessar brtt. frá okkur í meiri hl. fjhn., á hvern hátt þeir ætla sér að koma rafmagninu út um sveitir landsins. Eða er það virkilega, að þeir ætli að láta sér það eitt lynda, að komið sé raforkunni í þéttbýlið, til kaupstaða og kauptúna, án þess að hugsa neitt um þarfir þeirra manna, sem eru í hinum strjálu byggðum landsins?

Ég held það sé ekki að sinni ástæða fyrir mig að fara um þetta mál fleiri orðum. Ég ætla ekki að þessu sinni að ganga neitt inn á þær aths. í einstökum atriðum, sem minni hl. fjhn., hv. 2. þm. Reykv., hefur lagt fram í nál. sínu. Hann talar að sjálfsögðu fyrir skoðun sinni, og þá gefst mér og öðrum í meiri hl. tækifæri til gagnrýni.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Nd., 9. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 31, n. 461 og 468, 493).

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. — Það varð ekki samkomulag í fjhn. um þetta mál. Og ég stóð einn með því, að frv. yrði samþ. með mjög litlum breyt. Það var fyrst svo í n., þegar verið var að ræða um þetta, að það virtist ætla að verða ofan á, að meiri hl. n. legði til, að frv. þetta yrði fellt, nefnilega að það yrði ekki samþ. að virkja Andakílsfossana, heldur skyldi reyna að útvega íbúum Akraness, Borgarfjarðar og Mýrasýslu það rafmagn, sem þeir þyrftu, frá Sogsvirkjuninni. Það hafði verið leitað álits mþn. í raforkumálum viðvíkjandi þessu máli, og sú n. skrifaði álit, sem ég skal leyfa mér að lesa nokkuð úr, með leyfi hæstv. forseta. Mþn. í raforkumálum kemst að þeirri niðurstöðu, að „hagkvæmast verði að bæta úr rafmagnsþörf fólksins í þessum landshlutum (þ. e. í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og á Akranesi) með því að auka við aflstöðvarnar í Sogi og Laxá og tengja þær saman með landslínu um þau héruð, sem nefnd hafa verið". Og enn fremur segir þessi n. sérstaklega viðvíkjandi virkjun Andakílsfossanna: „Nefndin getur því ekki mælt með því, að frv. verði samþ., þar sem hún telur hagkvæmara að fullnægja raforkuþörf manna í viðkomandi héraði á annan hátt og álítur, að slíkt þurfi ekki að verða til þess að tefja lausn málsins". Það var sem sé auðséð, að mþn. í raforkumálum lagði á móti því, að þetta frv. yrði samþ. á einn eða annan veg, og byggði það á þeirri hugmynd, að nægilegt rafmagn mundi verða hægt að fá í náinni framtíð handa þessum héruðum frá Sogsvirkjuninni og frá Laxá. Ég veit ekki, hvað valdið hefur því, að n. komst á þessu stigi málsins að þessari niðurstöðu. Ég veit ekki um rök fyrir því máli. En í fjhn. var farið að ræða þessar niðurstöður mþn. í raforkumálum. Við fengum álit Árna Pálssonar verkfræðings, og var þetta rætt við hann nokkuð ýtarlega. Ég veit ekki, hvort það er afleiðingin af því samtali, að meiri hl. í fjhn., sem einnig er meiri hl. í mþn. í raforkumálum, breytir skoðun og leggur til, að horfið verði að því að virkja Andakílsfossana, en með því skilyrði, að ríkið reki virkjunina. Mér er nær að halda, að raforkumálan.. hafi bitið sig nokkuð fast þar í, að það mundi vera langbezt, ef hægt væri að virkja bara tvö vatnsföll og leggja svo bara línur frá þeim út um allt landið. Og þessi hugmynd virðist halda áfram hjá n. og móta allar hennar till. í sambandi við þessi mál. Það verður því alls ekki hjá því komizt í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, að ræða þó nokkuð almennt um þessa hugmynd, því að það er hún, sem veldur því, að meiri hl. leggur til, að ríkið reki Andakílsvirkjunina og að lagðar skuli vera línur frá þeirri virkjun norður til Strandasýslu, Vestur-Húnavatnssýslu og Austur-Húnavatnssýslu. Ég veit ekki, hvort þörf er á fyrir mig að ræða um Andakílsvirkjunina sem slíka. Ég hef í nál., sem ég hef gefið út, gert nákvæmlega grein fyrir, hvernig þetta fyrirtæki er, hve mikið vatnsafl þar er og hve tiltölulega ódýr þessi virkjun kemur til með að vera, líka meðan hún er ekki nema 2400 hestöfl. Og meðan ekki koma mótmæli gegn því, sem þar er fram sett, mun ég ekki fjölyrða um virkjunina sjálfa, heldur aðeins staðhæfa það, eins og ég þykist líka sýna fram á í nál., að þessi virkjun sé mjög heppilegt fyrirtæki og að undirbúningur allur hafi verið tiltölulega mjög vel gerður og allar áætlanir um virkjunina nákvæmlega endurskoðaðar, þannig að vissa sé fyrir því, að þetta fyrirtæki muni geta borið sig. Það er þess vegna rétt að athuga nú þegar þessa hugmynd, sem hv. meiri hl. n. kemur fram með í sambandi við þetta mál um það, að hentugra muni vera að taka Andakílsvirkjunina þannig að leiða frá henni línur til Norðurlands heldur en að leggja í virkjanir annars staðar fyrir Strandasýslu og Húnavatnssýslur. Ég álít, að þessi hugmynd hjá

hv. meiri hl. fjhn., að það ætti að nota Andakílsfossavirkjunina til þess að framleiða rafmagn fyrir Strandasýslu, Vestur-Húnavatnssýslu og Austur-Húnavatnssýslu, sé í raun og veru nýtt upplag af gömlu hugmyndinni að því að leggja línur frá Soginu til Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og frá Laxá um allt Norðurland.

Þessi leið, að hafa fáar stöðvar, en leggja frá þeim langar línur, er dýrari og um leið sú aðferð, sem er minnst örugg. Ef við ætlum að tryggja öllu landinu rafmagn, verðum við fyrst og fremst að stefna að því að hafa það sem mest og geta haft það sem ódýrast á hverjum stað og geta haft það svo mikið, að hægt sé að nota það ekki aðeins til ljósa og suðu, heldur líka til hitunar og iðnaðar. Og ef við ætlum að gera þetta, verðum við að nota sem mest af vatnsfalli okkar í framtíðinni. Það væri því heimskulegt að ætla að binda sig við að virkja t. d. tvö vatnsföll og ætla að leiða rafmagn frá þeim út um sveitir og á þá staði, þar sem ætti að nota rafmagnið. Þær leiðslur, sem til þess þyrfti, mundu verða gífurlega dýrar. Við sjáum það, ef við athugum þá leiðslu, sem til þess þyrfti að vera frá Laxá til Siglufjarðar. Við höfum líka reynslu af því, hve lítið öryggi er í því að hafa langar háspennuleiðslur. Ef verulegt óveður kemur hér, bilar háspennulínan frá Soginu. Og ekki er þá ólíklegra, að háspennulína, sem lögð yrði frá Andakílsfossum eða Soginu norður yfir Holtavörðuheiði, mundi bila, nema hún yrði grafin niður, sem yrði þrefalt dýrara. Að leiða rafmagn frá Andakílsfossum og norður yfir Holtavörðuheiði yrði því dýrasta aðferð til þess að sjá þeim þar fyrir norðan fyrir rafmagni og jafnframt sú óöruggasta, og mundi veita þeim tiltölulega lítið rafmagn og helzt til ljósa. Og það rafmagn mundi ekki geta verið tryggt vegna bilana, þegar nokkuð væri að veðri. Það, sem þess vegna væri stefnt að með slíkri aðferð, mundi vera það dýrasta og óöruggasta. Að virkja fá vatnsföll fyrir stór svæði mundi því bæði verða tiltölulega dýrt og ekki gefa nema tiltölulega lítið rafmagn, rétt til ljósa og máske ofurlítið til suðu, en mundi síðan verða til þess, að alltaf, þegar mest lægi á að hafa rafmagnið, þá þá mundu leiðslurnar bila. Þá mundi ljósið, sem menn tala um, að þurfi að lýsa upp í dimmviðrum í strjálbýlinu, slokkna, og mundi taka óratíma að gera við það, fyrir utan það, að þegar íbúum fjölgaði á þessum stöðum, yrði rafmagnið of lítið, og yrði þá að ráðast í að byggja nýjar stöðvar. Við höfum reynslu af því, að alltaf hefur verið gert ráð fyrir of litilli notkun rafmagnsins, þegar stöðvar hafa verið reistar, að það hefur aldrei verið athugað nóg, að hægt væri í framtíðinni að auka rafmagnið. Við verðum að athuga það, að hvarvetna þar, sem rafmagn er leitt, sprettur upp vegna rafmagnsins nýr möguleiki til iðnaðar, sem krefst þá rafmagns. Það spretta upp möguleikar, sem ekki er hægt að nota nema með nægilegu rafmagni.

Ég vil benda á út af því, sem liggur til grundvallar fyrir þeim útreikningi, sem a. m. k. ég lagði til grundvallar hér í nál. minu, að þegar l. um Sogsvirkjunina voru samþ., þá var gert ráð fyrir, að þaðan mætti fá 110 þús. hestöfl. Og það mun sýna sig, að í framtíðinni mun það ekki gera betur en að fullnægja rafmagnsþörf Rvíkur, vegna þess að gera má áreiðanlega ráð fyrir, að sá iðnaður, sem er í Rvík, aukist það mikið. Og jafnvel er líklegt, að það muni ekki nægja Rvík einni saman í framtíðinni. Og rafmagnið kemur til með að sýna sig að vera drýgsta og, — ef rétt er á haldið, — ódýrasta aflið í atvinnu okkar hér á landi, ef hér kemur upp verulegur iðnaður.

Gert er ráð fyrir, að í Andakílsá sé hægt að virkja 12 þús. hestöfl. Og ég álít, að íbúum Akraness, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu veiti ekki af því í framtíðinni að nota þetta rafmagn allt fyrir sig. Og ég skal nefna í þessu sambandi, að í því nál., sem „Rauðka“ á sínum tíma gaf út, var getið um, að rannsóknir á því, hvaða iðnaði væri hægt að koma upp hér á landi, hefðu leitt í ljós, að sementsgerð væri slíkur iðnaður. Og það var sérstaklega lagt til af þeirri n., skipulagsn. atvinnumála, að sementsiðnaði yrði komið upp á Akranesi. Það var gert ráð fyrir, að 550 kw. mundi þurfa til rekstrar verksmiðjunnar. En það, sem hins vegar olli því, að hætt var við þessa hugmynd eða gefizt upp við hana, var, að það, sem átti að nota til brennslunnar við þennan rekstur, var kol. Og það þótti ekki gjaldeyrissparnaður að því, eins og þá var, að koma verksmiðjunni upp þannig að nota til þess kol. Hins vegar býst ég við, ef hægt væri að nota rafmagn við reksturinn, þá mundi þurfa til slíkrar verksmiðju nokkur þús. hestöfl. Þannig að ef farið væri að koma upp sementsverksmiðju á Akranesi til þess að framleiða jafnvel megnið af því sementi, sem við þurfum á að halda, þá mundi sá rekstur taka líklega 3—4 þús. hestöfl af því rafmagni, sem hægt væri að framleiða við Andakílsfossana.

Ég býst við, að hægt væri að nefna mörg slík dæmi og fleiri staði en Akranes um það, að ef við ætlum að skapa stóriðju hér á landi, þá verðum við að nota rafmagn í stórum stíl til þess, og þá verðum við að fá sem mesta raforku á hverjum stað fyrir sig, þannig að í staðinn fyrir það, sem fyrir hv. meiri hl. fjhn. vakir, að píra rafmagninu út um allt land svo að aðeins lítið verði handa hverjum stað, lítið gagn verði að því og lítið öryggi um, að það bili ekki, en verði hins vegar dýrt, þá verðum við að stefna að því að virkja á sem flestum stöðum, þar sem það getur borið sig, og nota rafmagnið þar sem mest og gera það á hverjum stað sem allra ódýrast. Það verður þá áreiðanlega að taka þá leið, heldur en ætla sér að leggja frá Sogsvirkjuninni eða Andakílsvirkjun rafmagn til Strandasýslu, Hvammstanga og Blönduóss og sveita Húnavatnssýslna og píra því þannig, að lítið rafmagn verði handa hverjum manni og dýrt þar nyrðra, en of lítið handa Akranesi. Við eigum heldur að virkja vatnsföll í Strandasýslu og Húnavatnssýslum og skapa möguleika þar fyrir iðnað, svo að hægt verði að selja rafmagnið ódýrt, til þess að þeir, sem þar búa í þorpum og sveitum, geti haft nóg rafmagn til ljósa, suðu og hitunar.

Við verðum að gera það upp við okkur, hvort við ætlum að haga okkur eins og framsýnir menn í þessu sambandi, þ. e., hvort við ætlum

að taka tillit til framtíðarinnar eða hvort við ætlum að taka aðeins til greina augnablikshagsmuni, en ekki þörf framtíðarinnar. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 12. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson) [frh]. Ég mun hér halda áfram ræðu þeirri, er ég var byrjaður á, þegar þetta mál var síðast á dagskrá hér. Ég hafði þá að nokkru leyti gert grein fyrir afstöðu minni hluta fjhn., en það er ekki úr vegi að ræða raforkumál almennt, enda þótt það sé dálítið fyrir utan frv. Auðséð er, að hv. meiri hl. fjhn. vill marka nýja stefnu í raforkumálum, og er því eðlilegt, að þau mál séu krufin til mergjar.

Fyrsta spurningin er sú, hvernig virkja eigi vatnsafl það, sem Ísland er svo auðugt af. Raforkunefnd hefur í áliti sínu til fjhn. látið í ljós þá skoðun, að aðeins þurfi að virkja tvö vötn til þess að fullnægja raforkuþörf meginþorra Íslendinga. Þessi vötn eru Sogið og Laxá. Síðan skuli leggja háspennuleiðslur frá þessum tveimur stöðvum.

Með fullvirkjun er hægt að fá úr Soginu 110 þús. hestöfl og 28 þús. úr Laxá, eða samtals 138 þús. hestöfl.

Til þess að fullvirkja Laxá og fá úr henni 28 þús. hestöfl þyrfti að virkja hana neðar en hin núverandi virkjun er og síðan leiða orkuna vestur í Húnavatnssýslu eða suður fyrir Holtavörðuheiði, og yrði það miklum mun dýrara heldur en að virkja einhverja á í Húnavatnssýslu.

Þessa yfirlýsingu gaf raforkumálanefnd, en nú vill svo til, að meiri hl. raforkumálanefndar er einnig meiri hl. fjhn. (þrír nm. hinir sömu), og nokkrum dögum eftir umrædda yfirlýsingu raforkumálanefndar, þá skiptir hún um skoðun, þá meiri hl. fjhn., og leggur nú til, að Andakílsá verði virkjuð, en áður hafði hún verið mótfallin því, og vill eins og áður, að ríkið virki.

Nokkrum dögum eftir að þetta gerðist, birtist grein í Tímanum, en Tíminn lætur þessi mál mjög til sín taka. Greinin var þess efnis, að nú væri ekkert á móti því að virkja jafnvel fleiri vötn en þessi þrjú, þ. e. Sogið, Laxá og Andakílsá, en aðalatriðið væri, að ríkið virki. Á þessu sést, að ekki er lengur að byggja á áliti raforkunefndar, því að hún hleypur úr einu í annað.

Mér finnst ópraktiskt að veita rafmagni með löngum leiðslum og dýrum og vil spyrja hv. meiri hl., hvort hann mundi halda fast við þá skoðun sína að veita orku frá Andakílsárvirkjuninni yfir í Stranda- og Húnavatnssýslur, og ef till. kemur fram hér á Alþ. um að virkja heldur einhverja á í Stranda- eða Húnavatnssýslu.

Ef stefna meiri hl. yrði upp tekin í þessum málum, þá yrði rafmagnið allt of lítið og allt of dýrt fyrir landsmenn. Of lítið, vegna þess að gera má ráð fyrir, þegar Andakílsá verður fullvirkjuð, að þá rísi upp alls konar verksmiðjur, og þá mundi sú saga endurtaka sig, sem svo oft áður, að annaðhvort þyrfti að leita nýrra virkjana eða neita mönnum um að nota rafmagn í þessu skyni. Ef horfið yrði að hinni fyrrnefndu leið, þá mundi hún mjög dýr, og vinna og peningar hefðu farið til ónýtis í byrjun. Nei, það á að taka upp þá stefnu að virkja mörg vötn og nota alla þá orku, sem til er. Þá yrðu leiðslurnar styttri og rafmagnið ódýrara.

Slíkt skammsýni sem fram kom hér á landi, þegar vegir voru fyrst lagðir, má ekki endurtaka sig í þessu máli. Þá var gert ráð fyrir, að vegir yrðu aðeins fyrir hestvagna. Síðar hefur komið í ljós, að bifreiðir eiga sér framtíð hér, og hefur því orðið að breikka vegina. Við verðum að gera ráð fyrir því, að framfarirnar á komandi tímum verði eigi síður umfangsmiklar en á síðari árum. Rafmagnið á að vera grundvöllur undir iðnaði Íslendinga, og þess vegna verður það að vera ódýrt og nóg af því, og því marki verður aðeins náð með þeim ráðum, er ég hef bent á.

Ég vil þess vegna endurtaka það, að það á að virkja fleiri vötn en tvö eða þrjú, eins og meiri hl. leggur til, því að allt afl í ám Íslands þarf að nota til hins ýtrasta.

Hugmynd raforkumálanefndar um langar leiðslur er góð í einu tilliti, þ. e. til útjöfnunar. Útjöfnun er e. t. v. ekki gott orð, en það sem ég meina, er það, að ef svo er háttað, að orka einhverrar stöðvar er lítið notuð vissan tíma dags, svo að hún er meira en nægileg, en á sama tíma notar önnur stöð meiri orku en hún getur annað, að þá verði afgangsorku hinnar fyrrnefndu stöðvar veitt til hinnar síðarnefndu.

Þá er sú hin mikla spurning, hver eigi að virkja. Raforkumálanefnd heldur því fram, að bezt sé, að ríkið reki allar virkjanir á Íslandi héðan af.

Nú ber fyrst að geta þess, þegar þetta mál er athugað, að ríkið hefur með vatnal., eins og rétt er og eðlilegt, tekið sér yfirráð yfir vatnsorku landsins. Þingið ræður algerlega, hvernig farið er með þessa virkjun. Það ræður, hvernig virkjað er, og getur í því sambandi sett sín skilyrði. Ríkið hefur sem slíkt algerlega í sínum höndum að ráða, hvernig raforkumálum er háttað, og það hefur alltaf, bæði með möguleikum til þess að setja l. og á annan hátt, í hendi sinni að skipuleggja þessi mál á þann hátt, sem því þykir heppilegast. Spurningin er það, hvernig ríkið vill hafa stefnuna. Vill það stefna að því að hagnýta raforkuna sem bezt og fyrst fyrir þjóðina, eða vill það setja frá sjónarmiði einhverra stétta skilyrði í sambandi við þetta? Vill það tryggja, að verkaskiptingin verði sem mest á milli aðila og sem bezt hagnýtt, eða vill það eiga það undir mismunandi framtakssömum ríkisstjórnum, hvernig raforkumálin eru framkvæmd? Ég vil taka það fram, að ég efast um, að þessum málum væri eins langt komið og þeim er, ef þau hefðu átt að vera framkvæmd af ríkisstj. Það eru bæjarfélögin, sem hafa sýnt lofsvert framtak í þessum málum, og það hefur sýnt sig eftir reynslunni, sem fengin er, að það er gott og heppilegt,

að þessi félög geti haft sérréttindi til þess að leggja í virkjanir eins og Sogsvirkjunina og Laxárvirkjunina og aðrar slíkar, og ég vil segja það, að ef sú stefna, sem meiri hl. fjhn. nú aðhyllist, hefði ráðið árið 1930, væri ekki komið eins langt í þessum málum og nú er. Ég ætla ekki að rifja upp sögu Sogsvirkjunarinnar í þessu sambandi, en það er hægt, ef vill. Það er hið opinbera, sem hefur rekstur raforkumála á Íslandi, en ég vil geta þess, að það eru sveitarfélögin og bæjarfélögin, sem fyrst og fremst hafa unnið að þessu í umboði þjóðarinnar. Með vatnal. er gert ráð fyrir, að bæði ríki, bæir, sveitarfélög og enn fremur orkuveitufélög geti komið upp slíkum orkuveitum. Þessi orkuveitufélög eru, eftir því sem ég bezt veit, nokkurs konar samvinnufélög. Þeir, sem settu þessi l., hafa ekki viljað banna samvinnufélögum að vinna raforkuna. Þeir hafa ekki viljað banna samvinnufélögum að beita sér fyrir þessu, ef bæjarfélögin sýna ekki áhuga fyrir áhugamálum fólksins. Ég álít það fyrirhyggju, sem kom fram í þessu. Ríkið tók til athugunar fyrir nokkru, hvernig ætti að koma raforkunni út um sveitirnar. Það var tekin sú ákvörðun að mynda raforkumálasjóð og safna fé til þess að bera hallann af því að koma raforkunni til þeirra landshluta, sem varla var hægt að búast við, að borgaði sig að koma raforkunni á. Ríkið tók á sig að leggja fram nokkrar millj. í þessu skyni og síðan ½ millj. á ári til þess að ýta undir þetta.

Viðvíkjandi því, hvernig eigi að virkja fossa á Íslandi, álít ég, að það eigi að vera eins og verið hefur, að hið opinbera eigi að vinna að því í umboði þjóðarinnar, og til þess að framtak hinna ýmsu aðila fái notið sín sem bezt, eigi þetta að vera rekið jöfnum höndum af hálfu bæjar- og sveitarfélaga, og eins geti komið til mála, að samvinnufélög, sem fengjust til slíks, gætu fengið einhverjar virkjanir eða leiðslur. Á þennan hátt held ég, að bezt notist áhugi og fórnfýsi landsmanna á hinum ýmsu stöðum landsins, enda er umhyggja fyrir fyrirtæki meiri, þegar það er rekið af staðnum sjálfum. Við skulum athuga, hver afleiðingin verður, ef farið er að segja við Borgfirðinga: „Ríkið ætlar að sjá um þetta. Þið þurfið ekki að vera að því.“ Afleiðingin verður sú, að menn sjá, að þeir þurfa ekki eins mikið á sig að leggja, því að það er í öllum tilfellum ríkið, sem rekur þetta. Halda menn ekki, að hver um sig leggi meira á sig, ef bæjar- og sveitarfélögin reka þetta, en ef það er ríkið sjálft? Ég held, að ef menn einbeita sér að raforkumálum hér á Íslandi, sé hægt að fá miklu meiri kraft á að koma þessu upp, svo framarlega sem rétt er farið að. Það stendur að vísu vel á núna fyrir ríkinu með að hlaupa undir bagga með ábyrgðir og slíkt, vegna þess, hve ríkið er ríkt, en það er ekki víst, að alltaf standi svo á, að ríkið treysti sér til að láta 90—100% ábyrgðir. Það getur verið, að ríkið verði að segja við bæjar- og sveitarstjórnirnar: „Nú verðið þið að leggja fram svo og svo mikið.“ Ég álít, að kraftana þurfi að hagnýta sem bezt, og ég álít hagsmuni fólksins betur tryggða, ef bæjarstjórnirnar gera þetta sjálfar en ef ríkið gerir það. Það er reynsla fyrir því, að ríkið hefur verið miskunnarlausara í álagningum sínum á nauðsynjar fólksins en bæjar- og sveitarfélögin. Ríkið hefur tvöfaldað það, sem það hefur haft með að gera á ýmsum tímum, þegar ekki hefur verið þörf á því, á sama tíma og bæjarfélögin hafa sýnt sig í því að láta verðmætin af hendi tiltölulega ódýrt. Ríkið hefur tvöfaldað símgjöldin, en rafmagnið hér í Reykjavík hefur lítið hækkað. Ef raforkumálunum hefði verið stjórnað frá sama sjónarmiði og símamálunum, hefðu rafmagnsgjöldin hér tvöfaldazt og meira til.

Viðvíkjandi því, hver eigi að virkja, álít ég, að halda eigi áfram þeirri stefnu, sem byrjað hefur verið á, að sveitar- og bæjarfélögin eigi að fá að leggja sig fram, en fá aðstoð ríkisins. Hins vegar vil ég, að ríkið geti á hverjum tíma, sem það vill, bæði tengt saman þessi orkuver og sett heildarlöggjöf um þau, ef það telur þess þörf, og tryggi þannig og skipuleggi þessi mál sem bezt án þess að koma í veg fyrir eðlilegan gang þeirra, en það álít ég, að vaki fyrir meiri hl. fjhn. með þeirri till., sem hún flytur núna, því að það er vitanlegt, að árangurinn verður sá, að ekki er haldið áfram með undirbúning pantana. Undirbúningur, sem gerður hefur verið, er ónýtur, og gera verður nýjar áætlanir um rafmagn fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Strandasýslu, Vestur-Húnavatnssýslu og Austur-Húnavatnssýslu, og á meðan á þessu stæði, væri virkjunin drepin. Nú hefur komið fram sú merkilega hugmynd frá mönnum, sem standa að meiri hl. fjhn., að hér sé um að ræða að styrkja einkabrask í rafmagnsmálum, svo framarlega sem ríkið tekur ekki fram fyrir hendurnar á þeim sveitum, sem standa að Andakílsvirkjuninni, á þeim grundvelli, að það ætli að sjá fyrir rafmagni til Húnavatns- og Strandasýslu. Þessir menn tala um einkabrask í rafmagnsmálum á Íslandi, á meðan ríkið taki þau ekki í sínar hendur. Ég vil spyrja þessa menn: Álíta þeir allan bæjarrekstur á Íslandi einkabrask? Það hefur hingað til verið skilið svo, að einkabrask væru fyrirtæki, sem einstaklingar legðu í. Það eru til fyrirtæki, sem Framsfl. sérstaklega ber fyrir brjósti, samvinnufélögin, og ég vil spyrja þá: Hvað er Samband íslenzkra samvinnufélaga og KEA? Eru þau ekki einkabrask? Hvers konar hugsunarháttur er hjá þeim mönnum, sem kasta því fram, að það sé einkabrask, ef bæjarfélögin eiga fyrirtækin og reka þau? Hvernig geta þeir menn, sem halda því fram, að bæjarreksturinn sé ekki nógu opinber rekstur, hvernig geta þeir látið það viðgangast, að 30—40 menn reki alla togara landsins, sem öll afkoma landsins byggist á, miklu meira en á raforku landsins. Ég vil spyrja þá menn, sem halda því fram, að Sósfl. sé genginn í þjónustu einkabrasksins, — ég vil spyrja þá, hvort þeir muni samþykkja það, ef komið verður með frv. um það hér í þinginu á morgun, hvort þeir samþykki að leggja alla togaraútgerðina undir ríkið. Það er aðeins vegna framsóknarmanna, sem ég spyr að þessu. Mig langar til að fá svar. Mig langar líka til að spyrja Framsfl. og ekki sízt fyrri þm. Árn.: Hvernig í ósköpunum stóð á því, þegar átti að beita sér fyrir því, að samþ. væri sérleyfi fyrir því að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokks-

eyrar? Í 1. gr. stendur: „Ríkisstj. er heimilt að veita sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsstöðinni til Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar og til þeirra fyrirtækja og sveitabýla í Árnessýslu, sem þannig eru sett, að unnt er kostnaðar vegna að veita rafmagni til þeirra, og einkarétt til sölu á þessu svæði". Og í 3. gr. stendur: „Skilyrði fyrir sérleyfi og hlunnindi sérleyfishafa til handa eru þau, er nú skal greina: Að stofnað verði félag til að veita rafmagni og reka fyrirtækið, sem hafi hæfilegt stofnfé að dómi ráðuneytisins og ráði yfir a. m. k. 900000 kr. til framkvæmdanna". Hvernig í ósköpunum datt þessum form. raforkumálan., 1. þm. Árn., í hug að leggja fram till. um, að stofnað yrði félag, einkabrasksfélag, með 900 þús. kr. kapítali til þess að leggja línu til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar? Hvers vegna kom hann ekki með frv. um, að ríkið ætti að leggja þessa línu? Hvernig datt honum í hug að ganga í þjónustu einkabrasksins? Vonandi var það ekki eingöngu í þjónustu kaupfélagsins. Ég spurði, þegar frv. kom fram, hvaða aðilar það væru, sem að því stæðu, og þegar ég heyrði, að það voru sveitarfélögin og hreppsfélögin, fannst mér eðlilegt, að þau hefðu áhuga fyrir að fá rafmagn og mundu reyna að útvega sér fé í því skyni, og það kom ekki ein einasta rödd fram í þinginu um það, að það væri eingöngu ríkið, sem ætti að gera þetta. Hvernig stendur á þessum umsnúningi eftir það fordæmi, sem þessir menn hafa beitt sér fyrir? Ég á alveg eftir að fá allar upplýsingar um það.

Þá ætla ég að koma að því, sem ég býst við, að komi aðallega til umr. í sambandi við þetta mál, og það er spurningin um það, á hvern hátt og með hvaða skilyrðum sé hægt að koma rafmagninu til þeirra, sem búa í sveitum og búa þar framvegis. Ég held, að spursmálið um rafmagnið til handa sveitunum verði ekki leyst öðruvísi en í sambandi við það, hvernig við eigum að halda landbúnaðarframleiðslunni gangandi og hvernig við getum komið rekstrarháttum þannig fyrir, að tryggðir séu möguleikar þeirra manna, sem í sveitunum búa. Ég álít það ekki hægt nema með því að tryggja þeim miklu meiri viðskipti en þeir hafa haft fram að þessu. Það þarf að skapa þeim nýja möguleika fyrir fjölbreyttari framleiðslu en nú er. Byggðin þarf að flytjast til með það fyrir augum, hvar auðveldast sé að reka búskap. Menn vita, hvernig byggðin er til orðin í byrjun, að mestu leyti fyrir tilviljun, og sum af þessum býlum hafa lagzt í eyði, sumpart fyrir tilviljun, vegna þess að menn gátu ekki búið þar lengur, og sumpart af náttúrunnar völdum. Möguleikarnir fyrir landbúnaðinn álít ég, að liggi fyrst og fremst, og svo að segja eingöngu, í innanlandsmarkaðinum. Framtíð hans byggist á því, að það búi svo margir við sjávarsíðuna, að þeir geti keypt þær vörur, sem bændur framleiða, og borgað þær. Landbúnaðurinn þarf að skoðast sem liftrygging landsmanna, þannig að það sé tryggt, að honum sé haldið uppi, og það hlýtur fyrst og fremst að vera gert með viðskiptum landsmanna. Framtíðarmöguleikarnir liggja fyrst og fremst í því, að margt fólk búi við sjávarsíðuna, og að skapa aukna kaupgetu hjá því fólki. Möguleikarnir liggja í því að framleiða það, sem við þurfum, en ekki í því að fjölga fólkinu í sveitunum. Við eigum að skapa því fólki, sem í sveitunum býr, meiri lífsmöguleika og við eigum að gera það með því að láta það fá betri vélar og aðstöðu til þess að nota þær vélar. Við þurfum að fá miklu meira af ræktuðu landi, þar sem hægt er að nota vélar, og því léttari sem reksturinn verður, því færra fólk þarf við hann. Við skulum horfast í augu við það, að það er hægt að fá mörgum sinnum meiri afköst fyrir mörgum sinnum minna verð með því að nota vélar, og það getur ekki verið nema skammur tími þangað til afköstin aukast enn, vegna þess að tæknin vex. Ég hef ekki fyrir hendi skýrslur um það, hve framleiðslan hefur aukizt mikið, þrátt fyrir það að fólkinu hefur fækkað í sveitunum, og það liggja heldur ekki fyrir skýrslur um það, hve mikið hún getur aukizt, ef við tryggjum bændunum nægilega mikið af vélum og nægilega mikið af landi til þess að vinna á.

Það leiðir af sjálfu sér, að um leið og unnið er að því að nota vélar meira, þarf að leggja áherzlu á, að þær jarðir, sem ræktaðar eru, liggi hver nær annarri til þess að geta hagnýtt sér þær. Spurningin er sú, hvort við ætlum að láta eyðinguna ganga fyrir sig, eins og áður hefur verið, með öllum þeim kvölum, sem það hefur kostað, eða hvort við ætlum að hlaupa undir bagga og létta undir með þeim mönnum, sem landbúnaðinn stunda. Spurningin er, hvort við ætlum að gera landbúnaðinn að lífvænlegum atvinnuvegi eða hrekja bændurna úr sveitunum eins og að undanförnu. Ég álít ekki þörf á að auka kvikfjárræktina frá því, sem nú er, en að fremur beri að snúa sér að öðrum greinum landbúnaðarins, og hljóta þá breyttar aðferðir að standa í beinu sambandi við framtíð landbúnaðarins.

Rafvirkjun í sveitum verður tiltölulega auðveld í þéttbýli. Það atriði, sem fyrir liggur, er, hvort við eigum, áður en horfið er til þessarar pólitíkur, að vera búnir að láta leggja vegi til bændanna, sem e. t. v. koma til með að liggja um auðnir, síma, rafmagn, byggja hús o. fl. og iþyngja íslenzkum landbúnaði og eyða peningum að meira eða minna leyti til ónýtis, sem kæmu að stórskostlegu gagni, ef þeim væri varið öðruvísi. Þegar lagt var út í þá pólitík 1927 að styrkja íslenzkan landbúnað, — og það var að sjálfsögðu út af fyrir sig eðlileg pólitík —, var sá galli á, að frá byrjun var byggt á þeim grundvelli að halda byggðinni í sveitunum alveg eins og hún er. Nú á auðsjáanlega að halda áfram á sama hátt. Ég vil minna á allt, sem hefur verið talað um, hvernig færi fyrir landbúnaðinum, hvað erfitt væri fyrir bændur, að þeir skyldu hafa lagt í að byggja hús, og hvernig þeir flosnuðu upp vegna húsanna. Er þetta af því, að það sé ekki réttmætt, að íslenzkir bændur eigi hús til að búa í? Nei, það er vegna þess, að það hefur ekki verið tekið tillit til þess, hvað væri hentugast fyrir landbúnaðinn. Mitt álit er, að nú sé kominn tími til að endurskoða þessa pólitík og að ekki sé haldið áfram með rafmagnsmálið, fyrr en við erum búnir að koma okkur niður á, hvernig stefnan á að vera.

Hv. þm. A.-Húnv. minntist á, að það ætti jöfnum höndum að raflýsa bæi og sveitir. Það vakir auðsjáanlega fyrir meiri hl. fjhn. að knýja þetta fram, þessa pólitík, til að viðhalda dreifbýlinu, hvað sem það kostar. Hvað hefði verið sagt 1906, þegar fyrst var verið að leggja hér síma, ef því hefði verið haldið fram, að ekki ætti að vera sími, nema hann kæmi bæði í bæi og sveitir? Það hefði ekki verið skynsamlegt, og því hefði ekki verið tekið vel. Það eitt er eðlilegt, að byrjað sé á framkvæmdum á stöðum, þar sem þær borga sig bezt, og þar sem, hvað rafmagnið snertir, skapast mestir möguleikar til að framleiða raforku ódýrara og ódýrara. Hvað hefði verið sagt, þegar byrjað var að leggja þjóðvegi, ef það hefði verið gert að skilyrði, að þjóðvegur skyldi lagður um hverja sveit? Þessi pólitík hefur aldrei verið rekin í stórframkvæmdum á Íslandi, og er ekkert vit að taka hana upp í raforkumálunum.

Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að það væri krafa þeirra, sem byggju í sveitum, að fá rafmagn. Allir væru jafnréttháir. Ég vil undirstrika það, að allir eru jafnréttháir, líka um kosningarrétt, og mér þykir vænt um að heyra, að hv. þm. hefur lært svo mikið á einu ári, síðan kosningamálið komst í höfn. Við skulum halda fast við þetta jafnrétti og framkvæma það, eftir því sem í okkar valdi stendur. Við skulum koma að öðrum sviðum. Allir hafa sömu kröfu til þess, að þau lífsþægindi, sem þjóðfélagið getur veitt þegnum sínum, verði látin þeim í té. Allir landsmenn hafa sama rétt til að ráða yfir togurunum og Kveldúlfur, allir hafa sama rétt til að búa í „villum" eins og Jónas, allir hafa sama rétt til að eiga t. d. ísskápa til matvælageymslu. En til þess að framkvæma þennan rétt þarf að kippa burt þeim óréttláta grundvelli, sem þjóðfélagið er byggt á og Framsfl. vill halda við. — Samkv. skilningi hv. þm. V.-Húnv. er það eingöngu fólk í kaupstöðum, sem nýtur lífsþæginda. En samkv. jafnréttiskröfu hv. þm. eiga börn í kaupstöðum líka heimtingu á grænum bletti í kringum sig eins og börn í sveitunum og til þess að anda að sér hreinu lofti og drekka almennilega mjólk.

Ef við ætlum að fara út í heimspekilegar viðræður um jafnrétti, get ég sagt fulltrúum sveitanna það, að þeir mega vera vissir um, að þeir, sem í bæjum búa og njóta rafmagnsins, fara líka á mis við það, sem e. t. v. er nauðsynlegra en rafmagnið, og fyrir þann flokk, sem hefur hindrað það, að hér væri hægt að byggja nóg, þýðir ekki að tala um jafnrétti. Þeir bera ábyrgð á kjallaraíbúðunum hér í Rvík. Ef á að fara út í síðferðilegar hugleiðingar, þýðir ekki að gera það bara á aðra hliðina. Við verðum að taka hlutina praktiskt, þannig að við heimtum ekki í krafti orðagjálfurs gerbreytingar, sem ekki eiga við fjárhagsleg rök að styðjast.

Hv. meiri hl. fjhn. gerir þrennt að skilyrði: Að ríkið reki raflýsingu landsins, að Sogsvirkjunin verði notuð til að raflýsa landið allt og að sveitirnar verði raflýstar jöfnum höndum og bæirnir. Ég vil að endingu benda hv. meiri hl. á, að með þeim rétti, sem ríkinu er gefinn, getur það gert þetta allt, án þess að fá l. í viðbót. Ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upphaf 7. gr. úr l. um virkjun Sogsins: „Þegar auka þarf virkjunina fram yfir það, að fallvatnið sé virkjað til hálfs, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við bæjarstjórn Reykjavíkur um aðra tilhögun. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði eigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaflsins móts við það vélaafl, er fyrir var, og eigandi að helmingi, þegar fallvatnið er fullvirkjað". Ríkið tryggði sig með 7. gr. l. um virkjun Sogsins, að það ætti helminginn af öllu afli þar. (SkG: Vill þm. nota þann rétt?) Það eru yfir 50 þús. hestöfl, sem ríkið á rétt sinn til. Ef áætlun meiri hl. fjhn. og raforkumálan. er rétt, er hægt, um leið og Sogið er virkjað til fulls, að tryggja þetta rafmagn handa sveitunum. Ég vil ekki láta leggja stein í götu þess, að Akranes og Borgarnes geti fengið að virkja Andakílsá. En það er til heimild til þess að virkja allt það afl, sem sveitirnar þurfa, og meira en þessi 300 kw. á mann, sem raforkumálan. hefur reiknað út. Ég álít, að það væri ópraktiskt og seinunnið og komist fyrr upp með því að leyfa virkjun Andakílsár, og þess vegna beri að hjálpa til, að víðar sé hægt að ráðast í slíkt.

Pétur Ottesen: Ég vil láta í ljós hryggð okkar flm. út af því, að afgreiðsla þessa máls skyldi hafa þurft að valda ágreiningi nú. Okkur flm. virðist, að málið sé þess eðlis og feli í sér svo merkilega lausn, það sem það nær, að það sé nær óskiljanlegt, að ekki skuli geta orðið um það samkomulag á Alþ. Við höfum þá reynslu af hagnýtingu rafmagns hér á landi, að okkur er ljóst, hve stórkostlega mikils virði það er. Það, sem hefur hindrað Íslendinga frá hagnýtingu þess, er það, hvað geta okkar hefur verið takmörkuð. Nú er það svo um Andakílsvirkjunina, að samkv. útreikningum, sem í öðrum hliðstæðum tilfellum hafa verið teknir gildir, er fjárhagslegur grundvöllur undir henni öruggur og aðstæður þannig, að þarna er hægt að framleiða það ódýrasta rafmagn, sem enn er á Íslandi. Þess vegna er það kynlegt, — og við hörmum það mjög, flm. —, að átök skuli þurfa að skapast um málið. Það er eins og það spor, sem stigið var s. l. sumar og átti að verða til framdráttar fyrir framkvæmd rafveitumálanna hér á landi, hafi blandazt inn í þetta frv. með óheppilegum hætti, því að þetta kemur ekki í bág hvað við annað. Af því að þetta hefur viljað svona til, að þessu er blandað saman, vil ég brýna fyrir mönnum, hversu mikill bakhjarl sveitabúskapurinn er fyrir þjóðina í heild, og einmitt af því, að lausn rafmagnsmálsins fyrir dreifbýlið er svo þýðingarmikil, en framkvæmd þess hins vegar ákaflega dýr og erfið, gefur það okkur sérstaka aðvörun um, að þegar á að fara að leggja grundvöll að þeirri framkvæmd, sé ekki hrapað að því að slá neinu föstu, fyrr en gaumgæfileg rannsókn hefur farið fram um grundvöll málsins. Mér skilst, að áður en tekin er ákvörðun og gengið frá málinu með l. á Alþ., þurfi með nákvæmum rannsóknum að vera búið að ganga úr skugga um nokkur ákveðin atriði; í

fyrsta lagi að gera samanburðaráætlanir, í öðru lagi vita kostnað við að virkja beztu og hagkvæmustu fallvötn í hverju héraði og í þriðja lagi vita, hvað leiðslur kosta út frá þessum fallvötnum. Þetta er sú athugun, sem þarf að gera annars vegar, en hins vegar, hvað virkjun stærstu fallvatna landsins kostar á hvert hestafl, og hvað kosta hinar löngu og dýru leiðslur milli sýslna og landsfjórðunga. Það er ekki hægt að slá föstu, hvort ódýrara sé, fyrr en rannsókn hefur farið fram á hvoru tveggja.

Enn kemur til greina samanburðurinn á öryggi þess að dreifa leiðslum um hvert hérað fyrir sig eða dreifa þeim frá stórum orkuverum, þar sem línurnar verða að liggja um fjöll og firnindi. Við þekkjum, hve erfitt er að halda uppi símalínum um fjallabyggðir og heiðalönd hér í snjóþyngslum. Þetta hefur orðið til þess, að gripa hefur orðið til þeirra ráða að taka upp línur og staura og grafa leiðslurnar í jörðu. Með þessu móti verður símalagningin miklu dýrari en ella.

Mér er sagt, að ef leggja yrði rafmagnsleiðslur í jörðu í stað þess að leiða rafmagnið á staurum, þá yrði það 4—5 sinnum dýrara á hvern kílómetra. Þetta er því mjög mikilsvert undirstöðuatriði, þegar rætt er um að koma rafmagnsleiðslum um dreifbýlið. Annað, sem bætist við, er það, að með héraðsvirkjunum er hægt að komast af með miklu lægri spennu. Mér er sagt, að það sé hægt að komast af með 20 þúsund volta spennu fyrir 80—100 km. leiðslur. En eftir því sem leiða þarf lengri leiðir, þarf spennan að hækka. Það þarf 60 þús. til 132 þús. volta spennu, eftir því, hve langt þarf að leiða rafmagnið. Nú er kostnaðarmunurinn geysimikill eftir því, hversu há spennan er, sem þarf að framleiða. Mér er sagt, að á hvern kílómetra kosti 132 þúsund volta spenna 80 þúsund krónur, en 60 þús. volta spenna 40—50 þús. kr. En 20 þús. volta spenna aðeins um 30 þús. kr. Þess vegna er þessi kostnaðarmunur eitt undirstöðuatriðið, sem taka þarf tillit til, þegar slá á föstu, hvaða leiðir eigi að fara.

Einn liður enn, sem skiptir miklu máli, þegar rætt er um, hvort byggja skuli eina stóra eða fleiri litlar stöðvar, er það, að það þarf dýrari afspennistöðvar, þegar færa á — segjum t. d. 132 þúsund volt niður í 20 þús. volt og síðan niður í notendaspennu. Þá kemur mikill munur fram í því, hve miklu kostnaðarsamari þessir spennibreytar eru.

Þetta eru þá allt mikilsvarðandi atriði, sem gera þarf á ýtarlegar rannsóknir, áður en bundið er í löggjöf, hvernig þessum málum skuli háttað.

Það er mjög eðlilegt, að mþn. í rafmagnsmálum, sem ekki settist á rökstóla fyrr en í haust, sé ekki enn þá búin að afla sér þeirra nauðsynlegu gagna, sem hún þarf að fá til athugunar og samanburðar, áður en hún getur gefið endanlega álitsgerð um það, hvernig þetta vandamál verði leyst á hagkvæmastan hátt. Þess vegna harma ég það, að n. skuli hafa látið frá sér fara það plagg, sem meiri hl. fjhn. hefur notað sem átyllu fyrir brtt. þá, sem hún hefur gert við frv., eins og við lögðum það fram, þar sem slegið er fram, að farin sé ákveðin leið, án þess að rannsóknir n. séu fullgerðar og hinar endanlegu niðurstöður hennar liggi fyrir.

Ég get fullvissað hv. Alþ. og hv. meiri hl. fjhn. um það, að við flm. þessa frv. viljum ekki stíga neitt spor, sem gæti valdið erfiðleikum um úrlausn þessa mikla máls — veitingu raforku til dreifbýlisins. Þess vegna vildi ég óska, fyrir hönd okkar flm. þessa frv., að hv. fjhn. vildi tala við okkur nánar um málið áður en nokkru er slegið föstu. Og ég vil fullvissa fjhn. og hv. Alþ. um það, að samþykkt þessa frv. getur ekki orðið þröskuldur í vegi fyrir því, að rafmagni geti verið dreift út um sveitir landsins. Þvert á móti mundi samþykkt þess verða til þess að flýta fyrir því.

Við flm. þessa frv. höfum skrifað tveimur þeirra manna, sem mest allra manna hérlendra hafa fengizt við þessi rafmagnsmál, að undanskildum formanni Rafmagnseftirlits ríkisins, sem nú dvelur í Ameríku og við náðum því ekki til. Við höfum leitað álits þeirra um þessi mál og þessa stefnu, sem hér er um að ræða. Ég skal ekki hér á þessu stigi málsins — og ekki fyrr en ég heyri undirtektir fjhn. um að ræða við okkur um þessa brtt., sem hér um ræðir, — fara að lesa langa kafla úr þessum bréfum. En þau fela í sér, að nákvæmar rannsóknir á undirstöðuatriðum þessa máls verða að vera fyrir hendi, áður en nokkru er slegið föstu um fyrirkomulagið. En þau sýna, að héraðsvirkjun er ódýrari og hagkvæmari lausn á rafmagnsmálum sveitanna, a. m. k. fyrst til að byrja með.

Þá gefur annar þessara manna í bréfi sínu nokkrar upplýsingar um, hvernig stendur á um aðstöðu til virkjunar ýmissa fallvatna annarra en Andakílsár. Þetta eru fallvötn í báðum Húnavatnssýslum og Strandasýslu. Þessar upplýsingar eru mikilsverðar í þessu máli, og vildi ég láta koma hér fram, hvað sagt er um aðstöðu til virkjunar í þessum 3 sýslum, sem lítils háttar bendingu um þá stefnu, sem ég tel heppilegast, að tekin verði.

Það er Árni Pálsson verkfræðingur, sem segir þannig í sínu bréfi, með leyfi hæstv. forseta: „Skal nú aðeins stuttlega minnzt á helztu fallvötn í Húnavatnssýslu og Strandasýslu. Skal þá fyrst tekin Laxá hjá Blönduósi. Rennur hún um tvö (stór) vötn, Svínavatn og Laxárvatn, og hefur því ágæt miðlunarskilyrði. Þar má fá allt að 60 m. fallhæð, er fullvirkjuð gefur 3—4000 hestöfl, en það er 0,6—0,15 kw. á hvern íbúa Húnavatnssýslu (frá Andakílsá verður ekki kleift að láta meira en 0,5 kw. í té, og fer nokkuð af þeirri orku forgörðum við hinn langa flutning". Þarna virðist fullkomið rannsóknarefni, hvort ekki séu fyrir hendi í Húnavatnssýslu þau skilyrði, að þar megi fá rafmagn á ódýrari hátt en með því að sækja það suður í Borgarfjörð, og það er ótvírætt öruggara að fá rafmagn heima í héraði en að leiða það um Holtavörðuheiði.

Þá segir Árni Pálsson enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: „Víða eru nokkur virkjunarskilyrði í Blöndu, þar sem fá má ekki einasta nokkur þúsund hestöfl, heldur jafnvel tugi þúsunda. Það getur því komið til greina, að önnur héruð, sem minni virkjunarskilyrði hafa, sæki orku til Húnavatnssýslu, og má þar nefna Skagafjörð, að minnsta kosti þá hluta þess héraðs, sem næstir eru". Í sambandi við þessa hugmynd, sem

þarna er slegið fram, að að svo svo miklu leyti sem sækja þarf að rafmagn fyrir Skagafjörð, þá sé hagkvæmara að fá það frá Húnavatnssýslu, vil ég benda á það, að frá Blönduósi til Varmahlíðar í Skagafirði eru aðeins 50 km., en frá Laxárfossum til sama staðar 160 km. Vegalengdin er mikilsvert atriði.

Þá skal ég aðeins geta þess hér, sem Árni Pálsson segir um virkjunarskilyrði í Strandasýslu:

„Í Strandasýslu eru mörg vatnsföll, þótt eigi verði þar um stórvirkjun að ræða, og þá sérstaklega í Steingrímsfirði, en það er fólksflesta hérað sýslunnar og er í henni miðri.

Álitlegust er Þverá, er fellur úr Þiðriksvallavatni. Þar eru framúrskarandi miðlunarskilyrði, svo að fá má þar fullkomna ársmiðlun, jafnvel miðlun fyrir nokkurra ára bil. Áin fellur þar fram úr vatninu um þröngt klettagil. Þar er 40 m. fallhæð á 530 metrum og virkjunarstaðurinn er 4,5 km. frá Hólmavík. Virkjunarskilyrði eru því svo hagstæð sem á verður kosið. Fullvirkjað gefur fallið 1500 hestöfl, en það eru 500 watt á hvern íbúa Strandasýslu". M. ö. o., sama magn og gert er ráð fyrir að flytja frá Borgarfirði í Strandasýslu.

Svo skal ég ekki hafa þessi orð fleiri, en leiða aftur athygli að því, að við flm. frv. viljum heyra undirtektir meiri hl. fjhn. um það, hvort hann vill ekki ræða við okkur með tilliti til þess undirbúnings, sem að sjálfsögðu þarf að gera, áður en nokkru er slegið föstu um fyrirkomulag rafvirkjana og dreifingu rafmagns út um sveitirnar. Mér finnst, að á meðan þessi samanburðarrannsókn um hagnýtingu fallvatna til stærri eða smærri virkjana er ekki fyrir hendi, þá eigi alls ekki að slá því föstu með löggjöf, hverjar leiðir skuli fara eða hvað sé frá fjárhagslegu sjónarmiði hyggilegast.

Að því, er mér er sagt, þá hefur þróun rafmagnsmálanna í þeim löndum, þar sem staðháttum svipar mest til þess, sem hér á sér stað, þ. e. Svíþjóð og Noregi, einmitt verið sú, að þar, sem byggðarlögin hafa sjálf getað ráðið við virkjun, hafa þau framkvæmt hana á eigin kostnað, en ef um stærri virkjanir hefur verið að ræða, þá hefur ríkið gripið inn í. Mér finnst að svo stöddu ekki vera hægt að slá því föstu, að ríkinu beri undir öllum kringumstæðum að hafa þessi mál með höndum hér hjá oss. Mér finnst, að rannsókn kunni að leiða í ljós, að það fyrirkomulag, sem er í þessum löndum, sem ég hef nefnt, geti einnig verið heppilegast hér.

Ég ætla ekki að fara ýtarlega út í einstakar gr. frv. eða brtt., en aðeins mælast til þess, að *meiri hl. fjhn. ræði við okkur um þessi sjónarmið*, sem ég hef lagt fram fyrir hönd okkar flm. frv., og væri þó eðlilegast, að umr. væri frestað, unz séð verður, hvern árangur viðræðurnar bera. Það er leiðinlegt fyrir okkur, sem stöndum saman um að hrinda þessum málum í framkvæmd, að vera að deila um þessi atriði, ef leiðir eru til, að samkomulag náist um afgreiðslu málsins. Og ekkert sýnir betur, að alvara er á bak við málið (og á ég þar við rafmagnsmál sveitanna í heild) en að standa saman og ræða þau svo sem ræða má og reyna að komast að hinni hagkvæmustu niðurstöðu. Vænti ég svo að heyra undirtektir hv. fjhnm.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Forseti. — Það hefur margt borið á góma við þessar umr., og hefur EOl, 2. þm. Reykv., talað í 1½ tíma og komið víða við, ekki einungis um þessi mál, heldur og mörg önnur og yfirleitt viðhorfið í þessu máli. Það mundi taka langan tíma að svara því öllu, og ætla ég ekki að leggja út í það. En ég vil víkja að nokkrum atriðum í ræðu hv. þm. Borgf. Get ég þá lýst yfir því, að ég tel það sjálfsagt, að fjhn. ræði við flm. frv., fyrst þeir óska þess. Því að þótt við höfum okkar skoðanir, þá raskar það ekki því, að við getum rætt um ýmsar þær leiðir í þessu máli, sem hér koma til mála.

Hv. þm. Borgf. segir, að sér þyki leitt, að ekki hafi orðið samkomulag um að samþykkja þetta frv. eins og það kom fyrir. Ég vil aftur á móti segja, að það er undarlegt, að flm. frv. vilja ekki ganga inn á þá leið, sem við viljum fara, því að það finnst okkur tryggja hag þeirra bezt.

Ég viðurkenni, að rannsókn þessa máls er ekki komin nema skammt á veg, og það þarf að gera nánari rannsóknir, áður en fullnaðarákvörðun um stefnu í þessum málum er tekin. Ég lýsti því yfir, að mþn. í rafmagnsmálum væri ekki komin nema stutt áleiðis í verkefni sínu og hún hefði aðeins vegna eftirgangsmuna út af þessu frv. og frv. um virkjun Fljótaár skilað þessum ummælum, sem við höfum lagt til grundvallar brtt. okkar.

En um mörg atriði þarf enga rannsókn, — engar umsagnir eða álitsgerðir verkfræðinga, bara skynsamlega athugun til að sjá, að ódýrara er að virkja fyrir þéttbýli en dreifbýli, og það er unnt að slá því föstu, að hægt verður að fá ódýrt rafmagn, ef aðeins er virkjað fyrir stærstu byggðir, en hitt látið eiga sig. Deilan, sem hér stendur milli meiri hl. og minni hl., er um það, hvort halda eigi áfram að virkja eingöngu fyrir þéttbýlið eða líka fyrir strjálbýlið. Ég veit, að hv. þm. Borgf. vill gjarnan leggja sitt lóð á þá metaskálina að útiloka ekki sveitirnar frá rafmagninu.

Hitt er rannsóknaratriði, sem ekki er fullkomlega upplýst, hvort hagkvæmara er að byggja smáar eða stórar stöðvar og svo leiðslur frá stóru stöðvunum út um fleiri héruð.

Þá eru nokkur atriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem ég vil drepa á. Hann sagði, að við í meiri hl. fjhn. hefðum snúizt í málinu, en það er ekki rétt. Við í raforkumálanefnd vikum að vísu að því sem hugsanlegum möguleika að virkja aðeins tvö vötn, Sogið og Laxá, en slógum því aldrei föstu. Hinu slógum við aftur á móti föstu, að ef Andakílsá yrði virkjuð, þyrfti að virkja hana fyrir stærra svæði en gert er ráð fyrir í frv. n.

Þá sagði þessi hv. þm., að auðséð væri, að það yrði mun ódýrari virkjun, ef aðeins yrði virkjað fyrir það svæði, sem frv. fer fram á, heldur en fyrir stærra svæði. Þetta vita allir. Ég hygg, að á bak við málstað andstæðinga okkar í meiri hl. n. liggi það, að rafmagnið verði dýrara fyrir kaupstaðina, ef sveitirnar fá að vera með, en

auðvitað datt okkur ekki annað í hug en ríkið legði fram fé í þetta.

Hv. 2. þm. Reykv. taldi það hina mestu fjarstæðu að hafa leiðslurnar langar og áleit það ógerning að leggja leiðslur yfir Holtavörðuheiði yfir í Stranda- og Húnavatnssýslur. En þessum hv. þm. og fleirum, er samþykkja vildu Fljótaárvirkjunina, fannst engin fjarstæða að leggja leiðslur yfir Siglufjarðarskarð, enda þótt þar sé miklu hættara við bilunum, því að þar, sem vegurinn liggur yfir skarðið, er hæðin 602 metrar, en Holtavörðuheiði er aðeins 302 metrar, þar sem hún er hæst. Allt þetta tal um Holtavörðuheiði er hin mesta fjarstæða, því að rafmagnsleiðslur liggja yfir heiðarnar hér austur frá, og enda þótt bilanir komi fyrir, þá er það ekkert nýtt, og enginn getur við því spornað. En Holtavörðuheiði, — þar er ekki um nein fjöll og firnindi að ræða, og er furðulegt, að menn skuli tala um hana sem óyfirstíganlega hindrun. (**PO**: Ekki hefur landssíminn staðið sig vel þar). Rétt er það, en allt getur bilað, en það er sízt meiri hætta á Holtavörðuheiði en víða annars staðar á landinu.

Annars get ég sagt, að það er ekki aðalatriðið fyrir okkur, að leitt verði rafmagn yfir Holtavörðuheiði, og við erum fúsir til að ganga inn á aðrar leiðir, ef betri eru. Hitt er annað mál, að við viljum ákveðið, að virkjað verði af ríkinu, og jafnhliða til kaupstaða, kauptúna og sveita. Það er aðalatriðið hjá okkur og byggist á því, að sýnt þykir, að rafmagn kemst aldrei út um sveitirnar, nema ríkið standi fyrir virkjuninni. Hv. 2. þm. Reykv. taldi það hina mestu fjarstæðu, að ríkið stæði fyrir þessum rekstri, og er það furðulegt af ríkisrekstrarmanni að vera. Þeim, sem lengi hafa starfað á Alþ. eins og hv. þm. Borgf., ætti að vera ljóst, að það er eitt af helztu störfum þingsins að skipta ríkisfénu í gagnlegar framkvæmdir, svo sem síma, vegi og brýr, og öllum, sem um þessi mál hugsa, ætti að vera ljóst, að framkvæmdir í þessum efnum væru ekki komnar jafnlangt og raun er á orðin, ef ekki hefði verið lagt mikið fé í þær af ríkisins hálfu.

Það er viðurkennt, að enda þótt dýrt sé að leggja síma, vegi og brýr, þá er þó enn dýrara að veita rafmagni út um byggðir landsins, og þess vegna er fjarstæða að ætla, að rafmagn komist nokkurn tíma til allra landsmanna nema með ríkishjálp. Við vitum, að rafmagnsmál eru kerfismál, þannig, að kapp er mikið milli sveita og kaupstaða, og á meðan ekki er fundið fast kerfi fyrir landið, þá verður allt á ringulreið, því að þá verður virkjað þar, sem staðhættir eru beztir, án tillits til þeirra staða, sem verr eru settir.

Þegar talað er um, að öðru máli gegni um síma og vegi en rafmagnið, þá er það ekki nema orðaleikur, því að rafmagn er ekki síður eftirsótt þægindi en hitt, og að ætla sér að virkja aðeins það, sem þægilegast er, en skilja aðra staði eftir, það er fjarstæða. Sjálfsagt er slíkt að skapi hv. 2. þm. Reykv., sem telur heppilegt að leggja ýmsa hluta landsins í eyði og færa fólkið saman í þétt byggðarlög.

Um það, hvort ríkið skuli virkja eða ekki, stendur aðaldeilan nú. Hitt dettur engum í hug, að þetta verði framkvæmt alls staðar í einu. Að sjálfsögðu verður þessu líkt háttað og með vegi, síma o. s. frv., að menn verða að fika sig áfram. Allir hv. þm. eru sammála um að reyna að koma ríkisveginum sem lengst inn í sín héruð, og svipuðu máli gegnir um rafmagnið.

Það virðist nú vera í uppsiglingu svipuð deila og þegar fyrst var byrjað á símalagningu hér á landi. Það kom upp allsnörp deila, og voru kallaðir saman mótmælafundir víðs vegar um land. Sumir vilja nú láta virkja hingað og þangað og láta sér á sama standa, þótt dreifbýlið verði útundan.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að óheppilegt væri, ef ríkið ræki þetta, sökum þess að áhugi ríkisstjórna á hverjum tíma væri mjög misjafn, þá vil ég segja það, að áhugi ríkisstjórna hefur verið mjög misjafn, hvað snertir síma og vegi en ekki hefur staðið á því, að ýtt yrði undir þau mál hér á Alþ., og sama mun verða um rafmagnsmál.

Það var eitt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, sem ég gladdist yfir að heyra. Hann sagði, að einstaklingskrafturinn nyti sín betur, ef ríkið væri ekki að vasast í þessum málum. Það er ánægjulegt fyrir okkur sjálfstæðismenn að heyra slík ummæli frá þessum manni, sem er yfirlýstur sósíalisti. (**EOI**: Ég sagði, að kraftur fjöldans og félaga nyti sín betur, ef ríkið væri ekki að vasast í þessu). Þarna kom hv. þm. inn á stefnu okkar sjálfstæðismanna. Við viljum einmitt, að einstaklings- og félagsframtakið fái notið sín, þegar um atvinnurekstur er að ræða, svo sem verzlun, iðnað, búskap og því um líkt. Þar á ríkisrekstur ekki við, en öðru máli gegnir um rafmagnið, því að það er hliðstætt vega- og símalagningu. Það er enginn atvinnurekstur, heldur heyrir það undir ríkið. (**EOI**: Ekki álíta kapitalistarnir í Ameríku það. — **SkG**: En hvað er með Stalin?). Ýmsir voru mótfallnir því fyrst í stað, að síminn yrði rekinn af ríkinu, en nú óskapast enginn út af því. Ríkið á að taka að sér forustuna í þessum málum og ákveða, hvar orkustöðvarnar skuli standa, og sjá um, að leiðslurnar komist út til allra héraða landsins. (**PO**: Er það þetta, sem hv. meiri hl. býður upp á?). Já, það er einmitt þetta. Svo er eitt, sem sérstaklega er gott við þetta fyrirkomulag; það er öryggið, en það er því meira sem orkustöðvarnar eru stærri og fullkomnari. Þetta er hin ákveðna stefna meiri hl. fjhn., en eftir að þetta allt er komið í kring, þá er samt eftir mikið verkefni fyrir héruðin, sem sé að koma upp spennustöðvum og veita rafmagninu þaðan út um byggðina, og það er mikið og erfitt verkefni. Svo yrði ágreiningur um það, hve dýrt skyldi selja rafmagnið á þessum og þessum stað. Það hefði vissulega verið hægt að hafa símagjöldin lægri, ef síminn hefði aðeins verið lagður til stærstu kaupstaðanna, en því stærra sem kerfið er, því hærri eru gjöldin, og sá ótti margra hv. þm. er á rökum reistur, að rafmagnið verði dýrara fyrir kaupstaðina, ef sveitirnar verða teknar með. (**EOI**: Er ekki meining hv. meiri hl., að svo sé?). Jú, það er svo.

Varðandi ummæli hv. 2. þm. Reykv. um land-

búnaðinn, þá mun ég ekki ræða um það, enda þótt þessi mál snerti landbúnaðinn óbeinlínis, því að ef ég ætti að svara öllu, sem fram kom í ræðu hv. þm. um þau mál, þá mundi þar verða nægilegt verkefni fram til matar, og mun ég þess vegna ganga fram hjá því. Það er að vísu rétt hjá þessum hv. þm., að rafmagnsmálin snerta landbúnaðinn óbeinlínis, því að framtíð hans á mikið undir rafmagninu.

Ég vil endurtaka það, að meiri hl. telur sjálfsagt að verða við tilmælum hv. flm. frv. þessa, þm. Borgf., um að eiga tal við hann um þetta mál, ef samkomulag gæti náðst, en við ætlumst til, að það verði við þessa umr., því að það mun of seint við 3. umr.

Ég tel mig nú hafa gert grein fyrir hinum helztu ágreiningsefnum, sem uppi eru um þetta mál. — Hvort ríkið eigi að taka á sig ábyrgðina eða hvort leyft skuli einstökum héruðum að virkja, og þá auðvitað á ábyrgð ríkisins, — það er að vísu engin stefna, heldur héldi aðeins við þeirri ringulreið, sem nú er í þessum málum. Hitt er svo annað mál, — sem óútkljáð er, þó að við höfum slegið fram skoðunum um það, og það er rannsóknarefni, eins og hv. þm. Borgf. tók réttilega fram, — hve langt á að fara í því að hafa stórar virkjanir og fáar eða smærri og fleiri. Það er efni, sem kemur smátt og smátt til athugunar, eftir því sem þekking og reynsla og rannsóknir leiða betur í ljós.

Umr. frestað.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var frv. enn tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

9. Sala hluta úr Viðvíkurlandi.

Á 8. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild til þess að selja hluta úr landi jarðarinnar Viðvíkur í Skagafirði (þmfrv., A. 32).

Á 9. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Þórðarson): Herra forseti. — Þetta mál, sem frv. á þskj. 32 er um, er ekki stórt mál, og mun ég ekki þurfa að eyða miklu af dýrmætum tíma þingsins til þess að tala fyrir því. Það er um það að heimila ríkisstj. að selja eiganda nýbýlisins að Kolkuósi í Skagafirði hluta úr landi jarðarinnar Viðvíkur, sem er sá hluti beitilands, sem Viðvík á neðan Ásgarðslands, ca. 155 ha. að stærð, og í öðru lagi Elínarhólma, og er ætlunin að leggja þetta land undir Kolkuós. Nýbýlið Kolkuós er byggt úr landi Viðvíkur og Ásgarðs, og þó meira úr landi Viðvíkur. Bóndinn í Viðvík hefur þessa lands, sem um er að ræða, engin not, en bóndinn að Kolkuósi, sem stundar búskap sinn með mestu prýði, hefur landsins mikla þörf. Það má því gera ráð fyrir, að þetta litla frv. nái fram að ganga, enda hefur nýbýlastjórn ríkisins mælt með því að leyfa þessa sölu. Er með grg. sem fylgiskjöl bréf frá nýbýlastjórn ríkisins til þingmanna Skagfirðinga um þetta og einnig bréf frá bóndanum að Kolkuósi til nýbýlastjórnar ríkisins.

Auk þess lands, er í frv. getur, hefur bóndinn að Kolkuósi farið fram á, að lagt verði til Kolkuósslands engjastykki 4—5 ha. stórt. Nýbýlastjórn mælir með því, að hann fái keypt beitilandið og Elínarhólma (sem frv. er um), en mælir ekki með því að selja engjastykkið. Hér í þessu frv. er því ekki farið fram á heimild til að selja þessum bónda annað land en það, sem nýbýlastjórn hefur mælt með, að honum skuli selt.

Vildi ég mælast til þess, að hv. þd. taki þetta til vinsamlegrar athugunar. Það sýnist ekkert vera því til fyrirstöðu, að þetta sé heimilað, og það er áreiðanlegt, að svo er bezt komið málinu. Elínarhólma er ekki hægt að nytja frá heimajörðinni; aftur á móti er það hægt frá Kolkuósi. Það er ekki heldur til meins fyrir Viðvíkurbóndann, þó að þetta beitiland verði selt og lagt undir Kolkuós.

Vil ég mælast til þess, að frv. verði, að lokinni umr., vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 88).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. — N. hefur athugað þetta frv. og leggur eindregið til, að það verði samþ. Ég gerði grein fyrir þessu máli hér í d. fyrir nokkru og hirði ekki um að endurtaka það. Ég skal taka það fram, að málið var búið að ganga til nýbýlastjórnar, og n. áleit það eins vel undirbúið og unnt væri. N. virtist svo ríkar ástæður fyrir þessu, að jafnvel þeir, sem annars eru andvígir sölu þjóðjarða, töldu sig geta verið þessu sammála. Ástæður eru svo sérstakar, að þeir lögðu til, að frv. yrði samþ. Ég hirði svo ekki um að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að hv. d. geti orðið n. sammála um að samþ. frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að leggjast á móti þessu frv., enda þótt ég greiði ekki atkvæði því til framdráttar. Ég vil gjarnan segja það sem leiðbeiningu fyrir þá, sem kunna að meta þetta land á sínum tíma, að á síðari árum hefur varphólmi sá, sem hér um ræðir, verið leigður sitt á hvað og er kominn í óhirðu, svo að hann gefur miklu minna af sér en annars mundi vera og hann áður gerði. Þetta vil ég láta koma fram, svo að þeir, sem meta hólmann, miði ekki við síðustu ár, því að það er fyrir óhirðu manna, sem hafa haft landið sitt á hvað, að varpið er komið eins og er. Enn vildi ég á það benda, að þarna er löggiltur verzlunarstaður, og mundi rétt, þótt salan yrði samþ., að undanskilja sölunni verzlunarlóðina.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 5. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá því, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 26. og 27. fundi í Ed., 7. og 8. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Ed., 11. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

10. Virkjun Gönguskarðsár.

Á 5. fundi í Sþ., 3. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um virkjun Gönguskarðsár í Skagafirði (þmfrv., A. 37).

Á 10. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. — Í grg. frv. er gerð grein fyrir nauðsyn þess, að þetta mál er fram komið, og þar af leiðandi get ég stiklað á stóru í framsögu þessa máls.

Fyrir allmörgum árum réðst hreppsn. Sauðárkókshrepps í það að reisa raforkustöð við litla á, sem er innan við kauptúnið. Var til þess ætlazt, að með þessu yrði tryggð næg raforka fyrir Sauðárkrók um alllangt árabil, en nú er svo komið, að hún er hvergi nærri nóg, þó að miðað sé einungis við ljósaþörf þorpsbúa. Til þessa liggja ýmsar ástæður. Á þessu tímabili hefur fólksfjölgun á staðnum orðið mikil, sem mun nema um ¼ eða 25% af íbúatölunni.

Iðnaður hefur verið hafinn í kauptúninu og mundi aukast mjög mikið, ef nægilegt rafmagn væri fyrir hendi. Frystihús hafa verið reist, og þarfnast rekstur þeirra þó nokkurs rafmagns. Önnur mannvirki, svo sem höfnin, krefjast og aukinnar rafmagnsnotkunar. Enn fremur er í ráði og samþ. af Alþingi, að reist verði síldarbræðslustöð á Sauðárkróki, en ekki verður byrjað á því verki, fyrr en gengið hefur verið úr skugga um það, hvort kostur sé á nægilegu rafmagni til þess að reka slíka stöð. Hver og einn getur sjálfur sagt sér af því, sem þegar hefur verið drepið á, að rafstöð sú, sem fyrir er á Sauðárkróki og ekki er nægileg til þess að fullnægja ljósaþörf þorpsbúa, getur ekki á neinn hátt bætt úr þeirri þörf, sem verður á raforku til þessarar fyrirhuguðu síldarbræðslustöðvar og annarra nauðsynlegustu fyrirtækja í kauptúninu.

Nú er svo komið, að stöðvun hefur orðið á iðnframkvæmdum vegna rafmagnsskorts, og líkur benda til þess, að menn verði að flytja burt úr plássinu með iðnrekstur sinn til þeirra staða, þar sem meira rafmagn er fyrir hendi, sem mundi leiða til stórtjóns fyrir Sauðárkrók og héraðið í heild. Af rafmagnsleysinu leiðir kyrrstöðu í kauptúninu, sem er óþolandi með öllu. Það er þess vegna hið mesta nauðsynjamál, að Gönguskarðsá verði virkjuð hið allra fyrsta.

Þegar raforkustöðinni hefur verið komið upp, er ætlunin að leiða rafmagnið inn í sveitina, að Varmahlíð sem endastöð. — Allir þeir, sem til þekkja og sérfróðir eru í þessum málum, líta svo á, að þarna séu ágæt skilyrði til rafveitu, bærinn standa þétt eða í hópum eða torfum milli Sauðárkróks og Varmahlíðar. Svo ber og á það að líta í þessu sambandi, að í Varmahlíð er að rísa alþýðuskóli, sem yrði, ef ekki yrði farið út á þá braut, sem frv. leggur til, að koma sér upp sinni eigin rafstöð, sem ríkið yrði þá að verulegu leyti að kosta úr sínum sjóði.

Því er verr og miður, að við flm. getum ekki lagt hér fram kostnaðaráætlun, en rafmagnseftirlit ríkisins vinnur nú bæði að teikningum og kostnaðaráætlun þessa fyrirtækis, og mun sjálfsagt ljúka því verki til fulls innan skamms.

Ég vil og geta þess, að þetta frv. er flutt vegna almennra óska og áskorana héraðsbúa, og þeir vita bezt, hver knýjandi nauðsyn það er, að þetta mál nái fram að ganga.

Eins og kunnugt er, hefur mikið verið um það rætt að koma rafmagni inn á sem flesta bæi þessa lands, og virðist nú efst á baugi að virkja tvö stórfljót og leggja háspennulínu þaðan til þess að dreifa rafmagninu út um sveitirnar. Helzt er rætt um, að Laxá í Þingeyjarsýslu verði þá fyrir valinu norðanlands. Ekki er nema allt gott um þessar bollaleggingar að segja. Til stuðnings þessu skipulagi er því haldið fram, að það mundi ódýrara en smærri raforkuveitur. Um það get ég ekki dæmt að svo stöddu. En hvort sem ofan á verður, þá er málið enn þá í reifum og óvíst með öllu, hvenær af framkvæmdum getur orðið, og langan tíma hlýtur það enn fremur að taka að leggja háspennulínu til Sauðárkróks og um héraðið, og þótt slík háspennulína kæmi síðar meir, yrði að því mikið öryggi fyrir Sauðárkrók og héraðið að hafa Gönguskarðsárstöðina til hjálpar, ef háspennulínan bilaði, sem alltaf getur að borið.

Það er þess vegna ástæðulaust að fresta þessu máli, en nauðsynlegt að hraða því sökum aðkallandi nauðsynjar kauptúnsins, og er þessi Sauðárkróksvirkjun engu minna aðkallandi heldur en t. d. Siglufjarðarvirkjunin og virkjun Andakílsár.

Ég vil svo að endingu vænta þess, að hv. Alþ. sýni þessu máli velvild og skilning, þar sem þörfin er svo brýn og aðkallandi fyrir Sauðárkróksbúa og héraðið í grennd.

Óska ég svo, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

11. Brúargerðir (frv. PÞ).

Á 11. fundi í Nd., 8. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (þmfrv., A. 52).

Á 13. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. — Austur-Skaftafellssýsla er sýsla mikilla sanda og mikilla sæva. Lega sýslunnar veldur því, að svo er. Verulegur hluti sögu hennar er bundinn við baráttu sýslubúa við vötnin, svaðilfarir í ferðalögum og því um líkt. Það er orðin sérstök íþrótt að fara yfir vötnin, og við það hefur myndazt orðið „vatnamenn". Vestur-Skaftfellingar tóku að nota bíla, áður en fljót þeirra höfðu verið brúuð, og voru bílstjórarnir þá jafnvel stundum nefndir „vatnabílstjórar". Á s. l. árum hefur verið brúað margt þeirra vatna, sem voru helzti farartálminn, einkum í Vestur-Skaftafellssýslu. Til þess liggja tvær meginástæður, að byrjað var á vestursýslunni. Það var eðlilegast að halda þjóðleiðinni áfram austur yfir og gera hana sem öruggasta, en í öðru lagi er það svo, að þó að Austur-Skaftfellingar séu illa settir, hvað hafnir snertir og samgöngur á sjó, eru Vestur-Skaftfellingar enn verr settir, því að við strönd vestursýslunnar er enginn afgreiðslustaður, enda treysta sýslubúar nær eingöngu á vegasambandið um að koma frá sér afurðum sínum og flytja að sér. Nú er hægt að ferðast um Vestur-Skaftafellssýslu svo að kalla þurrum fótum allt austur að Djúpá í Fljótshverfi, en einnig hún er komin í brúalög. Er þess að vænta, að ekki dragist lengi að reisa þá brú, og má í því sambandi minna á þál., sem flutt var á Alþ. í sumar í þessari hv. d., því til áherzlu. Röðin er því komin að Austur-Skaftafellssýslu, en enn eru þar mjög fáar brýr.

Aðalhindrunin á akveginum í kringum land er kaflinn um Austur-Skaftafellssýslu ásamt nokkrum hluta Suður-Múlasýslu, og þarf ekki ýkja stórt átak til að tengja saman akvegasambandið. Hlýt ég að líta svo á, að að því beri að stefna, að hægt sé að tengja saman akvegina með því að fylla í þetta skarð á akbrautinni kringum land.

Þegar Djúpá í Fljótshverfi hefur verið brúuð, nær akvegasambandið að Núpsvötnum. Yfir þau verður að treysta á hestana. Það má vera, að fundin verði upp einhvers konar vélknúin tæki til að komast á yfir vötn, en slíkt liggur ekki fyrir nú. — Þegar yfir Núpsvötnin er komið, tekur við Skeiðarársandur, og hann er bílfær. Það lægi beinast við að hafa sérstakan bíl til flutninga á þeim sandi, um 30—40 km. veg. Yfir Skeiðará verður að treysta á fylgd frá Skaftafelli, eða, ef áin er ófær, yfir jökulinn. Þá er komið í Öræfin, og þar taka við bifreiðar. Með nokkrum smábrúm má gera þá leið örugga.

Á Breiðamerkursandi eru allmörg vötn, sem erfitt er að brúa, en svo hagar til, að þau falla flest til sævar í einum ós. Lægi því beinast við að hafa ferju yfir ósinn. Þegar komið er yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi, sem ferja er á, er opin leið til Hornafjarðar, með því að reisa nokkrar brýr og gera dálitlar vegabætur frá því, sem nú er. Og með frv. þessu er mörkuð sú stefna, sem fylgja verður til að gera þá leið örugga. Fyrir austan Hornafjörð er aðaltorfæran Jökulsá í Lóni. Það er því einkum á fjórum stöðum, sem ferja þarf yfir vötnin, yfir Núpsvötn, Skeiðará, Breiðamerkurós og Jökulsá á Breiðamerkursandi. Að öðru leyti er næsta opin leið til að tengja saman akbrautina.

Það, sem ég hef sagt, mun nægja til að sýna, að ekki þarf ýkja stórt átak, miðað við það, sem búið er að gera. Brýr þær, sem taldar eru í frv., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 52, yrðu smáar, að undantekinni brú á Jökulsá í Lóni. Hún yrði álíka stór og Markarfljótsbrúin. En fyrsta skrefið er að taka þessar brýr inn í brúalög, og til þess er frv. flutt. Ég vil að lokum leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til samgmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Húsaleiga (frv. ÁkJ).

Á 12. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 8. sept. 1941, um húsaleigu (þmfrv., A. 56).

Á 14. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Ég flyt hér á þskj. 56 smávægilega brtt. við núgildandi húsaleigulög frá 1941. Hún er á þá leið, að breytt verði fyrirkomulagi um skipun húsaleigunefndar. Eins og nú er, er húsaleigun. í Rvík skipuð af hæstarétti og ríkisstj., en húsaleigun. úti um land eða þau störf, sem ætluð eru húsaleigun., eru falin fasteignamatsn. Fast-

eignamatsmenn eru kosnir til 6 ára í senn, og eru venjulega kosnir eldri menn, glöggir og greinagóðir, sem kunnugir eru þeim hlutum, sem sú n. þarf að vita um, en oft ómögulegir til að standa í því, sem húsaleigun. er lagt á herðar. Það er varhugavert að fela slík störf gömlum n., sem kosnar eru í allt öðrum tilgangi, og ætlast til, að þær framkvæmi jafnflókin lög og húsaleigul. eru, því að það er erfitt að framkvæma þau þannig, að þau komi fólki að fullu gagni. Venjulega eru störf húsaleigun. svo mikið lífsspursmál fyrir þann, er í hlut á, að ekki er viðhlítandi, að framkvæmd laganna sé falin mönnum, sem ekki eru verkinu vaxnir, og því verður breyting að fást á skipun n.

Ég er kunnugur því frá Siglufirði, að það hefur lent í mesta stríði að fá fasteignamatsn. til þess að taka að sér þau verkefni, sem húsaleigul. leggja henni á herðar, og ég fullyrði, að víða eru húsaleigul. aðeins pappírsgagn, vegna þess að l. eiga að framkvæmast af mönnum, sem ekki eru kunnugir þessum málum og þá skortir oft bæði vilja og þrek til þess að framkvæma þau.

Þegar fólk er í húsnæðisvandræðum, leitar það yfirleitt til bæjarstjórnanna, og það er eðlilegt, að þessi aðili hafi það í hendi sinni að fylgjast með því, að þau ákvæði, sem sett eru í húsaleigulögunum til aðstoðar hinum húsvilltu, séu hagnýtt til hins ýtrasta, og það eru einmitt bæjarstjórnirnar, sem geta fylgzt með því. Ég þekki ekki til þess, hvort það muni vera ástæða til þess hér í Rvík að breyta til þannig, að bæjarstjórnin kjósi húsaleigun., en ég veit, að kaupstöðunum fleiri en einum er þetta nauðsynlegt, og ég veit, að það er líka nauðsynlegt í ýmsum hreppsfélögum. Ég veit, að á Siglufirði koma húsaleigul. að litlu gagni, vegna þess að fasteignamatsn. hefur enga getu né vilja til að framkvæma þessi l.

Ég legg til, að málinu verði vísað til allshn.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég hygg, að það sé alveg rétt hjá hv. flm., að það sé mjög hæpið, að vel sé séð fyrir þessum málum í kaupstöðum landsins með því, að fasteignamatsn. hafi þessi mál með höndum, því að þær eru skipaðar nokkuð með hliðsjón af öðru en ætlazt er til með húsaleigul. Því var það, að á sínum tíma, þegar ég hafði með undirbúning húsaleigul. að gera, þá var sett inn í þau, að það skyldi heimilt með reglugerð af hálfu ríkisstj. að gera aðra skipan í kaupstöðum með 300 íbúa eða fleiri, og voru þessi fyrirmæli í 9. gr. l. nr. 106 8. sept. 1941. Þegar ég hafði með þessi mál að gera, var mér ljóst það sama, sem hv. flm. segir nú, að í sumum kaupstöðum var eðlilegra, að sérstök n. fjallaði um þessi mál en að fasteignan. hefði þau með höndum. Ég hafði hugsað mér að leita álits bæjarstjórnanna um þetta, en svo tóku aðrir við þessum málum, og mun ekkert hafa verið aðgert síðan. En jafnvel þó að þessi heimild sé til um að gera með reglugerð aðra skipun á þessu, hygg ég, að nauðsynlegt sé að taka til athugunar nú á yfirstandandi þingi skipun þessara mála yfirleitt, hvað snertir kaupstaði landsins. Þar sem bæði hv. flm. og ég eigum sæti í þeirri n., sem fjallar um þetta mál, hygg ég rétt, að tekið verði til yfirvegunar í n., hvernig framkvæmd húsaleigul. er komið fyrir í kaupstöðum landsins. Ég get ekki sagt um það að svo komnu máli, hvort rétt sé, að n. séu kosnar af bæjarstjórnum eða, eins og nú er, að hæstiréttur skipi formann og ríkisstj. tvo. Það má vel vera, að bæjarstjórnirnar ættu að hafa meiri íhlutunarrétt, þó að ég telji máske rétt, að hæstiréttur ætti að skipa formann n., en hinir, hvort sem þeir væru 2 eða 4, væru kosnir af hlutaðeigandi bæjarstjórn. Allt kemur þetta til athugunar á sínum tíma í n., en ég vildi benda á þetta, og ég hygg, að það sé rétt hjá hv. flm., að þegar sé fyrir höndum ástæða til að framkvæma þessa breyt., þótt ríkisstj. hafi ekki séð ástæðu til þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Virkjun Tungufoss.

Á 12. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:

Frv. til l. um virkjun Tungufoss í Rangárvallasýslu (þmfrv., A. 58).

Á 14. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um virkjun Tungufoss í Rangárvallasýslu. Það eru mörg ár, síðan það komst á dagskrá austur þar að virkja Tungufoss. Fossinn hefur verið mældur, og kemur verkfræðingum saman um, að aðstaða til virkjunar sé þar ágæt. Engin fullnaðaráætlun hefur þó verið gerð um kostnað við virkjunina, og áætlun sú, sem gerð hefur verið, ekki nógu nákvæm til þess, að eftir henni verði farið með framkvæmdir og virkjun fossins. Þegar málið komst á það stig, sem það nú er, fór Vestmannaeyinga að dreyma um, að þeir gætu fengið rafmagn úr landi, og þá sérstaklega í félagi við Rangæinga. Sundið milli Vestmannaeyja og lands er mjóst við Landeyjasand. Verður því strengurinn lagður þaðan út, hvort sem orkan yrði tekin frá Tungufossi eða Sogsfossum. En eðlilegast er, að samvirkjun verði á Tungufossi, er Vestmannaeyingar og Rangæingar standi að.

Aðstaða til að leiða rafmagn til bæja í Rangárvallasýslu er tiltölulega góð og skilyrði til fjölgunar býla ágæt, enda hefur oft verið talað um það í Holtunum að fjölga þar býlum, vegna þess hve jarðvegurinn er þar góður. Ef rafmagn fæst í sveitirnar, mun byggðin þéttast, enda viðurkennt, að sú stefna sé æskileg. Ég á ekki við, að býlin færist saman, heldur að fyllt verði upp í eyðurnar. Þá munu skapast þorp,

þar sem fer saman landbúnaður og iðnaður. Þetta getur þó ekki orðið nema þar, sem héruð liggja vel við samgöngum, en það mun óvíða haga betur til í því efni en í Rangárvallasýslu. Það komu fram þau ummæli í einu dagblaðinu síðastl. sumar í sambandi við raflýsingu sveitanna, að nú ætti að fara að raflýsa fátæktina. Ég vona, að enginn af hv. þm. sé svo vantrúaður á framtíð landbúnaðarins, að hann sé andvígur því að skapa jafnvel þeim, sem búa í dreifbýlinu, þau bættu kjör, sem raforkan veitir.

Flm. þessa frv. hafa gert sér það ljóst, að með þeirri aðstöðu, sem er í Rangárþingi og Vestmannaeyjum, muni Tungufoss bezt fallinn til þess að gefa raforku um þessi byggðarlög. Frv. gerir ráð fyrir allt að 5 millj. kr. ríkisábyrgð. Ef ekki verður byrjað á virkjuninni fyrr en bæði efni og vinna eru orðin ódýrari en nú er, þá eru ekki líkur til, að nota þurfi alla þessa heimild. En nú er hagkvæmur tími til þess að fá lán með góðum kjörum. Og þar sem gert er ráð fyrir, að ríkið hafi sem tryggingu fyrir ábyrgðinni eignir fyrirtækisins, þá sýnist ekki hætta á ferðum, þótt ábyrgðarheimildinni sé beitt.

Ég sé enga þörf á að lengja umræður um málið á þessu stigi, en bið hv. alþm. að greiða atkv. með því, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Húsnæðisráðstafanir og stóríbúðaskattur.

Á 12. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir til þess að tryggja húsnæðislausu fólki húsnæði og um stóríbúðaskatt (þmfrv., A. 59).

Á 14. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Frv. þetta fjallar um tvö meginatriði. Hið fyrra er heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir að skammta húsnæði, þ. e. að skylda þá, sem hafa stórar íbúðir, að láta nokkuð af húsplássi sínu til afnota fyrir heimilislaust fólk. Hið síðara er um skatt á stórar íbúðir, í því skyni að vinna á móti því, að menn búi í óhóflega stórum íbúðum. Það mætti ætla, að margir mundu spyrja, hvort nauðsyn væri að grípa til slíkra ráðstafana. Um það er hægt að sannfærast með því að lesa skýrslur um ástandið í Rvík varðandi þetta mál. Í sumar, sem leið, fór fram að tilhlutun bæjarstj. Rvíkur athugun á því, hversu margir væru hér heimilislausir. Leiddi sú athugun í ljós, að 2592 einstaklingar, — eða 69 fjölskyldur, sem í voru 854 börn, — voru húsnæðislausir. Nú mætti ætla, að úr þessu hefði eitthvað verulega rætzt, síðan skýrslum þessum var safnað, og víst er um það, að við síðustu athugun virtist ástandið nokkuð betra en þegar skýrslan var gerð. En ástæða er að athuga, á hvern hátt rætzt hefur úr fyrir þeim, sem töldu sig hafa fengið húsnæði. Það er aðallega á tvennan hátt. Sumpart liggur það uppi á frændfólki og vinum, þ. e. a. s. er í íbúðum annarra, og er í sumum þessum íbúðum ákaflega þröngt. Aðrir hafa flutt í sumarbústaði í bæjarlandinu og nágrenni bæjarins, og eru þeir bústaðir ekki stærri en 25 fermetrar. Þessi ákvörðun bæjarstjórnar, að takmarka stærð sumarbústaða, var gerð í því skyni að fyrirbyggja, að sumarbústaðir yrðu gerðir að varanlegum bústöðum, og hafa flestir því ekki kappkostað að gera þá þannig úr garði, að þeir væru hæfir til vetrarvistar. Flestir eru þannig gerðir, að slegið er upp timburgrind og svo þiljað utan og innan á hana, án þess að nokkurt tróð sé á milli. Öllum er ljóst, að slík hús eru óhæf að vetri til sem sómasamlegur dvalarstaður.

Þó að húsnæðislaust fólk teljist því færra nú við skýrslusöfnun en í sumar, þá er það alls ekki af því, að það hafi fengið viðunanlega eða varanlega úrlausn mála sinna. Ástandið er núna þannig, eftir því sem næst verður komizt:

1) 120 menn hafa leitað til bæjarins og beðið hann að leysa húsnæðisvandræði sín. Þeir hafa enga úrlausn fengið.

2) 44 fjölskyldur eru bókstaflega á götunni, þ. e. a. s., þær eru sundraðar.

3) 7 fjölskyldur búa í búningsklefunum á Þróttavellinum. Þar eru tveir stórir búningsklefar. Búa karlar í öðrum þeirra, en konur og börn í hinum. Þeir eru þannig byggðir, að bárujárn er utan á trégrind, panel innan á, en ekkert tróð. Líf og heilsu þessa fólks er hætta búin, ef það neyðist til að dvelja þarna lengi.

Ég ætla, að ekki þurfi fleiri rök fram að telja fyrir því, að ástandið sé svo slæmt, að ekki sé lengur við unandi. Því hefur verið beint til ríkisstj., að hún gerði viðhlítandi ráðstafanir til úrbóta í þessum efnum. Ríkisstjórnin sá sér ekki fært að verða við þessum tilmælum nema að nokkru leyti. Hún sem sé gaf út l. um að taka sumarbústaði leigunámi, en skömmtun húsnæðis vildi hún ekki fallast á, og hefur hæstv. fjmrh. gert grein fyrir því í d., að slík l. telji hann ganga svo mjög á rétt einstaklinga, að hann sjái sér ekki fært að setja slík brbl., en öðru máli gæti gegnt, hvað þingið sæi sér fært að gera.

Í raun og veru er ekki um nema tvær leiðir að ræða til að bæta úr húsnæðisvandræðunum. Annaðhvort verður að byggja nýjar íbúðir eða nota betur þann húsakost, sem fyrir hendi er. Nú er það vitað, að fyrrnefnda leiðin er ekki fær. Það verður ekki í skjótri svipan komið upp hér í Rvík nýjum íbúðum. Vitanlega er það framtíðarlausnin að byggja og bæta á þann hátt úr vandræðunum, en augnabliksvandræðin verða ekki leyst á þann hátt, og er þá ekki í annað hús að venda en að nota betur það húsnæði, sem

fyrir er. Húsaleigulögin ákveða, að taka megi ónotað húsnæði leigunámi. Það er gott, svo langt sem það nær, en við vitum vel, að húsnæðisráðunautur bæjarins hefur haldið fram, að húsaleigunefnd væri svifasein í þessum málum og hann hefði oft snúið sér til hennar án þess að fá þar þá lausn, sem hann taldi réttláta. Ég hygg, að þessi reynsla styðji þá skoðun, sem fram hefur komið í dag í sambandi við annað mál, að rétt væri að breyta skipun húsaleigunefndar þannig, að bæjarstjórn skipi hana. Hins vegar er það ljóst mál, að fjöldi manna í höfuðstaðnum býr við ónauðsynlega, jafnvel óhæfilega stórt húsnæði. Dæmi eru þess, að fjölskyldur, sem eru jafnvel ekki nema tveir menn, búi í húsum, sem telja milli 10 og 20 herbergi. Slíkt er óhóf, þegar aðrir eru bókstaflega á götunni eða búa við skilyrði, sem hljóta að valda þeim heilsutjóni, ef svo fer fram til lengdar. Ég tel því, að hér sé ekki annað að gera en að gefa bæjarstjórn heimild til að grípa til skömmtunar á húsnæði, og um það fjallar fyrri hl. þessa frv.

Ég ætla ekki fremur en venja er við 1. umr. að ræða einstakar gr. frv., en ég vil aðeins benda á í sambandi við þann stiga, sem er lagður til í 3. gr., þá eru það fremur ábendingar en endanlegar till., sem ég vænti, að n., sem fær þetta mál til meðferðar, taki rækilega til íhugunar. Við flm. erum að sjálfsögðu reiðubúnir til samstarfs við n. og aðra hv. þm. um annan stiga, ef þessi þykir við nánari athugun ekki svo góður sem skyldi.

Um síðari kafla frv. þarf fátt fram að taka. Þar eru till. um stóríbúðaskatt. Þær miða að því að draga úr hvöt manna til að búa í óhæfilega stórum íbúðum, því að eins og ég hef áður bent á, verður slíkt að teljast ósæmilegt, meðan fjöldi manna býr við húsnæðisskort. En sé hins vegar svo, að sæmilega sé séð fyrir húsnæðisþörf alls fjöldans, en einhverjir telji sig hafa ráð á og löngun til að búa í óhæfilega stórum íbúðum, þá er ekki nema rétt, að þeir borgi nokkurn skatt fyrir það, sem rennur í bæjarsjóð.

Ég vil svo að lokum óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og til allshn. Það er ekki sæmandi að láta menn búa í búningsklefum Íþróttavallarins og öðrum álíka íbúum, ef nægilegur húsakostur er til og hægt er að leysa málið á viðunandi hátt, og ég tel skyldu þingsins að afgreiða málið á fáum dögum, svo að bæjarstjórn fái aðstöðu til að leysa vandræði húsnæðislausra manna án meiri dvalar en orðið er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

15. Notkun byggingarefnis.

Á 7. fundi í Sþ., 14. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um notkun byggingarefnis (þmfrv., A. 75).

Á 19. fundi í d., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 17. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Þetta frv. er flutt til þess að reyna að koma í veg fyrir, að byggingarefni það, sem flutt er til landsins, sé notað til annars en þess, sem nauðsynlegast er. Það er vitað, að fjöldi manns er húsnæðislaus í landinu, og vitað er, að nokkuð af því byggingarefni, sem flutt er inn, er notað í byggingar, sem ekki er annað hægt að segja um en að þær mættu bíða á sama tíma og ekki fæst efni í íbúðarhús. Það þarf ekki að taka það fram, að þetta frv. er eingöngu ætlað sem ófriðarráðstöfun, meðan tregt er um útvegun og flutning á byggingarefni til landsins.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að innfluttu byggingarefni sé fyrst og fremst varið til íbúðarhúsa, sem miðist við meðalþarfir fjölskyldna til sjávar og sveita. Ég vil skjóta því til n., sem fer með málið, að ef til vill ætti að láta ganga fyrir sambyggingar í kaupstöðum til þess að spara byggingarefnið. Þá er gert ráð fyrir að nota byggingarefnið í þágu framleiðslunnar og síðan til opinberra framkvæmda og bygginga, svo sem brúargerða, hafnargerða, vitabygginga, sjúkrahúsa, skólahúsa, sundlauga o. þ. h.

Það er gert ráð fyrir í frv., að húsaleigun., sem starfi í hverjum kaupstað, hafi með höndum úthlutun byggingarefnis, en að innflutnings- og gjaldeyrisn. skipti byggingarefninu um landið. Það er að vísu svo, að skattan. hafa haft með húsaleigumálin að gera, en nú liggur fyrir frv. um að breyta þessu þannig, að húsaleigun. verði kosnar í kaupstöðum, og er líklegt, ef sú breyt. nær fram að ganga, að þær verði valdar með þetta fyrir augum og þær hafi þetta með höndum jafnframt því, sem þær fara með húsnæðismálin hver á sínum stað.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en vænti þess, að frv. fái góðar undirtektir, og óska þess, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

16. Kvikmyndasýningar á Siglufirði.

Á 19. fundi í Nd., 16. des., var útbýtt:
Frv. til l. um einkarétt bæjarstjórnar Siglufjarðar til kvikmyndasýninga í Siglufjarðarkaupstað (þmfrv., A. 95).

Á 21. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Á þessu stigi málsins ætla ég ekki að fara að ræða málið frekar en gerð er grein fyrir því í grg., heldur legg ég aðeins til, að því verði vísað til 2. umr. og allshn. að þessari umr. lokinni.

Emil Jónsson: Ég hef ásamt hv. 7. landsk. þm. (LJós) flutt brtt. við þetta frv. á þskj. 107. Það er ekki venja að ræða brtt. við 1. umr. hér, og skal ég ekki heldur gera það að þessu sinni. En ég vil mælast til þess, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar og umsagnar, taki einnig þessar brtt. okkar til athugunar og umsagnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 5. apríl, var útbýtt nál. frá minni hl. allshn., á þskj. 648, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Lögreglustjórn í Reykjavík.

Á 21. fundi í Nd., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 31. des. 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík (þmfrv., A. 106).

Á 25. fundi í Nd., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Nd., 6. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Frv. það, sem ég flyt hér á þskj. 106 ásamt hv. þm. Snæf. og hv. 2. þm. Eyf. miðar að því, að úr l. verði felld undanþáguheimild um, að lögreglustjórinn í Rvík þurfi ekki að fullnægja dómaraskilyrðum samkv. 32. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, hvað það snertir að hafa lokið lögfræðiprófi. Sú undanþága var sett inn í l. nr. 67 31. des. 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtur o. fl. í Rvík.

Með l. frá 1928 var svo ákveðið, að tollstjóraembætti, lögmanns- og lögreglustjóra skyldu vera í Rvík. Lögreglustjóraembættinu fylgdi dómsvald í sakamálum og lögreglumálum. Þegar tímar liðu, þótti auðsætt, að það væri ekki hentugt, að sama embættinu fylgdi bæði dómsvald og löggæzla. 1939 var svo þessu embætti skipt og dómsvaldið tekið undan embættinu, með l. nr. 67 1939.

Þegar frv. til þeirra l. kom upphaflega fram, var ekki sérstaklega kveðið á um það, hverjum skilyrðum viðkomandi embættismenn skyldu fullnægja, hvort þeir skyldu fullnægja hinum almennu dómaraskilyrðum eða ekki. En þetta leiddi af sjálfu sér bæði um lögmann og um tollstjóra, að óhjákvæmilegt var, að þeir væru lögfræðimenntaðir menn. Í frv. var sem sagt ekkert tekið fram um þetta, en gert virðist hafa verið ráð fyrir því af hv. Ed., en þar var frv. flutt, að þessum skilyrðum væri fullnægt. Sést þetta glöggt á því, að hæstiréttur, sem sagt er í grg., að hafi litið yfir frv., minnist ekkert á þetta atriði í umsögn sinni um málið og hefur áreiðanlega verið talið eðlilegast af hálfu réttarins, að hinum almennu dómaraskilyrðum væri fullnægt. Það má líka benda á til stuðnings því, að hv. Ed. leit einnig svo á, að í d. kemur fram brtt. frá hv. þm. S.-Þ., hv. núv. þm. Dal. og hv. núv. 1. þm. Eyf. um, að þessum embættismönnum skuli öllum skylt að taka á sig þá kvöð að gegna setudómarastörfum, þegar því væri að skipta. Á þeirri brtt. sést, að flm. hennar hafa litið svo á, að allir þessir embættismenn hlytu að fullnægja því skilyrði að vera lögfræðimenntaðir menn, þar sem ólögfróða menn er ekki hægt að skipa sem setudómara.

Það er fyrst í áliti allshn. í Nd., sem till. kemur fram til breyt. að því er lögreglustjóraembættið snertir og þó ekki einróma, því að hv. 2. þm. Eyf. skrifaði undir með fyrirvara.

Ég hygg, að óþarft sé að rekja meðferð málsins frekar, og það, hvernig til er komin undanþágan í 1. gr. l. nr. 67 frá 1939. Aðalatriðið er, að Alþ. gefi þessu frekari gaum nú en það virtist gera þá. Næsta skrefið var, að í samræmi við þetta ákvæði var strax eða mjög skömmu eftir að l. voru sett, í ársbyrjun 1940, settur ólöglærður maður í lögreglustjóraembættið án þess þó, að embættið væri auglýst til umsóknar svo sem annars tíðkast eða nokkrum manni úr lögfræðingastétt gefið tækifæri til að sækja um það. Þetta sætti að vonum mikilli gagnrýni, og athygli var vakin á því, hversu fjarstætt það væri, að lögreglustjóri höfuðborgarinnar þyrfti ekki að hafa lögfræðilega þekkingu, eins og þó var skylt um alla aðra lögreglustjóra landsins, í smærri bæjum, enda er auðsætt, að það verður ekki unað við það ósamræmi.

Að vísu hefur því verið slegið fram, að með skiptingu embættisins hefði það orðið óþarft, að lögreglustjóri hefði lögfræðimenntun, en það er fjarri sanni, því að iðulega koma fyrir atvik, sem gera það ýmist auðveldara fyrir lögreglustjórann eða beinlínis nauðsynlegt að hafa lögfræðimenntun, og er auðsætt, að starf hans hnígur til úrlausnar mörgum atriðum, sem snerta lögfræðileg efni.

Sú staðhæfing, að lögreglustjórinn þurfi ekki að vera lögfræðilega menntaður maður, samræmist illa þeirri ráðstöfun, að honum var skipaður löglærður fulltrúi, og hefur skortur lögreglustjóra á lagaþekkingu verið réttlættur með því, að hann hefði löglærðan fulltrúa. En ef farið væri inn á þá braut almennt, værum

við komnir út á hálan ís. Ég hygg t. d., eins og að er vikið í grg. frv., að það þætti einkennilegt, ef haldið væri fram, að skipstjóri þyrfti ekki að vera siglingamenntaður, ef stýrimaður hans hefði slíka menntun. Það er eindregin skoðun okkar flm., að við svo búið verði ekki unað, og að undanþáguheimildin verði að falla burt.

Ég vil benda á það, þegar þetta mál var til umr. hér 1939, var mjög glögglega tekið fram af núv. hv. 2. þm. Eyf., hversu fjarri réttu lagi þetta væri. Síðan hefur það verið ítrekað svo að segja einróma af lögfræðingastétt landsins. Þá var líka bent á það í umr. 1939, að okkur vantaði ekki fyrst og fremst mann í þetta embætti, sem kynni að stjórna her. Ég hygg, að þetta sé rétt. Þjóðin er ekki þannig, að hún hafi þörf fyrir heraga, enda er það viðhorf ríkjandi enn, að til þess beri litla nauðsyn. Hitt er annað mál, að það ber að hafa skipan lögreglumála í landinu sem öruggasta, og er fjarri því, að sú trygging fáist með því að hafa í lögreglustjóraembættinu í höfuðborg landsins mann, sem ekki hefur lögfræðiþekkingu. Ég held þvert á móti. Ég ætla ekki að rekja þær afleiðingar, sem þessi embættisveiting hefur haft. Ég vil aðeins benda á það, að því hefur mjög verið haldið á lofti, að manni þeim, sem í embættið var skipaður, hafi verið gefinn kostur á að mennta sig sérstaklega til að geta rækt embættið. Það er í sjálfu sér ágætt, en það eru engin rök í málinu. Mátti ekki veita öðrum manni með lögfræðiþekkingu sams konar tækifæri?

Mér finnst rétt að lokum að drepa á eitt atriði, það, að ekki hafi verið völ á lögfræðimenntuðum manni í embættið. Fjær sannleikanum verður ekki komizt. Það var engin tilraun gerð til þess að fá slíkan mann, svo að vitað sé, því að embættinu var ekki slegið upp. Hitt er á allra vitorði, að meðal manna í lögfræðingastétt voru menn, sem vel mátti trúa fyrir embættinu, enda mætti það fyrr vera og auglýsa meiri fátækt heillar stéttar en hægt er að drótta að henni.

Ég vænti, að hv. d. taki þessu máli vel og sú leiðrétting fáist, sem farið er fram á í frv., þannig að við verði unað. Óska ég, að frv. verði vísað til allshn., að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt frá Nd. nál. meiri hl. allshn., á þskj. 656, og á 95. fundi í Nd., 10. apríl, nál. frá minni hl. n., á þskj. 706, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Húsaleiga (frv. LJós).

Á 28. fundi í Nd., 8. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 106 8. sept. 1941, um húsaleigu (þmfrv., A. 143).

Á 29., 30., 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., 11., 12. 13., 14., 15. og 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 18. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. — Ég flyt hér á þskj. 143 litils háttar viðauka við húsaleigul., sem miðar að því að breyta l. þannig, að þau nái yfir leigu eftir verbúðir.

Þegar l. þessi voru sett, var meiningin sú, að húsal. hækkaði ekki nema eftir almennum reglum, sem settar yrðu samkv. l. Nú hefur sú raun orðið á, að t. d. leiga eftir sjóhús hefur farið hækkandi víða um land, og hefur þetta valdið ákaflega mikilli óánægju. Mér er kunnugt um það, að á Austurlandi, þar sem leiga eftir verbúðir hefur hækkað mjög mikið, hafa menn spurzt fyrir um það, hvort slík hækkun varðaði ekki við l. samkv. húsaleigul. frá 1941, en þessum spurningum hefur ýmist verið vísað frá eða svarað neitandi. En það gefur að skilja, að það er mjög svo svipað ástatt um þessa leigu sem aðra, og ég sé enga ástæðu til, að þeir, sem eiga sjóhús og verbúðir, fái að taka fyrir slík hús margfalda leigu á sama tíma og öðrum er bannað að hækka leigu nema að sáralitlu leyti. Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að skýra hv. þd. frá því, hvernig t. d. er ástatt í þessum málum þar, sem ég er bezt kunnugur, en það er í Hornafirði. Það hafði verið þannig um mörg ár, að útgerðarmenn eystra höfðu borgað í húsaleigu ákveðinn part af fiskverðinu. Meðan fiskverð var lágt og afli lítill eða venjulegur, þá var þetta meðalleiga. En þegar fiskverðið hækkaði og afli fór þá líka að glæðast, varð gjaldið afar hátt og ekki sambærilegt við það, sem það var á öðrum stöðum á landinu. Stærstu bátarnir, sem gerðu út frá Hornafirði á s. l. vetri, greiddu í húsaleigu og ljós um kr. 8000,00 á sama tíma og bátarnir hér fyrir sunnan greiddu kr. 2400,00 fyrir sambærilegt pláss. Auk þess áskildi eigandi húsanna sér þann rétt að fá að ráða yfir sölu alls aflans á staðnum, en fyrir hana eru greidd frá 3 til 5% í umboðslaun. Eigandi útgerðarstöðvarinnar á Hornafirði áskildi sér rétt til þess að taka þessi umboðslaun, og hafa þau numið mun meira en húsaleigugjald báta hér við Faxaflóa. Útgerðarmenn á Austfjörðum eru, sem von er, mjög óánægðir með þetta og hafa krafizt þess að fá að ráða sölu aflans, en þeim hefur verið settur stóllinn fyrir dyrnar, með því að þeir fá ekki verstöðvarnar leigðar, nema leigjandi fái að ráða sölu aflans sjálfur. Það má því segja, að hver sjómaður hafi orðið að greiða háan aukaskatt vegna þessara kjara, eða allt að því 500 kr. af hverjum hlut. Með þeim breyt. á l., sem hér er gert ráð fyrir, yrði bannað að hækka leigu á verstöðvum nema eftir þeim almennu reglum, sem gilda um leiguhækkun annars staðar. Auk þess er gert ráð fyrir því, að þar sem greiðsla eftir verstöðvar hefur farið fram eftir aflahlut, eigi útgerðarmenn kost á að fá leiguna metna og greiða fast gjald sem svarar því, að leigan sé sambærileg við almenna húsaleigu.

Ég vænti þess, að hv. þd. taki vel við þessu

frv. ekki sízt með tilliti til þeirra erfiðleika, sem smáútgerðin á við að búa, þar sem fiskverðið er bundið, þó að allur útgerðarkostnaður og allt, sem sjómennirnir verða að kaupa, sé alltaf að hækka. Ég ætla svo ekki að sinni að fara fleiri orðum um þessi mál, en bið hv. þd. að samþykkja frv. til 2. umr. og vísa því til allshn.

Páll Þorsteinsson. Herra forseti. — Eins og hv. þdm. munu þegar hafa gert sér ljóst, þá gerir frv. það, sem hér er komið fram, ráð fyrir, að húsaleigul. séu látin ná til húsnæðis sjómanna, þ. e. verbúða, byggja og palla þeim til afnota í verstöðvum. Í grg. þess er sérstaklega minnzt á Hornafjörð í þessu sambandi og það á þann veg, að ætla má, að frv. sé beinlínis komið fram vegna Hornafjarðar og miðað við þá samninga, sem gilt hafa milli kaupfélagsins í Hornafirði og austfirzkra útgerðarmanna. Ræða hv. flm. frv. gefur ástæðu til að ætla, að frv. sé flutt einmitt vegna þessara samninga. Og í grg. segir (og vil ég lesa það með leyfi hv. forseta):

„Það mun að vísu vera rétt, að leiga eftir útgerðaraðstöðu hefur verið mjög misjöfn á hinum ýmsu stöðum, og í einstökum tilfellum má segja, að leigan hafi verið sanngjörn. En á öðrum stöðum hefur aftur á móti alveg keyrt um þverbak. Sem dæmi þar um vil ég taka Hornafjörð. Á Hornafirði er eina vetrarverstöðin á öllu Austurlandi. Þangað sækir því meginhluti austfirzkra báta á hverjum vetri. Kaupfélagið á staðnum á verbúðirnar og hefur tekið ákveðinn aflahlut í leigu. Húsaleiga fyrir beitingahús og sjómannaíbúðir hefur verið 5% af brúttóaflasölu. Auk þess hefur hver bátur greitt 1½ skp. í ljósagjald. Auk þessa áskildi kaupfélagið sér að annast alla sölu aflans og njóta fyrir það ekki minna en 3% í umboðslaun, sem fiskflutningaskipin borga. Stærstu bátarnir, sem þarna gerðu út síðast liðna vetrarvertíð, greiddu í húsaleigu og ljós um 8000 kr., auk þess hefur kaupfélagið fengið í umboðsþóknun vegna sölu á afla hvers þessa báts um 5000 kr. Ef þessar tölur eru bornar saman við leigu á verplássum í Sandgerði s. l. vetur, þá sézt bezt, að hér hefur fram farið hið herfilegasta okur. Í Sandgerði greiddi hver bátur fast gjald, 2400 kr., fyrir húsnæði ásamt ljósi, og er húsnæðið þó í Sandgerði mun meira, þar sem þar fylgir með söltunarpláss".

Þetta er nú það, sem m. a. stendur í grg. frv. og kom fram í síðustu ræðu. Þegar búið er á þennan hátt að draga ákveðinn stað inn í málið og búið að útvarpa því um allt land, að þar sé beitt „hinu herfilegasta okri", þá get ég ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um málið. Til samanburðar er nefnt Sandgerði, þar sem hin fullkomnasta sanngirni á að ráða. Ókunnugir kynnu nú að halda, að kaupfélagið á Hornafirði væri hreinasta einokunar- og einræðisstofnun. Ég vil því taka það hér fram, að kaupfélagið er félagsskapur allra Austur-Skaftfellinga nema Öræfabúa og að nálega ekkert heimili í Austur-Skaftafellssýslu, utan Öræfa, mun standa utan við það. Allir starfa þar saman, án tillits til skoðana eða annarrar aðstöðu. Stjórn þess er skipuð mönnum, sem búa sinn í hverjum hreppi á félagssvæðinu.

Sama er að segja um endurskoðendurna. Þeir eru sinn af hvorum enda félagssvæðisins og sinn úr hvorum stjórnmálaflokki. Ég bendi aðeins á þetta til að sýna, að kaupfélagið á Hornafirði er félagsskapur allra Austur-Skaftfellinga að fráteknum Öræfingum. Það er félagsskapur fátækrar alþýðu í sýslunni, sem stjórnað er af fulltrúum fólksins úr hverjum hreppi á félagssvæðinu.

Útgerð vélbáta hefst á Hornafirði um líkt leyti eða litlu síðar en hér á Suður- og Suðvesturlandi. Þá var verzlun héraðsins að mestu leyti í höndum eins kaupmanns. Hann hófst handa um að byggja verstöð á Hornafirði, og þangað sóttu bátar frá Austfjörðum, sem æ síðan hafa gert út vélbátaflota sinn frá Hornafirði að meira eða minna leyti. En rekstur stöðvarinnar gekk ekki eins vel og skyldi í höndum þessa vinsæla og virðulega athafnamanns, og féll útgerðin í hendur bankans, sem lánað hafði til framkvæmdarinnar. Árið 1933 var svo stöðin laus til kaups. Eins og menn muna, var þá landbúnaðarkreppa og árin 1932 og 1933 sérstaklega erfið íslenzkum bændum og þá ekki sízt þeim, sem afskekktir bjuggu og áttu erfitt með sölu á landbúnaðarafurðum. Það var ekkert glæsilegt að ráðast í stórfelld fasteignakaup á þessum tíma, eins og kaupfélag Austur-Skaftfellinga þá gerði, er það keypti verstöðina á Hornafirði. Austur-Skaftfellingar réðust í þessi kaup í bjartsýnni trú á betri tíma og til að tryggja það, að þeir hefðu sjálfir eignarétt á og forgangsrétt til að njóta þeirra gæða, sem þeirra eigið hérað veitir. En síðan hófst mikil kreppa fyrir útveginn, eins og menn muna, að nokkru leyti vegna aflaleysis og að nokkru leyti vegna söluörðugleika. Þetta bitnaði vitanlega á útgerðinni í Hornafirði og annars staðar, en þó sérstaklega þar, vegna þess að þar var aflaleysi meira. Þetta skapaði kaupfélaginu, sem þá hafði nýlega ráðizt í kaup á verstöðinni, mjög mikla örðugleika, og útgerðarmenn hættu margir hverjir að stunda sjó þar eystra, en fluttust hingað suður, og útgerðin dróst svo saman, að tala bátanna, sem lögðu upp á Hornafirði, komst niður í 10, í stað þess að hún er stundum hátt á þriðja tug. Þetta stóð fram til ársins 1939. Þá fór að rakna úr fyrir sjávarútveginum yfirleitt, og þá einnig á Hornafirði, sumpart fyrir löggjöf, en líka vegna þess, að aflinn tók að glæðast og verð hækkaði. Allt frá því, er útgerð vélbáta hófst á Hornafirði, hefur verið sá háttur á, að leiga eftir verstöðina hefur verið tekin í aflahlut. Var það ½ fyrst, en síðar 1/15, og þannig stóð það fyrir 9 árum, er kaupfélagið tók við verstöðinni. Lækkaði kaupfélagið leiguna strax ofan í 1/16 af heildarafla, og þannig var það frá því 1933, er verbúðirnar urðu eign kaupfélagsins, og þar til eftir vertíðina 1940. Árin 1941 og 1942 var gjaldið aðeins 1/20, og ég hef það fyrir satt, að á yfirstandandi ári eigi að lækka það ofan í 1/25. Þetta sýnir, að á þessum 9 árum, sem kaupfélagið hefur átt og rekið stöðina, hefur leigan lækkað úr ½ aflans ofan í 1/25 part.

Það er tvennt, sem þarna er um að ræða, og

kemur það fram í grg. Í fyrsta lagi húsaleiga og ljósatollur, og í öðru lagi umboðslaun. Það liggur í augum uppi, að þar sem leiga er greidd í aflahlut frá ári til árs, þá er hún mjög misjöfn, enda er tekið fram í grg., að tölur þessar gildi aðeins um allra stærstu bátana. Ég held satt að segja, að sú athugasemd í grg. sé ekki ástæðulaus. Ég hef aflað mér upplýsingar hjá kaupfélagi Hornafjarðar um þetta mál, og það hefur tjáð mér, að af þeim 26 bátum, sem lögðu þar upp á síðustu vertíð, hafi ⅝ greitt tæplega 2000 kr., en lægsta greiðsla var tæpar 1000 kr. Meðalgreiðsla allra 26 bátanna var um 3000 kr. á bát. Þetta er sú tala, sem sambærileg er við það fastagjald, sem greitt var í Sandgerði.

Um ljósagjaldið á Hornafirði gilda sérstakar ástæður, þannig að sá, sem á útgerðarstöðina, kom upp þremur olíuhreiflastöðvum, þremur, vegna þess að útgerðarstöðin er í þrennu lagi. Við þessar ljósastöðvar þurfti að ráða sérstaka menn til gæzlu þeirra. Nú hefur rekstrarkostnaður þessara rafstöðva aukizt stórum síðustu árin með hækkuðu kaupgjaldi og hækkuðu verði á olíu. Á hinn bóginn get ég ekki fullyrt á þessu stigi málsins, hvort sú hækkun stendur í réttu hlutfalli við verðhækkun aflans. Umboðslaunin fyrir sölu afla eru nokkuð sérstaks eðlis og nýr liður í þessum málum. Slíka þóknun hefur félagið aðeins fengið síðasta ár og að litlu leyti 1941. Að mínum dómi er það ekki alls kostar eðlilegur liður, ef útgerðarmenn hafa aðstöðu til að selja fisk sinn sjálfir og óska þess. En samkvæmt eðli málsins er þetta og á að vera samningsatriði milli þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, og óeðlilegt að fella ákvæði um umboðssölu sjávarafurða inn í löggjöf um húsaleigu.

Enn fremur ber þess að gæta, að leigan er greidd af aflahlut, og þar eð hlutfallið, sem nú er greitt, er útgerðarmönnum hagstæðara en það var, þá hefur hlutur þeirra vitanlega fyllilega hækkað að sama skapi og leigan. Það er því augljóst, að útgerðarmenn eiga sízt erfiðara með að greiða leiguna nú heldur en áður. Kaupfélagið er því í raun og veru þátttakandi í þessum rekstri, arður þess byggist á aflamagni og sölumöguleikum, alveg eins og arður útgerðarmanna og sjómanna. Útgerðarmennirnir eru ekki bundnir við að taka á sig neinar byrðar fram yfir umsamda leigu til að standa straum af þeim gjöldum, sem óhjákvæmileg eru vegna þessara fasteigna. Þeir eru meira að segja ekki bundnir við að nota þær, enda hefur það sýnt sig, að áður, fyrir stríðið, þá voru bátarnir sendir suður á land, og þá stóð útgerðarstöðin á Hornafirði auð að meira eða minna leyti. Þá var hún baggi á kaupfélaginu, og viðhaldskostn. hennar þurfti þá að greiðast af arði verzlunarinnar sjálfrar, m. ö. o. það þurfti að sækja hann í hendur fátækrar alþýðu í héraðinu. Meðan svo stóð, höfðu útgerðarmenn engar óskir fram að bera, og kaupfélagið hélt umtölulaust þá samninga, sem gerðir höfðu verið um leiguna. Nú er sakazt um, að kaupfélagið fái ríflegri hlut en áður og fái að einhverju leyti greitt þann halla, sem var á hinum erfiðari árum. Útgerðarmenn hafa nokkur undanfarin ár grynnkað á gömlum skuldum og jafnvel greitt þær að fullu, svo að það mun ekki geta talizt nein goðgá, þó að kaupfélagið reki stöðina með dálitlum hagnaði, til þess að það nái því upp að nokkru leyti, sem á henni tapaðist á hinum erfiðari árum. Útgerðarmenn njóta þeirra hlunninda, að leigan lækkar, þegar afli verður minni og salan verri.

Hv. 6. landsk. hefur án efa ætlað að bæta hag austfirzkra útgerðarmanna með þessu frv. En hefur þessi hv. þm. gert sér grein fyrir, hver sá grundvöllur er, sem hann byggir hér á? Í frv. er gert ráð fyrir að láta húsaleigulögin frá árinu 1941 gilda um leigu eftir verbúðir, og í 2. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hafi leiga eftir verbúðir verið greidd með aflahlut, getur leigutaki krafizt mats á leigunni, og skal þá ákveða leiguna fast gjald og með tilliti til þess, að leigan hækki ekki nema sem svarar hækkun almennrar húsaleigu. Samkv. 1. nr. 106 frá 1941 er svo fyrirmælt, með leyfi hæstv. forseta: „Óheimilt er að hækka húsaleigu eftir húsnæði frá því, sem goldið og umsamið var hinn 14. maí 1940, nema sem svarar auknum viðhaldskostnaði“ o. s. frv. Ef þetta frv. yrði að l., þá þyrfti að meta leiguna til verðs, og hún yrði hin sama og árið 1940, að viðbættu vísitölugjaldi því, sem húsaleiguvísitalan segir um. Nú er um tvær leiðir að ræða til þess að gera sér grein fyrir því, hver sá grundvöllur er, sem þetta frv. er byggt á.

Önnur leiðin, og sú greiðasta að minni hyggju, er sú að fá uppgefið hjá kaupfélaginu, hversu há leigan hefur verið. Hin leiðin er að safna skýrslum meðal útgerðarmanna um þetta atriði. Ef til vill hefur hv. 6. landsk. farið þessa síðari leið og hefur þau gögn hér í höndunum, en samt er það grunur minn, að hagnaðurinn, sem þetta frv. á að fela í sér fyrir austfirzka útgerðarmenn, sé minni en hv. flm. gerir sér ljóst.

Árið 1940 var greiddur 1/16 partur af afla í leigu, en nú er hún komin niður í 1/25 part, en vísitala húsaleigulaganna er, að ég hygg, í kringum 125 stig. Ég tel því frv. þetta óþarft, og meira en það, því að það getur verið varhugavert fyrir báða aðila. Margt bendir nú til þess, að hið mesta gróðatímabil útgerðarinnar sé senn á enda runnið, og það þarf því ekki mikla aflatregðu til þess, að það reyndist vafasamur hagur að lögbinda leiguna á þann hátt, sem frv. þetta felur í sér.

Ég hef nú sýnt fram á, að hér er um að ræða tvo aðila, tvær félagsheildir, sem þarna eiga hlut að máli að því leyti, sem Hornafjörð varðar. Annars vegar kaupfélag Austur-Skaftfellinga á Hornafirði og hins vegar útgerðarmenn á Austfjörðum og kaupfélagið er sá vettvangur, þar sem hagsmunir beggja mætast. Málið á að vera samningsatriði milli þessara tveggja aðila. Útgerðarmenn eiga að kjósa sér fulltrúa til þess að semja við kaupfélagið, en ekki koma hver í sínu lagi eins og þeir hafa gert. Ef slíkir frjálsir samningar ættu sér stað, þá efast ég ekki um, að þessir aðilar geti leyst þetta mál án afskipta Alþ. svo að báðir megi vel við una. Ef þessu er svo háttað á Hornafirði, þar sem flm., háttv. 6. landsk., telur fram fara svo herfilegt okur, að alveg keyri um þverbak, hver skyldi þá efast um sanngirnina í Sandgerði og öðrum sambærilegum stöðum?

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Ég hélt, að eigi gerðist þörf að draga hér lengi umr. um viðskipti kaupfélagsins á Hornafirði við austfirzka útgerðarmenn, en eftir að hafa heyrt ræðu hv. þm. A.-Sk., þá býst ég við, að eigi verði hjá komizt að athuga þetta mál nánar. Hv. síðasti ræðumaður gaf hér skýrslu um þetta, sem hann byggði á sögusögn kaupfélagsstjórans á Hornafirði. En ég komst að því við að hlusta á ræðu hv. þm., að hann veit ekkert um, hvernig leigukjörum er í rauninni háttað þarna á staðnum. Hann segir, að fyrst hefðu bátar greitt 1/12 part aflahlutar í leigu, síðan hafði kaupfélagið lækkað leiguna niður í 1/16, þar næst í 1/20 og nú síðast í 1/25 part. Þetta má segja ókunnugum, og er hér að sönnu um brot af sannleika að ræða. Sannleikurinn allur er sá, að á þessum tíma hefur aflahluturinn breytzt úr 1/10 niður í 1/22, svo að tölur þær, sem hv. þm. las upp, gefa enga hugmynd um leiguna, fyrst hann tók ekki til greina það, sem ég sagði um breytingu aflahlutarins á þessum tíma. Um ljósagjaldið sagði hv. þm., að þar væri um sérstök kjör að ræða, og svo mun vera, því að þau kjör eru orðin fræg um allt land, og skal ég minnast nánar á það atriði. Annars staðar er venja að láta ljósagjaldið vera innifalið í húsnæðinu, en í Hornafirði er svo háttað, að þar greiðir hver bátur 1½—2 skp. í ljósagjald. Kaupfélagið hefur lánað eina 40 króna lukt, og tekið 1 skp. í leigu fyrir hana, en útgerðarmönnunum var ekki leyft að koma með sína eigin lukt, þótt þeir fegnir vildu. Ég get tekið fram, að það mun ekki vera stjórn kaupfélagsins, sem þessu ræður, heldur kaupfélagsstjórinn sjálfur, Jón Ívarsson.

Þá er sú fullyrðing hv. þm., að ég hafi aðeins getið um í grg. frv. stærstu bátana, sem greiddu í leigu 8000 krónur á síðustu vertíð, en láðst að geta um minni bátana, sem voru 2/5 af bátunum, og hafi greitt 2000 krónur í leigu. Þetta er mjög fjarri sanni fyrir þá menn, sem þekkja málavexti, og upphæðin getur alls ekki staðizt. Ég átti nýlega ásamt hv. meðflm. í Rvík í viðskiptum við Jón Ívarsson út af þessu atriði, og hann setti sem lágmarksleigu fyrir hvern bát 2500 krónur auk prósentna. Hann setti 2500 krónur sem lágmarksgjald, og þar með fellur sú fullyrðing hv. síðasta ræðumanns, að hver hinna minni báta hafi greitt 2000 krónur í leigu á síðustu vertíð. Enn fremur velur kaupfélagið stærstu bátana úr, og raunin mun verða sú á næstu vertíð, að það verði aðeins stærri bátarnir, sem fái pláss þarna.

Eitt atriði er þó, sem hv. þm. A.-Sk. viðurkennir, að sé ekki alls kostar réttmætt, en það er, að kaupfélagið skuli áskilja sér rétt til að selja aflann. Þetta atriði er hv. þm. kunnugt um, og ég er sannfærður um, ef hann hefði vitað hið sanna hvað öðru viðvíkur, þá myndi hann viðurkenna óréttlæti það, sem þarna á sér stað.

Ég vil taka það fram, að kaupfélagið hefur ekki getað séð um sölu fiskjarins eins og það ætti að gera, þar eð það áskilur sér rétt til þess að selja hann. Það sem sé áskilur sér þennan rétt, en vill ekki ábyrgjast söluna. Þegar svo fer, að kaupfélagið fær ekki skip, þá verða sjómennirnir að sitja auðum höndum og geta ekki farið á sjó, enda þótt útgerðarmennirnir gætu útvegað skip til að kaupa fiskinn. Á þessu sést, að hér er um sérstæð leigukjör að ræða. Kaupfélagið áskilur sér rétt til að selja aflann og nýtur fyrir það ekki minna en 3% umboðslaun, en útgerðarmönnunum er meinað að selja hann, þó að þeir eigi þess kost. Í frv. er bannað að slík fríðindi eigi sér stað.

Að endingu vil ég taka fram, að þetta frv. er ekki eingöngu fyrir Hornafjörð, heldur er það gildandi almennt. Það er sem sagt þannig, að þeir, sem eiga verstöðvar, eru óbundnir um það samkv. úrskurði húsaleigun. Reykjavíkur að hækka húsaleigu, enda hafa þeir allir gert það verulega og mundu sérstaklega gera það, þegar þeir sjá þetta góða fordæmi frá Hornafirði. Kaupfélagið í Hornafirði hefur fengið að taka eins mikið á hverju ári eftir vertíðina eins og eignarverð stöðvarinnar er, og þá sýnist ekki hart að kaupfélaginu gengið, þó að það ásamt öðrum yrði bundið með l. til að taka eitthvað lægri leigu eftir stöðina og hefði þar ekki jafnóbundnar hendur og áður.

Ég vil einnig geta þess, að nú að undanförnu hefur staðið yfir allsnörp deila milli austfirzkra útgerðarmanna og kaupfélagsins í Hornafirði í sambandi við komandi vertíð, og hefur helzt litið út fyrir, að þeir færu ekki suður vegna þeirra ókjara, sem þar eru, og hafa þeir beðið mig og fleiri að reyna að fá þar bót á ráðna. Við höfum farið samningaleiðina eins lengi og unnt hefur verið. Útgerðarmenn hafa boðizt til að borga a. m. k. helmingi hærri leigu en viðsvegar annars staðar þekkist, svo að ég tel ekki rangt farið að, þótt þessi lagaákvæði yrðu samþ. hér og síðar en svo farið illa með þann aðila, sem hér hefur verið mest rætt um. Ég vil undirstrika, að þetta gildir um leigu í öðrum verstöðvum alveg eins og í Hornafirði og hér er ekki farið fram á neina ósanngirni, heldur það, sem flestir munu mæla, að sé sanngjarnt gagnvart útgerðarstöðvum yfirleitt.

Páll Þorsteinsson: Það eru aðeins örfá orð. Hv. 6. landsk. telur, að ég hafi ekki farið rétt með þær tölur, sem ég tilgreindi um, hvaða borgun væri tekin af heildarafla hvers báts. Hann taldi, að ég hefði sagt, að greitt hefði verið 1/12 af heildarafla, þegar kaupfélagið hefði komið á þennan stað fyrir 9 árum. Þetta er misskilningur. Fyrst eftir að útgerðarstöðin var reist, var hún í höndum eins manns, og þá mun gjaldið um nokkurt skeið hafa verið 1/12, en var komið í 1/15, þegar kaupfélagið eignaðist hana. Síðar var það lækkað niður í 1/25, og þó segir hann, að tölurnar, sem ég birti um heildargreiðslur bátanna, séu fjarri lagi. Ég tók fram, að ég hefði leitað sérstaklega upplýsinga, eftir að þetta mál var flutt, hjá þeirri stofnun, sem kunnugust var þessu máli, og ég hef enga ástæðu til að efast um, að hún hafi gefið mér réttar tölur. Hins vegar er skylt að hafa það, er sannara reynist, ef eitthvað kemur í ljós, sem sýnir, að hér skakki verulegu, en meðan ekkert sannast í því efni, held ég fast við þær upplýsingar, sem ég hef fengið frá þessari stofnun.

Hv. þm. bendir á, að nú muni meðaltalsleiga

vera kr. 2500 á bát, og skakkar það nokkru frá því, sem ég sagði, að meðaltalsleiga hefði verið í fyrra 3 þús. Af 26 bátum, sem voru gerðir út frá þessari verstöð síðasta vetur, mun gjaldið af ⅔ hlutar bátanna hafa verið undir eða um 2 þús., en meðaltalsleiga af þessum 26 bátum er mér sagt, að hafi verið 3 þús. kr.

Þá vék hann að því, að kapphlaup væri um að komast að þeirri verstöð, smæstu bátarnir yrðu útundan, en aðallega væru það stærstu bátarnir, sem kæmust að. Þarna gefur auga leið, hvort um okur er að ræða, þegar þeir bátar, sem mest afla og mest greiða í leigu, sækja mest á um að komast þarna að til að fá útgerðaraðstöðu.

Það er rétt, að þetta umboðsgjald hefur ekki komið til fyrr en síðustu tvö ár, en eins og ég lýsti í fyrri ræðu minni, þá er þetta samningsatriði milli þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli. Annars hygg ég, að slík umboðslaun séu greidd víðar, þar sem ekki eru samtök milli útgerðarmanna um að annast sölu á fiskinum, en eins og ég sagði, þá er þetta samningsatriði milli þeirra, sem hér eiga hlut að máli. Ég benti á, að stjórn kaupfélagsins ásamt framkvæmdarstjóra þess væri réttkjörinn aðili að koma fram fyrir kaupfélagsins hönd og útgerðarmenn ættu að kjósa samningsaðila frá sinni hálfu. Hv. 6. landsk. þm. vill gera mikið úr því, að hér sé aðeins um einn einstakan mann að ræða, sem setji útgerðarmönnum stólinn fyrir dyrnar á Hornafirði. Ég hygg, að þessi hv. þm. tefli á tæpasta vað, ef hann ætlar sér að draga nafn ákveðins manns inn í umr. hér á þingi. Ég get bent honum á, að kaupfélagsstjórinn mætti ekki einn fyrir félagsins hönd til samninga við verkamenn í haust, heldur var þar og mættur formaður kaupfélagsstjórnarinnar, Þorleifur Jónsson, fyrrv. þm., sem var um skeið forseti þessarar hv. d., og ég hygg, að hv. þm. geti um það borið af gömlum kynnum við hann, hvort mundi vera frágangssök að ná samningum við hann, eða ætlar hv. þm., að þessi gamli þm. sé svo sérstaklega herskár í ellinni. Ég legg áherzlu á, að þetta er fyrst og fremst samningsatriði, og frá minu sjónarmiði er eðlilegast að reyna að ná svo hagkvæmum samningum, að báðir aðilar megi vel við una, og ég er sannfærður um, að það er hægt að leysa þetta þannig með einföldum samningum.

Þá minntist hann á, að hann hefði staðið í samningamakki. Það er aukaatriði, en ég held, að annar maður hafi þar verið stórtækari, sem sé Benedikt Guttormsson bankastjóri.

Hann vill ekki fallast á, að grundvöllurinn undir þessu frv. sé ótraustur og vitnaði þar í 2. gr., þar sem gert er ráð fyrir að meta aflahlutann til verðs með tilliti til, að leigan hækki ekki. Ég hef veitt þessu athygli, að leigan á ekki að hækka, en það stendur hvergi, að hún eigi nokkurn tíma að lækka eða hvernig þá skuli verða með aflahlutann og verðlagning hans.

Ég hef þá komið með þær helztu aths., sem ég tel þörf á á þessu stigi málsins, og skal ekki hafa um þetta fleiri orð að svo stöddu.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Það er örstutt aths. Ég vil fyrst taka fram, að það er misskilningur, að ég hafi um það talað, að meðaltalsleiga yrði 2500 kr., heldur sagði ég, að kaupfélagsstjórinn hefði gert þá kröfu, að tryggt yrði lágmarksgjaldið af hverjum bát 2500 kr. Vitanlega ætlaðist hann til, að hún yrði miklu hærri og getur orðið miklu hærri í kapphlaupinu milli báta um þessa verstöð. Þó að leigan sé há, þá ætla ég, að flestir hv. þm. skilji, að eðlilegt er, að bátar sæki eftir að komast þangað, þar sem þetta er eina vetrarverstöðin á Austfjörðum, og er eðlilegt, að þeir keppist eftir að komast á þau ágætu fiskimið, sem þarna eru, þó að leigan sé há og jafneðlilegt, að þeir reyni kappsamlega að fá þessum okjörum breytt.

Þar sem hv. þm. minntist á, að þetta væri samningamál, þá vil ég endurtaka, að við höfum reynt að fara samningaleiðina, meðan mögulegt var. Þar sem hann minntist á Benedikt Guttormsson, þá skal ég taka fram, að hann hefur aðeins farið höndum um þetta mál nokkra daga til þess að reyna að ráða fram úr allra mestu vandræðunum En hvað sem öllum samningaumleitunum líður og hvað sem þessu máli líður í þetta sinn, þá er eigi að síður bráðnauðsynlegt að setja l., sem eru bindandi fyrir allar verstöðvar í landinu, ekki aðeins Jón Ívarsson í Hornafirði, heldur alla, þó að hann hafi gengið lengst eins og hans var von og vísa. Það verður því að setja l., sem binda hann og aðra við sanngjörn kjör.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Eignarnámsheimild á Nesi í Norðfirði.

Á 28. fundi í Nd., 8. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um eignarnámsheimild handa Neskaupstað á jörðinni Nesi í Norðfirði (þmfrv., A. 144).

Á 29., 30., 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., 11., 12., 13., 14., 15. og 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 18. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. — Ég get verið fáorður um þetta frv. Það er þannig til komið, að bæjarsjóður á nú í óskiptu bæjarlandi, sem lögsagnarumdæmið nær yfir, 18 af 29 hundruðum að fornu mati, hin 11 eiga 6 menn eða 7. Bæjarstjórn er nauðsynlegt að fá umráðarétt yfir öllu þessu landi og óskar því eftir heimild til að taka það eignarnámi. Árekstrar

hafa orðið milli bæjarstjórnar og hinna einstöku eigenda út af ráðstöfun landsins, og ég held, að almennt sé viðurkennd nauðsyn bæjarfélagsins til að ráða yfir landinu. Neskaupstaður er einn af þeim kaupstöðum, sem ræður ekki yfir öllu sínu landi, og er þetta frv. flutt til að ráða bót á því.

Ég óska, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Uppdrættir af Íslandi.

Á 28. fundi í Nd., 8. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um útgáfurétt að uppdráttum af Íslandi (þmfrv., A. 145).

Á 29. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Barði Guðmundsson): Herra forseti. — Ég skal ekki vera langorður um frv. það, er hér er til umr. á þskj. 145, enda er minnst þörf á því, að það sé skýrt frekar en gert er í grg. frv. Eins og þar er tekið fram, er það flutt af menntmn. vegna tilmæla vegamálastjóra.

Menntmn. hefur athugað frv., og leggur hún einróma til, að það verði samþ., og væntir þess af hv. d. og Alþ. í heild, að það verði látið ná fram að ganga í sinni núverandi mynd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 31. og 32. fundi í Nd., 13. og 14. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 15. jan., var frv. enn tekið til 2. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ísland hefur nú verið mælt af herforingjaráðinu, og eru þau gögn nú öll í Kaupmannahöfn. Nú vil ég spyrja, hvernig það er með þessi frumgögn. Hér er á ferðinni frv. um, að enginn megi gefa út uppdrætti af landinu nema ríkið. En hver á þá þessi frumgögn? Eigum við þau, eða eiga Danir þau?

Við höfum alltaf lagt eitthvað fé til þessara mælinga. Nú vil ég því fá það alveg upplýst, hvernig þessu er háttað.

Frsm. (Barði Guðmundsson): Viðvíkjandi ummælum hv. 2. þm. N.-M. held ég, að nægilegt sé að vísa til grg. frv., en þar er svo að orði komizt:

„Þar sem nú er lokið mælingum Íslands, er danska landmælingastofnunin hefur unnið að, síðan laust eftir aldamót, er unnt að gera fullkomna uppdrætti af öllu landinu. Er augljóst, að mjög er þörf uppdrátta af ýmsri gerð bæði af öllu landinu og einstökum landshlutum. Frumrit af öllum mælingum og uppdráttum eru geymd hjá greindri stofnun, og mér er kunnugt um, að hún telur heimildir þessar eign Íslands, enda hefur stofnunin annazt þetta starf fyrir Íslands hönd."

Annars get ég ekki að svo stöddu gefið aðrar upplýsingar en þær, sem standa í grg.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 36., 37., 40. og 41. fundi í Nd., 18., 19., 22. og 25. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 26. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 145, 256).

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Frsm. n. er ekki hér viðstaddur. En það hefur þegar verið mælt fyrir þessu máli, og í raun og veru er málið tilbúið af n. hálfu. Það er flutt af n. En aðeins vegna þess, að spurzt var fyrir um atriði, sem að vísu kemur fram í grg. frv., en snertir ákvæði frv. á þskj. 145, þá hefur verið frestað nú um sinn að láta málið koma fyrir.

Frá mínu sjónarmiði tel ég ekki, að rík ástæða sé til þess að draga málið lengur, enda þótt enn sé verið að leita fyllri upplýsinga en áður voru fyrir hendi um það, sem spurt var um. En þetta atriði var það, að fram kom aths. frá hv. 2. þm. N.-M. viðkomandi því, að enn væri ekki fullvíst og kannske vafasamt, að við Íslendingar gætum helgað okkur eignarrétt að gögnum þessara uppdrátta af Íslandi, sem vitanlega eru geymdir hjá landmælingastofnuninni dönsku og hver hv. þm. kannast við.

Það er erfitt að upplýsa málið frekar en nú er orðið. Undirbúningur frv. gerðist m. a. hjá vegamálastjóra, og unnu þar fleiri að, svo sem Stefán Sigurðsson o. fl., en hann er allra manna kunnugastur í þessum efnum.

Auk þess sem það liggur í augum uppi, að þessi gögn tilheyra Íslandi, sem ekki hefur verið í móti mælt, þá liggja fyrir yfirlýsingar frá forstjóra þessarar stofnunar og reyndar kannske fleiri ráðamönnum, um það, að þeir teldu, að á sínum tíma ættu öll þessi frumgögn að koma hingað heim, enda yrðu þau eign Íslendinga. Nú er ekki kleift að ná í þetta, sem allir vita, af hvaða ástæðum er.

Hv. 2. þm. N.-M. hefur skýrt frá umsögn manns, sem er staddur ytra, að þetta geti verið varasamt, sem í frv. er miðað að. Getur verið, að sá maður hafi heyrt um það, að þessi gögn komi hingað heim eftir stríðið. Og við verðum að hafa það fyrir satt. Og ekki er ástæða til að hindra framgang þessa frv., jafnvel þó að þetta sé ekki alveg upplýst, vegna þess að við verðum að halda fram, að þetta hljóti að vera rétt eins og hér er

flutt, af því að öll rök mæla með því. En þótt svo væri, að þetta væri vafasamur hlutur, og þótt svo væri, að stjórnin danska teldi þetta sameign Íslendinga og Dana, og það er það lengsta, sem ég get hugsað mér, að Danir fari um þetta mál, því að ég vil ekki hugsa mér, að Danir telji sér alla heimild á þessu og umráðarétt, þá vil ég biðja hv. þm. að athuga það, að þetta frv. kemur ekki í bága við það, vegna þess að þetta á að vera vernd gegn ásælni annarra manna heldur en Dana og Íslendinga. En þótt Danir hafi ekki haft tækifæri til að láta þetta til sín taka, þá er ekki aðeins okkar réttur, heldur skylda, þar sem við vitum um þetta, að hindra, að þetta eigi sér stað. Þetta frv. er borið fram til verndunar gegn ásælni, sem sjálfsagt er að gera gangskör að því að hindra, hver sem í hlut á. Ég sé því ekki annað en að frv. megi ganga úr þessari hv. d. umræðulaust úr þessu. Ég vænti, að hv. þm. N.-M. og aðrir geri sig ánægða með það. Við komum hér fram sem verndarar þessa, sem engir aðrir eru til þess að vernda. Við erum svo að segja sjálfskapaðir umboðsmenn í þessu. Þykist ég vita, að hv. þm. muni vera mér sammála um það, að hinir hlutaðeigandi dönsku menn muni fagna því, að við höfum gert þetta.

Ég tel ekki þörf á því að taka þennan frest lengri í málinu, en vil lofa hv. þm. því, að innan skamms munu koma fram um þetta mál fyllri upplýsingar, eftir því sem kleift er að ná til.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Þegar ég gerði fyrirspurn mína hér um þetta mál í hv. d., þá var hún byggð á því, að mér var kunnugt, sem nú er upplýst, að enn væri ekki afgert neitt um það, hver ætti frumgögn fyrir þeirri kortagerð, sem við hér í þessu frv. teljum okkur hafa eignarrétt á. Fyrirspurn mín var ekki byggð á því, að ég byggist ekki við því, að við mundum eignast þennan rétt og fá gögnin í okkar hendur, þegar upp væri gert við Dani um þetta og önnur mál. En mér þótti ekki viðkunnanlegt, meðan ekki er víst um það, hvort við ættum þennan rétt, að við gæfum út l., sem fælu í sér, að við hefðum einkarétt til að gefa þetta út. Á þessu byggðist fyrirspurn mín. Og mér virðist ekkert það fram komið, sem geri réttlætanlegt, að við sláum föstu, að við höfum þennan rétt nú þegar, enda þótt ég sé sammála hv. 10. landsk. um það, að ég tel alveg sjálfsagt, að við fáum hann á sínum tíma. Og út frá því býst ég við, að allir gangi hér og í Danmörku.

Hv. þm. Hafnf. (EmJ) hefur flutt hér brtt. við þetta frv., sem byggist á því, að almennt mun svo vera litið á af þjóðum, að þær hafi rétt til þess að gefa út sjókort, sem meiri eða minni hlutar af löndum séu á. Hv. þm. Hafnf. gerir í brtt. sinni till. um að undanskilja sjókort frá öðrum ákvæðum fyrri málsgr. 1. gr. frv., sem sjálfsagt er rétt hjá honum.

Mér fyndist eðlilegt, eins og málið liggur fyrir, að það væri látið bíða þangað til það væri afgert, að við fengjum eignarrétt á þessum umræddu gögnum að uppdráttum af Íslandi. Þá fyrst álít ég, að við höfum leyfi til að fara með þau sem okkar eign.

Hv. þm. telja sumir, að það geti greitt fyrir því, að um þetta semjist á sínum tíma, ef þetta verður samþ. nú. Ég tel það vafasamt, heldur gæti það jafnvel orðið erfiðara á sínum tíma, ef frv. verður samþ.

Gísli Sveinsson: Ég bjóst ekki við, eftir mínar góðu upplýsingar, að hv. 2. þm. N.-M. mundi halda svona fast við það, sem hann þó í öðru orðinu fellur frá, að þetta frv., ef samþ. verður, geti orðið jafnvel til þess að hindra framgang þess máls fyrir okkur, sem frv. er um.

Nú væri engin ástæða til að hneykslast á því, sem hér væri gert með afgreiðslu þessa máls, því að það er svo glögglega að orði komizt í grg. frv. (2. mgr.), að þar er sagt, með leyfi hæstv. forseta: „Frumrit af öllum mælingum og uppdráttum eru geymd hjá greindri stofnun, og er mér kunnugt um, að hún telur heimildir þessar eign Íslands, enda hefur stofnunin annazt þetta starf fyrir Íslands hönd.“ Þetta eru orð vegamálastjóra, sem í grg. greinir. Hér er því í erfiðasta falli um það eitt að ræða, hvort menn vilja lýsa þetta staðleysu. Ég tel, að þetta muni vera sannleikur. Og forsendur þessar gefa fulla heimild til þess, ef ekki skyldu, að taka þar í taumana, viðkomandi þessum rétti, sem við þykjumst eiga, og Danir jafnvel segja, að við eigum, þegar þessum rétti er misboðið. Og þetta frv. miðar að því einu, enda þótt það geti tekið breyt. samkv. brtt. frá hv. þm. Hafnf., að hindra ólögmæta ásælni af hálfu óviðkomandi þjóða á þennan rétt. Frv. gerir þess vegna engan veginn það, sem hv. 2. þm. N.-M. er að tala um, að taka nokkurn rétt af Dönum út af fyrir sig. Því að þótt þeir þættust eiga nokkurn rétt um þetta, þá er hann jafn vel verndaður með þessu frv. eins og okkar réttur. En þeir geta nú ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

Það er því engin ástæða til að hindra gang þessa máls. Málið er, eins og það liggur fyrir, hvorki nein títuprjónsstunga eða á neinn háttástæðingarefni fyrir Dani eða þá dönsku stofnun, sem hér á hlut að máli, þvert á móti. Enda mætti lengi eltast við það, ef á þessum tímum mætti ekkert gera, sem einhvern tíma gæti orkað tvímælis um, hvort við ættum að hafa fengið samþykki hjá Dönum til, sem er ófáanlegt, eins og stendur, en eftir eðli málsins í þessu tilliti skiptir engu máli, eftir því sem ég hef greint.

Ég óska því, að þetta frv. gangi áfram gegnum þessa hv. d. og sjáist svo, hvort í hv. Ed. verði frekar upplýst um málið. Það má, sem sagt, ekki bíða að hefjast handa um þetta efni.

ATKVGR.
Brtt. 256 samþ. með 19:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., 27. jan., var frv. úthýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 275).

Á 44. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

21. Nýbyggingarsjóður fiskiskipa.

Á 29. fundi í Nd., 11. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um nýbyggingarsjóð fiskiskipa (þmfrv., A. 165).

Á 31., 32. og 33. fundi í Nd., 13., 14. og 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 16. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Frv. þetta um nýbyggingarsjóð fiskiskipa hefur nokkuð borizt í tal í sambandi við annað mál, sem verið hefur til umr. hér í d. Efni frv. er það, að stofna skuli sjóð, sem nefnist nýbyggingarsjóður fiskiskipa, og sé hann undir umsjón ríkisstj. fyrst um sinn. Gert er ráð fyrir því í frv., að til þessa sjóðs renni þær tekjur, sem ríkissjóður innheimtir með útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, en samkv. fjárlfrv. 1943 er útflutningsgjald af sjávarafurðum áætlað 1 millj. og 700 þús. kr. Í frv. er gert ráð fyrir, að hér verði um fastan tekjustofn að ræða fyrir nýbyggingarsjóðinn, eða þá starfsemi, sem gert er ráð fyrir, að upp verði tekin með stofnun hans. Því hefur nokkuð verið hreyft á Alþ. áður, að rétt væri, að þessi tekjustofn, útflutningsgjaldið, rynni til sameiginlegra þarfa sjávarútvegsins. Áður hefur það ekki verið talið gerlegt vegna þess, að ríkissjóður taldist hafa þörf teknanna, og má vera, að enn reynist svo. En þó hygg ég, að það hafi mikið til síns máls, að tekjurnar eigi að renna til sjávarútvegsins, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. En ég ætla, að verði þetta ekki ákveðið nú, þá muni ef til vill hæpið, að svo verði gert á næstunni. Eins og nafn frv. bendir til, er ætlazt til, að þessum sjóð og tekjum hans í framtíðinni verði varið til nýbyggingar fiskiskipa. Um það þarf ekki að fjölyrða, að þess muni verða mikil þörf, og er jafnvel þegar orðin, að endurnýja fiskiflota landsmanna. Flotinn hefur goldið töluvert afhroð af völdum stríðsins, en síðan styrjöldin byrjaði, hefur hann ekki verið endurnýjaður með eðlilegum hætti. Í grg. frv. eru teknar upp þær tölur, sem fyrir liggja um stærð fiskiflotans í árslok 1939, og aftur nú í árslok 1942. Geta hv. þm. kynnt sér þær tölur. Að vísu gefa þær ekki alls kostar rétta hugmynd um rýrnun fiskiflotans, því að skipin hafa gengið úr sér svo að skipaeða smálestatalan ein gefur ekki fullnægjandi upplýsingar. Eins og ég sagði áðan, hafa nokkrar umr. orðið um þetta mál í sambandi við annað mál, sem hér hefur legið fyrir d. Ég vil aðeins segja það, að ég hef að svo stöddu ekki talið vert, að upp væru tekin ákvæði um stofnun nýbyggingarsjóðs. Ég hef hugsað mér, að það mál yrði nokkru betur athugað.

Það verður þá til athugunar, með hverjum hætti sjóðurinn gæti með þeim tekjustofni, sem hér um ræðir, stutt að nýbyggingu fiskiflotans. Ég hef ekki talið mig tilbúinn til þess nú að gera slíkar till., en vildi vænta þess, að eftir stuttan tíma gætu legið þau gögn fyrir í þessu máli, sem gerðu það mögulegra en nú að ákveða með vissu þær leiðir, sem fara skyldi. Í bréfi, sem sjútvn. þessarar d. hefur borizt frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, er af hálfu þessara samtaka lagt til, að rannsókn fari fram á því, hvaða stærð fiskiskipa sé hentugust hér við land og hvaða tegundir af mótorvélum henti bezt í fiskiskip hér. Þetta eru hvort tveggja atriði, sem reynsla farmanna og sjómanna sjálfra á að skera úr um og nauðsynlegt er, að athuguð séu sem fyrst, og væri bezt, að slíkar athuganir færu fram áður en ákveðið er, hvernig því fé skuli varið, sem gert er ráð fyrir, að geymt verði í nýbyggingarsjóði. Aðalatriði þessa frv. er að ákveða, að þessi tekjustofn, sem nú rennur í ríkissjóð og í fjárlagafrv. ársins 1943 er áætlaður 1700000 krónur, verði nú tekinn til sérstakra nota í þágu sjávarútvegsins. Frv., sem að nokkru leyti felur í sér það sama og þetta frv., hefur þegar farið gegnum 2 umr. hér í þessari d. Ekki er þó um það vitað, hvaða afdrif það frv. fær á þessu þingi, og virðist ekki ástæða til þess að láta þá afgreiðslu hafa áhrif á gang þessa máls hér á þingi. Tel ég því sjálfsagt að afgreiða þetta mál með venjulegum hætti.

Þar sem frv. er flutt af hluta n., mun það samkv. venju ekki þurfa að ganga til n., og legg ég til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr., en geri ekki till. um n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17:3 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

22. Ráðstafanir vegna erfiðleika atvinnuveganna (frv. fjhn. Nd.).

Á 29. fundi í Nd., 11. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9 júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (þmfrv., A. 167).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

23. Sala á jarðeignum ríkisins.

Á 31. fundi í Nd., 13. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um sölu á jarðeignum ríkisins. (þmfrv., A. 184).

Á 36., 37., 38. og 39. fundi í Nd., 18., 19., 20. og 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 22. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Efni þessa frv. er í aðalatriðum skýrt í grg., en það fjallar um að heimila ríkinu að selja jarðir sínar, bæði jarðeignir jarðakaupasjóðs og þjóð- og kirkjujarðir, að undanskildum þeim jörðum, sem um er getið í 2. gr. frv. Það hefur komið í ljós, eins og raunar vænta mátti, að meðan kreppan stóð yfir neyddust ýmsir bændur til þess að selja ríkinu fasteignir sínar. Það var ekki nema um tvennt að ræða fyrir þá, annaðhvort að selja jarðirnar einstaklingum og verða ef til vill að flytja burt af þeim um leið, eða að selja þær jarðakaupasjóði og sitja áfram með þeim kostum, sem í boði voru af hans hálfu. En nú hefur fjárhagur margra bænda batnað mjög, og hafa því komið fram margar óskir um það, að þeir gætu fengið jarðirnar keyptar að nýju með sömu kjörum og þær voru seldar. Við flm. þessa frv. sjáum ekki ástæðu til annars en að þetta sé heimilað, einkum þar sem við teljum tvímælalaust heppilegra, að jarðir séu í eigu ábúanda en að þær séu setnar af leiguliðum. Reynslan hefur líka sýnt það og sannað, að sjálfseignarjarðir hafa almennt verið miklu betur setnar en hinar. — Annars sé ég ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta að sinni, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Mér finnst ástæða til þess að ræða ofurlitið þetta frv., sem hér er komið fram. Mér finnst, að þarna hafi verið tekin upp einkennileg stefna og í grg. komi fram fyrirhyggjuleysi flm. Mér þykir horft of skammt fram í tímann af þeim með þessu frv. Þeir hafa hugsað, að það væri eðlilegt og gott, að ríkið bjargaði bændum á krepputímum með því að kaupa af þeim jarðirnar og lofa þeim að búa á þeim áfram. Nú í augnablikinu hafa kjörin hins vegar batnað, og þá vilja þeir þegar selja bændum jarðirnar aftur. Nú vil ég spyrja hv. flm., hvað þeir hugsa sér að taki við eftir þetta stríð. Eg býst við því, að allir þeir hv. þm., sem bera hag landbúnaðar okkar fyrir brjósti, séu ærið hugsandi út af því, hvernig fara muni fyrir honum eftir stríðið, þegar ríkið hefur á þessum tímum þurft að hlaupa undir bagga með landbúnaðinum með því að veita tugir milljóna kr. til þess að bæta upp afurðasöluna. Það má að vísu búast við, að allt gangi sæmilega fyrir honum fyrstu tvö árin eftir stríðið, á meðan verið er að bæta úr mesta hungrinu, en að þeim tíma liðnum býst ég við, að ekki líði á löngu, áður en ný landbúnaðarkreppa skellur yfir, og væri því heppilegra að athuga, hvernig helzt væri að mæta þeirri kreppu. Annars hefur fjöldi jarða verið sprengdur upp í verði af ýmsum bröskurum og þá helzt af auðmönnum héðan úr höfuðstaðnum, sem hafa sótzt eftir því að koma fé sínu í alls konar fasteignir.

Hvernig á þetta svo að bera sig, ef það yrði gert að kjörorði, sem allir stöguðust á hér á árunum, að allt yrði að bera sig? Ég er ærið hræddur um, að það mundi koma fljótt að því, að grípa þurfi aftur til sömu ráðstafana og gerðar voru í síðustu kreppu. Ég held því, að það sé skammsýni að selja nú jarðir ríkisins, og að það geti orðið bagalegt, ekki sérstaklega fyrir ríkið sjálft, heldur einkum fyrir ábúendur jarðanna. Ég held, að það sé áreiðanlega hægt að skapa þeim öruggari kjör sem leiguliðum ríkisins en eigendum jarðanna, því að ef þeir væru jarðeigendur, gætu þeir braskað með jarðirnar eða lagt mikið í kostnað við byggingar á jörðinni og flosnað svo upp á næsta kreppatímabili.

Ég á því bágt með að skilja, hvernig stendur á því, að fram skuli koma frv. til l. um sölu á jarðeignum ríkisins til bænda, því að það yrði hvorki bændum né ríkinu til góðs. En hvernig stendur á því, að ekki kemur heldur fram frv. til að tryggja þeim bændum, sem búa á jörðum annarra eigenda en ríkisins, rétt til þess að eignast ábýlisjarðir sínar? Það hafa verið allmikil brögð að því á síðustu tveimur árum, að einstakir auðmenn hafa keypt jarðir og látið bændur sitja þær áfram sem leiguliða. Þarna er hætta á ferðum. Þarna er verið að glata eignarrétti bænda á jörðunum í hendur einstakra braskara, sem þurfa að koma sínum of miklu peningum fyrir á sem tryggastan hátt.

Hvers vegna er ekki borið fram frv. til að tryggja bændum eignarhald á þessum jörðum? Það hefði mér fundizt standa næst þeim, sem vilja gera bændur sjálfstæða, og sérstaklega væri ástæða til þess að losa leiguliða úr þeim ábúðarsamningum, sem þeir hafa gert núna í stríðinu. Ég hefði heldur viljað sjá koma fram frv. í þessa átt heldur en að auka þessar slæmu afleiðingar stríðsins með því að samþ. þetta frv. Ég veit ekki, hve margir íslenzkir bændur eru nú leiguliðar á jörðum einstaklinga, en ég gæti trúað, að það væri um það bil ⅓ hluti allra íslenzkra bænda. Hvers vegna ekki að hjálpa þessum mönnum til að kaupa ábýlisjarðir sínar, ef það vakir fyrir hv. flm. að fjölga sjálfseignarbændum? Hvernig stendur á því, að ríkið, sem mun tvímælalaust vera skásti jarðeigandinn gagnvart leiguliðum, skuli eiga að selja sínar jarðir, um leið og það er viðurkennt af hálfu flm., að það hafi verið nauðsynleg ráðstöfun, að ríkið keypti þær, þegar kreppan stóð sem hæst? Halda hv. flm. ef til vill, að það komi aldrei framar kreppa?

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Þótt ég búist við, að þetta frv. fari til þeirrar n., sem ég á sæti í, þykir mér rétt að fara um það nokkrum orðum nú þegar, sérstaklega vegna ummæla í grg. frv.

Ég verð nú þegar að láta þá skoðun í ljós, að ég hygg, að þetta frv. verði síður en svo til hagsbóta fyrir íslenzka bændur, ef það verður að lögum, en það virðist hv. flm. álíta, eftir því, sem fram kemur í grg. og framsögu. Nú dettur mér ekki í hug að neita því, að sjálfseignarábúð hefur marga kosti fram yfir leiguábúð eins

og hún hefur lengstum tíðkazt. Leiguábúðin gamla hefur einkum verið illræmd fyrir það, hve lítið öryggi hún veitti leigjendum um ábúðartíma og alla afkomu. Ábúðarrétturinn var aðeins frá ári til árs, og engin trygging var fyrir því, að þær umbætur, sem leiguliði gerði á jörðinni, fengjust nokkru sinni greiddar. Þetta varð til þess að jarðirnar voru almennt illa setnar. Ábúendur hugsuðu fyrst og fremst um það að hafa sem mestar nytjar af jörðunum þann tíma, sem þeir nutu þeirra, og ráku þar því oft fullkomna rányrkju, í stað þess að verja fjármunum sínum og kröftum til þess að bæta ábýlisjarðirnar, vegna þess að þeir áttu alls ekki tryggt að fá að njóta umbótanna eða fá greitt erfiði sitt og útlagðan kostnað. Af þessum ástæðum var leiguábúðin gamla sérstaklega illa þokkuð, og það er þetta leigufyrirkomulag, sem jafnan er stagazt á, þegar rætt er um kosti og galla á sjálfseignarábúð og leiguábúð. Það, sem hv. flm. hafa hugsað sér að gera, mun vera hliðstætt því, sem gert var með lögum um sölu þjóð- og kirkjujarða. Sú breyt., sem þau höfðu í för með sér, var á margan hátt ánægjuleg. Sjálfseignarbændum fjölgaði mjög, og miklar umbætur hófust á jörðum og húseignum, og varð ekki annað sagt en að það væri tímabil mikilla framfara, og þessi breyt. á ábúðarfyrirkomulaginu átti sinn mikla þátt í því, og það mun að mestu henni að þakka.

En eftir að kreppan fór að gera vart við sig, hefur komið fram atriði, sem hefur reynzt þungt á metunum, þegar rætt er um kosti og galla sjálfseignarábúðar og leiguábúðar. Það er, að jörðinni hættir við að binda í sér allar þær umbætur og framfarir, sem gerðar eru á jörðinni eða í sambandi við hana bæði af hálfu einstaklinga og ríkisins. Þannig verðfestist allt, sem ríkið og einstaklingar gera, í jörðinni, og hún hækkar alltaf í verði eftir því, sem tímar líða. Útkoman verður sú, að hversu mikið sem lagt er í það að bæta kjör ábúenda, þá gleypir þetta fyrirkomulag það allt, og þeir, sem mest græða á þessu, eru þeir, sem selja jörðina út og flytja jörð af jörð.

Allt þetta getur gengið, þegar verðlag hækkar ár frá ári vegna framkvæmda, sem gerðar eru. En þegar aftur versnar í ári, koma erfiðleikarnir með margföldum þunga vegna þess, að menn hafa keypt jörðina allt of háu verði. Eins og straumurinn hefur verið hér á landi undanfarin ár, þá eru það mennirnir, sem hafa yfirgefið sveitirnar og flutt burt til kaupstaða landsins, einmitt þessir menn hafa grætt á verðhækkun jarðanna og farið með gróðann, en skilið bændurna eftir, þá sem keyptu, sem eins konar vaxtaþræla, sem gjalda þar skatt og skyldur áratugum saman. Þetta er áreiðanlega ein meginástæðan til flóttans úr sveitunum. Þeir, sem úr sveitunum hafa flutt, hafa farið með mikla fjármuni með sér hver fram af öðrum, en skilið bændur eftir sem skattskylda vaxtaþræla þar.

Það er alveg vafalaust, að þessi ferill í íslenzkum landbúnaði hefur verið eitt erfiðasta viðfangsefni íslenzkra bænda undanfarin ár. Þetta kom skýrt fram á kreppuárunum eftir 1930, þegar verðfallið skall á. Þá urðu bændur að standa undir þeirri verðhækkun, sem orðið hafði á jörðunum, og komu þessir erfiðleikar því með margföldum þunga á þeirra herðar, og því fór víða sem fór. Þetta vekur athygli á því, að mesta undirstöðuatriði þess, að landbúnaður geti þrifizt hér á landi, er það, að jarðirnar, sem bændur búa á, geti verið sem ódýrastar, svo að sem mestur hluti afrakstursins geti orðið bein daglaun bændanna. Þetta er ekki aðeins undirstöðuatriði fyrir búskapinn, heldur hefur það undirstöðuþýðingu fyrir þjóðfélagið í heild. Þó að Ísland sé á margan hátt gæðum gætt, þá er það harðbýlt og hrjóstrugt samanborið við þau lönd, sem við Íslendingar verðum að keppa við á heimsmarkaðnum um sölu á vörum okkar. Það er því ekki við því að búast, að íslenzkir bændur hafi aðstöðu til þess að keppa við bændur í öðrum löndum um framleiðsluna nema því aðeins, að þeim sé gert léttara fyrir um að afla þessara gæða.

Eitt aðalatriðið til þess að hjálpa bændunum við framleiðsluna er að tryggja það, að landið, sem þeir framleiða þessar vörur á, sé þeim sem ódýrast, svo að það, sem þeir fá fyrir sína vöru, geti að sem mestu leyti orðið bein daglaun fyrir þá, og þeir geti þar með lifað sambærilegu lífi við aðrar stéttir þjóðfélagsins. Jafnvel þó að ekki yrði keppt að því að gera íslenzkan landbúnað færan um að keppa á heimsmarkaðnum, en aðeins yrði framleitt fyrir innlendan markað, þá vitum við það, að bæði sjávarútvegurinn og iðnaðurinn þurfa að keppa við sams konar framleiðslu í öðrum löndum, og þar af leiðandi er nauðsynlegt, að innlendar landbúnaðarvörur séu sem ódýrastar. Það er því undirstöðuatriði undir því, að útflutningur okkar geti þrifizt í framtíðinni, að hér séu á boðstólum ódýrar landbúnaðarvörur til neyzlu fyrir það fólk, sem að framleiðslu útflutningsvaranna vinnur. En til þess að hægt sé að framleiða ódýrar landbúnaðarvörur þurfa jarðirnar að vera ódýrar. En jarðasalan, svo að ég segi ekki jarðabraskið, hún hefur það í för með sér, að jarðirnar hækka alltaf smátt og smátt í verði við hverja sölu, og það gerir bændum aftur örðugt að framleiða ódýra vöru. Á þessa agnúa komu menn auga, einkanlega eftir verðsveiflur þær, sem áttu sér stað eftir styrjöldina 1914—1918. Menn fóru að brjóta heilann um það, á hvern hátt væri hægt að umbæta ábúðarfyrirkomulagið og eignarfyrirkomulagið á íslenzkum jarðeignum til þess að koma í veg fyrir óheilbrigt jarðaverð. Þá komu fram hugmyndir um það að breyta eldri leiguliðaábúðinni og ná með henni sem flestum kostum sjálfseignarábúðarinnar, þó þannig, að komið væri í veg fyrir verðhækkunarkapphlaup.

Á þinginu 1930 komu fram í frv.formi tvær hugmyndir varðandi þetta mál. Önnur um það, að bæta leiguliðaábúðina, og var hún borin fram af mér og hv. 2. þm. N.-M. Hin hugmyndin, um óðalsréttarfyrirkomulagið, var borin fram af hv. 2. þm. Skagf. og nokkrum þm. með honum. Þessi frv. náðu ekki fram að ganga á því þingi, en var vísað til Búnaðarfélags Íslands til athugunar á milli þinga. En það bjó í hendur þingsins 1936 löggjöf um bæði þessi efni, og

var hún samþ. En þetta voru l. um erfðaábúð og óðalsrétt. Í l. um erfðaábúð er bændum tryggt, að þeir hafi lífstíðarábúð á jörðunum, og afkomendur þeirra hafa rétt til að taka jarðirnar eftir þeirra dag. Ef hins vegar ábúandinn eða afkomandi hans óskar að flytjast burt, er honum tryggt hæfilegt gjald fyrir þær umbætur, sem hann hefur framkvæmt á jörðinni. Leiguliðanum er þarna eins vel tryggt eins og væri hann á sinni eigin jörð, að hann geti notið alls þess, *sem hann hefur í hana lagt. Hann hefur* þarna jafntrygga ábúð eins og ætti hann jörðina. Hins vegar er óeðlileg verðhækkun fyrirbyggð. Ákvæði óðalsréttarlaganna eru þannig, að bóndinn getur ákveðið, að börn hans eða náinn ættingi taki við jörðinni eftir sinn dag, en hann má ekki selja hana. Ákvæði þessara l. tryggja það, að verðskrúfan geti ekki náð tangarhaldi á þessum jörðum. Ég tel, að með þessum l. hafi Alþ. fundið þann meðalveg, sem hér er einn fær. Ég tel, að með þessum l. hafi tekizt að gera leiguábúðina gömlu þannig, að hún hafi alla kosti sjálfseignar, auk þess sem hún hefur kosti leiguábúðarinnar. Ég tel, að hvor tveggja þessara l. hafi til síns ágætis nokkuð, þau koma í veg fyrir síhækkandi jarðaverð, og það er þeirra aðalkostur. Það hefur af ýmsum verið fundið leiguábúðinni til foráttu meðal annars, að með því fyrirkomulagi væri verið að flytja *sósialisma inn í landið, þetta væri sósialistiskt* fyrirkomulag. Mér er að vísu alveg sama, hvort menn kalla þetta sósialisma, en hitt er alveg víst, að sósialismi á ekkert skylt við þetta mál, því að það mætti miklu frekar segja, að kapitalistiskur atvinnurekstur hafi verið rekinn á þessum ríkisjörðum frá 1906—1930. Halldór á Hvanneyri rak gróðavænlegan búskap á þeim árum, svo að ég hygg, að hvergi á landinu hafi verið rekinn búskapur með stórkapitalistiskara sniði heldur en einmitt þar. En ég efast um, að nokkrum sjálfseignarbónda hafi þótt vænna um jörðina sína heldur en Halldóri þótti um Hvanneyri. Þetta sýnir, að það þarf ekki að vera neinn sósialismi, þó að ríkið eigi jarðirnar. En jarðirnar verða að vera búhæfar fyrir íslenzka bændur vegna verðsins.

Í gr. þessa frv. er minnzt á l. um jarðakaupasjóð ríkisins. Frv. að þeim l. var borið fram af mér og hv. 2. þm. N.-M. 1936. *Ástæðan til þess*, að við bárum þetta frv. fram, var sú, að það kom í ljós, eftir landbúnaðarkreppuna 1932, þegar bændur áttu að fá hjálp í gegnum kreppulöggjöfina, að bændur stóðu í sömu sporum eftir sem áður. Margir fengu að vísu uppgjöf á sínum skuldum, en töldu það samt skyldu sína að greiða þær eftir því sem getan leyfði. Af þessum ástæðum var það sýnt, að margir bændur mundu flosna upp af jörðum sínum, ef ekki yrði að gert. Var því sú löggjöf, sem ég áður gat, um jarðakaupasjóð ríkisins samþ., og tóku þá margir bændur að selja ríkinu jarðir sínar. Nú hefur það sýnt sig, að þessi löggjöf hefur orðið ein hin vinsælasta, sem komið hefur verið á fyrir íslenzka bændastétt hin síðari ár. Það hefur verið keppzt um það af bændum að koma jörðunum til jarðakaupasjóðs með þeim kjörum, sem hann veitir, það hefur verið keppzt um það eins og þegar sótt er um góð embætti. Og margir þeirra manna, sem áður börðust gegn málinu, þeir hafa nú gengið fram fyrir skjöldu um það, að jarðakaupasjóður keypti jarðirnar af ýmsum þeirra skjólstæðingum, og hafa hjálpað þeim til þess að verða þeirra hlunninda aðnjótandi, sem jarðakaupasjóður veitir. Þessi löggjöf um jarðakaupasjóð hefur þannig bjargað mörgum bóndanum frá því að flosna upp af jörðinni og um leið fært þeim og börnum þeirra, sem þannig *var ástatt um, trygga ábúð á jörðinni í framtíðinni* sem væri það eignarjörð.

Þannig hafa bændur skilið það, að með jarðakaupasjóði og ábúðarlögunum er fundið ábúðarfyrirkomulag, sem mun vera eitt hið hagstæðasta, sem hægt er að búa til fyrir íslenzka bændur og íslenzka bændastétt. Ég tel því, að það sé mjög misráðið að gera nokkrar þær breyt. á þessum l., sem gætu haft það í för með sér, að þessar jarðir fengju á sig þá verðskrúfu, sem átt hefur sér stað um þær jarðir, sem gengið hafa kaupum og sölum manna á milli. Ýmsir þeir menn, sem selt hafa jarðir sínar jarðakaupasjóði, mundu nú kannske óska eftir að hafa jarðir sínar lausar til þess að geta grætt á því að selja þær öðrum bændum, — það get ég skilið, — en hins vegar álít ég, að Alþingi Íslendinga eigi að hafa vit fyrir þessum mönnum. Ég tel, að séu einhverjir ágallar á l. um erfðaábúð og óðals*rétt, eigi að reyna að bæta úr því og gera l.* sem gallaminnst. Ég tel, að það eigi ekki að hrapa að því að auka tölu þeirra jarða, sem liggja undir verðskrúfunni. Mér dettur hins vegar ekki í hug, að gerðar séu sérstakar ráðstafanir framar því, sem ýmsir einstaklingar óska, til þess að ríkið sölsi undir sig jarðir einstakra manna.

Það er tekið fram í þessu frv., að ef bóndi eða ættmenn hans hætta ábúð á jörðinni næstu 10 ár, eftir að sala fer fram, skuli jörðin falla til ríkisins með sama verði og hún var keypt fyrir. Ég gæti að vissu leyti hugsað mér, að jarðeignir ríkisins væru seldar, ef það væri tryggt, að jarðirnar yrðu aldrei seldar yfir fasteignamatsverði. En það er ákaflega hætt við, að í kringum það yrði farið, nema því aðeins, að ríkið tæki sölu- og ráðstöfunarréttinn af viðkomandi aðilum og annaðist söluna með tilstyrk *sveitarfélagsins fyrir fasteignamatsverð*. Öðrum ákvæðum l. tel ég, að mætti e. t. v. ganga frá á þennan hátt, þannig að ekki hlytist tjón af, en alls ekki á annan hátt.

Mér þótti rétt að láta þessi orð falla um málið nú við 1. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Hv. þm. Mýr. hefur nú í öllum aðalatriðum skýrt sjónarmið mitt, og hef ég ekki miklu við það að bæta. En af því að ég var búinn að biðja um orðið, vil ég segja nokkur orð. Ég hef í sjálfu sér ánægju af því, að þetta mál er fram komið. Ég hef gaman af að sjá, þegar málið kemur til atkvgr., hvaða menn það eru, sem sitja á Alþingi Íslendinga það herrans ár 1943 og eru það langt aftur í fortíðinni, að þeir meta meira bráðabirgðahag einstaklingsins heldur en framtíðarhag þjóðfélagsins, og þá sérstaklega bændastétt-

ar landsins. Ég hef gaman af að sjá við atkvgr. þessa skilgreiningu, því að eins og hv. þm. Mýr. tók fram, þá er máli þessu nú komið svo hér á landi, að með því að samþ. svona l. um óðalsrétt og erfðaábúð, þá er enginn munur á því, hvort maður á jörðina eða ekki annar en sá einn, að nú geta menn ekki lengur selt jarðirnar, þegar þeim sýnist, til þess að græða sem allra mest á þeim og láta niðjana borga hærri vexti og hafa minna fjárhagslegt olbogarúm en ella.

Það er ekkert undarlegt, þó að úr hópi þeirra manna, sem fyrst og fremst fylgja þeim, sem lifa á kaupum og sölu, komi raddir um það, að bændur skuli fara eins að. Þessir menn vilja, að þeir, sem eru bændur í dag, geti selt jarðirnar, svo að þeir geti grætt, þó að sá, sem við tekur, verði að bera byrðarnar og berjast hart til þess að geta það. Það er þetta sjónarmið, sem veldur því, að þetta frv. er komið hér fram í ofboði lítið breyttri mynd frá því, sem það hefur áður verið hér í þinginu. Ofboð lítil framför hefur orðið jafnvel hjá þeim mönnum, sem þessu frv. fylgja. Það er ekki langt síðan menn, sem eru sama sinnis og þeir, voru að selja lóðirnar hér í Hafnarstrætinu og við uppfyllinguna, sem nú eru komnar í margfalt verð, og stuðla með því að því að viðhalda dýrtíð á öllum hlutum, en nú eru þeir farnir að vitkast svo, að þeir vilja kaupa jarðirnar af bændum í nágrenninu. Þetta eru þeir búnir að víkka sinn þrönga sjóndeildarhring, en þegar kemur út fyrir þann sjóndeildarhring, þá snertir málið þá ekki meira. Þá má græða á sölunni í dag og leggja vaxtabyrðina á komandi kynslóðir. Þeir menn, sem þetta frv. flytja, eru búnir að fá þá nasasjón, að í 10 ár vilja þeir fyrirbyggja þessa hækkun. Þeir sjá, að í 10 ár sé skaði að þurfa að standa undir hækkuðum vöxtum. Þetta er ofboð lítil framför. Þeir eru farnir að sjá ofboð lítið fram í framtíðina.

Ég sem sagt hlakka til að sjá atkvæðagreiðsluna í þessu máli. Ég tel mig ekki þurfa að rökstyðja það, hvers vegna ég tel, að þetta frv. eigi ekki að ná samþykki þingsins, því að það er búið af hv. þm. Mýr. Það sem hér um ræðir er ekkert nema þetta: Á að selja jarðirnar til þess að geta grætt sjálfur með því að láta þær hækka og hækka í verði og láta vaxtabyrðina falla á þá, sem á jörðunum sitja í framtíðinni?

Ég skal svo ekki orðlengja þetta, en bíð með ánægju eftir að sjá atkvgr. um málið.

Sigurður Kristjánsson: Í rauninni er þetta mál ekki nýtt hér í þinginu, og það er því síður nýtt sem deilumál. Það hefur staðið hér þrotlaus deila út af jarðamálum bænda, og sú deila mun standa lengi enn. Það eru tvær gerólíkar stefnur, sem þarna togast á. Annars vegar það, sem gjarnan mætti kalla íhald, sem vill efla þá tryggð, sem bindur sveitafólkið við jarðirnar. Hins vegar er sú stefna, sem vill gera allt landsfólkið að rótlausum lýð, sem allt þiggi af ríkisvaldinu. Þetta eru skoðanir, sem eiga eftir að togast á hér í þinginu, og fer því fjarri, að komið sé að hámarki þeirrar deilu.

Það má öllum vera ljóst, að gifta þjóðarinnar er undir því komin, hvaða tryggð hún ber til þeirra verðmæta, sem fyrri kynslóðir hafa skilið henni eftir, bæði í hugsunarhætti og menningu allri. Eitt af þessu er tryggð manna til ættar, átthaga og fósturjarðar, og það er enginn vafi á því, að það, sem hefur oft haldið mönnum uppi við erfið kjör, við fátækt, nekt og sult, er sú tilfinning, að þeir standi í sporum feðra sinna, á jörð, sem þeir unna, og að þeir ætli ekki að láta falla blett á þau spor, sem feður þeirra settu þá í. Móti þessu eru óskir sósíalista. Óskin um að sölsa undir sig eignarrétt á jörðunum, gera menn að ríkisleiguliðum og uppræta þessa tilfinningu, sem er hjá fjölda manna, tryggð þeirra til átthaganna og jarðarinnar og þrautseigju þá og metnaðartilfinningu, sem því fylgir að standa á sinni eigin jörð og vita, að það getur enginn herra komið sem umboðsmaður hins opinbera og sagt: „Farðu burt af þessari jörð, þú átt hana ekki.“ Það er til gömul saga um höfðingja norður í Eyjafirði. Hann vildi standa yfir höfuðsvörðum bónda eins í næstu sveit. Hann valdi sér til aðstoðar mann einn, sem honum virtist líklegur og var þeim mönnum líkur, sem styðja óheillaverk. Hann sendi þennan mann sem flugumann til Öxarár, og hann átti að hafa það hlutverk að skjóta lokum frá dyrum. Þessi sendimaður, Rindill var hann kallaður, skaut lokum frá hjá bónda, og hann féll þar fyrir ofurefli liðs. Sósíalistar hafa fengið flugumenn til þess að skjóta lokum frá hjá bændum landsins. Ég held, að það hafi verið árið 1934, sem sósíalistar, sem þá voru ekki eins hreinlega skiptir í tvær deildir og nú er, og framsóknarmenn gerðu sín á milli samning um það að ná jarðeignunum undan bændum, og það tókst. Síðan voru árið 1936 numin úr gildi lögin um, að bændur gætu keypt ríkisjarðir, og þá var smeygt inn 17. gr., sem átti smám saman að toga jarðirnar úr eigu bænda, og þessu er fylgt fram þannig, að allar jarðir á Íslandi verða smám saman ríkiseign og allir bændur ríkisleiguliðar.

Ég stóð ekki upp hérna vegna þess, að ég haldi, að ég hafi áhrif á þá menn, sem atkvæði greiða hér. Það má vera, að hv. 2. þm. N.-M. hafi aldrei haft ástæðu til að hlakka til hlutanna, en ef hann finnur til sérstakrar tilhlökkunar, þegar á að greiða atkvæði um þetta, er það bara mark um það, að maðurinn er „lítilla sanda og lítilla sæva“, því að ég geri ráð fyrir, að hann viti, að kommúnistar eru nú orðnir svo sterkir hér, að mál bænda verði fyrir borð borin. Við, sem fylgjum frv., gerum hvorki að kvíða né hlakka til. Við vitum, að það tekur langan tíma að brjóta slíkt á bak aftur, en gert mun það verða.

Ég vil taka það fram, að það er ekkert undarlegt við það, að þetta frv. kemur fram núna, þegar jarðeignir eru í nokkuð háu verði. Þegar bændur komust í skuldir vegna erfiðra tíma, var sett lagi að ná jarðeignunum af mörgum þeirra. Ríkið kom þá til og bauðst til þess að taka jarðeignirnar, ekki til þess að færa mönnum fé í hendur, — það er alveg rangmæli, að bændum hafi verið fengið fé í hendur, sem þeir gætu varið til umbóta á jörðunum, — heldur urðu þeir að láta jarðirnar bara fyrir áhvílandi skuldum. Það var sett færi, þegar bændur voru svo illa staddir, að þeir gátu ekki borgað, að

koma þeim á kné. Margir, sem komust í skuldir, voru óvanir að verða svikarar að gefnum loforðum eins og með vexti og afborganir, og til þess að losna við þá niðurlægingu og skapraun, urðu margir til þess að afhenda ríkinu jarðirnar upp í skuldir. Þetta var ástand, sem ekkert er miðandi við. Ég hef á síðustu 2—3 árum unnið að frv. um afhendingu jarðeigna til bænda í verðlaunaskyni til þeirra, sem reka myndar búrekstur, sem ég hef verið að vona, að gæti orðið til þess, að bændur gætu eignazt ríkisjarðirnar smátt og smátt. Ég hef ekki viljað bera þetta fram enn þá, vegna þess að ég hef viljað leita ráða hjá ýmsum góðum mönnum. Þetta frv. flyt ég vegna þess, að vitað er, að efnahagur bænda er betri en hann hefur verið og mun því ekki verða ofraun mörgum að greiða jarðirnar. Það er ekki nema eðlilegt, þegar flestar jarðirnar voru teknar af bændum, þegar þeir voru verst staddir, að þeim sé gefinn kostur á að eignast þær, þegar rýmkast til.

Ég ætla ekki að hafa lengri ræðu um þetta efni. Það er þegar vitað um örlög þessa frv. Það eru hin kommúnistisku trúarbrögð sumra flokka hér í þinginu, sem munu verða í meiri hl. En hins vegar er trú okkar, sem trúum á átthagatryggð og orku til þess að standast óblíða veðráttu meðal þeirra manna, sem lifa á sinni eigin jörð, jörð feðra sinna.

Flm. (Jón Pálmason): Mér kom það ekki að neinu leyti á óvart, þó að gegn þessu frv. risu upp þeir menn hér í þinginu, sem hafa á stefnuskrá sinni, að ríkið eigi að eiga allar jarðir til sjávar og sveita. Þær ræður, sem haldnar hafa verið, eru ekki nema eðlilegt áframhald af því, sem á undan er gengið af hálfu þeirra manna, sem tekið hafa til máls úr þeim flokkum, sem fylgja þeirri stefnu.

Hv. þm. Mýr. hélt hér alllangan fyrirlestur um jarðeignamál og landbúnaðarmál, sem að ýmsu leyti kom þessu máli við og að ýmsu leyti ekki, og margt var þannig, að enginn ágreiningur á sér stað um það, m. a., að það teljist ógæfa fyrir landbúnaðinn, þegar verðhækkun verður á fasteignum. Þetta er almennt viðurkennt og þarf ekki neinar rökræður þar um. Þetta frv., sem hér er til umr., tekur þetta fullkomlega til greina, því að þar er ekki talað um sölu á jörðunum til annarra en ábúenda — til þeirra, sem búa á jörðunum — og við fasteignamatsverði. Þá er hér, eins og hv. þm. hafa tekið eftir, tekið fram, að þær fasteignir, sem seldar eru, skuli komast undir óðalsréttarákvæðið, en þeir menn, sem ekki vilja sætta sig við það ákvæði, eiga þess kost að fá að kaupa býli sín eigi að síður. Þá má ekki selja hærra verði og ekki til annarra en sinna nánustu næstu 10 ár. 10 ár er það takmark, sem miðað er við vegna verðbreytinga, en ef menn telja betra að hafa tímatakmarkið hærra, getur það komið til athugunar í n.

Ég vil segja hv. þm. Mýr. það, að ég er á allt annarri skoðun en hann um mismuninn á því að komast undir ákvæðin um erfðafestu og óðalsrétt og að vera leiguliðar ríkisins. Reynslan hefur sýnt það, að það hefur gengið mjög erfiðlega fyrir alla, sem á ríkisjörðum búa, að fá að byggja á jörðunum. Þeir hafa staðið í stímabraki með að fá styrki til húsabóta, og staðið verr að vígi heldur en þeir, sem á sjálfseignarjörðum búa, og enn þá er uppi sú ósk hjá þeim, sem á ríkisjörðum búa, að þeir hafi frjálsar hendur til þess að gera þær bætur á jörðunum, sem þeir telja nauðsynlegar.

Ég ætla ekki að fara út í að ræða um jarðakaupasjóð. Ég var andvígur honum frá upphafi og álít, að aðrar leiðir hefði átt að fara til þess að bjarga bændum en að lokka af þeim jarðirnar. Þó var það svo, að margir óskuðu eftir að komast undir þessi ákvæði jarðakaupasjóðs, vegna þess að það var betra fyrir þá til þess að komast út úr þeim kröggum, sem þeir voru komnir í fyrir aðgerðir ríkisvaldsins. Að öðru leyti fáum við hv. þm. Mýr. tilefni til þess að ræða þetta í landbn. og þau ágreiningsatriði, sem kunna að vera okkar á milli, og skal ég ekki fara nánar inn á það; en vildi svara hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og hv. 2. þm. N.-M. (PZ). Hv. 2. þm. Reykv. talaði um það, að við flm. þessa frv. gerðum ekki ráð fyrir neinni landbúnaðarkreppu hér eftir. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. og kemur auk þess ekki þessu máli við. Ef hægt er fyrir hlutaðeigandi ábúendur að ná eignarhaldi á jörðunum á meðan stríðið stendur, standa þeir heldur betur að vígi eftir stríðið, og það er vissulega ekki ætlun okkar flm., að nokkurn tíma yrði aftur farið að herða á þeim ákvæðum, sem leiði til þess, að ríkið kaupi meira af jörðum en það hefur þegar gert, því að það á að okkar áliti að gera aðrar ráðstafanir til þess, að landbúnaðurinn geti borið sig heldur en að ríkið sé að sælast eftir að eignast allar jarðir hlutaðeigandi bænda, enda sannar reynslan það fram að þessu, að ríkið varast að sinna þeirri umbótaþörf, sem er á þeim jörðum, sem það á sjálft, og þess vegna er það svo, að umbætur, bæði í húsbyggingum og öðru eru minni á þessum jörðum en almennt gerist. Það er annað atriði sérstaklega, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv., sem ástæða er til að víkja að, það að gerðar verði ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi ábúendur geti fengið keyptar þær jarðir, sem eru einstaklingseign. Við því eru engin bönn. Það er frjáls sala og frjáls kaup á þeim jörðum, sem eru einstaklings eign. Það gæti orðið samkomulag um það, að ábúendur gætu fengið jarðeignir keyptar með betri kjörum en á frjálsum markaði, og er það mál út af fyrir sig til athugunar, því að það er ekki síður ástæða til þess, að þeir, sem búa sem leiguliðar, geti fengið eignirnar keyptar en þeir, sem búa á opinberri eign. Aðalatriðið er það, að með því að bændur sjálfir eigi jarðirnar eru meiri líkur til, að þeir verði kyrrir á sinni eigin eign en annars. Önnur atriði í ræðu þessa hv. þm. sé ég ekki ástæðu til að hirða um.

Ég kem þá að hv. 2. þm. N.-M., en veit þó ekki nema hann sé farinn burt. Það var ekki óeðlilegt, þó að hann risi upp, þegar farið var að tala um að selja ríkiseignirnar, því að það er kunnugt um þennan hv. þm., að hann hefur verið forustumaður fyrir því, frá því fyrsta, að hann fór að hafa áhrif að reyna að koma jarðeignunum undir ríkið og reyna að rýra rétt

bænda til eigna sinna. Það er kunnugt, að hann var forustumaður í því, að 17. gr. var á sínum tíma sett inn í jarðræktarlögin og hefur yfirleitt í ræðu og riti verið forustumaður í því að koma málum sjálfseignarbænda fyrir kattarnef. En nú er það svo undarlegt, að þessi hv. þm. hefur fremur kosið að eiga sitt eigið hús en að verða leiguliði hjá bændum eða öðrum. Eins og venjulega hjá öfgamönnum er algert ósamræmi hjá honum á milli þess, sem hann vinnur fyrir hið opinbera, og þess, sem hann gerir í einkalífi sínu.

Það, sem þessi hv. þm. talaði um, að við vildum meta meira stundarhag fárra manna en framtíðarhag þjóðfélagsins, var sagt út í hött. Það er ekki aðeins stundarhagur núverandi ábúenda, sem styrkjast mundi við það, að þeir eignuðust jarðir sínar, heldur einmitt þjóðarhagurinn í framtíðinni. Það var líka út í hött, sem hann sagði um ástæður okkar til að miða þá skuldbinding við 10 ár, að ekki megi selja þessar jarðir frjálsri sölu. Við gerum ráð fyrir, að eftir þann tíma verði allt komið í sæmilegt jafnvægi og ró eftir þetta stríð og sú verðhækkun, sem það hefur valdið á jörðum og öðru í okkar þjóðfélagi, um garð gengin. Ef 10 ára tímabil þykir of stutt, er til athugunar að lengja það, og þm. hefur enga ástæðu til að saka okkur um þröng sjónarmið í því efni.

Bæði hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. N.-M. hafa undanfarið unnið að jarðamati landsins alls. Þeirra niðurstaða er að vísu sú, að þeir hafa lækkað jarðirnar, svo að þetta er lægsta jarðamat, sem verið hefur, en hækkað hús í kaupstöðum, og þótt mér þyki það að sumu leyti ósamræmi, þá ættu þeir á eftir sízt að kalla það uppsprenging á jarðaverði, þótt jarðir séu seldar ábúendum við því fasteignamatsverði, sem þeir hafa metið sjálfir.

Málið liggur ljóst fyrir. Þegar það kemur til athugunar í landbn., getur brátt komið í ljós, hvort þar eru einstök atriði eða ágallar, sem breyta þyrfti til batnaðar með samkomulagi. En hitt er ekki undarlegt, þó að mismunandi stefnur komi nokkuð í ljós í sambandi við þetta frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Það er langt síðan deildin hefur heyrt annan eins fjálgleik og áðan var í ræðu hv. 7. þm. Reykv. (SK), ég held ekki síðan hann talaði sællar minningar um friðun hrafna eða svartbaka, og núna var það um að friða þá vesalings bændur, sem hann tiltók, fyrir ógurlegustu ófreskjunni, sem sæti um að hremma þá, íslenzka ríkinu. Ég er nú bara ekki óhræddur um, að aðrir fuglar, sem þm. vill friða, sitji um þessa væntanlegu vesalings „sjálfseignarbændur", ef ríkið yrði við óskum hans. Og hvernig hefur þessi forynja, ríkið, reynzt bændum? Hvernig er með alla þá styrki, sem það hefur greitt þeim til að gera þeim fært að haldast við á jörðum sínum? Hvernig er með uppbæturnar, sem það greiðir þeim í sama skyni á ull, gærur og kjöt og tryggir þeim allt að því hrefalt verð við það, sem hægt er að fá á erlendum markaði? Er þetta þáttur í þeirri grimmilegu ásókn ríkisins á bændur, sem þessi hv. þm. vill forða þeim frá? **(SK:** Já). Þurfa „vesalings" bændurnir að hafa sig alla við til að verjast þessum ósköpum? En hverjir eru það í rauninni, sem hrekja bændur af jörðunum? Er það ríkinu að kenna, að bændum hefur fækkað á síðustu árum? Ef svo er, ætti þm. að skýra það miklu nánar.

En hann veit væntanlega ekki, hvað íslenzkir stórbændur eru búnir að bola mörgum búandi mönnum burt úr sveit síðustu áratugina. Það væri gaman að fá skýrslur um það eða hvað margt af ungu fólki hefur hrökklazt þaðan af því, að það fékk ekki jarðnæði við sitt hæfi, bændur með of stórar jarðir vilja ekki miðla, og ótal vandkvæði eru á fyrir flest það fólk, sem nauðugt yfirgefur sveit sína með tvær hendur tómar, að stofna nýbýli. Það eru einhverjir aðrir en ríkið, sem stunda það að sölsa undir sig stórar jarðeignir, taka þær af bændum nú þegar eða síðar meir. Hvar sem maður fer nú austan fjalls eða um önnur héruð, er bent á nýleg dæmi um þetta og taldir upp stórlaxar úr Reykjavík, sem eigi nú þessa og þessa jörðina. Hvað vilja flm. frv. gera til að vernda bændur við þessu? Ekkert, því að þarna sé „frjáls verzlun". Svo talar þm. af öllum sínum fjálgleik um tryggð bænda við sveit sína, ást þeirra til jarðarinnar sinnar og að það séu bara ótætis kommúnistarnir, sem vilja taka jörðina af þeim, meina þeim að eiga og elska jörð sína.

En það, sem þeir vilja með þessu frv., er að selja þessar jarðir fyrir fasteignamatsverð, svo að brátt verði hægt að selja þær aftur svo uppsprengdu verði, að sá, sem kaupir þær til að búa á þeim, geti ekki staðizt það og flosni upp strax, þegar á bjátar, m. ö. o. vilja þeir koma jörðunum í brask í þágu hræfugla auðvaldsskipulagsins. Því fer fjarri, að það sé til að tryggja á nokkurn hátt jörðina handa þeim, sem vinna þar að framleiðslu, heldur til að tryggja braskarana. Hv. 7. þm. Reykv. sagði, að það gæti enginn sagt við bónda á jörð: „Far þú burt." En bankinn, sem hefur lánað þeim, eða stóreignamaðurinn eða braskarinn getur sagt og hefur sagt við fjölda bænda: „Far þú burt," — og þeir hafa farið burt. Hvernig var komið 1931? Jarðeignir voru metnar á 68 millj. kr. og skuldir, sem á þeim hvíldu, voru 33 millj. Sjálfseignarréttur bænda var með aðeins fáum undantekningum orðinn mjög lítils virði, lánardrottnar gátu klófest hvað sem þeir girntust við litlu verði. Það er ekki til neins að vera með neina óðalsrómantík þar, sem staðreyndir tala svo skýru máli.

Hv. þm. A.-Húnv. minntist sérstaklega á 10 ára takmarkið og fullvissaði um, að eftir þann tíma yrði ró og viðskiptajafnvægi, en truflun stríðsins um garð gengin. Veit hann, hver afleiðingin yrði, ef kreppa kæmi eftir 10 ár eða líðlega það? Þm. muna, að litlu eftir stríðið 1914—18 kom landbúnaðarkreppa, en mig langar til að benda á, að önnur kreppa, 13 árum eftir stríðið, varð miklu skæðari. Er nokkur sérstök ástæða til að ætla, að eftir 10 ár verði stöðugt rólegt jafnvægi? Eftir reynslunni getur þá komið miklu verri kreppa og sveiflur en eftir stríðslokin, og ef hv. þm. meinar nokkuð með því að tala um að binda þetta, meðan stríðsbraskið standi, ætti hann að vilja binda það, meðan brask er til, eða eins lengi og auðvaldsskipulagið stendur.

Hann taldi, að ríkið sæi illa fyrir hag landseta sinna. Hví kemur hann þá ekki með frv. til að bæta úr því? Það mundi fá fylgi. Flm. þessa frv. barma sér yfir því, að það muni verða fellt á þinginu, en þitt frv. hygg ég mundi fara mjög greiðlega gegnum þingið.

Ég spurði, hvað hann vildi gera til þess, að leiguliðar á jörðum í einkaeign gætu keypt jarðir sínar, og hann svaraði því einu, að með þær jarðir væri frjáls verzlun. En hvernig stendur á, að mennirnir, sem á þessum jörðum búa og vinna þar, eins og satt er, myrkranna milli, skuli yfirleitt aldrei hafa efni á að eignast jarðir sínar? Ríður þeim minna á að eignast þær en landsetum ríkisins eða hvað? Hvers vegna koma hv. flm. ekki með frv. til að tryggja þeim jarðirnar, þegar sýnt er, að þeim er ofvaxið að eignast þær á grundvelli frjálsrar verzlunar og halda síðan áfram lífvænum búrekstri á þeim? Er ekki meginhluti bænda þannig settur, að engin leið er að láta búskapinn bera sig með því verðlagi, sem fæst á frjálsum erlendum markaði, engin leið án stórfelldra uppbóta t. d. á ull og gærur? Hvers vegna vill þm. ekki, að það sé frjáls verzlun með ull og gærur, sem ræður afkomu bænda?

Ein aðaluppistaða ræðu hv. þm. (SK) var, að það væri einhver ógurleg sókn kommúnismans á Íslandi, sem meinaði bændum að eiga jarðir sínar og væri að gera út af við allt frelsi í landinu. Ég er einna kunnugastur þessu hérna kringum Reykjavík. Hér erum við að berjast fyrir því, að bærinn eigi sem allra mest af því landi, sem hann er reistur á. Þeir menn, sem standa þar með okkur, kommúnistunum, og ganga stundum allvel fram, eru aðalforsprakkar Sjálfstfl. í bænum. Þeir eru okkur sammála um, að það hafi verið ófyrirgefanlegt glapræði að láta einstaklinga eignast lóðirnar í Rvík, m. a. lóðirnar kringum höfnina, fyrir nokkrar þúsundir fyrir svo sem 50 árum, en nú eru þær 50—100 milljóna virði eða jafnvel meira. Það mun mega segja, að Sjálfstfl. í Rvík sé unninn fyrir sameignarstefnuna í þessu efni, og nú ganga sjálfstæðismenn svo skarpt í lið með kommúnistunum, að þeir ætla að leggja undir bæinn allmargar jarðir hér í nánd, eins og 37. mál þessa þings gerir ráð fyrir. Þar er í 3. gr. heimilað að taka eignarnámi Grafarholt og ýmsar fleiri jarðir. Hvað segir hv. 7. þm. Reykv., sem sjálfur er meðflm., um þessa sókn kommúnismans? Hvað segir hann um þessa vesalings bændur, sem þarna verða að hafa sig alla við að verjast ásókn kommúnismans í forsprakkaliði Sjálfstfl.?

En til þess að hrella hv. 7. þm. Reykv. ekki allt of mikið, skal ég fræða hann um, að þetta er alls ekki sósíalismi, og flokkur þm. getur óhræddur fylgt þessu máli með góðri samvizku. Ég ætti ekki að þurfa að kenna honum og flokksbræðrum hans barnalærdóm þeirra eigin flokks. Eitt af því, sem franska byltingin gerði, var að afnema eignarrétt stóreignamanna á landi, uppræta landeignaaðalinn, skipta jörðunum milli þeirra, sem yrktu þær og nytjuðu. Leifar jarðeignavaldsins hafa þó haldizt í ýmsum myndum, og þótt auðvaldsskipulag borgarastéttar geti stundum verið því vinveitt, síðan stéttin varð íhaldssöm, hlýtur hún samkvæmt uppruna og grundvallarstefnu að rekast á það öðru hverju og heimta landið laust. Sú aðferð, sem kölluð er eignarhald hins opinbera, samrýmist fyllilega meginreglum auðvaldsins, og þetta ætti hv. þm. að vita. Menn, sem eru að koma sér upp húsum í borg, verksmiðjum og öðrum framleiðslutækjum, skipum o. s. frv., verða að greiða þunga skatta til eigenda hinna rándýru lóða, sem raka saman fé án minnstu verðskuldunar annarrar en þeirrar að vera skráðir eigendur lóðar, sem þjóðfélagsþróunin hækkar í verði eða brask hefur hækkað óeðlilega í verði. Þessir skattar gera framleiðsluna dýra og leggjast þannig á herðar þjóðinni allri. Svipuð tilfelli gerast, þótt oftast sé í smærri stíl, þar sem jarðir í sveitum fá að ganga kaupum og sölum, og skal ég ekki fara lengra með hv. 7. þm. Reykv. í teoríu, flokkur hans viðurkennir áhættuna, sem í þessu felst. En það er ekkert nýtt, þótt sósíalistar taki að sér að berjast fyrir og hrindi fram málum, sem borgaraflokkarnir hafa heykzt á, eftir að þeir komust til valda. Þetta vildi ég segja um ásókn „kommúnismans“.

Mér þykir mjög vænt um, að Framsfl. skyldi taka eins ákveðna afstöðu og hann gerði í jarðeignamálum hins opinbera, og að Sjálfstfl. í Rvík skuli hafa áttað sig eins rækilega á því og hann hefur gert, hvað honum ber að gera í landeignamálum bæjarins.

Sigurður Kristjánsson: Það sagði við mig sósíalisti fyrir nokkrum árum, að langörðugast væri að vinna bug á mótspyrnunni í sveitunum, og fór ekki dult með, að sjálfseignarbændurnir væru þar stífastir, þeir þykjast eiga þetta, sem þeir hafa, sleppa því aldrei fyrir nokkurn mun. Það er skiljanlegt, að hv. þm. Reykv. (EOl) sé illa við fjölgun sjálfseignarbænda.

Hann var að spyrja mig, hvort styrkirnir, sem ríkið greiðir bændum, og uppbæturnar t. d. á ull og gærur væru liður í ásókn kommúnismans á bændastéttina. Vitanlega er það mikill þáttur þeirrar ásóknar, það er stéttarpólitík, sem á að gera bændur sem lítilmótlegasta menn í eigin augum, svipta þá andlegu sjálfstæði. Hann er nógu lærður í því, hvernig á að gera fólkið lítilmótlegt og laust á velli fyrir hverjum pólitískum goluþyt, sem gengur yfir.

Hann og fleiri þm. voru að tala um jarðabrask og síðan um stórbændur, sem flæmdu burt leiguliða með óvægilegum leigukjörum og hvers kyns yfirgangi. Það er hægt að segja hvaða vitleysu sem er, þegar það er ábyrgðarlaust. Það má t. d. segja, að maður, sem ætlar að ávaxta fé sitt, geti það betur með því að kaupa jörð en með öðru móti. Ég hugsa, að menn, sem leigja jarðir, muni yfirleitt hafa sömu sögu að segja, að þeir fái lítið fyrir. Á Íslandi hefur jafnan verið erfitt að búa, og þar hefur aldrei verið hægt að fá háa leigu af jörðum. Fé, sem lagt er í jarðir, gefur því lítinn ávöxt. Ég held, að ummæli hv. þm. stafi af því, að hann þekkir lítt til þessara hluta. Hann spurði, hví ekki væru gerðar ráðstafanir til að hjálpa mönnum, sem búa á jarðeignum annarra manna, — ekki ríkisins. Það er hægt að spyrja um allt, en ef ætlunin er að koma

á sjálfseignarbúskap á Íslandi, er þá ekki eðlilegast að miða slíka spurningu við jarðeignir ríkisins? Væri ekki eðlilegast að byrja á þeim? Með því að ég virði á margan hátt þennan hv. 2. þm. Reykv., skal ég lána honum frv., sem ég hef samið, en ekki borið fram enn þá, því að ég vildi kanna jarðveginn fyrst. Ég vildi þá biðja hann að líta á 3. gr. þessa frv., þar sem rætt er um það að hjálpa mönnum til að eignast ábúðarjarðir sínar, sem eru í eigu annarra manna. Ég tel sjálfsagt, að mönnum sé hjálpað til þess, og slíkt verður að gera, ef menn álíta, að sjálfseignarbúskapur sé heilbrigðastur, en sá búskapur er aðalbúskaparformið á Íslandi, sem betur fer, þótt margar jarðir séu raunar í eigu annarra en ábúenda.

Hv. þm. talaði um ósamkvæmni sjálfstæðismanna, sem vildu láta Rvík eignast jarðir, en taka þær samtímis af ríkinu. Þetta er barnaleg hugsunarvilla. Reykjavík er mikil fjölskylda, sem þarf að eiga nóg land fyrir sig og sína fjölskyldulimi. Þess vegna er fullkomið samræmi í kröfunni um sjálfsábúð til handa Rvíkurbæ og sveitabóndanum. (EOl: Er þá ekki íslenzka þjóðin öll ein stór fjölskylda?) Þar er öðru máli að gegna. Íslendingar hafa ekki enn ruglað saman reytum sínum á sama hátt og Reykvíkingar. (EOl: Reykvíkingar eru þó þriðji hluti af Íslendingum). Reykvíkingar hafa auðvitað margt sameiginlegt, sem er ekki sameiginlegt öllum Íslendingum. Það er t. d. augljóst, að Reykvíkingar þurfa á sameiginlegu landi að halda til margra hluta, ræktunar og annars. En sé það hins vegar ætlunin, að allir Íslendingar rugli saman reytum sínum og reki sameiginlegan búskap með ríkisþrælahaldi undir einum herra, þá er auðvitað sjálfsagt, að jarðirnar séu ríkiseign. Ég er að vísu ekki vel að mér í landbúnaðarpólitík annarra þjóða, og sízt er ég fróður um þróun þessara mála í Frakklandi. En þegar hv. 2. þm. Reykv. vitnar í það, sem gert var eftir stjórnarbyltinguna þar í landi, og ætlar að nota það sem rök gegn frv., þá missir hann marks. Hann sagði, að jarðeignirnar hefðu verið teknar af stórjarðeigendum og þeim skipt upp á milli bænda. Þessir stórlaxar voru einmitt hver um sig nokkurs konar ríki í ríkinu. Þegar jarðeignirnar voru teknar af þeim, var það hið sama og það, sem á að gera hér: taka jarðirnar af ríkinu og fá þær í hendur bændum sjálfum.

Páll Zóphóníasson: Í ræðu hv. þm. A.-Húnv. voru tvö atriði, sem ég vildi svara fáum orðum. Hann sagði, að ég hefði alla tíð barizt fyrir því, að ríkið eignaðist jarðir. Þetta er rétt. Ég man eftir fundi, sem haldinn var í Borgarfirði árið 1912, þar sem þeir töluðu Jón Þorláksson og Guðmundur Finnbogason. Þar hélt ég fast á þeirri stefnu, sem nú er viðurkennd orðin með l. um erfðaábúð og óðalsrétt, og deildi fast við þá. Á þeim fundi hafði ég aðeins einn mann með mér, Pál í Einarsnesi. En síðan hef ég oft mælt fyrir þessari stefnu á fundum og haft meiri hl. með mér. Og ég skal geta þess til dæmis um það, hve hugsunarhátturinn hefur breytzt í þessu efni, að einn af helztu stuðningsmönnum Sjálfstfl. í Mýrasýslu, sem var á fundinum 1912, notaði síðar meir tækifærið, sem lögin um erfðaábúð gáfu, til að selja jörð sína og tryggja syni sínum hana með erfðafestu. Þá er hitt atriðið. Hv. þm. sagði, að ég byggi í húsi, sem ég ætti sjálfur. En hvernig er það í ábúðarlöggjöfinni? Er ekki ætlazt til, að bændur eigi sjálfir húsin, sem þeir búa í? Ég var leiguliði á jörð árin 1914—20, en á sama tíma bjó þessi hv. þm. sem sjálfseignarbóndi og býr enn. Ég tók við jörðinni, og hún bar eina kú og 40 kindur, en skilaði henni með 300 hesta túni og á annað hundrað fjár. Að öðru leyti þarf ég raunar ekki að svara persónulegum ásökunum hv. þm. á mig. Þó get ég ekki látið undir höfuð leggjast að gera athugasemd við það, er hann sagði, að við hv. þm. Mýr., sem erum í fasteignamatsn., hefðum samþ. lægsta fasteignamat, sem þekkist. Ég skal í þessu sambandi lesa upp tölur um fasteignamat þriggja jarða nú og áður. Fasteignamat á jörð hans sjálfs, Akri, nam 1820 kr. 1861, 6200 kr. 1921, 9200 kr. 1931 og 11200 kr. nú. Fasteignamat á Torfalæk nam 2900 kr. 1861, 8500 kr. 1921, 10800 kr. 1931 og 11600 kr. nú. Fasteignamat á Húnsstöðum nam 1000 kr. 1861, 5000 kr. 1921, 12500 kr. 1931 og 13400 kr. nú.

Langlægsta mat, sem þekkzt hefur, er framkvæmt nú, segir hv. þm.! Eftir þessu eru aðrar röksemdir hans. Þó sagði hv. þm. eitt, sem gefur von um, að hann geti vitkazt. Hann sagði, að voði væri fyrir dyrum, ef fasteignamat væri of hátt. Þó vildi hann láta hækka það, og jarðirnar hækka við sölur.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði hér tvennt, sem ég sé ástæðu til að svara. Annað var það, að því hefði verið haldið fram hér, þegar l. um erfðaábúð og óðalsrétt voru til meðferðar, að erfðaábúðin skapaði bændunum með sölunni fé, sem þeir gætu varið til umbóta á jörðunum. Þetta er alrangt. Í þingtíðindum er ekki eina línu að finna til staðfestingar þessu. Hins vegar var því haldið fram, að erfðaábúðin skapaði bændum betri leigukjör og betri möguleika til að bæta jarðir sínar. Þá komst hv. þm. í deilu við hv. 2. þm. Reykv. og veitti þar vitneskju, sem mér finnst merkileg og þykir lýsa hans flokki vel. Hann sagði, að styrkir þeir, sem bændur hefðu fengið, hefðu verið veittir í því skyni að gera þá sem lítilmótlegasta og sem háðasta ríkinu. Nú hefur Sjálfstfl. eitt sinn flutt till. um styrk til bænda til síldarmjölskaupa á síðastl. sumri. Hv. þm. hefur þá skýrt, hvaða hvatir lágu á bak við þetta hjá flokknum, sem sé þær að gera bændur sem lítilmótlegasta og sem háðasta styrkveitanda. Mér kom ekki til hugar þá, að þetta væru hvatirnar, en þetta er ný vitneskja, sem sýnir mér Sjálfstfl. í nýju ljósi. Nú skil ég líka styrki þá, er flokkurinn vill veita til bátabygginga. Það á að vera til að ánetja þá flokknum. Ég hef hins vegar staðið að ýmsum till. til styrktar landbúnaðinum af skilningi á nauðsyn þess að halda þessum atvinnuvegi á floti. Þó er gleðilegt, að Sjálfstfl. hefur vitkazt svo, að hann er farinn að sjá, hvað heppilegast er í þessu efni fyrir bæ hans, Rvík. Nú eru 11 ár síðan ég átti í harðri deilu við Jón Þorláksson um það, hvort selja ætti lóðirnar við höfnina. Hann sagði, að það væri sjálfsagt. Nú mun eng-

inn af ráðamönnum Sjálfstfl. halda slíku fram. Nú ætlar bærinn meira að segja að fara að reka Björn í Grafarholti burt, og hv. 7. þm. Reykv. lýsir yfir því, að ástæðan sé sú, að bæjarmenn í heild þurfi á landinu að halda. Bærinn ætlar sem sé að nota landið sem sameign. Þeir sjálfstæðismenn eru farnir að sjá sannleikann innan síns þrönga hrings, en þeir eru blindir, þegar út fyrir hann kemur. En ég veit, að eftir svo sem 11 ár getum við fallizt í faðma um nauðsyn þess, að landið eigi sem mest af jörðum til að fyrirbyggja óeðlilega verðhækkun og sívaxandi skattabyrði ábúenda.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Það er að vísu óþarfi að taka hér enn til máls, því að svo mikið er búið að tala um málið, enda er hér engin nýjung á ferð. Hv. 2. þm. N.-M. hefði því ekki þurft að taka svo mjög á kröftunum sem manni heyrðist hér seinast í ræðu hans. Annars var málfar hans og málflutningur þannig, að erfitt er við að eiga. Hann sagði ýmsar frægðarsögur af sér í viðureign við ýmsa menn lífs og liðna, þar sem hann er raunar einn til frásagnar. En aðalatriði málsins er þó ekki svo flókið, að mjög þurfi að leggja sig í framkróka til að svara þessu. Aðalatriði málsins er einfaldlega þetta, að til skamms tíma var það heimilað í l. að selja ábúendum opinberra jarða býlin. Þetta var allt tekið. Það þarf ekki að kenna mér um það. Það þarf ekki heldur að kenna mér það, ég veit það eins vel og hv. þm. Að vísu eru til l., sem gera þetta hægt undir vissum kringumstæðum, og með kvöð og skilyrðum, en sú almenna og vinsæla heimild, sem áður var í l., er þar ekki lengur. Þetta frv. miðar að því að lögleiða hana aftur, og er hér í rauninni ekki um að ræða annað en leiðrétta það, sem Alþ. hefur orðið á með afnámi þeirrar heimildar, og gera þannig landsetum hins opinbera eins hátt undir höfði og landsetum á jörðum einstaklinga, því að þeir hafa lögheimild til að kaupa jarðirnar á sama hátt og eigendunum er heimilt að selja þær. Hér er með öðrum orðum um það að ræða að heimila kaup og sölu eins og hjá frjálsum mönnum í frjálsu landi. Hér ætti því ekki að þurfa að gera mikinn úlfaþyt, ef ekki lægi á bak við sú mikla stefnubreyting, sem orðið hefur hjá þeim mönnum, er hafa viljað gerast sjálfkjörnir forsvarsmenn bænda. Það virðist sem Framsóknarmenn hafi hert sig upp í þeim ásetningi að halda í 17. gr. jarðræktarl. Það hefur valdið okkur sjálfstæðismönnum vonbrigðum, að þm., sem eru fulltrúar bænda, skuli ekki vilja sansast á að leyfa þessa heimild, svo að aftur verði komið á frelsi og jafnrétti bændum til handa.

Þá þykir mér furðu gegna, að hv. 2. þm. N.-M. skuli tala um þetta mál svo sem hann talaði hér áðan. Það virðist engu líkara en hann sé að hafa þetta mál að fíflskaparmáli. Hann var að tala um, að hann hlakkaði alveg sérstaklega eftir og biði eftir með ánægju atkvgr. þeirri, er á sínum tíma á fram að fara um þetta mál. Eftir hans orðum er þetta mál algerlega úrelt, að leyfa bændum að eiga jarðir sínar.

Annars er maður mörgu vanur frá þessum hv. þm. og ætti því ekki að vera að kippa sér upp við það, sem hann segir í þessu máli sem öðrum, en mig undrar satt að segja stórlega, hve þessi hv. þm. talar ógætilega um þetta mál.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Mýr., þegar hann er að halda því fram, að þetta frv., ef að l. verður, leiði beint út í jarðabrask og geri ábúendum ókleift að búa á jörðunum. Ég skil ekki þá takmarkalausu ótrú, sem kemur fram hjá þessum hv. þm. á bændum, að þeir séu ekki færir um að fara með fjárráð á sínum eignum. En vitanlega verður ekki hægt að girða fyrir það að fullu og öllu, að jarðabrask geti átt sér stað.

Eins og þessum málum er nú háttað, má hið opinbera nú ekki selja jarðir, en ég ætla, að hann viti það ósköp vel, að þrátt fyrir það ber á jarðabraski hjá okkur í landinu.

Hér er um áframhald af l. um sölu þjóðjarða og kirkjujarða að ræða, og þá bar ekki svo mikið á þessu og er því ekki ástæða til að fullyrða neitt um, að jarðabrask sigli í hjólfar þessa frv., ef að l. verður. — Það, sem umfram allt verður að hafa í huga, er að líta á staðreyndirnar og vera ekki að koma með fullyrðingar, sem enga stoð eiga í veruleikanum.

Þá var hv. þm. Mýr. að halda fram þeirri firru, að umhyggja og átthagatryggð leiguliðans við jörðina væri engu minni en sjálfseignarbóndans. Dæmið, sem hann tók, sannaði líka á engan hátt það, sem hann vildi rökstyðja. Við vitum reyndar báðir um hina góðu kosti Halldórs á Hvanneyri, en eigi að síður verður þetta ekki algengt dæmi, vegna þess, sem við báðir vitum, en ég kæri mig eigi um að skýra frá hér.

Þá ætlaði ég og að svara hv. 2. þm. Reykv., sem gerði sig sekan í eigi minni firru en hv. þm. Mýr. En með því að hann er ekki nú staddur í þessari hv. d. og þegar er áliðið fundartímans, þá vil ég að svo mæltu gefa hæstv. forseta tóm til að ljúka umr. og slíta fundi.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., 25. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Jón Pálmason): Þau andmæli, sem hafa komið fram gegn þessu frv., hafa einkum byggzt á tvennu. Í fyrsta lagi á því, að það er stefna sumra manna hér innan þingsins eins og víðar að vinna að því, að ríkið eignist allar jarðir, og er það mál, sem ég skal ekki rekja nánar hér. Hin ástæðan til andmælanna byggist á því, að í frv. skuli vera heimild til þess að selja jarðirnar í frjálsri sölu að 10 árum liðnum. Okkur flm. virðist það hart, ef mönnum, sem voru neyddir til að selja ríkinu jarðir sínar við matsverði, skuli verða knúðir til þess að gera þær að ættaróðulum, ef þeir fá þær keyptar aftur, hvort sem þeim er það geðfellt eður eigi. Nú er ýmsum ógeðfellt að gera jarðir sínar að ættaróðali vegna þess, ef enginn í viðkomandi ætt vill taka við jörðinni, þá fellur hún til ríkisins með matsverði. Við teljum það óeðlilegt, að ríkið beri mikinn kostnað af jarðeignum, en í fjárl. eru nú veittar um 100 þús kr. til jarðakaupasjóðs, auk þess sem hann fær öll afgjöld

af jarðeignum hins opinbera, — og er það ekki lítil upphæð, þótt jarðirnar séu almennt mun verr setnar en aðrar.

Þá skal ég víkja nokkrum orðum að ýmsu því, sem hefur komið fram í þessum umræðum, og vil ég þá fyrst snúa máli mínu til hv. 2. þm. N.-M. Hann viðurkenndi forustu sína við að vinna að því, að ríkið eignaðist allar jarðir í landinu. Hann játaði að hafa fyrst hreyft þessu *máli á fundi í Borgarfirði árið 1912* og að hann hefði þá ekki haft nema einn mann með sér. Þetta mun vera rétt upplýst. Framsfl. var þá ekki til, og sósíalisminn var ekki farinn að grípa um sig í landinu, enda var þá sú stefna ríkjandi, að æskilegast væri, að bændur ættu sjálfir ábýlisjarðir sínar. Nú horfir þetta allmjög öðruvísi við. Framkoma þessa hv. þm. í þessu máli, þetta brautryðjendastarf, sem hann vill kalla, hefur miðað í þá átt að gera bændum mikinn óleik, svo að ekki sé of mikið sagt. Hann minntist og á eign og leigu á húsum. Almenna reglan er sú, að ríkið eigi bæði húsin og jörðina, en það er *þó ekki algilt. Sumir ábúendur á jörðum* ríkisins eiga sjálfir húsin, vegna þess að þeir hafa ekki getað fengið neitt fé frá ríkinu til þess að tryggja það, að húsin væru þannig úr garði gerð, að verandi væri í þeim. Ég tek t. d. einn bónda í mínu héraði, sem býr á jörð jarðakaupasjóðs. Það næstum hrundi ofan á hann hluti af bænum, en þó var ekki við það komandi, að hann fengi neitt framlag af hálfu ríkisins til þess að bæta húsin, og varð hann því að leggja fram um 2000 kr. frá sjálfum sér. Þetta er ágætt dæmi um það, hver kjör sumir ábúendur á jörðum ríkisins eiga við að búa.

Svo var það annað atriði hjá þessum hv. þm. varðandi fasteignamatið. Ég veik að því, að fasteignamatið hefði lækkað, og það er rétt. Hann vildi þó véfengja þetta og tók sem dæmi nokkrar jarðir, sem hann taldi, að fasteignamat hefði hækkað á, og þar á meðal mína eigin jörð. Það er rétt, að 1930 var hún metin á 9200 kr., en 1940 á 11200 kr. En þess ber að gæta, að á þessu tímabili hafa verið lagðar í umbætur á henni 6—7 þús. kr., svo að hér er raunverulega um lækkun að ræða, og sama máli gegnir um þær aðrar jarðir, sem hann tók sem dæmi. Ég er þó ekki að kvarta yfir því, þótt jörð mín, sem ég þarf að borga skatta og skyldur af, sé metin lægra en áður, heldur er miklu fremur ástæða til þess að vera þakklátur fyrir það.

Ég skal nú taka eitt dæmi til sönnunar því, hve langt hefur verið gengið í þessum lækkunum. *Kunningi minn einn í Norður-Ísafjarðarsýslu* byggði upp kot á árunum 1925—'30. Hann lagði í það stórfé, lét gera þar dýrar byggingar og aðrar framkvæmdir. Árið 1930 var þessi jörð metin á 30700 kr. Á árunum 1930—'40 jókst töðufengur úr 50 hestum í 350 hesta og uppskera úr görðum úr 5 tunnum í 100 tunnur. Árið 1940 var svo þessi sama jörð ekki metin á 30700 kr., heldur á 8900 kr. Þetta er eitt versta dæmið um það, hve langt hefur verið gengið í þessu efni. Ég kærði yfir þessu til formanns yfirfasteignamatsn., hv. þm. Mýr., og fékk matið hækkað upp í rúm. 20 þús. kr. Þetta var að vísu allmikil hækkun, eða hátt á annað hundrað %, en nær þó hersýnilega of skammt. Það ætti að vera öllum ljóst, hve mikil vitleysa er í þessu, en þeim, sem þekkja reglur þær og aðferðir, sem hv. 2. þm. N.-M. býr til, finnst þetta ekkert undarlegt.

Ég ætla svo ekki að fara meira út í þetta, en skal víkja að nokkrum atriðum hjá hv. 2. þm. Reykv. Hann gat þess, að sér þætti undarlegt, að við skyldum ekki heldur koma fram með frv. til að tryggja leiguliðum ríkisins betri aðstöðu. En það er nú okkar álit, að æskilegt sé, að leiguliðar ríkisins verði sem fæstir, og því hárum við fram þetta frv. En ef svo illa skyldi til takast, að þetta frv. yrði felt, þá er gott að geta átt von á stuðningi frá honum og öðrum og notið samvinnu við þá um að tryggja það, að ríkið leggi meira fram við leiguliða sína en það hefur gert.

Þá var hann að telja eftir uppbætur á íslenzkum landbúnaðarvörum, einkum á gærum og ull. Ástæðan til þess, að hann gat um þetta, var sú, að ég minntist á það, að það væri frjáls sala *á jörðum, sem væru í eigu einstaklinga.* Hann hélt því fram, að það væri einnig frjáls sala á gærum og ull, og taldi því einkennilegt að borga uppbætur á þessar vörutegundir. En nú vill svo til, að gærur og ull eru ekki seldar á frjálsum markaði. Þessar vörur eru nú útilokaðar frá þeim markaði, sem þær voru mest seldar á fyrir stríðið, þ. e. a. s. á Norðurlöndum og Þýzkalandi, og voru þær þá vel borgaðar, og það er áreiðanlegt, ef nú væri hægt að selja þær á þessum markaði, þá fengist fyrir þær mjög hátt verð. En nú verður að selja þær á öðrum og lakari markaði og þarf því að greiða á þær uppbætur, *og tel ég réttmætt, að ríkissjóður taki sinn* þátt í þessum afleiðingum styrjaldarinnar. Um hitt má aftur deila, að hve miklu leyti ríkissjóður eigi að borga það tjón og að hve miklu leyti það eigi að lenda á framleiðendum.

Ég hef svo ekki miklu fleira um þetta að segja að sinni, og ég býst ekki við, að menn græði á að halda þessum umr. mikið áfram, en ég vænti þess, að hv. þdm. láti þetta frv. fara til landbn., hvað sem þeir vilja síðar gera við það.

Páll Zóphóníasson: Ég hef litlu að svara í þessu máli. Ég vil benda hv. 10. landsk., sem ef til vill vildi láta kalla sig öðru nafni, á það, að það er fjarri lagi, að það sé mest af jörðum, sem ríkið á í hans umdæmi. Það er rétt, ef meðaltalið er tekið eitt, en það er ekki rétt, ef sýslan er tekin í heild. Þá hafa margar sýslur eins og t. d. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Suður-Múlasýsla o. fl. meira af opinberum jörðum en Vestur-Skaftafellssýsla.

Ég vil benda á það, að ég þarf engu að svara hv. 7. þm. Reykv. öðru en því, að síðan ég talaði seinast, hafa tveir hv. þm. Sjálfstfl. talað og samþ. með þögninni þau flokkssjónarmið, sem hv. þm. lýsti og ég drap á viðvíkjandi þeim kröfum, sem knýr flokkinn til að vera með styrkjum.

Þá vil ég benda á það viðvíkjandi dæminu, sem hv. síðasti ræðumaður, þm. A.-Húnv., tók um fasteignamatið, að hann nefndi það ekki, að síðasta mat væri lægra en matið 1930, heldur gat hann um undanfarandi mat. Annars skal ég

ekki fara meira út í það. Viðvíkjandi matinu, sem hann gat um á jörð í N.-Ísafjarðarsýslu, vil ég taka það fram, að það var mat héraðsnefndarinnar, sem hann kærði yfir, en það var of lágt vegna þess, að það var byggt á röngum upplýsingum frá ábúanda jarðarinnar sjálfum, og hefur nú verið leiðrétt af yfirmatsn. Fyrra matið var einnig byggt á útvegsmöguleikum, sem þá voru fyrir hendi, en eru nú horfnir. Annars þarf ég ekki að svara þessu frekar.

Ef svo skyldi fara, sem ég vænti, að ekki verði, að þetta frv. fari til 2. umr. og landbn., þá sé ég mér ekki annað fært en að koma fram með brtt. við það á síðara stigi málsins. Ég tel rétt að skylda þá, sem eiga margar jarðir, til þess að selja ábúendum þær með matsverði, en skylda svo aftur ábúendurna til að gera þær að ættaróðulum. Ég mun leggja til að skylda þá kunningja Gísla Sveinssonar, sem eiga margar jarðir, sumar leigðar og aðrar ekki, til þess að selja þær með matsverði, og ég mun leggja til, að maðurinn, sem á 24 jarðir og leigir þær út með okurleigu, verði skyldaður til að selja ábúendum þær með matsverði og láta laxveiðina fylgja. Þegar svo þessar brtt. eru fram komnar við frv. og því þannig breytt, hlakka ég til að sjá, hvern byr það fær í þinginu.

Sigurður Þórðarson: Herra forseti. — Ég ætla að lýsa því yfir, að ég er fylgjandi þessu frv., því að vegna kunnleika minna á bændum veit ég það, að bændur óska þess eindregið að eiga sjálfir ábýlisjarðir sínar. Það er enn fremur staðreynd, að slíkar jarðir eru betur setnar. Þetta vita allir, sem þekkja nokkuð bændastétt landsins. Mér virðist það því ærið einkennilegt, að þeir menn, sem beita sér á móti þessu frv., skuli þykjast reka erindi bænda. Það er vitað mál, að jarðir ríkisins níðast mjög fljótt niður, og það er mjög erfitt að fá fé til þess að halda þeim við. Ég þekki t. d. bónda í mínu héraði, sem býr á ríkisjörð. Hann hefur þrásinnis beðið um framlag úr ríkissjóði til þess að byggja upp 70 ára gamlan bæ, en það hefur ekki fengizt.

Ég veit, að það er eins satt og ég stend hér, að allir bændur vilji eiga ábýlisjarðir sínar, en ég viðurkenni þó, að jarðakaupasjóður hafi verið þarfur og réttmætur á sínum tíma. En er það ekki jafnréttmætt, að ríkið gefi ábúendum jarðeigna jarðakaupasjóðs tækifæri til þess að kaupa aftur þessar jarðir, þegar þeir óska þess og eru þess megnugir? Ég vil taka það fram, að ég tel æskilegt, að 8. gr. frv. væri breytt þannig, að jarðirnar yrðu skilyrðislaust gerðar að ættaróðulum. **(BÁ:** Þá væri frv. óþarft, því að það er heimild til þess í l. um erfðaábúð og óðalsrétt að selja ríkis- og kirkjujarðir, séu þær jafnframt gerðar að ættaróðulum. — **GSv:** Þetta er misskilningur, og er ekki hægt að jafna því saman. — **Forseti** (hringir): Ekki samtal. Menn verða að biðja um orðið, ef þeir vilja láta álit sitt í ljós). Ég er ekkert fipaður, þótt hv. þm. tali saman, en það virðist svo sem margt gerist hér í þingsölunum, sem við eigum ekki að venjast á fundum úti á landi.

Ég vil svo enn lýsa því yfir, að ég mæli með framgangi frv., en ég vil láta nema burtu ákvæði 7. gr. þess um, að bændur skuli skilyrðislaust greiða jarðirnar út í hönd. Ég álít það enga áhættu að nema burtu þetta ákvæði, því að það gæti verið fulltryggt með fyrsta veðrétti í jörðunum, að ríkið tapaði engu. Annars vænti ég, að þessir agnúar verði sorfnir af frv. í landbn., og vona fastlega, að það nái fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, SK, SÞ, SkG, StJSt, BG, BÁ, EystJ, GG, GSv, IngJ, JakM, JPálm, JS, JörB, LJós, PÞ, SigfS, SB, JJós.

nei: SG, STh, ÁkJ, PZ.

11. þm. (SvbH, ÞG, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, ÓTh, PO, HelgJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Virkjun Fossár í Ólafsvíkurhreppi.

Á 32. fundi í Nd., 14. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um virkjun Fossár í Ólafsvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu (þmfrv., A. 194).

Á 36. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Í kauptúnunum Ólafsvík og Hellissandi ásamt Fróðárhreppi eru nú um 1000 íbúar. Þarna er talsverð útgerð og tvö hraðfrystihús. Þarna vantar hins vegar alla raforku til almenningsafnota og til rekstrar hraðfrystihúsanna. Fyrir tveimur árum var gerð rannsókn á möguleikum til að virkja Fossá, og liggur nú fyrir nákvæm áætlun um virkjun þessa. Það hefur sýnt sig, að þessi á liggur sérstaklega vel við og er mjög heppileg til virkjunar. Samkvæmt áætlun mun kostnaður við virkjunina, þ. e. a. s. við orkuverið og háspennulínurnar, nema um 1½millj. kr. Lágspennukerfið mun svo kosta um 200 þús. kr.

Ætlazt er til, að þarna verði reist 1000 hestafla stöð, en úr ánni má hins vegar vinna allt að 2000 hestöfl. Rafmagnseftirlit ríkisins telur, að hagstætt sé með núverandi verðlagi að virkjunarkostnaður fari ekki fram úr 1500 kr. hvert hestafl.

Á þinginu í sumar flutti þáverandi þm. Snæf. frv. í þessa átt, um ríkisábyrgð fyrir láni til virkjunar á Fossá, og var það sent til fjvn., en það kom þaðan ekki aftur.

Á þessu þingi hafa verið flutt nokkur frv. um virkjanir, t. d. Andakílsár í Borgarfirði, Fljótaár og Tungufoss, og er þetta frv. þeim frv. mjög shlj.

Hér hef ég farið fram á, að ríkisstj. verði veitt heimild til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 1700 þús. kr. lán fyrir Ólafsvíkurhrepp og Neshrepp til rafvirkjunar að meðtöldum háspennulínum og afspennistöðvum.

Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta, en legg til, að þessu frv. verði, að lokinni 1. umr., vísað til 2. umr. og fjhn., sem væntanlega sendir það Rafmagnseftirliti ríkisins til umsagnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Tímarit til rökræðna um landsmál.

Á 43. fundi í Nd., 27. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórn Íslands til þess að stofna til útgáfu tímarits til rökræðna um landsmál (þmfrv., A. 266).

Á 49., 50., 51. og 53. fundi í Nd., 4., 5., 6. og 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 10. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Ástæðurnar, sem liggja til þess, að ég og hv. þm. Hafnf. (EmJ) höfum flutt þetta frv., eru í aðalatriðum fram teknar í grg., sem því fylgir. Það er, eins og menn vafalaust hafa veitt athygli, aðaltilgangurinn með þessu frv. að stofna til útgáfu tímarits, sem sent verði inn á hvert heimili í landinu og gefið út á kostnað ríkisins, þar sem allir stjórnmálaflokkar hafi aðgang til þess að skýra afstöðu sína í hinum helztu deilumálum, sem fyrir liggja. Við gerum ráð fyrir, að þar komi ekki til greina annað en þau höfuðdeilumál, sem um verður að ræða, svo sem afstaða til stjórnarmyndunar og helztu landsmála.

Í öðru lagi er það tilgangurinn, að það verði ekki svo ýkja mikill kostnaður, sem útgáfu þessa rits fylgir, vegna þess að það má gera ráð fyrir, að það náist upp í þann kostnað mjög miklar auglýsingatekjur.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins fara mjög mikið frekar út í að ræða málið heldur en gert er í grg. frv. og hvaða kostir og hvaða annmarkar mundu fylgja þessari starfsemi. En aðalatriðið teljum við flm. vera það, að kostur við þetta mundi vera sá, að hver kjósandi mundi í einu lagi fá að sjá afstöðu hinna deilandi stjórnmálaflokka í allra helztu málum, sem ráða úrslitum í baráttunni, sem flokkarnir heyja um aðalmálin. Enn fremur er það víst, að með þessum hætti eru líkurnar sterkar fyrir því, að hægt væri að koma í veg fyrir, að hægt væri að halda fram blekkjandi ummælum um aðra flokka, eins og gert hefur verið á undanförnum árum í blaðadeilum í landinu.

Af því að þetta mál liggur svo ljóst fyrir, sé ég ekki ástæðu til þess á þessu stigi að fara um það fleiri orðum, en óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 615 og 620).

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Allshn. hefur ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa frv. Við þrír úr n. leggjum til, að frv. verði samþykkt. Þó áskiljum við okkur rétt til að bera fram brtt., ef okkur lízt svo við eiga, og eins að fylgja brtt., er fram kunna að koma. Tveir nm. hafa ekki getað orðið okkur sammála og leggja til, að frv. verði fellt.

Eins og tekið er fram í hinu stutta nál. meiri hl., teljum við, að í frv. þessu felist sú hugmynd, að við fyrir okkar leyti viljum fylgja því: að öllum landsmönnum gefist kostur þess að fylgjast með öllum umr. almennra stjórnmálaflokka um þau mál, sem efst eru á baugi á hverjum tíma og sæta mestum rökræðum. Teljum við eðlilegt, að ríkisvaldið styrki það nokkuð, að svo megi verða, og teljum það í fullkomnu samræmi við anda og eðli lýðræðisins. Til þess að lýðræðið geti borið þann ávöxt, sem rétt er, er það næsta mikil nauðsyn, að rök og ástæður allra stjórnmálaflokka fyrir sínum skoðunum nái samtímis til allra aðila, sem hlut eiga að máli, sem eru kjósendurnir í landinu á hverjum tíma. Á þessu hefur af eðlilegum ástæðum verið misbrestur allt frá upphafi til þessa dags hvað snertir stefnur eða einstök mál. Mikill hluti landsmanna kaupir aðeins tiltölulega lítið af þeim blöðum eða ritum um landsmál, sem út koma, og mjög fáir lesa öll blöð og rit allra flokka, sem þátt taka í deilunum um landsmálin. Það er líka eðlilegt, að svo sé, því að það er næsta erfitt fyrir alla menn, hvar sem þeir búa á landinu, að verja til þess fé að kaupa öll þau málgögn, sem gefin eru út af flokkunum, enda eru þau málgögn oft mest sniðin við ákveðin byggðarlög, t. d. dagblöðin við bæina, og þau blöð, sem í sveitirnar fara, eru fyrst og fremst miðuð við það, að þau séu lesin af þeim mönnum, sem í dreifbýlinu búa, en minna gert til þess að gera þau að aðlaðandi lestrarefni fyrir þá, sem búa í þéttbýlinu. Þetta hvort tveggja, fyrirkomulagið og örðugleikar landsmanna á að kaupa öll þau blöð og tímarit, sem um stjórnmál fjalla, gerir það örðugt að fylgjast með þeim deilum, sem á hverjum tíma eru háðar í rituðu máli. Nú er það einnig svo, að stjórnmál íslenzku þjóðarinnar eru oft rekin með óvenjulegri óvægni og bardaginn háður á þá lund, að þess er ekki allt af gætt að fara með rétt rök eða fara nákvæmlega rétt með staðreyndir. Má

því búast við — og er kannske mannlegt —, að menn, sem gefa út blöð og rit, sem þeir vita, að fara til manna, sem ekki sjá önnur blöð, freistast til þess að hafa málflutninginn einhliða, vægast sagt hagræða staðreyndunum, ef þeim ekki er stundum snúið við. Af þessu leiðir svo, að fjöldi manna, einkum út um breiðar byggðir landsins, fær ekki réttar upplýsingar um það, hvað deilt er um í landsmálum, og ekki réttar upplýsingar um eðli málanna og staðreyndir þær, sem fyrir liggja, þegar deilt er um málin. Þetta er ekki hollt þjóðinni, enda mála sannast, að mikið skortir á það meðal íslenzku þjóðarinnar, að pólitísk menning sé á svo háu stigi, sem við vildum, sem hyllum lýðræðið og óskum þess, að hin pólitíska menning stæði á svo háu stigi, að andstæðingar þeirrar stefnu, sem við teljum holla og eðlilega, gætu ekki veitzt að henni með réttum rökum.

Það var talið til forna, ef tveir menn áttu í vopnaviðskiptum eða voru í bardaga, að ekki væri heppilegt, að spjótin eða sverðin væru mislöng, og annar aðili hefði meiri og traustari vopn en hinn, og mátti alltaf búast við því, að hvað sem leið hæfileikum þeirra, sem á vopnunum héldu, að sá aðilinn, sem lengra spjót eða sverð hafði, gengi með sigur af hólmi. Það má segja, hvað viðvíkur því að koma skoðunum sínum á framfæri í blöðum sé misjöfn aðstaða, bæði vegna þess, hvernig er háttað landshögum, og einnig af þeirri ástæðu, að flokkarnir, sem eru uppi á hverjum tíma, hafa mjög mismunandi fjárráð og geta mismunandi mikið lagt í kostnað til að útbreiða kenningar sínar. Má segja, að flokkarnir berjist með mjög misjöfnum vopnum og mismunandi löngum spjótum, og þá eru það kannske ekki málefnin, sem valda úrslitum, heldur aðstaðan og misjöfn löngun til að halda uppi drengilegri og heiðarlegri baráttu.

Það má að vísu segja, að þetta hafi nokkuð lagazt við það, að útvarpið hefur verið tekið til umræðna um landsmál, og má segja, að vegna þessa gefist fólki stöku sinnum kostur á að hlusta á hið lifandi orð frá flokkunum, en bæði er það, að þetta er ekki oft um hönd haft, og hitt, að hið lifandi mál, þó að það berist á öldum ljósvakans, hefur ekki kosti hins ritaða máls. Ritað mál hefur það umfram, að það er hægt að grípa til þess á hverri þeirri stund, sem hentar, og hægt að lesa upp aftur það, sem erfitt er að skilja og vill í mæltu máli fara fyrir ofan garð og neðan. Þetta á einkum við, þegar um tölur eða fjárhagsleg málefni er að ræða, sem menn vilja kynna sér og komast að sinni eigin niðurstöðu um. Það er ekki einhlítt, að útvarpið sé notað til umræðna um landsmál, þó að það sé spor í rétta átt. Það, sem stefna ber að, er það, að allir landsmenn, sem áhuga hafa á landsmálum, eigi þess kost, hvar sem þeir búa á landinu að kynnast rökræðum um þau mál, sem fram eru flutt á hverjum tíma af stjórnmálaflokkunum.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að ríkisstj. sé heimilað að gefa út tímarit til þess að rökræða um landsmál. Í þessu tímariti eiga að birtast greinar frá öllum þeim flokkum, sem eiga ákveðna fulltrúatölu á Alþingi, og er miðað við, að það séu minnst 3 fulltrúar, sem hver flokkur eigi að eiga. Það er gert ráð fyrir því í frv., að algert jafnrétti ríki milli allra flokka til þess að ráða efnisvali, og hafi hver stefna fyrir sig jafnmikið rúm í hverju riti. Við, sem erum í meiri hl., teljum að þetta miði í rétta átt, sérstaklega þegar það er lagt til í frv., að hið opinbera kosti útgáfu þessa rits, prentun, pappír og útsendingu, en hins vegar sjái flokkarnir um ritstjórn og ritlaun, að svo miklu leyti, sem þau kunna að verða goldin. Þessa hugsun teljum við rétta, sanngjarna og eðlilega. Þó að ríkið kynni að leggja nokkuð í kostnað við þetta, teljum við, að ekki beri að sjá eftir þeim kostnaði, ef hann gæti orðið til þess, að menn alls staðar á landinu ættu þess sem jafnastan kost að fá að fylgjast með og velta fyrir sér skoðunum og málflutningi allra þeirra stjórnmálaflokka, sem uppi eru á hverjum tíma í landinu. Fyrir þessar sakir viljum við í meiri hl. leggja til, að þetta frv. verði samþykkt, af því að við höllumst að þeirri hugmynd, sem þetta frv. ber uppi, og viljum, að allir landsmenn fái sem jafnastan aðgang að því að heyra frá öllum stjórnmálaflokkunum um þau mál, sem um er rætt og um er deilt.

Um það má svo deila, hvernig því formi verði bezt fyrir komið, sem á að umlykja þetta, og mætti í því efni sjálfsagt benda á eitthvað, sem er betra en það, sem hér er gert ráð fyrir. Þess vegna höfum við í meiri hl. áskilið okkur rétt til þess að flytja brtt. við frv. og eins hitt, að fylgja brtt., ef fram kunna að koma. Frá okkar sjónarmiði er aðeins um það að ræða, að hugmyndin verði framkvæmd. Jafnvel þótt hugmyndin reynist, þegar til á að taka, vera eitthvað gölluð, væri fljótlegt að bæta úr því með betri skipulagsháttum, og vildum við í meiri hl. gjarnan standa að þeim breyt., ef það mætti verða til þess, að tilgangurinn næðist betur með breyttu formi en ella. T. d. má telja vafamál, hvort á að binda, eins og gert er í 2. gr., hver skuli vera hlutföllin milli greina í ritinu, og vel mætti vera, að það ætti fremur að vera reglugerðaratriði, en þó held ég, að ekki saki, þó að þetta sé lögfest óbreytt, jafnvel þótt síðar kæmi á daginn, að þessu atriði og fleiri mætti skipa á betri veg, ef reynslan sýnir galla á fyrirkomulaginu.

Þessi almennu orð vildi ég láta falla sem rökstuðning okkar meiri hl. manna fyrir því, að sú hugmynd, sem kemur fram í frv., nái fram að ganga, hvernig sem forminu verður hagrætt hér í sölum Alþingis. Það er frá okkar sjónarmiði miklu meira aukaatriði.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort það taki því að halda áfram umr. Ég býst við að þurfa að gera nokkra grein fyrir máli mínu og kemst ekki af með þær fáu mínútur, sem eftir eru.

Forseti (EmJ): Það er rétt, að fundur í Sþ. hefst kl. 3. En mætti ekki sjá, hvað hægt er að komast á þessum mínútum, og syndga þá dálítið upp á náðina, og vildi ég beina því til hv.

frsm. minni hl., að hann hefji ræðu sína og sjái, hvað tíminn endist.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Hæstv. forseti hefur það auðvitað á valdi sínu, til hvers þær mínútur eru notaðar, sem eftir eru af fundartímanum, en fundur byrjar í Sþ. kl. 2, og jafnvel þótt um venjulegan fundartíma væri að ræða, mundi mér varla nægja það. Nú veit ég til þess, að búið er að boða nefndarfund kl. 3.30, og má því ekki taka mikið af fundartíma Sþ.

Forseti (EmJ): *Ef hv. frsm. minni hl. telur sig ekki komast af með minni tíma en klukkustund, virðist sýnt, að ekki taki því, að hann byrji á ræðu sinni nú, þegar kl. vantar 10 mínútur.*

Umr. frestað.

Á 87. og 88. fundi í Nd., 31. marz og 1. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Nd., 2. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Eins og hv. frsm. meiri hl. n. gerði grein fyrir og eins og þingskjöl bera með sér, þá klofnaði allshn. um þetta mál. Við hv. 2. þm. Eyf. viljum ekki samþ. þetta frv. Við teljum ekki, að það yrði til neinna bóta, þó að það væri samþ. Tímarit það, sem hér um ræðir, á að verða til upplýsingar í pólitík, það á að auðvelda kjósendunum að komast að réttum niðurstöðum um landsmál, og á útgáfa þess að vera kostuð að mestu af almannafé.

Ég vona nú, að hæstv. forseti umberi mér, þótt ég fari hér nokkuð almennum orðum um málið við 2. umr. þess, en það er nauðsynlegt til að gera sér grein fyrir innihaldi frv., sem tekur til ýmislegs fleira en beint kemur fram í greinum þess. Ég mun þó víkja að þeim, þótt ég drepi hér fyrst á nokkur önnur atriði. Frsm. meiri hl. fór einnig þannig að, ræða hans var meira um almenn atriði, sem mér þótti ekki nema eðlilegt.

Ég ætla þá fyrst að víkja nokkuð að ræðu hans. Ég tel bezt á því fara, því að síðar, er ég kem að hinum einstöku greinum frv. og öðru viðvíkjandi þeim, þá verður ljóst, hve mikils rök hans mega sín um, að tilgangi þessa frv. verði náð.

Hann gat þess í upphafi máls síns, að menn læsu almennt ekki um landsmál nema frá einni hlið. Ég skal ekki þrátta um það, en mín skoðun er sú, að menn lesi yfirleitt blöð fleiri flokka, a. m. k. tveggja til þriggja. Það kom fram hjá hv. frsm., að hann bæri mest fyrir brjósti fólkið í dreifbýlinu í þessum efnum, því það fengi sízt réttar upplýsingar, og á hann sjálfsagt við þau blöðin, sem þangað fara helzt. Meining hans er eflaust sú, að þau blöðin halli ekki réttu máli, sem gefin eru út í þéttbýlinu. Þó kemur þetta nú í bág við grg. frv. og það, er hv. frsm. sagði síðar um þetta atriði. Ég vil sízt mótmæla því, að blöðin halli oft réttu máli og segi stundum hreinlega ósatt, og það lítur oft svo út sem þau geri það móti betri vitund, þó að ég fullyrði ekkert um það. En ég held, að þetta eigi ekki síður við um hin blöðin, sem koma út í þéttbýlinu. Annars ætla ég ekki að fara að flokka blöðin neitt, þau hafa öll syndir á samvizkunni í þessum efnum, og vil ég ekki réttlæta misgerðir þeirra. Ég tel þvert á móti, að ritháttur þeirra sé svo herfilegur, ef honum heldur áfram enn um skeið, þá geti það illt eitt af sér leitt fyrir þjóðina, og er það illa farið um annað eins stórveldi og þau geta verið í þjóðfélaginu. Það væri sannarlega betur farið, ef menn gætu óhikað trúað málflutningi þeirra og sá drengskapur og þroski ríkti í blaðamennskunni, að þau leiðréttu sjálf, ef þeim yrði á að fara með rangt mál. En það er nú eitthvað annað en svo sé. Og ég verð að segja það, ef menn trúa því, að í pólitísku riti, sem gefið er út á ríkisins kostnað af pólitískum flokkum, verði farið að flytja málin af fullum drengskap og sannleik, þá er það oftrú.

Ég veit ekki, hvernig menn fara að komast að þeirri niðurstöðu, ef þeir dæma eftir þeirri pólitísku blaðamennsku, sem tíðkazt hefur hér um nokkurt skeið. Ætli það yrðu ekki svipaðir menn, sem réðu þessu riti, og þeir, sem starfa í flokkunum og ráða hinum pólitíska blaðakosti þeirra. Ég held, að hér sé svo mikill skyldleiki á milli, að útgáfa þessa rits yrði ekkert til bóta.

Hv. frsm. drap á það, að flokkarnir gætu haft misjafna aðstöðu til að boða skoðanir sínar. Það er vafalaust rétt. Mér skildist, að þetta rit ætti að ráða einhverja bót á því. En annaðhvort stafar þessi skoðun af of litilli athugun á málinu, eða hún er oftrú, og kem ég að því nánar.

Hv. frsm. sagði, að það hefði ekki þótt drengskapur fordum, að menn berðust með mislöngum vopnum. Mér skildist af þessum ummælum hans, ef öllum flokkum yrði gert auðveldara um útbreiðslu sinna skoðana, þá væri bætt úr þeim aðstöðumun, sem felst í misjafnri fjárgetu flokka og útbreiðslustarfsemi. Ef þetta væri tryggt og víst, að skoðanir þessar yrðu til að þroska og upplýsa þjóðina, þá mætti vera vinningur að þessu. En ég hef litla trú á því eins og ég mun koma nánar að. Annars bjóst ég við, að hv. frsm. mundi samtímis þessu minna á önnur ummæli úr sögunni, sögu einnar hinnar þroskamestu þjóðar. Einn sonur þessa lands kom til móður sinnar og kvartaði um það, að skaptið á vopni hans væri of stutt. „Gakktu þá feti framar," sagði móðirin. Svo mun það jafnan vera, þegar barizt er fyrir hugsjónum, þó að hugsjónamennirnir standi ekki allir fjárhagslega vel að vígi eða jafnt að vígi og þeir, sem þeir eiga í baráttu við. Þeir leggja því meira á sig fyrir málstað sinn, og hann sigrar jafnaðarlega, ef barizt er af heilum huga. Þessi siðferðisstyrkur og hugsjónaeldur vegur því jafnan meir en upp á móti því, sem kann að vinnast við betri fjárhagslega aðstöðu eina. Og eitt er víst, að enda þótt þetta sé tekið jafnbókstaflega og hv. frsm. vildi, þá er engin trygging fyrir því, að eftir þessu yrði farið í framkvæmdinni. Hann sagði seint í ræðu sinni, að meiri hl. mundi tilleiðanlegur til að ganga inn á breyt. við frv. Ég vona,

að hann geri það. Ég vil vera með í að gera á því þá breyt., að 1.—9. gr. falli burt. Sú breyt. hentar bezt þessu máli.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um frv. sjálft. Í 1. gr. segir, að tímaritið eigi að rökræða um stjórnmál. Fyrirheitið er gott í þessari gr., og má segja, að eftir henni sé tilgangurinn góður. En þá er það, hvernig hægt er að ná honum. Í 2. gr. segir, að þeir stjórnmálaflokkar eigi aðgang að ritinu, sem eigi a. m. k. þrjá fulltrúa á Alþ. Aðrir eiga ekki að upplýsa eða þroska þjóðina, og tæpast er búizt við, að þeir geti stuðlað að atvinnuþróun hennar eða þroska. Eftir að flokkur hefur orðið þrjá fulltrúa á þingi, þá er þó auðveldara fyrir hann að hafa áhrif á þjóðmál en flokk, sem er í myndun og á engan fulltrúa á þingi. Ég vil þó ekki vænta, að það vaki fyrir hv. flm., að þá fyrst geti menn farið að hafa góð áhrif á gang mála, þegar þeir séu komnir minnst þrír frá flokki á þing. Þegar fluttar eru góðar og gagnlegar hugsjónir, þá standa oft fáir að þeim í byrjun, sem alls engan fulltrúa eiga á þingi og eiga oft erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri. Þeir, sem hafa mest áhrif og bezt hafa barizt fyrir hugsjónum, hafa oft verið fáliðaðir. En af því að þeir eru svo fáir, þá eiga þeir engan rétt á að birta skoðanir sínar í tímariti ríkisins fremur en ritnefndinni gott þykir. Menn skyldu nú ætla, að þetta væri ekki svona einskorðað, því að þarna væri e. t. v. þörfin mest fyrir hendi, það gæti verið, að þessir menn hefðu langréttast mál að flytja, þó að ég segi það ekki. Við skulum hugsa okkur, að komin væri pólitísk spilling í þingflokkana og menn vildu á það benda, en ættu erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri. Þá ættu þeir enga kröfu til rúms í þessu riti. Með öðrum orðum, þegar þörfin væri máske mest á því að eiga aðgang að þessu riti til að koma skoðunum á framfæri, þá eru þeir útilokaðir frá þessu riti.

Svo eru reglur um það í 2. gr., hvað ritgerðirnar megi vera langar og eftir hvaða reglum það færi o. s. frv., en út í það ætla ég ekki að fara, það skiptir minna máli. Þó hefði ég haldið, að það skipti meira máli, hvernig efnið er, hvað gagnlegt það hefði að flytja, heldur en orðafjöldinn. En ritn. er nokkuð bundin af orðafjöldanum um það, hvernig þetta skuli skiptast á milli flokka. Það kann að vera nauðsynlegt að hafa um þetta mælikvarða og þetta sé sá handhægasti, en það fer þá nokkurn veginn saman, að hann er líka sá fráleitasti. Svo er til þess ætlazt, samkvæmt þessari gr., að ritn., sem sett er, eigi að dæma um ritgerðirnar og sjá um, að þær birtist í tímaritinu.

Þá sný ég mér að því, sem skylt er, þ. e. a. s. því atriði, frá hvaða flokkum skylt er að birta ritgerð. Hvernig mun þetta verða í framkvæmdinni hjá þessari ritn.? Náttúrlega réði meiri hl. því, hvað birta skyldi. Meiri hl. n. ákvarðar því, hvað birt skuli í þessu tímariti. Hver er þá tryggingin orðin fyrir minni hl.? Er það endilega víst, að meiri hl. hefði þarna rétt fyrir sér? Það held ég ekki. Það stendur einhvers staðar, að minni hl. hafi alltaf rétt fyrir sér. Nú vil ég að vísu ekki taka undir það, að svo sé ætíð. En það getur vel staðið þannig á, að minni hl. hafi mjög mikið rétt fyrir sér. Það getur líka verið, að minni hl. hafi alveg rétt fyrir sér, en þá getur farið svo, að hann sé ofurliði borinn og fái ekki birt það, sem hann óskar eftir. Eru menn svo ákaflega trúaðir á það, að þeir menn, sem veljast til þess að starfa hjá þessu tímariti, hljóti alltaf að gera rétt? Við skulum geta hins bezta til, að þeir vilji gera rétt. En er það endilega víst, að þeir sjái alltaf það rétta? Ef þeim missýnist, hvað þá, þá er engu réttlæti fullnægt. Þá er það, sem að þessu leyti átti að tryggja með þessu frv., fokið út í veður og vind. Þá er málum hallað og vilhallur dómur kominn um þessi mál. Tímaritið, sem átti að uppfylla allt réttlæti, getur þannig orðið til þess að halda ranglætinu við. Jafnvel gæti farið þann veg, að það yrði til þess að auka ranglætið, og væri þá ríkisvaldið sjálft gengið til liðs við þá, sem að þeim verknaði stæðu að fullkomna það ranglæti. Þetta liggur alveg í hlutarins eðli, og ég er ekki að segja það, að með fyrirfram settum reglum sé hægt að tryggja þetta. En við sjáum við nánari athugun á þessu, að þarna eru svo mörg ljón á veginum, að alls ekki er stofnandi til slíkrar útgáfu sem þessarar. Þó hef ég ekki vikið að því atriði, sem má sín mest, þ. e. þeirri skyldu, sem þjóðfulltrúarnir hafa ætíð við lagasetningu, og þá ekki sízt við svona lagasetningu, þ. e. skyldu þeirra að gæta þess, að af henni leiði ekki aukið misrétti á milli þegnanna, að sú lagasetning gæti jafnvel verið til ófarnaðar. Ákvæði 3. gr. mun nú eitthvað eiga að bæta úr. Þar er talað um, að hver stjórnmálaflokkur eigi að bera ábyrgð á þeim ritgerðum, sem birtar eru í tímaritinu. En það efni, sem birtist í tímaritinu, getur verið þess eðlis, að þetta sé líka brotið. Það nær aðeins til þess, ef meiðyrði, sem varða við landslög, eru birt. Það er aðeins hægt að koma fram ábyrgð á hendur þeim fyrir það og þá auðvitað fulltrúum flokkanna, eða flokksins, sem er í ritn. En hversu margt mætti ekki birta í þessu tímariti, sem væri þess eðlis, að það varðaði ekki við landslög, en eigi að síður gæti orðið skaðlegt almenningi, en þó væri ekki hægt að koma fram neinni ábyrgð á hendur neinum flokki, sem að slíkum ritsmíðum stæði? Við verðum að gá að því, að þó að engu slíku væri til að dreifa hjá okkur nú, þá getum við ekki séð, hverjar stefnur kunna að vera uppi í framtíðinni, hvaða pólitískar hreyfingar kunna að verða hér uppi og hver áhrif það kynni að hafa á þetta tímarit. En því þá að vera að setja þetta af stað?

Ég fer nú ekki út í hin minni háttar atriði, t. d. eins og um kostnaðinn við þetta og annað þess konar. Stjórnmálaflokkarnir eiga að annast kostnað ritgerðanna. Bæjar- og hreppssjóðir greiða kostnað við dreifingu ritsins, ríkissjóður aftur kostnað við prentun og útsendingu o. s. frv. Svo er talað um það, hverjir eigi að vera aðnjótandi ritsins og fá það ókeypis, en það eru heimilisfeður, sem öðlazt hafa kosningarétt til Alþingis. En auðvitað eru nú kjósendurnir miklu fleiri en heimilisfeðurnir. Mér finnst, að allir kjósendur landsins þyrftu að eiga kost á að fá ritið, ef talið yrði

nauðsynlegt að gefa það út. Í grg. fyrir frv. benda flm. á það, hvernig pólitiskar deilur hafi hér orðið, það hafi að undanförnu verið þrætzt á um mál og hið rétta hafi alls ekki verið viðurkennt. En í þessu riti er einmitt til þess ætlazt, að þessar deilur haldi áfram, því að ritið á að ræða um þau mál fyrst og fremst, sem hafa verið deilumál milli flokka.

Ég er nú búinn að víkja að því, hverjar líkur eru til þess, að úr þessu verði bætt. Ég er hræddur um það, að hinir pólitísku flokkar, sem að þessum ritgerðum eiga að standa, taki ekki allt í einu miklum stakkaskiptum í þessum efnum. Ég held, að þeir muni halda áfram að halda fram sínum málstað, eins og verið hefur. Ég held, að það muni verða alveg eins í þessu riti eins og í blöðunum, að hver flokkur muni reyna að ota sínum tota fram. Það mætti þá alveg gera ráð fyrir því, að menn fari með rangt mál í þessu riti eins og annars staðar, og jafnvel, að persónulegar móðganir kæmu fram, eins og drepið er á í grg. Svo láta flm. það í ljós í grg., að þeir eygi ný lönd framundan í þessum efnum. Þar stendur í niðurlagsorðum: „Hagsmunastreita milli stétta kynni að þverra til mikilla muna, og andlegur vopnaburður mundi færast í viðunanlegra horf, því að þekkingunni mundi ekki verða boðið hið sama sem vanþekkingunni áður. Slíkur árangur, ef hann næðist, er áreiðanlega þess virði, að tilraun sé gerð til að öðlast hann. Er mál þetta borið fram í því trausti, að um það geti menn þó a. m. k. orðið sammála.“ Væri það tryggt, að þekkingu og réttum málstað væri komið út á meðal þjóðarinnar, þá væri eðlilegt, að menn vildu vera með þessu máli. En ég er nú búinn að víkja að því allrækilega, að þetta frv. gefur enga tryggingu fyrir því, og það er aðalatriðið. Ég efa það, að allt í einu komi öllu betri menn til þess að standa fyrir slíkri útgáfustarfsemi heldur en eru fáanlegir nú og starfa við rit pólitísku flokkanna. Maður getur því ekki búizt við, að þarna verði um verulega framför að ræða. En annað getur fylgt þessu máli, ef samþ. verður. Það getur orðið til þess að greiða götu fyrir skoðunum út á meðal almennings, sem ég held, að engin þjóðþrif stafi af. Við skulum hugsa okkur öfgaflokka, sem halda allt öðru fram um skipulag þjóðfélagsins heldur en við flestir, sem nú sitjum á Alþ., viljum viðurkenna. Við skulum segja, að það væru til flokkar, sem vildu rífa niður okkar þjóðskipulag, þau grundvallaratriði, sem þjóðskipulag okkar byggir á. Ef þeir ættu þrjá fulltrúa á Alþ., ættu þeir rétt á því að koma sínum kenningum á framfæri í þessu tímariti. Nú vita menn, hvernig ástatt er um slíkar hreyfingar úti í löndum, og þeirra hefur orðið nokkuð vart hér heima. Við byggjum á lýðræðisfyrirkomulagi, og stjskr. okkar byggir á þeim grundvelli. En til eru þjóðlönd úti í heimi, sem hafa allt annað fyrirkomulag, þau hafa einræðisfyrirkomulag. Þar ríkir ekki skoðanafrelsi, alls ekki prentfrelsi, ekki einu sinni frelsi í athöfnum og langt frá því, að þar ríki trúarbragðafrelsi. Við byggjum þjóðfélag okkar á lýðræðisgrundvelli, þar sem þegnarnir hafa frjálsræði til þess að velja og hafna, óþvingað af ríkisvaldinu eða nokkru öðru. Hér ríkir skoðanafrelsi fullkomið og athafnafrelsi. Ef það er að einhverju leyti heft, þá er það í þágu almennings og bætt þeim, sem fyrir tjóni verða af þeim aðgerðum. Prentfrelsi ríkir hér og trúarbragðafrelsi, og svo ríka áherzlu leggjum við á þessi atriði, að þau eru vernduð og löghelguð í gildandi stjskr. Væru hér uppi flokkar, sem vildu vinna gagnstætt þessu og ættu þrjá fulltrúa á Alþ., þá ættu þeir rétt á því að birta ritgerðir í þessu tímariti, og þeir mættu skrifa hvað sem þeim sýndist í þessu efni. Ef eitthvað af því kæmi í bág við landslög, þá ætti fulltrúi flokksins aðeins að svara til saka, en það mundi áreiðanlega ekki koma í veg fyrir það, ef þeim sýndist svo, að þeir gætu haldið kenningum sínum fram. Við vitum það, að í þessum einræðislöndum er eignarrétturinn upp hafinn. Hann er verndaður í stjskr. okkar, og hann er talinn mikilsverður, og á því byggjum við starf okkar. Þá hefur þjóðfélagið tekið að sér að vernda trúarbrögðin. Ríkið hefur tekið þjóðkirkjuna í vernd sína. Við vitum það, að út um heiminn er það svo, að það er ekki einungis, að þar ríki ekki trúarbragðafrelsi, heldur eru uppi stefnur um það að gerbreyta kristinni trú, og meira að segja er gengið svo langt í sumum þjóðlöndum, að því hefur verið haldið fram, að dauðlegir menn ættu jafnvel að koma í staðinn fyrir guð almáttugan. Það hefur verið ráðið til að dýrka þá, þeim ætti að trúa, þeir væru sendir af forsjóninni þjóðunum til handleiðslu og endurlausnar. Þessu hefur verið haldið fram, meira að segja, það hefur verið talið, að kristin trú hefði mjög skaðleg áhrif á mannkynið, menn yrðu ekki eins móttækilegir til þess að gera ýmisleg verk, sem þyrfti stundum á að halda, menn yrðu of veigrunarsamir og meyrlyndir og ekki líklegir til stórræða, ef eitthvað stórt væri að vinna. — Það er ekki einungis, að þetta brjóti í bág við gildandi l. og settar reglur hjá okkur, heldur brýtur það beinlínis ákvæði stjskr., ef slíkum kenningum er haldið á loft af ríkisvaldinu sjálfu. Fulltrúar þjóðarinnar hafa áreiðanlega þá skyldu, auk þess hvernig háttað er um kjör þeirra og framboð, þá hafa þeir skyldu til þess og hafa eiðfest það, að þeir ætli að vinna samkvæmt þessari stjskr. að þjóðmálum. Þeir hafa því skyldu til þess að gæta þess í athöfnum sínum á Alþ., að ekki sé farið að halda uppi kennisetningum og áróðri innan þjóðfélagsins um atriði, sem ganga gersamlega í bága við stjskr. ríkisins. Af því að ákvæði stjskr., þær gr. hennar, sem fjalla um kristna trú, eru svo fáorðar, þykir mér rétt að minnast á gildandi l. um þetta efni, en ég skal ekki fara langt út í það. Þar er sagt, að landsmenn eigi rétt á því að stofna félög til þess að þjóna guði eftir sannfæringu sinni. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp nokkur atriði, sem eru það mikilsverð, að það má vel minna á þau. Ég vil þá lesa fáein orð um þessi atriði, það eru l. frá 1736. Það er talað um uppfræðslu barna og ungmenna og segir á þessa leið:

„Engin börn mega confirmerast, sem eigi hafa áður gengið í skóla eða verið uppfrædd í þeim sérlegustu kristindómsins höfuðgreinum, en þar

engir opinberir skólar eru stiftaðir í söfnuðinum, þá skulu þau fyrst af djáknanum eða öðrum hæfum manni leiðast til að þekkja guð, áður en þau að síðustu verða af prestinum uppfrædd í skilningi fræðanna, yfirheyrð og confirmeruð.“ Við þá athöfn, að börnin voru „konfirmeruð“, þá ákallaði presturinn ásamt söfnuðinum guð í hjartnæmri bæn. Svo er hér í konungsbréfi vikið að þessu sama. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Allir prestar skulu eftir þeim 4 artic. confirmationsforordningunni, gæta þess nákvæmlega, og með allri vandlæting, sérhver í sínu kalli og embætti, að það, sem börnin, er eiga að confirmerast, svara til spurninga í þeirra kristindómsþekkingu, sé ekki einungis innifalið í minninu án skilnings og athuga, heldur skulu þeir eftir hljóðan þess sama artikula, kenna þeim þannig, að þau geti fengið eina lifandi þekking framkvæmi það, sem þau hafa lært, til nytsemda og kristindómsiðkunar í verkinu, þá guðs sannindi verða innprentuð hjá honum með alvörugefni, kynni að uppvekjast til að gefa sannleikanum rúm og að eftirfylgja honum í lifnaði og framferði, einnig að hann fái rétta umbreyting hjartans og hugskotsins.“

Ég hirði nú ekki að lesa fleira upp um þetta efni. Ég vil vænta þess, að hv. dm. sjái, að ákvæði stjskr. eru ekki sett út í loftið um þetta efni. Svo rík áherzla er lögð á þessi atriði, sem þjóðfélag okkar hefur tekið að sér að vernda, að það er sannarlega þess vert, að þm. hafi það í huga, að þetta byggist á ákvæðum stjskr. Við byggjum starf okkar á þeim grundvelli. Alþm. hafa skyldu til að gæta þess, að ekkert sé gert, sem rýrt getur gildi þessara ákvæða eða brotið í bág við þau.

Ég hef þá vikið að nokkrum atriðum, sem snerta þetta mál, og ég held, að málið sé þess eðlis, að það sé engan veginn víst, að neitt af því, sem vakir fyrir hv. flm., náist, síður en svo. Meira að segja það, sem líklegast er, er það, að árangurinn gæti orðið þann veg, að hann gengi í þveröfuga átt við það, sem vakti fyrir hv. flm.

Ég vil segja hv. flm. þessa frv. það, að ég tel, að þeim hafi missýnzt að flytja þetta mál. Ég er engan veginn að beina því til þeirra, að fyrir þeim hafi vakað nema gott eitt. Þetta eru mætir menn, sem áreiðanlega hvorugur vildi gera nokkuð til þess að koma hér af stað því, sem brýtur í bág við þær grundvallarreglur, sem þjóðfélag okkar byggir starfsemi sína á. En það gæti vel tekizt þannig til, og það er ekki hin minnsta trygging fyrir því, að ekki takizt þannig til, að þetta gengi alveg í öfuga átt við það, sem til er ætlazt af hv. flm. Fyrst þannig er ástatt um málið, þá á ekki að samþykkja það. Þess vegna er það till. okkar, minni hl., að þetta frv. verði fellt. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Ég tel, að ég hafi gert nokkra grein fyrir afstöðu okkar, minni hl., og hvers vegna við viljum ekki, að hv. þd. samþykki frv.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Frsm. minni hl. hefur nú haldið hér langa ræðu og komið víða við í sambandi við þetta mál. Væri ekki nema sanngjarnt, að ég viki að nokkru að þeim atriðum, sem hann talaði um, og skal ég víkja að þeim athugasemdum, sem hann hafði að gera við einstakar greinar þessa máls.

Honum þótti það athugavert, að í þessu fyrirhugaða riti ætti ekki aðrir flokkar að hafa leyfi til að birta ritgerðir en þeir, sem hafa 3 fulltrúa á þ. Ætlun okkar flm. er sú, að þetta rit verði til þess að rökræða stjórnmál meðal þeirra flokka, sem hafa fylgi í landinu, og við teljum að stjórnmálaflokkar eigi ekki verulegt fylgi, ef þeir geta ekki komið að þrem fulltrúum eins og nú er háttað. Hann var að tala um, að það gæti verið flokkar, sem ekki kæmu neinum fulltrúa að, og að þeir, sem ættu fæsta fulltrúa hefðu mesta þörf fyrir þetta rit. Ég held, að það sé viðurkennd regla, ekki einasta hér á landi, heldur úti um heim, að því fleiri sem stjórnmálaflokkarnir eru í einu landi, því minni líkur eru til, að lýðræðið fái að njóta sín, og einmitt með því að gera smáu flokkunum auðveldara að berjast fyrir skoðun sinni, eru meiri líkur til, að það verði meira um myndun nýrra flokka en nú er. Ég álít, að það eigi fremur að setja skorður við myndun nýrra stjórnmálaflokka, heldur en að gera þeim auðveldara fyrir með því að ýta undir það, að þeir komi skoðunum sínum á framfæri. Þessi athugasemd hv. frsm. minni hl. er því að mínu áliti lítils virði.

Þá talaði hann um í sambandi við 2. gr., að það gilti meira, hvaða efni ritgerðirnar hefðu að geyma, sem birtust í þessu riti, en hvað þær væru langar: Þetta er regla, sem á við um allar ritgerðir og allar ræður, hvar sem þær eru fluttar, en í þessu tilfelli, sem hér um ræðir, eru það stjórnmálaflokkarnir, hver í sínu lagi, sem bera ábyrgð hver á sinni ritgerð, og ef þeir nota meira rúm en þörf er á til að setja fram skoðun sína, kemur það þeim í koll, en sá, sem getur komið mestu efni í sem minnst mál, nýtur sín að öðru jöfnu betur í þeim rökræðum, sem hér um ræðir.

Þá er frsm. minni hl. að víkja að því, að athugavert sé, að ritn. sé skipuð einum manni frá hverjum stjórnmálaflokki, og sagði, að meiri hl. gæti þá komið í veg fyrir, að eitthvert mál væri tekið til umr. í ritinu, þótt minni hl. óskaði þess mjög fastlega. Það er svo, að samkvæmt þeim reglum, sem upp eru settar í þessu frv., er gert ráð fyrir, að algert jafnrétti ríki milli þeirra flokka, sem fá ritgerðir birtar í ritinu, sem kemur út 4 sinnum á ári, og að meiri hl. ritn. fari að bola einhverjum af þessum flokkum frá því að taka þátt í þeim rökræðum, sem hér um ræðir, þykir mér mjög ólíklegt. Hitt er svo annað mál, og ekki með öllu óhugsandi, að meiri hl. gæti ákveðið gegn vilja minni hl., að einhver deilumál yrðu tekin til umr. í ritinu, en önnur látin víkja, sem mætti telja að væru meira aðkallandi. Þetta atriði er til athugunar, og er ekkert því til fyrirstöðu, að það verði athugað, ef það gæti orðið til þess, að fyllra jafnrétti gilti í þessu efni, því að það er tilgangurinn. Þá var ræðumaður að tala um, að það væri lítil ábyrgð á hendur flokkunum, að því er snerti meiðyrði og annað, sem sagt væri. Út af fyrir sig held ég, að ekki sé hætt við þessu, en ef kröfur koma fram á hendur ritinu fyrir eitthvað, sem er illa sagt, virð-

ist mér eðlilegt að taka það svo, að hver sá flokkur, sem stendur að því, beri ábyrgð gagnvart ritinu, en ekki það í heild sinni. Ég held því, að þessi athugasemd sé lítils virði.

Hann var að tala um, að kjósendur væru fleiri en heimilisfeður í landinu, og væri mótsögn í því, að ekki ætti að senda ritið til fleiri en þeirra, sem hefðu yfir heimili að ráða. Það er vitanlegt, að á hverju heimili eru fleiri kjósendur en heimilisfaðirinn, en það er gert ráð fyrir því, með þetta rit eins og stjórnmálablöðin, sem send eru inn á heimilin, að allir heimilismenn hafi aðgang að því. Þessi athugasemd held ég því, að hafi ekki við nein rök að styðjast.

Þetta eru þær einstöku athugasemdir, sem frsm. minni hl. hafði að flytja um einstakar gr. frv., en hinar almennu athugasemdir, sem hann eyddi svo að segja öllum sínum ræðutíma í, eru náttúrlega miklu meira virði, og valda því, að hve miklu leyti menn geta hallazt að því, sem þar er flutt.

Eins og ég veik að við 1. umr., er tilgangur okkar flm. sá, að með þessu sé hægt að koma í veg fyrir, að stjórnmálabaráttan verði jafn siðlaus og áður og með því sé reynt að koma því til leiðar, að fólk fái sem réttastar upplýsingar um afstöðuna til þeirra höfuðdeilumála, sem uppi eru á hverjum tíma. Ræðumaður eyddi miklu af ræðutíma sínum í að ræða þá miklu hættu, sem stafaði af því, ef farið yrði að ræða trúarbrögð í þessu riti. Það er nú tekið fram í 1. gr. frv., að þetta á ekki að vera neitt trúmálarit, svo að hættan er ekki mikil, og þegar síðari ræðumaður var að halda sinn trúmálafyrirlestur áðan, var ég satt að segja ekki grunlaus um, að eitthvað væri laust í heila hans, sem ekki hefði verið laust áður, því að mér fannst hann vera að halda fyrirlestur um efni, sem kom málinu ekki neitt við, og átti engan veginn heima í sambandi við það. Hitt er svo annað atriði, sem hann veik að í sinni ræðu, að það gæti verið hættulegt að stofna til svona útgáfu, því að það gæti auðveldað glæframönnum að koma skoðunum sínum út meðal þjóðarinnar, og þarna kemur hv. þm. að atriði, sem vel ber að tala um og stendur í beinu sambandi við það, hvernig ber að haga stjórnmálabaráttunni á komandi tímum. Ég er ekki svo trúaður á það, að það sé eðlilegt eða hægt að koma í veg fyrir, að þessir flokkar geti flutt mál sitt meðal þjóðarinnar, en ég hef svo mikla trú á málstað þess flokks, sem ég fylgi, að ég vil heldur hafa tækifæri til þess að ræða þau mál, sem uppi eru á hverjum tíma, vitandi, að fólkið gæti fylgzt með því, heldur en að vita, að svo og svo mikið af óhróðri fari út meðal fólksins, án þess að honum verði nokkurn tíma svarað.

Frsm. minni hl. játaði afdráttarlaust, að ritháttur íslenzkra blaða væri þannig á síðari árum, að af því stafaði hætta fyrir stjórnarfar okkar. Það er ekkert undarlegt, þó að þm. játi þetta. Það er á almanna vitorði, en það er líka á allra vitorði, að margir sjá ekki nema einstök blöð, og það kemur mér sízt á óvart, þó að fulltrúum Framsfl. sé í nöp við rit, þar sem allir flokkar eiga að geta komið fram sínum röksemdum, því að mér vitanlega hefur enginn flokkur gengið eins langt eins og Framsfl. í því að reyna að útiloka blöð og rit annarra flokka en sín eigin, og þess vegna er eðlilegt, að menn úr þeim flokki vilji halda þeirri aðstöðu að geta haldið fjölda fólks frá því að sjá nokkur önnur pólitísk rit en þau, sem þeir gefa út. Ég skal ekki segja um, hvort það er nokkuð fleira, sem kemur til greina hjá ræðumanni, og skal ekki segja, að svo geti ekki farið, að ýmislegt verði ekki rétt, sem í þessu riti verður sagt, en sá er munurinn, að það eru möguleikar til þess fyrir hvern stjórnmálaflokk, sem hlut á að máli, að svara þannig, að hver kjósandi í landinu hafi tækifæri til þess að sjá málið flutt frá öllum þeim hliðum, sem baráttuaðilar standa að.

Síðasti ræðumaður sagði eitthvað á þá leið, að blöðin gerðu allt of lítið að því að birta leiðréttingar, þegar sannað væri, að þau færu með rangt mál, og hann telur, að bóta sé þörf á því sviði. Þarna tel ég, að frsm. minni hl. játi, að við erum að fara inn á línu, sem hann telur nauðsynlegt, að farið sé inn á, því að það er á engan hátt hægt að fá betra tækifæri til þess að koma að leiðréttingum heldur en með því, að hver einasti heimilisfaðir á landinu fái skýrslu um það, hvaða afstöðu hver stjórnmálaflokkur hefur til deilumálanna, og geti dæmt um það. Þá er ekki eins mikil hætta á blekkingum frá öðrum aðilanum.

Ég vil benda frsm. minni hl. á það, að hann er ekki í samræmi við sjálfan sig, þegar hann talar um, að það sé of lítið að miða við, að flokkur eigi 3 fulltrúa á þingi, en að hinu leytinu er hann hræddur um, að flokkar fengju tækifæri til þess að birta skoðanir sínar í þessu riti. Það sjá allir, að hér er um mótsögn að ræða, því að öruggasta tryggingin fyrir því, að vandræðamenn í pólitískum efnum fái ekki komið skoðunum sínum að í ritinu, er sú, að svo sé um búið, að flokkarnir verði að hafa ákveðið fylgi til þess að verða þátttakendur.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að taka fram varðandi þau atriði, sem frsm. minni hl. hefur hér flutt. Mér virðist allar þær röksemdir, sem hann flutti vera þess eðlis, að þær komi málinu ekki við eða þær voru byggðar á misskilningi á þeim hugmyndum og tilgangi, sem fyrir flm. þessa frv. vakir til úrbóta á því slæma ástandi, sem hefur ríkt í þessu efni meðal íslenzku þjóðarinnar á undanförnum árum.

Pétur Ottesen: Það getur nú náttúrlega vel farið svo fyrir mér eins og frsm. minni hl. að dómi fyrsta flm. þessa frv., að ég geti heldur ekki með neinum rökum mælt neitt á móti því, sem í þessu frv. stendur, hvorki hvað snertir efni þess eða form, því að það er helzt á flm. að skilja, að eiginlega væri ekki hægt að segja neitt til að andmæla þessu frv., a. m. k. ekki að hans dómi. Frsm. minni hl. hefur reifað þetta mál, að því er mér virðist, mjög ýtarlega, og gerði grein fyrir því, hvernig það kemur honum fyrir sjónir. Mér virðist, að frv. það, sem hér liggur fyrir, hafi ákaflega litlar líkur til að ná tilgangi, sem flm. þess ætlast til, að það geti náð, sem mér skilst vera að koma á framfæri

betur en nú er mismunandi stjórnmálaskoðunum eða mismunandi afstöðu til deilumála, bæði á Alþ., í blöðum og tímaritum og á mannamótum, og greiða götu almennings til skilnings á þessu, og svo hitt, að þetta eigi að vera til stórra úrbóta frá því, sem nú er í þessum efnum, og það er alveg rétt og verður að viðurkennast alveg fullkomlega, að því er snertir málflutning og ekki síst í blöðum og tímaritum, að honum er mjög áfátt, og mælir því enginn gegn, en að þetta frv., sem hér liggur fyrir geti orðið til þess að bæta úr því, það get ég engan veginn skilið. Hér er gefið út mikið af pólitískum blöðum og tímaritum, og það heldur vitanlega áfram þrátt fyrir þetta tímarit, eins og verið hefur. Svo er annað það, að hvað þetta tímarit snertir, eru nokkrar líkur til, að hið sama verði uppi á teningnum, þegar flokkarnir fara að velja menn bæði í ritnefnd og til þess að skrifa greinar í það. Ætli þeir mundu ekki velja sína sterkustu áróðursmenn, eins og þeir velja þá nú til að standa fyrir blaðaskrifum og tímaritaskrifum, sem er háttur allra flokka? Ég sé ekki, að útgáfa þessa tímarits stefni að öðru en að bæta við og auka í þessu efni pólitískan reipdrátt, pólitísk slagsmál og pólitískt rifrildi í landinu, og það er gert ráð fyrir því beinlínis, að í þessu riti á ekki að ræða neitt nema deilumál milli flokkanna. Nú er það vitað, að þrátt fyrir togstreytu flokkanna er margt, sem betur fer, sem þeir geta sameinast um og stefnir til umbóta í þessu landi, en mér skilst, að allar umræður um það eigi að vera útilokaðar í þessu tímariti, því að það er skýrt tekið fram, að hér á eingöngu að ræða um það, sem er deilt um og er ágreiningur um milli flokkanna, svo að ég sé ekki annað en að með þessu tímariti sé eingöngu stefnt inn á rifrildisbrautina. Ég álít nú, að það sé nóg af rifrildi í landi okkar og ekki beinlínis ástæða til að auka málflutninginn á þeim grundvelli. Við höfum áreiðanlega haft nóg af slíkum málflutningi, þótt ekki hafi verið sett nein opinber ákvæði til þess að stofna til og undirbúa rifrildi í landinu, eins og beinlínis er gert með ákvæðum þessa frv., ef það verður samþykkt í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir.

Frsm. meiri hl. fór inn á ýmis ákvæði í þessu frv., sem segja má, að séu beinlínis furðuleg. Að því leyti, sem tilgangur þessa frv. er sá að *koma á framfæri við fólkið mismunandi* viðhorfum stjórnmálaflokka til landsmála, er byrjað á því strax í 2. gr. að útiloka þar stjórnmálaskoðanir þess flokks eða þeirra flokka, sem ekki eru lengra komnir í því að byggja upp sína stefnu í landinu en það, að þeir séu búnir að koma því þannig fyrir, að þeir eigi 3 fulltrúa á Alþ. Við þurfum ekki að fara langt aftur í að rekja sögu stjórnmálaflokkanna til þess að sjá, hvernig þeir hefðu verið staddir, ef þetta *rit hefði* verið til fyrir 20—30 árum. Þá átti Alþýðuflokkurinn lengi einn fulltrúa á Alþingi. Hann hefði ekki mátt koma einni línu inn í þetta rit. Sósialistaflokkurinn var lengi ekki liðsterkur á þ., og ég vil sérstaklega benda hv. þm. A.-Húnv. á það, af því að ég veit, að hann vill mjög eindregið hlúa að öllum þeim málflutningi, sem getur orðið til hagsbóta í dreifbýli þessa lands og í sveitunum, að t. d. Bændaflokkurinn hefði ekki getað komizt að með einn einasta staf. Hann átti lengi 3 fulltrúa á þingi, en síðan ekki nema 2, og þegar svo var komið, hefði átt að útiloka hann frá að birta ritgerðir í þessu riti, en vitanlega ætti hann sömu áhugamálin fyrir því, þó að hann misti einn fulltrúa. Það er mikið talað um það hér í þessu frv. að jafna upp á milli stjórnmálaflokkanna og það er farið svo nákvæmlega í það, að það á ekki einasta að telja orðin, það á að telja stafina, til þess að ekkert hallist á að því er lengd ritgerðanna snertir. Það er ekki hægt að setja nein ákvæði um það beinlínis í lagaformi, hve kjarnyrtar greinarnar megi vera. Það fer eftir rithæfni þess manns og hæfileikum, sem á að standa fyrir skrifum þessum af hálfu hvers flokks, en mér skilst þó, ef ekkert á að gera upp milli flokkanna, gæti þó út af borið. Það er einmitt gert ráð fyrir, að birtar verði greinar eftir aðra aðila. Það er nú æðsti valdsmaður landsins. Við skulum ekki gera ráð fyrir, að hann skrifi út frá pólitísku sjónarmiði. Það á einnig að birta ávörp, sem ráðherrar flytja. Það eru engar takmarkanir á því, hve oft þeir flytji ávörp. Það fer alveg eftir því, hvað oft þeir vilja komast að í útvarpi og víðar til þess að tala við þjóðina. Nú getur vel komið til, — og það er eðlilegt —, að skipulag flokkaskiptingarinnar verði þannig, að til verði raunverulegur meiri hl. Við skulum segja, að svo stæði á. Ætli það gæti ekki farið að hallast á í þessu riti, miðað við stærð þess, um málflutninginn, eins og hann kæmi fyrir þjóðina, þegar eins og 3—4—5 ráðh. gætu tekið svo og svo mikið af rúmi þess til þess að koma á framfæri við þjóðina rökstuðningi fyrir þeim stefnumálum, sem þeir berðust fyrir og auðvitað í samræmi við stefnu þess flokks, sem ræður meiri hl. á Alþ. og skipar menn í stj. Ég held, að þetta sé ekki nægilega athugað í sambandi við þessa gullvog, sem á að vega það, að ekkert hallist á um aðstöðu stjórnmálaflokkanna í landinu, sem eiga aðgang að þessu tímariti. Það er tekið skýrt fram, að aðrir stjórnmálaflokkar en þeir, sem eiga 3 fulltrúa á Alþ., geti ekki átt þess nokkurn kost að koma greinum í þetta rit, en svo ég haldi mér við 2. gr. frv. og fari ekki út fyrir hana, þá er í henni stofnað til þess, að það jafnvægi, sem þar er gert ráð fyrir, geti raskazt, því að þar er ákveðið, að það sé ritn., sem skipuð er einum manni úr hverjum stjórnmálaflokki, og hún á að dæma um það, hvort ritgerðirnar séu birtingarhæfar. Nú skulum við hugsa okkur, að meiri hl. ritn. gæti komið sér saman um það, að sá stjórnmálaflokkur, sem hefði sérstöðu í einhverju, skyldi ekki fá tækifæri til þess að koma sínu máli á framfæri, þá gæti meiri hl. sagt, að ritgerðin væri ekki birtingarhæf, og þar með er honum opnuð leið til þess að útiloka að meira eða minna leyti þátttöku þess flokks í deilum í tímaritinu. Ég vil benda á þetta og verð að telja það mikið missmíði á frv., þegar verið er að tala um, að ekki eigi að halla á stjórnmálaflokkana um málflutning í þessu tímariti.

Mér skildist, að 1. flm. þessa frv. vildi gera lítið úr því, sem frsm. minni hl. sagði um það, að ef til vill gætu trúmál eða greinar um trúmál komizt inn í þetta tímarit. Hv. 1. flm. þessa frv., þm. A.-Húnv., áleit þetta hreinustu fjarstæðu, því að enginn stjórnmálaflokkanna hefði neitt á stefnuskrá sinni um þau mál. Hér er verið að búa til löggjöf, sem vitanlega tekur ekki einungis til yfirstandandi tíma. Það veit enginn, hvað fyrir kann að koma í þessu efni, þó svo að það standi hér í 1. gr., að tilefnið til þess, að þetta tímarit er gefið út, sé meðferð mála á Alþ., þá veit ég ekki, hver á að útiloka, að trúmáladeilur komi upp á Alþingi. Þess vegna er það ekki nein fjarstæða, sem frsm. minni hl. sagði, að forðast yrði að deila um trúmál. Það er ekkert, sem útilokar það, að þessar deilur geti komið upp og það eru allar dyr opnar til þess, að svo megi verða.

1. flm. þessa frv., hv. þm. A.-Húnv., færði það fram, að því er mér virtist sem ástæðu með því, að útilokaðir væru menn frá minni flokkunum frá því að koma sínum málum á framfæri, að það væri svo ákaflega hættulegt, að margir flokkar yrðu í landinu, og þess vegna væri ekki ástæða til að ýta undir það, með því að litlir flokkar kæmu að málum sínum í þessu efni. Við getum náttúrlega verið sammála um það, að ekki sé heppilegt, að margir flokkar starfi á hverjum tíma. Vitanlega leiðir af því glundroði og því meiri, sem meira ber á milli hjá flokkunum, og erfiðleika um samkomulag vegna þess, að efnin eru misskipt í þjóðfélaginu. En hitt er athugandi, hvort þetta er leiðin til þess að koma í veg fyrir, að margir flokkar rísi upp í landinu. Mér skilst, að aðaltilgangurinn, sem þetta frv. byggist á, sé að þroska dómgreind hjá almenningi í landinu. Því að hvaða hagur gæti verið í því að koma á framfæri mismunandi skoðunum, ef það væri ekki til þess, að dómgreind sú, sem er hjá almenningi, fái notið sín. Úr því að hv. 1. flm. byggir á dómgreind manna í landinu, hvers vegna á dómgreindin ekki að geta notið sín gagnvart skoðunum litlu flokkanna eins og stóru flokkanna? Hitt getur svo verið mjög tvíeggjað gagnvart flokkaskiptingunni og afstöðunni til flokkaskipunarinnar, ef verið er að setja ákvæði inn í löggjöfina, sem fela það í sér, hverja skoðun einstakir menn kunna að hafa á dómgreind almennings í landinu. Ég held, að það séu nokkuð skiptar skoðanir um það, hvort útiloka eigi litlu flokkana frá því að komast að í slíku tímariti, og hvort það eigi nokkurn þátt í því að útiloka það, að margir stjórnmálaflokkar rísi upp í landinu. Mér skilst, að það geti brugðið til beggja vona, ef það er tilgangurinn, eins og það virðist vera hjá 1. flm. frv., hv. þm. A.-Húnv.

Það er enn fremur talað um það hér í 2. gr., svo að ég víki enn að henni, að öllum hliðstæðum stjórnmálaflokkum í landinu sé gefinn kostur þess að fá í sama hefti birtar ritgerðir. Það á að skapa þeim öllum sömu aðstöðu í þessu tímariti. Ég veit ekki, hve mikið 1. flm. leggur í hliðstæða stjórnmálaflokka. Það má leggja í það ýmsa mismunandi merkingu, því að það er náttúrlega vitað, að skoðanir þessara flokka eru ekki hliðstæðar, því að þar ber margt á milli. Ég bendi aðeins á þetta í samræmi við þá gagnrýni, sem ég hef komið hér fram með í sambandi við þetta frv. Ég held þess vegna, ef menn vildu gera ráðstafanir, sem einhvers mætti vænta af til þess að ráða bót á því, sem áfátt er í málflutningi stjórnmálaflokkanna í baráttu þeirra í blöðum og tímaritum, sérstaklega í blöðum, sem mjög mikið er gefið út af, þá sé miklu nær að gefa ekki út nein flokksblöð, heldur flyttu þá flokkarnir í einu og sama blaðinu fram skoðanir sínar. Það er vitanlega allt annað að vera með slíkri breyt. en að fara að bæta við, eins og málflutningurinn er í flokksblöðunum.

Svo er nú gert ráð fyrir, að það eigi að fara að setja upp sérstakt póstflutningakerfi í viðbót við það, sem fyrir er, til þess að koma þessu tímariti á framfæri við almenning. Það er gert ráð fyrir, að það fari eftir þeim leiðum, sem aðrar póstsendingar fara nú í í landinu á næstu höfn eða póstbílaafgreiðslu, en svo eigi bæjarstjórnir og hreppsnefndir að taka við þar og koma svo þessu riti, að því er mér skilst áleiðis. Þetta er nú náttúrlega ákaflega óheppilegt fyrirkomulag, og mjög vafasamt raunverulega, hvort það dregur nokkuð úr kostnaðinum við útsendingu ritsins, þó að kostnaðinum sé skipt niður á fleiri aðila. Ég held, að það sé kostnaðarminnst að láta það fara áfram eftir sömu leiðum alveg til enda, eins og aðrar póstsendingar fara nú, og vera ekkert að blanda hreppsn. inn í þetta. Ég held, ef nauðsynlegt þætti að létta undir með ríkissjóði með þetta, að heppilegra væri að leggja á nýja skatta til þess.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir, svo að ég drepi lítið eitt á framkvæmdaratriði að því er þetta snertir, að verzlunarfyrirtæki, sem rekin kunna að vera af ríkinu, birti auglýsingar í þessu tímariti, og er þá gert ráð fyrir, að þau birti ekki annars staðar auglýsingar sínar. Nú má segja, að það sé kannske ekki ástæða til fyrir verzlanir, sem ríkið rekur, að vera að auglýsa neitt að því leyti, sem þær hafa einkasölu á vörum, sem þær selja, en að því leyti, sem ríkið kann að reka fyrirtæki í samkeppni við önnur fyrirtæki í landinu, er þetta léleg auglýsingaaðferð að koma auglýsingum í tímarit, sem kemur út 4 sinnum á ári.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv., en held, að eins og háttað er hér hjá okkur sé ekki hyggilegt að fara að samþykkja lög, sem hafa þann tilgang einan að ræða um deilumál, sem hljóta að verða rifrildismál, og að fara að gefa út tímarit til þess að hella olíu í hinn sílogandi ófriðareld stjórnmálaflokkanna, það held ég, að sé ekki æskilegt. Þess vegna væri vafalaust langréttast að láta þetta frv. hvíla sig, en snúa sér þá heldur að öðrum óleystum vandamálum, sem fyrir liggja, og beita orku og getu til þess hér á Alþ. og annars staðar, að þar fáist bót á ráðin. Ég held, að það sé undir öllum kringumstæðum miklu hyggilegra og vænlegra til árangurs.

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Nd., 5. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Emil Jónsson: Herra forseti. — Af því að ég hef gerzt meðflm. þessa frv., ætla ég að segja nokkur orð, einkum vegna aths., sem komu frá hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn.

Það, sem vakti fyrir okkur flm. þessa frv., var það, að með þessu yrði nokkur bót ráðin á máli, sem ætla má, að sé þeirrar tilraunar verð, sem farið er fram á hér.

Hér er ætlazt til þess, að þeim, sem ráða málum þjóðarinnar, gefist kostur á að ræða málin frá fleiri hliðum en þeir nú eiga völ á. Sú aukna þekking, sem þeir þannig geta fengið, gerir þá að sjálfsögðu hæfari til þess að taka ákvarðanir, sem þeir eiga að taka, og þar með væri fengin betri undirstaða undir stjórnskipulag okkar heldur en nú er. Nú vildi hv. frsm. minni hl. að vísu snúa þessu alveg við á alla lund, og taldi hann, að útkoman af þessu gæti orðið þveröfug við það, sem ætlazt væri til, og er það illa farið, því að það hafði ekki verið okkar meining, að svo mundi fara. Hann taldi fram nokkur atriði, sem hann taldi, að mundu geta valdið því, að þetta gæti allt snúizt upp í villu, og nefndi sérstaklega til þrjú atriði. Í fyrsta lagi, að meiri hl. ritn. gæti verið hlutdrægur. Í öðru lagi, að flokkar, sem ekki ættu fulltrúa á þingi, gætu þarna ekki notið sín. Og í þriðja lagi, að ritháttur þeirra, sem í þetta rit mundu skrifa, mundi verða svipaður því, sem áður hefði verið, þó að til þessa rits væri stofnað. Hv. þm. Borgf. bætti svo við, að með þessu mundi verða aukið á það rifrildi, sem nóg væri af nú þegar um landsmálin, og þess vegna væri ekki vert að fara út í þetta. Þessi atriði eru að mínu viti ekki mjög veigamikil. Ég hafði gert mér það ljóst, þegar við fluttum frv., að sjálfsagt mætti eitthvað að því finna og ýmislegt í því mætti færa til betri vegar. En hjá þessum andmælendum málsins kom það ekki fram, að þeir vildu breyta frv., heldur töldu þeir möguleikann á því, að málið mundi í framkvæmdinni snúast í höndunum á þeim, sem við það ættu, svo mikla, að þeir vildu ekkert við málið eiga. Með sömu rökum mætti að sjálfsögðu vísa mörgum góðum málum frá. Það má segja það um mörg mál, að þau geti snúizt í höndunum á mönnum, og það beztu mál, sem þessir hv. þm. hafa barizt fyrir. Og svo að maður taki nærtækt mál, rafmagnsmálið, sem hv. 1. þm. Árn. hefur beitt sér fyrir nú undanfarið, þar sem hann og fleiri hafa talið nauðsyn á að koma rafmagninu sem víðast út um byggðir landsins, þá getur rafmagnið orðið hættulegt. Menn geta til dæmis drepið sig á því að snerta háspennulínu. En skyldi það nokkurn tíma verða talin nóg ástæða til þess að hindra útbreiðslu þessa handhæga orkugjafa, að af því geti orðið slys að misnota það? Ég held ekki. Það má halda svo illa á mörgum góðum málum, að þau fari á annan veg heldur en til er stofnað. En mér finnst það ekki nægilegt til þess að beita sér á móti málunum þess vegna. Þó að það sé möguleiki til þess, mér skilst aðallega fræðilegur möguleiki, að ritnefnd gæti beitt valdi sínu hlutdrægt, skilst mér, að til þess þyrfti alls ekki að koma. Ýmsar n. hafa starfað ágætlega í svipuðum málum og ekki farið út á þá braut, sem hér er getið til, að farið mundi út á í þessum efnum. Að ritháttur yrði svipaður á þessu tímariti eins og í blöðum, tel ég mjög ólíklegt, því að blöðin skáka mjög í því skjóli, að af lesendum þeirra séu málin í mörgum tilfellum ekki skoðuð nema frá einni hlið. Hv. frsm. minni hl. viðurkenndi, að blöðin hölluðu réttu máli. En þetta mundi breytast, ef í sama blaði kæmu rök frá öllum hliðum, en ekki einhliða. Þessi óviðeigandi ritháttur viðgengst í blöðunum nú fyrst og fremst af því, að ritstjórarnir treysta því, að þau séu ekki lesin nema frá einni hlið. Þess vegna held ég, að með þessu móti að gefa slíkt tímarit út, sem hér er gerð till. um, mættu nást endurbætur á þessu sviði einnig, af því að það er ekki hægt að leyfa sér að bera á borð a. m. k. opinber ósannindi, sem hægt er að hrekja á næstu blaðsíðu.

Þá kem ég að því atriði í þessu máli, sem af hv. frsm. minni hl. var talin einna veigamesta röksemdin gegn þessu máli. Hún var sú, að til þess að komast í þetta rit með ritgerðir til flutnings, þyrfti viðkomandi flokkur að eiga a. m. k. þrjá fulltrúa á Alþ. Þetta ákvæði getur náttúrlega orkað tvímælis. Mér er ekki alveg ljóst, hvar takmörkin ættu að vera í þessu efni, hvort þarna ætti að tiltaka, að flokkarnir þyrftu til þess að eiga einn fulltrúa á Alþ. eða þrjá til fjóra. Það getur alveg verið álitamál, hvar mörkin eiga í þessu efni að vera sett. Og mér dettur ekki í hug, að þetta, sem stungið er upp á í frv., sé eina mögulega lausnin á þessu. En það, sem fyrir okkur vakti með því að setja mörkin þarna, var, að með núverandi flokkaskipun á Alþ. mundu allir aðal-stjórnmálaflokkar þjóðarinnar ná því að fá rúm fyrir greinar í ritinu, til þess að geta skýrt málin frá sínum sjónarmiðum þar. Ef það sýndi sig, að nauðsyn væri á því að gera á þessu ákvæði breyt., þá mætti ræða það. En tala þessara fulltrúa sem skilyrði fyrir að koma greinum í tímaritið er ekkert aðalatriði fyrir okkur, og stendur e. t. v. til bóta. En það ber ekki svo sérlega mikið á því hjá okkur, að nýir flokkar komi fram, að við álítum, að það þyrfti í þessu efni að gera sérstakar ráðstafanir. Og frambjóðendur til alþingiskosninga eru fyrst og fremst frá þeim fjórum flokkum, sem nú eiga fulltrúa á Alþ. En ef hægt er að leiða rök að því, að eðlilegra væri að breyta þessu, dettur mér síst í hug að vera á móti því að ræða till., sem um það kynni að koma fram.

Mér finnst þess vegna, að öll þessi atriði, sem hv. frsm. minni hl. allshn. nefndi, og enda hv. þm. Borgf. líka, séu frekar tilraunir til aðfinnslna heldur en að þau hafi beinlínis við rök að styðjast. Og það, sem hér hefur verið sagt til andmæla þessu frv., haggar ekki hugmynd minni um það, að það sé vert að gera þessa tilraun. En þessi tilraun hefur reyndar einu sinni verið gerð áður, að vísu á nokkuð annan hátt. Hún var gerð þannig, að eitt af elztu tímaritum okkar efndi fyrir 20 árum til rökræðna um landsmál á þann hátt, að það lét koma fram frá öllum aðalflokkum í stjórnmálum í landinu ritgerðir um stefnur flokkanna. Öllum aðalflokkunum var þar ætlað rúm til þess að skýra stefnu sína og lýsa henni frá sínum sjónarhóli. Og þetta gafst vel. Og ég veit ekki til þess, að neinir af

þeim annmörkum, sem hv. frsm. minni hl. allshn. taldi geta orðið á þessu, hafi þar komið fram. Auk þess sagði ritstjóri þess tímarits, að þetta væri gert sem tilraun eftir erlendum fyrirmyndum, sem hann vissi beztar annars staðar, þannig að ekki líta allar þjóðir þannig á, að þetta fyrirkomulag sé óhægt. Stjórnmálaflokkarnir sendu þá sína beztu menn fram á ritvöllinn, sem skýrðu stefnu flokka sinna. Og ég veit ekki betur en að þessu hafi verið tekið með þökkum af þjóðinni. Þessar greinar voru ritaðar ofstækislaust og illindalaust og með rökum og festu, en ekki með ósannindum eða falsrökum, — það var langt frá. Og heyrði ég þá, sem ræddu um þessa tilraun þá, geta þess, að þessi tilraun hefði tekizt eftir atvikum mjög vel. Að vísu var þessu ekki haldið áfram, sem kann að vera heldur ekki von, vegna þess að þetta tímarit var einkaeign, sem miðaði efnisval sitt við það, hvað eigendum þess þótti bezt henta á hverjum tíma til útbreiðslu þess. Og það er kannske ekki sérstaklega vænlegt til þess að fólk vilji gerast kaupendur að riti, að pólitískar ritgerðir komi í því mjög oft.

Um kostnaðinn við útgáfu slíks rits sem þessa, er frv. er um, hefur ekki mikið verið rætt. Ég hef aflað mér nokkurra upplýsinga um það, hvað kostnaðurinn við þessa útgáfu mundi verða mikill. Og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá ríkisprentsmiðjunni Gutenberg, tel ég hann tiltölulega mjög lítinn, og ætla, að sú hlið málsins þurfi ekki að verða málinu neitt til fyrirstöðu.

En ég hef nú svo verið að velta því fyrir mér, hvað eiginlega getur valdið því, að hv. frsm. minni hl. telur þetta mál svo vaxið, að það eigi ekki að samþykkjast og ekki að gera þessa tilraun. Og ég gat ekki fundið út úr ræðu hans nema eina ástæðu, sem ég býst við, að frá hans sjónarhól sé einhvers virði. Og það býst ég við, að sé þungamiðjan í ástæðum hans til þess að beita sér gegn því, að málið nái fram að ganga. En þessi ástæða er sú, að þetta mundi greiða götu öfgaflokkanna um landið. Ég býst við því, að hann óttist það, að þeir, sem nú hafa ekki aðstöðu til þess að koma málum sínum út til allra landsmanna og kynna þeim stefnu sína, muni þarna á of auðveldan hátt fá leyfi til að hnekkja því, sem ekki kynni að vera kannske alveg rétt frá skýrt í blöðum, sem fólkið út um landið nú les. Ég býst við, að þetta sé sú ástæða, sem sé kannske veigamesta ástæðan fyrir andstöðu hv. frsm. minni hl. allshn. gegn málinu. En ég held, að þessir flokkar séu ekki það hættulegir, að hag þjóðarinnar sé stefnt í voða, þótt þeir fái a. m. k. að skýra landsfólkinu frá því, hvað þeir vilja. Og ég gat ekki fundið, þrátt fyrir upplestur hv. frsm. minni hl. n., að kristilegum undirbúningi undir fermingu barna væri stefnt í neinn voða, þó að þessi tilraun væri gerð. Annars skildi ég satt að segja ekki, hvert hv. frsm. minni hl. stefndi í þeim kafla ræðu sinnar, og get ég ekki farið að ræða það mál við hann, þar sem mig brestur algerlega skilning á því, hvað hann meinti með því. En ég tel ekki, að þeim kristilega undirbúningi undir fermingu barna sé stefnt í hættu, þótt það sé gert, sem í frv. er farið fram á.

Mér finnst, af því, sem ég hef sagt, hér vera fyrst og fremst um tylliástæður að ræða hjá hv. frsm. minni hl. allshn. gegn þessu máli heldur en raunverulegar ástæður.

Út af ræðu hv. þm. Borgf. skal ég aðeins segja það, að það, sem hann taldi höfuðrök á móti málinu, að það mundi auka rifrildi í landinu, og væri nú nóg komið af því, þau rök finnast mér léttvæg. Málefnislegar umr. frá öllum hliðum teknar ættu að vera frekar til aukinnar þekkingar á málum heldur en að þær komi beint undir það, sem ég kalla rifrildi. Ég held því, að það þurfi ekki að valda neinum ótta hjá hv. þm., að rifrildið í landinu mundi aukast með útkomu slíks rits sem þessa.

Þá kom hv. þm. Borgf. að því, að ávarp ráðh. gæti verið nokkuð pólitískt. En ég vænti, að ráðh. og ríkisstjóri hafi stillt ávörpum sínum svo í hóf, að það þurfi ekki að verða þjóðinni til neins vansa.

Þá minntist sami hv. þm. einnig á auglýsingar o. fl., og taldi það lélega auglýsingaaðferð að auglýsa í þessu tímariti. En ég tel þetta hið bezta auglýsingablað, þar sem það á að fara inn á hvert heimili, svo að betri staður verður ekki fundinn fyrir auglýsingar. En ég geri ráð fyrir, að þessum fyrirtækjum ríkisins verði ekki bannað auglýsa annars staðar, ef þau vilja.

Ég vil endurtaka það, að mér finnst ekki, að í umr. hafi komið neitt fram, sem hnekki því, að vert sé að gera þessa tilraun, heldur þvert á móti.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Ég get ekki látið hjá líða að segja örfá orð, þó að ég hafi því miður ekki getað hlustað á allar þær umr., sem fram hafa farið um málið.

Mér skilst, að tilgangur þessa frv. sé helzt sá, ef nokkur er, að hv. þm. finni til þess, að misjöfn sé aðstaða manna til þess að láta skoðanir sínar í ljós eftir því, hvar þeir eru staddir í flokki eða eftir skoðunum í landsmálum, og þess vegna sé rétt að jafna þessa aðstöðu til áhrifa í landsmálum gegnum hið ritaða mál. Það má vera, að nokkuð sé rétt í þessu. Því að fjársterkustu flokkarnir hafa bezta aðstöðu til þess að gefa út blöð og tímarit. En vitanlega mun tímarit, sem kemur út fjórum sinnum á ári, ekkert geta bætt úr þessu misræmi. Því að af allri útgáfustarfsemi í landinu er langhægast að gefa út tímarit. Og enginn flokkur í landinu mun vera svo, að hann sé ekki megnugur þess að halda úti tímariti, sem kemur út fjórum sinnum á ári. Og ef það er tilgangurinn að jafna áhrifaaðstöðu flokkanna, þá er heldur ekkert vit í öðru, ef á að stíga það spor til fulls, en að ríkið taki að sér útgáfu dagblaðanna. Því að blöðin bera mest af lýgi til kjósenda daglega, og það er dropinn, sem holar steininn, blöðin, sem daglega koma út. Og ef daglega er haldið fram lýginni og rangfærslunum, þá er þessi tilraun, sem hér er talað um, gersamlega gagnslaus. Ef þess vegna ætti að snúa inn á þá leið, sem ég fyrir mitt leyti gæti ímyndað mér, að ætti að taka til athugunar, að ríkið hefði yfirleitt útgáfustarfsemi blaða með höndum, þá verður að byrja á því að jafna þessa

aðstöðu þar, sem sumir hafa þá aðstöðu að geta gefið út sín privat blöð til þess að hafa áhrif á fjöldann. Og meðan aðstaðan er svo misjöfn til blaðaútgáfu í landinu eins og raun er á, þá er gagnslaust, þótt eitt lítið tímarit sé gefið út, sem eigi að hafa einhver áhrif í þessu efni. Það mundi hverfa eins og dropi í hafið, að ég hygg, í samanburði við allan þann áróður, sem fram fer gegnum hið prentaða mál hér á landi. Ef á að koma því fram, sem virðist vera tilgangur þessa frv., að draga úr því misrétti, sem nú er um það að koma fram skoðunum í stjórnmálum, þá virðist auðsætt, að byrja verður á þeim endanum, þar sem misréttisins gætir mest, vegna þess ef það er ekki gert, þá er sýnt, að þetta er ekki annað en aðeins látalæti, sem hér er á ferð, og mundi ekki hafa hina minnstu þýðingu í þá átt, sem hv. flm. vilja vera láta. Og með útgáfu slíks rits sem þessa mundi verða létt mest undir með þeim mönnum, sem geta beitt peningavaldi sínu til daglegrar blaðaútgáfu, með því að með þessu yrði þeim gefið nýtt tímarit í viðbót, sem hinir flokkarnir kosta til jafns við þá. Því að þeir, sem hafa blaðakostinn mestan, geta áréttað jafnt og þétt það, sem þeir hafa gefið út í þessu tímariti, hvort sem það er satt eða logið. Því að hverjum dettur í hug, að í slíku tímariti muni alltaf verða vandaður ritháttur? Og það væri möguleiki fyrir þessa efnaðri menn, sem sterkasta hafa aðstöðuna til þess að reka áróður í hinu prentaða máli, til þess að bæta enn aðstöðu sína að því leyti að ná til fólksins með áróður sinn. Það yrði langmestur gróði fyrir þá að fá slíkt tímarit, til þess svo að geta á eftir hamrað á því, kannske í tugum dagblaða, sem þeir hafa birt í þessu tímariti, sem aðrir, sem standa að þessu tímariti, hafa e. t. v. enga aðstöðu til að gera.

Ef það ætti að athuga þetta frv. og fara eftir stefnu þess, þá ætti vitanlega að byrja á þeim rétta enda í þessu efni, þ. e. að ríkið tæki að sér útkomu dagblaðanna og ræki þau á þessum grundvelli, sem í frv. er stungið upp á. Og síðan gæti komið til athugunar, hvort eðlilegt væri og skynsamlegt að halda áfram á svipaðri leið. Fyrst ætti að taka öll blöð í hendur ríkisins. Þá yrðu þau blöð að hætta, sem eru stærst. Þá yrði að láta allar stefnur og flokkssjónarmið fá jafnrétti. Og ef samþ. verður eitthvað af þessu frv. við þessa umr., mun ég bera fram brtt. við 3. umr. málsins í þessa átt, að þetta komist inn á þá braut, sem vitandi eða óvitandi virðist vaka fyrir hv. flm. með þessu frv.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Ég vil nú ekki gera mikið til þess að lengja þessar umr. Ég tel, að þess gerist ekki þörf. Hv. þm. Hafnf., sem er flm. að þessu frv., virtist hafa trú á því, að það gæti orðið að einhverju gagni að framkvæma það, sem frv. fer fram á, eins og hv. 1. flm. (JPálm) virðist líka halda. En ég verð að segja það, eftir því á hvaða grundvelli þetta er byggt, þá er það mikil oftrú. Það kom fram í ræðum hv. flm. beggja, að það var eins og þeir gerðu ráð fyrir því, að það yrði einhver hugarfarsbreyting hjá þeim, sem skrifuðu í blöð, bara ef út kæmi þetta tímarit, þó að það komi ekki út oftar á ári en gert er hér ráð fyrir, en á þó að vera framhald af umr. um mál, sem í blöðum hefur verið rifizt um. Ég get trúað, ef mönnum hefur ekki komið saman um málin í blöðum og á fundum, þá yrðu það hjáleitar röksemdir, sem birtust í þessu tímariti. Svo náttúrlega halda umr. um málin áfram utan við þetta tímarit í fullum krafti og hindrunarlaust. Og þá þarf ekki að efast um, hverjir hafi bezta aðstöðuna í þeim umr. Það eru þeir fjársterkustu menn, eða eins og ég sagði í fyrri ræðu minni þeir, sem ekkert þurfa að spara.

Ég ætla aðeins að víkja að því, sem hv. 1. flm. sagði. Hann tilnefndi eitt dæmi, málflutning hjá einum flokki, sem hann taldi, að þyrfti að koma leiðréttingu á. Sízt af öllu held ég, að þetta hefði átt að koma frá hv. þm. A.-Húnv., af því að hann er nú flm. þessa máls, þm. Austur-Húnvetninga, og án þess að ég vilji segja, að af hans hálfu standi sérstaklega á. En hann er einmitt þm. A.-Húnv. og ætti því ekki að minna á það, sem þar hefur komið fyrir í pólitík og kosningum.

Hv. þm. A.-Húnv. taldi það einn helzta kostinn við þetta tímarit, að með því væri tækifæri til þess að koma að leiðréttingu á málum. En ef ritstjórnin segði nei við einhverri leiðréttingu, hvað þá? Og ef leiðréttingin kæmi nú og úr því yrði deilumál, hvernig yrði þá þessu tímariti beitt?

Það hefur verið reynt að gefa út slíkt rit. Og í því pólitíska riti bar ekki mikið á því, að rifið væri niður í öðru orðinu það, sem annar vildi byggja upp. Þar var málflutningurinn ekkert lakari heldur en á öðrum vettvangi. En þessi pólitísku rit eru ekki mikið lesin, og menn leggja ekki sérstaklega mikið upp úr þeim, og þau hafa fljótlega dáið. Hv. þm. Hafnf. reyndi að koma aðalflm. frv. til liðs um þetta, og fannst mér þar vera heldur lítið á að græða. Hann vildi meina, að min andstaða gegn málinu kynni að vera að einhverju leyti af því, að ég óttaðist, að illa tækist til um að rita í þetta tímarit. Nefndi hann í því sambandi rafmagnsmálin og sagði, að rafmagnið gæti líka verið hættulegt og jafnvel drepið menn, ef ógætilega væri að farið, en sagði, að samt sem áður mundi ég ekki vera á móti því, að sá aflgjafi kæmist út á meðal almennings. Það er rétt, að ég vil, að þetta verði. En hvernig vil ég gera það? Á þann hátt, að það verði mönnum til gagns og góðs og að reynt sé að búa svo um, að það drepi engan, heldur verði til nytsemdar. **(EmJ**: Það vil ég líka.) Og ég hef ekki ástæðu til að halda annað en að þeim mönnum hafi gengið gott til, sem reynt hafa að gefa út slíkt tímarit, en það hefur mislukkazt.

Hv. þm. Hafnf. sagðist ekki hafa skilið það, sem ég sagði, er ég vék að trúmálum. Ég held, að hann hafi ekki íhugað vel þann kafla ræðu minnar. Eða skilur ekki þessi hv. þm., að það er óviðurkvæmilegt og óheyrilegt, að ríkið standi að útgáfu rits, ef í því riti kæmu fram kennisetningar, sem miða til að rífa niður grundvallarskipulag, sem ríkið byggir á og ríkið vill vernda? Ég tók þessi atriði sem dæmi. Ríkið hefur ákveðið að vernda m. a. kristna trú í landinu,

ef eitthvað, sem skrifað væri í þetta rit, sem væri þeirri trú til niðurrifs og kenninga hennar, þá væri óheyrilegt, að það sama ríki beinlínis kostaði útgáfu þess rits. Sama gildir um grundvallarskipulag í þjóðfélagsmálum okkar að öðru leyti. Það væri óviðurkvæmilegt, að ríkið sjálft kostaði útgáfu á því, sem miðaði að því að rífa það niður. En við útgáfu slíks rits sem þessa yrði slík hætta fyrir hendi, og væru það vinnubrögð, sem ríkið ætti ekki að stofna til.

En út af því fyrirkomulagi, sem í frv. er gert ráð fyrir, veik hv. þm. Hafnf. að því, að þessir fjórir flokkar, sem hafa fulltrúa á þingi, hefðu rétt til að birta greinar í þessu riti, af því að þeir hefðu svo marga fulltrúa á þingi. En það er nokkuð erfitt að spá nokkru fyrirfram um það eða sjá fyrir, hvað flokkarnir í þinginu verða margir í framtíðinni. Ef þessir fjórir flokkar, sem eru í þinginu, tækju höndum saman um stj. og annað þess konar, þá gæti vel hugsazt, að það væri skoðun ýmissa manna, að vinnubrögð og stjórnarfar þessara flokka væri alls ekki gott og jafnvel alveg óþolandi. Þeir, sem svo risu upp og mynduðu flokk til þess að vinna gegn slíkri samsteypu, geta þeir ekki einmitt átt fullan rétt á því að segja sitt álit í þessu tímariti? Ég segi ekki, að þetta komi fyrir, en gæti þetta ekki hugsazt? Við megum ekki miða allt við yfirstandandi augnablik.

Hv. þm. Hafnf. virtist leggja nokkuð upp úr því, sem ég sagði, að ég vildi ekki greiða götu öfgaflokkanna á þann hátt, að þeir gætu komið út skoðunum sínum með þessu móti. En ég er bara svo alveg sannfærður um það, að hver flokkur, sem er, mundi koma skoðunum sínum á framfæri, eins og flokkarnir gera nú, hvað sem þessu tímariti líður, utan við þetta tímarit, og það á enn áhrifameiri hátt heldur en í því.

Og um ritn. við þetta rit er það að segja, að hún á nú að stjórna, og er það þá að sjálfsögðu meiri hl. hennar, sem á að ráða því, hvað birtist í þessu riti. Skilst mér þá, að þar gæti komið til greina hlutdrægni.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Hafnf. minntist á Eimreiðina, þá var það ekki tilraun, sem þar var gerð um þessa hluti. Það var aðeins tækifæri, sem flokkunum var gefið til þess að kynna stefnur sínar, og greinarnar voru eftir því, aðeins til að skýra stefnuskrár flokkanna. Það mátti því búast við því í slíkum ritgerðum, að það yrði „faglega“ gert, þar yrðu stefnuskráratriði flokkanna dregin sem gleggst fram, laust við ádeilur til annarra flokka.

Það eru nú orð í 2. gr. frv., sem ég ekki vel skil. Þar stendur í 2. málsl. 2. gr.: „Samtímis skal öllum hliðstæðum stjórnmálaflokkum í landinu .....“ o. s. frv. En fyrst er sagt í upphafi gr.: „Veita skal stjórnmálaflokkum þeim, er eiga a. m. k. þrjá fulltrúa á Alþ., kost þess eftir ákveðnum reglum að fá prentaðar í tímaritinu ritgerðir um ákveðin málefni, er alla landsmenn varða og orðið hafa að deilumáli milli flokka.“ En svo kemur: „Samtímis skal öllum hliðstæðum stjórnmálaflokkum í landinu gefinn kostur þess að fá í sama hefti birtar ritgerðir um sama efni og af jafnri lengd, miðað við orðafjölda.“

„Hliðstæðum stjórnmálaflokkum“ — ég veit ekki vel, hvað það er. (GSv: Sem standa við hliðina hver á öðrum.) Ég geri reyndar ekkert úr þessu ákvæði. Og það varðar reyndar minnstu um það. En viðkunnanlegra væri þó, að það skildist.

Svo er hér sagt í 3. gr.: „Hver stjórnmálaflokkur ber ábyrgð á þeim ritgerðum, er hann fær birtar í tímaritinu.“ Hvernig á að koma þeirri ábyrgð fram? Á allan flokkinn? Á að birta stefnu öllum meðlimum þess flokks, sem mál er hafið gegn? Hvernig er þetta hugsað? Það mundi þá kannske vera þessi maður, sem skrifað hefur í tímaritið fyrir hönd flokks síns, sem ætti að bera ábyrgð á þessu? Þetta eru nú kannske lítilvæg atriði.

Ég hirði ekki um að fjölyrða um þetta mál frekar. Hv. aðalflm. (JPálm) fannst ýmislegt, sem ég sagði, ekki snerta þetta mál. Ef hann yrði svo ógæfusamur að sjá þetta fóstur sitt komast á legg og til framkvæmda, þá er ég hræddur um, að honum þætti ekki aðeins lausar skrúfur í þessu plaggi, heldur er það alveg skrúfulaust, svo fráleitt er það.

Jón Pálmason: Ég geri nú ráð fyrir, að það hafi ekki næsta mikla þýðingu að þræta mikið um þetta mál. Það er svo um þetta eins og önnur deilumál, að þar verða atkvæði að skera úr.

En það eru nokkur atriði, sem fram hafa komið hjá hv. tveimur síðustu ræðumönnum, sem ég vildi víkja að. Og það, sem gerði það sérstaklega, að ég kvaddi mér hljóðs, var, að hv. 1. þm. Árn. var með einhverjar dylgjur um það, að mér bæri að fara sérstaklega varlega í sambandi við Framsfl., af því að ég væri þm. A.-Húnv. Ég vildi gjarnan, að þessi hv. þm. gæfi skýringu á því, við hvað hann átti með þessum orðum. En ég vil segja honum, að bæði A.-Húnvetningar og aðrir landsmenn þekkja það til baráttuaðferðar Framsfl.,bæði þar og víða annars staðar, að þeir hafa fulla ástæðu til að athuga, hvort ekki eru einhverjar leiðir hugsanlegar til þess, að betur heldur en verið hefur verði komið í veg fyrir það, að stjórnmálaflokkarnir geti komið við bardagaaðferðum eins og einmitt þeim flokki hefur tekizt, að útiloka landsmenn frá því að lesa annað en það, sem sá fl. ber á borð fyrir þá, þó að það hafi ekki verið í A.-Húnavatnssýslu.

Varðandi þær aths., sem hafa komið fram, bæði frá hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn., er það að segja, að sumt af því eru atriði, sem geta auðveldlega orkað tvímælis og fullkomlega getur komið til mála að breyta á einhvern hátt. Eins og hv. þm. Hafnf. tók fram, getur það fullkomlega orkað tvímælis, hvort það skilyrði ætti að setja fyrir rétti stjórnmálaflokks til birtingar ritgerða í þessu tímariti, að hann ætti a. m. k. þrjá fulltrúa á Alþ., eða hvort hann þyrfti að eiga þar aðeins einn fulltrúa. Og það er aukaatriði í þessu sambandi, en ekki aðalatriði. En að þetta tímarit gæti orðið til þess að greiða götu öfgaflokka í landinu, ég fæ ekki séð þá stórkostlegu hættu á því, sem hv. 1. þm. Árn. þykist sjá. Ég er ekki eins óttasleginn við það eins og þessir hv. andmælendur frv. virðast vera. Því að ef einhverjir slíkir öfgaflokkar eru á

meðal þjóðarinnar, má búast við, að þeir fái nóg önnur tækifæri til að koma skoðunum sínum út á meðal fólksins. Og ef þeir útbreiða skoðanir sínar, er það heppilegra, að menn geti svarað því á sama vettvangi, með þeirri aðstöðu, sem hér væri sköpuð.

Hv. þm. V.-Sk. kom eiginlega þvert á hv. 1. þm. Árn. Því að hann taldi, að ef ætti að ná þessum tilgangi, sem fyrir okkur vakir með þessu frv., þá væri frv. allt of áhrifalítið, vegna þess að það ætti ekki að koma út nema fjórum sinnum á ári. Hins vegar, ef ætti að tryggja það að ná þessum tilgangi, sem fyrir okkur vekti, þ. e. ef ætti að gera flokkunum jafnt undir höfði, þá yrði að vera ríkisútgáfa á öllum dagblöðum í landinu. Þetta hefur okkur flm. aldrei dottið í hug, heldur er till. okkar eingöngu bundin við tiltölulega lítið tímarit, sem komi út fjórum sinnum á ári, sem á að skýra höfuð-stefnur og þau deilumál, sem helzt er barizt um milli flokkanna og t. d. valda stjórnarskiptum, þingrofi, kosningum og öðru slíku. Það kom fyllilega í ljós hjá hv. þm. V.-Sk., að hann virtist hvorki vera hræddur við þetta fyrirkomulag eins og hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Borgf. né að það stafaði nein sérstök hætta af því, heldur virtist mér öll hans ræða snúast um það, að þetta væri allt of áhrifalítil leið, til þess að ná því, sem fyrir okkur flm. vakir, og tekið er fram í grg. frv. um.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta mál. Ég gerði nokkuð ræki lega grein fyrir tilgangi mínum með málinu í ræðu minni hér, þegar þessi umr. byrjaði. Og það hafa ekki komið fram nein ný rök frá andmælendum málsins, sem ég tel þess virði, að það þurfi að hafa um þau langar umr. Ég óska því, að hæstv. forseti hagi svo til, að það verði sem flestir hv. þdm. viðstaddir atkvgr. um málið nú, svo að úr því fáist skorið, hvort meiri hl. er fyrir því hér í hv. d. að gera þessa tilraun eða ekki.

Sveinbjörn Högnason: Mig undrar það, hve hv. aðalflm. frv. (JPálm) virðist hafa gert sér litla grein fyrir því, hvað í þessu frv. í raun og veru felst. Og enn meira furðar mig á því, að þegar honum er bent ljóslega á það, þá skilur hann alls ekki mælt mál. Hann segir, að ég hafi helzt haft það við þetta frv. að athuga, að það næði ekki nógu langt og væri of áhrifalítið til þess að koma því í framkvæmd, sem ég taldi, að hlyti að vera höfuðmarkmiðið á bak við slíkt, ef ríkið á að annast útgáfustarfsemi í staðinn fyrir einstaklinga. Ég benti skýrt á það í ræðu minni, ef peningavaldið fær að ráða um útgáfu blaða eftir sem áður, þó að þetta tímarit væri gefið út, og jafnhliða tekur ríkið upp fyrir alla flokka eitt lítið tímarit, þá er ekki verið að jafna mismuninn, sem er á milli peningamannanna og hinna að því er tekur til aðstöðunnar til að koma áróðri út til fólksins gegnum hið prentaða mál, heldur væri verið að auka þann mismun með útgáfu slíks rits. Þetta tók ég skýrt fram. Og þetta yrði vegna þess, að þeir, sem hafa peningamagnið til þess að gefa út blöð, mundu hafa aðstöðu til þess eftir á, þegar búið væri að birta ritgerðir frá ýmsum flokkum í þessu riti um eitthvert efni, að hamra á því dag eftir dag, sem þeir sömu menn vildu láta vera ráðandi skoðun í því máli, og það enda þótt svo kynni að vera, að þeirra málstaður væri ekki réttur. Og þessum skoðunum eða kenningum gætu þeir menn haldið fram í þessu riti á kostnað hinna, sem ekki hafa neitt svipað því eins gott færi á því að halda fram málstað sínum eftir á eins og þeir.

Ég skal taka það fram enn, ef farið væri inn á þessa leið, að ríkið gefi út svona tímarit, þá þá er það til þess að hjálpa þeim, sem geta hamrað dag eftir dag á kenningum sínum og skoðunum, eftir að ritgerðir um þær hefðu verið birtar í tímaritinu. En það er ekki þörf á því að auka slíkt misrétti í landinu, heldur ætti það að vera þannig, ef Alþ. ætlaði sér að skipta sér af þessum málum, — það getur ekki verið önnur ástæða frambærileg — að það tæki sér fyrir hendur að eyða peningavaldinu í blaðaútgáfunni. Og ef á að gera það, verður að taka blaðaútgáfuna í hendur ríkisins og láta öllum landsmönnum í té jafna aðstöðu til blaðanna, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir.

Það þarf ekki fjárhagslega sterkan félagsskap til þess að halda uppi tímariti, sem kemur út fjórum sinnum á ári. En það þarf fjárhagslega sterka aðila til þess að halda uppi dagblöðum, sem koma út stöðugt dag eftir dag. Slík blöð geta, ef ráðamönnum þeirra þóknast svo, hamrað á því sama dag eftir dag, hvort sem satt er eða logið.

Ég mun flytja brtt. við þetta frv. við 3. umr., ef það verður ekki drepið við þessa umr., sem ég þó vona, til þess að hún, ef samþ. verður, geti komið í veg fyrir það, að með þessu máli væri aukið misræmið milli manna í þessum efnum. Því að ef á að gera þetta, sem í frv. er farið fram á, þá á að gera það með því móti að bæta úr misjöfnuði milli manna þannig, að sá fátæki geti komið eins fram sinni skoðun eins og hinn ríki, en ekki gera ráðstafanir til þess, að hinn ríki geti með ósannindum dag eftir dag haldið fram sínum sjónarmiðum. En þessi atriði virðist hv. þm. A.-Húnv. ekki skilja.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GG, GTh, JakM, JPálm, Ljós, SigfS, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, BG, EOl, EmJ, FJ, JJós.

nei: GÞ, GSv, HelgJ, IngJ, JörB, PZ, PO, SB, SG, SEH, SK, SkG, SvbH, BÁ.

EystJ greiddi ekki atkv.

5 þm. (JS, ÓTh, PÞ, SÞ, ÁÁ) fjarstaddir.

2.—9. gr. samþ. með 16:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SK, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, BG, EOl, EmJ, FJ, GG, GTh, JakM, JPálm, LJós, JJós.

nei: PO, SB, SG, SEH, SkG, SvbH, BÁ, GÞ, GSv, HelgJ, IngJ, JörB, PZ.

EystJ greiddi ekki atkv.

5 þm. (PÞ, SÞ, ÁÁ, JS, ÓTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Sigurður Kristjánsson: Þó að ég hafi greitt atkv. á móti 1. gr. frv., skilst mér, að síðari vill-

an yrði verri en hin fyrri, ef ég segði nú nei, og því segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:9 atkv.

Á 92. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Meðalalýsi.

Á 66. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 19. júní 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis (þmfrv., A. 465).

Á 67. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Sjútvn. hafði verið sent frá atvmrn. frv. til l. um rannsóknargjald á lýsi, með tilmælum um, að n. tæki þetta frv. til flutnings. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að á allt þorskalýsi og ufsalýsi skyldi greiða rannsóknargjald, sem næmi ½ eyri á hvert kg og auk þess dýrtíðaruppbót eins og hún væri á hverjum tíma. Þetta átti svo að renna til rannsóknarstofu háskólans og vera varið til fjörefnarannsókna, og átti að innheimta það sem útflutningsgjald. Nú er fyrir útflutningsgjald af lýsi til fiskimálan., útflutningsgjald til fiskveiðasjóðs, útflutningsgjald til viðskiptan. og útflutningsgjald til útflutningsn., þannig að viðkomandi lögreglustjóri þarf að innheimta útflutningsgjaldið í fernu lagi, og ef lögleitt hefði verið eitt í viðbót, hefðu það verið 5 tegundir af útflutningsgjaldi, sem þurft hefði að innheimta. Sjútvn. taldi þetta óheppilega aðferð og mjög til tafar fyrir tollafgreiðslu og vildi ekki fara þessa leið. N. skrifaði þá ríkisstj. og gerði fyrirspurn um, hvort ekki væri hægt að fyrirskipa þessar fjörefnarannsóknir eftir lýsismatsl. eins og þau eru nú, en fékk þau svör aftur frá stj., að til þess væri ekki heimild og rétt mundi vera að fá lagaheimild til þess að geta fyrirskipað fjörefnarannsóknir. N. tók því það ráð að flytja það frv. um breyt. á l. nr. 42 19. júní 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis, sem hér liggur fyrir, og taldi rétt, að ákvæði um þetta yrðu sett inn í lýsismatsl., heldur en að setja sérstaka löggjöf um útflutningsgjald til fjörefnarannsókna.

Till. þessi var upphaflega undirbúin af rannsóknaráði ríkisins, og benti ráðið á það, að útlit væri fyrir, að mikil samkeppni mundi verða á lýsismarkaðinum að stríðinu loknu, bæði við þær þjóðir, sem framleiða þorskalýsi, og eins vegna ýmiss konar fjörefna, sem uppfundin eru í stríðinu og gætu komið í stað lýsis. Það væri þess vegna mikil þörf á því að koma upp við háskólann fjörefnarannsóknum, þannig að hægt sé að mæla D-fjörefni í lýsi, sem ekki er gert á annan hátt en með dýrarannsóknum. Þessar rannsóknir eru talsvert kostnaðarsamar, en hins vegar getur verið að þeim mikið gagn fyrir þá, sem eiga lýsið, þannig að rétt er, að þeir beri sjálfir kostnaðinn af þessum rannsóknum. Ýmsar stofnanir, sem hafa með útflutning lýsis að gera, eins og Lýsissamlag Vestmannaeyja og Lýsissamlag botnvörpuskipaeigenda og fleiri, hafa mælt með því, að þessar fjörefnarannsóknir yrðu teknar upp. Hitt kemur mönnum aftur ekki saman um, hvort ástæða sé til að leggja á sérstakt útflutningsgjald í þessu skyni, og virðist hægt að ná þessum tilgangi með því að fara þessa leið, sem sjútvn. leggur til að farin verði.

Ég skal benda á það, að eftir að gengið hafði verið frá frv., benti einn nm. á, að það gæti verið ástæða til að takmarka meira en gert er í frv., hvaða gjald megi taka fyrir þessar rannsóknir, og geri ég ráð fyrir, að hann annaðhvort komist að samkomulagi við aðra nm. um þetta eða flytji sérstaka brtt. til þess að koma í veg fyrir, að lagður verði of þungur skattur á þetta, því við um leið og bent er á, að það verði hörð samkeppni við aðrar þjóðir um lýsisframleiðsluna, er sjálfsagt að koma í veg fyrir, að sú samkeppni sé torvelduð með því að taka mikið gjald fyrir þessar rannsóknir.

Ég skal svo ekki tala meira um þetta, en óska eftir, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

Emil Jónsson: Það er rétt, sem segir í grg. Frv. er fram komið vegna frv., sem rannsóknaráð ríkisins samþykkti að senda til ríkisstj. með tilmælum um, að það kæmi fram hér á þ., þótt það frv., sem hér liggur fyrir, sé að verulegu leyti frábrugðið hinu, sem rannsóknaráð ríkisins samþykkti og hér hefur verið nefnt.

Ég skal í stuttu máli leyfa mér að gera grein fyrir, hvað fyrir ráðinu vakti, þegar það sendi þetta frv. til stj. Það hefur verið unnið að undirbúningi þess síðan sumarið 1941 og hefur því verið á döfinni hátt á annað ár. Það, sem fyrir ráðinu vakti með samningu þessa frv., var að skapa möguleika til fullkominna dýrarannsókna á lýsi, sem flutt er út. Það má telja, að vel sé séð fyrir vítamínrannsóknum með þeim rannsóknum, sem nú fara fram í landinu, því að allt lýsi er rannsakað, og fylgir vottorð með nálega hverri sendingu. Enda er það vegna þess, sem sú greiðsla fæst fyrir þessa vöru, sem efni standa til. Allt öðru máli gegnir um D-vítamínrannsóknirnar. Það þarf að gera þær á dýrum, og sá dýrastofn, sem er hér á landi, leyfir ekki, að gerðar séu nema 15—20 „analyser“ á ári. Lýsisútflutningurinn er um 4000 tonn, þannig að það er hægt, ef gerður er með þessum dýrum sá mesti fjöldi tilrauna, sem unnt er, að komast í eina tilraun fyrir hver 200 tonn, og það er talið allt of lítið. Til þess að hagnaður sé af þessum D-vítamínrannsóknum, þarf að fjölda tilraununum a. m. k. um helming, og sennilega meira, ef vel á að vera, þannig að tilraunirnar verði 50—60 og upp í 100 á ári, svo að ein tilraun komi á hver 50 tonn lýsis. Þetta er auðskilið mál, því að

það hefur sýnt sig, að vitamínmagnið er mjög breytilegt. Það getur breytzt frá því að vera fyrir neðan 100 einingar og upp í að vera 300 einingar, svo að það veltur mikið á, að rétt sé skýrt frá í hvert sinn. Þó vil ég taka það fram, að þetta fjörefnamagn mun vera það mikið í öllu okkar lýsi, að það uppfylli þær lágmarkskröfur, sem til þess eru gerðar, sem munu vera, eftir því, sem ég bezt veit, 70—80 einingar, en hagnaður okkar af lýsissölunni ætti að vera því meiri sem D-vitamínmagnið er meira. Nú er það svo, að þetta magn er ekki hið sama hvar sem er á landinu, og auk þess breytilegt eftir árstíðum, svo að það gæti verið tilhneiging til þess að skjóta sér undan þessari rannsókn og láta rannsaka aðeins það lýsi, sem hefur mest vitamínmagn. Í þessu er sú hætta, að ekki verði eins skipulagsbundnar rannsóknir á þessu eins og þurfa að vera, og það er ástæðan til þess, að við töldum heppilegra að taka þennan kostnað með heildargjaldi heldur en að taka fyrir hverja prófun, sem líka er hægt og verður að gera, ef þ. sér sér ekki fært að lögfesta þetta eins og n. leggur til. En heppilegast mun verða, að gjaldið sé tekið af sölu á þessari vörutegund, og rannsóknin verði svo gerð á þann hátt, sem heppilegast þætti, þannig að prófun væri gerð af sölu frá öllum landshlutum og öllum véruflokkum.

Fyrir okkur er ekkert aðalatriði, hvaðan peningarnir koma, hvort ríkissjóður leggur fram rannsóknartækin og annan kostnað að einhverju leyti, eða einhver annar gerir það. Aðalatriðið er, að það sé gert, sem fyrir okkur vakti. Eins og þetta frv. kemur frá sjútvn. er það um verkun og mat á meðalalýsi. Nú mun samkvæmt matsl. vera fyrirskipað mat á vörunni, þannig að hún uppfylli einhverjar lágmarkskröfur til þess að geta talizt söluhæf á markaði. Út af því, sem fyrr segir, er ekki um það að ræða, því að það er nokkurn veginn víst fyrirfram, að þessi vara uppfyllir þær lágmarkskröfur, sem gerðar eru til hennar, en það er verið að reyna að „constatera“ í hverju tilfelli það vitamínmagn, sem er í lýsinu á hverjum tíma.

Ég hefði talið heppilegt og æskilegt, að sjútvn. hefði séð sér fært að ræða þetta mál við þá menn, sem hafa kynnt sér það og leyft rannsóknaráði ríkisins að fylgjast með því, sem gert var, því að ég held ekki, að frv. þetta tryggi nægilega framgang þessa máls.

Það er ekki tækifæri til að prófa nú nema mjög lítinn hluta af lýsi á þennan hátt, eða um ¼ eða ⅓ hluta af því, sem helzt þyrfti að prófa. Til þess að geta gert þetta eins og ætlað er og þyrfti að gera, þyrfti í fyrsta lagi að leggja í kostnað við það. Ef ætlazt er til þess, að þessi kostnaður verði borinn uppi af ríkinu heldur en af útflytjendum, er ekkert við því að segja. Það næst sami árangur fyrir því. Fyrir stríð var áætlaður kostnaður af þessu á ári 25 þús. kr., en gera má ráð fyrir, að hann yrði nú 50—60 þús. kr. á ári. En árið 1941, þegar frv. til l. um þetta efni var samþ., var fjárhagur ríkissjóðs ekki eins og hann er nú, og þess vegna var þá reynt að koma ríkissjóði hjá því að greiða þessa upphæð. En ef hv. alþm. vilja afgreiða málið á þann hátt, að ríkissjóður greiði þennan kostnað, hef ég ekkert við það að athuga. En komið geta þeir tímar, að ríkissjóður vilji hliðra sér hjá því að borga þessa upphæð. Og eðlilegra væri, að þeir, sem nytu þeirra hlunninda, sem rannsóknir þessar veita, greiddu a. m. k. nokkurn hluta af kostnaðinum við þessar rannsóknir. Enda hefur forstjóri Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, sem er í rannsóknaráði og mundi hafa þetta mál með höndum, tjáð í sambandi við þetta frv., að hann sé inni á þeirri hugmynd, að framleiðendur greiddu þennan kostnað.

Ég teldi því æskilegt, ef hv. sjútvn. sæi sér fært, að hún hefði um þetta mál nokkru meiri samráð við þá aðila, sem hafa haft með þessi mál að gera, heldur en hún hefur gert til þessa, áður en málinu er ráðið til endanlegra lykta.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilað að ákveða, að allt meðalalýsi, sem héðan er flutt til útlanda, verði fjörefnarannsakað af atvinnudeild háskólans, og lýsiseigendur greiði gjald fyrir slíka rannsókn, er miðist við kostnað þann, sem af henni leiðir. Rannsóknaráð ríkisins hefur viljað fá Alþ. til að samþykkja sérstaka löggjöf um útflutningsgjald af lýsi. En sjútvn. var sammála um, að með því að fyrir væru a. m. k. 4 flokkar af útflutningsgjaldi af lýsi, þá væri ekki ástæða til að bæta við 5. flokknum til þess að ná 25 þús. kr. í ríkissjóðinn á normal tímum. Það væri ekki nema óþarfa fyrirhöfn fyrir þá, sem afgreiða pappíra til útlanda, sem eru nógu margbrotnir nú þegar, þó að þeir verði ekki enn þá margbrotnari. Þessu gjaldi mun líka vera hægt að ná með öðrum ákvæðum, svo sem þeim, að þeir, sem skyldir eru til þess að láta rannsaka lýsið, séu látnir borga kostnað þann, sem af því leiðir, án þess að samþ. nýtt útflutningsgjald. Sjútvn. taldi sjálfsagt að láta framkvæma þessa fjörefnisrannsókn, en telur, að hægt sé að ná þeim tilgangi á þann einfalda hátt, sem stungið er upp á í frv., og að það hljóti að koma að nákvæmlega sama gagni eins og þótt sett væri sérstök löggjöf um það efni, sem n. telur hins vegar óþarft. Þessi ákvæði, sem n. leggur til, að samþ. verði, eiga beinlínis heima í l. um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

Með því að leggja til, að þessi ákvæði væru samþ. sem breyt. á nefndum l., vakti fyrir mér sérstaklega, að á þann hátt vekur þetta miklu minni eftirtekt út á við hjá keppinautum okkar heldur en með því að fara að setja um þetta alveg sérstaka löggjöf.

Emil Jónsson: Herra forseti. — Hv. þm. Ísaf. telur það höfuðrök gegn till. okkar í rannsóknaráðinu, að afgreiðsla lýsis verði margbrotnari með því að samþykkja málið eins og við lögðum til, þ. e. ef einu útflutningsgjaldinu er bætt við enn. Það er að vísu rétt, að gjöldin eru nóg fyrir. En ég tel, að afgreiðsla pappíranna þurfi ekki að verða miklu flóknari, þó að frv. hefði verið samþ. eins og það var fram sett af rannsóknaráði. Prósenttalan, sem tekin hefði verið, hefði verið því brotinu hærri, en svo er það búið. Og ég tel, að þeim, sem fást við þessa

innheimtu, mundi veitast mjög auðvelt að reikna út þessa viðbót á útflutningsgjaldinu. Og þegar menn, sem eiga að greiða þetta, eru búnir að sætta sig við að greiða það, hélt ég, að Alþ. vildi ekki taka af þann möguleika til þess að gera þetta. Formaður sölusambands lýsisframleiðenda var aðalfrumkvöðull að flutningi þessa frv. og óskaði að hafa það á þann hátt, sem það fyrst kom fram. *Hins vegar hygg ég*, að þótt frv. sjútvn., sem hér liggur fyrir, verði samþ., þá sé ekki trygging fyrir, að tilgangi frv. verði náð, því að í frv. felst aðeins heimild til þess að láta þessa rannsókn fara fram. En nú er ekki fé ætlað neitt í fjárl. í þessu skyni, og ég er því í vafa um, að hæstv. ríkisstj. muni fyrirskipa rannsókn á lýsi á þennan hátt, þó að frv. þetta yrði samþ., þar sem ekki er fjárveiting fyrir hendi til þess. Hin leiðin væri öruggari til þess að framkvæmd málsins væri tryggð, og yrði að betri notum. Því að það gæti verið tilhneiging fyrir þá, sem lítið lýsi hafa og fyrirfram telja sig vita, að rannsókn mundi engan árangur hafa, að skjóta sér undan því að láta rannsaka vöru sína.

Ég leyfi mér að ítreka þau tilmæli mín, að sjútvn. sjái sér fært að tala við þessa aðila alla, sem í hlut eiga, áður en málinu er ráðið til lykta. Vona ég, að hv. n. hafi ekkert á móti því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Bann gegn minnkaeldi o. fl.

Á 32. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um bann gegn minkaeldi o. fl. (þmfrv., A. 531).

Á 78. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. — Ég hef í grg., sem fylgir frv., leitazt við að færa fram ástæður fyrir því, að hér er lagt til, að minkaeldi verði bannað í landinu, og gangi bannið í gildi um næstu áramót.

Í þessari grg. eru ummæli eins þess manns, sem bezt þekkti til þessara mála um það leyti, sem fyrst var farið að flytja minka til landsins, en það var Guðmundur Bárðarson náttúrufræðingur, og eru ummælin úr tímaritsgrein, sem hann skrifaði um þær mundir. Af þeirri þekkingu, sem hann hafði aflað sér um lifnaðarhætti þessara dýra, dró hann þá ályktun, ef svo færi, að þau slyppu úr girðingu, yrðu þau hættulegur bitvargur, ekki einungis fyrir dýr og fugla, heldur og fiskistofninn í vötnum og ám. Hann varaði við að ala þessi dýr af ótta við, að þau gætu sloppið og orðið til tjóns.

Sú tíu til tólf ára reynsla, sem fengin er, staðfestir, að viðvörun Guðmundar Bárðarsonar hefur verið á rökum reist. Það hefur komið á daginn, að allmikill fjöldi dýra hefur sloppið víðs vegar úr búrum og girðingum.

Þessi dýr laga sig vel eftir þeim skilyrðum, sem þau hafa til að lifa við. Byggist það á mikilli hæfni til að bjarga sér. Þau eru jafnfær til að afla sér fanga á landi, í ám, vötnum og sjó með ströndum fram. Skilyrði til tímgunar og til að auka kyn sitt eru þeim hagstæð, og stafar mikil hætta af dýrum þessum, verði svo látið ganga lengi sem hingað til. Þarf varla að ræða það frekar en gert er í grg., sem frv. fylgir. Þó vil ég bæta því við, að þess vegna er miðað við áramót, að þá er venjulegt að lóga dýrunum, því að þá eru skinnin verðmætust.

Ég hef lagt til, að verðlaun verði veitt fyrir að vinna villiminka. Má gera ráð fyrir, að sú veiði verði kostnaðarsöm.

Eins og getið er um í grg., var hert eftirlit með minkabúum 1938. Leyfði ráðherra þá og, að veitt væru verðlaun fyrir unna villiminka, allt að 30 kr. á dýr. Eitur má nota við þessa eyðingu. Tek ég ákvæði um þetta upp í frv., en það komi ekki til framkvæmda, fyrr en búið er að eyða þeim dýrum, sem í girðingum lifa hér á landi. Eigi er hyggilegt, að þetta ákvæði komi til framkvæmda fyrr, því að það getur verið varhugavert að láta menn fá hærri verðlaun út á dýr en nemur bjórverði þeirra. Eftir þeirri reglu hefur verið farið að undanförnu, og mun sú upphæð varla freista manna til þess að gerast lögbrjótar. Hins vegar sé ég ekki annað en allur vari sé góður og ekki eigi að greiða verðlaun fyrir önnur dýr en þau, sem veiðast sem villiminkar.

Ég skal geta þess, að ég hef fengið upplýsingar frá loðdýraráðunaut um tölu minka og skiptingu milli landshluta, og er hún frá 1. sept. 1941.

Gullbringu- og Kjósarsýsla og Reykjavík	15116
Mýra-, Borgarfj.-, Snæfellsnes- og Barðastrandarsýslur	186
Ísafjarðarsýslur	1686
Stranda-, Húnavatns- og Skagafj.sýslur	379
Eyjafjarðarsýsla	1429
Þingeyjar-, Múla-, Skaftafells- og Árnessýslur og Vestmannaeyjar	1448
Samtals á öllu landinu	20244

Mest er af dýrum þessum í nágrenni Reykjavíkur, eða ¾ hlutar.

Þá vil ég enn fremur geta þess, að minkabúin eru 112, og eru sum sameign. Tala eigenda er um 500. Er því augljóst, að hlutur hvers manns er ekki ýkja stór.

Ég held, að fleira þurfi ekki að taka fram í þessu sambandi. Vil ég vænta þess, að tekið verði með fullum skilningi á þessu máli. Vænti ég, að frv. verði samþ. og hv. þm. geri sér ljósa þá hættu, sem stafað getur af þessum dýrum, leiki þau lausum hala. En vonandi eru þau ekki svo útbreidd enn þá, að ekki sé hægt að halda þeim niðri og eyða þeim og firra landið þeirri plágu, sem af útbreiðslu þeirra stafar.

Ég veit ekki, hvaða n. ætti helzt að fjalla um frv. þetta. Hvað hættuna snertir þá lýtur hún aðallega að landbúnaðinum, og ætti það því að fara til landbn., þótt það að öðru leyti gæti átt heima hjá allshn. Ég held þó, að ég geri það að till. minni, að málinu verði að lokum vísað til landbn. og að hún taki það sem fyrst til athugunar, svo að hægt verði að ljúka því, áður en þessu þingi lýkur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Vegalagabreyting (frv. GJ).

Á 3. fundi í Ed., 25. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933, og l. um breyt. á þeim l., nr. 72 1936 og nr. 109 1940 (þmfrv., A. 15).

Á 5. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Með l. frá 1933 var tekinn í þjóðvegatölu vegurinn frá Patreksfirði til Bíldudals yfir tvær heiðar, þ. e. Mikladal og Hálfdan. Á þessum árum hefur aðeins verið lokið við veginn yfir Mikladal, sem er 7 km, þó aðeins þannig, að unnt er að skríða hann á bílum.

Árið 1936 er með l. gert ráð fyrir, að í þjóðvegatölu komi vegur frá Mikladal að Haga á Barðaströnd, sem er 20½ km á lengd. En eftir nákvæma rannsókn, fyrst í héraði og síðan af vegamálastjóra, hefur komið í ljós, að þetta er óheppileg leið fyrir akveg og heppilegra sé að láta Barðastrandarveginn koma inn með Patreksfirði yfir Kleifaheiði og inn Barðaströndina að Haga, þetta er allt 31 km. Eftir kröfu sýslunefndar hefur svo vegamálastjóri vikið hér til áætluninni um vegarlagninguna og látið hefja vegargerð inn með Patreksfirði. Er búið að gera þar 7 km langan veg. 1. gr. þessa frv. fer fram á, að vegal. verði breytt til samræmis við það, sem verið er hér að framkvæma, og er því ekki hér um að ræða að taka neinn nýjan veg í þjóðvegatölu, heldur aðeins um breyt. til samræmis.

Þá hefur einnig með l. verið tekinn í þjóðvegatölu vegur frá Haga að Brjánslæk (Brjánslækjarvegur). Þótti vegamálastjóra hentugt og rétt að samræma þetta allt með þessari breyt. á vegal. Enda er það svo sjálfsagt mál, að þessi leiðrétting sé gerð og málið þannig fært í eðlilegt horf, að ég þarf ekki að fjölyrða um það frekar.

A-liður 2. gr. frv. er nýr liður. Er þar lagt til, að í þjóðvegatölu sé tekinn vegur frá Bíldudal um Suðurfirði að Brjánslæk. Þegar ákvörðun sú, sem ég ræddi um í upphafi, var tekin, var gert ráð fyrir því, að Arnarfjörður hefði samband við Barðaströnd og Suðurlandsbraut eftir þeim vegi, sem þar var tekinn í þjóðvegatölu. En þegar þeirri leið er síðan breytt, eftir till. vegamálastjóra, lengist hún mikið og breytist þannig, að fara yrði yfir þrjár heiðar til þess að komast á Suðurlandsbrautina, en það yrði til þess að útiloka Arnarfjörð frá eðlilegu sambandi við vegakerfi landsins. Sú leið, sem hér er gert ráð fyrir, að tekin verði upp, hefur þann kost, að ekki er nema eina heiði yfir að fara til þess að komast á aðalbrautina — til Suðurlandsins, sem þá og stendur í sambandi við flutningaleiðina sjóveg yfir Breiðafjörð til Stykkishólms. Skiptast þá leiðirnar þannig á Brjánslæk, að önnur færi út Barðaströndina áleiðis til Rauðasands og Patreksfjarðar, en hin beint yfir heiðina um Suðurfirði til Bíldudals. Og þetta er eðlilegast.

Um b-lið 2. gr. er það að segja, að hér er einnig um nýjan veg að ræða frá Bíldudal að Bakka í Dalahreppi. Ég hef ekki farið fram á, að annað eða meira væri tekið í þjóðvegatölu af vegum í Dalahreppi, en ég tel, að það sé óhjákvæmilegt, að einmitt þessi hluti hans sé tekinn þar með. Dalahreppur er nú einangraður frá öllu vegakerfi og er í raun og veru hvorki í sambandi við samgöngur á landi eða sjó. Því að beri eitthvað út af með veður, er þar ekki lendandi í neinni vör. Kaupfélagið, sem er eina verzlun hreppsbúa, á jafnan á hættu að koma hvorki vörum frá sér né að, og var t. d. á síðasta hausti hætta á, að öll framleiðsla bænda þar yrði ónýt vegna þessarar einangrunar sveitarinnar í samgöngumálum, því að í þrjá daga samfleytt var ekki hægt að flytja kjöt til frystihúss, sem einungis varð að flytja sjóleiðina, af því að landleiðin er lokuð vegna vegarleysis.

Í c-lið 2. gr. frv. er um 400 metra veg að ræða frá aðalveginum, Geiradalsvegi, að verzlunarstaðnum í Króksfjarðarnesi. Geiradalshreppur er fámennur, í honum eru 13 bæir, og hann mun ekki geta staðið sjálfur undir þeim kostnaði, sem þessi vegarlagning mundi hafa í för með sér, en sá kostnaður mun vera um 10 þús. kr. eftir áætlun vegamálastjóra. Hins vegar er Króksfjarðarnes eini staðurinn, þar sem hægt er fyrir íbúana í þessum hreppi að koma frá sér vörum, ef senda á þær sjóleiðis. Þess vegna er nauðsynlegt að leggja þennan veg sem fyrst.

Þá hef ég einnig tekið upp stærra nýmæli, sem er vegurinn frá Brjánslæk póstleiðina að Kollabúðum í Þorskafirði. Þetta er stærsti og dýrasti kaflinn af þeim vegum, sem frv. fjallar um. En svo er ástatt með þessa sýslu, Barðastrandarsýslu, að hún er algerlega útilokuð frá aðal-vegakerfi landsins og því bráðnauðsynlegt að tengja hana með þessum vegi frá Brjánslæk að Þorskafirði við aðal-vegasambandið, sem nú er þegar komið í samband við Þorskafjörð. Þessi vegur, sem nú er póstleið, er fjallvegur og þarf því að komast í þjóðvegatölu. Hreppurnir Gufudalshreppur og Múlahreppur eru þannig settir nú, að þeir eru innilokaðir og út úr öllum samgöngum bæði á sjó og landi. Verður þessum hreppum því ekki með nokkurri sanngirni neitað lengur um þessar nauðsynlegu samgöngubætur.

Í gær hlustaði ég á umr. um vegamál í hv. Nd.

Þar kom það skýrt fram, sem haldið hefur verið fram af vegamálastjóra, að það sé rétt og nauðsynlegt að flokka vegina um landið meira en gert hefur verið, og kemur það að sjálfsögðu til athugunar hjá þeim nefndum, sem með þau mál hafa að gera hér á Alþ.: samgmn. d. Fellst ég persónulega á þá tilhögun, að teknar væri í 1. flokk aðalbrautir, er tengja saman héruð, og síðan í 2. flokk brautir, er tengja hreppa við vegakerfi landsins. Kæmi þá þessi vegur frá Brjánslæk að Þorskafirði undir 1. fl. Vildi ég beina því til þeirra n., sem fara með samgöngumálin, hvort ekki væri rétt að taka meira tillit til þeirrar reglu, sem vegamálastjóri hefur bent á og ég nú gat um, en fara hins vegar síður eftir því einu um vegamálin, hvað hart er sótt af hverjum þm. að fram nái að ganga á Alþ. Því að óneitanlega hefur það miklu ráðið um vegina í strjálbýlinu undanfarið, hve fast hefur verið fylgt eftir af þm. um framkvæmdir í þeim efnum. Aðeins 7 km langur vegur er nú lagður eða ruddur í þeirri sýslu, sem ég hef með þessu frv. lagt til, að lagðir verði vegir um, sem sýnir, að þessi sýsla hefur orðið gersamlega út undan um allt, sem lýtur að vegabótum á undanförnum árum. Þó hefur þessi sýsla greitt stórkostlegt fé í ríkissjóð. Má í því sambandi m. a. benda á sem dæmi, að á aðra millj. kr. hefur verið greitt í ríkissjóð í stríðsgróðaskatt af aðeins tveimur gjaldendum í sýslunni. Þess er því vænzt af sýslubúum, sem nú leggja svo drjúgan skatt í ríkissjóðinn, að þeir fái einhvern hluta af honum endurgreiddan til vegamála, svo að héraðsbúar séu ekki alveg eins berskjaldaðir fyrir þeim erfiðleikum, sem steðja að, þegar afturkastið kemur í atvinnulífinu.

Vil ég svo leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og samgmn., sem þá sennilega ræðir við hv. samgmn. Nd. Vona ég, að hv. n. taki þessu máli með sanngirni og veiti því fylgi gegnum þessa hv. d.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Vesturheimsblöðin Heimskringla og Lögberg.

Á 14. fundi í Ed., 15. des., var útbýtt:

Frv. til l. um kaup á Vesturheimsblöðunum Heimskringlu og Lögbergi (þmfrv., A. 87).

Á 16., 19. og 20. fundi í Ed., 17., 18. og 19. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., 5. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Í grg. fyrir frv. er bent á þær ástæður, er liggja fyrir því, að þetta frv. er fram borið, og þarf ég ekki mikið um frv. frekar að segja eins og stendur fram yfir það, sem tekið er fram í grg.

Tilgangurinn með frv. þessu er í fyrsta lagi sá að styðja Vesturheimsblöðin með því að afla þeim allmargra kaupenda hér á landi, og í öðru lagi sá að gefa fólki hér á landi tækifæri til að kynnast dugnaði og myndarskap landa vorra vestan hafs og þeirri menningarbaráttu, er þeir hafa háð allt fram á þennan dag, sem okkur er til varanlegrar sæmdar.

Hún er að mörgu leyti mjög merkileg, saga Vestur-Íslendinga á liðnum tímum og merkilegri en við getum gert okkur grein fyrir í fljótu bragði. Sagan um það, hvernig landar vorir fluttust vestur um haf út af erfiðum kringumstæðum heima fyrir og brutust þar áfram af frábærum dugnaði án þess, að þeir gætu fengið nokkurn stuðning að heiman. Og þeir sendu meira að segja peninga heim. Eitt gleggsta dæmið um það er, hvernig þeir studdu Eimskipafélag Íslands, er það var stofnað, með fjárframlögum án þess að eiga von á nokkrum hagnaði í aðra hönd. En þetta sýndi, að þeir héldu tryggð við landið og vildu styðja það með ráðum og dáðum.

Þeirra andlega líf var aðallega í sambandi við kirkjulífið, og varð það snemma blómlegt. Gátu þeir ekki á annan hátt betur haldið áfram víðtækri íslenzkri menningarstarfsemi. Þegar bezt lét, starfræktu þeir um 80 kirkjur með frjálsum framlögum. Kirkjurnar voru að vísu litlar, en kirkjan í Winnipeg er þó það stór, að engin kirkja á Íslandi mun vera jafndýr og vegleg sem hún.

Annar þátturinn í andlegu starfi landa vorra vestra eru blöðin, og voru þau a. m. k. fyrst framan af mjög tengd kirkjunni, þar sem annað blaðið tilheyrði þeim konservativari undir forustu Jóns Bjarnasonar, en hitt blaðið þeim frjálslyndu undir forustu Friðriks Bergmanns. Nú orðið er lítill trúarágreiningur milli blaðanna, en kunnugir menn segja þó, að blöðin þurfi að vera tvö, þar sem af því skapist meira líf og meiri fjölbreytni en ella. En hins vegar eiga blöðin við mikla fjárhagslega erfiðleika að stríða, þó að þau séu studd árlega og mjög myndarlega af þjóðlegum forgöngumönnum vestra. Þetta á að miklu leyti orsök sína í því, að allt af fækkar sí og æ eldri kynslóðinni, því fólki, sem þráir að fylgjast með gangi mála á Íslandi og fá fréttir af högum manna, ættingjum og vinum. Nú er svo komið, að í öðru blaðinu eru farnar að birtast greinar á ensku, og kemur það *auðsjáanlega til af því, að yngri kynslóðin missir* meira og meira áhuga á því að fylgjast með íslenzkum málum og málefnum, og íslenzka tungan verður þeim ekki eins hjartfólgin og minnisstæð, eins og við er að búast, þar sem allt fer fram á ensku í kringum yngri kynslóðina, þó að hún skilji meira eða minna í íslenzku. En þó að svo sé ástatt, eru menn sammála um það, að blöðin eigi að vera tvö, en af því leiðir aftur, að erfiðleikarnir á að halda þeim báðum gangandi eru miklir og meiri eftir því, sem tímar líða.

Ásmundur Jóhannsson, sem er, eins og kunn-

ugt er, einn af ötulustu talsmönnum þjóðræknismálanna meðal landa vorra vestan hafs og hefur lagt mikið á sig fyrir málefni vor, sem m. a. má marka af því, að hann hefur komið 8 sinnum til Íslands og í ein 6—7 skipti á sinn eiginn kostnað til þess að sækja fundi Eimskipafélags Íslands, hann hefur farið fram á það við okkur, að við öfluðum blöðunum kaupenda hér heima, þeim til styrktar og útbreiðslu. Að athuguðu máli hef ég lagt til, að farin yrði leið sú, er í frv. felst, þar sem erfitt yrði á annan hátt að gera nokkuð svo að um munaði og æskilegum árangri yrði náð.

Það væri og mjög ákjósanlegt við lestur þessara blaða fyrir okkur hér heima, að blaðinu fylgdi eins konar handbók til skýringar á mönnum og málefnum landa vorra vestan hafs. Yrði þetta þá nokkurs konar alfræðiorðabók um Vestur-Íslendinga fyrir kaupendur blaðanna hér heima, sem gæti orðið til ómetanlegs skilningsauka á baráttu landa vorra vestan hafs, sem þeir hafa háð í Vesturheimi, sér og okkur hér heima til vegs og virðingar. En það er trú mín, að Íslendingar í Norður-Ameríku hafi framar öllum öðrum þjóðum þar sýnt samhug og ræktarsemi í því að vilja varðveita og halda við íslenzku þjóðerni og öðru því, sem þjóðlegt er og gott í fari okkar hér heima á Íslandi. Það minnsta, sem við getum gert, er að reyna að styrkja þá í þessari viðleitni, og ég vænti þess, að hv. d. láti ekki sinn hlut eftir liggja og leggi frv. þessu lið sitt, til þess að það geti orðið að l.

Gísli Jónsson: Ég vildi minnast á það í sambandi við frv. þetta, að ég er alveg sammála því, að styrkja beri Vesturheimsblöðin, þó að ég geti hins vegar ekki neitað því, að aðferðin, sem fara á til þess, þyki mér harla einkennileg. Mér finnst það miklu heppilegri braut og eðlilegri, að þetta væri styrkur frá ríkinu sjálfu. Ég tel það mjög varhugaverða leið, sem farið er fram á, að farin verði með frv. þessu. Hví skyldi flm. ekki, fyrst hann á annað borð valdi þessa leið, telja upp fleiri félög og stofnanir? Hér er til kaupþing, félag þvottakvenna og fleiri félög, svo og pólitísku flokkarnir. Er nokkur ástæða til að undanskilja þessi og önnur félagasambönd? Það er langeðlilegast, að hér sé um að ræða beinan styrk frá ríkinu, enda er það skemmtilegast fyrir blöðin sjálf. Þessu vil ég beina til n., er fær þetta mál til meðferðar. Má vera, að hv. flm. hafi þessa hugmynd sína að einhverju leyti frá því, hvernig farið er að útbreiða Tímann, en ég vil ekki verða til þess, að farið verði eins að með Vesturheimsblöðin, heldur að styrkurinn til þeirra verði veittur á annan og heilbrigðari hátt.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. — Það þarf vissulega áræði til þess að láta sér detta í hug slíka hugkvæmni sem þessa, er kemur fram í frv., sem nú er til umr. Það er hvorki meira né minna en farið fram á það að skuldbinda stofnanir og einstaklinga til þess að kaupa annaðhvort Vesturheimsblaðanna, Heimskringlu eða Lögberg, og svo á að innheimta áskriftargjaldið með tekju- og eignarskatti. Hér er verið að skapa mjög varhugavert fordæmi, eins og allir sjá, sem ómögulegt yrði að sjá fyrir endann á, ef að l. yrði. Mundi þetta t. d. eflaust koma sér vel fyrir dagblöðin hér heima. Þetta er sem sagt mjög varhugavert fordæmi.

Annars efast ég um, að það komi nægilega skýrt fram, hver er hugsun flm. með þessu frv., og hvað það er, sem fyrir honum vakir, er hann þannig vill taka blöðin á arma sína. En það er vitað mál, að þessi blöð eru eflaust þau einu, sem flytja stöðugt lofgreinar um hann. Mun ég því síðar bera fram brtt. við þetta frv., þannig, að aftan við 1. gr. komi: enda skuldbindi þau sig til að flytja að staðaldri lofgreinar um núverandi formann menntamálaráðs. Með leyfi hæstv. forseta mun þá 1. gr. hljóða þannig: Meðan 1. þessi eru í gildi, skulu allir skólar, sem ríkið starfrækir eða styrkir, allar skrifstofur ríkis- og bæjarfélaga, öll samvinnufélög, allir kaupmenn og skrásett hlutafélög kaupa annaðhvort íslenzku blaðanna, sem gefin eru út í Winnipeg, Heimskringlu eða Lögberg, enda skuldbindi þau sig til að flytja að staðaldri lofgreinar um núverandi formann menntamálaráðs (JJ).

En til þess að forðast allan misskilning, tel ég, að við Íslendingar hér heima eigum að vinna eins og við getum að því að útbreiða þessi blöð, en það ætti að vera auðvelt að finna heppilegri leið til þess en að skuldbinda stofnanir, einstaklinga og kaupmenn til þess að kaupa blöðin.

Flm. (Jónas Jónsson): Hv. þm. Barð. hefur ekki áttað sig á aðaltilgangi frv., en þó er hans getið í grg. Það á að afla blöðunum allmargra kaupenda, svo að þau verði lesin víðast hvar á landinu. Till. um styrk er út af fyrir sig góð, en þá verða blöðin ekki lesin, og að því leyti er hans ágæta till. gagnslaus. Þetta er það, sem á milli ber, en hv. þm. virðist ekki hafa áttað sig á því.

Þá var þessi sami hv. þm. að tala um, að bæta mætti fleiri félögum og stofnunum í frv. Það kann vel að vera, að svo sé, og mun rannsókn málsins í n. sjálfsagt leiða það í ljós, og skal ég ekki hafa á móti því, að fleiri aðilum verði bætt í frv. sem kaupendum að blöðunum. Sé ég svo ekki ástæðu til að svara honum meira.

Út af ræðu þess manns, sem síðast talaði, ég man nú ekki enn þá númerið á honum (**Forseti:** 7. landsk.) — já, hv. 7. landsk. Hann var að gefa í skyn, að von væri á brtt. frá honum, og hann lét okkur nú heyra, hvernig hún ætti að vera. Vegna þess að þetta skyldi koma fram hjá hv. 7. landsk., vil ég leyfa mér að koma með aðra brtt., er mundi þá hljóða á þessa leið: Enda skuldbindi þau sig til að flytja ákveðið magn af skömmum úr Þjóðviljanum um Jónas Jónsson. Getur svo bæði hv. 7. landsk. og aðrir sagt sér það sjálfir, hversu mikil hæfa er í því, sem hv. 7. landsk. var að gefa í skyn, að væri tilgangur minn með frv.

Gísli Jónsson: Við skýringar hv. flm. hefur ekki breytzt hugur minn í máli þessu, að ég get ekki fylgt frv. óbreyttu, því að mér finnst það hrein fjarstæða að fara inn á þá braut að lögbjóða, hvað menn skuli lesa. Að mínu viti erum við þá komnir allt of nálægt þeirri stefnu, sem við hvorugur vildum, að réði hér í þjóðfé-

lagi voru. Af þessari ástæðu einni er ég á móti því, að farin sé þessi leið til þess að útbreiða blöðin hér á landi og styrkja þau. Svo þekkjum við það líka, að það er ekki full trygging fyrir því, að blöðin verði lesin, þó að þau verði send út um landið. Við þekkjum mörg dæmi þess hér, hvernig farið er að því að senda blöð út til fólksins, sem svo eru meira og minna ólesin, eins og t. d. Tíminn.

Mér finnst það því alger óhæfa að ætla að fara að fyrirskipa með l., hvað menn skuli lesa, og byrja þetta nýja ár með því. Þess vegna tel ég þá leið miklu réttari, eins og ég gat um áðan, að veittur verði styrkur frá hinu opinbera til þessara blaða.

Flm. (Jónas Jónsson): Það er eins og hv. þm. Barð. hafi ekki kynnt sér nógu rækilega efni frv., og virðist það þó ekki vera erfitt verk. Það stendur hvergi, að það sé gert að skyldu að lesa blöðin, heldur er lögbindingin aðeins fólgin í því að kaupa og borga blöðin, en ekki að lesa þau, því að það er vitanlega hverjum og einum í sjálfsvald sett, þó að æskilegt sé auðvitað, að þau verði lesin sem mest. Það er alveg eins með þetta og mat, sem er settur á borð. Það ræður því hver og einn, hvað hann borðar. Hann getur borðað það, sem hann vill, og skilið hitt eftir.

Þá var hv. þm. Barð. eitthvað að minnast á Tímann og var að gefa það í skyn, að hann væri lítið lesinn. Ég held aftur á móti, að það sé alveg rangt hjá honum. Það er nú svo, að allir kaupmenn og útgerðarmenn lesa Tímann með mikilli athygli, og hefur Tíminn haft mikil bætandi áhrif á þessar stéttir, er ég gat um.

Haraldur Guðmundsson: Þessi seinustu ummæli hv. síðasta ræðumanns, að Tíminn sé mikið lesinn meðal kaupmanna og útgerðarmanna, hygg ég að séu sönn, a. m. k. nú síðustu dagana. Hitt skal ég alveg láta ósagt, hversu bætandi áhrif hann hefur haft á þessar stéttir.

Um frv., er hér liggur fyrir til umr., vil ég taka það fram, að ég mun fylgja því til 2. umr., en þó ekki lengra óbreyttu.

Ég hef oft dáðst að hugkvæmni hv. þm. S.-Þ., og það þarf vissulega mikla hugkvæmni til að láta sér detta í hug að fara þá leið, sem ætluð er í frv. þessu til að útbreiða og styrkja Vesturheimsblöðin, Heimskringlu og Lögberg hér á landi. Ég get ekki neitað því, að mér þykir líklegt, að allur þorri manna líti á þessa leið sem óeðlilega ráðstöfun, og mér er næst að halda, að slík ráðstöfun sem þessi kæmi til með að verka þveröfugt við það, sem hv. flm. frv. hefur í huga að verði, ef þetta frv. nær óbreytt fram að ganga. Þess vegna álít ég, að það beri að fara aðrar leiðir en hér er gert ráð fyrir með frv. þessu.

Einn aðili kemur til greina í þessu sambandi, en hann er Þjóðræknisfélagið, sem starfar einmitt að þessum málum, og væri eðlilegast, að það fengi þetta mál til meðferðar, þar sem það stendur bezt að vígi til þess að útbreiða blöðin. Sjálfsagt er, að skólar, félög og einstaklingar fái eintök af blöðunum til lestrar, þó að ekki sé farið að því með l. eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég mun, eins og ég sagði áðan, greiða frv. atkv. til 2. umr., en vænti, að því verði þá breytt í samræmi við þá hugsun, er að baki því liggur, og þannig, að samkomulag náist um málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Jarðræktarlög (frv. BrB og KA).

Á 15. fundi í Ed., 16. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942 (þmfrv., A. 94).

Á 19. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Ed., 18. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Það er í fjórða skipti, sem þetta mál er flutt hér í hv. d. Það hefur áður verið rætt hér allýtarlega og eins fylgt því ýtarleg grg., svo að hér er ekki þörf á mörgum orðum, enda skal ég vera stuttorður.

Það, sem hér er aðallinn málsins, er það, að breytt er með öllu um fyrirkomulag á veitingu jarðræktarstyrkja. Þeir hafa áður miðazt við fjárupphæð, en skulu eftir þessu frv. miðast við ásigkomulag býlisins, miðast við, í hvaða horf það er komið.

Þannig eru engir styrkir veittir til býlis með 10 hektara véltæku túni og áhöfn í samræmi við það. Hins vegar er veittur tvöfaldur styrkur til býla, sem hafa innan við 8 hektara tún. (**BBen**: Þetta er á móti stefnu Halldórs Kiljans Laxness). Það er nú nógu gaman að þessari framtöku, og skal ég koma að því síðar.

Það á ekki að veita stórbændum styrk, sem ekki þurfa hans með. Það er fráleitt að veita ríkisstyrk til kapítalísks rekstrar, heldur á að veita hann, svo að hægt sé fyrst og fremst að búa á býlunum. Það á að útrýma kotabúskapnum. Hver mundi segja, að þetta væri á móti stefnu Halldórs Kiljans Laxness?

M. ö. o. er tilgangur frv. sá að útrýma kotabúskap úr landinu. Þetta er vissulega ekki í neinni andstöðu við grein Laxness, þó að það séu fremur aðrar hliðar landbúnaðarins, sem hann ræðir þar. Hitt er svo annað mál, að þetta er ekki nema einn þáttur þeirrar breyt., sem ég álít þurfi að gera á jarðræktarl. um endurskoðun, og raunar á landbúnaðarlöggjöfinni í heild sinni. Öll landbúnaðarlöggjöfin þarf að endurskoðast, til þess að sá styrkur, sem veittur er úr ríkissjóði til jarðræktar og annars, miði að því að beina landbúnaðarframleiðslunni í þá átt, sem talið er hagkvæmast fyrir þennan atvinnurekstur, að undangenginni nákvæmri rannsókn. Þá er annað atriði, að miða styrkinn við það, hvar hagkvæmast

er að rækta landið. Þetta er ekki heldur í mótsögn við stefnu Sósfl., að færa byggðina úr strjálbýlinu í þéttbýlið. Og m. a. miðar þetta fyrirkomulag að því, að jörðunum verði skipt, þar sem hagkvæmast er að rækta, til þess að þar verði ræktun aukin og ný býli stofnuð, í stað þess að nýbýli rísi upp einhvers staðar og einhvers staðar einstök og sér.

Eins og ég sagði áðan, hefur þetta frv. verið flutt margsinnis hér í þessari hv. d. Þeir, sem tekið hafa til máls, m. a. þeir, sem telja sig fulltrúa landbúnaðarins, t. d. hv. 1. þm. N.-M., hafa lýst sig með öllu samþykka þessari stefnu. Það, sem sá hv. þm. hafði út á þetta að setja, er það, að ekki hafi verið mæld upp véltæk tún í landinu, og þess vegna væri ekki fyrir hendi sá grundvöllur, sem þyrfti, til þess að hægt væri að framkvæma þessa breyt. Ég get nú ekki séð, að þetta sé nein mótbára. Vitaskuld þurfa þessar mælingar að fara fram. Og að því þarf Alþ. að vinna með löggjöf. Hins vegar sé ég ekki, að það sé meiri vandi að mæla gamlar sléttur en nýjar. En nýjar sléttur þurfa trúnaðarmenn Búnaðarfél. að mæla hvort sem er. — Ég vil svo leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

Pétur Magnússon: Það er gamalt deilumál fyrir þinginu, sem hér um ræðir, hvernig úthluta ætti jarðræktarstyrknum. Í raun og veru er þetta deila um eðli jarðræktarstyrksins, mismunandi skoðanir á því, hvers vegna þjóðfélagið hefur talið ástæðu til þess að fara inn á þessa braut að greiða verðlaun fyrir gerðar jarðræktarframkvæmdir. Sumir hafa litið svo á, og ég er meðal þeirra, að þjóðfélagið veiti þennan styrk ekki sem persónulegan styrk, — og því hélt raunar hv. flm. fram líka —, heldur geri þjóðfélagið þetta sjálfs sín vegna, af því að það telji vinning fyrir þjóðfélagsheildina að hvetja menn til þess að rækta jörðina.

Þetta er önnur skoðunin. Hin skoðunin er sú, sem mér finnst koma fram í þessu frv., að styrkurinn sé veittur til þess að gera einstökum mönnum léttara fyrir um að lifa af landbúnaði. Þá er í raun og veru litið svo á, að þetta sé persónulegur styrkur, nokkurs konar framfærslustyrkur, sem ákveðnum mönnum er veittur, af því að þeim sé ekki fært að sjá fyrir sér og fjölskyldu sinni nema því aðeins, að ríkið leggi þetta til.

Nú gefur að skilja, að ef þessi síðari skoðun er sú rétta, verður að greina á milli sauðanna og hafranna. Það er alveg rétt, sem hv. frsm. sagði, að það er engin ástæða til þess að veita mönnum, sem hafa nóg fyrir sig að leggja, styrk úr ríkissjóði, svo framarlega sem þjóðfélagið sér sér ekki sjálft hag í því. Og í því einmitt liggur skoðanamunur á þessu, hvort það er hagnaður fyrir þjóðfélagið að hvetja menn til þessa. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að svo er. Ef sú skoðun er rétt, þá er ekki heldur ástæða til þess að greina á milli þess, hvort meira eða minna er búið að rækta á einhverri tiltekinni jörð. Það kemur sem sé til greina mjög þýðingarmikið atriði, og það er býlafjölgunin í landinu. Það hefur verið veitt mikið fé á síðari árum til þess að fjölga býlum. Ég er enginn dómari um, hvernig þær tilraunir hafa tekizt, en ég hygg það sé almenn skoðun, að þær hafi tekizt miðlungi vel. Allur þorri þeirra býla, sem stofnuð hafa verið á síðari árum, eru a. m. k. enn sem komið er í því horfi, að þau megi naumast teljast lífvænleg. Og afkoma fjöldamargra manna, sem stofnað hafa nýbýli, er þannig, að þeir eru neyddir til að hafa aðra atvinnu að meira eða minna leyti sér til lífsframfæris. En það er vitanlega heppilegast, að þeir, sem stunda búskap, geti gert hann að aðalatvinnu, eins og reyndar er um hvaða atvinnugrein, sem er. Ég held þess vegna, að eina heilbrigða leiðin til að fjölga býlum í landinu sé sú, að á einstökum gömlum býlum sé ræktað það mikið land, að það dugi fyrir fleiri en eina fjölskyldu. Reynslan hefur sýnt, að þar, sem hefur orðið meiri túnrækt en til að framfleyta einni fjölskyldu, hefur jörðinni verið skipt, jafnaðarlega þannig, að annaðhvort börnin taka að búa og jörðin skiptist milli foreldra og barna, eða börnin skipta jörðinni að foreldrunum látnum. Og þetta hefur afar víða gefizt mjög vel. Það er haldið áfram með ræktun, og hún er fljótt komin í það horf, að hvort býlið hefur eins mikið ræktað land eins og upphaflega býlið hafði.

Ég er dálítið hræddur um, ef þessar leiðir væru farnar, sem stungið er upp á í frv., þá væri girt fyrir hina heppilegustu leið til býlafjölgunar í landinu. Ég skal náttúrlega játa, að ef sú skoðun verður ofan á, að jarðræktarstyrkinn eigi að veita sem persónulegan styrk þeim mönnum, sem ekki geta komizt af öðruvísi, en styrktir til að koma býli sínu í það horf, að það veiti þeim sæmilegt lífsframfæri, þá er óeðlilegt að veita sama styrk til þeirra býla, sem óvéfengjanlega hafa nægilegt ræktað land til að framfleyta fjölskyldu. En eins og ég sagði, er það mín skoðun, að þjóðfélagið geri þetta vegna sjálfs sín, til þess að möguleiki skapist fyrir fleiri menn að hafa sameiginlegt lífsviðurværi af landbúnaði. Og það beinlínis borgar sig fyrir þjóðfélagið sjálft, og þá jafnt, hvort meira eða minna er búið að rækta á einhverju tilteknu býli.

Hermann Jónasson: Ég er ekki reiðubúinn á þessu stigi málsins til þess að segja afdráttarlaust, hvernig á að koma þessum málum fyrir. Ég álít það sé atriði, sem þurfi verulegrar yfirvegunar. Það hafa nú á undanförnum þingum, jafnvel síðasta vetrarþingi, verið stigin spor til þess að hækka styrkinn hjá þeim, sem minnst túnin hafa. Og ég er í engum vafa, að það er rétt spor. Styrkurinn er að mínu áliti fyrst og fremst veittur til þess, að bændur geti haft sæmilega lífsafkomu á þeim jörðum, sem þeir nytja. Og alveg samhliða þeim tilgangi er annað sjónarmið og er jafnríkt, en það er, að þeir geti framleitt vörur með sanngjörnu verði. Þessi tvö sjónarmið hlýtur þjóðfélagið að hafa til hliðsjónar, þegar það veitir jarðræktarstyrkinn. Og við vitum, að átta hektarar er lágmark af ræktuðu túni. Vinnukrafturinn er yfirleitt það dýr, sumpart af eðlilegum ástæðum, sumpart af óeðlilegum, að það er ekki hægt að búa á jörðunum og framleiða vörur með sanngjörnu verði og hafa af því sæmilega og viðunanlega lífsafkomu, nema bóndinn hafi

ekki minna en átta hektara ræktaða. Að öðrum kosti verður annað hvort þetta sjónarmið fyrir borð borið. Og vitanlega er sú hugsun, sem kemur fram í frv., alveg rétt, að það er óhætt fyrir okkur að setja þessa lágmarkskröfu nú þegar. Við sjáum það víðs vegar um landið, þar sem bóndi býr á jörð með litlu ræktuðu landi, en reytingsheyskap á útengi, sem stundum er þýft og blautt, þá hefur framleiðslan ekki dugað til að tryggja sér sæmilega afkomu með því að selja afurðir fyrir sanngjarnt verð. En svo koma inn í þetta mörg önnur atriði. Eitt meðal annarra, sem maður hlýtur að taka til athugunar nú þegar, er það, hvort ekki sé kominn tími til, að þjóðfélagið hagi þessum hlutum með allt öðrum hætti. Það er orðin svo mikil fólksfæð í sveitunum, að sú ræktun, sem gert var ráð fyrir, þegar ræktunarl. voru sett, er ekki til lengur, og alls ekki á þessum minnstu býlum. Á þessum býlum, sem helzt er gert ráð fyrir, að þurfi sérstaklega að létta undir með, er venjulega svo fátt fólk, að heimafólkið hefur ekki aflögu vinnukraft til þess að sinna þeim miklu aukastörfum, sem sú ræktun krefst, sem þarf að gerast á heldur stuttum tíma. Og þar eru ekki heldur miklir möguleikar á að afla sér þeirra tækja, sem nauðsynleg eru, til þess að ræktunin fari nægilega vel úr hendi. Þess vegna er keyptur til þess vinnukraftur, sem hefur áhöld og aðferðir í samræmi við nýtízku ræktun. Þess vegna held ég, að það sé athugandi mál, hvort eigi ekki að byrja á því nú að haga þessum styrkjum á þann hátt, að ríkið hafi sína vinnuflokka, æfða jarðræktarmenn með beztu jarðræktartækjum, til þess að fara um og vinna þetta verk. Þetta er ekkert nýtt. Við þekkjum allir, sem erum uppaldir norðanlands, og ekki síður vestanlands, afköst þeirra, sem voru útskrifaðir úr Ólafsdal, hvað það var ólíkt því, sem áður þekktist við ræktun. Og ég tel engan vafa, ef þaulæfðir menn vinna þessa ræktunarvinnu með beztu tækjum, og ríkið síðan veitir styrk á þá vinnu, þá sé hægt að vinna meira og fljótvirkara gagn eins og nú er komið heldur en með núverandi aðferð. Vinnuvélar eru það fullkomnar, að það skiptir miklu máli, að þær séu fullnotaðar. Þetta er atriði, sem ég vildi koma fram á þessu stigi málsins, og áreiðanlega atriði, sem hlýtur að koma mjög til athugunar á næstunni.

Enn fremur er ekki úr vegi að minnast á það hér, að langmesti auðurinn, sem við eigum, er í mýrunum, sem nú eru svo lítið notaðar, að þær hafa nú litlu meiri þýðingu fyrir landbúnaðinn en sandar og auðnir. Mönnum, sem ekki eru kunnugir búskap, mun þykja þessi fullyrðing ákaflega einkennileg. En hún er sannleikur og staðreyndunum samkvæm. Þær eru ekki notaðar til beitar nema örstuttan tíma ársins, sérstaklega á vorin fyrir sauðfé, en á öðrum tímum árs líta skepnur yfirleitt ekki við þeim gróðri, ef þær eiga völ á nokkru öðru. En í mýrunum er mesti auðurinn, sem við eigum, og við erum byrjaðir að nota nýtízku vélakraft við framræslu mýranna. Það verður að taka til athugunar, að það hefur sýnt sig undanfarin ár, að framræsla á mjög blautu landi er raunverulega alveg ókleift verk fyrir bændur með handaflinu. Það er svo dýrt. Þess vegna hefur verið stigið það spor — sem ég álít, að hefði þurft að stíga miklu stærra — að keyptar hafa verið inn framræsluvélar, pantaðar s. l. sumar. Þær munu skipta tugum áður en langt líður. Þær vinna margra manna verk. Þær munu vinna í sambandi við Búnaðarfélagið. Og þá mun sannast, að það munu koma önnur hliðstæð vinnubrögð á eftir af hálfu hins opinbera. Einmitt í sambandi þið nýbýlin er þetta sjálfsagt mál. Það hefur verið talað um, að margir nýbýlingar hafi orðið að vinna utan við býlin. Þó að það hafi nú tekizt betur en talað var um, þá hefur reynslan verið sú um allmarga, að þeir hafa ekki haft fjármagn til að rækta nýbýlin þannig, að þeir gætu lifað af því einu að framleiða þar vörur með því verði, sem var á markaði. Næsta skrefið í þessu máli er því bersýnilega að mínu áliti, að ríkið rækti að fullu — eða næstum því að fullu — það ræktanlega land, sem ætlazt er til, að býlin hafi, og byggi húsin að fullu. Og það mun sýna sig, að þetta verður ódýrara en að veita styrk, og verkin verða betur unnin. Ekkert er til fyrirstöðu, að þeir, sem taka við býlunum, gætu unnið með í þessu, og yrðu þá ræktunar- og byggingarstörfin þeim hæfilegur skóli.

Ég ætlaði ekki að fara miklu lengra inn á þetta mál. En það er náttúrlega mjög rannsóknarvert atriði, hvort jarðir eiga að vera stórar eða ekki, hvort framleiðslan verði ódýrari með þeim hætti. Ég hef ekki trú á, að framleiðsla landbúnaðar verði hentugri eða ódýrari með því að hafa jarðir mjög stórar. Ég hygg það muni sýna sig, að á meðalstórum jörðum fáist í raun og veru beztu afköst við landbúnaðarvinnu, sem yfirleitt fást, þó sérstaklega með því móti, að jarðirnar verði í hverfum, þar sem hægt er að hafa full not með samvinnu af þeirri allra beztu tækni, sem völ er á. Við höfum reynslu fyrir því, að fólkið er einna ánægðast með það fyrirkomulag að mörgu leyti. Við sjáum t. d. jarðveg fyrir þessa samvinnu þar, sem hverfi eru vel til fallin, svo sem í Þykkvabænum og í Fljótshlíðinni, þó að búrekstur þar sé yfirleitt ekki kominn í það horf, sem er í Óslandshlíð. En það er alls staðar svo í slíkum hverfum, að ef menn vita, að jörð losnar úr ábúð, þá er beðið um hana með löngum fyrirvara.

Eitt atriði enn vil ég aðeins drepa á í sambandi við stofnun nýbýla, en það er, hvers konar framleiðsla sé hentugust á hverjum stað. Það þarf að rannsaka og taka tillit til. Það sér hver heilvita maður, að það er ekkert vit að hafa t. d. sauðfjárrækt í Rangárvallasýslu. Og þá vita allir um Suðurnesin. Að ég nú ekki tali um að hafa tvö þúsund fjár í Reykjavík til þess að borga meðlag með, þegar kjötið er flutt út úr landinu. En aftur á móti eru skilyrðin sums staðar þar, sem sáralítið er framleitt af mjólk, einhver þau beztu, sem til eru í landinu. Þetta er og atriði, sem þarf að taka til athugunar, þannig að mál þetta er miklu stærra en það verði rætt nú, eins og störfum þingsins er háttað, að menn eru sérstaklega önnum kafnir að ljúka öðrum málum, áður en þingfundum verður frestað. En landbúnaðarmálin eru sízt undantekning frá þeirri öru þróun, sem er að gerast í okkar þjóðfélagi, að við verðum að taka þau til nýrrar og gagngerðrar athugunar. Það er að mínu áliti

stigið alveg rétt spor með jarðræktarstyrknum. Það er stundum rætt um, að árangurinn sé ekki mikill. Þeir, sem segja það, fylgjast ekki með því, hvernig ástatt var áður og hvað hefur gerzt síðan. Þennan tíma hafa túnin tvöfaldazt í landinu, og með þriðjungi færra fólki nú er framleitt verulega meira en áður. Þannig hafa framleiðsluafköstin aukizt frá einum þriðja upp í helming. En vegna þeirra breytinga, sem eru að verða í okkar þjóðfélagi, meðal annars flutnings fólks úr sveitum til kaupstaða, þarf að koma nýtt sjónarmið og vinnuaðferðir. Og á þetta hef ég verið að drepa nú, en þó ekki nema lauslega, af því að ég álít ekki tíma til annars á þessu stigi.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Við erum sammála um, að hér eigi ekki að vera um að ræða ölmusu eða persónulegan styrk til manna, heldur sé hann veittur vegna þarfa þjóðfélagsins. Þegar að því kemur, hvernig skuli haga þessum styrkveitingum, þannig að sem mestur árangur verði fyrir þjóðfélagið, þá greinir okkur mjög á. Samkvæmt þeim skýrslum, sem fyrir liggja og eru niðurstöður af þeim athugunum, sem gerðar voru af hinni svo kölluðu skipulagsnefnd, þá hefur langmestur hluti af jarðræktunarstyrknum runnið til stórbýla, eða býla, sem eru í stærri býla röð. En aftur á móti hafa smærri býlin verið afskipt. Ég tel, að það sé full nauðsyn á því, eins og atvinnuvegum okkar er háttað og þjóðskipulagi, að komið sé í veg fyrir það, að sveitirnar leggist meira og minna í auðn. Menn geta deilt um það, hvort búskapurinn á þessum og þessum stað í landinu eigi sér framtíð eða ekki. En eins og nú standa sakir er ekki nokkur minnsti vafi á því, að það þarf að gera ráðstafanir til þess, að þessi býli sem hljóta að leggjast í auðn, ef ekkert er að gert, verði gerð lífvænleg, svo lengi sem ekki er ákveðið, að þessi framleiðsla skuli leggjast niður. Og að sjálfsögðu, ef komizt verður að þeirri niðurstöðu, að á einhverjum stað á landinu, eða á einhverju einstöku býli, borgi sig ekki að reka landbúnað, þá verður að haga sér þar eftir. Og ég kom að því í framsöguræðu minni, að ég tel nauðsynlegt, að landbúnaðarlöggjöfin verði einmitt endurskoðuð með tilliti til þessa sjónarmiðs, þ. e. a. s., að styrkveitingum til landbúnaðar verði hagað í samræmi við þær niðurstöður, sem fást að undangenginni ýtarlegri rannsókn, og stefnt að því að beina þróun landbúnaðarins í þá átt, sem hagkvæmast er talið. Með þessu fyrirkomulagi, sem hér er lagt til, er verið að gera tilraun til þess að gera kotbýlin lífvænleg, sem sé að útrýma kotbýlunum og gera þau smábýli, sem geta orðið lífvænleg, hæf til ábúðar. Það segir sig sjálft, að meðan búskapur í landinu er rekinn þannig, að það skiptast á kotbýli, þar sem ekkert er unnið með vélum, eða mjög lítið, og ræktun afar léleg, og hins vegar stórbýli, þar sem allt er unnið með vélum og eru í góðri rækt, þá hlýtur framleiðslukostnaðurinn að vera ákaflega mismunandi. Verðið á landbúnaðarafurðunum verður að miða við hæsta framleiðslukostnaðinn, svo framarlega sem slík býli, sem kannske er meiri hl. býla í landinu, eiga ekki að leggjast í auðn. Við vitum, hver hefur verið árangurinn af þessu. Sá, að til þess að landbúnaðarframleiðslan leggist ekki að meira eða minna leyti niður, hefur orðið að greiða með henni, borga milljónir og aftur milljónir úr ríkissj. Hvort álíta nú hv. þdm. heppilegra að verja fé ríkissjóðs til þess að koma þessum býlum í það horf, að framleiðslan sé samkeppnisfær, eða hitt, að halda áfram að styrkja hana með þessum hætti að gefa með henni? Ég hygg, að þegar menn hugsa hugsunina út, geti ekki orkað tvímælis um svarið. Um þetta var hv. þm. Str. mér líka alveg sammála. Hv. 8. landsk. hélt því aftur á móti fram, að þetta væri allt í lagi eins og það er, þ. e. að meiri hlutinn af jarðræktarstyrknum rynni til stórbýla, af því að ræktunin væri ekki síður nauðsynleg, enda þótt á stóru býli væri, sem þá stækkaði enn meir með aukinni ræktun. Þess vegna væri engin ástæða til að takmarka styrkinn við stærð býlisins eða hversu mikið væri ræktað þar áður. Það er enginn að mótmæla því, að ræktun á stórbýlum geti líka haft þýðingu fyrir þjóðfélagið. En þá er fyrst að athuga, að styrkur ríkissj. til jarðræktar er takmarkaður. Og það er þess vegna ekki um það að ræða, hvort það sé hagkvæmt eða óhagkvæmt að ræktun aukist á stórbýlum, heldur hitt, hvernig á að skipta styrkveitingu þannig, að hún sé sem hagkvæmust fyrir heildina. Ég álít, að það orki ekki tvímælis, að hagkvæmast er að gera með styrknum þau býli lífvænleg, sem eru það ekki nú, og þar með lækka framleiðslukostnað landbúnaðarins, —gera mögulegt að landbúnaðarafurðir verði seldar með lágu verði. En að því miðar það ekki, að veita styrk til stórbýlanna. Eftir eru þá mörg býli, sem hafa mikinn framleiðslukostnað, og það er við þeirra framleiðslu, sem verður að miða verðið.

Hv. 8. landsk. hélt því fram, að þegar búið væri að rækta það mikið, að býli væru orðin stór, væri þeim yfirleitt skipt. Það hefur nú verið mjög svo mismunandi. Það er mjög algengt, að þar sem hafa verið margir erfingjar á stórbýli, hefur einn tekið við jörðinni og hinir farið burt til annarra starfa. En þetta fyrirkomulag á jarðræktarstyrknum miðar alveg tvímælalaust að því að ýta undir, að jörðunum sé skipt. Því að þegar býli er skipt, kemst það aftur niður í þá stærð býlis, sem hefur rétt til hlunninda samkvæmt þessum l. Eina leiðin til þess að fá jarðræktarstyrkinn er því að skipta jörðinni. Þá röksemd hv. 8. landsk., að ræktun hafi jafna þjóðfélagslega þýðingu, þó að hún sé fræmkvæmd á stórbýli, og ætti því ekki að gera mismun á styrkkjörum, hana má vitanlega nota að því er snertir aðra atvinnuvegi í landinu. Út frá þessu sjónarmiði mætti færa rök fyrir því, að rétt væri, að ríkið legði svo og svo mikið fé til sjávarútvegsins eða til hinna og þessara þýðingarmikilla iðngreina í landinu, enda þótt af þeim væri góður arður, því að vafalaust hafa þessar framleiðslugreinar þýðingu fyrir þjóðfélagið, sem mundu dafna því meir sem meiri styrkur væri til þeirra veittur. Með líkum hætti má rökfæra, að rétt sé að veita alls konar taprekstri opinberan styrk.

Hv. þm. Str. virtist mér vera sammála í höfuðatriðum um þessa stefnu frv. En hann kom þar inn á alveg sérstakt atriði, sem sé þann skort, sem er á vinnukrafti einmitt á smærri býlunum. Þó er sá skortur ekki nærri alls staðar. Mikill fjöldi af smábændum þessa lands og smábændasonum leitar út fyrir heimilin í sjávarútveginn og til annarra starfa mikinn hluta árs, vegna þess að þeim er það nauðsynlegt til þess að framfleyta lífinu, þar eð býlin nægja ekki til lífsframfæris. Hugsunin með hækkun jarðræktarstyrksins til smærri býla er sú, að jarðræktin geti keppt um vinnuafl þessara manna sem atvinnugrein. En eins og nú standa sakir hefur þróun landbúnaðar og tækni hans verið sú, að þessi smærri býli hafa orðið ákaflega úrelt og léleg. Skilyrði hafa ekki verið þar til þess að geta stundað jarðræktarframkvæmdir með þeirri tækni, sem nútíminn krefur. Og ég er alveg sammála hv. þm. Str., að þarna þurfi að verða breyt. á. Og ég held það liggi alveg opið fyrir, að sú leið, sem verður að fara, er einmitt þessi, að jarðræktarstyrkurinn verði meir og meir í því formi, að jarðræktin verði framkvæmd fyrir bóndann af flokkum manna með beztu jarðyrkjuvélar og tæki, náttúrlega í samvinnu við bóndann sjálfan. Þetta er vissulega framkvæmdaatriði, sem rúmast innan l. eins og þau eru, en ákaflega þýðingarmikið framkvæmdaatriði, sem rétt er að undirstrika, því að það hefur afgerandi þýðingu fyrir þann árangur, sem getur orðið af styrknum, sem hið opinbera veitir landbúnaðinum.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Ed., 5. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Menntamálaráð Íslands.

Á 20. fundi í Ed., 19. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. apríl 1928, um menntamálaráð Íslands (þmfrv., A. 118).

Á 24. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Ed., 6. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. — Það, sem felst í þessu frv. á þskj. 118, er fyrst og fremst það að auka áhrif listamanna í menntamálaráði Íslands og bæta úr ástandi, sem skapazt hefur. Hér er gerð till. um, að auk þeirra 5 manna, sem kosnir eru af Alþ. í menntamálaráð, séu skipaðir 4 menn í ráðið í viðbót, sem séu tilnefndir af félögum í Bandalagi íslenzkra listamanna, einn frá hverju félagi.

Það ætti ekki að þurfa að fylgja þessu frv. úr hlaði með mörgum orðum, því að þetta mál allt, sem snertir menntamálaráð, er þjóðkunnugt.

Hv. þd. er kunnugt, að starfsvið menntamálaráðs hefur á undanförnum árum verið aukið mjög mikið. Fyrst og fremst hefur það frá byrjun haft með málefni myndlistamanna að gera, svo sem kaup á myndum til myndasafns ríkisins. Síðan fékk það í hendur bókaútgáfu menningarsjóðs og síðast alla úthlutun á styrkjum, sem Alþ. veitir til listamanna og rithöfunda. Starfsvið menntamálaráðs er því víðtækt og hefur verið aukið mjög á síðustu árum, og það snýr mestallt að listamönnum.

Hins vegar er kunnugt, að risið hefur óánægja með starf menntamálaráðs. Myndlistamenn hafa hvað eftir annað kvartað undan ráðinu og sent slíka kvörtun til Alþ., sem fyrst og fremst hefur verið um það, hvernig myndir hafa verið valdar við kaup á þeim til listasafns ríkisins, og hefur þar verið farið fram á, þegar þannig væru keyptar myndir, þá væri hafður maður frá myndlistamönnum með í ráðum. Þarf þessu til sönnunar ekki annað en að fletta upp skjölum, sem myndlistamenn hafa sent Alþ. Og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér nokkur atriði úr þessum skjölum, sem myndlistamenn sendu Alþ., sem fela í sér kvörtun út af störfum menntamálaráðs.

„Fyrir ekki allmörgum árum var stofnað hér menntamálaráð, sem hafa átti umsjón með menningarmálum þjóðarinnar. Hvað myndlist viðkemur er það verk þess að úthluta styrkjum til myndlistamanna og kaupa myndir, sem hengja á upp í væntanlegu listasafni íslenzka ríkisins. Eins og gefur að skilja er það vandasamt og ábyrgðarmikið verk, sem hér er um að ræða, og þar eð myndlistarþekking þeirra manna, er voru í menntamálaráðinu, og síðan hafa verið þar, var af svo skornum skammti, að helzt mætti líkja við, ef ólæsir menn hefðu á hendi kaup handa Landsbókasafninu. Listamennirnir báru fram þá eðlilegu kröfu, að einn þekktasti listamaður landsins, Ásgrímur Jónsson, væri fenginn til að vera með og leiðbeina, er gerð voru kaup fyrir ríkissafnið, en Ásgrímur Jónsson var, sökum þekkingar sinnar og samvizkusemi, manna færastur til að vera þessi leiðbeinandi. Þessari kröfu var samt neitað, og þess var heldur ekki langt að bíða, að vanmáttur og vanþekking menntamálaráðsins kæmi í ljós. Þeim, sem kallast geta lærðir myndlistarmenn, var að ýmsu leyti gefið í skyn, að þeim bæri að leggja frá sér þá menningu í listum, sem þeir höfðu aflað sér við langvarandi og erfitt nám í framandi löndum. Ýmsir helztu snillingar heimslistarinnar voru settir upp sem nokkurs konar grýlur, sem öllum þægum og örtugum listamönnum bar að forðast, en hinum og þessum mönnum, er fengust við að mála myndir í frístundum sín-

um, var hossað hátt af menntamálaráði Íslands, sem keypti verk þeirra engu að síður en hinna menntuðu listamanna."

Og síðar í ávarpinu segir svo:

„Allar menningarþjóðir, að Íslendingum einum undanskildum, krefjast, að hálærðir menn á því sviði hafi á höndum kaup handa listasöfnum þeirra og viðurkenni skreytingar opinberra bygginga".

Undir þetta skjal skrifuðu 14 myndlistamenn, eða flestir myndlistamenn okkar.

Síðan þetta gerðist hafa komið upp miklar deilur milli rithöfunda og menntamálaráðs m. a. í sambandi við úthlutun þess á styrkjum, sem Alþ. fól því á þingi 1939 úthlutun á. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það mál hér nú, nema tilefni gefist til. Hins vegar vil ég geta þess, að á fyrsta listamannaþinginu, sem haldið var í haust, kom fram einróma krafa um, að breytt yrði skipun menntamálaráðs. Vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa hér upp 1. grein í samþykkt listamannaþingsins, sem er svo hljóðandi:

„Listamannaþing 1942 lýsir yfir því, að það telur, að „Menntamálaráð Íslands" hafi ekki, eins og það er nú skipað, reynzt fært um að fara með hagsmunamál listamanna eða önnur mál, er velferð þeirra varða, og skorar á Alþingi að gera sem fyrst nauðsynlegar breytingar á skipun þess og afskiptum hins opinbera af lista- og bókmenntastarfsemi, svo að tryggt sé, að hún geti notið sín frjáls og óháð".

Þær till., sem bornar eru fram í þessu frv., eru alveg samhljóða við till., sem fram kom á listamannaþinginu um breyt. á skipun menntamálaráðs, þannig að í viðbót við þá 5 menn, sem Alþ. kýs, þá verði kosnir menn frá deildum Bandalags íslenzkra listamanna, einn maður frá hverri deild, en þær eru 4. Yrðu þá í ráðinu með því móti 9 menn. Sá árangur, sem hlyti að nást með því, ef þessi breyt. næði fram að ganga, er það, að þar hefði hver deild íslenzkra listamanna sinn fulltrúa í ráðinu. Myndlistamenn hefðu þá, eins og þeir hafa margóskað eftir, 1 mann, sem gæti verið ráðgefandi um val á myndum, sem keyptar yrðu til myndasafns ríkisins. Rithöfundar hefðu þá annan mann, sem væri fulltrúi viðkomandi úthlutun styrkja til þeirra, íslenzkir leikendur hefðu þá sinn mann og tónlistarmenn sinn mann í ráðinu.

Í fyrstu gæti virzt eðlilegt, að listamenn hefðu þessi mál einir með höndum, þau mál, sem listamennina varðar, og að ráðið yrði því skipað eingöngu listamönnum. En af því að Alþ. veitir þessa styrki, þykir ekki rétt að ganga svo langt, að Alþ. afsali sér afskiptum og yfirráðum yfir þessum málum, og ekki heldur, að Alþ. afsali sér meirihlutavaldi í þessum málum. Ef menntamálaráð er skipað svo sem hér er gert ráð fyrir, virðist svo sem Alþingi gengi svo langt í áttina til listamanna eins og listamenn geta bezt á kosið og hafa frekast gert kröfur um. Og skilst mér þá, að allir mættu vel við þessa breyt. una.

Að lokum vil ég svo aðeins minna hv. þd. á það, að það getur ekki lengur haldið svo áfram, að Alþ. skipti sér ekki af málefnum listamanna. Það ástand, sem ríkt hefur undanfarin ár, sú deila, sem risið hefur upp milli listamanna og menntamálaráðs, er þjóðinni til smánar, og það er vansæmd fyrir Alþ., ef það sættir ekki þessa aðila og kemur ekki málum listamanna í það horf, að þeir geti við unað, þannig að öll afskipti af þessum málum geti verið þjóð og þingi til sóma. Það er beinlínis vansæmandi fyrir Alþ. að varpa frá sér allri ábyrgð í þessum málum yfir í hendur ráðs, sem þykir svo illa valið, eins og bezt hefur komið fram í ákærum listamanna, og láta það svo alveg afskiptalaust, hvað gerist í þessum málum. Hæstv. Alþ. verður að sjá, að hér þarf að koma breyting á. Og hvað viðkemur skipun menntamálaráðs, sem till. er um í frv., þá álít ég, að sú breyt. á skipun þess sé sá háttur, sem bæði hæstv. Alþ. og listamenn sjálfir gætu sætt sig við. Menningarmál þjóðarinnar kæmust þá á annan rekspöl en þann að eiga sífellt í deilum og striði við þá menn, sem fyrst og fremst eru kosnir til þess að gæta hagsmuna þeirra.

Jónas Jónsson: Það má segja um þetta frv., — ef maður er því velviljaður —, að fall sé fararheill, því að það hefur ekki komið fyrir áður slíkt óhapp eins og í dag, þar sem ekki voru nógu margir menn til þess að taka á móti því í d., og hv. flm. frv. var að reyna að fá formann flokks síns til þess að koma á fund til þess, og síðast tókst að fá þann minnsta minni hluta, sem hægt er að komast af með til þess að fá afbrigði fyrir málinu. En ég vil hugga hv. flm. með því, að þetta fall muni vera fararheill. Þetta er óskáldleg byrjun að vísu, sem verða kann fyrirboði þess þó, að eitthvað gott geti kannske hlotizt af þessu máli, sem hér er fram komið.

Ég hygg, að Ibsen hafi sagt það, að vel undirbúinn sannleikur gæti staðið í 20 ár. Hann mun meint hafa, að ekkert gæti staðið óhreyft til lengdar. Ég flutti fyrir 14 árum fyrst frv. um menntamálaráð, og má ég vera ánægður með, að það hefur staðið svo lengi og með vaxandi tiltrú, því að það hefur haft vaxandi starfssvið. Og eftir 14 ár kemur fram till. frá hv. þm. — ekki um að leggja það niður, heldur um að fjölga í því, til þess að það verði hálfu stærra en það áður var. Og allar líkur eru til, að það verði að vera enn stærra, ef á að fylgja þeirri hugsun til hlítar, sem fyrir hv. flm. vakir. Ég álít þess vegna, að framkoma þessa frv. nú, eftir 14 ár, sýni, hve vel það var ráðið að stofna menntamálaráð og þess vaxandi gengi, að þeir, sem helzt vilja betrumbæta það, vilji taka þann kostinn að hafa það svona stórt.

Hér er, að ég hygg, í fyrsta skipti í löggjöf Íslendinga komið fram með frv., sem er að því er skipulag snertir beinlínis á sovétráðstjórnargrundvelli, og má segja, að það hafi þá eitthvert tilefni. Það er líka eðlilegt, þegar hér er kominn fl., sem er ⅓ hluti þingsins og hefur náin mök við erlent ríki, að þá sé álitið, að ekki megi seinna vera að sýna fram á, hvernig við gætum tekið Rússa okkur til fyrirmyndar. En það hefur held ég staðið í Þjóðviljanum í haust, að Rússar hafi fallið frá þeirri skipulagningarkenningu, sem þeir hafa að þessu fylgt, að hafa pólitíska eftirlitsmenn með her sínum og erlend-

um sendimönnum, en að rússneskir hershöfðingjar hafi rekið burt þessa pólitísku eftirlitsmenn og afsagt að hafa þá lengur. Þetta hefur einkennt Rússa, að t. d. í hernum og líka við sendisveitir erlendis hafa þeir haft pólitíska sendimenn. Stundum hafa þeir verið kallaðir njósnarar til þess að líta eftir því, að þessir sendimenn landsins hlýddu þeirri pólitísku stjórn og kæmust ekki undan því. Þetta er uppgötvun Rússa að setja óábyrga menn til þess að gæta að þeim, sem ábyrgir eru. Eftir þessu væri það t. d. alveg eðlilegt, að þegar við höfum 5 ráðh., þá væru a. m. k. 5 njósnarar, sem t. d. þingið setti til þess að vera með þeim á stjórnarskrifstofunum, og til að vera við, þegar ráðherrar hefðu samtöl um embættiserindi, til þess að sjá um þá línu, sem þeim væri ætlað að fara eftir.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta nú. Ég er ekki að segja, að það þurfi að vera fráleitt að taka eitthvað eftir Rússum. Ég býst við, að eitthvað sé nýtilegt hjá þeim, sem þeir finna upp, eins og hjá öðrum þjóðum. En þetta stjórnar-system hefur ekki gefizt betur hjá þeim heldur en það, að herinn hefur afsagt að hafa þessa menn hjá sér, og Stalin hefur orðið að beygja sig fyrir því undir neyð og þunga striðsins. Að hve miklu leyti þetta kerfi á við hér, það er hlutverk þessarar hv. d. að athuga. Þessi samtök, sem staðið hafa að flutningi þessa frv., er sella úr Kommúnistaflokknum í Reykjavík, og frá þeim flokki stafar allt þetta brölt. Þetta er því eins konar sella frá kommúnistaflokknum, sem á svo að nota til „agitationar“ fyrir þá. Það er sama aðferðin, sem þeir ætla að nota hér, og þeir hafa notað mikið og víða, t. d. hjá kolamokurum í skipum hafa þeir komið upp slíkri sellu, fengið þá óánægðu í lið með sér og reynt með því móti að koma á ýmsum breyt. sér í vil. Mun ég síðar víkja að mannavali þeirra.

En það er eftirtektarvert, að í þennan hóp þeirra vantar menn eins og Einar Jónsson, David frá Fagraskógi, sem telur sig móðgaðan og svikinn af þeim; tónskáldið á Akureyri, Ríkarð Jónsson, sem sjaldan hemur á fundi til þeirra, Sigvalda Kaldalóns, Jóhannes Kjarval, sem gerir spott að þeim. Þessir menn og ýmsir fleiri láta sig þessa klíku kommúnista litlu skipta, því að þeir sjá í gegnum, hvers konar félagsskapur þetta er, sem bæði að efni og formi er sprottinn upp af og mótaður af þeirri Rússa-„agitation“, sem átt hefur sér stað hér í landi.

Vil ég benda á í þessu sambandi, að sannanir eru til fyrir því, að fyrir nokkrum árum fengu kommúnistar á einum lið 160 þús. kr. til þess að vinna með — bara á einum lið — fyrir skipti sín við fólk sitt hér. En flest hafa þeir þó fengið í vösum og skósólum sjómanna milli landa, sem hefur verið farið leynt með.

Þá er að gera sér það ljóst, að till. þessi er ákaflega heimskuleg, því að hún virðist eiga að byggjast á klókindum, sem alls engin klókindi eru. Þeir hafa sem sé ekki nema ½ hluta þ. flokkslega að baki sér og þora því ekki að leggja sjálft málið undir dóm og úrskurð þ., en því ekki einmitt að gera það, láta þá Alþ. sjálft dæma um það, sem þeir eru svo ósáttir með. Það yrðu nógu skemmtilegar umr., sem mundu spinnast um kafla þá, er valdir yrðu til lestrar og umr., og mundu þær umr. þá kannske standa yfir allt að því vikutíma. Tökum t. d. kaflann um sjúklinginn, sem kemur til læknisins í þeim erindum að fá bót meina sinna, en verður þá fyrir því, að læknirinn, sem er að búa til skáldsögu, miðar á hann byssu og segist skjóta hann, ef hann ekki ljúki við skáldsöguna sína og semji endirinn á henni. Nú, — sjúklinginn gat svo sloppið undan þessu með því að stökkva út um glugga og forða sér og þetta varð til þess, að læknirinn fékk ekki kaflann í skáldsöguna, en kona læknisins hafði áður sogið út úr þessum sjúklingi peninga. Gætu miklar umr. orðið um álíka skemmtilegt efni og þetta. Eða, þá held ég, að Pétur þríhross yrði frjótt efni til umr. í þessari d. Þegar hann tekur út úr sér lausu tennurnar, setur þær í saxað tóbak og setur þær svo upp í munninn aftur. Þetta eru þær miklu „þjóðlegu lýsingar“, er ég tel, að eigi að ræða hér. Og þjóðin ætti að kaupa þessar bækur, sem hún gerir ekki, til þess að ganga sjálf úr skugga um, hvað sé verið að skrifa og þýða á erlend mál um hennar hag og ástand.

Það, sem virðist vera einn höfuðtilgangurinn með till., er sá að sjá um, að 2—3 menn, sem rita, fái fé eins og þeim þóknast, og þá væri líkl. allt í lagi frá þeirra hálfu.

Það þarf ekki langt að leita til að sjá, hvernig þeir hafa hugsað sér að haga þessari „kommirsjónera“ starfsemi sinni, sem þeir koma með í þessu frv. og ætlast þeir auðvitað til, að ekki verði séð við þessum klókindum þeirra, en þau eru nú svo auðsæ, að ekki verður fram hjá þeim gengið. Þ. á eftir frv. að velja 4 menn af þessari sellu kommúnista til þess að skipta fé til skálda og listamanna ásamt 5 manna menntamálaráði, er Alþ. kýs. Nú þarf ekki mikið vit til að reikna það út, að kommúnistar fá 1 af 5 í menntamálaráði, og því er það hvorki meira né minna, sem frv. fer fram á, en að afhenda kommúnistum umráð yfir fénu. Þetta eru klókindi, sem Alþ. mun sjá við, sem eru svona á borð við klókindi litilla krakka, þegar þau eru að leika sér, en sem fullorðna fólkið sér við að sjálfsögðu. Annars er eitt merkilegt við þetta frv., að kommúnistar þora ekki að láta félögin sjálf bera ábyrgðina á úthlutun þessa fjár, því að þeir vita, að afbrýðin og sundurlyndið innan hópanna er svo mikið, og því vilja þeir í lengstu lög láta ábyrgðina hvíla á Alþ. sjálfu.

Þá get ég ekki komizt hjá að benda á, að í þessari pínulitlu 1. gr. kemur fram fáfræði flm. á störfum menntamálaráðs, að hann veit bara ekki, hvað það er, sem menntamálaráð hefur með höndum, og hver verkahringur þess er. Hann setur inn í frv. tvær deildir listamanna, sem menntamálaráð hefur ekkert að gera með. Það eru reyndar aðeins fáeinir menn úr hópi tónlistarmanna, sem menntamálaráð hefur haft afskipti af. En leikarar hafa svo nákvæmlega eins mikið að gera með menntamálaráð eins og hv. flm. hefur að gera t. d. með stjörnuna Sirius. Það mundi engum detta í hug að fara að setja þessar tvær deildir í samband við menntamálaráð, eins og hér á að gera með frv. þessu, sem eitthvað þekkir betur til starfa menntamálaráðs en

þessi hv. flm. frv. Það er því fyrst og fremst verið með frv. þessu að finna leið til þess, að kommúnistar geti með „agitation“ sölsað undir sig féð og skipt því eftir eigin geðþótta.

— En ef fara á inn á þá braut, eftir frv. þessu, að láta þá hafa fulltrúa í menntamálaráði, sem njóta styrks þaðan, þá kemur fleira til greina en þær félagsdeildir, er hv. flm. hefur þóknazt að telja upp. Menntamálaráð veitir árlega nokkrum stúdentum námsstyrki, venjulega hafa 2 frá Menntaskólanum á Akureyri fengið þá og 2 héðan úr skólanum í Rvík. Um þessa styrki geta allt að því 120 piltar keppt, og er það meira en nokkur önnur listdeild félaganna hefur á að skipa. En þetta er árlegt vandamál, og verða þessir styrkir oft til að skapa örlög stúdentanna, sem þá fá, að meira eða minna leyti. Ef farið yrði inn á þessa braut, myndi ég leggja til, að stúdentar hefðu 10 fulltrúa úr sínum hópi til að ráðleggja, hverjir hlytu þennan styrk, og yrðu þeir þá úr efstu bekkjum menntaskólanna. Þeir yrðu að vera 10 til þess, hliðstætt breyt. sem frv. fer fram á, að geta ráðið alveg, hverjir hlytu styrkina. Þá veitir menntamálaráð styrki til utanferða, og yrðu þá allir þeir, sem ætla að sigla til útlanda, að mynda með sér félagsskap til þess að fullnægja þeirri ráðstöfun að senda 10 úr sínum hópi til þess að ráða, hverjir fengju þessa utanfararstyrki, sem menntamálaráð úthlutar. Mun ég stinga upp á þessu, ef ætlunin er að fara inn á þá braut, sem frv. felur í sér, að farin yrði, ef það næði fram að ganga óbreytt. En þessi dæmi nægja til að sýna fram á, að um mikla stækkun yrði að ræða á menntamálaráði og því sem næst ókleifa, ef fara ætti inn á þá braut að láta alla þá, sem styrks njóta hjá menntamálaráði, hafa fulltrúa þar, sem svo ráða því, hverjir fengju styrkina, en engin sanngirni mælir með því að láta aðeins suma, sem styrkjanna njóta, hafa þennan rétt, en aðra ekki.

Frsm. var að halda því fram, að mikil óánægja væri með menntamálaráð. Við, sem í því ráði erum, getum nú tæplega verið alveg syndlausir, og er það svo sjálfsagt með okkur eins og annað fólk, en í sambandi við þetta, sem flm. var að halda fram, vil ég benda á, að jafnvel ekki í einni einustu blaðagrein, sem Sigurður Nordal hefur skrifað á móti menntamálaráði, sem er einn af þeirra færustu mönnum, hefur hann getað komið fram með rök fyrir því eða ásakað menntamálaráð um óheppilegt myndaval eða ranga úthlutun skáldastyrkja. Um Halldór Kiljan er það að segja í þessu sambandi, að hann gaf það, sem hann fékk, og er það ekki okkur að kenna. Þessi staðreynd, að ekki er hægt að særa út vott af röksemdafærslu rógburði einstakra manna um menntamálaráð til staðfestingar, sýnir bezt, hvar þeir eru staddir í þessum ásökunum sínum og hvers eðlis þær eru.

Hv. frsm. las upp úr einu skjali með óhróðri um menntamál, sem undirritað var af 14 mönnum, en 2 af þeim höfðu strikað yfir nafn sitt aftur. En í þessu litla máli sést glöggt menntunarástand þeirra, er þeir tala um að „hengja“ upp í listasafnið, rétt eins og þeir viti ekki, að til eru höggmyndir, sem menntamálaráð kaupir líka og ekki eru hengdar upp í listasöfn. Þeir mundu bara ekki eftir höggmyndum, þeir góðu menn. Hér má glöggt sjá þrengslin í hugsun þessara manna.

Nú, annars hef ég annars staðar vikið að þessu plaggi ýtarlega og vesalingunum þremur, sem sömdu plaggið, en ég tel Ásgrím Jónsson ekki með, því að hann er mikill maður. Hefur nokkurn tíma heyrzt annað eins yfirlæti hjá nokkrum mönnum eins og hjá þeim, er þeir ætla að fara að líkja sér við Snorra og aðra höfunda fornbókmenntanna. Og þeim ummælum þeirra, að enginn hefði vit á listaverkum nema þeir sjálfir, og aðrir væru óhæfir til að dæma um þau, álíka óhæfir og ef ólæs maður ætti að fara að velja bækur í landsbókasafnið, mun lengi verða munað eftir, og þeirra mun þá jafnan minnzt sem hinnar auðvirðilegustu heimsku, sem birzt hefur í íslenzku máli.

Nú skulum við að gamni okkar athuga, hvernig væri, ef þetta væri rétt. Þá ættum við að halda, að alþýðan, þjóðin, sem í 1000 ár hefur borið uppi vort íslenzka mál, kveðið rímur og kvæði og hefur þannig samhliða vinnu og erfiði öld eftir öld borið uppi okkar elztu list, ljóðlistina, þá ætti fólkið, sem þetta hefur gert, ekki að hafa vit á list, heldur aðeins 4—5 menn í hverri kynslóð. Ef við svo athugum þetta lítið eitt nánar og virðum fyrir okkur t. d. skáldið Matthías Jochumsson, þá er það vitað um hann, að með sínum feykilegu yfirburðum á sviði skáldskapar lá vanmáttur hans í því að vita, hvað voru hans beztu kvæði og hvað ekki. Hann átti erfitt með að dæma um sína eigin list og á þessu sést bezt, að það vill til, að jafnvel beztu listamenn eru ekki þeir réttu menn til þess að dæma um sína eigin list. Þegar Matthías hafði t. d. gert þjóðsönginn okkar, fannst honum ekkert sérstakt til hans koma.

Það er ekki ofmælt, þó að sagt sé, að 90% af þjóðinni dáist að ljóðum Matthíasar Jochumssonar, og er því ómögulegt að fordæma nógu mikið þá skoðun, að listamennirnir séu þeir einu, sem vit hafi á list sinni, þar sem svo var ástatt um Matthías Jochumsson, að það var einmitt hægt að „kritisera“ hann á einu atriði, að hann gat ekki lagt rétt mat á sína eigin list, sem þjóðin aftur unni og ann að verðleikum.

Ef það væri satt, að engir hefðu vit á myndlist nema myndlistarmenn, þá ættu í raun og veru engir að kaupa myndir þeirra til híbýlaprýði. Því ætti þá að vera að byggja yfir safn Einars Jónssonar, því ætti þá að vera að sýna listasöfn? Af því að það er gert ráð fyrir, að allur þorri manna hafi vit og beri skynbragð á listaverkin.

Ég ætla svo ekki að eyða fleiri orðum um þetta frv. að sinni, nema tækifæri gefist til þess. Ég mun vera með því, að það verði sett til n. og rætt þar, ekki beinlínis af því, að það sé svo merkilegt, heldur til þess að láta kryfja það til mergjar og að það sýni sig, hversu fráleitt það er.

Umr. frestað.

Á 26. og 27. fundi í Ed., 7. og 8. jan., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Ed., 12. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Það er nú nokkuð langt síðan ég kvaddi mér hljóðs í þessu máli, og var það í framhaldi af umr. og ummælum, sem þá höfðu farið fram.

Ég vil í fyrsta lagi gera fyrirspurn til hæstv. forseta út af ummælum hv. þm. S.-Þ. Ég hjó í það, að hann talaði með nokkuð sérstökum blæ um tilgreinda borgara úti í bæ. Það er að vísu svo um hv. þm. S.-Þ., að það er ekki alveg óeðlilegt, að hann telji, að um sig geti gilt nokkuð sérstakar reglur, þar sem bæði er álit ýmissa manna, að þetta frv. sé einkanlega flutt honum til höfuðs, og meira að segja var hér einn fyndinn hv. þm., sem sagði, væntanlega með hliðsjón af því, sem hv. flm. sagði á dögunum út af öðru máli, að fallizt mundi verða á, að aðalbreyt. á menntamálaráði félli úr frv., ef boðið yrði, að Jónas Jónsson mætti ekki eiga sæti í menntamálaráði. Þá ganga og miklar sagnir um það, og hefur raunar opinberlega verið staðfest af hv. þm. S.-Þ. sjálfum, að vinir hans og flokksbræður hafi nýlega látið brenna upplag af því blaði, sem hann er við riðinn, beinlínis til þess að veita greinum hans frekari áherzlu og til þess að meira yrði tekið eftir þeim en ella. Og ef einnig er satt, sem fróðir menn segja, að einn af helztu vísinda- og fræðimönnum í landinu hafi nýlega ritað stóra bók um menningu Íslands, en hafi þurft að eyða drjúgum hluta af efni bókarinnar í formála, sem stílaður er til hv. þm. S.-Þ., en hafi verið svo mikið niðri fyrir, að ekki hafi komizt allt í formálann, svo að höfundur hafi þurft að skrifa smáletraðan eftirmála til þess að koma að öllu því, sem hann þurfti að rita um Jónas Jónsson, — og ef loks er satt, sem fróðustu menn segja, að sjálfur hæstvirtur ríkisstjóri hafi í nýjársboðskap sínum varið drjúgum hluta ræðu sinnar í skeyti til þessa hv. þm., — ef þetta allt er rétt, þá er ekki nema von, að þessi hv. þm. telji, að um sig geti gilt aðrar reglur en um aðra hv. þm. og að hann megi líta á samborgara sína smærri augum en aðrir.

Samt vil ég spyrjast fyrir hjá hæstv. forseta, hvort það sé þinglegt eða okkur hinum sé það leyfilegt að kalla vel metna og vammlausa borgara „vesalinga“, eins og hv. þm. S.-Þ. gerði hér á dögunum. Þetta er fyrirspurn um þingsköp, sem ég geri vegna þess, að ég er ekki kunnugur því, hversu vel menn þurfa að gæta tungu sinnar hér í hv. d. til þess að hljóta ekki ámæli hv. forseta fyrir, og til þess að fá vitneskju um, hvort það mundi verða átölulaust, ef við hinir tækjum upp slíkt orðbragð um valinkunna menn eins og hv. þm. S.-Þ. hefur haft hér við þessar umr.

Ég skal annars ekki blanda mér í orðaskipti hv. þm. S.-Þ. og aðstoðarþingmanns hans, sem að vísu er kallaður landskjörinn, en mun vera sendur til eftirlits hv. þm. S.-Þ.

Það voru ummæli í ræðu hv. flm., sem gáfu mér tilefni til þess að bera fram fyrirspurn, aðallega til þess að fá upplýst, á hvaða grundvelli þetta frv. sé flutt og á hvaða meginhugsun það sé byggt. Hv. flm. sagði, að hann teldi sjálfsagt og eðlilegt, að í menntamálaráði ættu listamenn einir sæti. Ég hjó í það, að hv. þm. sagði þetta tvímælalaust. Og hann taldi það alveg sérstaka tillátssemi við þingið, að hann léti það þó hafa rétt til þess að halda fulltrúum í þessu ráði. En mér skilst, að þessi ummæli geti ekki staðizt nema því aðeins, að frv. hvíli á þeirri hugsun, eða a. m. k. að hv. flm. telji þá hugsun rétta, að listirnar hafi gildi fyrir listamenn eina — listirnar séu atriði, sem listamönnum einum komi við, þær séu efni, sem þeir einir eigi að segja um og þeir einir hafi vit á. Ef það er ekki þessi hugsun, sem þarna stendur á bak við, get ég ekki skilið þessa skilyrðislausu fullyrðingu hv. flm. Nú hafði ég álitið, að listirnar hefðu því aðeins þýðingu, að þær hefðu þýðingu fyrir alþjóð manna og fleiri heldur en listamennina eina, og það væri það, sem gerði menn að listamönnum, að þeir gætu framleitt eitthvað, sem hefði menningarþýðingu fyrir aðra heldur en þá sjálfa. Það er margt, sem hver borgari gerir sér til dægrastyttingar, og það kann að hafa svo eða svo mikla þýðingu fyrir hann sjálfan ýmislegt af því, sem þó getur ekki talizt styrks vert eða athyglisvert, vegna þess að það hefur ekki neina almenna þýðingu. Mér skilst aðall listamannsins liggja í því, að hann veitir samborgurum sínum miklu meira heldur en hann veitir sjálfum sér, jafnvel þó að líf hans kunni einnig fyrst að fá gildi við það, að hann getur unnið að list sinni. Ég hef þess vegna á þessu alveg gagnstæða skoðun við það, sem mér virtist koma fram hjá hv. flm. Ég lít þannig á, að gildi listanna fari eftir gildi þeirra *fyrir almenning og alla alþýðu manna. Og ég er* sannast sagt þeim mun meira undrandi yfir ummælum hv. flm., sem þau eru í algerri andstöðu við það, sem í sjálfum Þjóðviljanum var alveg nýlega haft eftir einum af listamönnum þeim, sem einna harðast hafa gengið fram í þeirri deilu, sem er ástæðan til þessa frv., að því færi fjarri, að listamennirnir litu svo á, að þeir einir hefðu vit á listaverkum, og ef þeirra málstaður væri túlkaður frá því sjónarmiði, þá væri það alveg misskilningur á því, hvað fyrir þeim vekti. En ég gat ekki betur skilið heldur en hv. flm. héldi fram þessari að mínu viti furðulegu kenningu, sem málsvari listamannanna svo eindregið afneitaði. Og afstaða manna til frv. hlýtur auðvitað að fara mjög eftir afstöðu til þessa sjónarmiðs.

Ef frv. er, eins og fram virðist koma, byggt á þessari meginhugsun, þá sýnist það vera mjög vanhugsað og illa frá því gengið, vegna þess að þá ætti að láta hverja listgrein ákveða algerlega sjálfa um öll mál, er hana varða, en ekki blanda þeim greinum saman þannig, að t. d. fulltrúi tónlistarmanna á eftir frv. jafnan að hafa atkvæði um málefni, er varða málaralist o. s. frv. Frá sjónarmiði hv. flm. er þetta náttúrlega hugsanavilla og horfið frá þeim grundvelli, sem hann vildi leggja með þessu frv. Enda virtist mér hv. flm. verða dálítið hræddur við þessa kenningu, þegar hann átti að fara að útfæra hana í einstökum atriðum og ekki þora að fylgja henni út í æsar. Ekki að síður ber frv. of mikil merki þessarar hugsunar til þess að þeir, sem um þetta eru á gagnstæðri skoðun við hv. flm., geti verið ánægðir með það.

Ég get fyllilega tekið undir þau ummæli hv. flm., að sá eldur og ófriður, sem um þessi mál

hefur verið undanfarið, er öllum aðilum til ills og verður einhvern veginn að kveðast niður. Og það er sjálfsagt að taka tillit til réttlátra óska og tillagna listamannanna í þessum efnum, og má hvergi ganga á þeirra hlut. En það má þá ekki heldur ganga inn á sérkreddur í gagnstæða átt við það, sem nú er. Og umfram allt vil ég skjóta því til hv. flm., að hann má ekki gera allt of mikið úr hv. þm. S.-Þ. og ætla, að hann verði ekki unninn með venjulegum vopnum, heldur þurfi að girða fyrir áhrif hans með lagabreyt. og öðru slíku. Má að vísu skilja, að þessi hv. þm. sé all-dólgslegur í augum aðstoðarþm. hans. En okkur hinum virðist hann ekki svo ægilegur ásýndum, að við getum búizt við, að fjórum mönnum í n. ætti að vera ofraun að fást við hann, svo að fyrirfram væri hægt að slá föstu, að hann hefði sigur.

En í sambandi við þessa fyrirspurn og að nokkru leyti af tilefni, sem hv. þm. S.-Þ. gaf, þar sem hann fullyrti, að þetta frv. væri sprottið undan rótum, að mér skildist, alþjóðafélagsskapar kommúnista, og þeir hefðu fulltrúa hjá listamönnum, sem stæði að þessu frv., þá vildi ég spyrja hv. flm. að því (**Rödd úr salnum:** Hvort frv. væri frá alþjóðafélagsskap kommúnista), já (hló um leið), gjarnan má spyrja þess einnig, hvort þetta frv. væri flutt samkvæmt beiðni eða í samráði við alþjóðafélagsskap kommúnista og í öðru lagi það, sem ég hafði þó einkum ætlað að grennslast eftir, hvort það er flutt í samráði við þann félagsskap listamanna, sem stóð að listamannaþinginu á dögunum, eða hvort hv. þm. hefði tekið það upp hjá sjálfum sér að flytja frv. Það skiptir minna máli, en fróðlegt væri nú að vita það samt, hvort sá dráttur, sem hefur orðið á framhaldi þessarar 1. umr., væri e. t. v. runninn undan rótum annarshvors þessa félagsskapar, sem hér hefur verið vikið að, alþjóðasambands kommúnista eða listamannaþinginu, og þá hverra fulltrúi í þessu máli hv. flm. er, hvort hann er fulltrúi kommúnista eða þess góða skálds, sem gengið hefur hér um d. og nokkuð hefur þótt hafa hönd í bagga um framgang málsins.

Forseti (StgrA): Út af fyrirspurn þeirri, sem hv. 6. þm. Reykv. beindi til mín sem forseta, vil ég taka fram, að samkv. 53. gr. þingskapa er það vítavert að tala óvirðulega um konunginn eða beira þingið eða ráðherra eða einhvern þingmanna brigzlyrðum. Samkv. þessu orðalagi þingskapanna, þá skilst mér, að þau nái ekki til þess að vernda utanþingsmenn, eins og reyndar er skiljanlegt, heldur aðeins til þeirra manna, sem þarna er talað um. Hins vegar vil ég sem forseti óska mjög eindregið eftir því, að hv. þm. allir hagi máli sínu með fullkominni virðingu fyrir þeim borgurum, sem utan þings eru, þó að það geti ekki farið sérstaklega eftir þingsköpum, heldur eftir siðgæðisvitund og kurteisi hvers þm.

Flm. (Kristinn Andrésson): Ég hafði ekki ætlað mér í sambandi við þetta frv. að ræða almennt um málefni listamanna eða afstöðu Alþ. til bókmennta og lista, fjárveitingar til listgreina o. s. frv. Ég ætlaði ekki heldur að ræða um verksvið menntamálaráðs, heldur aðeins þá breyt. á skipun þess, sem frv. fer fram á, án tillits til þess, hvort Alþ. kann að vilja takmarka eitthvað verkefni ráðsins. Ég er t. d. eindregið þeirrar skoðunar, þó að ég telji ekki ástæðu til að rökstyðja hana að þessu sinni, að Alþ. eigi tvímælalaust að taka laun til skálda og listamanna, sem veitt voru í 18. gr., aftur inn í fjárlögin, þ. e. a. s. Alþ. eigi sjálft, en ekki menntamálaráð, að hafa þetta veitingarvald í höndum. Hins vegar álít ég rétt, að menntamálaráð hafi framvegis úthlutun þeirra styrkja, sem veittir eru frá ári til árs og áður voru í 15. gr. fjárl. En þótt þessi breyting verði gerð, og e. t. v. einhverjar fleiri á verksviði menntamálaráðs, er ég sammála hv. þm. S.-Þ., er hélt mjög undarlega ræðu í þessu máli, sammála honum um það, að stofnun menningarsjóðs og menntamálaráðs hafi á sínum tíma verið spor í rétta átt. Og hv. þm. hefur aldrei fengið álas nokkurs listamanns fyrir að gangast fyrir þessum stofnunum. Hitt er annað mál, að starfsemi þeirra og starfshættir hafa sérstaklega síðustu árin orðið með þeim endemum, að þær hafa mjög brugðizt þeim vonum, sem við þær voru tengdar, og hafa beinlínis undir formennsku hv. þm. S.-Þ. snúizt að mörgu leyti í öfuga átt við upphaflegan tilgang sinn, þar sem formaðurinn hefur haldið uppi ósæmilegum áróðri gegn listum og bókmenntum og ritað mánuð eftir mánuð í senn fáránlegar og hatursfullar greinar um einstaka listamenn í landinu, og hefur á þennan hátt gert alla starfsemi menntamálaráðs svo óvinsæla meðal þjóðarinnar, að undrum sætir, og alveg sérstaklega meðal listamanna, svo að þeir hafa orðið að eyða tíma sínum til þess að bera af sér óhróður formanns þeirrar stofnunar, er sérstaklega átti að vera til þess kjörin að gæta hagsmuna íslenzkrar menningar og listar. Og það er ákaflega „tragiskt", að einmitt sá maðurinn, sem forgöngu hafði um stofnun menningarsjóðs og menntamálaráðs, skuli sjálfur hafa orðið til þess að skapa þessa óvild og fyrirlitningu. En ég vil, að menn varist að fordæma þess vegna stofnanirnar sjálfar, láta þær ekki gjalda þess, að einstaka manni eða mönnum takist að spilla öllu heilbrigðu starfi þeirra og gera þær jafnvel að tækjum til að reyna að hindra þróun bókmennta og lista.

Það er alveg furðuleg sjálfshæðni, sem kom fram hjá hv. þm., þegar hann fór að taka aukin verkefni, sem menntamálaráði hafa verið falin síðustu árin, til vitnis um sívaxandi traust menntamálaráðs. Hann veit það manna bezt sjálfur, að hann hefur gersamlega eyðilagt allt traust á menntamálaráði eins og það er nú skipað. Hvers vegna er hann þá að hæða sjálfan sig? Finnst hv. þm. hann hafa ráð á því? Þegar Alþ. fékk menntamálaráði í hendur úthlutun styrkja til skálda og listamanna 1939, marðist sú ráðstöfun í gegn með eins atkv. meiri hl., og það voru ekki fáir þm., sem lýstu sérstaklega yfir því, að þeir vantreystu menntamálaráði til úthlutunarinnar. Þetta var gert að pólitísku máli og hag listamanna fórnað til þess að geðjast hv. form. Framsfl., sem þá var valdameiri en nú, þegar farið er jafnvel að brenna það, sem hann skrifar og honum ekki einu sinni leyft að birta áramótahugleiðingar í

blaði flokksins. Nei, það var ekki vegna trausts þingsins á menntamálaráði, að það fékk leyfi til að úthluta styrkjum til listamanna. Það var þjóðstjórnarpólitíkin gamla, sem heimtaði þessa breyt. í kúgunarskyni við listamenn, og sjálfur faðir þjóðstjórnarinnar varð að fá einhverju að ráða. Hann var gerður að general yfir þeim fylkingararminum, sem átti að halda rithöfundum og listamönnum í skefjum, umbuna þeim og refsa eftir því, hvort þeir reyndust þægir og auðsveipir þegnar eða ekki. Hv. þm. S.-Þ. ætti ekki sjálfur að vera að draga dár að sér hér í hv. d. og tala um vaxandi traust menntamálaráðs. Hv. d. og þjóðinni allri er allt of kunnugt um allt það vantraust, sem komið hefur fram gagnvart menntamálaráði. Sannleikurinn er, að menntamálaráð er gerrúið öllu trausti.

Ræða hv. þm. var furðuleg að fleiru en þessu. Það voru á henni tvær hliðar. Hv. d. gat að vísu haft skemmtun af henni, ef litið var á hana frá því sjónarmiði, að hv. þm. væri að gera kúnstir frammi fyrir þingheimi, eins og ákveðnar persónur gerðu við hirðir fyrr á tímum. Ræðan var að vísu ekki neitt frábrugðin ýmsum öðrum ræðum þessa hv. þm. eða greinum hans, svonefndum Tíma-kjöllurum eða langhundum. Ef til vill má segja, að hv. þm. hafi verið með stilltara móti, þegar umræður hans snúast um þessi mál. Það er ekki einu sinni víst, að þessi ræða, ef hún hefði verið skrifuð og send Tímanum, hefði verið talin brunahæf, og þegar litið er á skoplegu hliðina, þá er það sannarlega ódýr skemmtun fyrir hv. d. að hlusta hér á útskýringar þm. á skáldskap og öðrum listum, sjónarmiðið er svo frámunalega kyndugt. Það er t. d. furðulegt, að maður, sem alla ævi hefur verið að bögglast við að skrifa um listir, skuli vera alger óviti á þessu sviði og ekki hafa neina hugmynd um, hvað er skáldverk eða listaverk. Ég hef verið að hugsa um, hvaða sjónarmið hann í rauninni hafi. Mér finnst hann helzt tala um skáldsögur eins og markaskrár. Hann virðist alltaf vera að leita uppi eyrnamark og eiganda að hverri persónu, sem hann les um, kemur aldrei auga á neitt listrænt sjónarmið. Ég veit ekki, hvernig stendur á þessu markatöflusjónarmiði hv. þm. Og svo eru einstakar persónur í sögum, sem hafa svo mikið aðdráttarafl fyrir hann, að hann rennur á þær eins og lax á flugu. Ein er þó sú persóna, sem hann er allra ginnkeyptastur fyrir og hefur ótrúlega mikið aðdráttarafl, — það er Pétur Þríhross —, hvort sem það er af því, þegar litið er á markatöflusjónarmið hv. þm. á allan skáldskap, að hann þykist kenna á Pétri Þríhross eyrnamark sín sjálfs. Og þá er ekki óskemmtilegra, þegar kemur að myndlistinni. Þar er það Þorgeirsboli, sem hefur sama aðdráttaraflið sem Pétur Þríhross, hvernig sem menn vilja nú halda, að á því standi. Auk þessara aðlaðandi persóna, sem ég nú hef nefnt, eru ýmis smáatvik alveg sérstaks eðlis, sem þessi hv. þm., formaður menntamálaráðs, veitir alltaf athygli, og geri ég ráð fyrir, að kenningar Freuds mundu helzt geta skýrt þetta. Einn fyrrv. alþm. sagði mér þá sögu, rétt eftir að hún gerðist, að hv. þm. S.-Þ. fór að afloknu þingi til Þingvalla og hafði með sér Sjálfstætt fólk til að lesa og geta notið þess í næði, skyldi maður ætla. Sama kvöldið og hann kom aftur frá Þingvöllum, hringdi hann upp þingmanninn, er sagði mér frá þessu. Hafði hann þá lesið skáldsöguna, og var það eitt atriði, sem hafði festst í huga hans og striddi á sálina, og atriðið var um Gvend í Sumarhúsum og dóttur kaupfélagsstjórans, er þau hvíldu sig í grænum hvammi við vatn, og það, sem hann vildi fá að vita í þessu sambandi, spurningin, sem hann bar upp við vin sinn, er hann taldi skilningsgóðan á svona hluti, var þessi: Heldurðu, að strákurinn hafi haft öll gögn og gæði af stelpunni í hvamminum? Um annað hafði hann ekki að ræða viðvíkjandi skáldsögunni.

Það getur sem sagt verið nógu skemmtilegt til þess að kynnast sálarlífi hv. þm. að heyra hann vera að útlista skáldskap, segja upp aftur og aftur söguna af Pétri Þríhross og Þorgeirsbola og ýmisleg atvik, sem snerta hann svo djúpt, að hann er ekki í ró fyrr en hann hefur fengið tækifæri til að bera þau upp við aðra. En þetta snýst samt upp í að verða óskemmtilegt, þegar á það er litið, að formaður menntamálaráðs á í hlut. Og það er meira en óskemmtilegt, það verður alvörumál, þegar þess er gætt, að allt þetta sálfræðilega krydd er í þjónustu málflutnings, sem hefur það eitt að markmiði að ófrægja og rógbera íslenzka listamenn og rithöfunda.

Hv. þm. er alltaf að flytja þann boðskap þjóðinni, í hverri ræðu sinni af annarri hér á Alþ., að íslenzk nútímalist sé óþjóðleg og úrkynjuð. Hann sagði í ræðu sinni um daginn í tilefni af þessu frv., að listamenn væru vesalingar, skríðandi hópar o. s. frv., þeir gætu ekkert í listum. Hann sagði um Bandalag íslenzkra listamanna, að það gæti enginn félagsskapur heitið, meiri hluti íslenzkra listamanna stæði utan við það og náttúrlega þeir beztu. Hann komst svo langt að telja upp fjóra listamenn, sem hvorki vildu heyra né sjá þennan félagsskap: Einar Jónsson, Davíð Stefánsson, Jóhannes Kjarval og Sigvalda Kaldalóns. Allir þessir menn eru í bandalaginu, og einn þeirra hélt ræðu á listamannaþinginu. Ég hef enn fremur fulla ástæðu til að halda, að enginn þessara listamanna kæri sig um það að vera auglýstur sem fjandmaður bandalagsins af þessum hv. þm. né þyki sómi að því að vera talinn mikill listamaður af honum. Það er ekki langt að leita að þeirri fyrirmynd, sem hv. þm. sækir til aðferðir sínar í árásum á listamenn. Það er alkunnugt, hverjir það eru, sem á undanförnum árum hafa verið að stimpla list nútímans óþjóðlega og úrkynjaða og halda sýningar á úrkynjaðri list. Það eru fasistar og kvislingar, sem þessi ódæðisverk fremja og fyrirmyndin er sótt til. Tímaritið Helgafell benti í fyrra á líkinguna með aðferðunum, sem formaður menntamálaráðs er farinn að beita, og aðferðum fasistanna. Vil ég með leyfi forseta lesa hér svolítið brot úr greininni.

„Það er ekki fyrr en með svartasta afturhaldi 20. aldarinnar, sem ómenntaðir ríkisvaldhafar hafa lögfest ákveðnar listastefnur, en bannfært aðrar, eins og gert hefur verið í Þýzkalandi nazismans, en þar hafa listamenn sætt líkamlegum refsingum fyrir að handleika pensilinn öðruvísi en foringjanum þóknast, jafnframt því, sem verk

ýmissa helztu meistaranna hafa ýmist verið seld út úr landinu til ágóða fyrir nazismann eða verið lokuð niðri í dimmum kjöllurum, þar sem þau hafa ekki getað angrað fegurðarsmekk manna. Í júlí 1937 var enn fremur í Þýzkalandi haldin sýning á úrkynjaðri list, sem svo var kölluð, og skyldi hún vera listamönnum og öllum almenningi til viðvörunar, enda var þar, að dómi kunnáttumanna, flest það saman komið, sem lífvænlegast mátti teljast í þýzkri nútímalist. Samtímis var opnuð þar önnur sýning á svo kallaðri þýzkri list, fyrirmyndarlistinni, en við það tækifæri hélt foringinn ræðu, þar sem hann virðist hafa orðið fyrir ótrúlega miklum áhrifum af íslenzkri listgagnrýni, eins og hún hefur komið blaðalesendum fyrir sjónir síðustu mánuðina. Í ræðu sinni lýsti hann brautryðjendunum í listastefnum nútímans sem „lánleysingjum, sem guð hefur synjað um alla getu til að skapa listaverk og yfirleitt synjað um alla hæfileika til annars en þess að skruma og blekkja". (Þeir geta bara skrökvað). Hann kvað sig meira að segja hafa séð verk eftir „klessumálara, sem þykjast hafa reynslu fyrir bláum engjum, grænum himni og brennisteinsgulum skýjum". Og hann bætti við: „Ég ætla mér ekki að rökræða við þessa sjónvilltu menn, en ég vil í nafni þjóðar minnar leggja blátt bann við því, að þessum grátlega ógæfusömu mönnum gefist tækifæri til að halda áfram að blekkja landslýðinn og telja honum trú um, að það, sem þeir gera, sé list".

Það er eftirtektarvert, að tæpum sjö árum eftir að þessu fer fram í Þýzkalandi Hitlers, er sams konar sýning á úrkynjaðri list haldin í alþingishúsinu í Reykjavík. Að vísu er ekki að fullu kunnugt, hvers konar ræður hafa verið fluttar við það tækifæri, en hvað sem um það er, þarf tæplega mikinn skarpleik til að sjá, hvorum megin Hitler mundi skipa sér í taugastríði því, sem nú stendur um íslenzka myndlist, og má það vera báðum aðilum nokkur huggun. En þó að listamennirnir sjálfir og fjölskyldur þeirra telji sig það nokkru skipta, hvort þeir eigi að fá að halda lífi og limum í þessu þjóðfélagi eða ekki, mundi hitt þó varða alla þjóðina meir, ef úrslit þessarar baráttu gætu talizt vísbending um það, hvers andlegs frelsis menningin í landinu mætti vænta sér í framtíðinni. Og það er viðar en gagnvart myndlistarstefnu, sem ofbeldishneigð og einræðishyggja virðast vera að leita fyrir sér í þjóðfélaginu. Meðal annars hafa komið fram raddir um, að lögbjóða beri ýmsar hömlur á efnisvali, stíl og málfari rithöfunda, og þyrftu þá þeir tímar ekki að vera langt undan, að það yrði algengt að sjá ung og feimin ljóðskáld labba sig upp í dómsmálaráðuneytið til að fá staðfestingu á síðasta ástaljóði sínu, en væntanlega yrðu þó öll stærri skáldverk tekin fyrir á ráðherrafundi." (Þetta er í aprílhefti Helgafells 1942.)

Ég tel það skyldu Alþingis að gera sér grein fyrir, hvers konar aðferðum hér er farið að beita gagnvart íslenzkri list og listamönnum, og gera sér grein fyrir frá þjóðlegu sjónarmiði og sjónarmiði íslenzks sjálfstæðis, hvílík skaðsemdarstarfsemi það er að standa fyrir ofsóknum gegn bókmenntum og listum á þessum tíma.

Hv. þm. S.-Þ. vill lauma þeirri hugsun inn hjá þingmönnum, að nútímalistin standi á lágu stigi og listamenn eigi ekkert félag og því sé ekkert mark takandi á þeim. Þetta er slæm iðja og hættuleg, mjög ósamboðin þingmanni. Sannleikurinn um íslenzka nútímalist og bókmenntir er sá, að þær standa á mjög háu stigi. Við eigum ótrúlega marga afburðamenn á sviði lista og höfum átt á þessari öld, og ég vil alls ekki láta hjá líða að vekja athygli hv. d. á þessu.

Hv. þm. taldi, að ekkert dæmi væri hægt að nefna um rökstudda aðfinnslu við menntamálaráð. Ég segi ekki annað en það, að það þarf kjark til af form. menntamálaráðs að bera slíkt fram hér í hv. d. Það er eflaust ágætur eiginleiki að geta endalaust barið hausnum við steininn, og aðferð, sem getur komið sér vel nokkurn tíma, að viðurkenna engan ósigur.

Ég get tekið undir það með hv. 6. þm. Reykv., að það er í raun og veru lítt skiljanlegt, þar sem fjórir menn ættu að geta staðið á móti hv. þm. S.-Þ. einum í menntamálaráði, að hann skuli fá svo miklu ráðið þar. En þar held ég, að Sjálfstfl. þurfi fyrst og fremst að líta í eiginn barm, og væri ekki úr vegi fyrir hann að skipta um menn í ráðinu og hafa þar þá menn, sem eru eitthvað sterkari en þeir hafa reynzt þar.

Annað vil ég benda á í tilefni af þessu frv., að orsökin til þess, að þetta ástand, sem skapazt hefur í sambandi við menntamálaráð, skuli hafa orðið til, liggur áreiðanlega að nokkru leyti í því, hvernig til ráðsins er kosið. Og til þess að reyna að koma í veg fyrir, að það ástand geti verið til, er þetta frv. flutt, eins og ég hef tekið fram.

Hv. 6. þm. Reykv. hélt því fram, að það mundi vaka fyrir mér aðallega með flutningi þessa frv. að ráðast á hv. þm. S.-Þ. og frv. væri beint að mestu gegn honum persónulega, og hann sagði, að einn fyndinn þm. hefði sagt, að það hefði eins mátt flytja frv. þess efnis, að bannað væri, að Jónas Jónsson væri í menntamálaráði. Þetta er nú ekki rétt hjá hv. þm. Þetta mál er miklu alvarlegra en svo, að það beinist þannig að persónu Jónasar Jónssonar, hv. þm. S.-Þ., sérstaklega, þrátt fyrir þó að maður verði að ræða svo mikið um hana. Fasistum t. d. virðist þykja það ágætlega henta á austurvígstöðvunum núna að viðurkenna ekkert undanhald og ekki missi neins vígis. Hið sama getur kannske komið hv. þm. vel í svipinn. En þótt hann vilji enga ósigra viðurkenna og ekkert undanhald og ekki missi neins vígis, þá getur hann ekki afmáð bölvaðar staðreyndirnar, og honum þýðir ekki neitt að vera að bera það fram hér í hv. d., að hann standi enn teinréttur og ósigraður og flekklaus. Til þess hafa hrakfarirnar verið allt of auðsæjar.

Vill hv. þm., að ég fari að lesa upp aftur úr skjali myndlistarmanna dóm þeirra um hæfni menntamálaráðs til að velja myndir og skilning þess á listum.

Ég skal aðeins nefna hér eina ferð menntamálaráðs til myndlistarmanns, er þeir ráðsmennirnir ætluðu að velja hjá honum mynd til kaups. Hann sýndi þeim málverkin, og þeir spigsporuðu um salinn og hvesstu sjónir á myndirnar. Mest bar á formanni, og lét hann óspart uppi við lista-

manninn, að illa geðjaðist sér að framleiðslu hans og taldi enga mynd kaupandi. En einhverja varð helzt að taka, og málið leystist: formaðurinn kom auga á mynd frá Blönduósi og keypti hana af því, að þar sást vegarspotti, sem verið höfðu pólitísk átök um, þegar hann var lagður. Þar speglaðist sjónarmið hv. þm. á myndlistinni.

Hv. þm. finnst það sýna sérstaka verðleika menntamálaráðs, að það lækkaði ekki styrkina nema við fáa listamenn, og sennilega enn þá meiri verðleika, að það bætti ýmsum mönnum við og pírði nokkrum hundruðum kr. í marga. Honum finnst það sennilega afrek til að státa af í framtíðinni að hafa lækkað launin til Halldórs Laxness úr 5000 kr., sem Alþ. veitti honum, niður í 1800, og meta hann þannig sem rithöfund að jöfnu við Ólaf Friðriksson. Eins finnst honum sennilega frægð í því að láta lækka styrkinn til Þorbergs Þórðarsonar úr 2500, er Alþ. hafði veitt honum, niður í 1800 kr. og upphæðina til Sigurjóns Friðjónssonar úr 1000 kr. niður í 500. Fyrsta árið átti að sýna rausn gagnvart Gunnari Gunnarssyni, og honum voru veittar 4000 kr., en hann þótti ekki sýna nógu mikla auðsveipni og var lækkaður í verði og fékk ekki nema 3000 kr. næsta árið, en kjarkurinn entist ekki til að fara lægra með hann. Ágæt viðurkenning þótti gagnvart Theodóri Friðrikssyni, er hann hafði lokið ævisögu sinni, að lækka styrkinn handa honum úr 1500 niður í 800. Það eru frábærir verðleikar ráðsins, ef ekki skyldi vera hægt að telja upp mörg dæmi í viðbót um úthlutunarstarf þess. Formaður þess hefur hvað eftir annað auglýst opinberlega, að það væri skylda ráðsins að refsa þeim höfundum, sem hefðu aðrar pólitískar skoðanir en honum þóknuðust. En seinna virðist reyndar þessi skoðun hafa snúizt svo í kollinum á honum, að allir væru þjóðhættulegir menn, sem ekki fengjust til að dást að honum persónulega, og hlýtur þá að verða erfitt fyrir hann að veita nokkrum styrk hér eftir.

Ætli mætti þá ekki minna á bókaútgáfu ráðsins? Skyldi hún geta fengið rökstuddari aðfinnslur en þær, að almenningur hefur orðið mestu skömm á fyrirtækinu, þykir Viktoria drottning og Arabíu Lawrence ekkert sérstaklega þjóðlegir fánar fyrir þjóðarútgáfunni og getur ekki fengið sig til að dást að útgáfu hv. þm. á Jónasi Hallgrímssyni, og kemur þar enn fram markatöflusjónarmiðið, sem einkennir bókmenntasmekk þessa manns.

Og hvað skyldi koma á daginn, ef reikningar menntamálaráðs væru rannsakaðir, og teldi ég beinlínis ástæðu til, að Alþingi krefðist þeirrar rannsóknar. Er menntamálaráð eitt sinn fékkst til að birta tölur sér í varnarskyni gegn ákærum myndlistarmanna, vöktu þær miklar grunsemdir. Skýrsla yfir listaverkakaup Menningarsjóðs þau 13 ár, er hann þá hafði starfað, sýndi, að af heildartekjum listdeildarinnar, kr. 206 812.00 (að frádregnum greiðslum ákveðnum með sérstökum lögum), kom rúmur þriðjungur hvergi fram, kr. 71 000.00 (eins og myndlistarmenn sýndu fram á í svari til menntamálaráðs, Mbl. 22. maí 1941). Menntamálaráð reyndi að klóra yfir þetta, og einhverju formi var komið á reikningana, en formaður Bandalags íslenzkra listamanna hefur borið það fram opinberlega, að reikningarnir væru ekki með felldu. Og hvernig skyldu vera fjárreiður bókaútgáfunnar? Hvaðan fær hún allt það fé, sem hún hlýtur að hafa þurft á að halda, þar sem árgjald félagsmanna helzt alltaf í 10 kr. þrátt fyrir alla dýrtíð?

Og enn vildi ég bæta við. Hvernig er hægt að auglýsa betur algert hæfileikaleysi, svo að ekki sé meira sagt, en með sýningunni, sem menntamálaráð hélt til samanburðar góðri list og úrkynjaðri list?

En þrátt fyrir allt þetta klígjar ekki hv. þm. S.-Þ., form. menntamálaráðs, við því að segja, að engar rökstuddar aðfinnslur hafi komið fram gegn starfsemi menntamálaráðs. Og hvernig skyldi hún þá hafa verið, ef hann hefði alltaf fengið að ráða, og aðrir ráðsmenn ekki þó nokkrum sinnum hindrað verstu afglöpin?

Enn fáránlegri þó en störf ráðsins og það, sem mesta andstyggð hefur vakið meðal hugsandi Íslendinga, eru skrif formannsins: fáfræðin, sem þar speglast, níðið og rógurinn um listamenn.

Sjálfur sýkillinn, sem menntamálaráð, eins og það hefur verið skipað, ber í sér, er afstaðan gagnvart listamönnum, tilraunirnar til að beita þá andlegri kúgun. Þessir listamenn, sem á einhvern hátt hafa ekki þótt nógu auðmjúkir, hafa verið lagðir í einelti, þeim skyldi refsað með rógskrifum, styrksviptingum eða á annan hátt. Í stað samvinnu milli listamanna og þeirra, sem fara með málefni þeirra fyrir hönd Alþ., hefur skapazt úlfúð og ófriður, sem orðinn er að þjóðarsmán. Ég veit, að ýmsum er gjarnt að halda, að formaður menntamálaráðs beri hér einn alla sök, en þetta ástand er samt á ábyrgð þeirra allra, sem í ráðinu hafa setið. Og það er annað, sem ég vil benda á og er líka tilefni þessa frv., að sökin á því, að svona ástand skuli geta orðið til, liggur áreiðanlega að nokkru leyti í því, hvernig ráðið er skipað. Ég skal ekki bera brigður á, að það hafa valizt a. m. k. í meiri hluta þessa ráðs alveg ótrúlega óheppilegir menn, og maður á erfitt að hugsa sér, að það gæti endurtekið sig önnur eins formennska og þar hefur verið síðustu árin, en ég er líka viss um, að þetta hefði ekki getað átt sér stað, ef listamenn hefðu átt þá íhlutun í ráðinu, sem farið er fram á í því frv., sem hér er til umræðu. Og það verður skilyrðislaust að tryggja strax á þessu þingi, að komið verði í veg fyrir það ástand, sem ríkir í þessum málum nú.

Ég kemst ekki hjá því að víkja með örfáum orðum að hv. þm. S.-Þ. Það er í sjálfu sér mjög raunalegt, hvernig fyrir honum hefur farið. Hann var um tíma nýtur maður, sem lagði ýmislegt gagnlegt til menningarmála, þótt reyndar hafi verið allt of mikið úr því gert. Nú hefur þessi framtakssami maður stofnað sér í sífellt meiri ógöngur. Hann hefur leiðzt út í þær lengra og lengra, eins og alls ekki getað við sig ráðið, einhver geðofsi eða illur andi tekið af honum alla stjórn. Það er afskaplega sorglegt fyrir þá, sem ekki vilja honum neitt illt, að horfa upp á þetta. Í ræðu sinni var hv. þm. tíðrætt um „kommissara“ í rússneska hernum, og þótti

honum stafa af þeim margt illt, enda kemur það alveg heim við það, sem margsinnis hefur verið haldið fram í fregnum þýzka útvarpsins. Það sagði meðal annars þá sögu af einni rússneskri herdeild, er Þjóðverjar áttu í höggi við, að þeim þótti óskiljanlegt, að hún fékkst ekki til að gefast upp, þótt þeir gætu ekki látið sér detta annað í hug en hermennirnir væru allir orðnir sundurskotnir, þó að þeir flýðu ekki. Og þegar Þjóðverjarnir komu á orustustaðinn, þá sáu þeir, hvers kyns var. Rússnesku kommissarnir, pólitísku fulltrúarnir, höfðu látið þá sjálfa grafa sig niður í jörðina, svo að ekki stóð upp úr nema axlir, höfuð og hendur, er þeir héldu með um byssurnar. Þannig var þeim varnað að gefast upp og flýja. Ég er hræddur um, að það sé eitthvað svipað með háttv. þm. S.-Þ. Það er eitthvert harðneskjulegt og illt afl, sem stjórnar honum og fyrirskipar, einhver óhollur og óþjóðlegur andi kominn í hann. Og það skyldi þá aldrei vera hlaupinn í hann rússneskur kommissar? Í rauninni er hv. þm. alltaf að grafa sig dýpra og dýpra í jörð, svo að það er ekki mikið, sem upp úr stendur. Og hver hefur komið honum til þess? Það eru engir aðilar utan að, sem hafa stjórnað þessu. Það hlýtur að vera eitthvað illt afl, er stendur að baki hans, eitthvað, sem honum er þó ekki sjálfrátt og gæti eftir lýsingu hans og þýzka útvarpsins verið einhver rússneskur kommissar? Hvernig sem á er litið, er mjög illa komið fyrir hv. þm. Hann er kominn í verstu ógöngur, er verða því ægilegri, ef hann heldur lengra áfram. Það er gersamlega vonlaust fyrir hann að ætla sér að kúga listamenn. Ef hv. þm. snýr ekki við strax, það eru allra síðustu forvöð fyrir hann, þá getur enginn máttur bjargað honum. Ég vildi mjög ráðleggja honum að snúa við og hætta allri úlfúð gegn listamönnum, sjá að sér, áður en það er um seinan, verða því fylgjandi, að 18. gr. verði aftur tekin í fjárlög, styðja framgang þessa frv. og málstað listamanna, hver sem ber hann fram. Þá mundi fyrnast yfir þetta svarta tímabil í æviferli hans, er hann var eins og haldinn af illum anda. Önnur leið er ekki til en snúa við. Á íslenzkri list vinnur hv. þm. ekki, gáfur Íslendinga til að skynja og meta list getur hann ekki bælt né kúgað, íslenzka listamenn fær hann heldur aldrei til að hlýða fyrirskipunum sínum. Hann hlýtur að sjá, hvað það er vonlaust verk, sem hann er að vinna. Og því þá ekki að taka upp hið eina ráð, sem er til, sjá að sér, brjóta odd af oflæti sínu, reka út hinn illa anda, gerast nýr maður?

Það er auðvitað hægt að koma fram með aðfinnslur við þetta frv. og velta vöngum yfir því, hvort ekki muni vera annað form heppilegra. Í öðru lagi hafði hv. 6. þm. Reykv. skilið svo ummæli mín í fyrri ræðu minni, að ég hefði álitið, að listamenn væru utan við þjóðfélagið og þetta frv. fæli í sér þann misskilning, að þjóðfélaginu kæmu listamennirnir ekkert við.

Ég vil taka undir skoðun hv. 6. þm. Reykv. á listamönnum og afstöðu þeirra til þjóðfélagsins. Ég get viðurkennt það allt. En þó að listamennirnir eigi fulltrúa í menntamálaráði, þá felst alls ekki í því, að þeir vinni einangraðir og utan við alþýðuna. Það er nú svo, að margar listir eru hér í bernsku og varla von, að allur almenningur beri skyn á þær enn þá. Svo er t. d. um myndlistina, og það er af því, sem myndlistarmenn vilja sjálfir fá fulltrúa við val listaverkanna.

Hér er t. d. ekkert listaverkasafn. Ef myndlist hefði blómgazt hér lengi og listaverkasafn væri til, þá hefði forstjóri þess verið sjálfkjörinn fulltrúi myndlistarmanna við val listaverka. Ég tek þessa listgrein til dæmis, af því að mestur styrinn hefur staðið um hana.

Frv. mitt byggist því alls ekki á þeirri skoðun, að listamennirnir eigi að starfa utan við alþýðu manna, heldur miðast það við ástand það, sem nú er í landinu. Hins vegar má auðvitað að því finna. En ég hef hugsað talsvert um þetta mál og tel, að þetta sé bezta lausnin, að jöfn hlutföll séu í menntamálaráði milli fulltrúa listamanna og þeirra, er kosnir eru af Alþ., og það er óeðlilegt, að leikararnir séu undanskildir, sem eru ein deild bandalagsins.

Um úthlutun utanfarastyrkja til stúdenta og annarra er það að segja, að það er ekki viðkomandi listamönnum, og gæti ég fallizt á, að fulltrúar listamanna sætu ekki á þeim fundum. Og það, að ekki hafa komið fram aðfinnslur á þessum störfum menntamálaráðs, gæti það ekki einmitt legið í því, að fulltrúi stúdenta, rektor Menntaskólans í Reykjavík, á sæti í ráðinu?

Ástandið í þessum efnum er óviðunandi og hv. Alþ. til vansæmdar að gera ekkert í því, að listamenn hafa hvað eftir annað kært ráðið til þingsins og sent Alþ. áskoranir út af því.

Hv. 6. þm. Reykv. gerði þá fyrirspurn til mín, hvort ég flytti þetta frv. að tilhlutun alþjóðasambands kommúnista eða bandalagi íslenzkra listamanna. Ég get sagt hv. þm., að um hvorugt er beint að ræða.

Ég veit ekki, við hvern hv. þm. sagðist hafa talað, en býst við, að það hafi verið Helgi Hjörvar. En það er rétt, að málinu hefur verið frestað í nokkra daga.

Ég vil enn þá ítreka, að það er algerlega óviðunandi ástand, sem ríkt hefur í þessu efnum undanfarið, að listamenn skuli þurfa að klaga yfir menntamálaráði á hverju ári. Ég sé ekki, að Alþ. geti daufheyrzt við þessu lengur. Það hefur oft þótt bera við, að formaður ráðsins hafi hringt listamenn upp og ausið yfir þá skömmum, að ekki sé nú minnzt á Blátúnsförina. Þá hótaði hann að taka húsið af Jóni Þorleifssyni málara, hrinti honum og annað, sem allir vita um þá för. Yfirleitt hefur menntamálaráð komið sér svo illa í skiptum sínum við listamenn, að um það ganga alls konar hæðnisögur. Aðaliðja formanns ráðsins hefur verið rógburður um listamennina og að óvirða íslenzka menningu. Ég skora á hv. d. að láta sér skiljast, hversu alvarlegt þetta mál er.

Ég endurtek þetta, að ég skora á hv. d., í nafni þjóðarheiðurs og menningar okkar, að hún virði sjónarmið listamannanna og taki upp málstað þeirra.

Bjarni Benediktsson: Ég vildi fyrst geta þess, að hv. 5. landsk., sem ekki á sæti í þessari d.,

en er í menntamálaráði, bað mig um að taka það fram fyrir sína hönd út af ummælum hér *um falsaða reikninga ráðsins, að hann óski eftir* ýtarlegri og hlutlausri rannsókn um þetta, hvort það fái staðizt eða ekki. Þetta áleit ég rétt, að kæmi fram.

Ég vil jafnframt geta þess, að ég tel miður farið, að umræður um menntamál skuli ekki geta farið fram á hófsamlegri grundvelli en raun hefur hér á orðið, þótt ýmsu sé hér nú áfátt í andlegum efnum. En að tala um falsanir og fjárdrátt er lengra gengið en sæmilegt og leyfilegt er, nema fyrir liggi beinlínis gögn, sem sanna þau orð um leið og þau eru töluð. Ég get auðvitað ekki dæmt um, hvað rétt sé í þessum áburði, en þó mun þessi málaflutningur í frekasta lagi og bendir á, að meira séu þessi mál sótt og varin með kappi en forsjá. Þessa vildi ég geta.

Ég ætla ekki að munnhöggvast við hv. flm., enda gaf síðasta ræða hans ekki tilefni til þess. Hins vegar vil ég vekja athygli hv. dm. á því, að hann hvarf frá orðum þeim, er voru tilefni fyrirspurnar minnar, að listamenn einir ættu að taka sæti í ráðinu. Ég vildi fá upplýsingar um, hvort frv. væri byggt á þessu, eins og mér virðist. Ég tel kenningu hans fráleita og fjarstæða eðli listanna frá sjónarmiði almennings. Ég lýsi ánægju minni yfir því, að hv. flm. hvarf frá þessari yfirlýsingu. En það haggar því ekki, að yfirlýsingin kom fram, og því kvaddi ég mér hljóðs.

Annars vil ég segja, að eftir þessari ræðu hv. flm. að dæma, þá mun það ofmælt hjá hv. þm. S.-Þ., að flm. sé útsendari kommúnista og að málið hafi verið tafið af dularfullum ástæðum. Ég álít augljóst, hvers vegna málinu hefur verið frestað. Það mun hafa verið til þess, að hv. flm. fengi tíma til að semja þennan reiðilestur, sem hann les hér, en ekki vegna dularfullra alþjóðasamtaka. Þetta sýnir vel kappið á báða bóga, sem ég held, að hljóti að jafnast eitthvað, ef þingið sýnir umburðarlyndi og lofar báðum aðilum að létta af sér.

Þó verður það að vera innan takmarka velsæmisins, en út fyrir þau munu þó báðir hafa farið.

Jónas Jónsson: Ég ætla að víkja fáeinum orðum að síðasta ræðumanni, sem kom hér með nýjar skýringar að sumu leyti uppbyggilegar, en að sumu leyti byggðar á misskilningi. Hann áleit, að þessi kommúnistaklíka setti mig of hátt, gerði of mikið veður út úr minni persónu. Hann minntist á hinn skrifaða reiðilestur, að prófessor við háskólann hefði eytt á mig dýrmætum formála og eftirmála í nýútkominni bók, og jafnvel ríkisstjórinn minntist á mig í annars kristilegri ræðu.

Þar kom fram sú uppástunga að prenta Fjallræðuna í dagblöðunum. Ég held, að kommúnistar ættu að prenta hana í Þjóðviljanum, klippa hana út og hafa hana á kommóðunni hjá sér. Að því leyti styð ég þetta, ef það þá kæmi að nokkru gagni.

Hv. þm. taldi það ekki nógu kristilegt, að tala um vesalinga. Ég vil benda honum á, að ekki ósnjallari maður en Þosteinn Gíslason notaði þetta orð fyrir titil á hinn alkunnu bók Victor Hugo á íslenzku. En það er gott og myndarlegt fólk, sem bókin fjallar um. Þegar báðir þessir menn nota þetta mál, þá mætti þetta nú virðast óþarfa viðkvæmni hjá borgarstjóranum, sem þarf þó auðvitað að hugsa um sína undirsáta. En það, sem styður þó bezt þessa málsnotkun mína, er það, að þeir, sem við er átt, eru vondir listamenn og enn þá verri rithöfundar.

Ræða hv. þm. gekk réttilega í þá átt að afsanna þá skoðun kommúnistanna, að engir hefðu vit á list nema listamennirnir sjálfir. Þá sveigði hann að því, að kapp væri of mikið í þessu máli, eins frá minni hlið. En mætti ég benda borgarstjóranum á það, að í hans eigin borg eru kommúnistar með sífelldan ófrið, og árið 1932 gerðu þeir svo mikinn aðsúg að fyrirrennara hans með barsmíð og spýtum, að það m. a. varð til þess, að hann dró sig til baka frá starfi sínu. Ófriður þeirra gegn þjóðfélaginu er hinn sami og gegn K. Zimsen, sem ekkert hafði til saka unnið.

Hins vegar vil ég snúa hinum vinsamlegu orðum hans til mín til hans aftur og segja: Að vísu hefur nokkurt orðaskak komið fram gegn menntamálaráði frá hendi kommúnista, en svo gæti farið, að þeir hefðu í frammi spýtnaskak gegn honum sjálfum áður en langt um liði, og mundi ég þá ekki hvetja hann til að láta undan meir en réttlátt væri og efni stæðu til.

Menntamálaráð hefur hvað eftir annað óskað eftir sönnunargögnum fyrir því, að það hafi staðið illa í stöðu sinni, en þau hafa ekki komið. Nú síðast fyrir skömmu skoraði dr. Guðm. Finnbogason á málsvara hinna óánægðu að færa þessum aðdróttunum stað með sönnunum. Nú ætla ég að vekja athygli á því, að ástæðurnar fyrir uppsteit kommúnista í þessu efni eru fjármunalegs eðlis. Það skyldi enginn láta sér detta í hug áhuga þeirra fyrir listunum. Hitt er sannara, að þeir þykjast fá of lítið fé. Það sannar *þetta bezt, að varla hefur verið lækkaður styrkur* til nokkurs listamanns síðan 1939, heldur bætt nýjum við, þótt styrktarféð væri sem næst óbreytt að upphæð.

Þetta er þung röksemd á móti óánægju þeirra og staðleysum.

Í menntamálaráði höfum við reynt að hafa nokkra flokkun á listamönnunum, svo að styrkur hvers og eins væri síður háður tilviljunarkenndri atkvæðagreiðslu, sem stundum þekkist hér, þegar nýir þm. koma og róið er í þm. Þess eru dæmi, að aðstandendur manna hafa róið í þm. til að útvega styrki. T. d. Arnór Sigurjónsson. Honum tókst að fá 8 menn hér í d. í lið með sér til þess að útvega föður sínum skáldastyrk, sem er lítið skáld. Og svo átti þetta að vera heilög ákvörðun.

Þá ætla ég að byrja á hæsta flokknum. Þar eru þessir menn með kr. 3000.00 í grunnstyrk óbreytt frá 1939: Ásgrímur Jónsson, Ríkarður Jónsson, Ásmundur Sveinsson. Guðmundur á Sandi hafði áður kr. 1800, Guðmundur Kamban 1800, Kristmann Guðmundsson hafði 1800, Jóhannes Kjarval hafði ekki neitt, Tómas Guðmundsson hækkaði um 2000. Þessir hafa nú allir 3000 krónur á ári.

Svo eru nokkrir með óbreyttar upphæðir, sem mætti nefna, t. d.: Jón Stefánsson listmálari, Ríkarður Jónsson myndhöggvari, Ásgrímur Jónsson listmálari og Ásmundur Sveinsson myndhöggvari. Það eru þessir 4 með óbreyttar styrkupphæðir.

Nú eru skiptar skoðanir um það, hvort þessir listamenn: Davíð Stefánsson, Guðmundur Friðjónsson, Gunnar Gunnarsson og Kristmann Guðmundsson, séu allir jafngóðir. A. m. k. mætti segja, að hallað sé á einhverja þeirra með því að gera þá alla jafna. Nú vil ég benda á, að Gunnar Gunnarsson er sá, sem lengst hefur búið erlendis. En við höfum ekki látið hann gjalda þess. Guðmundur Kamban ritar um íslenzk efni og ritar gott íslenzkt mál. En Jón í Blátúni og svoleiðis fólk og Páll Skúlason, þeim hefur yfirsézt, að nokkur ástæða væri til að muna eftir Kamban og Gunnari. Þeir, sem úthlutuðu styrkveitingum til listamanna á undan menntamálaráði, gleymdu Kamban. En svo koma óvaldir stráksk úmar og kvarta yfir því, að við höfum ekki gert nógu vel við Gunnar Gunnarsson, þó að menntamálaráð hafi orðið fyrst til að veita honum viðurkenningu ótilkvatt. Hinir höfðu aldrei borið fram tillögu um styrk til slíkra manna, hvorki í þinginu né annars staðar.

Fyrst við erum að tala um þetta af nokkurri skynsemi, þó að kommúnistar geri það að vísu ekki, þá má minna á Guðm. Friðjónsson, sem er gott skáld, og Sigurjón Friðjónsson, sem er lítið skáld. Við vildum hækka Guðmund úr 1800 kr., en það var mjög löng barátta. Það var að vísu seint fyrir svo gamlan mann að fá ekki viðurkenningu fyrr. En ég hygg, að sá verði dómur fólksins síðar, að við höfum gert rétt að sýna þessu aldna skáldi þessa viðurkenningu, þó að seint sé, því að hann er með fremstu mönnum í þeirri grein, ekki sízt fyrir meðferð málsins. Sigurjón er að vísu merkismaður í sumum greinum, t. d. er hjá honum góð meðferð málsins, en hann er lítið skáld. Menn verða sem sé að athuga það, að við höfum ekki ótæmandi sjóð til að ausa úr, heldur ákveðna fjárupphæð, og þess vegna er styrkur til sumra manna dálítið takmarkaður. Eitt af því, sem kom fram, er, að við lækkuðum Sigurjón, en við höfum aftur á móti hækkað Guðmund bróður hans með það fyrir augum, að annar sé mikið skáld, en hinn lítið skáld.

Einn þeirra manna meðal vor, sem eru þekktir á myndlistarsviðinu, er Jóhannes Kjarval. Það er vitanlegt, að hann er afbragð í sinni grein, eitthvað með svipuðum hætti og Matthías Jochumsson var mikið ljóðskáld. Þið skuluð ekki halda, að þeir, sem nú láta hæst í rógburði og brigzlyrðum í garð menntamálaráðs um fjárdrátt, hafi nokkurn tíma látið sér detta í hug að styrkja Kjarval. Þó vita allir, að Kjarval er engin sérstök aurasál, heldur hefur hann dreift út málverkum sínum hundruðum saman, án þess að fá alltaf mikið fyrir. Það hefur ekki verið minnzt á Kjarval af þessum mönnum. Það er kannske vegna þess, að hann hefur ekki legið hér við eins og einhver grenjaskytta, aldrei dottið í hug að biðja um einn eyri frekar en Gunnari Gunnarssyni. Menntamálaráð sendi þessum tveim mönnum fyrstu viðurkenningu þjóðfélagsins og með réttum rökum að því er snertir styrkveitingar af almannafé. En um Kjarval og Ásmund Sveinsson er það að segja, að þótt ég álíti Kjarval meiri listamann en Ásmund Sveinsson, þá er ekki af menntamálaráði gerð nein tilraun til að gera upp á milli þeirra, heldur höfum við reynt að hafa nokkra af þeim helztu í sömu röð.

Ég kem þá að næsta flokki, Jóni Leifs og Magnúsi Ásgeirssyni. Þeir hafa báðir verið lækkaðir um 100 kr., og er það að verðleikum. Það þótti líka hentugra að láta upphæðirnar standa á 2400, en allir sjá, að raunverulega munar þetta engu.

Svo kemur þriðji flokkur með 1800 kr. Jakob Thorarensen hefur 1800 og hefur lengi haft þá upphæð. Gunnlaugur Blöndal listmálari hækkaði úr 1200. Finnur Jónsson listmálari, sem er einn af duglegustu myndlistarmönnum og málurum sinnar kynslóðar, hafði ekkert, en hefur nú 1800. Magnús Stefánsson og Þorkell Jóhannesson hafa ekki aðeins hækkað, heldur hafði Magnús Stefánsson áður aðeins 1000 krónur. Þessir miklu andans menn, sem nú setja sig á háan hest og eru alltaf að skamma menntamálaráð fyrir úthlutun þess, mundu ekki eftir Magnúsi Stefánssyni. Það voru tveir menn ábyrgir fyrir því, að hann fengi viðurkenningu með 1000 krónum, en við hækkuðum hann upp í 1800. Eftir bókum sumra svo kallaðra listamanna á enginn að hafa vit á list nema hinir viðurkenndu listamenn. En það voru tveir menn, sem ekki þóttust vera skáld, þeir Kjartan Ólafsson og Skúli Guðmundsson, sem tóku á sig þá ábyrgð að beita sér fyrir viðurkenningu Magnúsi Stefánssyni til handa. En við vorum búnir að hækka hann upp í 1800, þegar hann dó, og hefði ég gjarnan viljað hafa það hærra.

Á Jóhannesi úr Kötlum er lítill munur frá því, sem var, hann hefur nú 1800, en hafði áður 2000.

Það má segja, að það sé ekki ást á tónfræði, sem ræður rógburði þessara manna, því að hinn allra efnilegasti maður, sem er nýlega kominn heim frá útlöndum, Hallgrímur Helgason tónskáld, hafði ekkert áður, en hefur nú 1200 kr.

Ég get nefnt annað nafn af sama tagi, mann, sem lengi hefur borið hróður Íslands hæst: Pétur Jónsson óperusöngvara. Hann kom hér heim nokkuð slitinn maður, en ekki fjáður. Og þessir ágætu menn, sem halda, að þeir viti allt, höfðu gleymt Pétri.

Ekki er heldur hægt að segja, að yngri kynslóðin hafi farið varhluta hjá menntamálaráði. Guðmundur Daníelsson hefur nú 1000 kr., en hafði áður ekki neitt. Guðmundi Inga Kristjánssyni er að sumu leyti líkt við Eggert Ólafsson. Svo yrkir hann um fegurð sveitanna. Hann höfum við látið fá 1000 kr. Guðfinna Jónsdóttir skáldkona hafði ekkert áður, en hefur nú 1000 kr. Sigvaldi Kaldalóns tónskáld hafði ekkert áður, en hefur nú 1000 kr. Björgvin Guðmundsson tónskáld, þessi mikli andans maður, hafði engan styrk frá íslenzka ríkinu áður en menntamálaráð tók við, en hefur nú 1000 kr. Sama er að segja um Karl Runólfsson tónskáld. Hann hafði ekkert áður, en hefur hjá menntamálaráði 1000 krónur.

Ég held ég geti alveg fullyrt, að menn eins og

flm. þessa frv. og hans nánustu hafi aldrei gert neitt til að styðja eða viðurkenna tónmennt, og það hefur þess vegna aldrei, áður en menntamálaráð tók við úthlutun þessara styrkja, verið betra, sízt betra ástand í þessum efnum en nú er hjá menntamálaráði.

Það voru ungir fræðimenn, sem er nú byrjað að viðurkenna. T. d. Björn Guðfinnsson magister. Hann hafði ekkert áður, en hefur nú 800. Eiríkur Albertsson, sama er að segja um hann, sömuleiðis Guðna Jónsson magister og dr. Einar Ól. Sveinsson.

Menn geta nú séð þetta að öðru leyti á þskj. 141, og ég segi það, að ég öfunda ekki flm. af sínum málstað, því að hvert einasta atriði er rothögg á það, sem hann heldur fram. Það hefur komið *fram meiri jöfnuður og viðsýni í úthlutun* þessara styrkja hjá menntamálaráði en tíðkaðist áður en það tók við. Menntamálaráð hefur sem sé munað eftir sumum mönnum, sem hinir höfðu gleymt.

Það hefði aldrei getað komið fyrir í nokkurri n., sem hefði átt að skipta styrkjum milli listamanna, að setja Kjarval hjá. En þessi klíka hefur öfund mikla á mönnum eins og Kjarval. Það hefur verið skrifað um hann af forakt og gremju og það af flm. þessa frv. í því tímariti, sem gefið er út af smjörlíkisgrósserum hér í bænum. Sumir menn hafa sett það út á list Kjarvals, að hún sé eftirlíking af náttúrunni og sé ekkert í það varið.

Ég vil spyrja hæstv. forseta, — af því að það vill svo til, að ég þarf að fara á fund menntamálaráðs —, hvort ekki megi slíta þessum umræðum. (**Forseti**: Að vísu er hægt að slíta umr., en ég hafði ætlazt til, að umr. stæðu til kl. 4, en þá verður þeim væntanlega frestað).

Ég ætla þá að víkja að 4 sýningum, sem voru haldnar hér í bænum s. l. sumar, — víkja að þeim í sambandi við dóma fólksins.

Kjarval hafði unnið aðallega í sumar að þessum myndum, sem hann sýndi í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar. Og þegar ég kom þangað skömmu eftir að búið var að opna, var búið að selja nokkuð af beztu myndunum. Mér tókst þó að ná í tvær, mjög prýðilegar að flestra áliti. Þegar ég kom aftur kl. 1, var búið að selja 25 myndir, þó að ýmsar kostuðu nokkur þúsund, allt upp í sjö. Hvort sem það er nú rétt eða rangt, þá höfðu Reykvíkingar þennan smekk, að þeir keyptu um 20 málverk á tveimur tímum, eftir að hann var bannsunginn í Helgafelli af flm. þessa frv. Það er skemmst af að segja, að á stuttum síma seldust ekki aðeins góðu málverkin, heldur líka þau, sem hann setti þar til glettni og má segja, að áttu að vera vinsamlegar eftirlíkingar — og þó betri en fyrirmyndirnar — af því, sem óvinir hans í bænum telja rétt vera, og hygg ég, að hann hafi gert þetta til að spotta þá. En jafnvel þessar myndir seldust, og mun ein þeirra hafa verið keypt af þeim manni, sem leggur peninga í Helgafell, og fór þá saman smekkur og mynd.

Samhliða þessu gerist svo það, að ung kona héðan úr bænum, sem hefur lært í málarastofu *erlendis og er sjálfsagt greind og myndarleg* kona, hélt sýningu í vetur í Garðastræti. Hafði hún eitthvað um 50 myndir. Hún hafði meir en nokkur annar málari gengið inn á þá braut, sem Helgafell lofar, og Halldór Kiljan og ritstjóri Helgafells skrifuðu lofgreinar um sýninguna. En *þetta hafði engin áhrif á fólkið. Á þriðja* eða fjórða degi hafði ekkert selzt nema 2 rauðir kollar af 2 þekktum bolsum hér í bænum, sem konan hefur sjálfsagt gefið þeim eða þeir af skyldurækni keypt. Ég hef ástæðu til að halda, að töluvert efni sé í þessari konu, og hún hefur mjög sæmilega skólagöngu, og það er ekkert í vegi fyrir því, að hún komist í samband við þennan bæ annað en það, að fólki hér líkar ekki þessi tjáning í stíl kommúnista. Eftir því sem ég hef frétt, þá gekk það svo, þrátt fyrir mikinn áróður í útvarpi og blöðum, að þar seldist sama sem ekki neitt. Myndir þessarar myndarlegu stúlku voru þannig, að fólk vildi ekki hafa þær hjá sér. *Það má geta þess um eina mynd, að lítil stúlka*, sem var í fylgd með föður sínum, sagði: „Hér er þá peysa með andlit.“ Þetta er í raun og veru táknrænt um það, hvernig þessi listsýning leit út. Ég held, að hér séu tvær andstæður. Hins vegar er Kjarval, sem selur að ég hygg fyrir 50—60 þúsund á fáum dögum. Ég hygg, að hann hefði getað selt fyrir 150 þúsund, ef hann hefði haft eitthvað meira af þessari vöru. Mér er kunnugt um mann, sem keypti dýrasta málverkið á 7000 kr., að hann er ákaflega stoltur af að hafa fengið það og finnst það vera ættargripur, sem hann hlakkar til, að börn sín eignist. Býst ég við, að hann telji ekki lýti á myndinni gagnrýni flm. á Kjarval í Helgafelli. Því miður er sjaldgæft, að nokkur íslenzkur listamaður hafi orðið stríðsgróðamaður á stuttum tíma, eins og Kjarval. Þótt hann hafi haft margar prýðilegar sýningar áður, er það mál manna, að aldrei hafi borið eins mikið á snilldarverkum og í þetta sinn. Samt hefur þessi sýning verið hrakyrt af flm. þessa frv. og tímaritinu, sem hann vinnur við. Þessir menn þykjast standa alveg á blístri af umhyggju fyrir velferð listamanna. Það er næstum því hægt að segja, að það komi fram lág öfund yfir því, að Kjarval fékk þessa miklu fjármálalegu viðurkenningu. Aðrar viðurkenningar hafði hann áður hlotið.

En um sýningu konunnar í Garðastræti 17 er það að segja, að aldrei munu hafa verið sýndar jafnmargar myndir af einum manni með jafnlitlum árangri og jafnlitlum vinsældum, af því að þessi stúlka er á þeirri ólánsbraut, sem þessi þm. vill hafa listina. Mönnum, sem sjá þessar myndir, finnast þær ljótar, leiðinlegar og ósmekklegar og vilja ekki hafa þær hjá sér. Nú segi ég: væri ástæða til, að menntamálaráð keypti þessar myndir? Áttum við ekki að kaupa af Kjarval? Eða áttum við kannske að kaupa fyrir hið opinbera málverk á þeim sýningum, þar sem enginn vill kaupa neitt? Menn eru nefnilega svo hlálegir að vilja heldur falleg málverk en ljót, og er þetta í samræmi við starfsemi menntamálaráðs.

Þá vil ég koma að því, sem sá félagsskapur mun taka meira mark á, sem þessi þm. þykist standa að. Það er sýning, sem sjálft listamannaþingið hélt s. l. sumar. Þarna voru margar mynd*ir eftir þeirra menn. Ég kom þar, þegar nokkr*ir dagar voru liðnir frá því að opnað var. Ég sá þar myndir eftir Kristínu Jónsdóttur, og það voru ánægjulegustu myndirnar að mínum dómi,

og ekkert var selt annað. Ég frétti, að það hefði selzt ein mynd eftir einhvern klessumakara, og það getur verið, en ekki veit ég um sönnur á því. Fólki þótti sýningin ómerkileg og ekki svo fáir, að ég hygg, drógu beinlínis spott að henni, og þar ber fyrst og fremst að telja Kjarval. Því að Kjarval, sem hafði þessar glæsilegu myndir í tugatali og hafði að vísu selt þær, — hann hafði þarna eina mynd, sem var ákaflega ómerkileg. Og menn hafa hann grunaðan um að hafa leikið sér að því að hafa hana eins ómerkilega eins og hann gat til þess að sýna á þessari samkundu. A. m. k. er það staðreynd, að myndir hans, — þegar hann sýndi í alvöru, — flugu út, en eftir 4—5 daga var þessi mynd óseld. Ég held, að enginn hafi keypt hana, sem skiljanlegt er, af ástæðum, sem ég hef tekið fram.

Ég hygg, að Finnur Jónsson hafi haft skólamyndir frá Þýzkalandi, og þegar menn athuga það, að þessar myndir hafa selzt fyrir mjög háar fjárhæðir, þá geta menn komizt inn á þá *hugsun, að hann hafi verið að spauga.*

Þetta bendir ótvírætt á, að ekki séu mikil heilindi í þessum félagsskap, þegar sumir beztu mennirnir leika sér að því, á vegum þessarar stríðandi samkomu, að láta þar hluti, sem þeir vel mega vita, að fólkið er ekki hrifið af. Ég þykist vita, að það hafi fleiri en ég tekið eftir þessu.

Frú Kristín Jónsdóttir hafði þarna myndir, sem voru a. m. k. mjög snotrar. Fólkið dæmdi líka þannig um það, og þær seldust strax. Það er mjög einkennandi um þessa listakonu, að hún málar bæði mjög góðar andlitsmyndir og er mjög snotur málari á landslagsmyndir og fylgir því, sem „Boljsevikar“ kalla gamaldags aðferðir. Og hvar sem hún kemur, þá selur hún, en þeir, sem eru á vegum kommúnista, selja ekki. Og svo komast þeir í illt skap og vilja koma sér þannig fyrir, að þeir geti skammtað sér fé úr ríkissjóði fyrir verk sín, sem fólk vill ekki kaupa og þykja ljót og leiðinleg.

Flm. þessa frv. á ekki auðvelt með að komast fyrir þessar staðreyndir. Hann kemst ekki fram hjá því, að okkur í menntamálaráði hefur tekizt að gera miklu betur en umbjóðendum okkar á Alþingi. Það er ekki af því, að við séum betri menn, heldur af því að við sem nefnd gátum gert betri athuganir. Það er skiljanlegt nú, hvers vegna ekki er hægt að fá þessa stríðandi baráttumenn til þess að koma hér með kvartanir. Hvernig ættu Guðmundur á Sandi, Davíð Stefánsson og Tómas Guðmundsson að setja nokkuð út á þá stofnun,sem hefur sýnt þeim mjög verulega viðurkenningu, meiri en þeir hafa fengið annars staðar. Við teljum ekki, þó að Tómas hafi verið að senda okkur tóninn í Helgafelli. Hann er ritstjóri hjá þessum einkennilega eiganda, og ég lít svo á, að hann hafi þá aðstöðu, að hann segi ýmislegt í Helgafelli, sem hans betri maður getur ekki staðið við.

Annars held ég, að ég ætti að nota þessi síðustu augnablik af ræðutíma mínum nú til þess að minnast á það, sem þessi maður, sem við höfum hækkað úr 1000 kr. upp í 3000 kr. og gert það í góðri trú, hefur sagt í útvarpsræðu í samtali við Árna frá Múla. Hann hélt því fram, að andagift sé ekki til í skáldskap, og sérstaklega tók hann fram, að hún væri ekki til hjá sér. Þar af leiðandi er ekki hægt að hugsa sér annað en að það sé iðnaður hjá Tómasi Guðmundssyni, sem hann lætur frá sér fara sem skáldskap. Og þó að hann megi gerst vita um sína hæfileika, mun það vera erfitt fyrir bókfræðinga að fá því slegið föstu, að maður eins og Matthías Jochumsson hafi ekki þekkt neina andagift — eða Kjarval. — Ég er hræddur um, þegar menn fara síðar að meta þessi orð Tómasar Guðmundssonar, þá verði þannig litið á, að þetta sé bergmál af því ástandi, sem hann sé kominn í nú upp á síðkastið, þegar hann er orðinn málpípa kommúnista í staðinn fyrir það, sem hann áður var, Austurstrætisskáld. Og ég veit ekki, hvort hróður hans vex á Alþ., þó að hann haldi því fram, að það sé ekki til andagift í skáldskap, og þá sé skáldskapur sennilega iðnaður. Ég hygg, að sú andagift, sem Tómas Guðmundsson hafði fyrr á árum, sé að þverra, og *að sú þverrun stafi af auknu sambandi hans* við hv. flm. þessa frv.

Ég mun síðar gera grein fyrir því, sem er sorglegast í þessu sambandi, að þeir fáu menn hér á landi, sem stunda listir eða bókmenntir, hafa í list sinni eða ritverkum lent í snærum bolsevismans. Þeir hafa minnkað við það dag frá degi og verið minna metnir fyrir. Einn af þeim, sem hafði góða náttúrlega hæfileika til að bera og blasti við ánægjuleg framtíð, hann er nú svo settur, að bækur hans sjást varla. Hvar sem maður fer um landið, er fjöldi manna, sem lítur ekki í þær, vegna þess að hans álit spilltist við það, að hann gekk á hönd kommúnistum og af því að kommúnistiskur áróður hans gekk svo langt í verkum hans, að jafnvel þeir, sem áður vildu telja hann skáld og kannske enn, vilja nú ekki líta við hans verkum. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Ed., 13. jan., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Jónas Jónsson [frh.]: Ég hverf þar aftur að, sem frá var horfið í gær, og vil minnast á nokkur atriði í ræðu hv. 7. landsk. Fyrst er það hin undarlega málsmeðferð hans. Nokkuð langt er síðan frv. kom fram, og var það til umr. fyrir meir en viku. En hv. flm. virðist ekki hafa kært sig um að flýta því, heldur þurft *tíma* til að búa sig undir og kom svo með skriflega ræðu. Hann sýnist ekki hafa treyst eigin anda, þurft að fá annan anda í ræðuna og því tekið sér þennan hvíldartíma. Þegar hann ætlaði að gera athugasemdir við ræðu hv. 6. þm. Reykv., gat hann það ekki, þurfti enn að fresta því og fá andlegan styrk áður. En heldur bendir þetta til, að flm. sé lítið umhugað um frv. og sé otað fram af öðrum, að nokkru leyti gegn vilja sínum. Ég hef spurt hann, hvers vegna hann hafi þessa málsmeðferð. Ekkert svar. Ég vil því benda á, hvað það er, sem hv. flm. treystir sér ekki til að skýra betur. Fyrst og fremst er það sú tilhögun, að þeir, sem Alþingi kýs í menntamálaráð, fái aðra menn til yfirráða yfir sér. Þetta er gert í Rússlandi. En nú, þegar þeir eftirlitsmenn eru

reknir frá starfi í Rússaher, virðist helzt vera að færast lífsmark í herstjórn Rússa. Hver sú nefnd, sem sett væri undir slíkt eftirlit, mundi missa frumkvæði sitt og áhugann á starfi sínu. Eða skyldu vinnubrögð Alþingis batna, ef til eftirlits með því væru settir svo sem 40 fulltrúar frá stéttarfélögunum? Það var engin leið fyrir hv. flm. að svara ekki fyrirspurn minni um þetta efni, því að hér er að ræða um svo gífurlega árás á Alþingi, á hið þingbundna skipulag. Svörin komu ekki, af því að þm. vill leyna því, að hér er verið að reyna að koma sovétskipulagi inn í þingskipulagið.

Ég benti á, að tvær stéttir, sem frv. ætlar að senda fulltrúa fyrir, tónlistarmenn og leikarar, hafa ekkert að gera með menntamálaráð. Tilgangur er enginn nema að fá atkvæði þeirra fulltrúa til þess að geta borið þingkjörnu fulltrúana ofurliði. Ég held, að hv. flm. hafi ekki skilið skopið í samanburði mínum á till. hans og sams konar till. um fulltrúa frá öðrum aðilum, sem störf menntamálaráðs varða meira eða minna. Hví ættu ekki bókaútgefendur að eiga sér þar fulltrúa, t. d. Gunnar Einarsson í Ísafold og Þorstein M. Jónsson á Akureyri? Víst ættu þeir þar sinna hagsmuna að gæta.

Nei, þessi hv. flm. gefst upp við að svara, getur ekki skýrt hina einkennilegu málsmeðferð sína, ekki hvaðan fyrirmyndin, hin rússneska, er fengin, enga afsökun gert á vanþekking sinni á störfum menntamálaráðs, — þetta er nú hans framganga í bardaganum.

En hvað hafa þá þessi skáld og listamenn fram að færa til styrktar frv.? Þar hafði ég í gær lagt fram lista, sem sýnir, að meiri hluti þeirra manna, sem nokkuð kveður að í þeim greinum, hefur tvímælalaust notið batnandi aðstöðu fyrir aðgerðir menntamálaráðs. Í stað þess, að menn eins og Einar Hjörleifsson Kvaran og Þorst. Erlingsson fengu ekki skáldastyrk nema með illvígum deilum á Alþingi, er þeim málum nú komið þar fyrir, sem ekki verða um þau þess konar deilur. Þegar Gunnar Gunnarsson fékk sín skáldalaun, voru engar deilur um það. Mér þykir líklegt, að Gunnar Gunnarsson mundi eins og fleiri vera efablandinn um það, hvort hann ætti að vinna það til að láta leggja sig á skurðarborðið á Alþingi, eins og gert var fyrir nokkrum árum við skáldin. Að því leyti sem hér hafa orðið deilur um skáld, stafar það af því, að kommúnistar hafa viljað deilur um þau og vakið þær.

Af því að hv. flm. er kunnugur Rússum og hefur dvalið hjá þeim á þeirra kostnað, ætti hann að geta skýrt, hvernig er varið þeim mikla mun, sem er hér og þar með skáldin. Hann veit, að þau eru annaðhvort látin þar í fangelsi til Síberíu eða látin missa lífið, ef þau vilja ekki geðjast stjórninni með áróðri, en hann veit, að hér ríkir fullkomið frelsi, nema menn vilja ógjarnan vera skyldaðir til að kaupa bækur eða myndir, sem þeim þykja ljótar. Frv. stefnir að því að veita kommúnistafl., fulltrúum Rússlands, vald á öllum kaupum listaverka. Þegar ég hreyfði fyrst stofnun menntamálaráðs og lagði þann grundvöll, sem starfsemi þess stendur nú á, var andófið vitanlega mjög mikið, en upp undir helming fulltrúanna tókst þó að vinna til fylgis. Frá byrjun var fyrir því hugsað, að báðar þær stefnur eða straumar, sem í landinu voru, fengju aðstöðu til áhrifa í ráðinu. Fyrir mig, sem hafði það lán eða ólán að byggja þessa stofnun upp fyrir 15 árum, er það náttúrlega óhugsandi hlutur að taka í mál að afhenda yfirráð þessarar stofnunar 5 fulltrúa meirihlutavaldi yngsta þingflokksins í landinu, afhenda þau þeim flokki, sem minnst liggur eftir af góðu, gefa honum einræðisvald um þessa peninga. Er Alþingi tilbúið að afhenda þessum eina flokki allt það vald? Þegar á það er litið, hvernig Rússar nota rithöfunda til áróðurs síns eingöngu og kommúnistar nota vald sitt yfir rithöfundunum til að knýja þá til áróðurs og einskis annars, til að efla flokksstefnu sína, liggur valið opið fyrir Alþingi. Ég veit ekki, nema hægt hefði verið 1928 að koma í gegn l., sem lagt hefðu kosning allra manna í menntamálaráð í hendur þess meiri hluta, sem þá fór með stjórn, en mér fannst það ekki ná neinni átt. En hér er minni hluta, þessarar sérstöku tegundar, ætlað að taka einræðisvald í ráðinu.

Aldrei hefur verið flokkadráttur í þessari n., þó að harðir flokkadrættir hafi verið í landinu og nefndarmenn verið harðir flokksmenn á öðrum vettvangi. Bæði eftir að ég kom í n. og áður, veit ég ekki til, að nokkurn tíma hafi verið hafður þar frammi pólitískur áróður. Hitt er annað, að n. hefur í sinni tíð ekki fengið starfsfrið fyrir árásum nokkurra „agitatora", og munu þm. vita til þess. Hv. flm. talar um, að ráðið eða ég sérstaklega hafi haft í frammi ósæmilegan áróður gegn listamönnum. Það, sem fyrir liggur um n., eru verk hennar og úthlutunin, og það mun reynast kommúnistum örðugt að sakfella hana fyrir. En þegar haldið er uppi stöðugum áróðri og blásið að kolum hjá mönnum, sem hafa ekki fengið keypt verk eftir sig, og þeir spanaðir til flónskuverka, þá höfum við orðið að verja okkur og höfum haft þá ánægju að sigra í hverri einustu atrennu. Maður, sem ekkert getur selt og enginn vill eiga myndir eftir, hefur lagt það í munn hv. flm., að við munum hafa stolið að miklu leyti peningunum, sem átt hafi að kaupa listaverk fyrir. Þetta kom í blaði í fyrra, og þá voru birtir 8 ára reikningar. Það var sýnt, að bókhald n. var í höndum ríkisbókhaldsins, gert í Landsbankanum og loks endurskoðað af endurskoðunarmönnum ríkisreikninganna. Það var alveg rétt af starfsbróður mínum, ritara menntamálaráðs, að krefjast þess, að reikningar þess yrðu enn endurskoðaðir. Ósannindin hafa að vísu verið rekin ofan í þessa menn, en það er ekki verra, að þau séu rækilega rekin ofan í þá enn einu sinni og þeir hirtir eins og Gísli nokkur var hirtur við Hoffjarðará.

Ósannindin eru hrakin. Samt sem áður, — því að þetta eru kommúnistar, — er þeim haldið á loft.

Þá veik hv. flm. að einhverju sambandi, sem vera mundi milli mín og ríkisleiðtogans í Þýzkalandi. Þó að það komi ekki beint þessu máli við, get ég tekið fram, að þetta er ekki rétt. Við munum ekki hafa spillt honum né hann spillt okkur. En það eru aðrir aðilar, sem hafa haft

talsverð skipti við Hitler, sem kunnugt er. Þegar hann var búinn að ganga nokkurn veginn frá einni þjóð, svo að hún gat ekki varizt lengur, kom Stalín, sem nýlega var orðinn mikill vinur hans, frá Rússlandi með her sinn til að reka rýting í bak þeirri þjóð. Þegar Hitler var búinn að hafa það gagn, sem hann kaus að hafa af Stalín, þá tók hann líka Stalín til bæna. Þegar flokksbræður hv. flm. tóku á móti þýzkum ferðamönnum með því að mála á hafnargarðinn svívirðingarorð með hvítum stöfum um þýzku stjórnina. Þetta glæpaverk var gert til þess að særa gestina, og finna allir, hver áhrif það hefði á okkur að mæta slíku erlendis um eigin stjórn. Þegar Stalín hafði snúizt til vináttu við Hitler, þá snerist allur flokkurinn með, og þá hefðu íslenzkir kommúnistar sýnt Hitler hverja auðmýktarþjónustu, sem vera skyldi, ef hann hefði talið sig þurfa að láta þá ganga undir það jarðarmen. Það kemur því úr hörðustu átt, þegar þeir brigzla öðrum um samband við Hitler.

Hv. flm. hélt því fram, að ég hlyti að hafa einhverja sérstaka ánægju af því að lesa og ræða um það, sem ljótt er í bókmenntum þeirra, en það er algerlega á misskilningi byggt. Úr því að höf. bókmennta þeirra, sem við erum að ræða um, eru að skrifa þannig, þá kemst maður ekki hjá að veita þessu athygli. Tökum t. d. lýsingarnar af oddvitum og hreppstjórum, hvernig þeim er lýst eins og skepnum og mannhundum, eða þá þar sem hundahreinsunin er látin vera aðalumræðuefni bænda, og að þeir við jarðarfarir leggi mesta áherzlu á og hugsi mest um að hafa kaffið svo sterkt, að hægt sé að tjarga með því hrútshorn. Eftir þessu taka bændurnir og finnst ógeð að þessu og vilja ekkert hafa að gera með bókmenntir sem þessar, sem jafnsmánarlega geta þeirra og ég hef hér drepið á. Þetta er líka ekkert nema eðlilegt. Hvers vegna skyldu þeir vera að kaupa og lesa þær bækur, sem á svo níðrandi hátt tala um þá? Þeim finnst þetta blátt áfram vera níð um sig og allt ósatt. Eða ef við athugum, hvernig þessar kommúnistabókmenntir hér tala um presta, lækna, sýslumenn, þá er það heimskan hjá þessum mönnum, sem einkennir þá, en útgerðarmenn og kaupmenn bæði glæpamennskan og mannvonzkan.

Hv. flm. getur varla búizt við því, að útgerðarmenn gleðjist yfir þeim bókmenntum, þar sem um þá er talað sem þeir hafi áhuga á því að sökkva skipum sínum, eða kaupmenn hafi áhuga á að brenna vel tryggðar vöruskemmur sínar, en slíkar lýsingar sem þessar erum við að fá í bókmenntum kommúnista inn í landið.

Ef komið er að kynferðismálunum í bókmenntum þessum, þá er þar að finna merkilega hluti. Í einni helztu bók þessarar bókmenntategundar eru stjúpfaðir og stjúpdóttir um fermingu látin fljúgast á, og það er ekki farið í neinar grafgötur með, hvert tilefni stjúpföðurins er til þessa leiks. Ég hef aldrei dreymt um eða lesið í nokkri frásögu sagt frá slíkum villimennskuátökum karls og konu eins og þar er lýst, og vil ég í þessu sambandi spyrja hv. flm. að því, hvers vegna sé verið að setja þetta í bækur, ef ekki til þess að það sé lesið, og það verður þá ekki hægt að komast hjá því, að minnzt sé á þetta, þó að honum finnist það ljótt, þegar þessar bókmenntir eru ræddar. Vill ekki hv. flm. gera svo vel og segja okkur, hvaða erindi þetta á í bókunum, sem okkur er ætlað að lesa, og er þetta það, sem hv. flm. óskar eftir, að þýtt sé á erlend tungumál og talin mynd af því, sem á Íslandi gerist?

Ég get ekki varizt því að minnast hér á það, hvernig Vestur-Íslendingar líta á þýðingu þessara bóka. Það særði þá, er þeir voru spurðir að því, hvort lífið á Íslandi væri svona, eins og lýst er í bókunum, sem von var, og hefðu þeir óskað sér, að slíkt hefði aldrei á prent komið til annarra þjóða frá Íslandi.

Hv. þm. minntist á málverk, er Sigurður Nordal hafði keypt, er hann var form. menntamálaráðs, fyrir landið. Af því að hv. flm. minntist á þetta málverk, Þorgeirsbola, og kommúnistar hafa alveg sérstakt dálæti á þessari mynd, þá langar mig til að segja frá samtali, er átti sér stað milli bónda og eins af leiðtogunum í Máli og menningu. Þeir minntust á Þorgeirsbolamálverkið, og þá sagði þessi kommúnisti við bóndann: Þetta er líklega allra bezta málverk, sem Ísland á. Þá spurði bóndinn hann og sagði: Hvað er það, sem er svona gott við málverkið? Það veit ég eiginlega ekki, en mér er sagt þetta.

En nú vil ég biðja hv. flm. að segja okkur, hvað það er, sem veldur því, að þeir kalla þetta svo dæmalaust gott listaverk. Þarna á myndinni er ung stúlka, sem eiginlega ekki verður séð, hvaða erindi á á málverkið. Svo er þarna líka ljótt naut og óeðlilegt, sem ég ætla ekki að skýra hér. En vill ekki þessi hv. þm. útskýra það fyrir okkur, hvað það er í málverkinu, sem er svona dásamlegt. Er það stúlkan í sambandi við nautið, eða er það nautið í sambandi við stúlkuna? Eða er ekkert samband í þessu, er þetta bara kák og vitleysa, klúr og óeðlileg? Hápunktinum í þess konar list kynferðismálanna er þó líklega náð í sögu eftir Halldór Kiljan og málverki eftir Jón Engilberts.

Í bók þessari er sagt frá furðulega stórum og sterkum manni, er kynntist prestsdóttur, og þau búa saman. Lýsinguna á samlífi þeirra ætla ég ekki að hafa eftir hér, enda hæfir það ekki þessum stað, en það er það klúrasta og andstyggilegasta um ástalíf karls og konu, sem hugsazt getur, ef svo mætti að orði komast. Málverkið, sem ég var að minnast á eftir Jón Engilberts, málaði hann í sambandi við listaþingið. Og það stóð til að sýna þetta málverk í sambandi við listaþingið, en Páll Ísólfsson tók málverkið til sín, og mun það bíða eftir listasafninu, og mun mönnum þá kannske gefast tækifæri til að sjá það þar. Málverk sitt kallar Jón: Konungur lífsins, — og þar sem þetta málverk er bæði einkennilegt og frumlegt og á að vera einkennandi fyrir listaþingið, þá vil ég spyrja hv. flm., hvaða erindi þessi tegund lista, sem kemur fram í málverki Jóns Engilberts og sögu Halldórs Kiljans, sem ég minntist á, — vill hann ekki gera svo vel og segja okkur, hvaða erindi þess konar list á inn í okkar andlega líf? Og það má hann vita, ef hann veit það ekki nú þegar, að þessi list vekur andstyggð hjá Íslendingum, sem

þykir þetta ljótt og ósmekklegt í hæsta máta. Það er því ekki nema eðlilegt, að „kritik" komi fram á þessum listum og bókmenntum þeirra, sem vel mætti kalla Þorgeirsbolabókmenntir.

Í einum kafla ræðu sinnar fordæmdi hv. flm. tvær sýningar á listaverkum, er ég stóð að, eftir að árásin, sem menn muna eftir, var hafin á menntamálaráð og að nokkru leyti líka á Alþ. Var það auðheyrt á hv. flm., að honum var illa við sýningarnar, en við skulum nú athuga rétt hans og ástæðu til þess að amast við því, að málverk eftir eftirlætislistamenn hans skuli vera sýnd, að sýnd skuli málverk, sem eftir hans smekk eru talin hin bezta list. Eitt málverk af þessari tegund sýningarinnar var ljót og leiðinleg mynd af Hirti Snorrasyni, sem menntamálaráð hafði látið gera. Þegar ekkju Hjartar Snorrasonar var sýnt þetta málverk, þá aftók hún með öllu, að þessi mynd væri sýnd sem mynd af manni sínum, en þessari mynd var samt hælt í blöðum flm. Maðurinn, sem málverk þetta gerði, var talinn sæmilega fær maður, en svona tókst honum samt upp, þegar hann var farinn að gefa sig að kommúnistum, að málverk hans af Hirti Snorrasyni var þannig, að ekkja hans vildi ekki kannast við, að þetta væri mynd af manninum sínum.

Ég efast ekki um, ef stefna flm. og hans manna í þessum málum hefði 4 menn af 5 í menntamálaráði, þá mundu þeir, sem meiri hl. hefðu, kaupa myndir í líkingu við myndina af Hirti og segja svo bara, að hér væri um hærri og meiri list að ræða, sem fólk almennt gæti ekki skilið. En borgarar í landinu mundu ekki sætta sig við það, þeir mundu smátt og smátt segja „nei" við þessari list eins og ekkjan sagði. — Ef því Alþ. vildi fara að ráðum flm. í þessu efni, þá mundu borgararnir í landinu fyrr eða síðar setja stólinn fyrir dyrnar og segja „nei" við þessari list. Þeir mundu aldrei þola hana til lengdar.

Á þessari sýningu var og mynd af togurum við höfnina eftir Þorvald Skúlason, sem þeir telja einn af sínum beztu mönnum. Í málverkinu áttu líka að vera fuglar, en gátu eins verið flugvélar á að líta. Einnig áttu þar að vera menn að velta tunnum, en virtust eins vel geta verið maðkar eða einhver þvílík dýr. Er það skemmst um þessa mynd að segja, að hún er hin fáránlegasta, frá sjónarmiði fólksins hrein og bein fjarstæða. Samt hefur menntamálaráð keypt þessa mynd, og það er mitt álit, að það eigi að kaupa listaverk, bæði málverk og annað, eftir sem flesta listamenn, en náttúrlega verður hlutfallið milli hinna einstöku listamanna að vera miðað við getu og hæfni þeirra í sjálfum listaverkunum. Og þeir eru til á þessu landi, sem hafa yndi af málverki eins og því, sem ég var að minnast á eftir Þorvald, og því er sjálfsagt að kaupa líka eftir hann og þá, sem honum mála líkt.

Þegar Jón Engilberts kom frá námi í útlöndum bláfátækur og þurfandi fyrir styrk, þótti menntamálaráði rétt að kaupa af honum málverk, sem þó var afskræmt á alla vegu, fyrir 1500 kr.

Nú kemur spurningin: Hvers vegna ekki að sýna þessi og önnur málverk almenningi, þegar hafin er deila í landinu um störf menntamálaráðs? Tækifæri var til að sýna ⅓ landsmanna málverkin hér í Rvík. Voru málverkin því fyrst sýnd í alþingishúsinu, en síðan voru þau til sýnis við eina fjölförnustu götu bæjarins. Þetta var auðvitað sú langbezta og hlutlausasta aðferð, sem menntamálaráð gat viðhaft frá sinni hálfu, til þess að almenningur fengi að dæma um það, sem deilt var um. Þessari sýningu var veitt eftirtekt, og ég get trúað hv. flm. fyrir því, að það var lítið hlutfall af áhorfendum, sem sagði gott orð um listaverk hans manna, þ. e. a. s. í klessugerðarstílnum, það voru kommúnistar, sem stóðu með sínum mönnum af flokkslegum ástæðum.

Þá var flm. að segja, að menntamálaráð hefði keypt málverk af því lélegasta af þessu tagi og myndirnar væru keyptar í háðungarskyni. Þetta er nú algerlega á misskilningi og ókunnugleika byggt, þar sem menntamálaráð hefur yfirleitt keypt þær myndirnar, sem dýrastar hafa verið og mest otað fram. Þessi sýning hafði svo þann árangur, eins og reyndar mátti búast við, að álit almennings á þessari stefnu í myndlist, sem lýsti sér í sumum málverkunum, sagði ekki einungis skák, heldur mát á þessa stefnu og málverkin, en aftur dáðist fólk að hinum málverkunum, ekki sízt eftir Sigurð Guðmundsson, svona var nú dómur almennings hér í Rvík, þar sem ⅓ hluti þjóðarinnar dvelst.

Ég verð að segja það, að mér finnst það ákaflega ókarlmannlegt af hv. flm. og öðrum, sem eru að amast við því, að þessi sýning skyldi vera haldin, að þola ekki, að þeirra úrvalsmyndir, er túlka listastefnuna, sem þeir hylla, að þeir skuli ekki þola, að þessi málverk séu sýnd almenningi við hlið hinnar listastefnunnar. Það er eitthvað meira en lítið bogið við þá ókarlmennsku. En nú er vert í þessu sambandi að athuga afstöðu flm. til þeirra, er fylgja hinni stefnunni í myndlist. Þann mann, er fremst stendur þeim megin hér á landi, Jóhannes Kjarval, þann mann hefur hv. flm. fordæmt. Hvað þá um hina?

Þá er nokkur munur á skoðun hv. flm. og Tómasar Guðmundssonar á andagift. Tómas afneitar andagift, en hv. flm. álitur, að illur andi hafi hlaupið í okkur menntamálaráðsmenn. Hv. flm. trúir á illa anda, en Tómas, einn helzti félagi hans, trúir því ekki, að hinn góði andi innblástrarins komi í góða menn. Ég er á því, að Tómas hafi á röngu að standa og að í okkur, menntamálaráðið, hafi hlaupið sá andi, hvort sem hv. flm. vill kalla hann góðan eða illan, sem gert hafi okkur færa um að sigra þá.

En nú getur vel komið til mála, að skipt verði um alla eða flestalla menn í menntamálaráði, og segjum, að flm. væri kosinn í ráðið eða einhver hans manna. Ætlar hann þá ekki neitt að geta treyst á málstaðinn? Ég hygg, ef hann hefði góðan málstað að flytja í ráðinu, mundi hann verða ofan á, jafnvel að óbreyttum mönnum. Ætlar hann ekkert að treysta á málstaðinn? Hver veit bezt um sig. Og ég ætla að segja honum það, að þó að þetta vitlausa frv. yrði samþ. óbreytt og flokkur hans fengi störf menntamálaráðs handa á milli, þá tækist honum ekki að dylja, hvað keypt væri. Það gæti kannske gengið slysa- og árekstralítið í 2—3 ár, en ekki heldur lengur, þegar almenningur kæmist á snoðir um það, hvaða og hvers konar listaverk þeir keyptu.

Ég held, að í þessu atriði lýsi sér nokkuð vanmáttur þeirra á gildi þeirrar listastefnu, sem hv. flm. er að berjast fyrir, þó að þeir vilji ekki viðurkenna það með berum orðum. Það er, að þeir skuli þannig tortryggja málstaðinn með því að vilja ekki treysta á hann, heldur að leggja allan þungann og áherzluna á flokksvaldið.

Þá leyfði hv. flm. sér að fara niðrunarorðum um tvo útlenda rithöfunda og þá tvo menn íslenzka, sem þýddu bækur þeirra. Þó að hann vilji eitthvað vera að hnýta í þessa stórmerku rithöfunda, Lawrence og Strachey, þá verður það eigi til annars en gera hann enn hjákátlegri, því að það er eins og ef hundaþúfan væri að reigja sig upp á móti fjallinu. Bækurnar voru þýddar af þeim Boga Ólafssyni og Kristjáni Albertssyni, og varla skil ég í því, að þeir kippi sér mjög upp við það, þó að úr þessari átt séu að koma óviðsamleg ummæli til þeirra.

Þá kom kænska hans fram á skemmtilegan hátt, er hann var að finna að útgáfu Einars Benediktssonar og áfella okkur í menntamálaráði fyrir það, sem höfum ekkert verið riðnir við útgáfu þeirrar bókar.

Ég hef fært rök fyrir því, að það er aðeins lítil klíka, sem stendur fyrir þessari ofsókn gegn menntamálaráði, þótt látið sé í veðri vaka, að það sé stórt og voldugt félag. Ég vil leiða nokkur rök að þeim stimpingum, sem ollu því, að þessi klíka hóf ofsókn gegn meiri hluta menntamálaráðs. Ég ætla þá að byrja á því að ræða um ofsókn þessa mannhóps gegn Einari Jónssyni, Ríkarði Jónssyni og Jóhannesi Kjarval. Auk þess hafa ýmsir yngri málarar mætt lítilli hlýju úr þeirri átt. Þessi klíka hefur hina mestu óbeit á verkum Einars Jónssonar, talar illa um hann og ann honum ekki sannmælis. Í Morgunblaðinu var ráðizt á sýningu Einars mjög harkalega. Þegar undirskriftamálið var á döfinni, var setið yfir honum fleiri klukkustundir til þess að fá hann til að skrifa undir. En hann vildi ekki blanda sér inn í það mál, enda hafði hann fengið reynslu á þessu liði og er sjálfur mjög óádeilinn maður. Flestir munu vera á einu máli um gildi verka Einars Jónssonar, að þessu fólki undanskildu.

Ríkarður Jónsson var ofsóttur í blaðaskrifum fyrir að neita að skrifa undir. Honum mun ekki hafa þótt neinn sérstakur heiður að því að vera í þessari klíku.

Kjarval hefur verið ofsóttur í Helgafelli fyrir tilverknað flm. þessa frv. Þúsundir manna hafa óskað eftir fleiri myndum eftir Kjarval en hann hefur haft til sölu. Ekkert viðurkenningarorð hefur verið sagt í blöðum kommúnista um myndir Kjarvals. En í einu blaði þeirra var birt mynd, sem sýndi Kjarval vera að reka nagla í vegg til að hengja mynd á hann. Það eina, sem Helgafellsfólkið hefur um þennan ágæta listamann sagt, lýsir kala og óvild í hans garð.

Tónskáldið Sigvaldi Kaldalóns vildi ekki skrifa undir. Mest ber á þessum uppsteit í því, að reynt var með ýmsum ráðum að halda tónskáldinu frá því að láta leika lög sín í útvarpið. Það var hefnd fyrir það, að tónskáldið vildi ekki vera þessum mönnum leppur í skó. Svo kemur eitt atriði í þessari frægu herferð gegn menntamálaráði. Sextíu og sex menn höfðu verið látnir skrifa undir hina staðlausu stafi. Skáldið Guðmundur prófessor Hagalín skrifaði að vísu undir, en á þann klóklega hátt, að hann vildi hvorki bera ábyrgð á efni né orðfæri. Hann gerði það til þess að gera grín að þeim, þessum mönnum, sem stóðu fyrir undirskriftum þessum, líkt og þegar þorskur gerir grín að öngli. (**BBen**: Hver var þorskurinn og hver öngullinn?). Það á ekki við að fara út í það hér, en ég get sagt hv. borgarstjóra það síðar á betur viðeigandi stað og tíma. Mikið var gert til þess að fá tvo listamenn, Davíð Stefánsson, ljóðskáld á Akureyri, og Björgvin Guðmundsson, tónskáld Vestur-Íslendinga, til að undirskrifa. Voru jafnvel sendir starfsmenn þingsins til þess að véla þá til þess. Er það skemmst að segja, þegar þessir listamenn sáu, hvernig í öllu lá, hvernig aðfarir þessara manna, kommúnistanna, voru, höfðu þeir enga löngun til þess að vinna með þeim. Það hafði verið lögð gífurleg vinna í það að fá þessa tvo menn með í fyrirtæki kommúnistanna, m. a. með því að segja ósatt og beita blekkingum. Getur nú hv. flm. dottið í hug, að herferð, sem byggð er á svikum, geti borið árangur? Að báðum þessum mönnum er vel búið, og þeir hafa sterka aðstöðu á Akureyri.

Þá ætla ég að minna á, hvernig farið var með Kristján Magnússon málara. Að honum var ráðizt í hvert skipti, sem hann hreyfði sig. Dauðinn forðaði honum frá þessari ofsókn. Hann hafði lært í Ameríku, en ekki í kjöllurum í Kaupmannahöfn eða London. En það er mesti misskilningur hjá þessu fólki að halda, að lítið sé um list í Ameríku. Það er einmitt þvert á móti líklega meira um list í borgum á austurströnd Ameríku en nokkurs staðar annars staðar í veröldinni. Kristján Magnússon sýndi bæði hér og erlendis og hlaut góða dóma. Auk þess seldi hann mikið bæði hér á landi, í Englandi, Ameríku og víðar, en þeir, sem eru í slagtógi við kommúnista, hafa ekki nokkra möguleika til þess að selja né til þess að fá skrifað um sig í Times eða Observer. Bæði Kristján og aðrir, sem lært hafa í Ameríku, eru ofsóttir fyrir að hafa lært þar og fyrir það, að þeir selja. Svo halda þessir kommúnistar, að þeir geti knésett menn eins og listdómarana við Times og Observer. En það þarf meiri menn til þess, og er furðumikil frekja, sem lýsir sér í því, að þessir menn telja sig þess umkomna að gera það.

Guðmundur frá Miðdal myndhöggvari og málari, sem er duglegur maður, hefur varla mátt hreyfa sig, svo að hann hafi ekki verið ofsóttur af þessari klíku, sem tilheyrði áður Morgunblaðinu en nú kommúnistum. Hvar sem hann sýndi, var lokið á hann lofsorði, en er hann kom hingað, var tekið að níða hann niður.

Eggert Guðmundsson og Eggert Laxdal eru hæfileikamenn og mála prýðisvel. Myndir þeirra eru mjög ánægjulegar. En þið skuluð ekki halda, að þeir hafi mátt vera óáreittir.

Þá má nefna Guðmund frá Miðdal og Magnús Árnason. Magnús hefur lært í Ameríku og á enska konu, sem einnig er málari. En þessir og ýmsir fleiri dugandi listamenn fá ekki að sýna fyrir klíkunni.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt frekar.

Þó vil ég geta þess, að í sumar kom fram ósk frá nokkrum mönnum um að fá frændur sína í félagið til að stækka hópinn. Gegn því var ekki um aðra vernd að ræða en þá, sem menntamálaráð veitti.

Ég vona nú, að hv. þm. hafi fengið nokkur rök fyrir því, að ég er ekki smeykur við að fara í deilur við kommúnista um þessi efni, enda hefur flm. verið órór undir ræðunni. En hér er um það að ræða, hvort áhrifa kommúnista á að gæta svo í bókmenntum og listum, að þeim takist að rugla dómgreind almennings þannig, að menn kaupi andstyggilegar bækur og listaverk aðeins af pólitískum ástæðum og hvort eigi að knýja menn til þess að segja, að svart sé hvítt, það, sem mönnum þykir fallegt, sé ljótt.

Flm. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. — Hv. deild hefur nú heyrt þessa merkilegu ræðu hv. þm. S.-Þ. Vil ég nú spyrja hv. dm., hvort þeim virðist hv. þm. hafa haft þau orð um listamenn, að þeir áliti hann hæfan til þess að fara með málefni listamanna og fjárveitingar í sambandi við þau, og hvort ekki muni tími til kominn að taka upp aðra stefnu í þeim málum.

Ég mun ekki elta ólar við einstök atriði í ræðu hv. þm. S.-Þ., heldur snúa mér að því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni. Hann talaði á þeim grundvelli, að sjálfsagt er, að ég svari honum. Hann vildi kryfja mig svars um það, á hvaða grundvelli frv. væri flutt, og taldi það hafa komið fram í ræðu minni, að ég áliti listamenn eina hafa vit á listaverkum og Alþingi ætti ekki að skipta sér af málum þeirra. En þetta er hinn mesti misskilningur. Ég ætla ekki að ræða þetta frekar. En ég tel, að listamennirnir séu starfsmenn þjóðfélagsins eins og aðrir þegnar og Alþingi beri að styðja þá á þeim grundvelli. Grundvöllur frv. er sá, að ég álít, að samvinna eigi að vera á milli listamannanna og þess aðila, sem fer með úthlutun á styrk þeim, sem Alþingi veitir til lista í landinu, það er að segja menntamálaráðs. Ég leitaðist við að færa rök að nauðsyn þess, að listamenn hefðu fulltrúa í hópi þeirra manna, sem úthluta styrknum. Þar koma fram mörg sjónarmið. Ég kannast ekki við að hafa sagt annað í framsöguræðunni en það, sem stendur í grg. Ekkert er eðlilegra en listamenn hafi meiri íhlutun um þessi mál en verið hefur. Mundi þá mörgu, sem aflaga fer, vera kippt í lag.

Ég hef leitazt við að sýna fram á, að ekki væri óeðlilegt, að listamenn hefðu áhrif á val þeirra listaverka, sem ríkið kaupir. Um það ættu fulltrúar, kosnir af listamönnum, að fjalla, því að menntamálaráð er að dómi margra ófært til þess.

Hv. þm. S.-Þ. heldur, ef fjórum mönnum væri bætt við í menntamálaráð, væri kommúnistum tryggður meiri hluti í því. Þykir mér hann hafa unnið vel, ef hann hefur snúið svo mörgum til kommúnisma.

Þá sagði þm., að Rússar leyfðu listamönnum ekki að hafa áhrif í þessum efnum, en það er ekki rétt.

Hv. þm. S.-Þ. viðurkennir réttilega, að eigi beri að veita styrki eftir pólitískum sjónarmiðum. Vil ég þá víkja að reikningum menntamálaráðs. Hv. þm. S.-Þ. sagði, að engin rökstudd aðfinnsla hefði komið fram um störf þess. En sá grunur hefur ríkt, að ekki væri allt með felldu með reikninga þess. Bendi ég í því sambandi á Vísi 24. marz 1942. Ég hef borið fram till. þess efnis, að rannsókn á fjárreiðum menntamálaráðs væri nauðsynleg sem fyrst. Og þá mun ekki nægilegt að sjá reikningana eins og þeir eru, heldur væri æskilegt að fá meiri sundurliðun á þeim og einnig fundargerðir menntamálaráðs. Og ég sagði í gær, að ástæðan til þess, að þessi þáltill. er borin fram, væri m. a. sú, að það þyrfti að rannsaka fjárreiður menntamálaráðs.

Hver getur verið ástæðan fyrir því, að menningarsjóður getur gefið út bækur nú fyrir 10 kr. ársútgáfuna alveg eins og fyrir 10 árum? Hver borgar bækur menningarsjóðs, og hvar eru reikningarnir yfir þá bókaútgáfu? Að bókaútgáfa menningarsjóðs geti borið sig með þessu móti, kemur ekki til nokkurra mála.

Eins og ég tók fram í byrjun, dettur mér ekki í hug að fara að svara hv. þm. S.-Þ. orði til orðs, það væri að gera sig að fífli hér frammi fyrir hv. d. En einstökum atriðum vil ég þó víkja að.

Hv. þm. S.-Þ. var að hæla menntamálaráði fyrir það, að það hefði fyrst munað eftir ákveðnum listamönnum, sem Alþ., allan þann tíma, sem það veitti listamönnum fé, hefði ekki munað eftir. Hann nefndi þar til Gunnar Gunnarsson og sagði, að Alþ. hefði aldrei dottið í hug að veita honum styrk, enginn þm. hefði munað eftir honum. Hafði þá ekki hv. þm. S.-Þ. setið á þingi árum saman? Hvers vegna bar hann ekki fram till. um það þá, að þessum manni yrði veittur styrkur frá Alþ.? Og svo er annað í þessu sambandi. Ég hef ástæðu til að halda, að það séu til menn hér í hv. d., sem hafi fengið hótanir frá hv. þm. S.-Þ., ef þeir hafi ætlað að fara að bera fram till. um það, að Gunnari Gunnarssyni væri veittur styrkur frá Alþ., og það oftar en einu sinni, og þessi hv. þm. hafi haft í þessu sambandi hrakleg ummæli um Gunnar Gunnarsson. — Þá vildi hann enn fremur reyna að taka Kjarval upp á sína arma og vildi, að mér skildist, reyna að koma því að, að allir Íslendingar væru á móti Kjarval, nema hv. þm. S.-Þ., og veik hann að því, að menntamálaráð hefði munað eftir Kjarval og veitt honum styrk. Um þetta má hið sama segja: Hvers vegna hefur hv. þm. S.-Þ. aldrei fyrr á þingi borið fram till. um að veita honum styrk? Og hv. þm. S.-Þ. þarf ekki að koma með aðdróttun gegn mér og félögum minum út af því, að við höfum verið með árásir á Kjarval. Ég veit ekki betur en Mál og menning hafi gefið út myndir Kjarvals með mjög lofsamlegum formála eftir einn af mönnunum í stjórn Máls og menningar og það áður en menntamálaráð fór að veita honum styrki. Og hv. þm. S.-Þ. fór aftur og aftur að vitna í dóm, sem ég hefði skrifað um Kjarval, og sagði, að þessi dómur væri í Helgafelli, sem er misskilningur hjá hv. þm. Ég held, að ég þurfi ekki öðru því að svara en vísa hv. þm. S.-Þ. á tímarit Máls og menningar, 2. hefti frá 1942, þar sem þessi ritdómur er, sem hv. þm. á sennilega við, og ef menn geta fundið þar ásakanir á Kjarval, held ég, að ákaflega einkennilega sé lesið. Ég skal lesa hér upp, með

leyfi hæstv. forseta, nokkrar línur úr þessari umsögn um verk Kjarvals:

„Í hamförum sínum hefur Kjarval ekki alltaf gætt þess að vanda sig. Það er jafnviðurkennt og hitt, að hann sé meistari og snillingur, þegar honum tekst upp, og allar bera myndir hans á einhvern hátt vitni snilligáfu hans.“

Ég veit ekki, hvað hægt er meira um listamann að segja en segja, að hann sé meistari og snillingur.

Hv. þm. S.-Þ. var að kvarta undan því, að ég hefði ekki svarað því, hvers vegna þessi málsmeðferð hefði verið höfð eins og hún kemur fram í frv. Hv. þm. S.-Þ. finnst hún óeðlileg og mæla á móti l. og reglum Alþingis, að í viðbót við þá 5 menn, sem í menntamálaráði eru, komi 4 menn frá bandalaginu. Og hann kallar þetta nýmæli. Ég hélt, að hv. þm. S.-Þ. hefði setið svo lengi á Alþ. og þekkti svo vel vinnubrögð þar, að hann færi ekki að fleipra með svona fjarstæðu. Og hann taldi það meira að segja árás á Alþ., að auk þess sem þessir 5 menn í ráðið væru kosnir af Alþ., væru 4 menn í því frá listamönnum. Er ekki fjöldi n., þar sem Alþýðusamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Landssamband iðnaðarmanna og annar félagsskapur eða stofnanir hafa sína fulltrúa? Eða hvað skal segja um verðlagsn. t. d.? — Ég hélt, að hv. þm. færi ekki að bera þetta á borð fyrir þingið.

Ég skal aðeins taka nokkur atriði enn þá, og aðeins þau atriði, þar sem mér fannst hv. þm. S.-Þ. ganga svo langt, að ég get ekki leitt hjá mér að vekja athygli hv. d. á því. Hann hafði m. a. þau ummæli um Tómas Guðmundsson, eitt af okkar allra beztu skáldum, að hann segði í Helgafelli ýmislegt, sem væri á móti hans innra manni, og gaf í skyn, að hann væri keyptur til þess að skrifa í Helgafell. Ég vil aðeins benda á slík ummæli sem þessi. Þá er skrítið að heyra annað, sem þessi hv. þm. sagði í sambandi við Tómas. Hann fáraðist yfir því, að hann hefði sagt í útvarpinu, að hv. þm. sagði, að andagift væri ekki til í skáldskap. Þótti þar hv. þm. S.-Þ. langt gengið og benti á Matthías Jochumsson. Þetta kemur mjög illa heim við það, sem hv. þm. S.-Þ. hefur mjög nýlega sagt sjálfur. Hann segir t. d. í þeirri grein, sem var svo sérstaklega merkileg, að hún þótti hæf til þess að henni yrði brennt:

„Á hinum nýafstaðna fundi bandalagsins bættu svo nokkrir af fyrirferðarmestu sögusmiðum félagsins við skýringum á vinnubrögðum sínum, en þar þó ekki að öllu leyti saman. Þeir sögðust ekki vita sjálfir, hvað þeir skrifuðu. „Sigurvagnar“ úr heimi andans flyttu þeim efnið í bækur þeirra. Þessi skáld eru því aðeins miðlar, algerlega þýðingarlausir um efni og form. Tveir af fundarmönnum lýstu þessari miðilsstarfsemi. Annar þeirra sagðist lifa í óumræðilegu sæluástandi meðan hann tæki á móti boðum andans. Hinn sagði, að móttakan væri hryllilegt þjáningarlíf og varaði unga menn við að feta í fótspor sín. Með kenningunni um miðilsstarf skáldanna eru þau gerð ábyrgðarlaus, enda mun sá vera tilgangurinn. Á þennan hátt getur „skáldið“ sagt og gert hvað sem vera skal á ábyrgð „andans“.“ (Tíminn, 5. des. 1942, sem brennt var.)

Þarna er hv. þm. S.-Þ. í dálítilli mótsögn við sjálfan sig.

Þessi ummæli um Tómas Guðmundsson, að hann skrifaði á móti sínum betra manni, tel ég mjög ósæmandi.

Hv. þm. S.-Þ. var á mjög ósæmandi hátt, að ég tel, að tala um tvo málara, annars vegar Kjarval, til að slá sér upp á því, en hins vegar Ninu Tryggvadóttur, sem í fyrsta sinn hélt sýningu á málverkum í haust s. l. Talaði hv. þm. um þessa listamenn sem andstæður, annars vegar Kjarval, sem dæmi um það, hvernig listamenn ættu að vera, og hins vegar Ninu Tryggvadóttur, sem dæmi málara, sem skapaði verk, sem enginn vildi kaupa og væru í alla staði lítils virði. Og hv. þm. gerði mikið úr sölu þeirri, sem Kjarval hefði haft, og sagði, að Nína hefði getað aðeins selt tvær myndir á sýningunni. Að taka unga listakonu, sem í öllum dagblöðum bæjarins var talin hin efnilegasta, þannig fyrir hér á Alþ. og auk þess ljúga því hér upp, (forseti hringir) að hún hafi aðeins selt tvær myndir, þegar hún seldi fjórtán, sem má víst telja mjög góða sölu, það er barbarismi á lægsta stigi og í alla staði siðlaust og níðingslegt og ósæmandi að haga sér þannig. Mér hefur áreiðanlega verið gefið tilefni til að hafa svona stór orð um þetta. Þetta er andstyggð og smán, að slík ummæli skuli heyrast af vörum manns, sem er í menntamálaráði, svo að hver hv. þm. blygðast sín fyrir að þurfa að hlusta á annað eins hér í þingsölum.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög og alls ekki blanda mér í viðskipti þeirra hv. þm. S.-Þ. og þess hv. þm., sem síðast talaði. Ég mun greiða þessu frv. atkv. til 2. umr. og n., hvað sem meira verður. Og ég geri það af því, að ég viðurkenni fullkomlega, að það ástand, sem undanfarið hefur ríkt í þessum efnum, er mjög bágborið, að ég ekki segi með öllu óviðunandi. Hins vegar get ég ekki varizt því, að mér finnst hjá hv. flm. vera farið að sumu leyti í kringum það, sem er kannske aðalatriði í hans augum og ýmissa annarra, sem líta svipað á málið og hann. Ég hygg, ef maður talar af fullkominni hreinskilni um þetta mál, að ekki sé svo mjög að ræða hér um deilu við menntamálaráð í heild eða óánægju með tilhögun á því, hvernig það sé skipað — ekki eins og sumpart störf hv. formanns menntamálaráðs (JJ) og þá ekki síður þau skrif, sem hann hefur látið eftir sér birta í sambandi við starfsemi ýmissa listamanna hér í landinu og um starfsemi menntamálaráðs. Ég hygg, að menn verði að gera sér grein fyrir því, að það er einmitt um þetta, sem ágreiningurinn er frekar en hitt, að það er Alþ., sem kýs í menntamálaráð, en ekki einhver annar aðili.

Ég veit, að það er rétt, sem hv. flm. segir um þing listamanna hér á s. l. hausti, það samþykkti till. um breyt. á l. um menntamálaráð í þá átt sem gert er ráð fyrir hér í frv. Hins vegar get ég ekki neitað því, að mér finnst þessi lausn, ef hægt er að kalla þetta lausn, mesta vandræðalausn. Ég fyrir mitt leyti tel, að það séu ekki hinar minnstu líkur til þess, að t. d. fulltrúi frá tónlistarmönnum eða leikurum sé, almennt skoðað, betur hæfur til að meta verk rithöfunda og

myndlistarmanna heldur en hver annar maður. Og því hygg ég það tilefnislaust að setja þessa menn í ráðið til þess að meta verk rithöfunda og ákveða um það, hvaða málverk skuli kaupa í væntanlegt myndasafn ríkisins. Það má kannske segja, að þeir standi jafnt að vígi og aðrir borgarar landsins, en þeir standa þó ekki öðrum framar í þessu efni. Ég hygg því rétt, að hv. menntmn., sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar, athugi, hvort ekki væru aðrar leiðir fullt svo líklegar og þessi, sem hér er gert ráð fyrir, til þess að bæta úr því ástandi, sem við höfum búið við í þessu efni undanfarið.

Ég man ekki, hvort það hefur komið fram í þessum umr., en ég tel ákaflega hæpið, ef ekki óviturlega ráðstöfun, að taka alla persónustyrki út úr fjárl. Ég er þeirrar skoðunar, að það væri alveg eðlileg leið, að a. m. k. þeir listamenn og rithöfundar, sem Alþ. metur verða þess að vera á nokkurn veginn föstum launum, ættu að vera á 18. gr. Og ég álít, að ef sýna á manni sóma fyrir eitthvað í þessum efnum, sem Alþ. álítur þess vert, að ástæða sé til að viðkomandi maður haldi áfram á þeirri braut, þá sé fullkomin ástæða til að taka til athugunar, hvort ekki ætti að breyta um í þessu efni aftur. Manninum er sýndur mestur sómi og hvatning með þessu. Og Alþ. er eðlilegur aðili til þess að dæma um þetta, ef á að meta þetta þjóðinni til gagns. Nú viðurkenni ég það, að þegar litið er á þann skerf, sem hið opinbera leggur fram til þessara mála, þá er ekki eðlilegt, að allt það fé gangi til þeirra manna, sem eiga heima á 18. gr. Þess vegna er athugunarefni, hvort ekki sé rétt, að nokkru af þessu fé sé úthlutað með nokkuð öðrum hætti en að ákveða það á 18. gr.

Ég tók svo eftir hjá hv. flm., að hann í fyrri ræðu sinni, sem hann hélt hér, segði, að það gæti ekki gengið lengur, að Alþ. skipti sér ekki af málefnum listamanna. Ég verð að telja þetta alveg ómaklega mælt. Það verður ekki annað sagt, þegar litið er til annarra þjóða og ríkja, hvar sem er, en að Alþ. Íslendinga hafi lagt tiltölulega meira fram til þessara mála heldur en flest þau ríki, sem ég þekki til í. Og hv. þm. S.-Þ. hefur átt mikinn þátt í því, að svo hefur verið gert. Og sú löggjöf, sem hér gildir um menningarsjóð og starfsemi hans, er að ýmsu leyti mikils verð og merkileg. Og ég álít illa farið, ef það er ekki fullkomlega metið, sem gert hefur verið í þessu efni.

Ég tel það sem sagt mjög vafasamt, að þessi leið, sem hér er bent á, sé líklegust til úrbóta í þessu efni. En ég vildi beina því til hv. menntmn. til athugunar, hvort ekki væri vert fyrir n. að rannsaka, hvort ekki væri ástæða til, ef horfið yrði að því að taka aftur inn á 18. gr. þá menn, sem þar þættu eiga heima að dómi Alþ., að láta t. d. félag íslenzkra rithöfunda annaðhvort beinlínis úthluta því fé öðru, sem lagt yrði fram til rithöfunda, heldur en ákveðið er í 18. gr., eða þá a. m. k. gera till. um þá úthlutun til menntamálaráðs, ef það hefur það á hendi að úthluta þessu fé til þeirra annarra rithöfunda, sem ekki þættu verðir slíkrar viðurkenningar að vera settir á 18. gr. Nokkuð svipað þætti mér vel athugandi í sambandi við kaup listaverka.

Hér í þessu frv. er ætlazt til þess, að 4 félög listamanna í ýmsum greinum tilnefni menn í ráðið, og fulltrúar frá hverju einstöku félagi fjalli um öll þau mál, sem fyrir koma í menntamálaráði. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að það gætu verið stofnuð fleiri slík félög listamanna, sem gætu þá eins vel komið til greina með að hafa fulltrúa í ráðinu, og ef svo væri haldið áfram, að hvert slíkt félag hefði fulltrúa í ráðinu, gæti svo farið, að fulltrúar frá Bandalagi íslenzkra listamanna hefðu meiri hluta. En það telur flm. þó ekki heppilegt.

Ég sé, að hv. flm. hugsar að ýmsu leyti eins og ég í þessu máli, því að hann segir í grg.: „Er þá ekkert eðlilegra en listamenn sjálfir fái íhlutunarrétt um sín mál, og gæti jafnvel virzt eðlilegast, að þeir hefðu þau algerlega með höndum.“ Ég skal viðurkenna, að þetta hefur þó nokkuð til síns máls, þannig að skipta t. d. rithöfundum í tvo flokka, þannig að í öðrum flokknum væru þeir rithöfundar, sem Alþ. beinlínis viðurkennir og telur þess verða að hafa fastar greiðslur til, sem væru þá settir í 18. gr. fjárl., en í hinum flokknum væru þeir, sem fá styrk sem eins konar uppörvun og hvatningu, menn, sem eru að byrja, og menntamálaráð úthlutaði þeim þessum styrkjum. Einnig finnst mér það athugandi, að þessir 4 menn, sem störfuðu í menntamálaráði og væru fulltrúar bandalagsins, tækju þátt í störfum menntamálaráðs, þegar það starfar að sérmálum þessara félaga. Allt þetta vil ég benda á til athugunar fyrir hv. menntmn., og þar sem sú n. er skipuð svo áhugasömum mönnum eins og hv. 7. landsk. (KA), flm. þessa frv., sem hefur lagt allmikla vinnu í þetta mál, og hv. þm. S.-Þ., vænti ég, að sú n. taki þær ábendingar, sem ég nú hef gert, til athugunar. Hins vegar hef ég heyrt, að listamenn mundu telja sér það hálfgerðan bjarnargreiða, ef þeim yrði falið að úthluta þessu fé sjálfum, og það kann að vera nokkuð til í því. En ef þeir eða samtök þeirra á annað borð vilja gera einhverjar samþykktir, þá verða þeir að taka þeim afleiðingum, sem það hefur í för með sér. Og ég er ekki viss um, að með ákvæðum þessa frv. um val fulltrúa þeirra í ráðið verði stýrt fram hjá því skeri.

Ég get svo látið útrætt um þetta mál að sinni. En ég geymi mér rétt til þess að bera fram brtt. við frv. eða vera með brtt., sem fram kunna að koma síðar.

Jónas Jónsson: Ég held, að það hafi verið ofmælt hjá hv. síðasta ræðumanni, að hv. flm. hafi lagt mikla vinnu í þetta mál, því að ég hef einmitt leitt rök að því, að ræða sú, sem hann flutti hér fyrr við þessa umr., mundi ekki vera að öllu leyti hans vinna, svo að þetta mun hafa verið oflof.

Það er alveg rétt hjá hv. flm. að fella nokkuð saman segl í þessu máli. Honum er sennilega ljóst, að þingið muni ekki vera líklegt til að taka upp þessa sovjetráðsmennsku. Þess vegna tók líka hv. flm. það ráð að reyna ekki að verja sinn málstað neitt — ekki grundvöllinn undir frv., sem er sá að láta alveg óviðkomandi stofnanir vinna það verk, sem Alþ. hefur alveg í sínum höndum og á að hafa.

Það kom fram í síðustu ræðu, að í sjálfu sér hefði hv. flm. ekkert út á menntamálaráð að setja nema mig, og ég sé ekki ástæðu til, að hann álíti, að ég verði eilífur augnakarl í ráðinu. Og ef hann kemur þar inn sjálfur, er honum opin leið að sýna sinn mikla áhuga þar, þó að þekkingin sé minni. Annars fannst mér það koma fram í ræðu hans, að hann hvorki tryði á málstað sinn né sjálfan sig.

Þá var það nokkur hugleiðing viðkomandi Rússum. Hv. flm. sagði, að ég vildi fylgja fordæmi Rússa, sem hafa útilokað öll skáld, sem ekki fylgdu stjórninni. Í öllum þeim ósannindum um menntamálaráð, sem sögð hafa verið, hefur því þó aldrei verið haldið fram, að það vildi granda lífi eða limum þeirra listamanna, sem ekki fylgdu ákveðnum stjórnmálaflokki. En Rússar leyfa ekki öðrum að vinna á þessum vettvangi en þeim, sem vinna með stjórninni. Hinir tapa frelsi og fjöri. Þetta ætti hv. flm. að vita og taka með varfærni á því orðaskaki, sem hefur komið frá flokksbræðrum hans um þetta málefni. Það er svo langt frá, að ég telji fordæmi Rússa frambærilegt, og þó að um þennan mann, hv. flm., sé að ræða, sem hvorki er skáld, rithöfundur né listamaður, ég vil ekki, að honum sé gert neitt til miska þess háttar. Hann er leiðinlegur, bæði á fundi í þingsölum og annars staðar. En að nokkurt vit sé í að fara með hann eins og Rússar fara með sína andstæðinga, það er fjarlægt íslenzkum hugsunarhætti. En þá getur hv. flm. ekki annað en viðurkennt, að úr því að borgarar Íslands una þessum Rússavinum tiltölulega góðs hlutskiptis, miðað við það, sem í Rússlandi gerist, þá er ómögulegt, að þeir breyti svo þjóðfélaginu, að það sé eins og maður sé kominn til Moskva, þar sem Þjóðverjar eru á hælunum á Rússum.

Hv. flm. kom enn með það, að það mundu vera rangir reikningar hjá okkur í menntamálaráði, og þótti honum við vera snillingar í að selja bækur ódýrt og vildi segja, að það gæti ekki stafað af öðru en að við hefðum stolið fé til þess. Í sambandi við landsreikningana eru allir þessir hlutir endurskoðaðir. En við viljum gjarnan, að þetta verði skoðað betur, til þess að þessi hv. þm. fái maklega áminningu í viðbót við það, sem komið er, fyrir sinn lága og lítilfjörlega hugsunarhátt. En ég er hræddur um, að svo framlágur, sem þessi hv. þm. var, þegar hann fór úr skrifuðu ræðunni og fór að tala blaðalaust, þá mundi hann verða enn niðurlútari, þegar búið er að fara í reikninga menntamálaráðs.

Þá var það hundalógik hjá hv. flm., þegar hann kom að því að vilja ófrægja mig fyrir að hafa ekki verið búinn að setja menn, sem hann tiltók, inn í 18. gr. fyrr en gert var. Það er eins og ekkert pláss hafi verið fyrir aðra menn til að gera till. um það en mig, hvorki utan þings né innan, ekki t. d. fyrir bolsevikka að koma og bera upp þessa menn. Ég hef komið mörgum mönnum þar að, en tel mig ekki hafa einkarétt á því. En úr því að byrjað var að gera fyrir þessa listamenn, sýnir það framsýni og dugnað.

Ég hefði gaman af því, að hv. flm. vildi nefna þann þm., sem ég hefði viljað beita harðræði við fyrir að vilja sýna Gunnari Gunnarssyni einhverja líknsemd. Því að það stendur svo á, ef þeir reikningar væru athugaðir, þá mundi koma í ljós, að enginn úr Kommúnistafl. lagði meira á sig til að greiða götu Gunnars Gunnarssonar heldur en ég gerði.

Hv. flm. var hissa á því, að ég skyldi halda því fram, að Tómasi Guðmundssyni hefði hnignað, síðan hann gerðist ritstjóri. En það er öllum ljóst, að það er lélegra, sem birtist eftir hann nú heldur en áður. Og það er eðlilegt, þar sem hann er kominn í félagsskap þann, sem hann er í, að hann dragist niður.

En um andagiftina er þetta að segja, að þeim kemur ekki saman um hana þessum „skáldum". Á listamannaþinginu börðu þeir sig alla utan, þeir helztu þar, og sögðu, að andinn ólmaðist í þeim, einn sagði, að það skapaði sér sælu, en annar þvert á móti vansælu. Svo kemur Tómas, Helgafellsskáldið, og segir, að ekki sé um neina andagift að gera hjá skáldum.

Um málverkasýningar Kjarvals og Nínu Tryggvadóttur vil ég segja það, að ég get ekki skilið í því, hvað kom hv. flm. í svona illt skap út af því, að ég minntist á þessa dömu. Hún var, eins og ég sagði, búin eftir 4—5 daga að selja eitthvað 2 myndir. Hve margar hún hefur selt eftir það, veit ég ekki. En Kjarval var búinn á 2—3 dögum að selja fyrir mörg þús. kr., — en hv. flm. hefur haft flatrímað lof um hann, en viljað koma því að, að af því að hann hafði sótt efni í verk sín úr náttúrunni, hafi honum hnignað. — Mér þykir ekki óeðlilegt, að Kommúnistafl. hefði keypt eitthvað af Nínu að síðustu — ekki honum til sóma, heldur af eins konar skyldu.

Ræða hv. 3. landsk. (HG) var nokkuð lausleg og ekki gott að átta sig á, hvað sá hv. þm. vildi í þessum efnum. Það virðist eins og sá hv. þm. telji eitthvað sérstakt við það, að Kommúnistafl. sé með uppsteit við menntamálaráð, þó að ekki hafi annað fólk í landinu talið það hafa brotið neitt af sér, þegar við höfum gefið út bækur og höfum fengið miklu meira gengi í því heldur en nokkrir aðrir, sem hafa gefið út bækur hér á landi. En þessi hv. þm. hefur í 12 ár átt í svipaðri baráttu, þ. e. við kommúnista. Hann hefur haft kommúnista á móti sér þann tíma með sams konar ósannindi og rógburð, og hann hefur af veikum mætti reynt að berjast á móti því. Stundum hefur hann sigrað, stundum tapað. Hvers vegna hefur hann háð þessa baráttu í 12 ár? Hvers vegna gafst hann ekki upp 1930 og kyssti á vönd þeirra þá? Hann um það. En hann getur ekki búizt við, að landslýðurinn geri það allur að kyssa á vönd kommúnista. Landslýðurinn tekur það karlmannlegar en hv. 3. landsk. gerir nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 85., 86., 87., 88., 89., 90., 92., 93. og 94. fundi í Ed., 31. marz, 1., 2., 6., 7., 8., 9. og 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Nefndaráliti frá meiri hl. menntmn. var útbýtt 24. marz, á þskj. 601, og nál. minni hl. 9. apríl, á þskj. 700, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

32. Útflutningsgjald.

Á 12. fundi í Sþ., 4. jan., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald** (þmfrv., A. 131).

Á 25. fundi í Ed., 6. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., 7. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Með l. nr. 63 frá 28. jan. 1935 í 3. gr. er svo mælt fyrir, að útflutningsgjald skuli miðað við söluverð afurða með umbúðum, fluttra um borð í skip (fob) á hverri höfn, er þær fyrst fara frá, eða við söluverð erlendis (cif) að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi. Þetta síðasta ákvæði hefur valdið nokkrum ágreiningi og erfiðleikum, ágreiningi um það, hvernig beri að reikna útflutningsgjaldið eftir þessum l. af fiski, sem skipin sjálf, sem flytja hann út, veiða hér við land. Það kemur ekki beint fram í þessum l. frá 1935, hvernig þetta skuli reiknast, því að það er auðséð á þeim l. yfirleitt, að þetta ákvæði, „eða við söluverð erlendis“, á ekki sérstaklega við þessa vörutegund, heldur mun það fremur eiga við þá vöru, sem seld er í umboðssölu og kannske ekki seld fyrr en mörgum mánuðum seinna en hún er flutt út, og vil ég rökstyðja það með því, að hér stendur „að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi“. En ef þetta ákvæði hefði átt að gilda um þennan útflutta fisk, þá hefði einnig þurft að standa, að frádregnu löndunargjaldi ytra, sem er stór gjaldaliður, og fleira kemur þar til greina. Hér í þessum l. er ekki um að ræða sérstakt flutningsgjald með þessum skipum. Og til þess að finna reglu til að fara eftir í þessu efni hefur venjan verið sú að reikna skipunum ákveðna upphæð til frádráttar t. d. á hverjum degi, sem þau eru við að flytja út fiskinn. Þetta gjald var í fyrstu lágt, en eftir því sem kostnaður jókst, fór þetta gjald ört stigandi og tók sífelldum breyt. Það er því skiljanlegt, að hér þarf að kveða nokkru ákveðnar á í þessu efni. Og þetta frv. fer fram á, að við þessa 3. gr. l. frá 1935 bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: „Ef skip flytur út eigin afla, skal miða gjaldið við útflutningsverð fiskjarins komins um borð í skip (fob), ef það er skrásett í landinu, annars við kaupverð frystihúsanna á sams konar fiski. Magn fiskjarins reiknast eins og það vigtast upp úr skipi á sölustaðnum“.

Árið 1941 held ég, að í raun og veru skapist í fyrsta skipti fast söluverð á útfluttum fiski með samningum við brezku herstjórnina. Og síðan, þegar búið er að samræma allt verð á fiski til frystihúsanna og það er sams konar verð og það, sem selt er fyrir til skipanna, þá skapast hér útflutningsverð á fiskinum. Og er það alveg spursmál, hvort dómstólarnir mundu ekki líta svo á, að það ætti að reikna eftir því verði, ef farið væri í mál út af þessu atriði. Ef hæstv. Alþ. fellst á þessa skýringu, þá á ekki að vera þörf á slíkum málshöfðunum, sem annars verða óhjákvæmilega milli þessara aðila.

Til stuðnings þessu máli vil ég benda á, að í l. nr. 98 frá 1941 í 5. gr. þeirra l. er einmitt skýrt svo mælt fyrir, að 10% útflutningsgjaldið skuli reikna af fob-verði vörunnar, og getur þá ekki verið átt við annað verð en það verð, sem fiskur er seldur fyrir hér til útflutnings á hverjum tíma. Og þar er ekki sleginn sá varnagli, að dreginn skuli frá kostnaður skipanna, heldur að gjaldið skuli reiknast eftir útflutningsverði, sem verði fast á hverjum tíma. Hér er um að ræða miklu stærri fjárhæðir en gamla útflutningsgjaldið var, og getur því orðið ágreiningur út af því. Og ég fæ ekki séð, að í raun og veru sé leyfilegt að reikna þetta útflutningsgjald eftir nokkru öðru heldur en hér er ákveðið í frv.

Vildi ég mælast til þess, að hv. þd. vildi hraða afgreiðslu þessa máls, svo að leyst verði úr þessu deiluatriði sem skjótast. En það mun verða beðið eftir því af útgerðarmönnum og jafnvel af hæstv. ríkisstj.; og hæstv. fjmrh. upplýsti mig um í gær, að talið væri æskilegt, að enginn úrskurður yrði felldur um þessi mál fyrr en séð væri, hvernig Alþ. liti á þessi mál.

Haraldur Guðmundsson: Ég tók svo eftir hjá hv. flm., að hann upplýsti, að útflutningsgjald það, sem tekið væri nú, væri tekið eftir l. um útflutningsgjald, sem framkvæmd hafa verið undanfarið með 10% viðauka, og það yrði reiknað á þann hátt, ef frv. yrði samþ., en til þessa tíma hefði það verið tekið eftir l. um útflutningsgjald frá 1935.

Ég minnist þess, að fyrrv. hæstv. forsrh. skýrði frá því á þ. í sumar, að farið væri að innheimta útflutningsgjaldið með 10% álagi samkvæmt ákvæðum dýrtíðarl., og þá skýrði hann þ. svo frá, að hjá togurum, sem flyttu út eiginn afla, væri verðið fundið á þann hátt, að miðað væri við söluverð í Englandi að frádregnum sölukostnaði og hæfilegum flutningskostnaði, og flutningskostnaðurinn væri áætlaður eftir mati, að ég ætla fjármálaráðuneytisins, á þann hátt að áætla tiltekinn dagafjölda, sem togararnir væru að flytja út og reikna kostnaðinn eftir því. Ég hygg þetta einu réttu aðferðina, og ég get ekki séð, að neitt geti borið á milli þarna annað en það, hvernig meta skuli flutningskostnaðinn, þegar um þessi skip er að ræða. Ég sé ekki, hvaða vit getur verið í því, þegar smábátar eru bundnir við ákveðið söluverð á fiski við útreikning útflutningsgjaldsins, að láta afla togara, sem seldur er kannske við fimmföldu verði miðað við það, sem smábátarnir fá fyrir sinn fisk, sleppa undan því, að greitt sé sama útflutnings-

gjald af verði fyrir hann að frádregnum sölukostnaði og kostnaði við flutning á fiskinum. Og ég man ekki betur en fyrir lægi yfirlýsing frá fyrrv. hæstv. forsrh. (ÓTh) um það, að þessari aðferð ætti að beita, þegar um slíka togara væri að ræða, og engin andmæli kæmu fram á þinginu um slíkan útreikning á útflutningsgjaldinu. Ég hygg því, að ekkert tilefni sé fyrir hendi til þess að gera þá breyt. á l., sem hér í frv. er gert ráð fyrir, að gerð verði um útflutningsgjaldið. Sumar vörur eru seldar fyrir fobverð af eigendum varanna hér heima, og þá er eðlilegast að miða við það verð. Aðrar vörur eru seldar af okkur á markaði erlendis, og þegar búið er að draga kostnað við flutning og sölu frá því, sem fyrir þær fæst ytra, svarar það til fob-verðs.

Mér þætti gott, ef hv. flm. upplýsti, hvort nokkur breyt. hafi orðið á 10% gjaldinu frá þeim tíma, þegar fyrrverandi hæstv. ráðh. gaf upplýsingar sínar, sem ég gat um.

Flm. Gísli Jónsson: Í tilefni af ræðu hv. 3. landsk. þm. vil ég upplýsa það, að fyrrv. ríkisstj. hefur gefið fyrirskipun um að innheimta útflutningsgjaldið, eins og hann taldi rétt vera, en því hefur verið mótmælt með tilvísun til 3. gr. l. frá 1935, sem getið er í frv. En í þessari gr. stendur, að reikna skuli útflutningsgjaldið eftir fob-verði vörunnar eða eftir söluverði hennar erlendis að frádregnum kostnaði, sem þar er talinn. Ef togari selur fisk hér á landi eða í annað skip, þá er ákveðið útflutningsgjaldið af farminum miðað við söluverðið, eins og vera ber. En allt annað verður uppi á teningnum, þegar togarar sigla með afla sinn til útlanda og selja hann þar sjálfir. Þá er útflutningsgjaldið reiknað ekki aðeins af aflanum, heldur er einnig verið að leggja sérstakan skatt á flutningsgjaldið. Því að það er ekki annað en flutningsgjald skipsins, mismunurinn á því verði, sem fiskurinn er seldur fyrir hér og því verði, sem hann er seldur fyrir úti að frádregnum ágóða, sem verður á sölunni. Og það hefur aldrei verið meiningin að leggja útflutningsgjald á flutningskostnaðinn. En það er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt, að þetta komi fram í l. frá 1935, þegar ekki þekktist þetta útflutningsgjald af fiskinum, sem síðar kom og var annars eðlis. Það breytir því engu um það, þó að þessi breyt. verði samþ. á l. frá 1935, að það hlýtur að verða dómstólamál, hvort greitt skuli útflutningsgjald af söluverði fiskjarins úti eða af útflutningsverði hér heima. (HG: Hefur þetta gjald þá ekki verið innheimt?) Jú, gegn mótmælum, og það stendur í málaferlum milli viðkomandi aðila um þetta atriði, og í því sambandi er aðeins beðið eftir að sjá, hvernig Alþ. lítur á l. frá 1935 um útflutningsgjaldið. Og þó að þetta frv. verði samþ., þá breytir það ekki nokkrum hlut um það að fá dóm eftir l. frá 1941 um þetta atriði. Það verður þá að breyta þeim l. aftur til þess að fá stoð í l. til þess að taka 10% gjaldið af söluverði fiskjarins í Englandi. Aftur á móti vil ég benda á það, að það er ekki hægt í hvert skipti að fara upp til ríkisstj. til þess að fá ákvarðaðan frádrátt frá hverri ferð, og ferðirnar eru svo mismunandi, að það getur vel oltið á 30 til 40 og upp í 50 þús. kr. kostnaðurinn í hverri ferð. Það er ýmislegt, sem getur komið þar inn í á slíkum ferðum, og er því ákaflega óheppilegt og óeðlilegt að miða útflutningsgjaldið við það sama og gert hefur verið, þegar um sölu togara á eigin afla hefur verið að ræða, þegar annar möguleiki er fyrir hendi um útreikning útflutningsgjaldsins, sem er eðlilegri, og þegar boðað er með l., sem síðar eru gefin út, að það skuli höfð önnur aðferð á þessum útreikningi heldur en gert var eftir l. frá 1935.

Vænti ég, að þessu máli verði hraðað, því að það þarf að komast að fastri niðurstöðu í þessu máli sem fyrst.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Af því að hæstv. fjmrh. er hér ekki viðstaddur, leyfi ég mér að fara þess á leit við hv. d., að þessu máli verði vísað til 2. umr. og það verði athugað í n. og sú n. sæi sér fært að hraða afgreiðslu málsins eftir föngum, því að málið er í sjálfu sér mikilsvert eftir því sem sakir standa.

Flm. (Gísli Jónsson): Ég vil benda á það, sem hæstv. forsrh. sagði, að mál þetta er mikilsvert, og það er óskandi, að því sé flýtt. Og ég legg til, að það fari til fjhn.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil ekki tefja fyrir þessu máli og tel sjálfsagt, að það gangi til n. og verði athugað þar sem skjótast.

Hins vegar fæ ég ekki séð, eftir upplýsingum hv. þm. Barð. (GJ), að málinu geti legið mjög mikið á, ef upplýsingar þess hv. þm. eru réttar. Því að hann sagði í ræðu sinni, að það hefði engin áhrif á 10% gjaldið, hvort þetta frv. væri samþ. eða ekki. Og þá fæ ég ekki séð, að l. frá 1935 skipti svo miklu máli, að það skipti svo miklu, hvort þetta frumv. verði afgreitt nokkrum dögum fyrr eða seinna. Hæstv. forsrh. upplýsti, að það hefði mikla þýðingu, að þessu máli yrði hraðað, og datt mér ekki í hug að draga það í efa. En hv. þm. Barð. segir, að hvernig þetta mál verði afgreitt, hafi engin áhrif á útflutningsgjaldið samkvæmt l. frá 1941. En sú skynsemi, sem ég hef, segir, að það almenna útflutningsgjald eftir l. frá 1935 sé ekki svo mikils varðandi, að það geti varðað miklu, að málið dragist nokkra daga. Vil ég þó alls ekki tefja málið.

Flm. (Gísli Jónsson): Ég vil gefa skýringu á því, að ég held, að hv. 3. landsk. þm. (HG) hafi misskilið það, að ég sagði, að það hefði ekki minnstu áhrif, þó að þetta frv. væri samþ. þannig lagað, að það yrði samt farið í mál út af þessu 10% gjaldi til þess að fá úr því skorið, hvernig fara skuli eftir l. frá 1941 í þessu efni. En það getur hins vegar haft áhrif á siglingar nú, hvernig álit Alþ. er um það, hvernig skilja og framkvæma beri l. þessi frá 1941 eða hvort eigi að beita þeim með tilvísun til einhverra annarra l., og það er þörf á að fá úr þessu skorið strax, og vil ég því vona, að hv. fjhn. hraði þessu máli. Það er stórt mál fyrir útgerðina, hvernig þetta útflutningsgjald verður innheimt,

hvort það verður gert eftir l. frá 1941 eða eftir l. frá 1935. Ef útflutningsgjaldið er innheimt eftir l. frá 1935, og þó að það sé gert eftir þeirri reglu, sem verið hefur, þá er það smáatriði, fyrir sjávarútveginn, enda þótt það hafi verið ranglega tekið að nokkru leyti. En nokkuð af því hefur runnið í Fiskveiðasjóð, sem útgerðarmenn hafa ekki séð eftir að leggja á sig nokkrar byrðar fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Alþýðutryggingar (frv. HG og GÍG).

Á 27. fundi í Ed., 8. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 148).

Á 28. fundi í Ed., 11. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv. er í höfuðatriðum samhljóða frv., sem flutt var hér á síðasta þingi af tveim dm. Aðalefni þess er, að í viðbót við þær bætur, sem greiddar eru fyrir dauðsföll og örorku samkvæmt alþýðutryggingalögunum, verði greiddar þær uppbætur, sem greinir í 1. og 2. gr. frv., en það eru þær bætur, sem nú eru greiddar þeim, sem tryggðir eru með stríðstryggingu, en hún nær aðeins til sjómanna, sem fara um hættusvæðin annaðhvort á millilandaskipum eða kringum land. Annað nýmæli er í bráðabirgðaákvæðinu og 3. gr., sem fela í sér fyrirmæli um, að þær bætur, sem greiddar eru samkv. þessari gr., skuli greiða sem svarar til vísitölunnar 150 á hverjum tíma.

Það ber öllum saman um það, að megingalli alþýðutryggingalaganna sé í raun og veru sá, hversu dánar- og örorkubætur eru lágar. Þær eru lægri hér en víðast hvar í nágrannalöndunum. Þær hafa að vísu verið hækkaðar stig af stigi, en þó ekki meira en svo, að fullar örorkubætur nema aðeins rúml. 16 þús. kr. og dánarbætur til ekkju nokkuð yfir 8 þús. kr. Nú er það svo, að þeir, sem tryggðir eru fyrir stríðsslysum, fá tvöfaldar bætur. Með 1. og 2. gr. frv. er ætlazt til, að dánar- og örorkubætur samkvæmt alþýðutryggingal. verði hækkaðar til samræmis við bætur samkv. l. um stríðsslysatryggingar sjómanna.

Mjög oft er, að vafi getur leikið á um það, hvort slys beri að telja til stríðsslysa eða ekki. Hins vegar getur oft skapazt óánægja, þegar um tvö slys er að ræða, sem gerast ef til vill um líkt leyti og með svipuðum hætti, og annað er bætt samkv. stríðsslysatryggingu sjómanna, en hitt aðeins samkv. alþýðutryggingal. Kjaramunur í slíkum tilfellum er svo mikill, að ekki verður afsakað. Segjum, að tveir bátar farist sama dag og annað slysið teljist stríðsslys, en hitt ekki, þá fá aðstandendur manns á fyrrnefnda bátnum rúmlega 30 þús. kr., ef um meðalfjölskyldu er að ræða, en aðstandendur manns af hinum aðeins 12 þús. kr. Það er að vísu rétt, að stríðsáhætta manna er misjöfn eftir því, hvert starf þeir stunda, en réttur aðstandenda til bóta hlýtur hins vegar að vera hinn sami, hvort sem fyrirvinnan ferst af styrjaldarvöldum eða öðrum orsökum.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að bætur samkvæmt 1. og 2. gr. frv. verði greiddar með verðlagsuppbót, er svarar til þess hluta vísitölunnar, sem er umfram 150 stig. Ég ætla, að vísitalan hafi verið 146 stig, þegar l. um stríðsslysatryggingar gengu í gildi, en nú mun hún vera komin upp í 172 stig.

Um það er ekkert hægt að segja með vissu, hve mikill kostnaður mun verða af þessu. Ef miðað er við árin 1936—39, áður en slys fóru að koma fyrir af stríðsvöldum, lítur út fyrir, að iðgjöld sjómannatrygginganna verði að hækka um 4—5 krónur á viku, en munu nú vera um 6 kr. Þau mundu með öðrum orðum hækka upp í 10 kr. að minnsta kosti. En um þetta er að svo stöddu ekki hægt að gera neina skynsamlega áætlun.

Ýmsir hafa látið í ljós þá skoðun, að óheppilegt sé, ef þessar bætur hækka mjög, að greiða þær allar í einu til aðstandenda. Ég tel, að þessi skoðun eigi allmikinn rétt á sér. Er ef til vill rétt að breyta þessu í lífeyrisgreiðslur. En áður en slík breyting yrði gerð, þyrfti helzt að fara fram ýtarleg endurskoðun á löggjöfinni í heild.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til hv. allshn., og er ég fús að láta henni í té öll þau gögn í þessu máli, sem ég hef yfir að ráða.

Gísli Jónsson: Ég vil spyrja hv. flm., hvort hann ætlist til, að þessar hækkanir komi niður á sömu aðilum og þau iðgjöld, sem nú eru greidd: að hálfu leyti á atvinnurekendum og að hálfu leyti á ríkissjóði.

Að öðru leyti vil ég benda hv. frsm. á það, að ég held það fyrirkomulag sé nú haft á stríðsslysatryggingunum, að helmingurinn sé greiddur út, en lífeyrir keyptur fyrir hinn helminginn. Þessu hefur verið svo illa fyrir komið, að ekki hefur verið greitt í lífeyri meira en sem svarar 6% af vátryggingarupphæðinni. Ég rakst á þetta, þegar ég var sjálfur að gera upp eitt slíkt tilfelli. Þar voru greiddar 12 þús. kr. til vátryggingarfélagsins, en það hafði hins vegar skuldbundið sig til að greiða 700 kr. til erfingjanna, á meðan þeir lifðu. Ef þessu er yfirleitt svona fyrir komið, er full ástæða til að taka til athugunar, hvort ekki sé rétt að láta ríkið taka þetta að sér, því að ekki er hægt að una við það, að einkafyrirtæki, sem fá þetta fé til umráða, greiði ekki aðstandendum hins tryggða nema 6% af upphæðinni.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Hv. þm. Barð. spurði, hvort ætlazt væri til þess, að hækkunin

kæmi á þá aðila, sem nú greiða iðgjöldin. Já, við ætlumst til þess, en mér finnst gæta nokkurs misskilnings hjá hv. flm. um það, hverjir nú greiða iðgjöldin. Þetta á aðeins við um alþýðutryggingarnar, en ekki stríðsslysatryggingarnar. En ég tel, að taka ætti til athugunar, hvort ekki væri rétt að skipta þessari iðgjaldahækkun milli ríkissjóðs og atvinnurekenda, eins og stríðsslysatryggingagjaldinu. Vildi ég gjarnan hafa samvinnu við hv. allshn. um slíka athugun.

Hv. þm. benti á, að lífeyrisgreiðslur væru þegar að nokkru teknar upp í sambandi við stríðsslysatryggingarnar. Sú viðbót, sem sjómenn í millilandasiglingum eiga að fá, er ekki greidd út í hönd, heldur keyptur fyrir hana lífeyrir með samningum við eitthvert tryggingarfélag hér í bæ. Hins vegar getur það ekki verið almenn regla, að lífeyrisgreiðslurnar nemi ekki nema 6% af fénu, sem inn var lagt. Sé t. d. að ræða um unga ekkju, verður árgjaldið skiljanlega lægra en ef konan er 50 eða 60 ára. Það verður líka að telja, að ung kona eigi auðveldara með að sjá sér farborða. Það er vitanlega ómögulegt að setja nokkra reglu um það, hve miklu lífeyririnn eigi að nema. Það verður að fara eftir aldri þess, sem á að njóta hans.

Gísli Jónsson: Viðvíkjandi dæmi því, sem ég nefndi áðan, get ég tekið það fram, að aðilar voru tvéir og báðir komnir yfir fimmtugt. Mér þótti þessi útkoma sérstaklega einkennileg, þar sem þeir voru báðir svona gamlir. Ég held, að ástæða væri til að athuga þetta mál nánar, því að það er ekki lítið fé, sem nú er greitt fyrir stríðsslysatryggingar í landinu. Hins vegar vil ég benda á, að allmiklir erfiðleikar hljóta að verða á því að ná samkomulagi um þetta, þar sem nú er uppi mikil viðleitni á öllum sviðum um það að lækka hvers konar útgjöld og rekstrarkostnað og útvegurinn þolir ekki mikil útgjöld til viðbótar því, sem nú er. Ég vil því spyrja hv. frsm., hvort ekki sé til þess ætlazt, að þeir, sem njóta eiga þessara hagsbóta, því að hagsbætur verða það að teljast, taki nokkurn þátt í iðgjaldagreiðslum. Þessar upphæðir eru að vísu ekki mjög háar fyrir þá, sem hugsa í stríðstölum, en ástandið getur breytzt þannig, að þær verði taldar nokkuð miklar, og svo getur farið, að þær hljóti að hafa áhrif á kaupgjaldið. Ég mæli þetta ekki af því, að ég sé á móti þessu fyrirkomulagi, sem hér um ræðir, því að ég vildi vissulega, að sem flestir þjóðfélagsþegnar gætu notið sem fullkomnastra trygginga. En þetta þarf eigi að síður nánari athugunar við.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Þeirri spurningu hv. þm. Barð., hvort ekki sé til þess ætlazt, að hinir tryggðu greiði nokkurn hluta af iðgjöldum til slysatryggingarinnar, verður að svara neitandi. Í grannlöndunum er það regla, að atvinnurekendur greiði þessi iðgjöld, og er litið svo á, að þetta fylgi áhættu þeirra. Maður leitar sér atvinnu í þessari starfsgreininni eða hinni án tillits til þess, hver áhætta fylgir starfinu, en hún er misjöfn. Iðgjaldagreiðslur eru líka misjafnar eftir áhættunni, og misjöfn áhætta hinna tryggðu er jöfnuð með misjafnri tryggingarupphæð.

Það er í raun og veru fyrirkomulagsatriði, hvort tryggingarnar eru að sumu leyti bornar uppi af hinum tryggðu og að sumu leyti af atvinnurekendum eða allt haft í einu lagi, eins og ég teldi að sumu leyti heppilegast. En ég tel óráð að hverfa frá því, að atvinnurekendur greiði þau iðgjöld, sem þeir greiða samkv. núgildandi l., á meðan fyrirkomulag þessara mála í heild er óbreytt frá því, sem nú er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Verkamannabústaðir.

Á 27. fundi í Ed., 8. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði (þmfrv., A. 149).

Á 28. fundi í Ed., 11. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Ed., 12. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af mér og hv. 6. þm. Reykv. og miðar að því að gera þá breyt. á l. um verkamannabústaði, að árlegt afgjald af lánum til byggingar verkamannabústaða verði fært niður í 3%. Lánsskilyrðin verða þó að öðru leyti óbreytt. Hér er gert ráð fyrir, að aðeins sé um að ræða viðauka við lögin og að gamla reglan um 4% árlegt afgjald verði óbreytt sem grundvallarregla, en að þetta verði aðeins bráðabirgðaákvæði, sem nái einungis til þeirra fjárhæða, sem greiddar eru úr sjóðnum, meðan vísitala kauplagsnefndar er 150 stig eða meira. Mér er ekki vel kunnugt um fjárhag sjóðsins og veit ekki um nauðsyn þess að gera ráðstafanir til tekjuöflunar. Ef til þess kæmi, að afla þyrfti sjóðnum aukinna tekna, væri hægt að leita upplýsinga hjá stjórn sjóðsins um fjárhag hans og þá einnig hægt að athuga, hvaða leiðir ætti helzt að fara til tekjuöflunar.

Í grg. frv. er gerð ýtarleg grein fyrir því, hvers vegna það er flutt hér á þinginu, en þó þykir mér rétt að fara hér nokkuð yfir sögu.

Húsnæðisvandræðin hafa nú um nokkurt skeið verið eitt af helztu vandamálum kaupstaðanna, og hið opinbera hefur orðið að taka til sinna ráða til þess að ráða bót á þeim. Af hálfu Alþ. hafa helztu ráðstafanirnar verið í því fólgnar að setja reglur um notkun þess húsnæðis, sem til hefur verið í kaupstöðunum. Það mál er nú til athugunar af sérstakri mþn. En það er ekki

fullnægjandi að hagnýta það húsnæði, sem til er, heldur verður einnig að gera sérstakar ráðstafanir til þess að örva byggingarframkvæmdir. Það mun að sjálfsögðu reynast erfitt að framkvæma hið fyrra, ef ekki verður byggt til þess að mæta fjölguninni, en það hefur ekki verið gert mikið til að örva menn til byggingarframkvæmda. Þá vil ég sérstaklega geta þess, að snemma á árinu 1941 voru framkvæmdir nær því stöðvaðar hér í bænum. Þá óskuðu byggingarfélögin, að athugaðir yrðu möguleikarnir á því, að framkvæmdir gætu haldið áfram, og hvaða ráðstafanir væri nauðsynlegt að gera til þess. Eins og ástæðurnar voru þá hjá félögunum, var bersýnilegt, að ekki væri kleift að hefja framkvæmdir að nýju nema með því, að vextir af lánum byggingarsjóðs yrðu lækkaðir úr 5%, þannig að mönnum yrði kleift að standa undir lánum sjóðsins. Alþingi samþykkti því árið 1941 að lækka vextina úr 5% niður í 4%, en lánsskilmálarnir skyldu að öðru leyti haldast óbreyttir.

Um þessar mundir var vísitala kauplagsn. innan við 150 stig og nokkur bjartsýni í mönnum um, að hún hækkaði ekki mikið á næstunni og jafnvel að takast mundi að stöðva þá dýrtíðina. En þetta fór mjög á annan veg, og er nú unnið að byggingum í mesta dýrtíðarflóði, sem við höfum haft kynni af. Vísitalan gefur þó ekki nægilega hugmynd um þá hækkun, sem orðið hefur. Það er að vísu svo, að sú hækkun, sem orðið hefur á kaupgjaldinu, kemur að nokkru leyti fram í vísitölunni, en það hefur einnig orðið allmikil óbein hækkun, sem m. a. stafar af því, að dagsafköstin eru nú orðin dýrari en nokkru sinni fyrr. Þessi hækkun hefur hleypt mjög fram kostnaðinum við allar byggingarframkvæmdir. Þó að þeir, sem kaupa íbúðir, geti staðið undir þessari hækkun, verður ómögulegt fyrir þá að standa undir þeim hluta kostnaðarins, sem hvílir á þeim í 42 ár.

Tilraun hefur verið gerð með það að hækka útborgunina úr 15% í 25% og lækka þannig eftirstöðvar þær, sem hin árlega afborgun reiknast af. Þetta hefur þó haft mikla örðugleika í för með sér, og er nú sýnt, að margir, sem búnir voru að festa kaup á íbúðum, verða að ganga frá kaupunum, ef ekki verður eitthvað að gert. Byggingarfélögin telja hins vegar mjög hæpið að láta menn ganga frá kaupunum, og er því þetta frv. borið fram að ósk þeirra. Ég vil taka það fram, að þótt í þessu frv. felist aðeins ein breyt., er langt frá því, að það sé sú eina breyt., sem þarf að gera á lögum þessum. Mér hefur orðið það ljóst sem formanni byggingarfélags, að það þarf að gera margar breyt. á þessu nú á næstunni. Ég hef unnið að undirbúningi þess að leggja slíkt frv. fram nú á þessu þingi, þótt það hafi ekki komizt í framkvæmd enn þá. En það er svo mikilsvert, að þessi breyt. nái nú fram að ganga, að það var sjálfsagt að leggja þetta frv. fram nú þegar, þótt í því fælist ekki nema ein breyt.

Eitt af því, sem þyrfti að gera, er að flokka meðlimi byggingarfélaganna eftir efnum þeirra og ástæðum. Það eru nú um 1000 verkamenn í byggingarfélögunum hér í Rvík, og eru sumir þeirra þannig efnum búnir, að þeir þyrftu að geta eignazt íbúðir án þess að borga nokkuð út, aðrir gætu borgað út nokkra fjárhæð og hinir þriðju mundu geta greitt allmikið strax. Einnig þyrfti að stofna sparisjóð í sambandi við byggingarfélögin, þannig að meðlimir þeirra gætu lagt þar inn fé, meðan þeir væru að bíða eftir íbúðum sínum. En þessar breyt. eru nú í undirbúningi, og verður væntanlega tækifæri til þess að flytja þær hér í þinginu. Menn mega því ekki skilja þetta frv. svo, að það feli í sér þá einu breyt., sem gera þurfi á lögum þessum.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

35. Hæstiréttur.

Á 39. fundi í Ed., 22. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt, og l. nr. 71 28. nóv. 1919 (þmfrv., A. 252).

Á 41. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. — Meiningin var, að 1. flm. þessa frv. hefði framsögu í þessu máli, en hann hringdi til mín á síðustu stundu og bað mig að hlaupa í skarðið, þar sem hann gæti ekki komið. Það, sem fyrir okkur vakir, er að gera það, sem í okkar valdi stendur til þess að styrkja aðstöðu dómsvaldsins, því að það getur ekki verið neinn vafi um það, að það sé nauðsynlegt, að aðstaða þess sé sem sterkust í þjóðfélaginu. Að því er tekur til réttarins, þá er hér lagt til, að fjölgað verði úr 3 upp í 5, og virðist okkur það trygging, sérstaklega að því er snertir afstöðu hæstaréttar til útlanda. Viðvíkjandi launakjörunum þá er farið fram á hækkun á þeim. Við álítum, að þessar stöður séu svo vandamiklar, að það megi ekki vera peningaspursmál, að beztu menn geti valizt í þessar stöður. Okkur er kunnugt um það, að þeir menn, sem eru í þessum stöðum, komast tæplega af án þess að fá sér aukavinnu, en þetta þyrfti að vera þannig, að þetta væru algerlega sjálfstæðar stöður, enda eru þessir menn oftast útilokaðir frá því að skapa sér aukavinnu. Viðvíkjandi skattfrelsinu viljum við taka það fram, að við leggjum áherzlu á það, að hér skapast ekkert fordæmi um skattfrelsi öðrum til handa, því að hvort tveggja er, að hæstaréttardómendur eru æðstu handhafar eins þáttar ríkisvaldsins og staða þeirra að því leyti sambærileg stöðu ríkisstjóra, og svo hitt, að þeim einum allra þjóðfélagsþegna er varnað frelsis á sviði stjórn-

mála og atvinnumála. Annars er gerð nánari grein fyrir þessu í grg. frv., og sé ég því ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég er sammála flm. um, að það sé rétt að fjölga dómendunum úr 3 upp í 5 til þess að tryggja fullkomlega öryggi hæstaréttar og þá einkanlega út á við hjá þeim þjóðum og mönnum, sem ekki þekkja nægilega til mannanna á hverjum tíma. Hins vegar virðist sú launaupphæð, sem ákveðin er í frv., byggð á því andrúmslofti, sem ríkir meðal þjóðarinnar nú. En þess verður að gæta, að þessi launaákvæði eiga að standa um ótakmarkaðan tíma, en flest sams konar ákvæði eru aðeins miðuð við það ástand, sem nú er í landinu. Mér skilst, að þessi laun muni nema 44—47 þús. kr. á ári eins og nú er, en verði aldrei undir 15—17 þús. kr. í venjulegu ástandi. Ef horfið verður að því ráði að hafa þessar tekjur skattfrjálsar, virðist mér ekki ósanngjarnt að færa þessa upphæð niður, þær verða að byggjast á þeim möguleikum, sem landið hefur á hverjum tíma til þess að launa embættismenn sína. Árið 1939 töldum við, að 12 þús. kr. laun skattfrjáls væru aðeins greidd fyrir bezt launuðu embættin í landinu. *Ég vil beina því til hv. allshn., hvort það sé ekki rétt að taka til athugunar að lækka þessi launaákvæði. Ég mun ekki skuldbinda mig til* að fylgja frv., ef því verður ekki breytt til lækkunar.

Hermann Jónasson: Það er um þetta frv. að segja, að það er í sjálfu sér réttlátt að hækka laun dómaranna eins og gert er ráð fyrir í frv. og það væri þess vegna æskilegt að gera það. En það, sem við verðum fyrst og fremst að hugsa um, er það, hverju við höfum efni á, og sannast að segja held ég, að það, sem okkur ríði mest á nú, sé það að koma atvinnumálum okkar í það horf og vinna að því, að þau geti staðið undir þeirri greiðsluþörf, sem er hjá íslenzka ríkinu. En eins og nú standa sakir eru litlar líkur til þess, að við getum staðið undir þessari þörf nema því aðeins, að við breytum um stefnu frá því, sem nú er.

Ég álít, að við verðum fyrst og fremst að hugsa um þessi mál út frá því sjónarmiði, hverju við höfum efni á, en ekki, hvað væri æskilegt að gera eða ákjósanlegt að geta greitt embættismönnum. Þetta gildir á öllum sviðum þjóðfélagsins og jafnt um hæstarétt eins og um ýmislegt annað. Ég held þess vegna, að sú breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, eigi að bíða eitthvað fyrst um sinn. En þar með er ekki sagt, að það sé ekki réttlátt, að laun dómaranna hækki, en við vitum það mæta vel, að allt réttaröryggi í landinu byggist framar öðru á því, að dómurinn sé vel skipaður. Og ef við förum að hreyfa við þessum málum, þá má líka minnast þess, að það ríður ekki lítið á því, að sýslumanna- og bæjarfógetaembættin séu einnig skipuð góðum mönnum. Því að þótt störf hæstaréttar séu þýðingarmikil út á við, þá er aldrei nægilega um það hugsað, hvað það er mikið af málum, sem aldrei koma fyrir hæstarétt. Í fljótu bragði má svo virðast sem þetta sé ekki rökfræðilega rétt, vegna þess að hægt sé að vísa málunum áfram. En þannig er þetta nú í framkvæmdinni. Og þegar við athugum það, hvað þessir embættismenn eru illa launaðir (þ. e. sýslumenn og bæjarfógetar), að þeir eru svo illa launaðir, að það er mjög hæpið, að menn fáist til þess að sækja um þessi embætti, nema því aðeins, að þeir hafi sérstaka ánægju af að vinna við störf af þessu tagi. Þegar við hugsum um, hve við erum raunverulega búnir að koma þessum embættum langt niður með aðbúnaðinum að sýslumönnum og öðrum embættismönnum, er það að mínu áliti alveg tvímælalaust, að við getur tæplega tekið hæstarétt einan út úr án þess að athuga aðbúnað að sýslumönnum og bæjarfógetum og raunverulega aðbúnað að öllum embættismönnum okkar, því að þótt dómarar í hæstarétti séu illa launaðir, hefur það atvikazt þannig, þó að það sé ekki nema að litlu leyti ríkinu að þakka, að þeir eru svo settir, að málið er ekki mjög aðkallandi, og að því leyti má segja, að breyt. sé meira aðkallandi um aðra embættismenn, þar á meðal sýslumenn og bæjarfógeta. Þess vegna álít ég, að raunverulega ættum við að láta þetta mál bíða.

Pétur Magnússon: Ég held, að sú skoðun, *sem hefur komið fram hjá háttv. þm. Barð.* og háttv. þm. Str., sé orðin dálítið úrelt. Það hefur verið ákaflega þakklátt verk að sýna fram á það, að þjóðin hefði ekki efni á að launa embættismenn sína svo vel, að embættin væru lífvænleg. Það hefur verið ákaflega þakklátt verk að sýna fram á, að þjóðin búi ekki við betri kjör en svo, að embættismennirnir séu sízt verr settir en aðrir borgarar þjóðfélagsins. Þetta má kannske til sanns vegar færa, en hins vegar held ég, að öllum almenningi sé nú orðið ljóst, að það borgar sig beinlínis fyrir þjóðfélagið að launa a. m. k. þá embættismenn, sem eru í ábyrgðarmestu stöðunum, svo vel, að það sé nokkur trygging fyrir því, að hæfir menn fáist í þær. Reynslan hefur og sýnt það, að lagafyrirmælin eru ekkert aðalatriði í þessu efni. Ef embættin eru óhæfilega lágt launuð, verður að ganga fram hjá lagafyrirmælunum, til þess að unnt sé að fá hæfa menn í þau. Þetta mun hv. þm. Str. þekkja frá ráðherratíð sinni. Segi ég það honum eigi til ámælis, því að vafalaust er betra að fara krókaleiðir til þess að fá hæfa menn í embættin en að skipa þau óhæfum mönnum. Hins vegar væri æskilegast, að ekki þyrfti að fara krókaleiðir, heldur væri gengið þannig frá aðbúnaði embættismanna með löggjöfinni, að þeir gætu séð sómasamlega fyrir sér og fjölskyldu sinni af embættistekjum sínum. Ég skal játa, að þau laun, sem stungið er upp á hér í þessu frv., eru nokkru hærri en gerist um embættismenn og yfirleitt er greitt fyrir störf í þágu hins opinbera, a. m. k. eftir launalögum. Hins vegar er vitanlegt, að fjöldi manna, sem vinna hjá einkafyrirtækjum, hafa svona há laun og hærri, og það er nú svo, að menn, sem eru þeim hæfileikum búnir og hafa fengið þá menntun, að fært sé að gera þá að hæstaréttardómurum, hafa að jafnaði þá aðstöðu að geta hjá

einkafyrirtækjum eða með einkarekstri aflað sér fjár, sem er miklu meira en samsvarar þeim launum, sem hér er talað um. Ég er þess vegna á þeirri skoðun, að það sé fullkomlega réttmætt að hækka laun þessara embættismanna, þannig að embættin þættu eftirsóknarverð.

Í síðari hluta 1. gr. er hins vegar ákvæði, sem ekki er hægt að láta fara umræðulaust gegnum þessa 1. umr., en það er um það, að hæstaréttardómarar skuli vera undanþegnir skatti. Þetta er ákvæði, sem að vísu er ekki nýtt, því að á hverju þinginu eftir annað eru fyrirtæki undanþegin skatti, bæði fyrirtæki hins opinbera og einkafyrirtæki. Þetta sannar það, að sú skattalöggjöf, sem við eigum við að búa, er óhafandi. Löggjöf, sem er þannig, að alltaf þarf að gefa undanþágur frá henni, er ófær. Við vorum hér áðan með eina slíka undanþágu, sem enginn ágreiningur var um, um undanþágu til Eimskipafélags Íslands h/f frá skattgreiðslum. Ég álít þessa undanþágu alveg sjálfsagða. Og af hverju? Það er af því, að skattalöggjöfin er þannig, að ef þetta fyrirtæki ætti að greiða skatt samkvæmt þeirri löggjöf, væri vonlaust um rekstur þess. Afkoma þess er misjöfn frá ári til árs. Ef það því ætti að láta meginhluta tekjuafgangs góðæranna í skatt, yrði enginn afgangur til að greiða tap vondu áranna. Það eru fjöldamörg fyrirtæki, sem það sama gildir um. En ef á að fara inn á þá braut að undanþiggja sérstaka flokka manna eða sérstakar stéttir skattgreiðslum, veit ég ekki, hvar það lendir. Það mætti sjálfsagt færa fullkomin rök fyrir skattfrelsi annarra flokka manna engu síður en hæstaréttardómara, og ég sé ekki, að sá samanburður, sem frsm. var að gera á hæstaréttardómurum og ríkisstjóra, nái tilgangi sínum. Nær lagi væri að gera samanburð á hæstaréttardómurum og ráðherrum, og ef sá samanburður er gerður, þá sé ég ekki, hver rök mæla með, að hæstaréttardómarar séu fremur undanþegnir skatti en ráðherrar. Ráðherrarnir hafa sízt minni tilkostnað og enn þá síður möguleika til að afla sér aukatekna. Ég held þess vegna, að rétt sé að athuga þetta mál mjög gaumgæfilega. Ef skattalöggjöfin er óviðunandi, á að breyta henni. En það á að búa þannig að almenningi, að ekki þurfi að undanþiggja sérstök fyrirtæki og sérstakar stéttir manna skattgreiðslum. Það getur aldrei leitt til farsældar.

Gísli Jónsson: Ég held, að mig og hv. 8. landsk. (PM) greini ekki svo mikið á í þessu máli. Hann vill setja launakjörin svona eins og fram er sett í frv. og fella burtu skattfrelsið. Ég hallast frekar að hinu, að hafa upphæðina lægri og halda skattfrelsinu til öryggis því, að hæstaréttardómarar hafi þá þessar tekjur, en fyrir því er engin trygging, ef það stendur ekki í lögunum, því að eins og kunnugt er, standa allir borgarar verjulausir fyrir þeim yfirgangi, sem Alþ. sýnir þeim í skattamálum. Það er meira að segja svo, að á síðustu tveim árum hafa skattalögin verið látin vinna aftur fyrir sig, svo að menn hafa ekki haft hugmynd um, hvernig útkoman yrði eftir að lögin yrðu gengin í gildi. En þau eru samin til þess að hirða allar tekjur landsmanna, eftir að vitað er, hverjar þær eru. Ég er alveg á sama máli og hv. 8. landsk. um það, að þetta skattakerfi er alveg óhæft.

Ég get lýst yfir fylgi mínu við þetta frv., ef ákvæðið um skattfrelsið verður afnumið. Hv. 8. landsk. talaði um, að reynslan sýndi, að nauðsynlegt væri að greiða sæmileg laun til þess að fá hæfa menn í slíkar stöður. Ég held, að það hafi alltaf sýnt sig, að með þeim launum, sem greidd hafa verið, hafa ágætir menn sótt um þessar stöður og það hefur, þrátt fyrir þessi launakjör, sem þeir hafa átt við að búa, verið eftirsótt að verða hæstaréttardómari. Svo er það dálítið einkennilegt, að á þeim tíma, þegar ríkisstj., Alþ. og allir taka höndum saman um að vinna á móti dýrtíðinni, að hækka þá laun ákveðinna embættismanna. Mér finnst ekki samræmi í þeim starfsaðferðum yfirleitt. Það er enginn vafi á því, að þetta er komið á það stig, að við getum ekki haldið áfram í sömu átt og á undanförnum árum. Við sjáum, að hinar miklu tekjur ríkisins eru horfnar og eru kannske ekki nógar fyrir þeim skuldbindingum, sem ríkisstj. hefur tekið á ríkið. Það þarf ekki annað en að sjá yfirlýsingu frá atvinnumálaráðh. í blöðunum í dag til þess að vita, að erfiðleikar eru framundan.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Str. sagði um laun sýslumanna og bæjarfógeta, er ég ekki sammála. Ég held, að það sé yfirleitt ekki nóg að launa menn, það þurfi líka að gera kröfur til þeirra, og það er víst, að það væri hægt að launa sýslumenn og bæjarfógeta betur, ef þeir ræktu störf sín sómasamlega, en þegar helmingurinn af tímanum fer í annað, sem ekki kemur embættinu neitt við, og þeir láta viðvaningana vinna sín störf, þá er ekki von, að hægt sé að launa þá vel. Þetta á sér stað bæði í Rvík og utan Rvíkur, og það er ekki nægilegt að bæta kjör þessara manna, þeir verða líka að uppfylla þær kröfur, sem gera verður til þeirra. Það komst mikið á undir dómsmálastj. Hermanns Jónassonar, að ekki væri litið eftir því, hvernig mennirnir fyrir sínum launum, og mikið er það búið að kosta ríkissjóðinn, að menn hafa verið á ferðalögum úti um allt land, þegar þeir áttu að sinna sínum embættum.

Ef þetta mál gæti orðið til þess, að teknar væru hér upp viturlegar umræður og samvinna um skattamál, væri ég með því. Það er ekki úr vegi að opna augu Alþ. fyrir þeirri fádæma heimsku, sem farið hefur verið inn á í þessum málum, því að það er vitanlegt, ef ekki er breytt til og farið inn á viturlegri stefnu, hrynur allt í rúst. Það er ekkert nema hrun framundan, ef haldið er áfram þeirri stefnu, sem framsóknarmenn hafa átt langmestan þáttinn í að koma á á undanförnum þingum.

Magnús Jónsson: Það er hægt að segja um þetta frv., að það sé radikalt. Það eru 3 meginatriði, sem farið er fram á, að breytt sé. Í fyrsta lagi er það fjölgun dómaranna. Í öðru lagi hækkun grunnlauna, sem gert er ráð fyrir, að verði miklu, miklu hærri heldur en yfirleitt gerist hjá öðrum embættismönnum, að ráðherrum undanteknum. Í þriðja lagi er lagt til að undan-

þiggja hæstaréttardómara skatti og þar með hækka laun þeirra óbeinlínis.

Ég vil segja það um fyrsta atriðið, að ég skal ekki gera mig neitt breiðan sem kunnáttumann í því efni, en ég held, að það hafi ekki komið að sök, að hæstiréttur er skipaður eins og hann er. Ég hef orðið var við, að dómar hæstaréttar hafa verið taldir viturlegir, þótt dómarar væru ekki nema 3, og þó að segja megi, að 5 viti meira en 3 og 7 meira en 5 og 15 meira en 7, er vitað, að hæstiréttur hefur sýnt mestu hæfni í störfum sínum, þannig að ekki skaðar, þó að þeir séu ekki fleiri. Það er gert ráð fyrir, að dómarar geti orðið 5, og hægt að taka ákvörðun um það þegar vill að fjölga þeim. Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Str. sagði, að það er ekki vert að gera þetta á tímum, þegar verið er að draga saman seglin og fólk er farið að sjá, að ekki er lengur hægt að sletta skyrinu í allar áttir.

Út af launaupphæðinni sjálfri og skattfrelsinu vil ég taka algerlega undir það, sem hv. 8. landsk. sagði um það, og þarf þar eiginlega engu við að bæta. Það er enginn vafi á því, að launakjör eru yfirleitt í miklu ósamræmi, og það ósamræmi verður enn meira, þegar á að losa dómarana við að greiða skatta, en aðrir embættismenn hafa orðið að afla sér tekna á annan hátt, og það er ástand, sem ekki á að eiga sér stað. Ég mun þó ekki fara út í þetta. Hv. 8. landsk. gerði það. Ég vil aðeins út af því, sem kom fram hjá hv. þm. Barð., segja það, að það, að menn sækja um embættin, er ekki nægileg röksemd fyrir því, að launakjörin séu góð. Það er fleira en launakjörin, sem kemur til greina, a. m. k. veit ég um menn, sem hafa sótt það fast að komast í þessar stöður. Sumir treysta ef til vill á aukastörfin, aðrir sækja um á krepputímum, þegar minni tekjur er að hafa við önnur störf, en þetta er enginn mælikvarði á launakjörin. Það er eitt atriði, sem ég vildi bæta hér við og gerir þetta frumvarp varhugavert í mínum augum, og það er það ósamræmi, sem kemur í launakjörin, ef það verður samþykkt. Því verður ekki móti mælt, að það er ósamræmi í því, að hæstaréttardómarar hafi 15 þús. kr. og dómforsetinn 17 þús., en aðrir embættismenn 6 þús. kr. á ári. Þó að ríkisvaldið hafi þurft að grípa inn í með uppbætur og grunnkaupshækkanir, er það þó víst, að hjá flestum er ekki víst um nema 4500 til 6000 kr. árslaun, svo að það er ekkert samræmi í því, að þeir hafi svo 15000. Ég vil taka sem skemmtilegt dæmi prófessora í lagadeild háskólans, sem koma þar inn sem hæstaréttardómarar. Þeir sitja þar í 4500.00 upp í kr. 6000 eftir launalögum, þó að þeir fái einhverjar uppbætur, sem nái því að þeir hafi 8000 kr., eru þeir þó ekki hálfdrættingar á við dómarana, hvað þá dómsforsetann, og náttúrlega ekkert líkt því, ef þeir eiga að vera skattfrjálsir. Ég vil bera hæstaréttardómarana saman við aðra embættismenn landsins eins og landlækni og biskup landsins, sem ekki eiga þess kost að bæta laun sín á nokkurn hátt. Ekki getur biskup landsins verið úti um hvippinn og hvappinn til þess að endurskoða reikninga. Hann er útilokaður frá því að bæta fyrir sér á sama hátt og t. d. hæstaréttardómarar, sem geta tekið að sér störf, sem eru eðlislík þeirra aðalstarfi. Ég held því, að það sé fullkomið ósamræmi í því að taka þessa menn út úr og hækka laun þeirra.

Hv. þm. Str. minntist á sýslumenn og bæjarfógeta sem hliðstæða. Þó að það sé ekki alveg, er líklegt, að hér rísi upp samanburður bæði frá þeim, sem hliðstæðir eru og ekki, svo að ég tek þetta frv., sem ég get vel gefið atkv. mitt til 2. umr., sem vitnisburð um það, hvað þetta launamál er knýjandi.

Má segja um ráðherralaunin, að þau séu óvirðing fyrir þjóðfélagið. En þetta stafar af því, að enginn vill í rauninni beita sér fyrir því, að þau verði hækkuð. Ég hef oft átt sæti í fjhn., og mér er kunnugt um, að n. hefur oftar en einu sinni boðið ráðh. að bera fram till. um hækkun launanna, því að mörgum hefur þótt beinlínis skömm að því, að ríkið skuli ekki borga þessum mönnum meira en helming eða þriðjung af því, sem það borgar forstjórum, sérstaklega þegar þess er gætt, að þeir eiga örðugra með að hafa aukastörf en flestir aðrir. En það hefur þótt svo ódemókratiskt, að ráðherralaun væru hækkuð að mun, og útkoman hefur orðið sú, að varla hafa aðrir getað verið í þessum embættum en þeir, sem talizt gátu svo fjáðir, að þeir gætu kostað sig sjálfir. Þá finnst mér, að ekki væri síður ástæða til að undanþiggja ráðh. skyldu til að greiða tekjuskatt og útsvar en hæstaréttardómara.

Bjarni Benediktsson: Ég ætlaði aðallega að ræða um það, sem hv. síðasti ræðumaður talaði um, ráðherralaunin. Ég held, að þingið komist ekki hjá að gera sér ljóst, að laun þessara manna eru alveg óviðunandi. Hv. þm. Str. hefur lýst yfir því, að hann hafi í sinni ráðherratíð skaðazt á embættinu um tugi þúsunda króna. Ef við viljum halda íslenzka ríkinu sómasamlega uppi og láta þá menn, sem þar eru í fyrirsvari, vera nokkurn veginn frjálsa menn, sem ekki þurfa að vera forríkir eða steypa sér í skuldir að öðrum kosti, þá verður ekki komizt hjá að bæta úr þessu. Þess má geta, að það eru ekki einungis menn í forsrh.embættum, sem orðið hafa að gefa með sér, heldur og aðrir ráðh. Ég tel, að, nú standi vel á fyrir þingflokkunum að bæta úr þessari hneisu, en til þessa hefur enginn flokkur þorað að gangast fyrir því af hræðslu við aðra flokka. Nú ætti þessu ekki að vera til að dreifa, því að nú er komin að völdum ríkisstj., sem er ekki fulltrúi neins sérstaks flokks. Ég tel, að um sé að ræða nokkurn veginn sams konar þörf á að bæta launakjör ráðh. og hæstaréttardómara. Ég er þakklátur hv. flm. frv., sem hefur reyndar verið tekið fremur dauflega hér í hv. d., og ég get ekki annað en látið í ljós undrun mína yfir því, að komið skuli hafa fram raddir um, að með þessu væri hallað á aðra embættismenn. Hv. 1. þm. Reykv. minntist t. d. á, að þetta væri ósanngjarnt gagnvart prófessorum lagadeildar. Ég þekki nú nokkuð þar til og get reyndar fallizt á, að þeir séu ekki mjög vel launaðir. En þó að það sé játað, ber þó ekki að neita því, að þar er aðstaðan mjög ólík því, sem er hjá hæstaréttardómurum. Sumpart liggur það í starfi lagakennaranna, einkum er þeir hafa verið lengi við

það starf, og hafa þá mjög góða aðstöðu til að skrifa kennslubækur og slíkt, sem er alltaf nokkur tekjulind, þótt naumast geti það verið gróðalind. Auk þess mætti gera meira að því en verið hefur að láta lagakennara vera ráðunauta hins opinbera og veita þeim þá aukaþóknun fyrir. Þá veit ég ekki til, að í l. sé nokkur stafur, sem banni lagakennurum að stunda málflutningsstörf frekar en læknaprófessorum að stunda lækningar, en það gæti orðið þeim mikill ávinningur að hafa meiri aðgang að réttarsölunum en nú er. Lagakennarar hafa yfirleitt miklu betri skilyrði til að afla sér aukatekna en hæstaréttardómarar. Ef hinir síðarnefndu eiga að gegna starfi sínu sæmilega og vera fullkomlega óháðir, mega þeir ekki hafa önnur störf að rækja né eiga fjárhagsafkomu sína undir öðrum. Hv. 8. landsk. gat þess, að ríkisstj. mundi hafa veitt hæstaréttardómurum nokkra uppbót. Þetta mun vera rétt, og tel ég það sízt vítavert, heldur miklu fremur nauðsyn. En hitt er ófært, að hæstaréttardómarar þurfi hvert sinn að vera háðir geðþótta ríkisstj. um þetta eða um aukastörf til að geta lifað. Það hlýtur að hamla þeim í skyldustörfum þeirra. Ég vil ekki segja, að þetta hafi komið að sök, því að stj. þær, sem hér hafa setið að völdum um langa hríð, hafa ekki haft löngun til að misbeita valdi sínu í þessu efni. En það gæti komið að sök.

Það er rétt, að ýmsir aðrir embættismenn hér á landi eru illa launaðir, en sérstaða þeirra manna, sem hér ræðir um, er svo mikil og margvísleg, að þar kemur enginn samanburður til greina. Fyrst og fremst er hér um að ræða einhverjar mikilvægustu trúnaðarstöður ríkisins, og í öðru lagi hafa þessir menn ekki möguleika til að hafa aukatekjur nema að mjög litlu leyti, auk þess sem það er beinlínis óheppilegt, að þeir þurfi á slíkum tekjum að halda sér til framfæris. Það má með sanni segja, að embætti bæjarfógeta og sýslumanna séu yfirleitt illa launuð. En ég vil beina þeirri spurningu til hv. þm. Str., sem er kunnugri framkvæmdarvaldinu en ég, hvort ekki muni vera nokkrir embættismenn í þeim hópi, sem hafa 15000—20000 kr. árstekjur eða meira en gert er ráð fyrir í þessu frv., að hæstaréttardómarar hafi. Það er ekki óeðlilegt, að hæstaréttardómarar, sem hafa æðri embættum að gegna, hafi að minnsta kosti laun á við þá af þessum mönnum, sem bezt eru launaðir. Við verðum að hafa kjark til að greina hér á milli. Það er að vísu gott, að ekki sé óhæfilegur ójöfnuður milli manna, en það er svo í öllum þjóðfélögum, líka þeim, sem ganga lengra í jafnaðarátt en talið er, að gert sé hér á landi, að þar er gerður munur á launum eftir því, hve starf er vandasamt. Það er til dæmis vitað um Rússland, þar sem a. m. k. í orði kveðnu hefur verið gengið lengst í jafnaðarátt, að munur á launakjörum opinberra starfsmanna er þar miklu meiri en hér. Ég er ekki að segja, að það sé til fyrirmyndar. En slíkur munur er, sem sagt, í öllum þjóðfélögum og er óhjákvæmileg nauðsyn.

Það er auðvitað hægt að segja eins og hv. 1. þm. Reykv., að mörg mál í þjóðfélaginu eru fremur aðkallandi en þetta. Með þeirri röksemd má í rauninni eyða öllum umbótamálum. En hann notaði þessa röksemd raunar aðallega í sambandi við fjölgun í dómnum. Hv. þm. taldi litla þörf að fjölga dómurum og kvað það hafa gefizt vel, að þeir væru þrír að tölu. Ég get játað það, að hæstiréttur hefur frá upphafi reynzt vanda sínum vaxinn og að árásir þær, sem hann hefur orðið fyrir, hafa verið ástæðulausar. Það er satt, að síðan núverandi dómarar komu í dóminn, hefur verið hljótt um hann og þeir ekki orðið fyrir árásum, en það sannar ekki, að óheppilegt sé að hafa dómarana fleiri en þrjá. Ég tel, að þegar til lengdar lætur geti það orðið hættulegt fyrir tiltrú manna til dómsniðurstaðna, að menn-irnir séu ekki fleiri en þrír. Þetta verður ljóst, ef menn reyna að gera sér grein fyrir því, hvernig skipun dómsins muni verða eftir nokkur ár. Þar hafa nú um hríð setið þrír menn ágætir, einn nokkuð roskinn, en tveir á léttasta skeiði, um fertugt báðir, en búnir þó að sitja í dóminum hér um bil 8 ár. Segjum nú, að núv. ríkisstj. yrði nokkuð langlíf og embætti það í réttinum, sem núverandi hæstv. dómsmrh. gegndi áður, yrði veitt. Mætti þá búast við, að það hreppti maður á svipuðum aldri og þeir tveir dómarar, sem þar sitja nú. En halda menn, að það yrði heppilegt, að þrír menn á líku reki sætu í dóminum í 20—30 ár, án þess að hann endurnýjaðist? Þessir menn mundu hittast tvisvar eða þrisvar í viku og ræðast við, en hafa annars litinn samgang við lífið og umhverfið. Ég er hræddur um, að sá réttur yrði brátt steinrunninn. Ég tel nauðsynlegt, að æðsti réttur landsins sé nokkuð fjölmennur, þó að ekki væri til annars en þess, að nokkur trygging fengist fyrir því, að hann endurnýjaðist á hæfilegum fresti og nýjum straumum eða nýju blóði yrði veitt þar inn. Ég vil ekki nota ljót orð í þessu sambandi, en það er alltaf nokkur hætta á klíkuskap og þröngsýni, þar sem fáir menn starfa saman um langt árabil. Þetta eru rök, sem lítið hefur verið hreyft, en ég tel skipta miklu máli. Þó að það sé rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að margt annað væri aðkallandi hér á landi, þar sem umbóta þyrfti við, vil ég halda því fram, að fjölgun dómara í hæstarétti er ekki lítilvægt atriði, ef hér á landi á að varðveitast heilbrigð réttargæzla.

Þess má geta, að ég er ekki alls kostar ánægður með sumt í frv., en get gert grein fyrir því við 2. umr.

Hermann Jónasson: Þessar umr. fara nú að verða nokkuð langdregnar, og mun ég því reyna að vera eins fáorður og kostur er. — Ég mæli ekki í móti því, að þörf sé að bæta launakjör dómara við hæstarétt sem og ýmissa annarra embættismanna hér á landi.

Það er rangt, að ég vilji vinna það verk, sem þótti vinsælt hér í eina tíð, að halda því fram, að ekki mætti bæta launakjör íslenzkra embættismanna. Það er langt frá því, heldur hef ég bent á, að það er stór flokkur íslenzkra embættismanna, sem er illa launaður, en ég gat þess jafnframt, að við verðum að hafa hliðsjón af því, hvað við getum greitt, auk þess sem taka verður tillit til þess, hvað menn þurfa til að geta lifað af því. Ég minntist á bæjarfógeta og sýslumenn, það hefur verið minnzt á, að þeir hefðu

sumir háar tekjur. Það mun vera, eða öllu heldur hafa verið sagt um þá, sem hafa gegnt embættum í kaupstöðum, þar sem eru miklar siglingar, en allur þorri þessara stétta manna er illa launaður.

Ég held, að fram hafi komið þau rök hjá hv. 1. þm. Reykv., að svo nauðsynlegt, sem það væri, að launakjör dómara væru bætt, þá væri ekki hægt að taka þetta mál fyrir eins og það er hér upp tekið. Það er eðlilegt, að hæstaréttarmálaflutningsmenn finni til þess, hvað dómarar eru illa launaðir, en þeir geta varla búizt við, að það mál verði afgreitt út af fyrir sig, allra sízt nú á þessum tíma, þegar talið er vafasamt, að ríkið geti greitt áfram þá 20% uppbót, sem greidd hefur verið á laun ýmissa embættismanna, þó að margir þessara manna séu mjög illa launaðir. Nú er okkur sagt, að fjárhagur ríkis okkar sé þannig, að allar líkur séu til, að afnema verði þessa 20% uppbót.. Það hefur lengi gengið svo með laun og hlunnindi í þessu landi. Þau hafa verið veitt og afnumin til skiptis, eftir því hvernig hefur árað. Við höfðum fimm menn í hæstarétti, en svo kreppti að, og nú eru þeir 3. Launin voru hækkuð á góðum tíma, en svo kom kreppan, og þá voru þau aftur lækkuð. Ég er ekki að segja, að þetta sé eftirbreytnisvert, en svo hefur hagað til á hverjum tíma, að við höfum þurft að sníða okkur stakk eftir vexti. Svo vill til, að dómarar hafa ekki verið illa settir með að afla sér aukatekna. Þeir hafa gegnt ýmsum aukastörfum án þess að brjóta landsl. T. d. hafa þeir unnið mikið að matsgerðinni, og þeir hafa undanfarið haft mjög góðar aukatekjur. Við höfum verið minnt á það, að laun ráðherra, prófessora við háskólann, sýslumanna og ýmissa annarra embættismanna væru ekki fullnægjandi. Þetta allt þarf að taka upp í heild. Það þarf að gera ný launal., þar sem tekin er til grundvallar tekjuþörf embættismanna og greiðslugeta ríkissjóðs. Og ég er ekki á móti, heldur með því, að hæstaréttardómarar verði settir þar í háan flokk.

Það hefur verið bent á, að laun ráðherranna séu of lág, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að þeir geta ekki, mótsett við dómarana, gegnt neinum störfum út á við, auk þess sem störf þeirra eru útgjaldafrekari en störf dómara í hæstarétti, því að það fylgja starfa ráðherranna ýmis útgjöld, sem menn verða varir við, þegar menn koma í störfin, útgjöld, sem ég hef í huga, en óviðeigandi er að vera að telja hér upp. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég mundi hiklaust fylgja því, að laun ráðherra yrðu hækkuð. Ég hef aldrei í mínu starfi þrætt þá vinsælu götu að halda því fram, að embættismenn væru of vel launaðir, hvorki gagnvart kjósendum mínum né öðrum. Ég sagði einu sinni frá því, hvaða tapi ég hefði orðið fyrir við að gegna ráðherrastörfum, og það þarf meiri dirfsku til að segja það sjálfur en að mæla með því, að laun annarra séu hækkuð, því að menn leggja á það misjafnan trúnað, er menn segja um sinn eigin hag. En ég tapaði á því stórfé að vera í þessu starfi. Þar fylgir líka sú regla, að þeir, sem taka við ráðherrastöðu, afsala sér þeim embættum, sem þeir hafa haft, án þess að fá nokkur eftirlaun. En það, sem veitir hæstaréttardómurunum alveg sérstaka aðstöðu meðal embættismanna ríkisins nú þegar og gerir það að verkum, að þau embætti eru eftirsótt, er það, að þeir geta sagt af sér, þegar þeir eru 65 ára, og verið þó á fullum launum, það sem eftir er ævinnar. Það er undantekning í embættislífi okkar, að ég hygg. Það er flestum öðrum áhyggjuefni, hvað eftirlaun eru lág og hvað þeir eru illa tryggðir í elli. Þetta er það, sem gerir það að verkum, að starfið er svona eftirsótt, þessi sérstaka trygging, jafnvel þó að launin séu ekki hærri. Ég held þess vegna, þó að ég áliti, að hæstaréttardómarar séu alls góðs maklegir, og það kunni að vera reiknað þeim, sem andmælir, að laun þeirra séu hækkuð, til afturhaldssemi eða nirfilsháttar, þá get ég ekki séð, eins og nú á stendur, og sérstaklega, ef þarf að færa niður um þessi 20% launin hjá þeim, sem eru mjög lágt launaðir, að það sé ráðlegt að samþykkja þetta, sérstaklega með tilliti til þess, að svo margir íslenzkir embættismenn eru illa launaðir, og þá líka með tilliti til þess, að ráðh. er ómögulegt að skilja eftir, ef dómaralaun eru hækkuð. Þess vegna væri sérstök ástæða til að taka fyrir laun ráðh., því að nú sem stendur eru þeir langverst launuðu embættismenn landsins.

Magnús Jónsson: Ég skal ekki hafa mörg orð að þessu sinni. Ég vil aðeins segja fáein orð út af því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni, sem ég því miður heyrði ekki alla. En það var sérstaklega það atriði, að með þessu frv. væri gert ósamræmi í laun sambærilegra embættismanna. Ég skal ganga inn á það, að hæstaréttardómarar eiga að vera vel launaðir, og ef til vill hæst launaðir af embættismönnum ríkisins fyrir utan ráðherrana. En mér fannst margt af því, sem dregið var fram af hv. þm., ekki vera ákaflega sterkt að rökum. Það er ekkert í l., sem bannar prófessor í l. að flytja mál, en almennt er litið svo á, að þeir geti það ekki. Ég veit ekki, hvort það er vegna samkomulags eða einhvers annars. En sá lagaprófessor, sem mér er kunnugastur, taldi það alveg ómögulegt. Mér skildist, að það væri helzt sambærilegt við það, að dómprófastur eða biskup færu að gerast götuhreinsarar eða róa á þaraþyrkslingsveiðar til þess að auka tekjur sínar. Ég veit ekkert um það, hvort það er heppilegt, að lagaprófessorar gegni málaflutningsstörfum. En ég veit ekki nema þeir mundu gera það, ef þeir gætu ekki aukið tekjur sínar á annan hátt, t. d. með því að semja frv. og margt annað. En dómarar hafa nú þegar meiri tekjur en nokkrir aðrir. Þeir hafa meiri aukatekjur en nokkrir aðrir, án þess að það skerði mögleika þeirra til að vera góðir dómarar. Þarna er talsvert ólíkt ástatt um embættismenn og aukatekjur. En ég held, að það væri mjög óheppilegt, ef laun væru sniðin ekki eftir sjálfu starfinu, heldur eftir aðstöðu hinna launuðu til að afla sér aukatekna. Hv. flm. sagði, að starf dómara í hæstarétti væri ekki sambærilegt við nokkurt annað embætti. Það minnir mann á það, að hverjum þykir sinn fugl fagur. Ég segi þetta ekki af því, að ég vilji gera lítið úr hæstaréttardómurum. En svo gætu aðrir komið, landlæknir, biskup, vegamálastjóri, vitamálastjóri, verklýðsleiðtogar, forustumenn útvegsins og hinir og þessir og haldið alveg því sama fram um sín störf. Staða

hæstaréttardómara er vissulega virðuleg, en ég vil bara segja, að stöður þeirra manna, sem ég nefndi, eru alveg hliðstæðar. Störfin eru öll nauðsynleg, og aðalatriðið er að velja þá færustu í stöðurnar.

Svo vil ég minnast á það, sem hv. þm. Str. sagði og mér var áður ókunnugt um, en það er sú stórkostlega launauppbót, sem hæstaréttardómarar njóta. Því að vissulega er það launauppbót, að þeir skuli vera áfram á fullum launum, þótt þeir láti af embætti 65 ára. Þeir hafa raunverulega miklu hærri laun en sýnilegt er á pappírnum. Aðrir embættismenn verða að lifa á mjög *ófullnægjandi eftirlaunum* eða alls engum, kannske 20 ár eftir að þeir verða að láta af störfum. Þetta er stórt atriði og ekki að furða, þótt hægt sé að fá menn í þessa stöðu. Enda er enginn vafi á því, að engum þm. mundi detta í hug, ef sett væru launal., að verja þau hlutföll milli launa hæstaréttardómara og annarra, að landlæknir og biskup fái 6 þús. og 7 þús. kr. laun, en dómarar 16 þús. og 17 þús.

Hvað viðvíkur tölu hæstaréttardómara, þá álít ég, að það sé meiri trygging, að þeir séu 5 en 3, og að 7 veiti meiri tryggingu en 5 og 13 meiri en 7. Þó eru engin rök fyrir því, þótt 2 séu á móti 2 og einn skeri úr, að dómur þeirra sé réttari en ef 1 er á móti 1 og sá 3. sker úr. Alveg sömu rök mundu gilda, þótt talan væri færð upp í sjö.

Það er enginn, sem segir, að dómarar þurfi endilega að vera 5. Það er hreint álitamál. Hv. þm. tók mjög eindregið undir þetta með laun dómaranna, að þau þyrftu að hækka. En þó að það komi þessu máli ekki beinlínis við, þá vil ég segja það hér, að það væri æskilegt að hækka laun ráðherranna. Það er bæði óviðeigandi og skaðlegt, að ráðherrar séu illa launaðir. Um þessa menn má segja, að þeir fari frá hverju sem er, ef þeir eru kallaðir. Ef þeir eru duglegir baráttumenn flokka sinna, þá eru þeir kallaðir til að ganga í þetta fylkingarbrjóst og skorast sjaldan undan. Oft virðast ekki koma beztu mennirnir, af því að þeir beinlínis geta það ekki. Mér finnst ráðherrastörfin þannig, að þeir ætlu að hafa svo há laun, að þeir gætu lifað áhyggjulausir um fjárhagslega afkomu sína frá degi til dags. Ég veit ekki, hvort það er viðeigandi, að þeir, sem eru ráðherrar, beiti sér fyrir í þessu máli, en ég vildi beina því til hv. fjhn. að flytja till. um hækkun ráðherralauna. Ég held, að nú sé einmitt tilvalið tækifæri til að taka þetta mál upp.

Eitt til merkis um það, að ráðherrastörf krefjast mikilla útláta, er það, að í Englandi, þegar Mac Donald var forsætisráðherra, voru launin hækkuð um helming. Launin þóttu of lág, þótt þau væru vissulega há á okkar mælikvarða. Það þótti bara sjálfsagt í landi með demókratísku fyrirkomulagi, að ekki þyrfti að velja mann í forsætisráðherraembætti, sem gæti kostað sig að verulegu leyti sjálfur. Og ég tel, að það væri gott, ef þetta kæmi út úr því, að þetta frv. hefur verið lagt hér fram.

Bjarni Benediktsson: Ég ætla ekki að pexa. Hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að það væri óeðlilegt, að ýmsir embættismenn, t. d. lagaprófessorar, hefðu sum af þeim aukastörfum, sem ég minntist á. Ég vil ekki fara frekar út í það mál. En ég vil fá að upplýsa það, að eftir því sem ég bezt veit, og með þeim mögulegum, sem menn hafa á venjulegum tímum til að afla sér aukatekna, án þess í tekjuöflunarskyni að taka nokkur störf, sem hæpin megi telja, þá hygg ég, að lagaprófessor hafi í tekjum umfram eignatekjur komizt yfir tekjur hæstaréttardómara. Varðandi ýmsa aðra embættismenn vildi ég segja, að hv. þm. Str. gæti ef til vill gefið upplýsingar. Ég hef af því sagnir, að biskupinn hafi á síðustu árum fengið allmiklar kjarabætur, svo að laun hans séu nú hærri en laun þau, sem þetta frv. fer fram á. Fyrir nokkrum árum voru í blöðum talsverðar árásir á landlækni vegna aukastarfa, sem hann gegndi ekki, en fengi laun fyrir. Hann var ávíttur fyrir það, að hann vanrækti að hafa eftirlit með lyfjabúðum, enda þótt það væri hans starf. Á þeim tíma mun landlæknir með þessum aukatekjum hafa haft í kringum 15 þús. kr. í árslaun. Á sama tíma höfðu hæstaréttardómarar aðeins 8 þús. kr., sem síðar var hækkað upp í 10 þús. með því skilyrði, að þeir án sérstakrar þóknunar gegndu aukastörfum fyrir ríkisstj.

Það mun láta nærri, að forstjóri skipaútgerðarinnar hafi yfir 10 þús. kr. í árslaun auk fríðinda, lögreglustjórinn í Rvík um 9 þús. kr. í grunnlaun, og auk þess gegnir hann flugmálaráðunautsstarfi, svo að árstekjur hans munu ekki vera minni en 12 þús. kr. Svona mætti lengi telja. Ég kynni betur við, að hv. þm. Str. hefði hlustað á mig, svo að hann hefði getað leiðrétt mig, ef ég hef ekki farið með rétt mál, því að *honum mun manna kunnugast um þetta.* (**HermJ:** Ég skýrði frá þessu áðan). Nei, það var varðandi aðrar uppbætur. Ég var núna að tala um laun landlæknis, biskups og lögreglustjórans í Rvík. Um þetta hafa að minnsta kosti gengið sagnir. Nú hafa hæstaréttardómarar að vísu hærri laun en þeir höfðu, en það er sökum ýmissa verkefna, er skapazt hafa við veru hins erlenda setuliðs hér, og þar er því ekki nema um bráðabirgðaástand að ræða. Ég tel það hættulegt, ef embættismenn þurfa alltaf að eiga afkomu sína undir ríkisstj. á hverjum tíma, en það er stjórnfræðileg staðreynd, sem allir viðurkenna, ef svo er farið með dómendur, þá er sjálfum grundvelli þjóðfélagsins, réttarskipuninni, teflt í stórfellda hættu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Ed., 27. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.